- 1) Með dómi sínum frá 6. október 2015 í máli C-362/14, *Maximilian Schrems gegn Data Protection Commissioner* ⁽²⁾ komst Evrópudómstóllinn að þeirri niðurstöðu að með samþykkt 3. gr. ákvörðunar 2000/520/EB ⁽³⁾ hefði framkvæmdastjórnin farið fram úr þeim valdheimildum sem henni eru veittar skv. 6. mgr. 25. gr. tilskipunar 95/46/EB, þegar hún er lesin í ljósi sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi, og úrskurðaði 3. gr. ákvörðunarinnar ógilda.
- 2) Í fyrstu undirgrein 1. mgr. 3. gr. ákvörðunar 2000/520/EB er mælt fyrir um með hvaða takmarkandi skilyrðum landsbundnar eftirlitsstofnanir geti ákveðið að stöðva tímabundið gagnaflæði til sjálfvottaðs fyrirtækis í Bandaríkjunum, þrátt fyrir niðurstöður framkvæmdastjórnarinnar um fullnægjandi vernd.
- 3) Í *Schrems*-dómnum skýrði Evrópudómstóllinn að landsbundnar eftirlitsstofnanir væru áfram lögbærir eftirlitsaðilar með flutningi persónuupplýsinga til þriðja lands sem verið hefur viðfangsefni ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar um fullnægjandi vernd og að framkvæmdastjórnin hafi ekki valdheimildir til að takmarka valdsvið þeirra skv. 28. gr. tilskipunar 95/46/EB. Samkvæmt þeirri grein hafa þessar eftirlitsstofnanir rannsóknarheimildir, s.s. heimildir til að afla allra upplýsinga sem þeim er þörf á við eftirlitsstörf sín, vald til að hlutast til um mál með skilvirkum hætti, s.s. að leggja tímabundið eða varanlegt bann á gagnavinnslu, og heimildir til að fara með mál fyrir dóm ⁽⁴⁾.
- 4) Í sama dómi minnti Dómstóllinn á að í samræmi við aðra undirgrein 6. mgr. 25. gr. tilskipunar 95/46/EB, verði aðildarríki og stjórnareiningar þeirra að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hlíta lagagerðum stofnana Sambandsins, þar sem að jafnaði er talið að þessar lagagerðir séu lögmætar og þeim fylgi réttaráhrif þar til þær eru afturkallaðar, dæmdar ógildar eða því lýst yfir að þær séu ógildar í kjölfar beiðni um forúrskurð eða yfirlýsingu um ólögmæti þeirra.
- 5) *Að breyttu breytanda* er ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar, sem samþykkt er skv. 4. mgr. 26. gr. tilskipunar 95/46/EB, bindandi fyrir allar stjórnareiningar þeirra aðildarríkja sem hún tekur til, þ.m.t. óháðar eftirlitsstofnanir þeirra, svo fremi að hún feli í sér viðurkenningu á að flutningur sem fram fer á grundvelli fastra samningsákvæða, sem þar eru sett fram, veiti fullnægjandi tryggingar, eins og krafist er í 2. mgr. 26. gr. þeirrar tilskipunar. Þetta kemur ekki í veg fyrir að landsbundin eftirlitsstofnun beiti valdheimildum sínum til að hafa eftirlit með gagnaflæði, þ.m.t. valdi til að stöðva tímabundið eða banna flutning persónuupplýsinga ef hún ákvarðar að með flutningnum sé brotið gegn lögum ESB eða landslögum um persónuvernd, s.s. til dæmis þegar gagnainflytjandi virðir ekki föst samningsákvæði.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 344, 17.12.2016, bls. 100. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 95/2017 frá 5. maí 2017 um breytingu á XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31.

⁽²⁾ ECLI:EU:C:2015:650.

⁽³⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/520/EB frá 26. júlí 2000 sem byggð er á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB og fjallar um fullnægjandi vernd samkvæmt þeim meginreglum um örugga höfn fyrir friðhelgi einkalífsins og þeim algengu spurningum og svörum um það efni sem viðskiptaráðuneyti Bandaríkjanna hefur gefið út (Stjtið. EB L 215, 25.8.2000, bls. 7).

⁽⁴⁾ *Schrems-dómurinn*, 40. mgr. o.áfr. og 101.–103. mgr.

- 6) Í ákvörðunum framkvæmdastjórnarinnar 2001/497/EB ⁽¹⁾ og 2010/87/ESB ⁽²⁾ er að finna takmarkanir á völdum landsbundinna eftirlitsstofnanna sem eru sambærilegar fyrstu undirgrein 1. mgr. 3. gr. ákvörðunar 2000/520/EB sem Dómstóllinn taldi ógilda.
- 7) Í ljósi *Schrems*-dómsins og samkvæmt 266. gr. sáttmálans ætti að skipta út ákvæðum þessara ákvarðana sem takmarka völd landsbundinna eftirlitsstofnanna.
- 8) Til að auðvelda skilvirkt eftirlit með framkvæmd ákvarðana um föst samningsákvæði, sem eru nú í gildi, ættu aðildarríki að tilkynna framkvæmdastjórninni um viðkomandi aðgerðir sem landsbundnar eftirlitsstofnanir grípa til.
- 9) Starfshópur um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem komið var á fót skv. 29. gr. tilskipunar 95/46/EB, hefur skilað álit sem tekið hefur verið tillit til við gerð þessarar ákvörðunar.
- 10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 1. mgr. 31. gr. tilskipunar 95/46/EB.
- 11) Því ætti að breyta ákvörðunum 2001/497/EB og 2010/87/ESB til samræmis við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað 4. gr. ákvörðunar 2001/497/EB komi eftirfarandi:

„4. gr.

Þegar lögbær yfirvöld í aðildarríkjum beita valdheimildum sínum skv. 3. mgr. 28. gr. tilskipunar 95/46/EB, sem leiðir til tímabundins eða endanlegs banns við gagnafærni til þriðju landa í því skyni að vernda einstaklinga að því er varðar vinnslu persónuupplýsinga þeirra, skal hlutaðeigandi aðildarríki, án tafar, upplýsa framkvæmdastjórnina, sem sendir upplýsingarnar áfram til hinna aðildarríkjana.“

2. gr.

Í stað 4. gr. ákvörðunar 2010/87/ESB komi eftirfarandi:

„4. gr.

Þegar lögbær yfirvöld í aðildarríkjum beita valdheimildum sínum skv. 3. mgr. 28. gr. tilskipunar 95/46/EB, sem leiðir til tímabundins eða endanlegs banns við gagnafærni til þriðju ríkja í því skyni að vernda einstaklinga að því er varðar vinnslu persónuupplýsinga þeirra, skal hlutaðeigandi aðildarríki, án tafar, upplýsa framkvæmdastjórnina, sem sendir upplýsingarnar áfram til hinna aðildarríkjana.“

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjana.

Gjört í Brussel 16. desember 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Væra JOUROVÁ

framkvæmdastjóri

⁽¹⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/497/EB frá 15. júní 2001 um föst samningsákvæði vegna flutnings persónuupplýsinga til þriðju landa samkvæmt tilskipun 95/46/EB (Stjtíð. EB L 181, 4.7.2001, bls. 19).

⁽²⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/87/ESB frá 5. febrúar 2010 um föst samningsákvæði vegna flutnings persónuupplýsinga til vinnsluáðila með staðfestu í þriðju löndum samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB (Stjtíð. ESB L 39, 12.2.2010, bls. 5).

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/126

2017/EES/67/09

frá 24. janúar 2017

um breytingu á ákvörðun 2013/448/ESB að því er varðar að fastsetja samræmdan leiðréttingarstuðul sem liggur þvert á atvinnugreinar í samræmi við 10. gr. a í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins og um breytingu á tilskipun ráðsins 96/61/EB ⁽¹⁾, einkum 5. mgr. 10. gr. a,

með hliðsjón af ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/278/ESB frá 27. apríl 2011 um umbreytingarreglur á vettvangi Sambandsins um samræmda úthlutun losunarheimilda án endurgjalds skv. 10. gr. a í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB ⁽²⁾, einkum 3. mgr. 15. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í 5. mgr. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB er settur fram árlegur hámarksfjöldi losunarheimilda sem er grundvöllurinn til útreiknings á úthlutunum án endurgjalds til stöðva sem ekki falla undir 3. mgr. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB. Þessi fjöldi er summa tveggja þátta sem er lýst í a- og b-lið 5. mgr. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB.
- 2) Í því skyni að tryggja að ekki sé farið yfir þennan árlega hámarksfjölda losunarheimilda er notaður leiðréttingarstuðull sem liggur þvert á atvinnugreinar, ef nauðsyn krefur, sem á samræmdan hátt dregur úr úthlutunum til allra stöðva sem eru hæfar til að fá losunarheimildir án endurgjalds.
- 3) Í samræmi við 3. mgr. 15. gr. ákvörðunar 2011/278/ESB ákvarðar framkvæmdastjórnin leiðréttingarstuðullinn sem liggur þvert á atvinnugreinar með því að bera saman mörkin sem sett eru í 5. mgr. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB og summuna á árlegum bráðabirgðaheildarfjölda losunarheimilda án endurgjalds til allra stöðva sem falla undir tilskipun 2003/87/EB á yfirráðasvæði aðildarríkja.
- 4) Framkvæmdastjórnin ákvarðaði í ákvörðun 2013/448/ESB ⁽³⁾ samræmdan leiðréttingarstuðul sem liggur þvert á atvinnugreinar og er hann tilgreindur í 4. gr. og II. viðauka við þá ákvörðun.
- 5) Í dómi sínum frá 28. apríl 2016 varðandi sameiginlegu málin C-191/14, C-192/14, C-295/14, C-389/14 og C-391/14 til C-393/14 komst Evrópudómstóllinn að þeirri niðurstöðu að framkvæmdastjórnin, þegar hún fastsetti árlegan hámarksfjölda losunarheimilda í samræmi við b-lið 5. mgr. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB, hefði ekki átt að taka með losun frá þeirri starfsemi sem tilgreind er í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB frá og með árinu 2013 að því marki sem sú losun kom frá stöðvum sem féllu undir viðskiptakerfið fyrir losunarheimildir fyrir þann tíma. Af þeim sökum komst Dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að framkvæmdastjórnin ákvarðaði ekki árlegan hámarksfjölda losunarheimilda í samræmi við kröfurnar í b-lið 5. mgr. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB og að samræmdi leiðréttingarstuðullinn sem liggur þvert á atvinnugreinar, sem mælt er fyrir um í 4. gr. og II. viðauka við ákvörðun 2013/448/ESB, bryti líka í bága við það ákvæði. Dómstóllinn ógilti því 4. gr. og II. viðauka við ákvörðun 2013/448/ESB.
- 6) Í því skyni að framfylgja þessum dómi er framkvæmdastjórninni gert skylt að endurreikna árlegan hámarksfjölda losunarheimilda til stöðva sem eru hæfar til að fá úthlutun án endurgjalds að því er varðar kröfurnar í b-lið 5. mgr. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB og í kjölfarið ætti að breyta samræmda leiðréttingarstuðulinn sem liggur þvert á atvinnugreinar til samræmis við það.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttð. ESB L 19, 25.1.2017, bls. 93. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 110/2017 frá 7. júní 2017 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjttð. ESB L 275, 25.10.2003, bls. 32.

⁽²⁾ Stjttð. ESB L 130, 17.5.2011, bls. 1.

⁽³⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/448/ESB frá 5. september 2013 um framkvæmdarráðstafanir á landsvísu varðandi úthlutun heimilda til losunar gróðurhúsalofttegunda án endurgjalds á umbreytingatímabili í samræmi við 3. mgr. 11. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB (Stjttð. ESB L 240, 7.9.2013, bls. 27).

- 7) Endurútreikningur á fjölda losunarheimilda, sem um getur í b-lið 5. mgr. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB, var gerður í samræmi við sömu aðferðafræði og með sömu gögnum og upphaflegi útreikningurinn árið 2013. Framkvæmdastjórnin hafði upphaflega tekið með losun frá stöðvum, sem féllu undir viðskiptakerfi ESB fyrir losunarheimildir fyrir 1. janúar 2013, vegna starfsemi sem er tilgreind í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB einungis frá og með árinu 2013 og varð að fjarlægja þessa losun, í samræmi við dóm Dómstólsins, úr útreikningum á árlegum hámarksfjölda losunarheimilda eins og skilgreint er í 5. mgr. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB.
- 8) Framkvæmdastjórnin notaði upphaflegar, opinberar framlagningar frá aðildarríkjum sem upphafspunkt. Framkvæmdastjórnin hafði síðan samráð við aðildarríki varðandi framlagningu þeirra á gögnum um losun og fór fram á nánari viðbótarútlitanir, ef nauðsyn krafði. Í samræmi við 5. mgr. 10. gr. a voru einungis þær stöðvar teknar með sem aðildarríkin höfðu lagt fram sannprófaða losun fyrir.
- 9) Framkvæmdastjórnin fjarlægði síðan stöðvar úr útreikningnum sem stunduðu starfsemi sem féll undir tilskipun 2003/87/EB einungis frá og með árinu 2013 en voru þegar hluti af viðskiptakerfinu fyrir losunarheimildir fyrir 2013. Losun frá stöðvum, sem aðildarríki töldu með í samræmi við 24. gr. tilskipunar 2003/87/EB, á árunum fyrir 2013 var einnig fjarlægð.
- 10) Stöðvar sem urðu fyrir áhrifum á tímabilinu milli upphaflegrar gagnaöflunar og ársins 2013, annaðhvort vegna skipulagsbreytinga, t.d. samruna, uppskiptingar eða lokunar, eða tæknilegra breytinga þannig að þær uppfylla ekki lengur viðeigandi viðmiðunarmörk, sem sett eru fram í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB, voru enn teknar með í endurútreikninginn þar sem ekki var unnt að sjá þessar breytingar fyrir þegar gagnaöflunin fór fram. Stöðvar, sem voru útilokaðar frá kerfinu skv. 27. gr. tilskipunar 2003/87/EB, voru einnig teknar með í endurútreikningnum af sömu ástæðu.
- 11) Breytingar til að leiðrétta mistök í landsbundnum framkvæmdarráðstöfunum aðildarríkja fyrir tímabilið 2013 til 2020 og sem var hrundið í framkvæmd fyrir lok 2016 voru teknar með í endurútreikninginn þar sem rétt gildi hefðu átt að vera fyrir hendi þegar upprunalegi útreikningurinn á leiðréttingarstuðlinum, sem liggur þvert á atvinnugreinar, fór fram.
- 12) Með dómi sínum frá 28. apríl 2016 takmarkaði Dómstóllinn gagnert tímabundin áhrif af yfirlýsingu um ógildingu 4. gr. og II. viðauka við ákvörðun 2013/448/ESB þannig að dómurinn, fyrir það fyrsta, hafi ekki áhrif fyrr en 10 mánuðum eftir dagsetningu dómsins. Leiðréttingarstuðullinn sem liggur þvert á atvinnugreinar sem mælt er fyrir um í ákvörðun 2013/448/ESB er því ógildur frá og með 1. mars 2017. Í öðru lagi má ekki draga í efa ráðstafanir sem voru samþykktar fram að þeim degi á grundvelli ógildu ákvæðanna.
- 13) Í samræmi við dóm Dómstólsins, þar sem lögð er áhersla á brýn sjónarmið sem varða réttarvissu, gilda ráðstafanir aðildarríkjanna áfram að því er varðar úthlutun losunarheimilda fyrir tímabilið 2013–2020 og allar síðari breytingar og viðbætur við þær þar til að þessi ákvörðun tekur gildi. Leiðréttingarstuðullinn sem liggur þvert á atvinnugreinar og er ákvarðaður í þessari ákvörðun skal notaður í ákvörðunum, sem eru samþykktar frá og með 1. mars 2017 til að fastsetja eða breyta úthlutunarréttindum, þar sem leiðréttingarstuðullinn sem liggur þvert á atvinnugreinar er notaður til að fastsetja fyrrgreind réttindi.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

I. gr.

Ákvörðun 2013/448/ESB er breytt sem hér segir:

1. í stað 4. gr. komi eftirfarandi:

„4. gr.

Samræmdi leiðréttingarstuðullinn sem liggur þvert á atvinnugreinar, sem um getur í 5. mgr. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB og er ákvarðaður í samræmi við 3. mgr. 15. gr. í ákvörðun 2011/278/ESB, er settur fram í II. viðauka við þessa ákvörðun.“

2. Í stað II. viðauka komi texti viðaukans við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. mars 2017.

Gjört í Brussel 24. janúar 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

—————
VIÐAUKI

Í stað II. viðauka við ákvörðun 2013/448/ESB komi eftirfarandi:

„II. VIÐAUKI

Gildi leiðréttingarstuðulsins, sem liggur þvert á atvinnugreinar, sem eiga við um úthlutanir án endurgjalds til stöðva sem falla ekki undir 3. mgr. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB fyrir árin 2013–2020, eru eftirfarandi:

Ár	Leiðréttingarstuðull sem liggur þvert á atvinnugreinar
2013	89,207101%
2014	87,657727%
2015	86,090119%
2016	84,506152%
2017	82,905108%
2018	81,288476%
2019	79,651677%
2020	78,009186%“

**FRAMKVÆMDARÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2017/500****2017/EES/67/10****frá 21. mars 2017****um viðurkenningu á Bonsucro EU voluntary scheme til að sýna fram á að viðmiðunum um sjálfbærni samkvæmt tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 98/70/EB og 2009/28/EB hafi verið fylgt (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/70/EB frá 13. október 1998 um gæði bensíns og díseildsneytis og breytingu á tilskipun ráðsins 93/12/EBE ⁽¹⁾, einkum annarri undirgrein 4. mgr. 7. gr. c,með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/28/EB frá 23. apríl 2009 um að auka notkun orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum og um breytingu og síðar niðurfellingu á tilskipunum 2001/77/EB og 2003/30/EB ⁽²⁾, einkum annarri undirgrein 4. mgr. 18. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í 7. gr. b og 7. gr. c í tilskipun 98/70/EB og í IV. viðauka við hana og í og 17. og 18. gr. tilskipunar 2009/28/EB og í V. viðauka við hana er mælt fyrir um svipaðar viðmiðanir um sjálfbærni fyrir lífildsneyti og fljótandi lífildsneyti og svipaðar málsmeðferðarreglur um sannprófun á því að farið sé að þessum viðmiðunum.
- 2) Þegar telja skal lífildsneyti og fljótandi lífildsneyti með, að því er a-, b- og c-lið 1. mgr. 17. gr. tilskipunar 2009/28/EB varðar, skulu aðildarríkin krefjast þess að rekstraraðilar sýni að viðmiðanirnar um sjálfbærni fyrir lífildsneyti og fljótandi lífildsneyti, sem settar eru fram í 2.–5. mgr. 17. gr. tilskipunar 2009/28/EB, hafi verið uppfylltar.
- 3) Framkvæmdastjórnin getur ákveðið að valfrjálssar landsbundnar eða alþjóðlegar áætlanir, sem setja staðla um framleiðslu lífmassaafurða, innihaldi nákvæm gögn að því er varðar 2. mgr. 17. gr. tilskipunar 2009/28/EB og/eða sýni fram á að sendingar af lífildsneyti eða fljótandi lífildsneyti uppfylli viðmiðanirnar um sjálfbærni sem settar eru fram í 3. til 5. mgr. 17. gr. og/eða að engum efnum hafi verið breytt af ásetningi eða þeim fleygt til að sendingin eða hluti hennar myndi falla undir IX. viðauka. Þegar rekstraraðili leggur fram sannanir eða gögn, sem aflað er í samræmi við valfrjálsa áætlun sem framkvæmdastjórnin hefur viðurkennt, að því marki sem þau falla undir þá ákvörðun um viðurkenningu, er aðildarríki óheimilt að krefjast þess að birgir leggi fram frekari gögn sem sýna fram á að viðmiðanirnar um sjálfbærni hafi verið uppfylltar.
- 4) Beiðni um að viðurkenna að áætlunin „Bonsucro EU voluntary scheme“ sýni fram á að lífildsneytissendingar uppfylli viðmiðanir um sjálfbærni, sem settar eru fram í tilskipun 98/70/EB og tilskipun 2009/28/EB, var lögð fyrir framkvæmdastjórnina 18. október 2016. Áætlunin, sem á aðsetur á 50-52 Wharf Road, London N1 7EU, Bretlandi, tekur til lífildsneytis sem er framleitt úr sykurreyr, þ.m.t. leifar. Skjöl viðurkenndu áætlunarinnar verða gerð aðgengileg á gagnsæisvettvanginum sem var komið á fót samkvæmt tilskipun 2009/28/EB.
- 5) Mat á áætluninni „Bonsucro EU voluntary scheme“ sýndi að hún tekur með fullnægjandi hætti tillit til viðmiðana um sjálfbærni í tilskipun 98/70/EB og tilskipun 2009/28/EB, auk þess sem beitt er massajöfnuðaraðferð í samræmi við kröfur 1. mgr. 7. gr. c í tilskipun 98/70/EB og 1. mgr. 18. gr. tilskipunar 2009/28/EB.
- 6) Í mati á áætluninni „Bonsucro EU voluntary scheme“ kom fram að hún uppfyllir með fullnægjandi hætti kröfur um áreiðanleika, gagnsæi og óháða endurskoðun og uppfyllir einnig aðferðafræðilegar kröfur í IV. viðauka við tilskipun 98/70/EB og V. viðauka við tilskipun 2009/28/EB.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um sjálfbærni lífildsneytis og fljótandi lífildsneytis.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 76, 22.3.2017, bls. 40. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 136/2017 frá 7. júlí 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjttíð. EB L 350, 28.12.1998, bls. 58.

⁽²⁾ Stjttíð. ESB L 140, 5.6.2009, bls. 16.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

„Bonsucro EU voluntary scheme“ (hér á eftir nefnd „áætlunin“), en beiðni um viðurkenningu hennar var lögð fyrir framkvæmdastjórnina 18. október 2016, sýnir að sendingar á lífoldsneyti og fljótandi lífoldsneyti, sem er framleitt í samræmi við staðla fyrir framleiðslu á lífoldsneyti og fljótandi lífoldsneyti sem settir eru fram í áætluninni, uppfylla viðmiðanir um sjálfbærni eins og mælt er fyrir um í 3., 4. og 5. mgr. 7. gr. b í tilskipun 98/70/EB og 3., 4. og 5. mgr. 17. gr. tilskipunar 2009/28/EB.

Áætlunin inniheldur einnig nákvæm gögn að því er varðar 2. mgr. 17. gr. tilskipunar 2009/28/EB og 2. mgr. 7. gr. b í tilskipun 98/70/EB.

2. gr.

Ákvörðunin gildir í fimm ár eftir að hún öðlast gildi. Ef gerðar eru breytingar á efni áætlunarinnar, eins og hún var lögð fyrir framkvæmdastjórnina 18. október 2016 til viðurkenningar, sem kunna að hafa áhrif á grundvöll þessarar ákvörðunar, skal tilkynna framkvæmdastjórninni um breytingarnar án tafar. Framkvæmdastjórnin leggur mat á tilkynntar breytingar með það fyrir augum að ákvarða hvort áætlunin taki enn með fullnægjandi hætti til viðmiðana um sjálfbærni sem liggja að baki viðurkenningu hennar.

3. gr.

Framkvæmdastjórnin getur ákveðið að fella þessa ákvörðun úr gildi, m.a. við eftirfarandi aðstæður:

- a) ef sýnt hefur verið fram á það með skýrum hætti að áætlunin hafi ekki komið til framkvæmda þáttum sem hafa afgerandi þýðingu fyrir þessa ákvörðun eða ef alvarlegt rof hefur orðið í uppbyggingu þessara þátta,
- b) ef ekki er lögð ársskýrsla fyrir framkvæmdastjórnina vegna áætlunarinnar eins og kveðið er á um í 6. mgr. 7. gr. c í tilskipun 98/70/EB og 6. mgr. 18. gr. tilskipunar 2009/28/EB,
- c) ef ekki eru innleiddir staðlar með áætluninni vegna óháðrar endurskoðunar, sem eru tilgreindir í framkvæmdargerðum sem um getur í þriðju undirgrein 5. mgr. 7. gr. c í tilskipun 98/70/EB og þriðju undirgrein 5. mgr. 18. gr. tilskipunar 2009/28/EB, eða endurbætur á öðrum hlutum áætlunarinnar sem teljast hafa afgerandi þýðingu fyrir áframhaldandi viðurkenningu.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 21. mars 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/433

2017/EES/67/11

frá 7. mars 2017

um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/43/EB að því er varðar skrána yfir varnartengdar vörur (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/43/EB frá 6. maí 2009 um að einfalda skilmála og skilyrði vegna tilflutnings varnartengdra vara innan Bandalagsins ⁽¹⁾, einkum 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Tilskipun 2009/43/EB tekur til allra varnartengdra vara, eins og tilgreindar eru í viðaukanum, sem ættu að samsvara sameiginlegum hergagnalista Evrópusambandsins sem ráðið samþykkti 19. mars 2007.
- 2) Hinn 14. mars 2016 samþykkti ráðið sameiginlegan hergagnalista Evrópusambandsins í nýrri uppfærslu ⁽²⁾.
- 3) Því ætti að breyta viðaukanum við tilskipun 2009/43/EB til samræmis við það.
- 4) Í samræmi við sameiginlega pólitíska yfirlýsingu aðildarríkja og framkvæmdastjórnarinnar frá 28. september 2011 um skýringaskjöl ⁽³⁾ hafa aðildarríki skuldbundið sig, í rökstuddum tilvikum, til að láta tilkynningu um lögleiðingarráðstafanir fylgja með einu eða fleiri skjölum sem skýra út sambandið milli innihalds tilskipunar og samsvarandi hluta landsbundinna lögleiðingargerninga.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um tilfærslu á varnartengdum vörum innan ESB.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað viðaukans við tilskipun 2009/43/EB komi textinn sem er settur fram í viðaukanum við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnisýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 15. júní 2017. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 22. júní 2017.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttð. ESB L 70, 15.3.2017, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 136/2017 frá 7. júlí 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjttð. ESB L 146, 10.6.2009, bls. 1.

⁽²⁾ Stjttð. ESB C 122, 6.4.2006, bls. 1.

⁽³⁾ Stjttð. ESB C 369, 17.12.2011, bls. 14.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni texta helstu ákvæða í landslögum sem þau samþykkja á því sviði sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 7. mars 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Skrá yfir varnartengdar vörur

1. athugasemd Hugtök innan „gæsalappa“ eru skilgreind hugtök. Vísað er til „Skilgreiningar hugtaka sem notuð eru í þessari skrá“ í viðaukanum við þessa skrá.

2. athugasemd Í sumum tilvikum eru íðefni skráð eftir heiti og CAS-númeri. Skráin gildir um íðefni, sem hafa sömu byggingarformúlu (þ.m.t. hýdröt), án tillits til heitis eða CAS-númers. CAS-númer fylgja til að auðveldara sé að bera kennsl á tiltekið íðefni eða efnablöndu, án tillits til nafnakerfis. Ekki er unnt að nota CAS-númer sem sértákn vegna þess að nokkur form hinna skráðu íðefna hafa mismunandi CAS-númer og efnablöndur, sem innihalda skráð íðefni, geta einnig haft annað CAS-númer.

ML1 **Vopn með órifflluðu hlaupi með minni hlaupvídd en 20 mm, önnur vopn og sjálfvirk vopn með hlaupvídd sem er 12,7 mm (hlaupvídd 0,50 tommur) eða minni, sem hér segir, og sérhannaðir íhlutir í þau:**

Athugasemd ML1 gildir ekki um:

- a. skotvopn sem eru sérhönnuð fyrir gerviskotfæri og geta ekki sent frá sér skeyti,
- b. skotvopn, sem eru sérhönnuð til að skjóta tjóðruðum skeytum án háhraðasprenghleðslu eða fjarskiptatengils, með drægni sem er 500 m eða minni,
- c. vopn sem nota skothylki sem eru ekki með hvellhettuna í miðju (e. non-centre fire) og eru ekki alsjálfvirk,
- d. „skotvopn, sem hafa verið gerð óvirk“.

a. Rifflar og samsettar byssur, skammbyssur, vélbyssur, léttar vélbyssur og hríðskotabyssur,

Athugasemd ML1.a. gildir ekki um eftirfarandi:

- a. rifflla og samsettar byssur sem eru framleiddar fyrir 1938,
- b. eftirlíkingar rifflla og samsettra byssa eftir upprunalegri framleiðslu frá því fyrir 1890,
- c. skammbyssur, hríðskotabyssur og vélbyssur, sem framleiddar eru fyrir 1890, og eftirlíkingar þeirra,
- d. rifflla eða skammbyssur sem eru sérhannaðar til þess að skjóta tregu skoti með þrýstilofiti eða koltvísýringi.

b. Vopn með órifflluðu hlaupi sem hér segir:

1. vopn með órifflluðu hlaupi, sérhönnuð til hernaðarnota,
2. önnur vopn með órifflluðu hlaupi sem hér segir:

- a. alsjálfvirk vopn,
- b. hálfjálfvirk vopn eða vopn með pumpu,

Athugasemd ML1.b.2. gildir ekki um vopn sem eru sérhönnuð til að skjóta tregu skoti með þrýstilofiti eða koltvísýringi.

Athugasemd ML1.b gildir ekki um eftirfarandi:

- a. vopn með órifflluðu hlaupi sem framleidd eru fyrir 1938,
- b. eftirlíkingar vopna með órifflluðu hlaupi eftir upprunalegri framleiðslu frá því fyrir 1890,
- c. vopn með órifflluðu hlaupi sem eru notuð til veiða eða í íþróttum. Þessi vopn skulu ekki vera sérhönnuð til hernaðarnota eða vera alsjálfvirk,

ML1 b. 2. Athugasemd (frh.)

d. vopn með órifflluðu hlaupi sérhönnuð til eftirfarandi nota:

1. til að aflífa húsdýr,
2. til að deyfa dýr,
3. til skjálftaprófana,
4. til að skjóta skeytum í iðnaði eða
5. til að splundra heimatilbúnum sprengjubúnaði (IED).

Ath. Um búnað til splundrunar, sjá ML4 og innfærslu IA006 í skrá ESB um vörur með tvíþætt notagildi.

c. Vopn fyrir skotfæri án skothylkja.

d. Lausir skothylkjageymar, hljóðdeyfar eða -hemlar, sérgerðar byssuundirstöður, sjóntæknileg vopnamið og blossadeyfar fyrir vopn sem eru tilgreind í ML1.a., ML1.b. eða ML1.c.

Athugasemd ML1.d. gildir ekki um sjóntæknileg vopnamið án rafrænnar myndvinnslu með nifaldri stækkun eða minni, að því tilskildu að þau séu ekki sérhönnuð eða þeim hafi verið breytt til hernaðarnota eða þau hafi í sér sjónkvarða sérhannaðan til hernaðarnota.

ML2 **Vopn með órifflluðu hlaupi með 20 mm hlaupvídd eða meiri, önnur vopn eða vopnabúnaður með meiri hlaupvídd en 12,7 mm (hlaupvídd 0,50 tommur), vörpur og fylgihlutir, sem hér segir, og sérhannaðir íhlutir í þau:**

a. Byssur, howitzer-stórskotaliðsbyssur, fallbyssur, sprengjuvörpur, vopn gegn skriðdrekum, skotkerfi, hernaðareldvörpur, rifflar, skeytabyssur, vopn með órifflluðu hlaupi og tæki til að draga úr ummerkjum um þessi vopn,

1. athugasemd ML2.a. tekur til innspýtingartækja, teljara, geymslutanka og annarra sérhannaðra íhluta til nota með fljótandi drifhleðslum fyrir allan búnað sem tilgreindur er í ML2.a.

2. athugasemd ML2.a. gildir ekki um eftirfarandi vopn:

- a. riffla, vopn með órifflluðu hlaupi og samsettar byssur sem eru framleidd fyrir 1938,
- b. eftirlíkingar riffla, vopna með órifflluðu hlaupi og samsettra byssa eftir upprunalegri framleiðslu frá því fyrir 1890,
- c. byssur, howitzer-stórskotaliðsbyssur, fallbyssur og sprengjuvörpur sem eru framleiddar fyrir 1890,
- d. vopn með órifflluðu hlaupi sem eru notuð til veiða eða í íþróttum. Þessi vopn skulu ekki vera sérhönnuð til hernaðarnota eða vera alsjálfvirk,
- e. vopn með órifflluðu hlaupi sérhönnuð til eftirfarandi nota:

1. til að aflífa húsdýr,
2. til að deyfa dýr,
3. til skjálftaprófana,
4. til að skjóta skeytum í iðnaði eða
5. til að splundra heimatilbúnum sprengjubúnaði (IED),

Ath. Um búnað til splundrunar, sjá ML4 og innfærslu IA006 í skrá ESB um vörur með tvíþætt notagildi.

f. Handskotkerfi, sem eru sérhönnuð til að skjóta tjóðruðum skeytum án háhraðasprengihleðslu eða fjarskiptatengils, með drægni sem er 500 m eða minni.

b. Vörpur eða búnaður til þess að framkalla reyk, gas og skotelda, sérhannaður eða umbreyttur til hernaðarnota,

Athugasemd ML2.b. gildir ekki um merkjabyssur.

ML2 (frh.)

- c. Vopnamið og festingar fyrir vopnamið þar sem allt eftirfarandi á við:
1. sérhannaður til hernaðarnota og
 2. sérhönnuð fyrir vopn sem tilgreind eru í ML2.a.,
- d. Undirstöður og lausir skothylkjageymar sem eru sérhannaðir fyrir þau vopn sem tilgreind eru í ML2.a.

ML3

Skotfæri og kveikjustillingarbúnaður, sem hér segir, og sérhannaðir íhlutir í þann búnað:

- a. Skotfæri fyrir vopn sem tilgreind eru í ML1, ML2 eða ML12,
- b. Kveikjustillingarbúnaður sem er sérhannaður fyrir þau skotfæri sem tilgreind eru í ML3.a.

1. athugasemd Sérhannaðir íhlutir, sem tilgreindir eru í ML3, eru m.a.:

- a. málm- eða plastsamsetningar, s.s. hvellhettur, skothylkisbotnar, skothylkjatengi, vélbyssubelti og málmhlutir fyrir skotfæri,
- b. öryggisbúnaður og búnaður til að virkja sprengihleðslur, kveikjur, skynjarar og kveikibúnaður,
- c. aflgjafar með hárrí einnotavirkni,
- d. brennanleg hylki fyrir sprengihleðslur,
- e. dreifisprengjur, þ.m.t. smásprengjur, litlar jarðsprengjur og tundurdufl og markstýrð skeyti.

2. athugasemd ML3.a. gildir ekki um eftirfarandi:

- a. skotfæri án skeytis (blank star),
- b. gerviskotfæri með götuðu píðurhólfi,
- c. önnur skotfæri með píðri eða gerviskotfæri, sem ekki eru búin íhlutum, sem eru hannaðir fyrir hlaðin skotfæri eða
- d. íhluti, sérstaklega hannaða fyrir skotfæri með píðri eða gerviskotfæri, sem eru tilgreindir í þessari athugasemd 2.a., b. eða c.

3. athugasemd ML3.a. gildir ekki um skothylki sem eru sérhönnuð fyrir eitthvert eftirfarandi:

- a. merkjasendingar,
- b. fuglafælingu eða
- c. kveikingu gasloga á olúlundum.

ML4

Sprengjur, tundurskeyti, eldflaugar, flugskeyti, annar sprengjubúnaður og hleðslur og tengdur búnaður og fylgihlutir, sem hér segir, og sérhannaðir íhlutir þeirra:

Aths.1: Um stýri- og leiðsögubúnað, sjá ML11.

Aths.2: Um varnarkerfi loftfara gegn flugskeytum (AMPS), sjá ML4.c.

- a. Sprengjur, tundurskeyti, handsprengjur, reyksprengjur, eldflaugar, jarðsprengjur og tundurdufl, flugskeyti, djúpsprengjur, sprengjur til eyðingar, eyðingarbúnaður, eyðingarsamstæður, búnaður fyrir „flugeldavörur“, skothylki og hermar (þ.e. búnaður til að herma eftir eiginleikum þessara hluta), einkum til hernaðarnota.

Athugasemd ML4.a gildir meðal annars um:

- a. reykhandsprengjur, eldsprengjur, íkveikjusprengjur og sprengibúnað,
- b. útblástursrör skotflauga og trjónur endurinnkomugeimfarartækja.

ML4 (frh.)

b. Búnaður þar sem allt eftirfarandi á við:

1. sérhannaður til hernaðarnota og
2. sérhannaður fyrir „starfsemi“ í tengslum við eftirfarandi:
 - a. hluti, sem tilgreindir eru í ML4.a. eða
 - b. heimatilbúinn sprengjubúnað (IED).

Tæknileg athugasemd

Að því er varðar ML4.b.2. felur „starfsemi“ í sér meðhöndlun, skot, lagningu, stjórnun, afhleypingu, sprengingu, virkjun, straumgjöf með hárrí einnotavirkni, ginningu, truflun, slæðingu, að bera kennsl á, splundrun eða förgun.

1. athugasemd í ML4.b er m.a.:

- a. færánlegur gasþéttibúnaður sem getur framleitt 1000 kg eða meira á dag af gasi í fljóttandi formi,
- b. flothæfur, rafleiðandi strengur til að slæða seguldufl.

2. athugasemd ML4.b. gildir ekki um beránleg tæki sem hönnuð eru til þess að greina málmhluti en geta ekki greint á milli jarðsprengja og annarra málmhluta.

c. Varnarkerfi loftfara gegn flugskeytum (AMPS).

Athugasemd ML4.c. gildir ekki um varnarkerfi loftfara gegn flugskeytum sem eru með allt eftirfarandi:

- a. einhvern af eftirfarandi viðvörðunarskynjurum gegn flugskeytum:
 1. óvirka skynjara með hámarkssvörum á bilinu 100-400 nm eða
 2. virka Doppler-púlsskynjara til varnar gegn flugskeytum,
- b. dreifingarkerfi fyrir gagnaðgerðir,
- c. blýs sem eru bæði með sýnilegum og innrauðum ummerkjum til að villa um fyrir flaugum, sem skotið er frá jörðu og
- d. uppsettir í „almenningsloftförum“ og allt eftirfarandi á við:
 1. Varnarkerfið (AMPS) er aðeins virkt í tilteknum „almenningsloftförum“ þar sem hið sérteka varnarkerfi er sett upp og vegna þess hefur verið gefið út annað af eftirfarandi:
 - a. tegundarvottorð fyrir almenningsflug gefið út af flugmálayfirvöldum á sviði almenningsflugs eins eða fleiri aðildarríkja ESB eða ríkja sem taka þátt í Wassenaar-fyrirkomulaginu eða
 - b. jafngilt skjal sem Alþjóðaflugmálastofnunin (ICAO) viðurkennir,
 2. varnarkerfið (AMPS) notar vörn til að koma í veg fyrir óheimilan aðgang að „hugbúnaði“ og
 3. í varnarkerfinu (AMPS) er virkur búnaður sem gerir kerfið óstarfhæft þegar það er fjarlægð úr „almenningsloftfarinu“ sem það var sett upp í.

ML5

Skotstýringarbúnaður og tengdur viðbragðs- og viðvörðunarbúnaður, ásamt tengdum kerfum, prófunar-, stilli- og gagnárásarbúnaður, sem hér segir, sérhannaður til hernaðarnota og sérhannaðir íhlutir og fylgihlutir:

- a. vopnamið, sprengjutölvur, uppsetningarbúnaður fyrir byssur og vopnastýringarkerfi,
- b. markábendingar-, merkingar-, fjarlægðarmælingar-, aðgæslu- eða leitarkerfi; greiningar-, gagnasamruna-, kennsla- eða auðkenningarbúnaður og samþættingarbúnaður fyrir nema,

ML5 (frh.)

- c. gagnaðgerðabúnaður fyrir hluti sem tilgreindir eru í ML5.a. eða ML5.b.,

Athugasemd Að því er varðar ML5.c. felur gagnaðgerðabúnaður í sér greiningarbúnað.

- d. vettvangsprófunar- eða aðlögunarbúnaður, sérhannaður fyrir hluti sem tilgreindir eru í ML5.a., ML5.b. eða ML5.c.

ML6 **Landökutæki og íhlutir sem hér segir:**

Ath. Um stýri- og leiðsögubúnað, sjá ML11.

- a. Landökutæki og íhlutir í þau, sérhönnuð eða breytt til hernaðarnota.

Tæknileg athugasemd

Að því er varðar ML6.a. falla eftirvagnar undir hugtakið landökutæki.

- b. Önnur landökutæki og íhlutir sem hér segir:

1. Ökutæki sem hafa allt eftirfarandi til að bera:

- a. framleidd með eða búin skotheldri vörn eða íhlutum sem gera þau skotheld að III. stigi (NIJ 0108.01, september 1985, eða samkvæmt sambærilegum landsstöðlum) eða þar fyrir ofan,
- b. gírskiptingu, sem gefur bæði fram- og afturhjóllum drif samtímis, þ.m.t. þau ökutæki sem hafa aukahjólábúnað til þess að bera hlass, hvort sem hann hefur drif eða ekki,
- c. málgildi heildarþyngdar ökutækis (GVWR) sem er yfir 4500 kg og
- d. eru hönnuð eða þeim umbreytt til notkunar utan vega.

2. Íhlutir sem hafa allt eftirfarandi til að bera:

- a. sérhannaðir fyrir ökutæki, sem tilgreind eru í ML6.b.1. og
- b. veita skothelda vörn að III. stigi (NIJ 0108.01, september 1985, eða samkvæmt sambærilegum landsstöðlum) eða þar fyrir ofan.

Ath. Sjá einnig ML13.a.

1. athugasemd í ML6.a er m.a.:

- a. skriðdrekar og önnur vopnuð herökutæki og herökutæki með undirstöðum fyrir vopn eða búnað til jarðsprengjulaðninga eða til að skjóta hergögnum sem tilgreind eru í ML4,
- b. brynvarin ökutæki,
- c. farartæki fyrir láð og lög og djúpváðsfarartæki (e. deep water fording vehicles),
- d. björgunarökutæki og ökutæki til dráttar eða skotfæra- eða vopnakerfaflutninga, ásamt viðeigandi farmfærslubúnaði.

2. athugasemd Breytingar á landökutæki til hernaðarnota, sem tilgreindar eru í ML6.a., fela í sér breytingu á grunnbyggingu og raf- eða vélbúnaði sem tekur til eins eða fleiri íhluta sem eru sérhannaðir til hernaðarnota. Meðal þessara íhluta eru:

- a. sérhannaðar, skotheldar hjólbarðahlífar,
- b. brynvörn fyrir mikilvægustu hlutana (t.d. eldsneytisgeymi eða stjórnklefa ökumanns),
- c. sérstakar styrkingar eða festingar fyrir vopn,
- d. myrkvunarljósker.

3. athugasemd ML6 gildir ekki um borgaraleg ökutæki sem eru hönnuð eða er breytt til þess að flytja peninga eða verðmæti.

ML6 (frh.)

4. athugasemd ML6 gildir ekki um ökutæki sem allt eftirfarandi á við um:

- a. voru framleidd fyrir 1946,
- b. eru ekki með hluti sem tilgreindir eru í sameiginlegum hergagnalista Evrópusambandsins og eru framleiddir eftir 1945, nema að því er varðar eftirlíkingar af upprunalegum íhlutum eða fylgihlutum fyrir ökutækið og
- c. eru ekki búin vopnum, sem tilgreind eru í ML1, ML2 eða ML4, nema þau séu óvirk og ómögulegt sé að hleypa af skoti með þeim.

ML7 **Íðefnaleg eða lifræn eiturefni, „óeirðalöggæsluefni“, geislavirk efni, tengdur búnaður, íhlutir og efni, sem hér segir:**

a. Líffræðilegir áhrifavaldar eða geislavirk efni, „aðlöguð að notkun í stríði“ til að fella og særa menn eða dýr, skemma búnað eða valda tjóni á uppskeru eða umhverfinu.

b. Efni til efnahernaðar (CW), m.a.:

1. taugaefni til efnahernaðar:

a. O-alkýl (jafnt og eða minna en C₁₀, þ.m.t. sýklóalkýl)-alkýl-(metýl, etýl, n-própýl eða ísóprópýl)-fosfónflúorídöt, s.s.:

sarín (GB):O-ísóprópýlmetýlfosfónflúorídat (CAS 107-44-8) og

sóman (GD):O-pínakólýlmetýlfosfónflúorídat (CAS 96-64-0),

b. O-alkýl (jafnt og eða minna en C₁₀, þ.m.t. sýklóalkýl) N,N-díalkýl-(metýl, etýl, n-própýl eða ísóprópýl) fosfóramídósýanídot, s.s.:

Tabún (GA):O-etýl-N,N-dímetýlfosfóramídósýanídat (CAS 77-81-6),

c. O-alkýl (H eða jafnt og eða minna en C₁₀, þ.m.t. sýklóalkýl) S-2-díalkýl (metýl, etýl, n-própýl eða ísóprópýl)-amínóetýlalkýl (metýl, etýl, n-própýl eða ísóprópýl) fosfónþíólöt og samsvarandi alkýleruð og róteinduð sölt, s.s.:

VX: O-etýl S-2-díísóprópýlamínóetýlmetýlfosfónþíólat (CAS 50782-69-9),

2. efni til efnahernaðar sem valda bruna og blöðrum:

a. brennisteinssinnep, s.s.:

1. 2-klóretýlklórmetýlsúlfíð (CAS 2625-76-5),

2. bis(2-klóretýl)súlfíð (CAS 505-60-2),

3. bis(2-klóretýlþíó)metan (CAS 63869-13-6),

4. 1,2-bis(2-klóretýlþíó)etan (CAS 3563-36-8),

5. 1,3-bis(2-klóretýlþíó)-n-própan (CAS 63905-10-2),

6. 1,4-bis(2-klóretýlþíó)-n-bútan (CAS 142868-93-7),

7. 1,5-bis(2-klóretýlþíó)-n-pentan (CAS 142868-94-8),

8. bis(2-klóretýlþíómetýl)eter (CAS 63918-90-1),

9. bis(2-klóretýlþíóetýl)eter (CAS 63918-89-8),

b. eiturgös (e. *Lewisites*), s.s.:

1. 2-klórvínýldíklórarsín (CAS 541-25-3),

2. tris (2-klórvínýl)arsín (CAS 40334-70-1),

3. bis (2-klórvínýl)klórarsín (CAS 40334-69-8),

ML7

- b. 2. (*frh.*)
- c. köfnunarefnissinnep, s.s.:
- HN1: Bis(2-klóretýl)etýlamín (CAS 538-07-8),
 - HN2: Bis(2-klóretýl)metýlamín (CAS 51-75-2),
 - HN3: Tris(2-klóretýl)amín (CAS 555-77-1),
3. efni til efnahernaðar sem gera menn óstarfhæfa, s.s.:
- a. 3-kínúklídínýlbensílat (BZ) (CAS 6581-06-2),
4. laufeyðingarefni til efnahernaðar, s.s.:
- a. bútýl-2-klór-4-flúorfenoxýasetat (LNF),
- b. 2,4,5-tríklórfenoxýedíksýra (CAS 93-76-5) blönduð með 2,4-díklórfenoxýedíksýru (CAS 94-75-7) (Agent Orange (CAS 39277-47-9)),
- c. Tvígild forefni og lykilorforefni til efnahernaðar, sem hér segir:
- alkýl (metýl, etýl, n-própýl eða ísóprópýl)fosfónýldíflúoríð, s.s.:
- DF: metýlfosfónýldíflúoríð (CAS 676-99-3),
- O-alkýl (H eða jafnt og eða minna en C₁₀, þ.m.t. sýklóalkýl) O-2-díalkýl (metýl, etýl, n-própýl eða ísóprópýl)-amínóetýlalkýl (metýl, etýl, n-própýl eða ísóprópýl) fosfónöt og samsvarandi alkýleruð og róteinduð sölt, s.s.:
- QL: O-etýl O-2-díísóprópýlamínóetýlmetýlfosfónít (CAS 57856-11-8),
- klórsarín: O-ísóprópýlmetýlfosfónklórídat (CAS 1445-76-7),
 - klórsóman: O-pínakólýlmetýlfosfónklórídat (CAS 7040-57-5),
- d. „Óeirðalöggæsluefni“, virk íðefni og blöndur þeirra efna, m.a.:
- α-brómbensenasetónítríl, (brómbensýlsýaníð) (CA) (CAS 5798-79-8),
 - [(2-Klórphenýl)metýlen] própandínítríl, (o-klórbensýlidenmalónónítríl (CS) (CAS 2698-41-1),
 - 2-klór-1-fenýletanón, fenýlasýlklóríð (ω-klórasetófenón) (CN) (CAS 532-27-4),
 - díbens-(b,f)-1,4-oxasefín, (CR) (CAS 257-07-8),
 - 10-klór-5,10-díhýdrófenarsasín, (fenarsasínklóríð), (Adamsite), (DM) (CAS 578-94-9),
 - N-nónanóýlmorfólín, (MPA) (CAS 5299-64-9).
- 1. athugasemd* ML7.d. gildir ekki um „óeirðalöggæsluefni“ sem eru sérþökkuð til sjálfsvarnar fyrir einstaklinga.
- 2. athugasemd* ML7.d. gildir ekki um virk íðefni og blöndur þeirra efna sem er pakkað til matvælaframleiðslu eða lækninga og auðkennd sem slík.
- e. Búnaður sem er sérhannaður eða breyttur til hernaðarnota, hannaður eða breyttur til dreifingar á einhverju af eftirfarandi og sérhannaðir íhlutir fyrir hann:
- efni og íðefni sem tilgreind eru í ML7.a., ML7.b. eða ML7.d. eða
 - efni til hernaðarnota úr forefnum sem tilgreind eru í ML7.c.
- f. Hlífðar- og afmengunarbúnaður, sérhannaður eða breyttur til hernaðarnota, íhlutir og efnablöndur, sem hér segir:
- búnaður sem er hannaður eða breyttur til varnar gegn efnum sem tilgreind eru í ML7.a., ML7.b. eða ML7.d. og sérhannaðir íhlutir í hann,

ML7 f. (*frh.*)

2. búnaður sem er hannaður eða breyttur til afmengunar hluta sem mengast hafa af efnunum sem tilgreind eru í ML7.a. eða ML7.b. og sérhannaðir íhlutir í hann,
3. efnablöndur sem eru þróaðar sérstaklega eða settar saman til þess að afmenga hluti sem mengast hafa af efnunum sem tilgreind eru í ML7.a. eða ML7.b.

Athugasemd ML7.f.1 gildir meðal annars um:

- a. lofiræstieiningar, sérhannaðar eða breyttar til kjarna-, lífefna- eða íðefnasíunar,
- b. hlífðarfatnaður.

Ath. Um gasgrímur, hlífðar- eða afmengunarbúnað fyrir almenna borgara, sjá einnig færslu IA004 í skrá ESB um vörur með tvíþætt notagildi.

- g. Búnaður, sem er sérhannaður eða breyttur til hernaðarnota, hannaður eða breyttur til að finna eða greina efni sem tilgreind eru í ML7.a., ML7.b. eða ML7.d. og sérhannaðir íhlutir í hann,

Athugasemd ML7.g. gildir ekki um skammtamæla sem vakta geislun og ætlaðir eru einstaklingum.

Ath. Sjá einnig færslu IA004 í skrá ESB um vörur með tvíþætt notagildi.

- h. „Líffjölliður“, sérhannaðar eða sérunnar til að finna eða greina efnavopn sem tilgreind eru í ML7.b. og sérstök frumuræktun sem notuð er til að framleiða þær,

- i. „Lífhvatar“ til afmengunar eða niðurbrots efnavopna og lífræn kerfi til þess, sem hér segir:

1. „lífhvatar“, sérhannaðir til afmengunar eða niðurbrots efnavopna sem tilgreind eru í ML7.b., og sem framleiddir eru með markvissu vali í rannsóknarstofu eða erfðabreytingum á lífrænum kerfum,
2. lífræn kerfi er innihalda sérstakar erfðaupplýsingar til framleiðslu þeirra „lífhvata“ sem tilgreindir eru í ML7.i.1., sem hér segir:
 - a. „tjáningarferjur“,
 - b. veirur,
 - c. frumuræktun.

1. athugasemd ML7.b. og ML7.d. gilda ekki um eftirfarandi:

- a. sýanógenklóríð (MPA) (CAS 506-77-4), sjá innfærslu IC450.a.5 í skrá ESB um vörur með tvíþætt notagildi,
- b. blásýra (CAS 74-90-8),
- c. klór (CAS 7782-50-5),
- d. karbónýlklóríð (fosgen) (CAS 75-44-5), sjá færslu IC450.a.4. í skrá ESB um vörur með tvíþætt notagildi,
- e. dífosgen(tríklórmetýlklórformat) (CAS 503-38-8),
- f. ekki notað síðan 2004,
- g. xýlýlbrómíð, ortó: (CAS 89-92-9), meta: (CAS 620-13-3), para: (CAS 104-81-4),
- h. bensýlbrómíð (CAS 100-39-0),
- i. bensýljodíð (CAS 620-05-3),
- j. brómaseton (CAS 598-31-2),
- k. sýanógenbrómíð (CAS 506-68-3),
- l. brómmetýletýlketón (CAS 816-40-0),
- m. klóraseton (CAS 78-95-5),
- n. etýljodasetat (CAS 623-48-3),

ML7 1. athugasemd (frh.)

o. joðaseton (CAS 3019-04-3),

p. klórþíkrín (CAS 76-06-2). Sjá færslu IC450.a.7 í skrá ESB um vörur með tvíþætt notagildi.

2. athugasemd Frumuræktun og lífræn kerfi, sem tilgreind eru í ML7.h. og ML7.i.2., eru einangruð fyrirbæri og þessir undirlíðir gilda ekki um frumur eða lífræn kerfi til almennra nota, s.s. í landbúnaði, lyfjaframleiðslu, lækningum, dýralækningum, umhverfismálum, úrgangsstjórnun eða matvælaíðnaði.

ML8 „Orkuefni“ og skyld efni, sem hér segir:

Aths.1. Sjá einnig innfærslu IC011 í skrá ESB um vörur með tvíþætt notagildi.

Aths.2. Um sprengjuhleðslur og -búnað, sjá MLA og færslu IA008 í skrá ESB um vörur með tvíþætt notagildi.

Tæknileg athugasemd

1. Að því er varðar ML8, að undanskildu ML8.c.11 eða ML8.c.12, merkir „blanda“ samsetningu tveggja eða fleiri efna með a.m.k. einu efni sem er skráð í undirlíðum ML8.
2. Sérhvert efni, sem skráð er í undirlíðum ML8, fellur undir þessa skrá, jafnvel þegar það er notað í öðrum tilgangi en þeim sem tilgreindur er. (Til dæmis er TAGN oftast notað sem sprengiefni en getur einnig nýst annaðhvort sem eldsneyti eða sem oxari.)
3. Að því er varðar ML18 er agnastærð meðalþvermál agnar miðað við þyngd eða rúmmál. Alþjóðlegir staðlar eða jafngildir landsstaðlar verða notaðir við sýnatöku og ákvörðun agnastærðar.

a. „Sprengiefni“, sem hér segir, og „blöndur“ þeirra:

- 1) ADNBF (amínódínítróbensóífúroxan eða 7-amínó-4,6-dínítróbensóífúrasan-1-oxíð) (CAS 97096-78-1),
- 2) BNCP (cis-bis(5-nítrótetrasólató)tetraamínóbalt(III)perklórat) (CAS 117412-28-9),
- 3) CL-14 (díamínódínítróbensóífúroxan eða 5,7-díamínó-4,6-dínítróbensóífúrasan-1-oxíð) (CAS 117907-74-1),
- 4) CL-20 (HNIW eða hexanítróhexaasaísóvírtítan) (CAS 135285-90-4); klatröt af CL-20 (sjá einnig ML8.g.3. og g.4. um „forefni“ þess),
- 5) CP (2-(5-sýanótetrasólató) pentaamínóbalt(III)perklórat) (CAS 70247-32-4),
- 6) DADE (1,1-díamínó-2,2-dínítróetýlen, FOX7) (CAS 145250-81-3),
- 7) DATB (díamínótrínítróbensen) (CAS 1630-08-6),
- 8) DDFP (1,4-dínítródífúrasanópíperasín),
- 9) DDPO (2,6-díamínó-3,5-dínítrópýrasín-1-oxíð, PZO) (CAS 194486-77-6),
- 10) DIPAM (3,3'-díamínó-2,2',4,4',6,6'-hexanítróbfenýl eða dípíkramíð) (CAS 17215-44-0),
- 11) DNGU (DINGU eða dínítróglýkólúríl) (CAS 55510-04-8),
- 12) fúrasón, sem hér segir:
 - a. DAAOF (DAAF, DAAFox, eða díamínóasóífúrasan),
 - b. DAAzF (díamínóasóífúrasan) (CAS 78644-90-3).
- 13) HMX og afleiður (sjá einnig ML8.g.5. að því er varðar „forefni“), sem hér segir:
 - a. HMX (sýklótetrametýlentetraníttramín, oktahýdró-1,3,5,7-tetranítró-1,3,5,7-tetrasín, 1,3,5,7-tetranítró-1,3,5,7-tetrasa-sýklóoktan, októgen) (CAS 2691-41-0),
 - b. díflúoramíneraðar hliðstæður HMX,
 - c. K-55 (2,4,6,8-tetranítró-2,4,6,8-tetraasabísýkló-[3,3,0]-oktanón-3, tetranítrósemíglýkóúríl eða ketóbísýklískt HMX) (CAS 130256-72-3).
- 14) HNAD (hexanítróadamantan) (CAS 143850-71-9),

ML8

a. (*frh.*)

- 15) HNS (hexanítróstílbén) (CAS 20062-22-0),
- 16) ímídasól sem hér segir:
 - a. BNNII (oktahýdró-2,5-bis(nítróímínó)ímídasó [4,5-d]ímídasól),
 - b. DNI (2,4-dínítróímídasól) (CAS 5213-49-0),
 - c. FDIA (1-flúor-2,4-dínítróímídasól),
 - d. NTDNIA (N-(2-nítrótríasóló)-2,4-dínítróímídasól),
 - e. PTIA (1-þíkryll-2,4,5-trínítróímídasól).
- 17) NTNMH (1-(2-nítrótríasóló)-2-dínítrómetýlenhýdrasín),
- 18) NTO (ONTA eða 3-nítró-1,2,4-tríasól-5-ón) (CAS 932-64-9),
- 19) fjölnítrókúbön með fleiri en fjóra nítróhópa,
- 20) PYX (2,6-bis(þíkryllamínó)-3,5-dínítrópýrídín) (CAS 38082-89-2),
- 21) RDX og afleiður, sem hér segir:
 - a. RDX (sýklótrímetylentrínítramín, sýklónít, T4, hexahýdró-1,3,5-trínítró-1,3,5-tríasín, 1,3,5-trínítró-1,3,5-tríasa-sýklóhexan, hexógen) (CAS 121-82-4),
 - b. Ketó-RDX (K-6 eða 2,4,6-trínítró-2,4,6-tríasa-sýklóhexanón) (CAS 115029-35-1).
- 22) TAGN (tríamínógúanídínénítrat) (CAS 4000-16-2),
- 23) TATB (tríamínótrínítróbensen) (CAS 3058-38-6) (sjá einnig ML8.g.7. að því er varðar „forefni“),
- 24) TEDDZ (3,3,7,7-tetrabis(díflúoramín)oktahýdró-1,5-dínítró-1,5-díásósín),
- 25) Tetrasól, sem hér segir:
 - a. NTAT (nítrótríasólamínótetrasól),
 - b. NTNT (1-N-(2-nítrótríasóló)-4-nítrótetrasól).
- 26) Tetryl (trínítrófenýlmetýlnítramín) (CAS 479-45-8),
- 27) TNAD (1,4,5,8-tetranítró-1,4,5,8-tetraasadekalín) (CAS 135877-16-6) (sjá einnig ML8.g.6. að því er varðar „forefni“),
- 28) TNAZ (1,3,3-trínítróasetídín) (CAS 97645-24-4) (sjá einnig ML8.g.2. að því er varðar „forefni“),
- 29) TNGU (SORGUYL eða tetranítróglýkólúríl) (CAS 55510-03-7),
- 30) TNP (1,4,5,8-tetranítró-pýrídásínó[4,5-d]pýrídásín) (CAS 229176-04-9),
- 31) tríasín, sem hér segir:
 - a. DNAM (2-oxý-4,6-dínítróamínó-s-tríasín) (CAS 19899-80-0),
 - b. NNHT (2-nítróímínó-5-nítró-hexahýdró-1,3,5-tríasín) (CAS 130400-13-4).
- 32) tríasól, sem hér segir:
 - a. 5-asídó-2-nítrótríasól,
 - b. ADHTDN (4-amínó-3,5-díhýdrasínó-1,2,4-tríasóldínítramíð) (CAS 1614-08-0),
 - c. ADNT (1-amínó-3,5-dínítró-1,2,4-tríasól),
 - d. BDNTA ([bis-dínítrótríasól]amín),
 - e. DBT (3,3'-dínítró-5,5-bí-1,2,4-tríasól) (CAS 30003-46-4),

ML8

- a. 32. (*frh.*)
- f. DNBT (dínítróbístríásól) (CAS 70890-46-9),
 - g. Ekki notað síðan 2010,
 - h. NTNT (1-N-(2-nítrótríásól)3,5-dínítrótríásól),
 - i. PDNT (1-píkrýl-3,5-dínítrótríásól),
 - j. TACOT (tetranítróbensótríásólóbensótríásól) (CAS 25243-36-1).
- 33) Sprengiefni sem ekki eru skráð annars staðar í ML8.a. og hafa einhvern eftirfarandi eiginleika:
- a. meiri sprengihraða en 8700 m/s við hámarksþéttleika eða
 - b. meiri sprengiþrýsting en 34 GPa (340 kbar).
- 34) ekki notað síðan 2013,
- 35) DNAN (2,4-dínítróanísóól) (CAS 119-27-7),
- 36) TEX (4,10-Dínítró-2,6,8,12-tetraoxa-4,10-díasaísóvírtítan),
- 37) GUDN (Gúanílyúra dínítramíð) FOX-12 (CAS 217464-38-5),
- 38) tetrasín, sem hér segir:
- a. BTAT (Bis(2,2,2-trínítróetýl)-3,6-díamínótetrasín),
 - b. LAX-112 (3,6-díamínó-1,2,4,5-tetrasín-1,4-díoxíð).
- Sérstök íðefni sem notuð eru í framleiðslu sprengiefna.
- ML18, 21, 22 „Framleiðsla“
- Merkir öll framleiðslustig, s.s.: framleiðsluundirbúning, framleiðsla, samþættingu, samsetningu (uppsetningu), eftirlit, prófun, gæðavottun.

- ML 21 „Forrit“
Runa af skipunum til að framkvæma ferli á sniði, eða sem er breytanlegt í snið, sem er innanlegt í tölvu.
- ML8 „Drifefni“
Efni eða blöndur sem hvarfast efnafræðilega og mynda mikið magn heitra gastegunda með stýrðum hraða til þess að þau eða þær geti unnið vélrænt starf.
- ML4, 8 „Flugeldavörur“
Blöndur fasts eða fljótandi eldsneytis og oxara, sem verða fyrir kröftugum, stýrðum efnahvörfum, þegar þær eru glæddar, í þeim tilgangi að mynda í tilteknum mæli seinkun, hita, hávaða, reyk, sýnilegt ljós eða innrauða geislun. Loftkveikjandi vörur eru undirflokkur skoteldaefna, án oxara en glæðast sjálfkrafa við snertingu við loft.
- ML22 „Nauðsynleg“
Í tengslum við „tækni“ er orðið aðeins notað um þann hluta „tækninnar“ sem einkum er nauðsynlegur til að ná eða fara fram úr afkastastigi, eiginleikum eða virkni sem stýrt er. Þess háttar „nauðsynleg“ „tækni“ getur átt við um mismunandi vörur.
- ML7 „Óeirðalöggæsluefni“
Efni, sem við ætluð notkunarskilyrði til óeirðalöggæslu, hafa fljótt ertandi áhrif á skynfæri manna eða valda líkamlegri vanhæfni sem hverfur á skömmum tíma eftir að hætt er að beita efnunum. (Táragastegundir teljast til „óeirðalöggæsluefna“.)
- ML17 „Þjarki“
Hreyfitæknilegur vélbúnaður, sem getur ýmist ferðast eftir samfelldri braut (e. *continuous path*) eða skotist frá einum stað til annars (e. *point-to-point*), getur notað skynjara og hefur alla eftirfarandi eiginleika:
- er fjölnota,
 - getur staðsett eða stillt af efni, hluta, verkfæri eða sérstök tæki með breytilegum hreyfingum í þrívídd,
 - felur í sér þrjú eða fleiri sjálfstýrtæki (e. *servo-device*), í opnu eða lokuðu ferli (e. *loop*), sem geta verið með stigdrifnar vélar (e. *stepping motor*) og
 - er „forritanlegur fyrir notanda“ með aðferð til að kenna og endurtaka (e. *teach/playback*) eða með tölvu sem getur verið iðntölva (e. *programmable logic controller*), þ.e. án vélræns milliliðar.

Athugasemd Framangreind skilgreining tekur ekki til eftirfarandi búnaðar:

- hreyfitæknilegs vélbúnaðar sem aðeins er unnt að stjórna handvirkt eða með fjarstýribúnaði,
- hreyfitæknilegs vélbúnaðar í fastri runuvinnslu með sjálfvirkum, hreyfanlegum tækjum og vinnur í vélrænt fastákveðnum, forrituðum hreyfingum. Forritið er takmarkað vélrænt með föstum stoppurum, s.s. stiftum eða knastásam. Röð hreyfinga og val vinnsluleiða eða -afstöðu eru ekki breytileg eða breytanleg á vél-, rafeinda- eða rafmagnstæknilegan máta,
- vélstýrðs, hreyfitæknilegs vélbúnaðar í breytilegri runuvinnslu með sjálfvirkum, hreyfanlegum tækjum sem vinna með vélrænt fastákveðnum, forrituðum hreyfingum. Forritið er takmarkað vélrænt með föstum en stillanlegum stoppurum, s.s. stiftum eða knastásam. Röð hreyfinga og val vinnsluleiða eða -afstöðu eru breytileg innan fasts forritsmynsturs. Frávik frá eða breytingar á forritunarmynstri (t.d. breytingar á stiftum eða skipti á knastásam) eins eða fleiri hreyfiása er aðeins unnt að fá fram með vélrænum aðgerðum,
- hreyfitæknilegs vélbúnaðar, án sjálfstýringar, í breytilegri runuvinnslu með sjálfvirkum, hreyfanlegum tækjum sem vinna með vélrænt fastákveðnum, forrituðum hreyfingum. Forritið er breytilegt en runan heldur því aðeins áfram að tvíundamerki komi frá vélrænt föstum, rafrænum tvíundatækjum eða stillanlegum stoppurum,
- stöflunarkrana, sem skilgreindir eru sem hreyfikerfi sem byggjast á kartesíusarhnitum, framleiddir sem óaðskiljanlegur hluti lóðréttar geymsluhólfastæða og hannaðir fyrir aðgang að innihaldi hólfanna til að setja hluti í eða taka úr geymslu.

- ML21 „Hugbúnaður“
Safn með einu eða fleiri „forritum“ eða „örforritum“ sem eru vistuð í hvers kyns áþreifanlegum tjáningarmiðlum.
- ML 11 „Geimför“
Virkir og óvirkir gervihnettir og geimkannar.
- ML19 „Geimhæfur“
Hannaður, framleiddur eða fullgiltur með árangursríkum prófunum fyrir starfrækslu í meira en 100 km hæð yfir yfirborði jarðar.
Athugasemd Ákvörðun þess efnis að tiltekinn hlutur sé „geimhæfur“ að afloknum prófunum þýðir ekki að aðrir hlutir í sömu framleiðslulotu eða tegundaröð séu „geimhæfir“ séu þeir ekki prófaðir hver og einn.
- ML20 „Ofurleiðni“
Vísar til efna (þ.e. málma, málmblandna eða efnasambanda) sem geta misst alla rafmótstöðu (þ.e. sem geta náð óendanlegri rafleiðni og leitt afar sterkan rafstraum án Joule-hitunar).
„Markhiti“ (stundum er talað um hitastigið sem fasahvarfið á sér stað við, (e. *transition temperature*)) tiltekins „ofurleiðni“-efnis er það hitastig þegar efnið missir allt viðnám gegn streymi jafnstraums.
Tæknileg athugasemd
„Ofurleiðni“-ástand efnis einkennist í hverju tilviki af „markhita“, „marksegulsviði“, sem er fall af hita, og markstraumi, sem er þó fall af hvoru tveggja, segulsviði og hita.
- ML22 „Tækni“
Sérstakar upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna „þróunar“, „framleiðslu“ eða reksturs, uppsetningar, viðhalds (athugana), viðgerðar, allsherjarviðgerðar eða endurnýjunar vöru. Þessar upplýsingar eru á formi ‚tæknigagna‘ eða ‚tækniástoðar‘. Tilgreind ‚tækni‘ fyrir sameiginlegan hergagnalista Evrópusambandsins er skilgreind í ML22.
Tæknileg athugasemd
1. ‚Tæknigögn‘ geta verið í ýmsum myndum, s.s. verkleikningar, áætlanir, skýringarmyndir, líkön, formúlur, töflur, verkfræðihönnun og -forskriftir, handbækur og leiðbeiningar, skrifáðar eða skráðar í aðra miðla eða tæki, s.s. diska, segulband eða lesminni.
2. ‚Tækniástoð‘ getur verið fyrirmæli, fagkunnátta, þjálfun, verkunnátta, ráðgjafarþjónusta. ‚Tækniþjónusta‘ getur falið í sér yfirfærslu ‚tæknigagna‘.
- ML10 „Ómannað loftfar“ („UAV“)
Hvers kyns loftfar sem getur hafið flug og stýrt flugi og notað flugleiðsögu án þess að maður sé um borð.

**FRAMKVÆMDARÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2017/727****2017/EES/67/12****frá 23. mars 2017****um viðurkenningu á Montenegro (Svartfjallalandi) samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/106/EB að því er varðar kerfi fyrir þjálfun og útgáfu skírteina farmanna***(tilkynnt með númeri C(2017) 1815) (*)*

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/106/EB frá 19. nóvember 2008 um lágmarksþjálfun sjómanna ⁽¹⁾ einkum 3. mgr. 19. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Samkvæmt tilskipun 2008/106/EB geta aðildarríkin ákveðið að árita viðeigandi skírteini farmanna sem eru gefin út í þriðju löndum, að því tilskildu að framkvæmdastjórnin viðurkenni viðkomandi þriðja land. Þriðju löndin verða að uppfylla allar kröfur samþykktar Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar frá 1978 um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna (STCW-samþykktin), með áorðnum breytingum.
- 2) Grikkland fór fram á það bréflega, 29. mars 2011, að Montenegro yrði viðurkennt. Framkvæmdastjórnin hefur, í kjölfar þessarar beiðni, haft samband við yfirvöld í Montenegro í því skyni að meta kerfi þeirra um menntun, þjálfun og útgáfu skírteina til þess að ganga úr skugga um hvort landið fari að öllum kröfum STCW-samþykktarinnar og hvort viðeigandi ráðstafanir hafi verið gerðar til að koma í veg fyrir svik í tengslum við skírteini. Útskýrt var að matið myndi byggjast á niðurstöðum skoðunar til gagnaöflunar sem sérfræðingar á vegum Siglingaöryggisstofnunar Evrópu eiga að annast (Siglingaöryggisstofnunin).
- 3) Framkvæmdastjórnin hélt síðan áfram að meta kerfi Montegrós um menntun, þjálfun og útgáfu skírteina sem var byggt á niðurstöðum skoðunar sem var gerð í febrúar 2012 og að teknu tilliti til valfrjálsrar áætlunar um aðgerð til úrbóta sem yfirvöld Montenegro lögðu fram í júní 2013.
- 4) Við matið voru tilgreind nokkur atriði sem yfirvöld í Montenegro þurfa að taka tillit til með tilhlýðilegum hætti, þ.m.t. ágallar að því er varðar innlend ákvæði, s.s. skortur á ákvæðum að því er varðar menntun og hæfi leiðbeinenda í tilteknum flokki og ónógar eða ófullnægjandi vottunarkröfur, og einnig að því er varðar verklagsreglur fyrir gæðakerfi og þjálfunaráætlanir. Því var talið nauðsynlegt að Siglingaöryggisstofnunin framkvæmdi viðbótarskoðun sem fór fram í mars 2015.
- 5) Í kjölfar viðbótarskoðunarinnar lögðu yfirvöld í Montenegro fram uppfærða áætlun um aðgerð til úrbóta í nóvember 2015. Í maí 2016 sendi framkvæmdastjórnin yfirvöldum í Montenegro matsskýrslu byggða á niðurstöðum skoðunar í mars 2015 og með hliðsjón af uppfærðri áætlun um aðgerð til úrbóta og óskaði eftir nánari útlitun sem yfirvöld Montenegro lögðu fram í júlí, september og október 2016.
- 6) Á grundvelli allra safnaðra upplýsinga má draga þá ályktun að yfirvöld í Montenegro hafi gripið til ráðstafana þannig að kerfi Montenegro fyrir þjálfun og útgáfu skírteina farmanna verði í samræmi við kröfur STCW-samþykktarinnar, þ.m.t. ákvæði um viðeigandi skrifleg sönnunargögn.
- 7) Montenegro hefur samþykkt nýja löggjöf til að ráða bót á þeim ágöllum sem varða innlend ákvæði, uppfærðar verklagsreglur fyrir gæðakerfi í stjórnslu sinni og sjómannaskólum sínum fyrir farmenn og námsskrám og þjálfunaráætlum sjómannaskóla sinna fyrir farmenn.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtuð. ESB L 107, 25.4.2017, bls. 31. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 146/2017 frá 7. júlí 2017 um breytingu á XIII viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjtuð. ESB L 323, 3.12.2008, bls. 33.

- 8) Lokaniðurstaða matsins sýnir að Montenegro uppfyllir kröfur STCW-samþykktarinnar og á sama tíma hefur landið gert viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir svik í tengslum við skírteini.
- 9) Aðildarríkin fengu skýrslu um niðurstöður matsins.
- 10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Montenegro hefur verið viðurkennt, skv. 19. gr. tilskipunar 2008/106/EB, að því er varðar kerfi fyrir þjálfun og útgáfu skírteina farmanna.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 23. mars 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Violeta BULC

framkvæmdastjóri

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/172**2017/EES/67/13****frá 1. febrúar 2017**

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 142/2011 að því er varðar vinnslubreytur fyrir ummyndun aukaafurða úr dýrum í lífgas eða moltu, skilyrði fyrir innflutningi á gæludýrafóðri og fyrir útflutningi á unnum húsdýraáburði (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 frá 21. október 2009 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1774/2002 ⁽¹⁾, einkum 15. gr. (c-liður 1. mgr.), 27. gr. (g-liður), 41. gr. (3. mgr.) og 43. gr. (önnur undirgrein 3. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011 ⁽²⁾ er mælt fyrir um reglur til framkvæmdar reglugerð (EB) nr. 1069/2009, þ.m.t. vinnslubreytur fyrir ummyndun aukaafurða úr dýrum í lífgas eða moltu, skilyrði fyrir setningu á markað á innfluttu gæludýrafóðri og reglur um útflutning efna í 2. flokki.
- 2) Í V. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 eru settir fram staðlar fyrir ummyndun aukaafurða úr dýrum í lífgas og moltu. Í samræmi við b-lið 3. liðar í 2. þætti III. kafla í V. viðauka er lögbæru yfirvaldi heimilt, við tiltekin skilyrði, að leyfa sértækar kröfur, aðrar en þær sem settar eru fram í III. kafla.
- 3) Í slíkum tilvikum ætti hins vegar eingöngu að setja meltunarleifar og moltu á markað í aðildarríkjum þar sem aðrar ummyndunarvinnslubreytur hafa verið leyfðar. Í því skyni að veita lögbæru yfirvaldi nauðsynlegan sveigjanleika við setningu reglna um lífgas- og myltingarstöðvar, sem um getur í 3. lið í 2. þætti III. kafla í V. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011, er rétt að undanskilja frá stöðlunum, sem settir eru fram í 2. lið í 3. þætti III. kafla, þær meltunarleifar og moltu sem aðildarríkin hafa þegar leyft aðrar ummyndunarvinnslubreytur fyrir. Því ætti að breyta V. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 til samræmis við það.
- 4) Aðildarríkin geta eingöngu leyft innflutning á aukaafurðum úr dýrum og afleiddum afurðum frá þriðju löndum sem hafa fengið leyfi. Aðildarríkin geta leyft innflutning á hráu gæludýrafóðri úr aukaafurðum frá fiskveiðum frá löndum utan ESB sem hafa leyfi til innflutnings á lagarafurðum til manneldis í samræmi við II. viðauka við ákvörðun

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 28, 2.2.2017, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 155/2017 frá 22. september 2017 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 300, 14.11.2009, bls. 1.

⁽²⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011 frá 25. febrúar 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 um heilbrigðisreglur, að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis, og um framkvæmd tilskipunar ráðsins 97/78/EB að því er varðar tiltekin sýni og hluti sem eru undanþegin heilbrigðisefirliti með dýrum og dýraafurðum á landamærum samkvæmt þeirri tilskipun (Stjttíð ESB L 54, 26.2.2011, bls. 1).

framkvæmdastjórnarinnar 2006/766/EB ⁽¹⁾. Þetta á ekki við um innflutning á unnu gæludýrafóðri úr aukaafurðum frá fiskveiðum. Í því tilliti fellur innflutningur á unnu gæludýrafóðri úr aukaafurðum frá fiskveiðum undir strangari skilyrði en innflutningur á hráu gæludýrafóðri úr aukaafurðum frá fiskveiðum. Rétt þykir að leyfa innflutning á unnu gæludýrafóðri úr aukaafurðum frá fiskveiðum frá öllum löndum utan ESB þaðan sem leyft er að flytja inn hrátt gæludýrafóður úr aukaafurðum frá fiskveiðum. Því ætti að breyta töflu 2 í 1. þætti II. kafla XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 til samræmis við það.

- 5) Útflutningur á unnum húsdýraáburði til brennslu eða förgunar á urðunarstað er bannaður. Í samræmi við 2. og 3. mgr. 43. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 má hins vegar leyfa útflutning á þessu efni til notkunar í lífgas- eða myltingarstöðvum að því tilskildu að viðtökulandið sé aðili að Efnahags- og framfarastofnuninni. Í því skyni að leyfa útflutning á unnum húsdýraáburði og lífrænum áburði, sem inniheldur aðeins unninn húsdýraáburð, er rétt að mæla fyrir um reglur um útflutning á þessum vörum í öðrum tilgangi en til brennslu eða urðunar eða notkunar í lífgas- eða myltingarstöðvum í löndum sem eru ekki aðilar að Efnahags- og framfarastofnuninni. Þær reglur ættu að innihalda kröfur sem eru a.m.k. jafngildar þeim kröfum sem gilda um setningu á unnum húsdýraáburði og lífrænum áburði, sem inniheldur aðeins unninn húsdýraáburð, á markað. Því ætti að breyta XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 til samræmis við það.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi málsgrein bætist við 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 142/2011:

„4. Reglurnar, sem settar eru fram í V. kafla í XIV. viðauka, gilda um útflutning frá Sambandinu á þeim afleiddu afurðum sem þar eru tilgreindar.“

2. gr.

Ákvæðum V. og XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 er breytt í samræmi við textann í viðaukanum við þessa reglugerð.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 1. febrúar 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

⁽¹⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/766/EB frá 6. nóvember 2006 um skrár yfir þriðju lönd og yfirráðasvæði sem innflutningur á samlokum, skrápýrum, möttuldýrum, sæsniglum og lagarafurðum er leyfður frá (Stjtíð. ESB L 320, 18.11.2006, bls. 53).

VIÐAUKI

Ákvæðum V. og XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 er breytt sem hér segir:

1) Í stað 2. liðar í 3. þætti III. kafla í V. viðauka komi eftirfarandi:

„2. Setja skal meltunarleifar eða moltu, aðra en þá sem um getur í b-lið 3. liðar í 2. þætti, sem uppfylla ekki kröfurnar sem settar eru fram í þessum þætti, aftur í ummyndun eða myltingu og, ef um er að ræða salmonellu, fara með þær eða farga þeim í samræmi við fyrirmæli lögbærs yfirvalds.

2) Ákvæðum XIV. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað 12. línu í töflu 2 í 1. þætti II. kafla komi eftirfarandi:

„12	Gæludýrafóður, þ.m.t. nagbein	<p>a) Ef um er að ræða unnið gæludýrafóður og nagbein: efni sem um getur í i. og ii. lið a-liðar 35. gr.</p> <p>b) Ef um er að ræða hrátt gæludýrafóður: efni sem um getur í iii. lið a-liðar 35. gr.</p>	Gæludýrafóðrið og nagbeinin skulu hafa verið framleidd í samræmi við II. kafla XIII. viðauka.	<p>a) Ef um er að ræða hrátt gæludýrafóður: Þau þriðju lönd, sem eru tilgreind í 1. hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 206/2010 eða í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 798/2008, þaðan sem aðildarríkin heimila innflutning á nýju kjöti af sömu dýrategundum og þar sem eingöngu er heimild fyrir kjöti með beini. Ef um er að ræða efni úr fiski, þriðju lönd sem eru tilgreind í II. viðauka við ákvörðun 2006/766/EB.</p> <p>b) Ef um er að ræða nagbein og gæludýrafóður, þó ekki hrátt: Þau þriðju lönd sem eru tilgreind í 1. hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 206/2010 og eftirfarandi lönd: (JP) Japan (EC) Ekvador (LK) Srí Lanka (TW) Taívan. Ef um er að ræða unnið gæludýrafóður úr efnum úr fiski: þriðju lönd sem eru tilgreind í II. viðauka við ákvörðun 2006/766/EB.</p>	<p>a) Ef um er að ræða gæludýrafóður í dósum: A-liður 3. kafla XV. viðauka.</p> <p>b) Ef um er að ræða unnið gæludýrafóður, þó ekki gæludýrafóður í dósum: B-liður 3. kafla XV. viðauka.</p> <p>c) Ef um er að ræða nagbein: C-liður 3. kafla XV. viðauka.</p> <p>d) Ef um er að ræða hrátt gæludýrafóður: D-liður 3. kafla XV. viðauka.“</p>
-----	-------------------------------	---	---	---	---

b) Eftirfarandi V. kafli bætist við:

„V. KAFLI

REGLUR UM ÚTFLUTNING Á TILTEKNUM AFLEIDDUM AFURÐUM

Reglur sem gilda um útflutning á afleiddum afurðum sem eru tilgreindar hér á eftir eins og um getur í 4. mgr. 25. gr.:

	Afleiddar afurðir	Reglur um útflutning
1	Unninn húsdýraáburður og lífrænn áburður, molta eða meltunarleifar frá ummyndun lífgass sem innihalda engar aðrar aukaafurðir úr dýrum eða afleiddar afurðir en unninn húsdýraáburð	Unninn húsdýraáburður og lífrænn áburður, molta eða meltunarleifar frá ummyndun lífgass sem innihalda engar aðrar aukaafurðir úr dýrum eða afleiddar afurðir en unninn húsdýraáburð verða a.m.k. að uppfylla skilyrðin sem sett eru fram í a-, b-, d- og e-lið í 2. þætti I. kafla í XI. viðauka.“

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2017/672****2017/EES/67/14****frá 7. apríl 2017**

um leyfi fyrir heilsufullyrðingu er varðar matvæli og vísar hvorki til minnkunar á sjúkdómsáhættu né til þroskunar eða heilbrigðis barna og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 432/2012 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1924/2006 frá 20. desember 2006 um næringar- og heilsufullyrðingar er varða matvæli ⁽¹⁾, einkum 4. mgr. 18. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 1924/2006 er kveðið á um að heilsufullyrðingar er varða matvæli séu bannaðar nema framkvæmdastjórnin leyfi þær í samræmi við þá reglugerð og að þær séu á lista yfir leyfðar fullyrðingar.
- 2) Samkvæmt 3. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006 var samþykkt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 432/2012 ⁽²⁾ um að taka saman lista yfir leyfilegar heilsufullyrðingar er varða matvæli og vísa hvorki til minnkunar á sjúkdómsáhættu né til þroskunar eða heilbrigðis barna.
- 3) Í reglugerð (EB) nr. 1924/2006 er einnig kveðið á um að stjórnendur matvælafyrirtækja geti sent lögbæru landsyfirvaldi aðildarríkis umsóknir um leyfi fyrir heilsufullyrðingum. Lögbær landsyfirvöld skulu framsenda tækar umsóknir til Matvælaöryggisstofnunar Evrópu, hér á eftir nefnd „Matvælaöryggisstofnunin“, til vísindalegs mats og einnig til framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna til upplýsingar.
- 4) Matvælaöryggisstofnunin skal skila álit á viðkomandi heilsufullyrðingu.
- 5) Framkvæmdastjórnin skal ákveða hvort heilsufullyrðingar skuli leyfðar, að teknu tilliti til álits Matvælaöryggisstofnunarinnar.
- 6) Til að hvetja til nýsköpunar ætti enn fremur að flýta fyrir málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir þær heilsufullyrðingar sem byggjast á nýlegum, vísindalegum sönnunargögnum og/eða fela í sér kröfu um vernd gagna sem njóta einkaleyfisverndar.
- 7) Í kjölfar umsóknar frá AlzChem AG, sem lögð var fram skv. 5. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006, var Matvælaöryggisstofnunin beðin um að skila álit á heilsufullyrðingu sem varðar kreatín í tengslum við styrktarþjálfun og aukinn vöðvastyrk (spurning nr. EFSA-Q-2015-00437 ⁽³⁾). Fullyrðingin, sem umsækjandinn lagði til, var svohljóðandi: „kreatín stuðlar að því að viðhalda vöðvastarfsemi hjá öldruðum“.
- 8) Hinn 23. febrúar 2016 barst framkvæmdastjórninni og aðildarríkjunum vísindalegt álit Matvælaöryggisstofnunarinnar þar sem ályktað var á grundvelli gagnanna sem lögð voru fram að sýnt hefði verið fram á orsakatengsl milli neyslu á kreatíni í tengslum við styrktarþjálfun og aukinn vöðvastyrk. Markhópurinn er fullorðið fólk sem er eldra en 55 ára og stundar reglulega styrktarþjálfun. Því ætti heilsufullyrðing, sem samrýmist þeirri niðurstöðu, að teljast uppfylla kröfurnar í reglugerð (EB) nr. 1924/2006 og ætti að bæta henni við á lista Sambandsins yfir leyfðar fullyrðingar sem komið var á fót með reglugerð (ESB) nr. 432/2012.
- 9) Eitt af markmiðum reglugerðar (EB) nr. 1924/2006 er að tryggja að heilsufullyrðingar séu sannar, skýrar, áreiðanlegar og gagnlegar fyrir neytendur og að tekið sé tillit til orðalags og framsetningarinnar að því er þetta

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 97, 8.4.2017, bls. 24. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 164/2017 frá 22. september 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 404, 30.12.2006, bls. 9.

⁽²⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 432/2012 frá 16. maí 2012 um samantekt lista yfir leyfilegar heilsufullyrðingar er varða matvæli og vísa hvorki til minnkunar á sjúkdómsáhættu né til þroskunar eða heilbrigðis barna (Stjtið. ESB L 136, 25.5.2012, bls. 1).

⁽³⁾ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2016 14(2), 4400.

varðar. Ef orðalag fullyrðinga sem umsækjandi notar felur í sér sömu merkingu fyrir neytendur og leyfð heilsufullyrðing vegna þess að þær staðfesta sömu tengsl og eru fyrir hendi milli matvælaflökks, matvæla eða eins af innihaldsefnum þeirra annars vegar og heilbrigðis hins vegar ættu þessar fullyrðingar því að lúta sömu skilyrðum fyrir notkun og eru tilgreind í viðaukanum við þessa reglugerð.

- 10) Í samræmi við 20. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006 ætti að uppfæra fullyrðingaskrána yfir næringar- og heilsufullyrðingar, sem inniheldur allar leyfðar heilsufullyrðingar, til þess að taka tillit til þessarar reglugerðar.
- 11) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 432/2012 til samræmis við það.
- 12) Samráð var haft við aðildarríkin.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Heilsufullyrðinguna, sem sett er fram í viðaukanum við þessa reglugerð, skal færa á lista Sambandsins yfir leyfðar fullyrðingar sem kveðið er á um í 3. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006.

2. gr.

Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 432/2012 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. apríl 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Eftirfarandi færsla bætist við í stafrófsröð í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 432/2012:

Næringarefni, annað efni, matvæli eða matvælaflokkur	Fullyrðing	Skilyrði fyrir notkun fullyrðingar	Skilyrði og/eða takmarkanir á notkun matvælna og/eða viðbótaryfirlýsing eða viðvörðun	Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu nr.	Númer viðeigandi færslu í samsteypta listanum sem er lagður fyrir Matvælaöryggisstofnun Evrópu til mats
„Kreatín	Dagleg neysla á kreatíni getur aukið áhrif styrktarþjálfunar á vöðvastyrk hjá fullorðnum sem eru eldri en 55 ára.	Veita skal neytendum eftirfarandi upplýsingar: — fullyrðingunni er beint að fullorðnu fólki sem er eldra en 55 ára og stundar reglulega styrktarþjálfun, — jákvæðu áhrifunum er náð með daglegri inntöku á 3 g af kreatíni í tengslum við styrktarþjálfun sem gerir kleift að auka álagið með tímanum og ætti að stunda hana a.m.k. þrisvar í viku í nokkrar vikur við álag sem er a.m.k. 65–75% af hámarksálagi í einni endurtekningu (*).	Einungis má nota fullyrðinguna um matvæli sem er beint að fullorðnu fólki sem er eldra en 55 ára og stundar reglulega styrktarþjálfun.	2016 14(2), 4400	

(*). Hámarksálag í einni endurtekningu er sú hámarksþyngd sem einstaklingur getur lyft eða sá hámarksstyrkur sem hann getur beitt í einni lyftu.“

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2017/676**

2017/EES/67/15

frá 10. apríl 2017

um leyfi fyrir heilsufullyrðingu er varðar matvæli og vísar hvorki til minnkunar á sjúkdómsáhættu né til þroskunar eða heilbrigðis barna og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 432/2012 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1924/2006 frá 20. desember 2006 um næringar- og heilsufullyrðingar er varða matvæli ⁽¹⁾, einkum 4. mgr. 18. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 1924/2006 er kveðið á um að heilsufullyrðingar er varða matvæli séu bannaðar nema framkvæmdastjórnin leyfi þær í samræmi við þá reglugerð og að þær séu á lista yfir leyfðar fullyrðingar.
- 2) Samkvæmt 3. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006 var samþykkt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 432/2012 ⁽²⁾ um að taka saman lista yfir leyfilegar heilsufullyrðingar er varða matvæli og vísa hvorki til minnkunar á sjúkdómsáhættu né til þroskunar eða heilbrigðis barna.
- 3) Í reglugerð (EB) nr. 1924/2006 er einnig kveðið á um að stjórnendur matvælaafyrirtækja geti sent lögbæru landsyfirvaldi aðildarríkis umsóknir um leyfi fyrir heilsufullyrðingum. Lögbær landsyfirvöld skulu framsenda tækar umsóknir til Matvælaöryggisstofnunar Evrópu, hér á eftir nefnd „Matvælaöryggisstofnunin“, til vísindalegs mats og einnig til framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna til upplýsingar.
- 4) Framkvæmdastjórnin skal ákveða hvort heilsufullyrðingar skuli leyfðar, að teknu tilliti til álits Matvælaöryggisstofnunarinnar.
- 5) Til að hvetja til nýsköpunar ætti enn fremur að flýta fyrir málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir þær heilsufullyrðingar sem byggjast á nýlegum, vísindalegum sönnunargögnum og/eða fela í sér kröfu um vernd gagna sem njóta einkaleyfisverndar.
- 6) Í kjölfar umsóknar frá DuPont Nutrition BioSciences ApS, sem lögð var fram skv. 5. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006, var Matvælaöryggisstofnunin beðin um að skila álitni á heilsufullyrðingu sem varðar laktítól og viðhald eðlilegra hægða (spurning nr. EFSA-Q-2015-00375 ⁽³⁾). Fullyrðingin, sem umsækjandinn lagði til, var svohljóðandi: „Laktítól stuðlar að eðlilegri starfsemi þarma“.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 98, 11.4.2017, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 164/2017 frá 22. september 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 404, 30.12.2006, bls. 9.

⁽²⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 432/2012 frá 16. maí 2012 um samantekt lista yfir leyfilegar heilsufullyrðingar er varða matvæli og vísa hvorki til minnkunar á sjúkdómsáhættu né til þroskunar eða heilbrigðis barna (Stjtið. ESB L 136, 25.5.2012, bls. 1).

⁽³⁾ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2015 13(10), 4252.

- 7) Hinn 13. október 2015 barst framkvæmdastjórninni og aðildarríkjunum vísindalegt álit Matvælaöryggisstofnunarinnar þar sem ályktað var á grundvelli gagnanna sem lögð voru fram að sýnt hefði verið fram á orsakatengsl milli neyslu á laktítóli og viðhalds eðlilegra hægða og að markhópurinn sé fullorðnir. Því ætti heilsufullyrðing, sem samrýmist þeirri niðurstöðu, að teljast uppfylla kröfurnar í reglugerð (EB) nr. 1924/2006 og ætti að bæta henni við á lista Sambandsins yfir leyfðar fullyrðingar sem komið var á fót með reglugerð (ESB) nr. 432/2012.
- 8) Í 3. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006 er kveðið á um að leyfilegum heilsufullyrðingum verði að fylgja öll nauðsynleg skilyrði (þ.m.t. takmarkanir) fyrir notkun þeirra. Til samræmis við það ætti listinn yfir leyfilegar fullyrðingar að innihalda orðalag viðkomandi fullyrðinga og sértæk skilyrði fyrir notkun þeirra og, eftir því sem við á, skilyrði eða takmarkanir varðandi notkun og/eða viðbótaryfirlýsingu eða viðvörun, í samræmi við reglurnar sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 1924/2006 og álit Matvælaöryggisstofnunarinnar.
- 9) Eitt af markmiðum reglugerðar (EB) nr. 1924/2006 er að tryggja að heilsufullyrðingar séu sannar, skýrar, áreiðanlegar og gagnlegar fyrir neytendur og að tekið sé tillit til orðalags og framsetningarinnar að því er þetta varðar. Ef orðalag fullyrðingar sem umsækjandi notar felur í sér sömu merkingu fyrir neytendur og leyfð heilsufullyrðing vegna þess að hún staðfestir sömu tengsl og eru fyrir hendi milli matvælaflokks, matvæla eða eins af innihaldsefnum þeirra annars vegar og heilbrigðis hins vegar ætti sú fullyrðing því að lúta sömu skilyrðum fyrir notkun og sú sem er tilgreind í viðaukanum við þessa reglugerð.
- 10) Í samræmi við 20. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006 ætti að uppfæra fullyrðingaskrána yfir næringar- og heilsufullyrðingar, sem inniheldur allar leyfðar heilsufullyrðingar, til þess að taka tillit til þessarar reglugerðar.
- 11) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 432/2012 til samræmis við það.
- 12) Samráð var haft við aðildarríkin.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Heilsufullyrðinguna, sem sett er fram í viðaukanum við þessa reglugerð, skal færa á lista Sambandsins yfir leyfðar fullyrðingar sem kveðið er á um í 3. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006.

2. gr.

Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 432/2012 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 10. apríl 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Eftirfarandi færsla bætist við í stafrófsröð í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 432/2012:

Næringarefni, annað efni, matvæli eða matvælaflokkur	Fullyrðing	Skilyrði fyrir notkun fullyrðingar	Skilyrði og/eða takmarkanir á notkun matvælna og/eða viðbótaryfirlýsing eða viðvörðun	Tíðindi Matvælaöryggis- stofnunar Evrópu nr.	Númer viðeigandi færslu í samsteypta listanum sem er lagður fyrir Matvælaöryggis- stofnun Evrópu til mats
„Laktítól	Laktítól stuðlar að eðlilegri starfsemi þarma með því að auka tíðni hægða	Einungis má nota fullyrðinguna um fæðubótarefni sem innihalda 10 g af laktítóli í einum magnbundnum dagskammti. Til að hægt sé að nota fullyrðinguna skal veita neytendum upplýsingar þess efnis að jákvæðu áhrifin náist með því að neyta 10 g af laktítóli í einum dagskammti.	Ekki skal nota fullyrðinguna um matvæli sem eru ætluð börnum.	2015 13(10), 4252“	

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2017/357****2017/EES/67/16****frá 28. febrúar 2017****um að samþykkja ekki virka efnid sýklanilípról í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 13. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í samræmi við 1. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 barst Austurríki umsókn frá ISK Biosciences Europe N.V. 19. desember 2013 um samþykki fyrir virka efninu sýklanilípróli.
- 2) Í samræmi við 3. mgr. 9. gr. þeirrar reglugerðar tilkynnti skýrslugjafaraðildarríkið umsækjandanum, hinum aðildarríkjunum, framkvæmdastjórninni og Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) um lögmæti umsóknarinnar 17. janúar 2014.
- 3) Áhrif þessa virka efnis á heilbrigði manna og dýra og á umhverfið hafa verið metin, í samræmi við ákvæði 2. og 3. mgr. 11. gr. þeirrar reglugerðar, með tilliti til þeirrar notkunar sem umsækjandinn fyrirhugar. Skýrslugjafaraðildarríkið lagði fram drög að matsskýrslu 1. apríl 2015.
- 4) Aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunin endurskoðuðu drögin að matsskýrslunni. Matvælaöryggisstofnunin lagði niðurstöður sínar um áhættumatið á varnarefnum með virka efninu sýklanilípróli ⁽²⁾ fyrir framkvæmdastjórnina 6. apríl 2016.
- 5) Í bréfi dagsettu 28. september 2016 dró ISK Biosciences Europe N.V. umsókn sína um samþykki fyrir sýklanilípróli til baka. Þar sem umsóknin var dregin til baka ætti ekki að samþykkja sýklanilípról skv. 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.
- 6) Þessi reglugerð hefur ekki áhrif á framlagningu frekari umsókna fyrir sýklanilípról skv. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.***Virkt efni ekki samþykkt**

Virka efnid sýklanilípról er ekki samþykkt.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 54, 1.3.2017, bls. 4. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 174/2017 frá 22. september 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

⁽²⁾ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2016 14(4), 4452. Aðgengilegt á Netinu: www.efsa.europa.eu

2. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 28. febrúar 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2017/358**

2017/EES/67/17

frá 28. febrúar 2017

**um staðfestingu skilyrða fyrir samþykki fyrir virka efninu akrínatríni, eins og sett er fram í framkvæmdarreglugerð
(ESB) nr. 540/2011 (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ⁽¹⁾, einkum c-lið 2. mgr. 13. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Virka efnið akrínatrín var samþykkt í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1107/2009 með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 974/2011 ⁽²⁾ og er tilgreint í B-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ⁽³⁾. Í samræmi við 19. línu B-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 má einungis „leyfa að efnið sé notað sem skordýraeyðir og mítlaeyðir í magni sem er að hámarki 22,5 g/hektara við hverja notkun“.
- 2) Cheminova A/S, sem fór fram á að akrínatrín yrði samþykkt, lagði fram umsókn 8. maí 2012 um breytingu á skilyrðunum fyrir samþykkinu á virka efninu akrínatríni til gera kleift að nota efnið sem skordýraeyðir og mítlaeyðir án takmarkana á magni. Umsókninni fylgdu upplýsingar varðandi þá rýmkun á notkun sem farið var fram á. Umsóknin var lögð fyrir Frakkland sem samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1490/2002 ⁽⁴⁾ hafði verið tilnefnt sem skýrslugjafaraðildarríki.
- 3) Frakkland mat upplýsingarnar sem umsækjandinn lagði fram og tók saman viðbót við drögin að matsskýrslunni. Frakkland lagði viðbótina fyrir framkvæmdastjórnina 5. nóvember 2012 ásamt afriti fyrir Matvælaöryggisstofnun Evrópu, hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin.
- 4) Matvælaöryggisstofnunin dreifði viðbótinni til umsækjandans og aðildarríkjanna, gerði hana aðgengilega almenningi og veitti 60 daga frest til að leggja fram skriflegar athugasemdir.
- 5) Hinn 21. nóvember 2013, með tilliti til viðbótarinnar við drögin að matsskýrslunni, samþykkti Matvælaöryggisstofnunin niðurstöðu sína um akrínatrín ⁽⁵⁾ að því er varðar notkun þess sem skordýraeyðir og mítlaeyðir án takmarkana.
- 6) Matvælaöryggisstofnunin sendi niðurstöðu sína til umsækjandans, aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar og gerði hana aðgengilega almenningi. Að teknu tilliti til viðbótarinnar við drögin að matsskýrslu frá skýrslugjafaraðildarríkinu og niðurstöðu Matvælaöryggisstofnunarinnar lagði framkvæmdastjórnin endurskoðunarskýrslu og drög að reglugerð fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður.
- 7) Umsækjandanum var gefinn kostur á því að leggja fram athugasemdir við endurskoðunarskýrsluna fyrir akrínatrín, þ.m.t. viðbótina. Umsækjandinn lagði fram athugasemdir sínar sem hafa verið athugaðar vandlega. Þrátt fyrir þau rök sem umsækjandinn setti fram var þó ekki hægt að eyða þeim áhyggjuefnum sem um getur í 8. forsendu.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 54, 1.3.2017, bls. 6. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 174/2017 frá 22. september 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjtið. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

(2) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 974/2011 frá 29. september 2011 um samþykki fyrir virka efninu akrínatríni, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/934/EB (Stjtið. ESB L 255, 1.10.2011, bls. 1).

(3) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtið. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

(4) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1490/2002 frá 14. ágúst 2002 um nánari reglur varðandi framkvæmd þriðja áfanga vinnuáætlunarinnar sem um getur í 2. mgr. 8. gr. tilskipunar ráðsins 91/414/EBE og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 451/2000 (Stjtið. EB L 224, 21.8.2002, bls. 23).

(5) „Conclusion on the peer review of the pesticide risk assessment of the active substance acrinathrin.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2013 11(12), 3469. Aðgengilegt á Netinu: www.efsa.europa.eu/efsajournal.htm

- 8) Á grundvelli endurskoðunarskýrslunnar og annarra þátta sem eru réttmætir í þessu tilliti skal líta svo á að viðbótarupplýsingarnar, sem umsækjandinn lagði fram, geri það ekki mögulegt að útiloka þau tilteknu áhyggjuefni sem leiddu til takmörkunar á notkun akrínatríns í magni sem er að hámarki 22,5 g/hektara við hverja notkun. Akrínatrín er einkum mjög eitrað fyrir fiska og lagarhryggleysingja og samþykki fyrir notkun þess á grundvelli núverandi magns krefst nú þegar umfangsmikilla ráðstafana til að draga úr áhættu. Nýju gögnin sem umsækjandinn lagði fram gátu ekki sýnt fram á að fyrirhuguð veruleg aukning á magni, og þar af leiðandi aukning váhrifa, myndi áfram hafa í för með sér viðunandi áhættu fyrir viðkomandi lagarlífverur. Að lokum komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu, á grundvelli upplýsinga til staðfestingar sem tilkynnandinn lagði fram, að meira magn myndi valda mikilli áhættu fyrir liðdýr utan markhóps sem staðfestir enn frekar að ekki sé unnt að auka magnið.
- 9) Af þessum sökum hefur ekki verið sýnt fram á að búast megi við að plöntuverndarvörur sem innihalda akrínatrín uppfylli að jafnaði kröfurnar sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 þegar þær eru notaðar sem skordýraeyðir eða mítlaeyðir án takmörkunar á magni.
- 10) Því ætti að staðfesta skilyrði fyrir samþykki fyrir virka efninu akrínatríni, eins og fram kemur í 19. línu B-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011.
- 11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Staðfesting skilyrða fyrir samþykki

Skilyrði fyrir samþykki fyrir virka efninu akrínatríni, eins og fram kemur í 19. línu B-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011, eru staðfest.

2. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 28. febrúar 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2017/359****2017/EES/67/18****frá 28. febrúar 2017****um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar skilyrði fyrir samþykki fyrir virka efninu oxýflúorfen (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ⁽¹⁾, einkum öðrum valkosti í 3. mgr. 21. gr. og 2. mgr. 78. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 798/2011 ⁽²⁾ var oxýflúorfen samþykkt sem virkt efni í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1107/2009 með því skilyrði að viðkomandi aðildarríki sæi til þess að umsækjandinn, sem lagði fram beiðni um að oxýflúorfen yrði samþykkt, legði fram frekari upplýsingar til staðfestingar að því er varðar fimm tiltekna þætti, þ. á m. varðandi hugsanlega áhættu fyrir lagarlífverur í tengslum við virka efnið og fyrir umbrotsefnin RH-45469, MW 306, MW 347, MW 274 og óþekkta umbrotsefnið Deg 27.
- 2) Hinn 29. júní og 15. desember 2012 lagði umsækjandinn viðbótarupplýsingar fyrir skýrslugjafaraðildarríkið Spán, innan þeirra tímamarka sem gefin voru til að leggja þær fram, vegna krafna um gögn til staðfestingar.
- 3) Spánn lagði mat á viðbótarupplýsingarnar sem umsækjandinn lagði fram. Spánn lagði mat sitt fyrir önnur aðildarríki, framkvæmdastjórnina og Matvælaöryggisstofnun Evrópu, hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin, 14. júlí 2014 í formi viðbótar við drögin að matsskýrslunni.
- 4) Haft var samráð við aðildarríkin, umsækjandann og Matvælaöryggisstofnunina og þau beðin um að leggja fram athugasemdir um mat skýrslugjafaraðildarríkisins. Matvælaöryggisstofnunin gaf út tæknilega skýrslu með samantekt á niðurstöðu þessa samráðs um oxýflúorfen 6. nóvember 2014 ⁽³⁾.
- 5) Framkvæmdastjórnin hafði samráð við Matvælaöryggisstofnunina í tengslum við tiltekna þætti matsins. Matvælaöryggisstofnunin birti niðurstöður sínar um áhættumatið fyrir oxýflúorfen 28. júlí 2015 ⁽⁴⁾. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin endurskoðuðu drögin að matsskýrslunni, viðbótina og niðurstöður Matvælaöryggisstofnunarinnar innan fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður og þeirri endurskoðun lauk 24. janúar 2017 með endurskoðunarskýrslu framkvæmdastjórnarinnar um oxýflúorfen.
- 6) Framkvæmdastjórnin gaf umsækjandanum færi á að leggja fram athugasemdir sínar varðandi endurskoðunarskýrsluna um oxýflúorfen.
- 7) Framkvæmdastjórnin telur að viðbótarupplýsingarnar, sem lagðar voru fram, sýni að móðurefnið og umbrotsefnin MW 347 og Deg 27 skapi mikla áhættu fyrir lagarlífverur.
- 8) Framkvæmdastjórnin lítur svo á að frekari upplýsingum, sem krafist var til staðfestingar, hafi ekki fyllilega verið komið til skila og að ekki sé hægt að útiloka mikla áhættu fyrir lagarlífverur vegna váhrifa af oxýflúorfeni og umbrotsefnunum MW 347 og Deg 27 nema með því að beita frekari takmörkunum.
- 9) Til að minnka váhrif á lagarlífverur er því rétt að takmarka skilyrði fyrir notkun þessa virka efnis enn frekar og kveða á um sérstakar ráðstafanir til að draga úr áhættu til að vernda þessar tegundir.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttð. ESB L 54, 1.3.2017, bls. 8. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 174/2017 frá 22. september 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjttð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

⁽²⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 798/2011 frá 9. ágúst 2011 um samþykki fyrir virka efninu oxýflúorfeni, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/934/EB (Stjttð. ESB L 205, 10.8.2011, bls. 9).

⁽³⁾ EFSA (Matvælaöryggisstofnun Evrópu), 2014. Technical report on the outcome of the consultation with Member States, the applicant and EFSA on the pesticide risk assessment of confirmatory data for oxyfluorfen (Tæknileg skýrsla um niðurstöður samráðs við aðildarríkin, umsækjandann og Matvælaöryggisstofnun Evrópu um áhættumat á varnarefnum í tengslum við gögn til staðfestingar að því er varðar oxýflúorfen). EFSA supporting publication 2014:EN-686, 40 bls.

⁽⁴⁾ „Conclusion on the peer review of the pesticide risk assessment for the active substance oxyfluorfen in light of confirmatory data.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2015 13 (8): 4205, 45 bls. doi: 10.2903/j.efsa.2015/4205.

- 10) Því ætti að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ⁽¹⁾ til samræmis við það.
- 11) Gefa ætti aðildarríkjunum tíma til að breyta leyfum fyrir plöntuverndarvörum sem innihalda oxýflúorfen eða afturkalla þau.
- 12) Ef aðildarríki veita einhvern frest í samræmi við 46. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar plöntuverndarvörur sem innihalda oxýflúorfen ætti þessi frestur að renna út eigi síðar en 21. júní 2018.
- 13) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Umbreytingarráðstafanir

Aðildarríkin skulu, í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1107/2009 og ef nauðsyn krefur, breyta áður útgefnum leyfum fyrir plöntuvarnavörum, sem innihalda oxýflúorfen sem virkt efni, eða afturkalla þau eigi síðar en 21. júní 2017.

3. gr.

Frestir

Allir frestir, sem aðildarríki veita í samræmi við 46. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skulu vera eins stuttir og unnt er og skulu renna út eigi síðar en 21. júní 2018.

4. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 28. febrúar 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

⁽¹⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjttð ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

VIÐAUKI

Í stað dálksins „Sértæk ákvæði“ í 11. línu, oxýflúorfen, í B-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 komi eftirfarandi:

„A-HLUTI

Einungis má leyfa að efnið sé notað sem illgresiseyðir í tengslum við þegar úðað er í belti (e. *banded application*) nálægt jörðu frá hausti þar til snemma vors, í magni sem er að hámarki 150 g af virku efni á hvern hektara á ári.

B-HLUTI

Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um oxýflúorfen, einkum í I. og II. viðbæti við hana, í lokagerð fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að:

- öryggi notenda og tryggja að í notkunarskýrðunum sé mælt fyrir um notkun fullnægjandi persónuhlífa eftir því sem við á,
- áhættunni fyrir lagarlífverur, spendýr sem éta ánamaðka, stórsæjar lífverur í jarðvegi, liðdýr utan markhóps og plöntur utan markhóps.

Skilyrðin fyrir leyfi skulu fela í sér ráðstafanir til að draga úr áhættu, s.s. með varðbelti sem ekki er úðað á og notkun stúta sem draga úr reki og kveða á um tilheyrandi merkingu plöntuverndarvara. Skilyrðin skulu fela í sér ráðstafanir til að draga úr áhættu eftir því sem við á.“

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2017/360****2017/EES/67/19****frá 28. febrúar 2017****um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar skilyrði fyrir samþykki fyrir virka efni
búprófesíni (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ⁽¹⁾, einkum öðrum valkosti í 3. mgr. 21. gr. og 2. mgr. 78. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2011/6/ESB ⁽²⁾ var búprófesín fært á skrá sem virkt efni í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE ⁽³⁾ með því skilyrði að hlutaðeigandi aðildarríki tryggðu að tilkynnandinn, sem lagði fram beiðni um að búprófesín yrði fært á skrá í þeim viðauka, legði fram frekari upplýsingar til staðfestingar vegna áhættumats fyrir neytendur að því er varðar þætti vegna vinnslu og breytinga.
- 2) Virk efni sem eru á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE teljast samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009 og eru skráð í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ⁽⁴⁾.
- 3) Hinn 30. janúar 2013 lagði umsækjandinn viðbótarupplýsingar fyrir skýrslugjafaraðildarríkið Bretland, innan þeirra tímamarka sem gefin voru til að leggja þær fram, að því er varðar þætti vegna vinnslu og breytinga.
- 4) Bretland lagði mat á viðbótarupplýsingarnar sem umsækjandinn lagði fram. Bretland lagði mat sitt fyrir önnur aðildarríki, framkvæmdastjórnina og Matvælaöryggisstofnun Evrópu, hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin, 9. september 2014 í formi viðbótar við drögin að matsskýrslunni.
- 5) Framkvæmdastjórnin hafði samráð við Matvælaöryggisstofnunina sem lagði fram niðurstöðu sína varðandi áhættumatið á búprófesíni 28. júlí 2015 ⁽⁵⁾. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin endurskoðuðu drögin að matsskýrslunni, viðbótina og niðurstöður Matvælaöryggisstofnunarinnar innan fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður og þeirri endurskoðun lauk 24. janúar 2017 með endurskoðunarskýrslu framkvæmdastjórnarinnar um búprófesín.
- 6) Framkvæmdastjórnin gaf umsækjandanum færi á að leggja fram athugasemdir sínar varðandi endurskoðunarskýrsluna um búprófesín.
- 7) Framkvæmdastjórnin komst að þeirri niðurstöðu að framlagðar viðbótarupplýsingar sýndu að við vinnsluskilyrði þar sem hitastig er hátt brotnar búprófesín niður í nokkur umbrotsefni, þ.m.t. anilín. Anilín er krabbameinsvaldur sem ekki er hægt að útiloka að hafi verkunarhátt sem hefur erfðaeiturhrif og því er ekki unnt að setja viðmiðunarmörk fyrir viðunandi váhrif.
- 8) Framkvæmdastjórnin lítur svo á að frekari upplýsingum, sem krafist var til staðfestingar, hafi ekki fyllilega verið komið til skila og að ekki sé hægt að útiloka váhrif af anilíni á neytendur vegna neyslu á unnum nytjaplöntum nema með því að beita frekari takmörkunum. Einkum ætti að takmarka notkun búprófesíns við óætar plöntur.
- 9) Staðfest er að virka efnið búprófesín telst samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009. Til að minnka váhrif á neytendur af völdum anilíns er þó rétt að breyta skilyrðum fyrir notkun þessa virka efnis.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 54, 1.3.2017, bls. 11. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 174/2017 frá 22. september 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

⁽²⁾ Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2011/6/ESB frá 20. janúar 2011 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við virka efni búprófesíni (Stjttíð ESB L 18, 21.1.2011, bls. 38).

⁽³⁾ Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjttíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1).

⁽⁴⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjttíð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

⁽⁵⁾ „Conclusion on the peer review of the pesticide risk assessment for the active substance buprofezin in light of confirmatory data.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2015 13 (8): 4207, 24 bls. doi: 10.2903/j.efsa.2015/4207.

- 10) Því ætti að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.
- 11) Gefa ætti aðildarríkjunum tíma til að breyta leyfum fyrir plöntuverndarvörum sem innihalda búprófesín eða afturkalla þau.
- 12) Ef aðildarríki veita einhvern frest í samræmi við 46. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar plöntuverndarvörur sem innihalda búprófesín ætti þessi frestur að renna út eigi síðar en 21. júní 2018.
- 13) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Umbreytingarráðstafanir

Aðildarríkin skulu, í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1107/2009 og ef nauðsyn krefur, breyta áður útgefnum leyfum fyrir plöntuvarnavörum, sem innihalda búprófesín sem virkt efni, eða afturkalla þau eigi síðar en 21. júní 2017.

3. gr.

Frestir

Allir frestir, sem aðildarríki veita í samræmi við 46. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skulu vera eins stuttir og unnt er og skulu renna út eigi síðar en 21. júní 2018.

4. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 28. febrúar 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Í stað dálksins „Sértæk ákvæði“ í 320. línu, búprófesín, í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 komi eftirfarandi:

„A-HLUTI

Einungis má leyfa að efnið sé notað sem skordýraeyðir og mítlaeyðir á óætar plöntur.

B-HLUTI

Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um búprófesín, einkum í I. og II. viðbæti við hana, í lokagerð fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að:

- öryggi notenda og starfsmanna og tryggja að í notkunarskilyrðunum sé mælt fyrir um notkun fullnægjandi persónuhlífa eftir því sem við á,
- notkun viðeigandi biðtíma vegna plantna í skiptiræktun í gróðurhúsum,
- áhættu fyrir lagarlífverur og tryggja að í notkunarskilyrðum sé mælt fyrir um fullnægjandi ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á.

Í skilyrðunum fyrir leyfi skulu vera ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á.“

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2017/375****2017/EES/67/20****frá 2. mars 2017**

um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu prósúlfúróni sem efni sem ráðgert er að skipta út, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ⁽¹⁾, einkum 24. gr. í tengslum við 1. mgr. 20. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samþykkið fyrir virka efninu prósúlfúróni, eins og fram kemur í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ⁽²⁾, rennur út 30. júní 2017.
- 2) Umsókn um endurnýjun á skráningu prósúlfúróns í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE ⁽³⁾ var lögð fram í samræmi við 4. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1141/2010 ⁽⁴⁾ innan þeirra tímamarka sem kveðið er á um í þeirri grein.
- 3) Umsækjandinn lagði fram viðbótarmálsskjölin sem krafist er í samræmi við 9. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1141/2010. Skýrslugjafaraðildarríkið taldi að umsóknin væri fullgerð.
- 4) Skýrslugjafaraðildarríkið tók saman matsskýrslu um endurnýjun í samráði við meðskýrslugjafaraðildarríkið og lagði hana fyrir Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) og framkvæmdastjórnina 15. júlí 2013.
- 5) Matvælaöryggisstofnunin sendi matsskýrsluna um endurnýjun til umsækjandans og aðildarríkjanna til að fá athugasemdir þeirra og sendi mótteknar athugasemdir áfram til framkvæmdastjórnarinnar. Matvælaöryggisstofnunin gerði samantektina úr viðbótarmálsskjölunum einnig aðgengilega almenningi.
- 6) Matvælaöryggisstofnunin lagði niðurstöður sínar, að því er varðar hvort búast megi við að prósúlfúrón uppfylli viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, fyrir framkvæmdastjórnina 25. ágúst 2014 ⁽⁵⁾. Framkvæmdastjórnin lagði drögin að endurskoðunarskýrslunni um prósúlfúrón fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður 29. maí 2015.
- 7) Staðfest hefur verið, að því er varðar eina dæmigerða notkun eða fleiri á a.m.k. einni plöntuverndarvöru sem inniheldur virka efnið, að viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr., eru uppfylltar. Því teljast þessar viðmiðanir fyrir samþykki uppfylltar.
- 8) Í samræmi við 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 6. gr. þeirrar reglugerðar og í ljósi nýjustu vísinda- og tæknipækkingar, er þó nauðsynlegt að hafa tiltekin skilyrði og takmarkanir. Einkum er rétt að takmarka notkun plöntuverndarvara sem innihalda prósúlfúrón til að lágmarka váhrif á grunnvatn með því að fastsetja hámarksskammt sem nemur 20 g af virku efni á hektara, þriðja hvert ár á sama akur og að krefjast frekari upplýsinga til staðfestingar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjútíð. ESB L 58, 4.3.2017, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 174/2017 frá 22. september 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

⁽²⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjútíð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

⁽³⁾ Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjútíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1).

⁽⁴⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1141/2010 frá 7. desember 2010 þar sem mælt er fyrir um málsmeðferð við endurnýjun á færslu annars hóps virkra efna á skrá í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE og um að taka saman skrá yfir þessi efni (Stjútíð. ESB L 322, 8.12.2010, bls. 10).

⁽⁵⁾ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2014 12(9), 3815. Aðgengilegt á Netinu: www.efsa.europa.eu

- 9) Áhættumat vegna endurnýjunar á samþykki fyrir prósúlfúróni byggist á takmarkaðri dæmigerðri notkun sem takmarkar þó ekki þá notkun, sem leyfa má, á plöntuverndarvörum sem innihalda prósúlfúrón. Því er rétt að takmarka ekki notkunina við notkun sem illgresiseyðir.
- 10) Framkvæmdastjórnin telur þó að prósúlfúrón sé efni sem ráðgert sé að skipta út skv. 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009. Prósuulfurón er þrávirkt og eitruð efni í samræmi við liði 3.7.2.1 og 3.7.2.3 í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009 þar eð helmingunartíminn í ferskvatni er lengri en 40 dagar og styrkur sem hefur engin merkjanleg langtímaáhrif á lífverur í ferskvatni er undir 0,01 mg/L. Prósuulfurón uppfyllir því skilyrðin sem sett eru í öðrum undirlið 4. liðar í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009.
- 11) Því er rétt að endurnýja samþykkið fyrir prósuulfuróni sem efni sem ráðgert er að skipta út.
- 12) Í samræmi við 3. mgr. 20. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 4. mgr. 13. gr. sömu reglugerðar, ætti að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.
- 13) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/549 ⁽¹⁾ var samþykkistímabilið fyrir prósuulfurón framlengt svo unnt væri að ljúka endurnýjunarferlinu áður en samþykki fyrir efninu rynni út. Þar eð ákvörðun um endurnýjun var tekin fyrir framlengda lokadagsetningu ætti þessi reglugerð að gilda frá 1. maí 2017.
- 14) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Endurnýjun samþykkis fyrir virku efni sem efni sem ráðgert er að skipta út

Samþykki fyrir virka efninu prósuulfuróni, sem efni sem ráðgert er að skipta út, er endurnýjað eins og fram kemur í I. viðauka.

2. gr.

Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Gildistaka og dagurinn þegar reglugerðin kemur til framkvæmda

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. maí 2017.

⁽¹⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/549 frá 8. apríl 2016 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin bentasón, sýshalófopbútýl, díkvat, famoxadón, flúmíoxasín, DPX KE 459 (flúþýrsúlfúrón-metýl), metalaxýl-M, pikólínafen, prósuulfurón, pímetrósín, þíabendasól og þífensúlfurónmetýl (Stjútíð. ESB L 95, 9.4.2016, bls. 4).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 2. mars 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

I. VIÐAUKI

Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ⁽¹⁾	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
Prósúlfúrón CAS-nr. 94125-34-5 CIPAC-nr. 579	1-(4-metoxý-6-metýltríasín-2-ýl)-3-[2-(3,3,3-tríflúorprópýl)-fenýlsúlfónýl]-úrea	950 g/kg Óhreinindin 2-(3,3,3-tríflúorprópýl)-bensensúlfónamíð mega ekki vera meiri en 10 g/kg í tæknilega efninu	1. maí 2017	30. apríl 2024	A-HLUTI Takmarka skal notkunina við eitt skipti þriðja hvert ár á sama akur og hámarksskammturinn nema 20 g af virku efni á hektara. B-HLUTI Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðna í endurskoðunarskýrslunni um prósúlfúrón, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að: — vernd grunnvatns ef efnið er notað á svæðum sem eru viðkvæm að því er varðar jarðvegs- og/eða loftslagsskilyrði, — áhættu fyrir land- og vatnplöntur utan markhóps. Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á. Umsækjandinn skal leggja fram upplýsingar til staðfestingar varðandi hugsanleg erfðaeiturhrif umbrotsefnisins tríasínamíns (CGA150829) til að staðfesta að þetta umbrotsefni valdi ekki erfðaeiturhrifum og skipti ekki máli fyrir áhættumat. Umsækjandinn skal leggja þessar upplýsingar fyrir framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunina eigi síðar en 31. október 2017.

⁽¹⁾ Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

II. VIÐAUKI

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt sem hér segir:

- 1) Í A-hluta falli færsla 31 um prósúlfúrón brott.
- 2) Í E-hluta bætist eftirfarandi færsla við:

	Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki (*)	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
„6	Prósúlfúrón CAS-nr. 94125-34-5 CIPAC-nr. 579	1-(4-metoxý-6-metýltríasín-2-ýl)-3-[2-(3,3,3-tríflúorprópýl)-fenílsúlfónýl]-úrea	950 g/kg Óhreinindin 2-(3,3,3-tríflúorprópýl)-bensensúlfónamíð mega ekki vera meiri en 10 g/kg í tæknilega efninu.	1. maí 2017	30. apríl 2024	A-HLUTI Takmarka skal notkunina við eitt skipti þriðja hvert ár á sama akur og hámarksskammturinn nema 20 g af virku efni á hektara. B-HLUTI Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um prósúlfúrón, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að: — vernd grunnvatns ef efnið er notað á svæðum sem eru viðkvæm að því er varðar jarðvegs- og/eða loftslagsskilyrði, — áhættu fyrir land- og vatnaplöntur utan markhóps. Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á. Umsækjandinn skal leggja fram upplýsingar til staðfestingar varðandi hugsanleg erfðaeiturhrif umbrotsefnisins tríasínamíns (CGA150829) til að staðfesta að þetta umbrotsefni valdi ekki erfðaeiturhrifum og skipti ekki máli fyrir áhættumat. Umsækjandinn skal leggja þessar upplýsingar fyrir framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunina eigi síðar en 31. október 2017.“

(*) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2017/377**

2017/EES/67/21

frá 3. mars 2017

um að samþykkja ekki virka efnið *Pseudozyma flocculosa* af stofni ATCC 64874 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í samræmi við a-lið 1. mgr. 80. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 á tilskipun ráðsins 91/414/EBE ⁽²⁾ að gilda um virka efni sem ákvörðun hefur verið samþykkt um í samræmi við 3. mgr. 6. gr. þeirrar tilskipunar fyrir 14. júní 2011, að því er varðar málsmeðferð og skilyrði fyrir samþykki. Að því er varðar *Pseudozyma flocculosa* af stofni ATCC 64874 eru skilyrðin í a-lið 1. mgr. 80. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 uppfyllt með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/305/EB ⁽³⁾.
- 2) Í samræmi við 2. mgr. 6. gr. tilskipunar 91/414/EBE barst Hollandi (hér á eftir nefnt skýrslugjafaraðildarríkið) umsókn frá Maasmond-Westland 6. mars 2001 um færslu virka efnisins *Pseudozyma flocculosa* af stofni ATCC 64874 á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE. Staðfest var með ákvörðun 2002/305/EB að málskjölin væru fullnægjandi að því leyti að þau uppfylltu í aðalatriðum gagna- og upplýsingakröfurnar í II. og III. viðauka við tilskipun 91/414/EBE.
- 3) Áhrif þessa virka efnis á heilbrigði manna og dýra og á umhverfið hafa verið metin, í samræmi við ákvæði 2. og 4. mgr. 6. gr. tilskipunar 91/414/EBE, með tilliti til þeirrar notkunar sem umsækjandinn fyrirhugar. Tilnefnda skýrslugjafaraðildarríkið lagði fram drög að matsskýrslu 11. mars 2004.
- 4) Hinn 4. júní 2012 yfirtók Artechno SA ábyrgð Maasmond-Westland og í samræmi við 6. mgr. 11. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 188/2011 ⁽⁴⁾ var farið fram á viðbótarupplýsingar frá umsækjandanum.
- 5) Aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) endurskoðuðu drögin að matsskýrslunni. Matvælaöryggisstofnunin lagði niðurstöður sínar um áhættumatið á varnarefnum með virka efninu *Pseudozyma flocculosa* af stofni ATCC 64874 ⁽⁵⁾ fyrir framkvæmdastjórnina 22. september 2015. Matvælaöryggisstofnunin greindi fjölda eyðna í gögnum. Einkum var ekki unnt að komast að niðurstöðu varðandi áhættumat fyrir heilbrigði manna og lagarlífvera í tengslum við notkun á *Pseudozyma flocculosa* af stofni ATCC 64874.
- 6) Því var ekki unnt að komast að þeirri niðurstöðu á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga að *Pseudozyma flocculosa* af stofni ATCC 64874 uppfyllti viðmiðanirnar fyrir færslu á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE.
- 7) Framkvæmdastjórnin gaf umsækjandanum færi á að leggja fram athugasemdir sínar varðandi niðurstöðu Matvælaöryggisstofnunarinnar. Að auki, í samræmi við 9. gr. reglugerðar (ESB) nr. 188/2011, bauð framkvæmdastjórnin umsækjandanum að leggja fram athugasemdir varðandi drögin að endurskoðunarskýrslunni. Umsækjandinn lagði fram athugasemdir sínar sem hafa verið athugaðar vandlega.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stj. 2017, ESB L 58, 4.3.2017, bls. 11. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 174/2017 frá 22. september 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stj. 2009, ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

(2) Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stj. 1991, ESB L 230, 19.8.1991, bls. 1).

(3) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/305/EB frá 19. apríl 2002 um að viðurkenna í grundvallaratriðum heilleika málskjálanna sem lögð voru fram til nákvæmrar athugunar með tilliti til hugsanlegrar færslu klóbíanidíns og *Pseudozyma flocculosa* á skrá í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stj. 2002, ESB L 104, 20.4.2002, bls. 42).

(4) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 188/2011 frá 25. febrúar 2011 um nákvæmar reglur um framkvæmd tilskipunar ráðsins 91/414/EBE að því er varðar málsmeðferð fyrir matið á virkum efnem sem voru ekki á markaði tveimur árum eftir tilkynningardag tilskipunarinnar (Stj. 2011, ESB L 53, 26.2.2011, bls. 51).

(5) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2015 13(9), 4250 (32 bls.). Aðgengilegt á Netinu: www.efsa.europa.eu

- 8) Þrátt fyrir þau rök sem umsækjandinn setti fram var þó ekki hægt að eyða þeim áhyggjuefnum sem um getur í 5. forsendu. Af þessum sökum hefur ekki verið sýnt fram á að búast megi við því, við tillögð notkunarskilyrði, að plöntuverndarvörur sem innihalda *Pseudozyma flocculosa* af stofni ATCC 64874 uppfylli almennt þær kröfur sem mælt er fyrir um í a- og b-lið 1. mgr. 5. gr. tilskipunar 91/414/EBE.
- 9) Því ætti ekki að samþykkja *Pseudozyma flocculosa* af stofni ATCC 64874 skv. 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.
- 10) Í samræmi við b-lið 1. mgr. 8. gr. tilskipunar 91/414/EBE var aðildarríkjunum gert kleift að veita bráðabirgðaleyfi fyrir plöntuverndarvörur sem innihalda *Pseudozyma flocculosa* af stofni ATCC 64874 sem gildir í 3 ár til að byrja með.
- 11) Af þessum sökum ætti að afturkalla áður útgefin leyfi.
- 12) Gefa ætti aðildarríkjunum tíma til að afturkalla leyfi fyrir plöntuverndarvörur sem innihalda *Pseudozyma flocculosa* af stofni ATCC 64874.
- 13) Ef aðildarríki veita einhvern frest í samræmi við 46. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar plöntuverndarvörur sem innihalda *Pseudozyma flocculosa* af stofni ATCC 64874 ætti þessi frestur að renna út eigi síðar en 24. júní 2018.
- 14) Þessi reglugerð hefur ekki áhrif á framlagningu frekari umsókna fyrir *Pseudozyma flocculosa* af stofni ATCC 64874 í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.
- 15) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Virkt efni ekki samþykkt

Virka efnið *Pseudozyma flocculosa* af stofni ATCC 64874 er ekki samþykkt.

2. gr.

Umbreytingarráðstafanir

Aðildarríkin skulu afturkalla áður útgefin leyfi fyrir plöntuverndarvörur sem innihalda *Pseudozyma flocculosa* af stofni ATCC 64874 sem virkt efni eigi síðar en 24. júní 2017.

3. gr.

Frestir

Allir frestir, sem aðildarríki veita í samræmi við 46. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skulu vera eins stuttir og unnt er og skulu renna út eigi síðar en 24. júní 2018.

4. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 3. mars 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2017/406**

2017/EES/67/22

frá 8. mars 2017

um samþykki fyrir áhættulitla virka efninu vægu pepínómósaífkveirueinangri VX1, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ⁽¹⁾, einkum 1. mgr. 22. gr. í tengslum við 2. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í samræmi við 1. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 barst Hollandi (Niðurlandi) umsókn frá Valto BV 2. desember 2013 um samþykki fyrir virka efninu vægu pepínómósaífkveirueinangri VX1. Í samræmi við 3. mgr. 9. gr. þeirrar reglugerðar tilkynnti Holland (Niðurland), sem skýrslugjafaraðildarríki, umsækjandanum, hinum aðildarríkjunum, framkvæmdastjórninni og Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) um lögmati umsóknarinnar 30. júní 2014.
- 2) Hinn 10. nóvember 2015 lagði skýrslugjafaraðildarríkið drög að matsskýrslu fyrir framkvæmdastjórnina ásamt afriti fyrir Matvælaöryggisstofnunina þar sem metið er hvort búast megi við því að virka efnið uppfylli viðmiðanirnar fyrir samþykki sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.
- 3) Matvælaöryggisstofnunin uppfyllti ákvæði 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009. Í samræmi við 3. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 fór hún fram á að umsækjandinn legði fram viðbótarupplýsingar til aðildarríkjanna, framkvæmdastjórnarinnar og Matvælaöryggisstofnunarinnar. Mat skýrslugjafaraðildarríkisins á viðbótarupplýsingunum var lagt fyrir Matvælaöryggisstofnunina sem uppfærð drög að matsskýrslu 8. september 2016.
- 4) Matvælaöryggisstofnunin lagði niðurstöður sínar ⁽²⁾, að því er varðar hvort búast megi við að virka efnið vægt pepínómósaífkveirueinangur VX1 uppfylli viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, fyrir umsækjandann, aðildarríkin og framkvæmdastjórnina 18. nóvember 2016. Matvælaöryggisstofnunin gerði niðurstöður sínar aðgengilegar almenningi.
- 5) Hinn 6. desember 2016 lagði framkvæmdastjórnin fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður endurskoðunarskýrslu um vægt pepínómósaífkveirueinangur VX1 og drög að reglugerð þar sem kveðið er á um samþykki fyrir vægu pepínómósaífkveirueinangri VX1.
- 6) Umsækjandanum var gefinn kostur á því að leggja fram athugasemdir við endurskoðunarskýrsluna.
- 7) Staðfest hefur verið, að því er varðar eina dæmigerða notkun eða fleiri á a.m.k. einni plöntuverndarvöru sem inniheldur virka efnið, og einkum að því er varðar þá notkun sem var rannsökuð og er lýst í endurskoðunarskýrslunni, að viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, eru uppfylltar. Því teljast þessar viðmiðanir fyrir samþykki uppfylltar. Því er rétt að samþykkja vægt pepínómósaífkveirueinangur VX1.
- 8) Í samræmi við 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 6. gr. þeirrar reglugerðar og í ljósi nýjustu vísinda- og tæknipækkunar, er þó nauðsynlegt að hafa tiltekin skilyrði og takmarkanir.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtf. ESB L 63, 9.3.2017, bls. 83. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 174/2017 frá 22. september 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtf. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

⁽²⁾ EFSA (Matvælaöryggisstofnun Evrópu), 2017. „Conclusion on the peer review of the pesticide risk assessment of the active substance Mild Pepino mosaic virus isolate VX1.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2017 15(1), 4650 (16 bls.). doi: 10.2903/j.efsa.2017.4650.

- 9) Framkvæmdastjórnin telur enn fremur að vægt pepínómósafkveirueinangur VX1 sé áhættulítið virkt efni skv. 22. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009. Vægt pepínómósafkveirueinangur VX1 er ekki efni sem gefur tilefni til áhyggna og uppfyllir skilyrðin sem sett eru fram í 5. lið II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009. Vægt pepínómósafkveirueinangur VX1 er plöntuveirustofn sem kemur fyrir frá náttúrunnar hendi. Plöntuveira fjölgar sér ekki utan plöntufrumunnar, veiran er ekki með frumbyggingu og myndar ekki umbrotsefni. Hún veldur hvorki sjúkdómum í mönnum né dýrum. Búist er við að aukin vahrif á fólk, dýr og umhverfið vegna notkunarinnar sem hlotið hefur samþykki samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009 verði óveruleg í samanburði við náttúruleg vahrif.
- 10) Því er rétt að samþykkja vægt pepínómósafkveirueinangur VX1 sem áhættulítið efni. Í samræmi við 4. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 ætti að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ⁽¹⁾ til samræmis við það.
- 11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Samþykki fyrir virku efni

Virka efnið vægt pepínómósafkveirueinangur VX1, eins og það er tilgreint í I. viðauka, er samþykkt með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. mars 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

⁽¹⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjttð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

I. VIÐAUKI

Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ⁽¹⁾	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
Vægt pepínómósafkveirueinangur VX1 Tilvísunarnúmer DSM 26974 í þýsku safni örvera og frumuræktunar (Deutsche Sammlung von Mikroorganismen und Zellkulturen (DSMZ))	Á ekki við	Nikótín < 0,1 mg/L	29. mars 2017	29. mars 2032	<p>Einungis má leyfa að efnið sé notað í gróðurhúsum.</p> <p>Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um vægt pepínómósafkveirueinangur VX1, einkum í I. og II. viðbæti við hana.</p> <p>Í þessu heildarmati skulu aðildarrákin gefa sérstakan gaum að vernd notenda og starfsmanna, með hliðsjón af því að líta ber svo á að vægt pepínómósafkveirueinangur VX1, eins og allar örverur, kunni að vera næmandi. Í notkunarskýrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á.</p> <p>Meðan á framleiðsluferlinu stendur skal framleiðandinn tryggja algjöra stjórn á umhverfisaðstæðum og greiningu á gæðaeftirliti.</p>

⁽¹⁾ Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

II. VIÐAUKI

Í D-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 bætist eftirfarandi færsla við:

	Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki (*)	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
„9	Vægt pepínómósaífkveirueinangur VX1 Tilvísunarnúmer DSM 26974 í þýsku safni örvera og frumuræktunar (Deutsche Sammlung von Mikroorganismen und Zellkulturen (DSMZ))	Á ekki við	Nikótín < 0,1 mg/L	29. mars 2017	29. mars 2032	Einungis má leyfa að efnið sé notað í gróðurhúsum. Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um vægt pepínómósaífkveirueinangur VX1, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að vernd notenda og starfsmanna, með hliðsjón af því að líta ber svo á að vægt pepínómósaífkveirueinangur VX1, eins og allar örverur, kunni að vera næmandi. Í notkunarskýrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á. Meðan á framleiðsluferlinu stendur skal framleiðandinn tryggja algjöra stjórn á umhverfisaðstæðum og greiningu á gæðaeftirliti.“

(*) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2017/408**

2017/EES/67/23

frá 8. mars 2017

um samþykki fyrir áhættulitla virka efninu vægu pepínómósaífkveirueinangri VC1, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ⁽¹⁾, einkum 1. mgr. 22. gr. í tengslum við 2. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í samræmi við 1. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 barst Hollandi (Niðurlandi) umsókn frá Valto BV 2. desember 2013 um samþykki fyrir virka efninu vægu pepínómósaífkveirueinangri VC1. Í samræmi við 3. mgr. 9. gr. þeirrar reglugerðar tilkynnti Holland (Niðurland), sem skýrslugjafaraðildarríki, umsækjandanum, hinum aðildarríkjunum, framkvæmdastjórninni og Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) um lögmæti umsóknarinnar 30. júní 2014.
- 2) Hinn 10. nóvember 2015 lagði skýrslugjafaraðildarríkið drög að matsskýrslu fyrir framkvæmdastjórnina ásamt afriti fyrir Matvælaöryggisstofnunina þar sem metið er hvort búast megi við því að virka efnið uppfylli viðmiðanirnar fyrir samþykki sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.
- 3) Matvælaöryggisstofnunin uppfyllti ákvæði 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009. Í samræmi við 3. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 fór hún fram á að umsækjandinn legði fram viðbótarupplýsingar til aðildarríkjanna, framkvæmdastjórnarinnar og Matvælaöryggisstofnunarinnar. Mat skýrslugjafaraðildarríkisins á viðbótarupplýsingunum var lagt fyrir Matvælaöryggisstofnunina sem uppfærð drög að matsskýrslu 8. september 2016.
- 4) Matvælaöryggisstofnunin lagði niðurstöður sínar ⁽²⁾, að því er varðar hvort búast megi við að virka efnið vægt pepínómósaífkveirueinangur VC1 uppfylli viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, fyrir umsækjandann, aðildarríkin og framkvæmdastjórnina 18. nóvember 2016. Matvælaöryggisstofnunin gerði niðurstöður sínar aðgengilegar almenningi.
- 5) Hinn 6. desember 2016 lagði framkvæmdastjórnin fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður endurskoðunarskýrslu um vægt pepínómósaífkveirueinangur VC1 og drög að reglugerð þar sem kveðið er á um samþykki fyrir vægu pepínómósaífkveirueinangri VC1.
- 6) Umsækjandanum var gefinn kostur á því að leggja fram athugasemdir við endurskoðunarskýrsluna.
- 7) Staðfest hefur verið, að því er varðar eina dæmigerða notkun eða fleiri á a.m.k. einni plöntuverndarvöru sem inniheldur virka efnið, og einkum að því er varðar þá notkun sem var rannsökuð og er lýst í endurskoðunarskýrslunni, að viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, eru uppfylltar. Því teljast þessar viðmiðanir fyrir samþykki uppfylltar. Því er rétt að samþykkja vægt pepínómósaífkveirueinangur VC1.
- 8) Í samræmi við 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 6. gr. þeirrar reglugerðar og í ljósi nýjustu vísinda- og tæknipækkunar, er þó nauðsynlegt að hafa tiltekin skilyrði og takmarkanir.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 63, 9.3.2017, bls. 91. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 174/2017 frá 22. september 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

⁽²⁾ EFSA (Matvælaöryggisstofnun Evrópu), 2017. „Conclusion on the peer review of the pesticide risk assessment of the active substance Mild Pepino mosaic virus isolate VC1.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2017 15(1), 4651 (16 bls.). doi:10.2903/j.efsa.2017.4651.

- 9) Framkvæmdastjórnin telur enn fremur að vægt pepínómósafkveirueinangur VC1 sé áhættulítið virkt efni skv. 22. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009. Vægt pepínómósafkveirueinangur VC1 er ekki efni sem gefur tilefni til áhyggna og uppfyllir skilyrðin sem sett eru fram í 5. lið II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009. Vægt pepínómósafkveirueinangur VC1 er plöntuveirustofn sem kemur fyrir frá náttúrunnar hendi. Plöntuveira fjölgar sér ekki utan plöntufrumunnar, veiran er ekki með frumbyggingu og myndar ekki umbrotsefni. Hún veldur hvorki sjúkdómum í mönnum né dýrum. Búist er við að aukin váhrif á fólk, dýr og umhverfið vegna notkunarinnar sem hlotið hefur samþykki samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009 verði óveruleg í samanburði við náttúruleg váhrif.
- 10) Því er rétt að samþykkja vægt pepínómósafkveirueinangur VC1 sem áhættulítið efni. Í samræmi við 4. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 ætti að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ⁽¹⁾ til samræmis við það.
- 11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Samþykki fyrir virku efni

Virka efnið vægt pepínómósafkveirueinangur VC1, eins og það er tilgreint í I. viðauka, er samþykkt með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. mars 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

⁽¹⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

I. VIÐAUKI

Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki (¹)	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
Vægt pepínómósaíkvirueinangur VC1 Tilvísunarnúmer DSM 26973 í þýsku safni örvera og frumuræktunar (Deutsche Sammlung von Mikroorganismen und Zellkulturen (DSMZ))	Á ekki við	Nikótín < 0,1 mg/L	29. mars 2017	29. mars 2032	<p>Einungis má leyfa að efnið sé notað í gróðurhúsum.</p> <p>Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um vægt pepínómósaíkvirueinangur VC1, einkum í I. og II. viðbæti við hana.</p> <p>Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að vernd notenda og starfsmanna, með hliðsjón af því að líta ber svo á að vægt pepínómósaíkvirueinangur VC1, eins og allar örverur, kunni að vera næmandi. Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á.</p> <p>Meðan á framleiðsluferlinu stendur skal framleiðandinn tryggja algjöra stjórn á umhverfisaðstæðum og greiningu á gæðaeftirliti.</p>

(¹) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

II. VIÐAUKI

Í D-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 bætist eftirfarandi færsla við:

	Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki (*)	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
„8	Vægt pepínómósaífkveirueinangur VC1 Tilvísunarnúmer DSM 26973 í þýsku safni örvera og frumuræktunar (Deutsche Sammlung von Mikroorganismen und Zellkulturen (DSMZ))	Á ekki við	Nikótín < 0,1 mg/L	29. mars 2017	29. mars 2032	Einungis má leyfa að efnið sé notað í gróðurhúsum. Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um vægt pepínómósaífkveirueinangur VC1, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að vernd notenda og starfsmanna, með hliðsjón af því að líta ber svo á að vægt pepínómósaífkveirueinangur VC1, eins og allar örverur, kunni að vera næmandi. Í notkunarskýrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á. Meðan á framleiðsluferlinu stendur skal framleiðandinn tryggja algjöra stjórn á umhverfisaðstæðum og greiningu á gæðaeftirliti.“

(*) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2017/409**

2017/EES/67/23

frá 8. mars 2017

um samþykki fyrir grunnefninu vetnisperoxíði, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ⁽¹⁾, einkum 5. mgr. 23. gr. í tengslum við 2. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í samræmi við 3. mgr. 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 barst framkvæmdastjórninni umsókn frá Institut Technique de l'Agriculture Biologique (ITAB) 9. desember 2015 um samþykki fyrir vetnisperoxíði sem grunnefni. Umsókninni fylgdu upplýsingarnar sem krafist er samkvæmt annarri undirgrein 3. mgr. 23. gr.
- 2) Framkvæmdastjórnin bað Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) um vísindalega aðstoð. Matvælaöryggisstofnunin lagði tæknilega skýrslu sína um viðkomandi efni fyrir framkvæmdastjórnina 13. september 2016 ⁽²⁾. Hinn 6. desember 2016 lagði framkvæmdastjórnin endurskoðunarskýrslu ⁽³⁾ og drög að þessari reglugerð fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður og lauk við þau fyrir fund nefndarinnar 24. janúar 2017.
- 3) Gögnin sem umsækjandinn lagði fram sýna að vetnisperoxíð er samþykkt til notkunar sem virkt efni í sæfivörum í hreinlætisvörum fyrir menn með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1730 ⁽⁴⁾. Efnið er ekki að mestu notað í þeim tilgangi að verja plöntur en er samt sem áður gagnlegt við plöntuvernd í vöru sem samanstendur af efninu og vatni. Af þessum sökum skal það talið grunnefni.
- 4) Rannsóknir hafa leitt í ljós að gera má ráð fyrir að vetnisperoxíð uppfylli almennt kröfurnar sem mælt er fyrir um í 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, einkum að því er varðar þá notkun sem var rannsökuð og er lýst er í endurskoðunarskýrslu framkvæmdastjórnarinnar. Því er rétt að samþykkja vetnisperoxíð sem grunnefni.
- 5) Í samræmi við 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 6. gr. þeirrar reglugerðar og í ljósi nýjustu vísinda- og tæknipækkingar, er þó nauðsynlegt að setja tiltekin skilyrði fyrir samþykkinu sem eru tilgreind í I. viðauka við þessa reglugerð.
- 6) Í samræmi við 4. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 ætti að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ⁽⁵⁾ til samræmis við það.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 63, 9.3.2017, bls. 95. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 174/2017 frá 22. september 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

⁽²⁾ Matvælaöryggisstofnun Evrópu, 2016: Outcome of the consultation with Member States and EFSA on the basic substance application for hydrogen peroxide for use in plant protection as fungicide and bactericide in seed treatment and for disinfecting cutting tools. (Niðurstöður samráðs við aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnun Evrópu um umsókn vegna grunnefnisins vetnisperoxíðs til notkunar við plöntuvernd sem sveppaeýðir og bakteríueýðir við fræmedhöndlun og til að sóthreinsa skurðarverkfæri). EFSA supporting publication 2016:EN-1091. 39 bls.

⁽³⁾ <http://ec.europa.eu/food/plant/pesticides/eu-pesticides-database/public/?event=activesubstance.selection&language=EN>

⁽⁴⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1730 frá 28. september 2015 um að samþykkja vetnisperoxíð sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörum í vöruflökkum 1, 2, 3, 4, 5 og 6. (Stjttíð. ESB L 252, 29.9.2015, bls. 27).

⁽⁵⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjttíð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Samþykki fyrir grunnefni

Efnið vetnisperoxíð, eins og það er tilgreint í I. viðauka, er samþykkt sem grunnefni með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Ákvæðum framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. mars 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

I. VIÐAUKI

Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki (¹)	Dagsetning samþykkis	Sértæk ákvæði
Vetnisperoxíð CAS-nr. 7722-84-1	Vetnisperoxíð	Lausn í vatni (< 5%) Hreinleiki vetnisperoxíðsins, sem notað er til að framleiða lausnina, skal vera í samræmi við nákvæmar skilgreiningar sameiginlegrar sérfræðinganefndar Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna.	29. mars 2017	Nota skal vetnisperoxíð í samræmi við sértæku skilyrðin sem er að finna í niðurstöðum endurskoðunarskýrslunnar um vetnisperoxíð (SANTE/11900/2016), einkum í I. og II. viðbæti við hana.

(¹) Frekari upplýsingar um auðkenni grunnefnis, forskrift fyrir því og hvernig það er notað er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

II. VIÐAUKI

Í C-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 bætist eftirfarandi færsla við:

Númer	Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki (*)	Dagsetning samþykkis	Sértæk ákvæði
„15	Vetnisperoxíð CAS-nr. 7722-84-1	Vetnisperoxíð	Lausn í vatni (< 5%) Hreinleiki vetnisperoxíðsins, sem notað er til að framleiða lausnina, skal vera í samræmi við nákvæmar skilgreiningar sameiginlegrar sérfræðinganefndar Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna.	29. mars 2017	Nota skal vetnisperoxíð í samræmi við sértæku skilyrðin sem er að finna í niðurstöðum endurskoðunarskýrslunnar um vetnisperoxíð (SANTE/11900/2016), einkum í I. og II. viðbæti við hana.“

(*) Frekari upplýsingar um auðkenni grunnefnis, forskrift fyrir því og hvernig það er notað er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2017/419****2017/EES/67/25****frá 9. mars 2017**

um samþykki fyrir grunnefninu *Urtica* spp., í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ⁽¹⁾, einkum 5. mgr. 23. gr. í tengslum við 2. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í samræmi við 3. mgr. 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 barst framkvæmdastjórninni umsókn frá Institut Technique de l'Agriculture Biologique (ITAB) 18. ágúst 2015 um samþykki fyrir *Urtica* spp. sem grunnefni. Umsókninni fylgdu upplýsingarnar sem krafist er samkvæmt annarri undirgrein 3. mgr. 23. gr. Að auki barst framkvæmdastjórninni umsókn frá Myosotis 5. janúar 2016 um samþykki fyrir netlu sem grunnefni. Þar eð þessi umsókn varðar einnig *Urtica* spp., þó með annarri tillagðri notkun, gerði framkvæmdastjórnin sameiginlegt mat á báðum umsóknunum.
- 2) Framkvæmdastjórnin bað Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) um vísindalega aðstoð. Matvælaöryggisstofnunin lagði tæknilega skýrslu sína um viðkomandi efni fyrir framkvæmdastjórnina 28. júlí 2016 ⁽²⁾. Hinn 7. desember 2016 lagði framkvæmdastjórnin endurskoðunarskýrslu ⁽³⁾ og drög að þessari reglugerð fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður og lauk við þau fyrir fund nefndarinnar 24. janúar 2017.
- 3) Gögnin sem umsækjandinn lagði fram sýna að *Urtica* spp. uppfyllir viðmiðanirnar fyrir matvæli eins og þau eru skilgreind í 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 ⁽⁴⁾. Auk þess er efnið ekki að mestu notað í þeim tilgangi að verja plöntur en er samt sem áður gagnlegt við plöntuvernd í vöru sem samanstendur af efninu og vatni. Af þessum sökum skal það talið grunnefni.
- 4) Rannsóknir hafa leitt í ljós að gera má ráð fyrir að *Urtica* spp. uppfylli almennt kröfurnar sem mælt er fyrir um í 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, einkum að því er varðar þá notkun sem var rannsökuð og er lýst er í endurskoðunarskýrslu framkvæmdastjórnarinnar. Því er rétt að samþykkja *Urtica* spp. sem grunnefni.
- 5) Í samræmi við 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 6. gr. þeirrar reglugerðar og í ljósi nýjustu vísinda- og tækniþekkingar, er þó nauðsynlegt að setja tiltekin skilyrði fyrir samþykkinu sem eru tilgreind í I. viðauka við þessa reglugerð.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 64, 10.3.2017, bls. 4. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 174/2017 frá 22. september 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

⁽²⁾ Matvælaöryggisstofnun Evrópu, 2016. „Outcome of the consultation with Member States and EFSA on the basic substance applications for *Urtica* spp. for use in plant protection as insecticide, acaricide and fungicide.“ (Niðurstöður samráðs við aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnun Evrópu um umsóknir vegna grunnefnisins *Urtica* spp. til notkunar við plöntuvernd sem skordýraeitur, mítlasæfir og sveppaeyðir). EFSA supporting publication 2016:EN-1075. 72 bls.

⁽³⁾ <http://ec.europa.eu/food/plant/pesticides/eu-pesticides-database/public/?event=activesubstance.selection&language=EN>

⁽⁴⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla (Stjtið. EB L 31, 1.2.2002, bls. 1).

- 6) Í samræmi við 4. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 ætti að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ⁽¹⁾ til samræmis við það.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Samþykki fyrir grunnefni

Efnið *Urtica* spp., eins og það er tilgreint í I. viðauka, er samþykkt sem grunnefni með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Ákvæðum framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 9. mars 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

⁽¹⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjttð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

I. VIÐAUKI

Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ⁽¹⁾	Dagsetning samþykkis	Sértæk ákvæði
<i>Urtica</i> spp. CAS-nr. 84012-40-8 (útdráttur úr <i>Urtica dioica</i>) CAS-nr. 90131-83-2 (útdráttur úr <i>Urtica urens</i>)	<i>Urtica</i> spp.	Evrópska lyfjaskráin	30. mars 2017	Nota skal <i>Urtica</i> spp. í samræmi við sértæku skilyrðin sem er að finna í niðurstöðum endurskoðunarskýrslunnar um <i>Urtica</i> spp. (SANTE/11809/2016), einkum í I. og II. viðbæti við hana.

⁽¹⁾ Frekari upplýsingar um auðkenni grunnefnis, forskrift fyrir því og hvernig það er notað er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

II. VIÐAUKI

Í C-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 bætist eftirfarandi færsla við:

Númer	Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki (*)	Dagsetning samþykkis	Sértæk ákvæði
„14	<i>Urtica</i> spp. CAS-nr. 84012-40-8 (útdráttur úr <i>Urtica dioica</i>) CAS-nr. 90131-83-2 (útdráttur úr <i>Urtica urens</i>)	<i>Urtica</i> spp.	Evrópska lyfjaskráin	30. mars 2017	Nota skal <i>Urtica</i> spp. í samræmi við sértæku skilyrðin sem er að finna í niðurstöðum endurskoðunarskýrslunnar um <i>Urtica</i> spp. (SANTE/11809/2016), einkum í I. og II. viðbæti við hana.“

(*) Frekari upplýsingar um auðkenni grunnefnis, forskrift fyrir því og hvernig það er notað er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2017/428****2017/EES/67/26****frá 10. mars 2017**

um samþykki fyrir grunnefninu leiruðum viðarkolum, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ⁽¹⁾, einkum 5. mgr. 23. gr. í tengslum við 2. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í samræmi við 3. mgr. 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 barst framkvæmdastjórninni umsókn frá Ets Christian Callegari 18. maí 2015 um samþykki fyrir leiruðum viðarkolum sem grunnefni. Umsókninni fylgdu upplýsingarnar sem krafist er samkvæmt annarri undirgrein 3. mgr. 23. gr.
- 2) Framkvæmdastjórnin bað Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) um vísindalega aðstoð. Matvælaöryggisstofnunin lagði tæknilega skýrslu sína fyrir framkvæmdastjórnina 6. júlí 2016 ⁽²⁾. Hinn 7. október 2016 lagði framkvæmdastjórnin endurskoðunarskýrslu ⁽³⁾ og drög að þessari reglugerð fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður og lauk við þau fyrir fund nefndarinnar 24. janúar 2017.
- 3) Skjölín sem umsækjandinn lagði fram sýna að leiruð viðarkol búa ekki yfir þeim eðliseiginleika að valda innkirtlatrúflunum, taugaeiturhrifum eða ónæmiseitrandi áhrifum og eru ekki heldur efni sem gefur tilefni til áhyggna. Auk þess er efnið hvorki sett á markað sem plöntuverndarvara né er það að mestu notað í þeim tilgangi að verja plöntur en er samt sem áður gagnlegt við plöntuvernd í vöru sem samanstendur af efninu og vatni. Af þessum sökum skal það talið grunnefni. Leiruð viðarkol eru blanda af viðarkolum, eins og þau eru skilgreind í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 ⁽⁴⁾, og bentóníti, eins og það er skilgreint í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1060/2013 ⁽⁵⁾, í formi kyrnis.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 66, 11.3.2017, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 174/2017 frá 22. september 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

⁽²⁾ EFSA (Matvælaöryggisstofnun Evrópu), 2016. Technical report on the outcome of the consultation with Member States and EFSA on the basic substance application for clayed charcoal for use in plant protection as a protectant in grapevines. (Tæknileg skýrsla um niðurstöður samráðs við aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnun Evrópu um umsókn vegna grunnefnisins leiraðra viðarkola til notkunar við plöntuvernd sem varnarefni á vínvið). EFSA supporting publication 2016:13(7):EN-1061. 28 bls.

⁽³⁾ <http://ec.europa.eu/food/plant/pesticides/eu-pesticides-database/public/?event=activesubstance.selection&language=EN>

⁽⁴⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 frá 9. mars 2012 um nákvæmar skilgreiningar á aukefnum í matvælum sem eru tilgreind í II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 (Stjtið. ESB L 83, 22.3.2012, bls. 1).

⁽⁵⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1060/2013 frá 29. október 2013 um leyfi fyrir bentóníti sem fóðuruafefni fyrir allar dýrategundir (Stjtið. ESB L 289, 31.10.2013, bls. 33).

- 4) Rannsóknir hafa leitt í ljós að gera má ráð fyrir að leiruð viðarkol uppfylli almennt kröfurnar sem mælt er fyrir um í 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, einkum að því er varðar þá notkun sem var rannsökuð og er lýst í endurskoðunarskýrslu framkvæmdastjórnarinnar. Því er rétt að samþykkja leiruð viðarkol sem grunnefni.
- 5) Í samræmi við 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 6. gr. þeirrar reglugerðar og í ljósi nýjustu vísinda- og tæknipækkingar, er þó nauðsynlegt að setja tiltekin skilyrði fyrir samþykkinu sem eru tilgreind í I. viðauka við þessa reglugerð.
- 6) Í samræmi við 4. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 ætti að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ⁽¹⁾ til samræmis við það.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Samþykki fyrir grunnefni

Efnið leiruð viðarkol, eins og það er tilgreint í I. viðauka, er samþykkt sem grunnefni með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Ákvæðum framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 10. mars 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

⁽¹⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjttð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

I. VIÐAUKI

Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ⁽¹⁾	Dagsetning samþykkis	Sértæk ákvæði
Leiruð viðarkol CAS-nr. 7440-44-0 231-153-3 (Einecs) (virk viðarkol) CAS-nr. 1333-86-4 215-609-9 (Einecs) (kinrok) CAS-nr. 1302-78-9 215-108-5 (Einecs) (bentónít)	Ekki fyrir hendi.	Viðarkol: Hreinleiki sem krafist er samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 231/2012 Bentónít: Hreinleiki sem krafist er samkvæmt framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1060/2013	31. mars 2017	Nota skal leiruð viðarkol í samræmi við sértæku skilyrðin sem er að finna í niðurstöðum endurskoðunarskýrslunnar um leiruð viðarkol (SANTE/11267/2016), einkum í I. og II. viðbæti við hana.“

⁽¹⁾ Frekari upplýsingar um auðkenni grunnefnis, forskrift fyrir því og hvernig það er notað er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

II. VIÐAUKI

Í C-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 bætist eftirfarandi færsla við:

„13	Leiruð viðarkol CAS-nr. 7440-44-0 231-153-3 (Einecs) (virk viðarkol) CAS-nr. 1333-86-4 215-609-9 (Einecs) (kinrok) CAS-nr. 1302-78-9 215-108-5 (Einecs) (bentónít)	Ekki fyrir hendi.	Viðarkol: Hreinleiki sem krafist er samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 231/2012 (*) Bentónít: Hreinleiki sem krafist er samkvæmt framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1060/2013 (**)	31. mars 2017	Nota skal leiruð viðarkol í samræmi við sértæku skilyrðin sem er að finna í niðurstöðum endurskoðunarskýrslunnar um leiruð viðarkol (SANTE/11267/2016), einkum í I. og II. viðbæti við hana.“
-----	--	-------------------	---	---------------	---

(*) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 frá 9. mars 2012 um nákvæmar skilgreiningar á aukefnum í matvælum sem eru tilgreind í II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 (Stjtið. ESB L 83, 22.3.2012, bls. 1).

(**) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1060/2013 frá 29. október 2013 um leyfi fyrir bentóníti sem fôðuraukefni fyrir allar dýrategundir (Stjtið. ESB L 289, 31.10.2013, bls. 33).“

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2017/438**

2017/EES/67/27

frá 13. mars 2017

**um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar skilyrði fyrir samþykki fyrir virka efninu
abamektíni (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 13. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Virka efninu abamektíni var bætt við sem virku efni í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE ⁽²⁾ með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/107/EB ⁽³⁾ til notkunar sem mítlæyðir og sem skordýraeyðir. Virk efni sem eru á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE teljast samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009 og eru skráð í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ⁽⁴⁾.
- 2) Í samræmi við 1. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 lagði Syngenta Crop Protection AG, framleiðandi virka efnisins, umsókn fyrir tilnefnda skýrslugjafaraðildarríkið Holland 29. ágúst 2013 um breytingu á skilyrðunum fyrir samþykki fyrir abamektíni til að leyfa notkun þess sem þráðormaeýðir. Í samræmi við 3. mgr. 9. gr. þeirrar reglugerðar tilkynnti Holland umsækjandanum, hinum aðildarríkjunum, Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) og framkvæmdastjórninni 18. mars 2014 að umsóknin væri lögmæt.
- 3) Tilnefnt skýrslugjafaraðildarríki lagði mat á nýja notkun virka efnisins abamektíns í tengslum við hugsanleg áhrif á heilbrigði manna og dýra og á umhverfið, í samræmi við ákvæði 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, og lagði drög að matsskýrslu fyrir framkvæmdastjórnina og Matvælaöryggisstofnunina 14. apríl 2015. Í samræmi við 3. mgr. 12. gr. þeirrar reglugerðar var farið fram á viðbótarupplýsingar frá umsækjandanum. Holland lagði mat á viðbótarupplýsingarnar og lagði uppfærð drög að matsskýrslu fyrir framkvæmdastjórnina og Matvælaöryggisstofnunina 15. febrúar 2016.
- 4) Matvælaöryggisstofnunin lagði niðurstöður sínar ⁽⁵⁾, að því er varðar hvort búast megi við að nýja notkunin á virka efninu abamektíni uppfylli viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, fyrir framkvæmdastjórnina 29. apríl 2016. Framkvæmdastjórnin lagði drög að viðbót við endurskoðunarskýrsluna um abamektín og drög að reglugerð fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður 7. desember 2016.
- 5) Umsækjanda var boðið að leggja fram athugasemdir við endurskoðunarskýrsluna.
- 6) Staðfest hefur verið, að því er varðar eina dæmigerða notkun eða fleiri á a.m.k. einni plöntuverndarvöru sem inniheldur virka efnið, að viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, eru uppfylltar ef plöntuverndarvaran er notuð sem þráðormaeýðir. Því er rétt að heimila notkun virka efnisins abamektíns sem þráðormaeýðir.
- 7) Í samræmi við 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 6. gr. þeirrar reglugerðar og í ljósi nýjustu vísinda- og tæknipækkingar, er nauðsynlegt og viðeigandi að veita samþykki, með fyrirvara um tiltekin skilyrði, og að krefjast þess að umsækjandinn leggi fram frekari upplýsingar til staðfestingar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 67, 14.3.2017, bls. 67. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 174/2017 frá 22. september 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjtið. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

(2) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/107/EB frá 25. nóvember 2008 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við virku efnunum abamektíni, epoxíkónasóli, fenprópímorfi, fenpýroxímati og tralkoxýdími (Stjtið ESB L 316, 26.11.2008, bls. 4).

(3) Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjtið. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1).

(4) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtið. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

(5) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2014 12(5), 3692. Aðgengilegt á Netinu: www.efsa.europa.eu

- 8) Í samþykki fyrir abamektíni var kveðið á um að leggja yrði fram upplýsingar til staðfestingar innan tveggja ára frá gildistöku tilskipunar 2008/107/EB. Umsækjandinn, sem lagði fram beiðni um að abamektín yrði samþykkt, lagði fram umbeðnar upplýsingar sem Holland lagði mat á. Örugg notkun var staðfest fyrir upprunalega samþykkið. Þar með er þessu máli lokið og engin þörf eru á að viðhalda þessu ákvæði.
- 9) Því ætti að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.
- 10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. mars 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Í stað dálksins „Sértæk ákvæði“ í 210. línu, abamektín, í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 komi eftirfarandi:

„A-HLUTI

Einungis má leyfa að efnið sé notað sem skordýraeyðir, mítlaeyðir og þráðormeyðir.

B-HLUTI

Þegar aðildarríki meta umsóknir um leyfi fyrir plöntuverndarvörum sem innihalda abamektín, til annarrar notkunar en á sítrusávexti, salat og tómata, skulu þau gefa sérstakan gaum að viðmiðununum í 3. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 og tryggja að öll nauðsynleg gögn og upplýsingar liggi fyrir áður en slíkt leyfi er veitt.

Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um abamektín, einkum í I. og II. viðbæti við hana, í lokagerð fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra frá 11. júlí 2008 og í viðbótinni við endurskoðunarskýrsluna um abamektín, einkum í I. og II. viðbæti við hana, í lokagerð fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður frá 24. janúar 2017.

Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að:

- öryggi notenda og tryggja að í notkunarskilyrðunum sé mælt fyrir um notkun fullnægjandi persónuhlífa,
- efnaleifum í matvælum úr jurtum og meta fæðutengd váhrif á neytendur,
- vernd býflugna, liðdýra utan markhóps, jarðvegslífvera, fugla, spendýra og lagarlífvera. Beita skal ráðstöfunum til að draga úr áhættu í tengslum við þessa greindu áhættu, s.s. með varðbeltum og biðtíma, eftir því sem við á.

Umsækjandinn skal leggja fyrir framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunina upplýsingar til staðfestingar að því er varðar áhrif vatnsmeðhöndlunarferla á eiginleika leifa í drykkjarvatni innan tveggja ára eftir samþykki á leiðbeiningarskjali vegna mats á áhrifum vatnsmeðhöndlunarferla á eiginleika leifa í yfirborðs- og grunnvatni.“

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2017/725****2017/EES/67/28****frá 24. apríl 2017**

um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu mesótríóni, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ⁽¹⁾, einkum 1. mgr. 20. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Mesótríóni var bætt við sem virku efni í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE ⁽²⁾ með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/68/EB ⁽³⁾.
- 2) Virk efni sem eru á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE teljast samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009 og eru skráð í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ⁽⁴⁾.
- 3) Samþykkið fyrir virka efninu mesótríóni, eins og fram kemur í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011, rennur út 31. júlí 2017.
- 4) Umsókn um endurnýjun á samþykki fyrir mesótríóni var lögð fram í samræmi við 1. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 ⁽⁵⁾ innan þeirra tímamarka sem kveðið er á um í þeirri grein.
- 5) Umsækjandinn lagði fram viðbótarmálsskjölin sem krafist er í samræmi við 6. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012. Skýrslugjafaraðildarríkið taldi að umsóknin væri fullgerð.
- 6) Skýrslugjafaraðildarríkið tók saman matsskýrslu um endurnýjun í samráði við meðskýrslugjafaraðildarríkið og lagði hana fyrir Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) og framkvæmdastjórnina 23. febrúar 2015.
- 7) Matvælaöryggisstofnunin sendi matsskýrsluna um endurnýjun til umsækjandans og aðildarríkjanna til að fá athugasemdir þeirra og sendi mótteknar athugasemdir áfram til framkvæmdastjórnarinnar. Matvælaöryggisstofnunin gerði samantektina úr viðbótarmálsskjölunum einnig aðgengilega almenningi.
- 8) Matvælaöryggisstofnunin lagði niðurstöður sínar, að því er varðar hvort búast megi við að mesótríón uppfylli viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, fyrir framkvæmdastjórnina 7. mars 2016 ⁽⁶⁾. Framkvæmdastjórnin lagði drögin að endurnýjunarskýrslunni um mesótríón fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður 6. desember 2016.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 107, 25.4.2017, bls. 24. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 175/2017 frá 22. september 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

⁽²⁾ Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/68/EB frá 11. júlí 2003 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við virku efnunum trifloxýstróbíni, karfentrasónetylí, mesótríóni, fenamídoni og ísoxaflútóli (Stjtið ESB L 177, 16.7.2003, bls. 12).

⁽³⁾ Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjtið. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1).

⁽⁴⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtið. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

⁽⁵⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 frá 18. september 2012 um ákvæði sem eru nauðsynleg til að koma málsmeðferð við endurnýjun í framkvæmd að því er varðar virk efni eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjtið. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 26).

⁽⁶⁾ EFSA (Matvælaöryggisstofnun Evrópu), 2016. „Conclusion on the peer review of the pesticide risk assessment of the active substance mesotrione.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2016, 14(3), 4419, (103. bls.) doi: 10.2903/j.efsa.2016.4419. Aðgengilegt á Netinu: <http://www.efsa.europa.eu>

- 9) Staðfest hefur verið, að því er varðar eina dæmigerða notkun eða fleiri á a.m.k. einni plöntuverndarvöru sem inniheldur mesótríón, að viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, eru uppfylltar. Því er rétt að endurnýja samþykkið fyrir mesótríóni.
- 10) Áhættumat vegna endurnýjunar á samþykki fyrir mesótríóni byggist á takmarkaðri dæmigerðri notkun sem takmarkar þó ekki þá notkun, sem leyfa má, á plöntuverndarvörum sem innihalda mesótríón. Því er rétt að takmarka ekki notkunina við notkun sem illgresiseyðir.
- 11) Í samræmi við 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 6. gr. þeirrar reglugerðar og í ljósi nýjustu vísinda- og tækniþekkingar, er þó nauðsynlegt að hafa tiltekin skilyrði og takmarkanir. Einkum er rétt að krefjast frekari upplýsinga til staðfestingar.
- 12) Í samræmi við 3. mgr. 20. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 4. mgr. 13. gr. sömu reglugerðar, ætti að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.
- 13) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/950 ⁽¹⁾ var samþykkistímabilið fyrir mesótríón framlengt til 31. júlí 2017 svo unnt væri að ljúka endurnýjunarferlinu áður en samþykki fyrir efninu rynni út. Þar eð ákvörðun um endurnýjun var tekin fyrir þessa framlengdu lokadagsetningu skal þessi reglugerð gilda frá 1. júní 2017.
- 14) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Endurnýjun á samþykki fyrir virku efni

Samþykkið fyrir virka efninu mesótríóni, eins og það er tilgreint í I. viðauka, er endurnýjað með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Gildistaka og dagurinn þegar reglugerðin kemur til framkvæmda

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. júní 2017.

⁽¹⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/950 frá 15. júní 2016 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin 2,4-DB, betasýflútrín, karfentrasónetyl, *Coniothyrium minitans* af stofni CON/M/91-08 (DSM 9660), sýasófamíð, deltametrín, dímetenamíð-P, etófúmesat, fenamíðón, flúfenaset, flúrtamón, foramsúlfúrón, fosfásat, ímasamox, jodsúlfúrón, ípródíón, ísoxaflítól, línúrón, malínhýdrasíð, mesótríón, oxasúlfúrón, pendímetalín, píkxóstróbín, silþíófam og trifloxýstróbín (Stjtið. ESB L 159, 16.6.2016, bls. 3).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. apríl 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

I. VIÐAUKI

Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ⁽¹⁾	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
Mesótríón CAS-nr. 104206-82-8 CIPAC-nr. 625	Mesótríón 2-(4-mesýl-2-nítró- bensóýl) sýklóhexan -1,3-díón	≥ 920 g/kg R287431: að hámarki 2 mg/kg R287432: að hámarki 2 g/kg 1,2-díklóretan: að hámarki 1 g/kg	1. júní 2017	31. maí 2032	<p>Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurnýjunarskýrslunni um mesótríón, einkum í I. og II. viðbæti við hana.</p> <p>Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að:</p> <ul style="list-style-type: none"> — vernd notenda, — vernd grunnvatns á viðkvæmum svæðum, — vernd spendýra, vatnplantna og plantna utan markhóps. <p>Í notkunarskýrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á.</p> <p>Umsækjandinn skal leggja fram upplýsingar til staðfestingar á:</p> <ol style="list-style-type: none"> 1. erfðaeitureiginleikum umbrotsefnisins AMBA, 2. hugsanlegum innkirtlatruflandi verkunarhætti virka efnisins samkvæmt 2. og 3. þreps prófunum, eins og tilgreint er sem stendur í hugtakaramma Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD 2012) og greint í vísindalegu álitni Matvælaöryggisstofnunar Evrópu um hættumat á innkirtlatruflandi efnunum, 3. áhrifum vatnsmeðhöndlunarferla á eiginleika leifa í yfirborðs- og grunnvatni þegar yfirborðsvatn eða grunnvatn er notað til töku drykkjarvatns. <p>Umsækjandinn skal leggja fyrir framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunina viðkomandi upplýsingar sem farið er fram á skv. 1. lið eigi síðar en 1. júlí 2017 og viðkomandi upplýsingar sem farið er fram á skv. 2. lið eigi síðar en 31. desember 2017. Umsækjandinn skal leggja fyrir framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunina upplýsingarnar til staðfestingar sem farið er fram á skv. 3. lið innan tveggja ára eftir að framkvæmdastjórnin hefur birt opinberlega leiðbeiningarskjal vegna mats á áhrifum vatnsmeðhöndlunarferla á eiginleika leifa í yfirborðs- og grunnvatni.</p>

⁽¹⁾ Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

II. VIÐAUKI

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt sem hér segir:

- 1) Í A-hluta falli færsla 61 um mesótríón brott.
- 2) Í B-hluta bætist eftirfarandi færsla við:

„112	Mesótríón CAS-nr. 104206-82-8 CIPAC-nr. 625	Mesótríón 2-(4-mesýl-2-nítró- bensóyl) sýklóhex- an -1,3-díón	≥ 920 g/kg R287431: að hámarki 2 mg/kg R287432: að hámarki 2 g/kg 1,2-díklóretan: að hámarki 1 g/kg	1. júní 2017	31. maí 2032	<p>Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurnýjunarskýrslunni um mesótríón, einkum í I. og II. viðbæti við hana.</p> <p>Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að:</p> <ul style="list-style-type: none"> — vernd notenda, — vernd grunnvatns á viðkvæmum svæðum, — vernd spendýra, vatnaplantna og plantna utan markhóps. <p>Í notkunarskýrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á.</p> <p>Umsækjandinn skal leggja fram upplýsingar til staðfestingar á:</p> <ol style="list-style-type: none"> 1. erfðaeitureiginleikum umbrotsefnisins AMBA, 2. hugsanlegum innkirtlatruflandi verkunarhætti virka efnisins samkvæmt 2. og 3. þreps prófunum, eins og tilgreint er sem stendur í hugtakaramma Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD 2012) og greint í vísindalegu álit Matvælaöryggisstofnunar Evrópu um hættumat á innkirtlatruflandi efnunum, 3. áhrifum vatnsmeðhöndlunarferla á eiginleika leifa í yfirborðs- og grunnvatni þegar yfirborðsvatn eða grunnvatn er notað til tóku drykkjarvatns. <p>Umsækjandinn skal leggja fyrir framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunina viðkomandi upplýsingar sem farið er fram á skv. 1. lið eigi síðar en 1. júlí 2017 og viðkomandi upplýsingar sem farið er fram á skv. 2. lið eigi síðar en 31. desember 2017. Umsækjandinn skal leggja fyrir framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunina upplýsingarnar til staðfestingar sem farið er fram á skv. 3. lið innan tveggja ára eftir að framkvæmdastjórnin hefur birt opinberlega leiðbeiningarskjal vegna mats á áhrifum vatnsmeðhöndlunarferla á eiginleika leifa í yfirborðs- og grunnvatni.“</p>
------	---	--	---	--------------	--------------	--

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2017/753**

2017/EES/67/29

frá 28. apríl 2017

um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu sýhalófpóbútyli, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ⁽¹⁾, einkum 1. mgr. 20. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Sýhalófpóbútyli var bætt við sem virku efni í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE ⁽²⁾ með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/64/EB ⁽³⁾.
- 2) Virk efni sem eru á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE teljast samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009 og eru skráð í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ⁽⁴⁾.
- 3) Samþykkið fyrir virka efninu sýhalófpóbútyli, eins og fram kemur í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011, rennur út 30. júní 2017.
- 4) Umsókn um endurnýjun á skráningu sýhalófpóbútyls í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE var lögð fram í samræmi við 4. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1141/2010 ⁽⁵⁾ innan þeirra tímamarka sem kveðið er á um í þeirri grein.
- 5) Umsækjandinn lagði fram viðbótarmálsskjölin sem krafist er í samræmi við 9. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1141/2010. Skýrslugjafaraðildarríkið taldi að umsóknin væri fullgerð.
- 6) Skýrslugjafaraðildarríkið tók saman matsskýrslu um endurnýjun í samráði við meðskýrslugjafaraðildarríkið og lagði hana fyrir Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) og framkvæmdastjórnina 18. október 2013.
- 7) Matvælaöryggisstofnunin sendi matsskýrsluna um endurnýjun til umsækjandans og aðildarríkjanna til að fá athugasemdir þeirra og sendi mótteknar athugasemdir áfram til framkvæmdastjórnarinnar. Matvælaöryggisstofnunin gerði samantektina úr viðbótarmálsskjölunum einnig aðgengilega almenningi.
- 8) Matvælaöryggisstofnunin lagði niðurstöður sínar, að því er varðar hvort búast megi við að sýhalófpóbútyl uppfylli viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, fyrir framkvæmdastjórnina 9. desember 2014 ⁽⁶⁾. Framkvæmdastjórnin lagði drögin að endurskoðunarskýrslunni um sýhalófpóbútyl fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður 28. maí 2015.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 113, 29.4.2017, bls. 24. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 175/2017 frá 22. september 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

⁽²⁾ Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/64/EB frá 15. júlí 2002 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við virku efnunum sínídonetyli, sýalófpóbútyli, famoxadoni, flórasúlamí, metalaxýli-M og píkolínafeni (Stjtið. EB L 189, 18.7.2002, bls. 27).

⁽³⁾ Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjtið. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1).

⁽⁴⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtið. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

⁽⁵⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1141/2010 frá 7. desember 2010 þar sem mælt er fyrir um málsmeðferð við endurnýjun á færslu annars hóps virkra efna á skrá í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE og um að taka saman skrá yfir þessi efni (Stjtið. ESB L 322, 8.12.2010, bls. 10).

⁽⁶⁾ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2014 12(1), 3943. Aðgengilegt á Netinu: www.efsa.europa.eu

- 9) Staðfest hefur verið, að því er varðar eina dæmigerða notkun eða fleiri á a.m.k. einni plöntuverndarvöru sem inniheldur virka efnið, að viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, eru uppfylltar. Því teljast þessar viðmiðanir fyrir samþykki uppfylltar.
- 10) Því er rétt að endurnýja samþykkið fyrir sýhalófópbútyli.
- 11) Áhættumat vegna endurnýjunar á samþykki fyrir sýhalófópbútyli byggist á takmarkaðri dæmigerðri notkun sem takmarkar þó ekki þá notkun, sem leyfa má, á plöntuverndarvörum sem innihalda sýhalófópbútyl. Því er rétt að takmarka ekki notkunina við notkun sem illgresiseyðir.
- 12) Í samræmi við 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 6. gr. þeirrar reglugerðar og í ljósi nýjustu vísinda- og tækniþekkingar, er þó nauðsynlegt að hafa tiltekin skilyrði.
- 13) Í samræmi við 3. mgr. 20. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 4. mgr. 13. gr. sömu reglugerðar, ætti að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.
- 14) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Endurnýjun á samþykki fyrir virku efni

Samþykkið fyrir virka efninu sýhalófópbútyli, eins og það er tilgreint í I. viðauka, er endurnýjað með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Gildistaka og dagurinn þegar reglugerðin kemur til framkvæmda

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. júlí 2017.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 28. apríl 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

I. VIÐAUKI

Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ⁽¹⁾	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
Sýhalófópbútýl CAS-nr. 122008-85-9 CIPAC-nr. 596	bútýl-(R)-2-[4-(4-sýanó-2-flúorfenoxý)fenoxý]-própiónat	950 g/kg	1. júlí 2017	30. júní 2032	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðna í endurskoðunarskýrslunni um sýhalófópbútýl, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að: — vernd notenda, — tækniforskriftinni, — vernd landplantna sem eru utan markhóps. Í notkunarskýrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á.

⁽¹⁾ Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

II. VIÐAUKI

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt sem hér segir:

- 1) Í A-hluta falli færsla 34 um sýhalófópbútýl brott.
- 2) Í B-hluta bætist eftirfarandi færsla við:

„113	Sýhalófópbútýl CAS-nr. 122008-85-9 CIPAC-nr. 596	bútýl-(<i>R</i>)-2-[4-(4-sýanó-2- flúorfenoxý)fenoxý]- própiónat	950 g/kg	1. júlí 2017	30. júní 2032	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um sýhalófópbútýl, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að: — vernd notenda, — tækniforskriftinni, — vernd landplantna sem eru utan markhóps. Í notkunarskýrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á.“
------	--	--	----------	--------------	---------------	--

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2017/755****2017/EES/67/30****frá 28. apríl 2017**

um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu mesósúlfúróni, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ⁽¹⁾, einkum 1. mgr. 20. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Mesósúlfúróni var bætt við sem virku efni í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE ⁽²⁾ með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/119/EB ⁽³⁾.
- 2) Virk efni sem eru á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE teljast samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009 og eru skráð í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ⁽⁴⁾.
- 3) Samþykkið fyrir virka efninu mesósúlfúróni, eins og fram kemur í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011, rennur út 31. janúar 2018.
- 4) Umsókn um endurnýjun á samþykki fyrir mesósúlfúróni var lögð fram í samræmi við 1. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 ⁽⁵⁾ innan þeirra tímamarka sem kveðið er á um í þeirri grein.
- 5) Umsækjandinn lagði fram viðbótarmálsskjölin sem krafist er í samræmi við 6. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012. Skýrslugjafaraðildarríkið taldi að umsóknin væri fullgerð.
- 6) Skýrslugjafaraðildarríkið tók saman matsskýrslu um endurnýjun í samráði við meðskýrslugjafaraðildarríkið og lagði hana fyrir Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) og framkvæmdastjórnina 5. október 2015.
- 7) Matvælaöryggisstofnunin sendi matsskýrsluna um endurnýjun til umsækjandans og aðildarríkjanna til að fá athugasemdir þeirra og sendi mótteknar athugasemdir áfram til framkvæmdastjórnarinnar. Matvælaöryggisstofnunin gerði samantektina úr viðbótarmálsskjölunum einnig aðgengilega almenningi.
- 8) Matvælaöryggisstofnunin lagði niðurstöður sínar, að því er varðar hvort búast megi við að mesósúlfúróni (afbrigði til umfjöllunar: mesósúlfúrónmetyl) uppfylli viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, fyrir framkvæmdastjórnina 22. september 2016 ⁽⁶⁾. Framkvæmdastjórnin lagði drögin að endurnýjunarskýrslunni um mesósúlfúrónmetyl fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður 6. desember 2016.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 113, 29.4.2017, bls. 35. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 175/2017 frá 22. september 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

⁽²⁾ Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/119/EB frá 5. desember 2003 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við virku efnunum mesósúlfúróni, própoxýkarbasoni og soxamíði (Stjtið ESB L 325, 12.12.2003, bls. 41).

⁽³⁾ Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjtið. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1).

⁽⁴⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtið. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

⁽⁵⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 frá 18. september 2012 um ákvæði sem eru nauðsynleg til að koma málsmeðferð við endurnýjun í framkvæmd að því er varðar virk efni eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjtið. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 26).

⁽⁶⁾ EFSA (Matvælaöryggisstofnun Evrópu), 2016. „Conclusion on the peer review of the pesticide risk assessment of the active substance mesosulfuron (variant evaluated mesosulfuron-methyl)“. *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2016, 14(10), 4584, (26. bls.) doi:10.2903/j.efsa.2016.4584. Aðgengilegt á Netinu: <http://www.efsa.europa.eu>

- 9) Staðfest hefur verið, að því er varðar eina dæmigerða notkun eða fleiri á a.m.k. einni plöntuverndarvöru sem inniheldur virka efnið, að viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, eru uppfylltar.
- 10) Því er rétt að endurnýja samþykkið fyrir mesósúlfúróni.
- 11) Áhættumat vegna endurnýjunar á samþykki fyrir mesósúlfúróni byggist á takmarkaðri dæmigerðri notkun sem takmarkar þó ekki þá notkun, sem leyfa má, á plöntuverndarvörum sem innihalda mesósúlfúrón. Því er rétt að takmarka ekki notkunina við notkun sem illgresiseyðir.
- 12) Í samræmi við 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 6. gr. þeirrar reglugerðar og í ljósi nýjustu vísinda- og tækniþekkingar, er þó nauðsynlegt að hafa tiltekin skilyrði og takmarkanir. Einkum er rétt að krefjast frekari upplýsinga til staðfestingar.
- 13) Í samræmi við 3. mgr. 20. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 4. mgr. 13. gr. sömu reglugerðar, ætti að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.
- 14) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2016 ⁽¹⁾ var samþykkistímabilið fyrir mesósúlfúrón framlengt til 31. janúar 2018 svo unnt væri að ljúka endurnýjunarferlinu áður en samþykki fyrir efninu rynni út. Þar eð ákvörðun um endurnýjun var tekin fyrir þessa framlengdu lokadagsetningu ætti þessi reglugerð að gilda frá 1. júlí 2017.
- 15) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Endurnýjun á samþykki fyrir virku efni

Samþykkið fyrir virka efninu mesósúlfúróni, eins og það er tilgreint í I. viðauka, er endurnýjað með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Gildistaka og dagurinn þegar reglugerðin kemur til framkvæmda

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. júlí 2017.

⁽¹⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2016 frá 17. nóvember 2016 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin asetamípríð, bensósýru, flasasúlfúrón, mekópróp-P, mepaníprírím, mesósúlfúrón, própineb, própoxýkarbasón, própýsamíð, própríkónasól, *Pseudomonas chlororaphis* stofn: MA 342, píyraklóstróbín, kínoxýfen, þíaklópríð, þíram, síram og soxamíð (Stjtíð. ESB L 312, 18.11.2016, bls. 21).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 28. apríl 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

I. VIÐAUKI

Almennt heiti Kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ⁽¹⁾	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
Mesósúlfúrón (móðurefni)	Mesósúlfúrónmetýl: metýl-2-[(4,6- dímetoxýpýrimidín-2- ýlkarbamóýl)súlfamóýl]- α - (metansúlfónamídó)-p-tólúat	≥ 930 g/kg (gefið upp sem mesósúlfúrónmetýl)	1. júlí 2017	30. júní 2032	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðna í endurnýjunarskýrslunni um mesósúlfúrón, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að: — vernd lagarlífvera og landplantna utan markhóps, — vernd grunnvatns. Í notkunarskýrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á. Umsækjandinn skal leggja fyrir framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunina upplýsingar til staðfestingar að því er varðar áhrif vatnsmeðhöndlunarferla á eiginleika leifa í drykkjarvatni innan tveggja ára eftir að framkvæmdastjórnin hefur birt opinberlega leiðbeiningarskjal vegna mats á áhrifum vatnsmeðhöndlunarferla á eiginleika leifa í yfirborðs- og grunnvatni.
Mesósúlfúrónmetýl (afbrigði)	Mesósúlfúrón: 2-[(4,6-dímetoxýpýrimidín-2- ýlkarbamóýl)súlfamóýl]- α - metansúlfónamídó-p-tólúíksýra				
CAS-nr. 208465-21-8 (mesósúlfúrónmetýl)					
CIPAC-nr. 663 (mesósúlfúrón)					
CIPAC-nr. 663,201 (mesósúlfúrónmetýl)					

⁽¹⁾ Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

II. VIÐAUKI

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt sem hér segir:

- 1) Í A-hluta falli færsla 75 um mesósúlfúrón brott.
- 2) Í B-hluta bætist eftirfarandi færsla við:

„111	Mesósúlfúrón (móðurefni) Mesósúlfúrónmetýl (afbrigði) CAS-nr. 208465-21-8 (mesósúlfúrónmetýl) CIPAC-nr. 663 (mesósúlfúrón) CIPAC-nr. 663,201 (mesósúlfúrónmetýl)	Mesósúlfúrónmetýl: metýl-2-[(4,6- dímetoxýpýrimidín-2- ýlkarbamóýl)súlfamóýl]- α - (metansúlfónamídó)-p-tólúat Mesósúlfúrón: 2-[(4,6-dímetoxýpýrimidín-2- ýlkarbamóýl)súlfamóýl]- α - metansúlfónamídó-p-tólúíksýra	≥ 930 g/kg (gefið upp sem mesósúlfúrónmetýl)	1. júlí 2017	30. júní 2032	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurnýjunarskýrslunni um mesósúlfúrón, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að: — vernd lagarlífvera og landplantna utan markhóps, — vernd grunnvatns. Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á. Umsækjandinn skal leggja fyrir framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunina upplýsingar til staðfestingar að því er varðar áhrif vatnsmeðhöndlunarferla á eiginleika leifa í drykkjarvatni innan tveggja ára eftir að framkvæmdastjórnin hefur birt opinberlega leiðbeiningarskjal vegna mats á áhrifum vatnsmeðhöndlunarferla á eiginleika leifa í yfirborðs- og grunnvatni.“
------	---	---	---	--------------	------------------	---

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2017/781****2017/EES/67/31****frá 5. maí 2017**

um að afturkalla samþykki fyrir virka efninu metýlnónýlketóni, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ⁽¹⁾, einkum öðrum valkosti í 3. mgr. 21. gr. og 2. mgr. 78. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Metýlnónýlketóni var bætt við sem virku efni í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE ⁽²⁾ með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/127/EB ⁽³⁾. Í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 608/2012 ⁽⁴⁾ er þess krafist að tilkynnandinn, sem fór fram á að metýlnónýlketón yrði skráð, veiti frekari upplýsingar til staðfestingar um a) forskrift fyrir efnið sem er prófað í eiturefnafræðilegum og visteiturefnafræðilegum rannsóknum á spendýrum, b) forskrift með gögnum til stuðnings um framleiðslulotuna og fullgiltar greiningaraðferðir, c) viðeigandi mat á afdrifum og hegðun efnisins og mögulegum ummyndunarefnum þess í umhverfinu og d) áhættu fyrir lagarlífverur og jarðvegslífverur. Þessum upplýsingum bar að skila fyrir 30. apríl 2013 að því er varðar a- og b-lið og fyrir 31. desember 2015 að því er varðar c- og d-lið.
- 2) Virk efni sem eru á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE teljast samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009 og eru skráð í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ⁽⁵⁾.
- 3) Tilkynnandinn lagði ekki fram upplýsingarnar til staðfestingar varðandi c- og d-lið í 1. forsendu fyrir 31. desember 2015. Tilkynnandinn svaraði ekki heldur bréfi frá framkvæmdastjórninni þar sem honum var gefið færi á að útskýra stöðu sína áður en ákvörðun um afturköllun efnisins yrði tekin.
- 4) Af þessum sökum þykir rétt að afturkalla samþykki fyrir metýlnónýlketóni.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 118, 6.5.2017, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 175/2017 frá 22. september 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjtið. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

(2) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/127/EB frá 18. desember 2008 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við nokkrum virkum efnum (Stjtið ESB L 344, 20.12.2008, bls. 89).

(3) Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjtið. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1).

(4) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 608/2012 frá 6. júlí 2012 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar skilyrði fyrir samþykki fyrir virku efnunum denatóníumbensóati, metýlnónýlketóni og plöntuolíum/garðmintuolíu (Stjtið. ESB L 177, 7.7.2012, bls. 19).

(5) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtið. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

- 5) Því ætti að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.
- 6) Gefa ætti aðildarríkjunum tíma til að afturkalla leyfi fyrir plöntuverndarvörum sem innihalda virka efnið. Rétt þykir að takmarka hámarksgildistíma frestsins sem aðildarríkin mega veita í samræmi við 46. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 fyrir plöntuverndarvörur sem innihalda virka efnið.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Afturköllun samþykkis

Samþykki fyrir virka efninu metýlnónýlketóni er afturkallað.

2. gr.

Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 falli 238. lína, metýlnónýlketón, brott.

3. gr.

Umbreytingarráðstafanir

Aðildarríkin skulu afturkalla leyfi fyrir plöntuverndarvörum sem innihalda metýlnónýlketón sem virkt efni eigi síðar en 26. ágúst 2017.

4. gr.

Frestir

Frestur, sem aðildarríki veita í samræmi við 46. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal vera eins stuttur og unnt er og skal renna út 26. ágúst 2018.

5. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. maí 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2017/805**

2017/EES/67/32

frá 11. maí 2017

um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu flasasúlfúróni, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ⁽¹⁾, einkum 1. mgr. 20. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Flasasúlfúróni var bætt við sem virku efni í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE ⁽²⁾ með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/30/EB ⁽³⁾.
- 2) Virk efni sem eru á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE teljast samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009 og eru skráð í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ⁽⁴⁾.
- 3) Samþykkið fyrir virka efninu flasasúlfúróni, eins og fram kemur í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011, rennur út 31. janúar 2018.
- 4) Umsókn um endurnýjun á samþykki fyrir flasasúlfúróni var lögð fram í samræmi við 1. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 ⁽⁵⁾ innan þeirra tímamarka sem kveðið er á um í þeirri grein.
- 5) Umsækjandinn lagði fram viðbótarmálsskjölin sem krafist er í samræmi við 6. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012. Skýrslugjafaraðildarríkið taldi að umsóknin væri fullgerð.
- 6) Skýrslugjafaraðildarríkið tók saman matsskýrslu um endurnýjun í samráði við meðskýrslugjafaraðildarríkið og lagði hana fyrir Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) og framkvæmdastjórnina 14. ágúst 2015.
- 7) Matvælaöryggisstofnunin sendi matsskýrsluna um endurnýjun til umsækjandans og aðildarríkjanna til að fá athugasemdir þeirra og sendi mótteknar athugasemdir áfram til framkvæmdastjórnarinnar. Matvælaöryggisstofnunin gerði samantektina úr viðbótarmálsskjölunum einnig aðgengilega almenningi.
- 8) Matvælaöryggisstofnunin lagði niðurstöður sínar, að því er varðar hvort búast megi við að flasasúlfúróni uppfylli viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, fyrir framkvæmdastjórnina 10. ágúst 2016 ⁽⁶⁾. Framkvæmdastjórnin lagði endurnýjunarskýrsluna um flasasúlfúróni fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður 6. október 2016.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 121, 12.5.2017, bls. 26. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 175/2017 frá 22. september 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

⁽²⁾ Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/30/EB frá 10. mars 2004 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við virku efnunum bensósýru, flasasúlfúróni og píraklóstróbíni (Stjttíð ESB L 77, 13.3.2004, bls. 50).

⁽³⁾ Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjttíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1).

⁽⁴⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjttíð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

⁽⁵⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 frá 18. september 2012 um ákvæði sem eru nauðsynleg til að koma málsmeðferð við endurnýjun í framkvæmd að því er varðar virk efni eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjttíð. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 26).

⁽⁶⁾ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2016 14(9), 4575, (24 bls.). Aðgengilegt á Netinu: www.efsa.europa.eu

- 9) Staðfest hefur verið, að því er varðar eina dæmigerða notkun eða fleiri á a.m.k. einni plöntuverndarvöru sem inniheldur flasasúlfúrón, að viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, eru uppfylltar. Því er rétt að endurnýja samþykkið fyrir flasasúlfúróni.
- 10) Áhættumat vegna endurnýjunar á samþykki fyrir flasasúlfúróni byggist á takmarkaðri dæmigerðri notkun sem takmarkar þó ekki þá notkun, sem leyfa má, á plöntuverndarvörum sem innihalda flasasúlfúrón. Því er rétt að takmarka ekki notkunina við notkun sem illgresiseyðir.
- 11) Í samræmi við 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 6. gr. þeirrar reglugerðar og í ljósi nýjustu vísinda- og tækniþekkingar, er þó nauðsynlegt að hafa tiltekin skilyrði og takmarkanir. Einkum er rétt að krefjast frekari upplýsinga til staðfestingar.
- 12) Í samræmi við 3. mgr. 20. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 4. mgr. 13. gr. sömu reglugerðar, ætti að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.
- 13) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2016 ⁽¹⁾ var samþykkistímabilið fyrir flasasúlfúrón framlengt til 31. janúar 2018 svo unnt væri að ljúka endurnýjunarferlinu áður en samþykki fyrir efninu rynni út. Þar eð ákvörðun um endurnýjun var tekin fyrir þessa framlengdu lokadagsetningu skal þessi reglugerð gilda frá 1. ágúst 2017.
- 14) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Endurnýjun á samþykki fyrir virku efni

Samþykkið fyrir virka efninu flasasúlfúróni, eins og það er tilgreint í I. viðauka, er endurnýjað með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Gildistaka og beiting

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá og með 1. ágúst 2017.

⁽¹⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2016 frá 17. nóvember 2016 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin asetamípríð, bensósýru, flasasúlfúrón, mekópróp-P, mepaníprím, mesósúlfúrón, própíneb, própoxýkarbasón, própýsamíð, própírkónasól, Pseudomonas chlororaphis stofn: MA 342, píraklóstróbín, kínoxýfen, þíaklópríð, þíram, síram og soxamíð (Stjtið. ESB L 312, 18.11.2016, bls. 21).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 11. maí 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

I. VIÐAUKI

Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ⁽¹⁾	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
Flasasúlfúrón CAS-nr. 104040-78-0 CIPAC-nr. 595	1-(4,6-dímetoxýpýrimidín-2-ýl)-3-(3-tríflúormetýl-2-pýridýlsúlfónýl)úrea	≥ 960 g/kg	1. ágúst 2017	31. júlí 2032	<p>Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurnýjunarskýrslunni um flasasúlfúrón, einkum í I. og II. viðbæti við hana.</p> <p>Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að:</p> <ul style="list-style-type: none"> — vernd vatnplantna, — vernd landplantna sem eru utan markhóps, — vernd grunnvatns ef efnið er notað á svæðum sem eru viðkvæm að því er varðar jarðvegs- og/eða loftslagsskilyrði. <p>Í notkunarskýrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á.</p> <p>Umsækjandinn skal leggja fyrir framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunina upplýsingar til staðfestingar að því er varðar áhrif vatnsmeðhöndlunarferla á eiginleika leifa í drykkjarvatni innan tveggja ára eftir að framkvæmdastjórnin hefur birt opinberlega leiðbeiningarskjal vegna mats á áhrifum vatnsmeðhöndlunarferla á eiginleika leifa í yfirborðs- og grunnvatni.</p>

⁽¹⁾ Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

II. VIÐAUKI

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt sem hér segir:

- 1) Í A-hluta falli færsla 80 um flasasúlfúrón brott.
- 2) Í B-hluta bætist eftirfarandi færsla 108 við:

Númer	Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ⁽¹⁾	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
„108	Flasasúlfúrón CAS-nr. 104040-78-0 CIPAC-nr. 595	1-(4,6-dímetoxýpýrimidín-2-ýl)-3-(3-tríflúormetýl-2-pýridýlsúlfónýl)úrea	≥ 960 g/kg	1. ágúst 2017	31. júlí 2032	<p>Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurnýjunarskýrslunni um flasasúlfúrón, einkum í I. og II. viðbæti við hana.</p> <p>Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að:</p> <ul style="list-style-type: none"> — vernd vatnplantna, — vernd landplantna sem eru utan markhóps, — vernd grunnvatns ef efnið er notað á svæðum sem eru viðkvæm að því er varðar jarðvegs- og/eða loftslagsskilyrði. <p>Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á.</p> <p>Umsækjandinn skal leggja fyrir framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunina upplýsingar til staðfestingar að því er varðar áhrif vatnsmeðhöndlunarferla á eiginleika leifa í drykkjarvatni innan tveggja ára eftir að framkvæmdastjórnin hefur birt opinberlega leiðbeiningarskjal vegna mats á áhrifum vatnsmeðhöndlunarferla á eiginleika leifa í yfirborðs- og grunnvatni.“</p>

⁽¹⁾ Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2017/806**

2017/EES/67/33

frá 11. maí 2017

um samþykki fyrir áhættulitla virka efninu *Bacillus amyloliquefaciens* af stofni FZB24, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ⁽¹⁾, einkum 1. mgr. 22. gr. í tengslum við 2. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í samræmi við 1. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 barst Frakklandi umsókn frá Novozymes Biologicals France 19. júní 2013 um samþykki fyrir virka efninu *Bacillus amyloliquefaciens* af stofni FZB24.
- 2) Í samræmi við 3. mgr. 9. gr. þeirrar reglugerðar tilkynnti Frakkland, sem skýrslugjafaraðildarríki, umsækjandanum, hinum aðildarríkjunum, framkvæmdastjórninni og Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) um lögmati umsóknarinnar 4. september 2013.
- 3) Hinn 13. apríl 2015 lagði skýrslugjafaraðildarríkið drög að matsskýrslu fyrir framkvæmdastjórnina ásamt afriti fyrir Matvælaöryggisstofnunina þar sem metið er hvort búast megi við því að virka efnið uppfylli viðmiðanirnar fyrir samþykki sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.
- 4) Matvælaöryggisstofnunin uppfyllti ákvæði 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009. Í samræmi við 3. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 fór hún fram á að umsækjandinn legði fram viðbótarupplýsingar til aðildarríkjanna, framkvæmdastjórnarinnar og Matvælaöryggisstofnunarinnar. Mat skýrslugjafaraðildarríkisins á viðbótarupplýsingunum var lagt fyrir Matvælaöryggisstofnunina sem uppfærð drög að matsskýrslu 22. febrúar 2016.
- 5) Matvælaöryggisstofnunin lagði niðurstöður sínar ⁽²⁾, að því er varðar hvort búast megi við að virka efnið *Bacillus amyloliquefaciens* af stofni FZB24 uppfylli viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, fyrir umsækjandann, aðildarríkin og framkvæmdastjórnina 10. maí 2016. Matvælaöryggisstofnunin gerði niðurstöður sínar aðgengilegar almenningi.
- 6) Hinn 6. október 2016 lagði framkvæmdastjórnin fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður endurskoðunarskýrslu um *Bacillus amyloliquefaciens* af stofni FZB24 og drög að reglugerð þar sem kveðið er á um samþykki fyrir *Bacillus amyloliquefaciens* af stofni FZB24.
- 7) Umsækjandanum var gefinn kostur á því að leggja fram athugasemdir við endurskoðunarskýrsluna.
- 8) Staðfest hefur verið, að því er varðar eina dæmigerða notkun eða fleiri á a.m.k. einni plöntuverndarvöru sem inniheldur virka efnið, og einkum að því er varðar þá notkun sem var rannsökuð og er lýst í endurskoðunarskýrslunni, að viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, eru uppfylltar. Því teljast þessar viðmiðanir fyrir samþykki uppfylltar. Því er rétt að samþykkja *Bacillus amyloliquefaciens* af stofni FZB24.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 121, 12.5.2017, bls. 31. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 175/2017 frá 22. september 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

⁽²⁾ EFSA (Matvælaöryggisstofnun Evrópu), 2016. „Conclusion on the peer review of the pesticide risk assessment of the active substance *Bacillus amyloliquefaciens* strain FZB24.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2016, 14(6), 4494, [18 bls], doi:10.2903/j.efsa.2016.4494.

- 9) Framkvæmdastjórnin telur enn fremur að *Bacillus amyloliquefaciens* af stofni FZB24 sé áhættulítið virkt efni skv. 22. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009. *Bacillus amyloliquefaciens* af stofni FZB24 er ekki efni sem gefur tilefni til áhyggna og uppfyllir skilyrðin sem sett eru fram í 5. lið II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009. *Bacillus amyloliquefaciens* af stofni FZB24 er stofn af villigerð sem kemur náttúrulega fyrir í umhverfinu. Hann veldur hvorki sjúkdómum í mönnum né dýrum. Búist er við að aukin vahrif á fólk, dýr og umhverfið vegna notkunarinnar sem hlotið hefur samþykki samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009 verði óveruleg í samanburði við vahrif sem gera má ráð fyrir við raunhæfar náttúrulegar aðstæður.
- 10) Því er rétt að samþykkja *Bacillus amyloliquefaciens* af stofni FZB24 sem áhættulítið efni og gildir það í 15 ár.
- 11) Í samræmi við 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 6. gr. þeirrar reglugerðar og í ljósi nýjustu vísinda- og tækniþekkingar, er þó nauðsynlegt að hafa tiltekin skilyrði.
- 12) Í samræmi við 4. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 ætti að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ⁽¹⁾ til samræmis við það.
- 13) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:*1. gr.***Samþykki fyrir virku efni**

Virka efnið *Bacillus amyloliquefaciens* af stofni FZB24, eins og það er tilgreint í I. viðauka, er samþykkt með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

*2. gr.***Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011**

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

*3. gr.***Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 11. maí 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

⁽¹⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjttíð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

I. VIÐAUKI

Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ⁽¹⁾	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
<p><i>Bacillus amyloliquefaciens</i> af stofni FZB24.</p> <p>Vörslunúmer í stofnasafninu Deutsche Sammlung von Mikroorganismen (DSM), Þýskaland: 10271</p> <p>Vörslunúmer í Agricultural Research Service Culture Collection (NRRL), Bandaríkin: B-50304</p>	Á ekki við	Lágmarksstyrkleiki: 2×10^{14} CFU/kg	1. júní 2017	1. júní 2032	<p>Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um <i>Bacillus amyloliquefaciens</i> af stofni FZB24, einkum í I. og II. viðbæti við hana.</p> <p>Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að:</p> <ul style="list-style-type: none"> — forskrift fyrir tæknilega efnið, sem framleitt er sem verslunarvara, þ.m.t. nákvæm lýsing á eiginleikum óhreininda og umbrotsefna, — vernd notenda og starfsmanna, með hliðsjón af því að litið er svo á að örverur kunni að vera næmandi. <p>Meðan á framleiðsluferlinu stendur skal framleiðandinn tryggja algjöra stjórn á umhverfisaðstæðum og greiningu á gæðaeftirliti.</p> <p>Í notkunarskýrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á.</p>

⁽¹⁾ Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

II. VIÐAUKI

Í D-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 bætist eftirfarandi færsla við:

	Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ⁽¹⁾	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
„10	<p><i>Bacillus amyloliquefaciens</i> af stofni FZB24.</p> <p>Vörslunúmer í stofnasafninu Deutsche Sammlung von Mikroorganismen (DSM), Þýskaland: 10271</p> <p>Vörslunúmer í Agricultural Research Service Culture Collection (NRRL), Bandaríkin: B-50304</p>	Á ekki við	Lágmarksstyrkleiki: 2×10^{14} CFU/kg	1. júní 2017	1. júní 2032	<p>Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um <i>Bacillus amyloliquefaciens</i> af stofni FZB24, einkum í I. og II. viðbæti við hana.</p> <p>Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að:</p> <ul style="list-style-type: none"> — forskrift fyrir tæknilega efnið, sem framleitt er sem verslunarvara, þ.m.t. nákvæm lýsing á eiginleikum óhreininda og umbrotsefna, — vernd notenda og starfsmanna, með hliðsjón af því að litið er svo á að örverur kunni að vera næmandi. <p>Meðan á framleiðsluferlinu stendur skal framleiðandinn tryggja algjöra stjórn á umhverfisaðstæðum og greiningu á gæðaeftirliti.</p> <p>Í notkunarskýrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á.“</p>

⁽¹⁾ Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2017/831****2017/EES/67/34****frá 16. maí 2017**

um samþykki fyrir virka efninu *Beauveria bassiana* af stofni 147, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í samræmi við 1. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 barst Frakklandi umsókn frá Arysta Lifescience SAS. 6. nóvember 2012 um samþykki fyrir virka efninu *Beauveria bassiana* af stofni 147. Í samræmi við 3. mgr. 9. gr. þeirrar reglugerðar tilkynnti Frakkland, sem skýrslugjafaraðildarríki, umsækjandanum, hinum aðildarríkjunum, framkvæmdastjórninni og Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) um lögmati umsóknarinnar 5. febrúar 2013.
- 2) Hinn 2. október 2014 lagði skýrslugjafaraðildarríkið drög að matsskýrslu fyrir framkvæmdastjórnina ásamt afriti fyrir Matvælaöryggisstofnunina þar sem metið er hvort búast megi við því að virka efnið uppfylli viðmiðanirnar fyrir samþykki sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.
- 3) Matvælaöryggisstofnunin uppfyllti ákvæði 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009. Í samræmi við 3. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 fór hún fram á að umsækjandinn legði fram viðbótarupplýsingar til aðildarríkjanna, framkvæmdastjórnarinnar og Matvælaöryggisstofnunarinnar. Mat skýrslugjafaraðildarríkisins á viðbótarupplýsingunum var lagt fyrir Matvælaöryggisstofnunina sem uppfærð drög að matsskýrslu 3. júlí 2015.
- 4) Matvælaöryggisstofnunin lagði niðurstöður sínar, að því er varðar hvort búast megi við að virka efnið *Beauveria bassiana* af stofni 147 uppfylli viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 ⁽²⁾, fyrir umsækjandann, aðildarríkin og framkvæmdastjórnina 6. október 2015. Matvælaöryggisstofnunin gerði niðurstöður sínar aðgengilegar almenningi.
- 5) Hinn 8. mars 2016 lagði framkvæmdastjórnin fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður endurskoðunarskýrslu um *Beauveria bassiana* af stofni 147 og drög að reglugerð þar sem kveðið er á um samþykki fyrir *Beauveria bassiana* af stofni 147.
- 6) Umsækjandanum var gefinn kostur á því að leggja fram athugasemdir við endurskoðunarskýrsluna.
- 7) Staðfest hefur verið, að því er varðar eina dæmigerða notkun eða fleiri á a.m.k. einni plöntuverndarvöru sem inniheldur virka efnið, og einkum að því er varðar þá notkun sem var rannsökuð og er lýst í endurskoðunarskýrslunni, að viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, eru uppfylltar. Því er rétt að samþykkja *Beauveria bassiana* af stofni 147.
- 8) Í samræmi við 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 6. gr. þeirrar reglugerðar og í ljósi nýjustu vísinda- og tæknipækkingar, er þó nauðsynlegt að hafa tiltekin skilyrði og takmarkanir.
- 9) Í samræmi við 4. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 ætti að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ⁽³⁾ til samræmis við það.
- 10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 124, 17.5.2017, bls. 27. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 175/2017 frá 22. september 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

⁽²⁾ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2015, 13(10), 4261 (35 bls). doi:10.2903/j.efsa.2015.4261.

⁽³⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtið. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Samþykki fyrir virku efni

Virka efnið *Beauveria bassiana* af stofni 147, eins og það er tilgreint í I. viðauka, er samþykkt með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 16. maí 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

I. VIÐAUKI

Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ⁽¹⁾	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
<p><i>Beauveria bassiana</i> af stofni 147</p> <p>Vörslunúmer í CNCM (Collection nationale de cultures de micro-organismes) hjá Pasteur-stofnuninni, París, Frakkland: I-2960.</p>	Á ekki við	Hámarks magn af beauvericin: 24 µg/l	6. júní 2017	6. júní 2027	<p>Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um <i>Beauveria bassiana</i> af stofni 147, einkum í I. og II. viðbæti við hana.</p> <p>Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að:</p> <ul style="list-style-type: none"> — vernd notenda og starfsmanna, með hliðsjón af því að líta ber svo á að <i>Beauveria bassiana</i> af stofni 147, eins og allar örverur, kunni að vera næmandi og gefa sérstakan gaum að váhrifum við innöndun, — hámarks magni umbrotsefnisins beauvericin í samsettu vörunni. <p>Meðan á framleiðsluferlinu stendur skal framleiðandinn tryggja algjöra stjórn á umhverfisaðstæðum og greiningu á gæðaeftirliti.</p> <p>Í notkunarskýrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á.</p>

⁽¹⁾ Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

II. VIÐAUKI

Í B-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 bætist eftirfarandi færsla við:

	Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ⁽¹⁾	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
„110	<i>Beauveria bassiana</i> af stofni 147 Vörslunúmer í CNCM (Collection nationale de cultures de micro-organismes) hjá Pasteur-stofnuninni, París, Frakkland: I-2960.	Á ekki við	Hámarks magn af beauvericin: 24 µg/l	6. júní 2017	6. júní 2027	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðna í endurskoðunarskýrslunni um <i>Beauveria bassiana</i> af stofni 147, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að: — vernd notenda og starfsmanna, með hliðsjón af því að líta ber svo á að <i>Beauveria bassiana</i> af stofni 147, eins og allar örverur, kunni að vera næmandi og gefa sérstakan gaum að váhrifum við innöndun, — hámarks magni umbrotsefnisins beauvericin í samsettu vörunni. Meðan á framleiðsluferlinu stendur skal framleiðandinn tryggja algjöra stjórn á umhverfisaðstæðum og greiningu á gæðaeftirliti. Í notkunarskýrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á.“

⁽¹⁾ Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2017/840****2017/EES/67/35****frá 17. maí 2017****um að samþykkja ekki virka efnid ortósúlfamúrón í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB)
nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 13. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í samræmi við a-lið 1. mgr. 80. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 á tilskipun ráðsins 91/414/EBE ⁽²⁾ að gilda um virk efni sem ákvörðun hefur verið samþykkt um í samræmi við 3. mgr. 6. gr. þeirrar tilskipunar fyrir 14. júní 2011, að því er varðar málsmeðferð og skilyrði fyrir samþykki. Að því er varðar ortósúlfamúrón eru skilyrðin í a-lið 1. mgr. 80 gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 uppfyllt með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/806/EB ⁽³⁾.
- 2) Í samræmi við 2. mgr. 6. gr. tilskipunar 91/414/EBE barst yfirvöldum á Ítalíu umsókn frá Isagro S.p.A. 4. júlí 2005 um færslu virka efnisins ortósúlfamúróns á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE. Staðfest var með ákvörðun 2006/806/EB að málskjölin væru fullnægjandi að því leyti að þau uppfylltu í aðalatriðum gagna- og upplýsingakröfurnar í II. og III. viðauka við tilskipun 91/414/EBE.
- 3) Áhrif þessa virka efnis á heilbrigði manna og dýra og á umhverfið hafa verið metin, í samræmi við ákvæði 2. og 4. mgr. 6. gr. tilskipunar 91/414/EBE, með tilliti til þeirrar notkunar sem umsækjandinn fyrirhugar. Tilnefnda skýrslugjafaraðildarríkið lagði fram drög að matsskýrslu 27. júlí 2012. Í samræmi við 3. mgr. 6. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 188/2011 ⁽⁴⁾ var farið fram á viðbótarupplýsingar frá umsækjandanum. Mat Ítalíu á viðbótarupplýsingunum, sem umsækjandinn lagði fram, var lagt fram sem viðbót við drögin að matsskýrslunni og tekið saman af Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) í ágúst 2013.
- 4) Aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunin endurskoðuðu drögin að matsskýrslunni. Matvælaöryggisstofnunin lagði niðurstöður sínar um áhættumatið á varnarefnum með virka efninu ortósúlfamúróni ⁽⁵⁾ fyrir framkvæmdastjórnina 3. september 2013. Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að fyrirbyggjandi upplýsingar um eiginleika leifa í meginræktunum og síðari ræktunum ásamt skorti á eiturefnafræðilegum upplýsingum og mati á innteknu magni varðandi sum umbrotsefni plantna geri það ekki kleift að ljúka mati á áhættu fyrir neytendur. Að auki var ekki unnt að ljúka áhættumati fyrir jarðvegslífverur og lagarlífverur. Enn fremur tilgreindi Matvælaöryggisstofnunin áhyggjuefni varðandi nokkur umbrotsefni og því var ekki unnt að ljúka váhrifamati á grunnvatni.
- 5) Framkvæmdastjórnin gaf umsækjandanum færi á að leggja fram athugasemdir sínar varðandi niðurstöðu Matvælaöryggisstofnunarinnar og, í samræmi við 1. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) nr. 188/2011, drögin að endurskoðunarskýrslunni. Umsækjandinn lagði fram athugasemdir sínar sem hafa verið athugaðar vandlega.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 125, 18.5.2017, bls. 10. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 175/2017 frá 22. september 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjtið. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

(2) Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjtið. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1).

(3) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/806/EB frá 24. nóvember 2006 um að viðurkenna í grundvallaratriðum heilleika málskjalanna sem lögð voru fram til nákvæmrar athugunar með tilliti til hugsanlegrar færslu ortósúlfamúróns á skrá í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE (Stjtið. ESB L 329, 25.11.2006, bls. 74).

(4) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 188/2011 frá 25. febrúar 2011 um nákvæmar reglur um framkvæmd tilskipunar ráðsins 91/414/EBE að því er varðar málsmeðferð fyrir matið á virkum efnem sem voru ekki á markaði tveimur árum eftir tilkynningardag tilskipunarinnar (Stjtið. ESB L 53, 26.2.2011, bls. 51).

(5) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2013 11(9), 3352. Aðgengilegt á Netinu: www.efsa.europa.eu

- 6) Þrátt fyrir þau rök sem umsækjandinn setti fram var þó ekki hægt að eyða þeim áhyggjuefnum sem um getur í 4. forsendu.
- 7) Af þessum sökum hefur ekki verið sýnt fram á að búast megi við því, við tillögð notkunarskilyrði, að plöntuverndarvörur sem innihalda ortósúlfamúrón uppfylli almennt þær kröfur sem mælt er fyrir um í a- og b-lið 1. mgr. 5. gr. tilskipunar 91/414/EBE.
- 8) Því ætti ekki að samþykka ortósúlfamúrón skv. 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.
- 9) Í samræmi við b-lið 1. mgr. 8. gr. tilskipunar 91/414/EBE var aðildarríkjunum gert kleift að veita bráðabirgðaleyfi fyrir plöntuverndarvörum sem innihalda ortósúlfamúrón sem gildir í 3 ár til að byrja með. Með framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/205/ESB ⁽¹⁾ er aðildarríkjum heimilað að framlengja bráðabirgðaleyfi fyrir ortósúlfamúróni um tímabil sem lýkur eigi síðar en 30. apríl 2015.
- 10) Þar eð öll núverandi leyfi eru fallin úr gildi er ekki nauðsynlegt að kveða á um viðbótarfrest til að afturkalla leyfi fyrir plöntuverndarvörum sem innihalda ortósúlfamúrón.
- 11) Þessi reglugerð hefur ekki áhrif á framlagningu frekari umsókna fyrir ortósúlfamúróni í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.
- 12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Virkt efni ekki samþykkt

Virka efnið ortósúlfamúrón er ekki samþykkt.

2. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. maí 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

⁽¹⁾ Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/205/ESB frá 25. apríl 2013 um að heimila aðildarríkjum að framlengja bráðabirgðaleyfi sem voru veitt fyrir nýju, virku efnum asekínósýli, amínópýralíði, askorbínsýru, flúbendíamíði, gammasýshalótríni, ípkónasóli, metaflúmísóni, ortósúlfamúróni, Pseudomonas sp. af stofni DSMZ 13134, pýrídallíli, pýroxsulami, spírómesífeni, þienkarbasóni og tópramesóni (Stjtið. ESB L 117, 27.4.2013, bls. 20).

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2017/841**

2017/EES/67/36

frá 17. maí 2017

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkestímabilum fyrir virku efnin alfasýpermetrín, *Ampelomyces quisqualis* stofn: AQ 10, benalaxýl, bentasón, bifenasat, brómoxýnól, karfentrasónetýl, klórprófam, sýasófamíð, desmedífam, díkvat, DPX KE 459 (flúpýrsúlfúrón-metýl), etoxasól, famoxadón, fenamidón, flúmíoxasín, foramsúlfúrón, *Gliocladium catenulatum* stofn: J1446, ímasamox, ímasósúlfúrón, ísoxaflútól, lamínarín, metalaxýl-m, metoxýfenósíð, milbemektín, oxasúlfúrón, pendímetalín, fenmedífam, pímetrósín, S-metólaklór og trífloxystróbín (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ⁽¹⁾, einkum fyrstu málsgrein 17. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ⁽²⁾ eru skráð virk efni sem teljast samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009.
- 2) Samþykkestímabilin fyrir virku efnin bentasón, díkvat, DPX KE 459 (flúpýrsúlfúrón-metýl), famoxadón, flúmíoxasín, metalaxýl-M og pímetrósín voru síðast framlengd með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/549 ⁽³⁾. Samþykki fyrir þessum efnunum fellur úr gildi 30. júní 2017. Umsóknir um endurnýjun á skráningu þessara efna í I. viðauka við tilskipunum ráðsins 91/414/EBE ⁽⁴⁾ voru lagðar fram í samræmi við 4. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1141/2010 ⁽⁵⁾.
- 3) Samþykkestímabilin fyrir virku efnin karfentrasónetýl, sýasófamíð, fenamidón, foramsúlfúrón, ímasamox, ísoxaflútól, oxasúlfúrón, pendímetalín og trífloxystróbín voru síðast framlengd með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/950 ⁽⁶⁾. Samþykki fyrir þessum efnunum fellur úr gildi 31. júlí 2017.
- 4) Samþykkestímabilin fyrir virku efnin alfasýpermetrín, *Ampelomyces quisqualis* stofn: AQ 10, benalaxýl, bifenasat, brómoxýnól, klórprófam, desmedífam, etoxasól, *Gliocladium catenulatum* stofn: J1446, ímasósúlfúrón, lamínarín, metoxýfenósíð, milbemektín, fenmedífam og S-metólaklór voru framlengd með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1197/2012 ⁽⁷⁾. Samþykki fyrir þessum efnunum fellur úr gildi 31. júlí 2017.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjútíð. ESB L 125, 18.5.2017, bls. 12. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 175/2017 frá 22. september 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjútíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

(2) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjútíð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

(3) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/549 frá 8. apríl 2016 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkestímabilum fyrir virku efnin bentasón, sýhalófpóbútýl, díkvat, famoxadón, flúmíoxasín, DPX KE 459 (flúpýrsúlfúrón-metýl), metalaxýl-M, píkólínafen, prósúlfúrón, pímetrósín, þíabendasól og þífensúlfúrónmetýl (Stjútíð. ESB L 95, 9.4.2016, bls. 4).

(4) Tilskipunum ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjútíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1).

(5) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1141/2010 frá 7. desember 2010 þar sem mælt er fyrir um málsmeðferð við endurnýjun á færslu annars hóps virkra efna á skrá í I. viðauka við tilskipunum ráðsins 91/414/EBE og um að taka saman skrá yfir þessi efni (Stjútíð. ESB L 322, 8.12.2010, bls. 10).

(6) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/950 frá 15. júní 2016 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkestímabilum fyrir virku efnin 2,4-DB, betasýflútrín, karfentrasónetýl, Coniothyrium minitans af stofni CON/M/91-08 (DSM 9660), sýasófamíð, deltametrín, dímetenamíð-P, etófúmesat, fenamidón, flúfenaset, flúrtamón, foramsúlfúrón, fosfíasat, ímasamox, jóðsúlfúrón, ípródíón, ísoxaflútól, línúrón, malínhydrasíð, mesótríón, oxasúlfúrón, pendímetalín, píkoxystróbín, silþíófam og trífloxystróbín (Stjútíð. ESB L 159, 16.6.2016, bls. 3).

(7) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1197/2012 frá 13. desember 2012 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkestímabilum fyrir virku efnin asetamípríð, á-sýpermetrín, *Ampelomyces quisqualis* stofn: AQ 10, benalaxýl, bifenasat, brómoxýnól, klórprófam, desmedífam, etoxasól, *Gliocladium catenulatum* stofn: J1446, ímasósúlfúrón, lamínarín, mepanípyrím, metoxýfenósíð, milbemektín, fenmedífam, *Pseudomonas chlororaphis* stofn: MA 342, kínoxýfen, S-metólaklór, tepraloxýdíam, þíaklórpríð, þíram og síram (Stjútíð. ESB L 342, 14.12.2012, bls. 27).

- 5) Umsóknir um endurnýjun á samþykki fyrir efnunum, sem tilgreind eru í 3. og 4. forsendu, voru lagðar fram í samræmi við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 ⁽¹⁾.
- 6) Þar eð mat á efnunum hefur tafist af ástæðum sem umsækjendurnir fá ekki ráðið við er líklegt að samþykki fyrir þessum virku efnunum renni út áður en ákvörðun um endurnýjun þeirra hefur verið tekin. Því er nauðsynlegt að framlengja samþykkistímabil þeirra.
- 7) Með tilliti til markmiðs fyrstu málsgreinar 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, að því er varðar tilvik þar sem framkvæmdastjórnin mun samþykkja reglugerð þar sem kveðið er á um að samþykki fyrir virku efni, sem um getur í viðaukanum við þessa reglugerð, sé ekki endurnýjað vegna þess að viðmiðanir fyrir samþykki eru ekki uppfylltar mun framkvæmdastjórnin fastsetja lokadagsetningu gildistíma sem sömu dagsetningu og var í gildi fyrir gildistöku þessarar reglugerðar eða þann dag sem reglugerðin tekur gildi, ef sá dagur er síðar, að því tilskildu að samþykki fyrir virka efninu sé ekki endurnýjað. Að því er varðar tilvik þar sem framkvæmdastjórnin mun samþykkja reglugerð þar sem kveðið er á um endurnýjun á virku efni, sem um getur í viðaukanum við þessa reglugerð, mun framkvæmdastjórnin leitast við, eins og við á með tilliti til aðstæðna, að fastsetja gildistökudag eins fljótt og unnt er.
- 8) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.
- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. maí 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

⁽¹⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 frá 18. september 2012 um ákvæði sem eru nauðsynleg til að koma málsmeðferð við endurnýjun í framkvæmd að því er varðar virk efni eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjtíð. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 26).

VIÐAUKI

Ákvæðum A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 11, bentasón, komi „30. júní 2018“.
- 2) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 15, díkvat, komi „30. júní 2018“.
- 3) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 19, DPX KE 459 (flúþýrsúlfúrón-metýl), komi „30. júní 2018“.
- 4) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 23, pýmetrósín, komi „30. júní 2018“.
- 5) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 35, famoxadón, komi „30. júní 2018“.
- 6) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 37, metalaxýl-M, komi „30. júní 2018“.
- 7) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 39, flúmíoxasín, komi „30. júní 2018“.
- 8) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 41, ímasamox, komi „31. júlí 2018“.
- 9) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 42, oxasúlfúrón, komi „31. júlí 2018“.
- 10) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 44, foramsúlfúrón, komi „31. júlí 2018“.
- 11) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 46, sýasófamið, komi „31. júlí 2018“.
- 12) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 53, pendímetalín, komi „31. júlí 2018“.
- 13) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 59, trífloxýstróbín, komi „31. júlí 2018“.
- 14) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 60, karfentrasónetýl, komi „31. júlí 2018“.
- 15) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 62, fenamídón, komi „31. júlí 2018“.
- 16) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 63, ísoxaflútól, komi „31. júlí 2018“.
- 17) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 78, klórprófam, komi „31. júlí 2018“.
- 18) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 83, alfasýpermetrín, komi „31. júlí 2018“.
- 19) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 84, benalaxýl, komi „31. júlí 2018“.
- 20) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 85, brómoxýníl, komi „31. júlí 2018“.
- 21) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 86, desmedífam, komi „31. júlí 2018“.
- 22) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 88, fenmedífam, komi „31. júlí 2018“.
- 23) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 93, *Ampelomyces quisqualis* stofn: AQ 10, komi „31. júlí 2018“.
- 24) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 95, lamínarín, komi „31. júlí 2018“.

- 25) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 96, metoxýfenósíð, komi „31. júlí 2018“.
 - 26) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 97, S-metólaklór, komi „31. júlí 2018“.
 - 27) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 98, *Gliocladium catenulatum* stofn: J1446, komi „31. júlí 2018“.
 - 28) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 99, etoxasól, komi „31. júlí 2018“.
 - 29) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 109, bifenasat, komi „31. júlí 2018“.
 - 30) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 110, milbemektín, komi „31. júlí 2018“.
-

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2017/842**

2017/EES/67/37

frá 17. maí 2017

um endurnýjun á samþykki fyrir áhættulitla virka efninu *Coniothyrium minitans* af stofni CON/M/91-08, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ⁽¹⁾, einkum 1. mgr. 22. gr. í tengslum við 1. mgr. 20. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) *Coniothyrium minitans* af stofni CON/M/91-08 var bætt við sem virku efni í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE ⁽²⁾ með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/79/EB ⁽³⁾.
- 2) Virk efni sem eru á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE teljast samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009 og eru skráð í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ⁽⁴⁾.
- 3) Samþykkið fyrir virka efninu *Coniothyrium minitans* af stofni CON/M/91-08, eins og fram kemur í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011, rennur út 31. október 2017.
- 4) Umsókn um endurnýjun á samþykki fyrir *Coniothyrium minitans* af stofni CON/M/91-08 var lögð fram í samræmi við 1. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 ⁽⁵⁾ innan þeirra tímamarka sem kveðið er á um í þeirri grein.
- 5) Umsækjandinn lagði fram viðbótarmálsskjölin sem krafist er í samræmi við 6. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012. Skýrslugjafaraðildarríkið taldi að umsóknin væri fullgerð.
- 6) Skýrslugjafaraðildarríkið tók saman matsskýrslu um endurnýjun í samráði við meðskýrslugjafaraðildarríkið og lagði hana fyrir Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) og framkvæmdastjórnina 29. maí 2015.
- 7) Matvælaöryggisstofnunin sendi matsskýrsluna um endurnýjun til umsækjandans og aðildarríkjanna til að fá athugasemdir þeirra og sendi mótteknar athugasemdir áfram til framkvæmdastjórnarinnar. Matvælaöryggisstofnunin gerði samantektina úr viðbótarmálsskjölunum einnig aðgengilega almenningi.
- 8) Matvælaöryggisstofnunin lagði niðurstöður sínar, að því er varðar hvort búast megi við að *Coniothyrium minitans* af stofni CON/M/91-08 uppfylli viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, fyrir framkvæmdastjórnina 8. júní 2016 ⁽⁶⁾. Framkvæmdastjórnin lagði drögin að endurnýjunarskýrslunni um *Coniothyrium minitans* af stofni CON/M/91-08 fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður 6. desember 2016.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 125, 18.5.2017, bls. 16. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 175/2017 frá 22. september 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

⁽²⁾ Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/79/EB frá 13. ágúst 2003 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við virka efninu *Coniothyrium minitans* (Stjttíð ESB L 205, 14.8.2003, bls. 16).

⁽³⁾ Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjttíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1).

⁽⁴⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjttíð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

⁽⁵⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 frá 18. september 2012 um ákvæði sem eru nauðsynleg til að koma málsmeðferð við endurnýjun í framkvæmd að því er varðar virk efni eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjttíð. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 26).

⁽⁶⁾ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2016 14(7), 4517, (16 bls.). Aðgengilegt á Netinu: www.efsa.europa.eu

- 9) Umsækjandanum var gefinn kostur á því að leggja fram athugasemdir við endurnýjunarskýrsluna.
- 10) Staðfest hefur verið, að því er varðar eina dæmigerða notkun eða fleiri á a.m.k. einni plöntuverndarvöru sem inniheldur *Coniothyrium minitans* af stofni CON/M/91-08, að viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, eru uppfylltar. Því er rétt að endurnýja samþykkið fyrir *Coniothyrium minitans* af stofni CON/M/91-08.
- 11) Áhættumat vegna endurnýjunar á samþykki fyrir *Coniothyrium minitans* af stofni CON/M/91-08 byggist á takmarkaðri dæmigerðri notkun sem takmarkar þó ekki þá notkun, sem leyfa má, á plöntuverndarvörum sem innihalda *Coniothyrium minitans* af stofni CON/M/91-08. Því er rétt að takmarka ekki notkunina við notkun sem sveppaeyðir.
- 12) Framkvæmdastjórnin telur enn fremur að *Coniothyrium minitans* af stofni CON/M/91-08 sé áhættulítið virkt efni skv. 22. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009. *Coniothyrium minitans* af stofni CON/M/91-08 er ekki efni sem gefur tilefni til áhyggna og uppfyllir skilyrðin sem sett eru fram í 5. lið II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009. *Coniothyrium minitans* af stofni CON/M/91-08 er stofn af villigerð sem kemur náttúrulega fyrir í umhverfinu. Hann veldur hvorki sjúkdómum í mönnum né dýrum. Búið er við að aukin váhrif á fólk, dýr og umhverfið vegna notkunarinnar sem hlotið hefur samþykki samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009 verði óveruleg í samanburði við váhrif sem gera má ráð fyrir við raunhæfar náttúrulegar aðstæður.
- 13) Því er rétt að endurnýja samþykkið fyrir *Coniothyrium minitans* af stofni CON/M/91-08 sem áhættulítið efni. Í samræmi við 4. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 ætti að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.
- 14) Í samræmi við 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 6. gr. þeirrar reglugerðar og í ljósi nýjustu vísinda- og tækniþekkingar, er þó nauðsynlegt að hafa tiltekin skilyrði og takmarkanir.
- 15) Í samræmi við 3. mgr. 20. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 4. mgr. 13. gr. sömu reglugerðar, ætti að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.
- 16) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/950 ⁽¹⁾ var samþykkistímabilið fyrir *Coniothyrium minitans* af stofni CON/M/91-08 framlengt til 31. október 2017 svo unnt væri að ljúka endurnýjunarferlinu áður en samþykki fyrir efninu rynnir út. Þar eð ákvörðun um endurnýjun var tekin fyrir þessa framlengdu lokadagsetningu skal þessi reglugerð gilda frá 1. ágúst 2017.
- 17) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Endurnýjun á samþykki fyrir virku efni

Samþykkið fyrir virka efninu *Coniothyrium minitans* af stofni CON/M/91-08, eins og það er tilgreint í I. viðauka, er endurnýjað með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

⁽¹⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/950 frá 15. júní 2016 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efni 2,4-DB, betasýflútrín, karfentrasónetyl, *Coniothyrium minitans* af stofni CON/M/91-08 (DSM 9660), sýasófamið, deltametrín, dímetenamið-P, etófúmesat, fenamidón, flúfenaset, flúrtamón, foramsúlfúrón, fosfásat, ímasamox, jöðsúlfúrón, ípródión, ísoxaflútól, línúrón, malínhýdrasíð, mesótríón, oxasúlfúrón, pendímetalín, píkoxystróbín, sílþíofam og trífloxýstróbín (Stjútíð. ESB L 159, 16.6.2016, bls. 3).

3. gr.

Gildistaka og dagurinn þegar reglugerðin kemur til framkvæmda

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá og með 1. ágúst 2017.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. maí 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

—

I. VIÐAUKI

Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ⁽¹⁾	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
<p><i>Coniothyrium minitans</i> af stofni CON/M/91-08</p> <p>Vörslunúmer í stofnasafninu Deutsche Sammlung von Mikroorganismen (DSM), Þýskaland: DSM 9660</p> <p>CIPAC-nr. 614</p>	Á ekki við	<p>Lágmarksmagn lífvænlegra gróa:</p> <p>1×10^{12} CFU/kg</p>	1. ágúst 2017	31. júlí 2032	<p>Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurnýjunarskýrslunni um <i>Coniothyrium minitans</i> af stofni CON/M/91-08, einkum í I. og II. viðbæti við hana.</p> <p>Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að:</p> <p>— vernd notenda og starfsmanna, með hliðsjón af því að litið er svo á að örverur kunni að vera næmandi.</p> <p>Meðan á framleiðsluferlinu stendur skal framleiðandinn tryggja algjöra stjórn á umhverfisaðstæðum og greiningu á gæðaeftirliti.</p> <p>Í notkunarskýrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á.</p>

⁽¹⁾ Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

II. VIÐAUKI

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt sem hér segir:

- 1) Í A-hluta falli færsla 71, *Coniothyrium minitans* af stofni CON/M/91-08, brott.
- 2) Í D-hluta bætist eftirfarandi færsla við:

Númer	Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ⁽¹⁾	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
„11	<i>Coniothyrium minitans</i> af stofni CON/M/91-08 Vörslunúmer í stofnasafninu Deutsche Sammlung von Mikroorganismen (DSM), Þýskaland: DSM 9660 CIPAC-nr. 614	Á ekki við	Lágmarksmagn lífvænlegra gróa: 1×10^{12} CFU/kg	1. ágúst 2017	31. júlí 2032	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðna í endurnýjunarskýrslunni um <i>Coniothyrium minitans</i> af stofni CON/M/91-08, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að: — vernd notenda og starfsmanna, með hliðsjón af því að litið er svo á að örverur kunni að vera næmandi. Meðan á framleiðsluferlinu stendur skal framleiðandinn tryggja algjöra stjórn á umhverfisaðstæðum og greiningu á gæðaeftirliti. Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á.“

⁽¹⁾ Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2017/843****2017/EES/67/38**

frá 17. maí 2017

um samþykki fyrir virka efninu *Beauveria bassiana* af stofni NPP111B005, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í samræmi við 1. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 barst Frakklandi umsókn frá Arysta Lifescience S.A.S. 6. nóvember 2012 um samþykki fyrir virka efninu *Beauveria bassiana* af stofni NPP111B005. Í samræmi við 3. mgr. 9. gr. þeirrar reglugerðar tilkynnti Frakkland, sem skýrslugjafaraðildarríki, umsækjandanum, hinum aðildarríkjunum, framkvæmdastjórninni og Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) um lögmati umsóknarinnar 5. febrúar 2013.
- 2) Hinn 7. október 2014 lagði skýrslugjafaraðildarríkið drög að matsskýrslu fyrir framkvæmdastjórnina ásamt afriti fyrir Matvælaöryggisstofnunina þar sem metið er hvort búast megi við því að virka efnið uppfylli viðmiðanirnar fyrir samþykki sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.
- 3) Matvælaöryggisstofnunin uppfyllti ákvæði 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009. Í samræmi við 3. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 fór hún fram á að umsækjandinn legði fram viðbótarupplýsingar til aðildarríkjanna, framkvæmdastjórnarinnar og Matvælaöryggisstofnunarinnar. Mat skýrslugjafaraðildarríkisins á viðbótarupplýsingunum var lagt fyrir Matvælaöryggisstofnunina sem uppfærð drög að matsskýrslu 3. júlí 2015.
- 4) Matvælaöryggisstofnunin lagði niðurstöður sínar, að því er varðar hvort búast megi við að virka efnið *Beauveria bassiana* af stofni NPP111B005 uppfylli viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 ⁽²⁾, fyrir umsækjandann, aðildarríkin og framkvæmdastjórnina 6. október 2015. Matvælaöryggisstofnunin gerði niðurstöður sínar aðgengilegar almenningi.
- 5) Hinn 8. mars 2016 lagði framkvæmdastjórnin fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður endurskoðunarskýrslu um *Beauveria bassiana* af stofni NPP111B005 og drög að reglugerð þar sem kveðið er á um samþykki fyrir *Beauveria bassiana* af stofni NPP111B005.
- 6) Umsækjandanum var gefinn kostur á því að leggja fram athugasemdir við endurskoðunarskýrsluna.
- 7) Staðfest hefur verið, að því er varðar eina dæmigerða notkun eða fleiri á a.m.k. einni plöntuverndarvöru sem inniheldur virka efnið, og einkum að því er varðar þá notkun sem var rannsökuð og er lýst í endurskoðunarskýrslunni, að viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, eru uppfylltar. Því er rétt að samþykkja *Beauveria bassiana* af stofni NPP111B005.
- 8) Í samræmi við 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 6. gr. þeirrar reglugerðar og í ljósi nýjustu vísinda- og tækniþekkingar, er þó nauðsynlegt að hafa tiltekin skilyrði og takmarkanir.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjútíð. ESB L 125, 18.5.2017, bls. 21. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 175/2017 frá 22. september 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

⁽²⁾ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2015, 13(10), 4264 (34 bls). doi:10.2903/j.efsa.2015.4264.

- 9) Í samræmi við 4. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 ætti að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ⁽¹⁾ til samræmis við það.
- 10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Samþykki fyrir virku efni

Virka efnið *Beauveria bassiana* af stofni NPP111B005, eins og það er tilgreint í I. viðauka, er samþykkt með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. maí 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

⁽¹⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtfð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

I. VIÐAUKI

Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ⁽¹⁾	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
<p><i>Beauveria bassiana</i> af stofni NPP111B005</p> <p>Vörslunúmer í CNCM (Collection Nationale de Culture de Microorganismes) hjá Pasteur-stofnuninni, París, Frakkland: I-2961.</p>	Á ekki við	Hámarks magn af beauvericin: 24 µg/L	7. júní 2017	7. júní 2027	<p>Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um <i>Beauveria bassiana</i> af stofni NPP111B005, einkum í I. og II. viðbæti við hana.</p> <p>Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að:</p> <ul style="list-style-type: none"> — vernd notenda og starfsmanna, með hliðsjón af því að líta ber svo á að <i>Beauveria bassiana</i> af stofni NPP111B005, eins og allar örverur, kunni að vera næmandi og gefa sérstakan gaum að váhrifum við innöndun, — hámarks magni umbrotsefnisins beauvericin í samsettu vörunni. <p>Meðan á framleiðsluferlinu stendur skal framleiðandinn tryggja algjöra stjórn á umhverfisaðstæðum og greiningu á gæðaeftirliti.</p> <p>Í notkunarskýrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á.</p>

⁽¹⁾ Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

II. VIÐAUKI

Í B-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 bætist eftirfarandi færsla við:

	Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ⁽¹⁾	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
„109	<p><i>Beauveria bassiana</i> af stofni NPP111B005</p> <p>Vörslunúmer í CNCM (Collection Nationale de Culture de Microorganismes) hjá Pasteur-stofnuninni, París, Frakkland: I-2961.</p>	Á ekki við	Hámarks magn af beauvericin: 24 µg/L	7. júní 2017	7. júní 2027	<p>Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðna í endurskoðunarskýrslunni um <i>Beauveria bassiana</i> af stofni NPP111B005, einkum í I. og II. viðbæti við hana.</p> <p>Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að:</p> <ul style="list-style-type: none"> — vernd notenda og starfsmanna, með hliðsjón af því að líta ber svo á að <i>Beauveria bassiana</i> af stofni NPP111B005, eins og allar örverur, kunni að vera næmandi og gefa sérstakan gaum að váhrifum við innöndun, — hámarks magni umbrotsefnisins beauvericin í samsettu vörunni. <p>Meðan á framleiðsluferlinu stendur skal framleiðandinn tryggja algjöra stjórn á umhverfisaðstæðum og greiningu á gæðaeftirliti.</p> <p>Í notkunarskýrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á.“</p>

⁽¹⁾ Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 1307/2014**2017/EES/67/39****frá 8. desember 2014**

um skilgreiningu á viðmiðunum og landfræðilegum mörkum graslendis þar sem líffræðileg fjölbreytni er mikil að því er varðar c-lið 3. mgr. 7 gr. b í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/70/EB að því er varðar gæði bensíns og díseildsneytis og c-lið 3. mgr. 17. gr. í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/28/EB um að auka notkun orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/70/EB frá 13. október 1998 um gæði bensíns og díseildsneytis og breytingu á tilskipun ráðsins 93/12/EBE ⁽¹⁾, eins og henni var breytt með tilskipun 2009/30/EB ⁽²⁾, einkum annarri undirgrein c-liðar 3. mgr. 7. gr. b,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/28/EB frá 23. apríl 2009 um að auka notkun orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum og um breytingu og síðar niðurfellingu á tilskipunum 2001/77/EB og 2003/30/EB ⁽³⁾, einkum annarri undirgrein c-liðar 3. mgr. 17. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með tilskipunum 98/70/EB og 2009/28/EB er mælt fyrir um að aðeins megi taka lífildsneyti og fljótandi lífildsneyti með í útreikningana vegna settu markmiðanna og að rekstraráðilar megi einungis hafa ábata af opinberum stuðningi ef farið er að viðmiðununum um sjálfbærni sem mælt er fyrir um í þeim tilskipunum. Sem hluta af þessu kerfi er aðeins hægt að taka lífildsneyti og fljótandi lífildsneyti með í útreikningana vegna markmiðanna eða ábata af opinberum stuðningi ef það er ekki gert úr hráefni sem fæst af landi, sem var graslendi þar sem líffræðileg fjölbreytni var mikil í janúar 2008 eða síðar, nema, ef um er að ræða graslendi þar sem líffræðileg fjölbreytni er mikil en það er ekki náttúrulegt, lagðar séu fram sannanir fyrir því að uppskera hráefnanna sé nauðsynleg til að varðveita stöðu landsins sem graslendis.
- 2) Í síðari undirgrein c-liðar 3. mgr. 17. gr. í tilskipun 2009/28/EB og síðari undirgrein c-liðar 3. mgr. 7. gr. b í tilskipun 98/70/EB er farið fram á að framkvæmdastjórnin fastsetji viðmiðanirnar og landfræðilegu mörkin fyrir ákvörðun á því hvaða graslendi teljist graslendi þar sem líffræðileg fjölbreytni er mikil skv. c-lið 3. mgr. 7. gr. b í tilskipun 98/70/EB og c-lið 3. mgr. 17. gr. tilskipunar 2009/28/EB.
- 3) Graslendi, þar sem líffræðileg fjölbreytni er mikil, eru mismunandi milli loftslagssvæða og meðal þeirra geta verið, m.a., lyngmóar, beitolönd, engi, staktrjáagresjur, steppur, kjarrlendi, túndra og gresjur. Á þessum svæðum þróast séreiginleikar, t.d. að því er varðar umfang trjáþekju, beitarálag og slátt. Því er rétt að nota víðtæka skilgreiningu á graslendi að því er tekur til c-liðar 3. mgr. 7. gr. b í tilskipun 98/70/EB og c-liðar 3. mgr. 17. gr. í tilskipun 2009/28/EB.
- 4) Í tilskipunum 98/70/EB og 2009/28/EB er greint á milli annars vegar náttúrulegs og hins vegar ekki náttúrulegs graslendis þar sem líffræðileg fjölbreytni er mikil og gefnar skilgreiningar á báðum. Því er rétt að fella rekstrarviðmiðanir inn í þær skilgreiningar. Rétt er að líta svo á, að því er varðar þessa reglugerð, að graslendi sem hefur hnignað sé rýrt að því er varðar líffræðilega fjölbreytni.
- 5) Fylgni við ákvæði 7. gr. b (c-liðar 3. mgr.) í tilskipun 98/70/EB og 17. gr. (c-liðar 3. mgr.) tilskipunar 2009/28/EB er sannprófuð í samræmi við 7. gr. c (1. og 3. mgr.) í tilskipun 98/70/EB og 18. gr. (1. og 3. mgr.) tilskipunar 2009/28/EB.
- 6) Ekki liggja fyrir alhliða upplýsingar á alþjóðavísu um landfræðileg mörk graslendis þar sem líffræðileg fjölbreytni er mikil. Í þessari reglugerð er því aðeins kveðið á um landfræðileg mörk þess graslendis, þar sem líffræðileg fjölbreytni er mikil, sem þegar liggja fyrir upplýsingar um.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um sjálfbærni lífildsneytis og fljótandi lífildsneytis sem komið var á fót með 2. mgr. 25. gr. tilskipunar 2009/28/EB.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtuð. ESB L 351, 9.12.2014, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 176/2017 frá 22. september 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjtuð. ESB L 350, 28.12.1998, bls. 58.

(2) Stjtuð. ESB L 140, 5.6.2009, bls. 88.

(3) Stjtuð. ESB L 140, 5.6.2009, bls. 16.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Að því er varðar c-lið 3. mgr. 7. gr. b í tilskipun 98/70/EB og c-lið 3. mgr. 17. gr. í tilskipun 2009/28/EB skulu eftirfarandi viðmiðanir og skilgreiningar gilda:

- 1) „Graslendi“: vistkerfi á landi þar sem jurtkendur gróður eða runnagróður hefur verið ríkjandi í a.m.k. 5 ár samfleytt. Það tekur til engja eða beitilands sem eru heyjuð en ekki til lands þar sem aðrar nytjaplöntur eru ræktaðar og ræktarlands sem er hvílt tímabundið. Það tekur ekki heldur til samfellds skóglendis, eins og það er skilgreint í b-lið 4. mgr. 17. gr. tilskipunar 2009/28/EB, nema það sé í skógræktarkerfum bænda sem fela í sér landnotkunarkerfi þar sem trjárækt er stýrt ásamt nytjaplöntum eða búfé í framleiðslukerfum í landbúnaði. Ríkjandi jurtkendur gróður eða runnagróður merkir að samanlögð gróðurþekja þeirra er stærri en laufþekja trjáa.
- 2) „Mannleg íhlutun“: stýring á beit, slætti, skurði, uppskeru eða bruna.
- 3) „Náttúrulegt graslendi þar sem líffræðileg fjölbreytni er mikil“: graslendi sem:
 - a) yrði áfram graslendi ef mannleg íhlutun væri engin og
 - b) viðheldur náttúrulegri tegundasamsetningu og vistfræðilegum einkennum og ferlum.
- 4) „Graslendi sem er ekki náttúrulegt þar sem líffræðileg fjölbreytni er mikil“: graslendi sem:
 - a) myndi hætta að vera graslendi ef mannleg íhlutun væri engin og
 - b) hefur ekki hnignað, þ.e.a.s. einkennist ekki af tapi á líffræðilegri fjölbreytni yfir lengri tíma, t.d. vegna ofbeitar, skemmda af völdum véla á gróðrinum, jarðvegseyðingar eða minni jarðvegsgæða og
 - c) er tegundaríkt, þ.e.:
 - i. búsvæði sem hefur umtalsverða þýðingu fyrir tegundir sem eru í alvarlegri útrýmingarhættu, í útrýmingarhættu eða viðkvæmar, samkvæmt flokkuninni í rauðri skrá Alþjóðanáttúruverndarsambandsins yfir tegundir sem er ógnað eða í öðrum skráum sem hafa svipaðan tilgang að því er varðar tegundir eða búsvæði sem mælt er fyrir um í landslöggjöf eða eru viðurkennd af lögbæru landsyfirvaldi í upprunalandi hráfnisins eða
 - ii. búsvæði sem hefur umtalsverða þýðingu fyrir tegundir sem eru einlendar eða hafa takmarkað útbreiðslusvæði eða
 - iii. búsvæði sem hefur umtalsverða þýðingu vegna erfðafræðilegrar fjölbreytni innan tegunda eða
 - iv. búsvæði sem hefur umtalsverða þýðingu á heimsvísu vegna samsöfnunar fartegunda eða vegna tegunda sem hópa sig tímabundið (e. *congregatory species*) eða
 - v. vistkerfi sem hefur umtalsvert mikilvægi á svæðis- eða landsvísu eða er verulega ógnað eða er einstakt.

2. gr.

Með fyrirvara um 3. gr. skal graslendi með eftirfarandi landfræðilegum mörkum í Evrópusambandinu ávallt teljast graslendi þar sem líffræðileg fjölbreytni er mikil:

- 1) búsvæði sem eru skráð í I. viðauka við tilskipun ráðsins 92/43/EBE ⁽¹⁾,
- 2) búsvæði sem hafa umtalsverða þýðingu fyrir dýra- og plöntutegundir sem eru mikilvægar fyrir Sambandið og eru skráðar í II. og IV. viðauka við tilskipun 92/43/EBE,
- 3) búsvæði sem hafa umtalsverða þýðingu vegna tegunda villtra fugla sem eru skráðar í I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/147/EB ⁽²⁾.

Graslendi í Evrópusambandinu þar sem líffræðileg fjölbreytni er mikil takmarkast ekki við landfræðilegu mörkin sem um getur skv. 1., 2. og 3. mgr. þessarar greinar Annað graslendi gæti uppfyllt viðmiðanirnar fyrir graslendi þar sem líffræðileg fjölbreytni er mikil sem eru settar fram í 1. gr.

⁽¹⁾ Stjtuð. EB L 206, 22.7.1992, bls. 7.

⁽²⁾ Stjtuð. ESB L 20, 26.1.2010, bls. 7.

3. gr.

Ef lögð er fram sönnun fyrir því að uppskera á hráefninu sé nauðsynleg til þess að varðveita stöðu lands sem graslendis þarf ekki að leggja fram frekari sannanir fyrir því að farið sé að ii. lið c-liðar 3. mgr. 7. gr. b í tilskipun 98/70/EB og ii. lið c-liðar 3. mgr. 17. gr. tilskipunar 2009/28/EB.

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. október 2015.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar í samræmi við sáttmálana.

Gjört í Brussel 8. desember 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

TILSKIPUN RÁÐSINS (ESB) 2017/738

2017/EES/67/40

frá 27. mars 2017

um breytingu á II. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/48/EB um öryggi leikfanga, að því er varðar blý, í því skyni að laga viðaukann að tækniframförum (*)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/48/EB frá 18. júní 2009 um öryggi leikfanga (¹), einkum b-lið 1. mgr. 46. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun 2009/48/EB er mælt fyrir um flæðimörk, að því er varðar leikföng eða hluta leikfanga, ýmissa efnisþátta, þ.m.t. blý, þurrs og fljótandi efnis sem og leikfangaefnis sem skafið er af. Mörkin fyrir blý eru 13,5 mg/kg, 3,4 mg/kg og 160 mg/kg í hverju leikfangaefni fyrir sig.
- 2) Þessi mörk byggjast á tilmælum sem Hollenska lýðheilsu- og umhverfisstofnunin (RIVM) setti fram 2008 í skýrslu sem ber heitið *Chemicals in toys. A general methodology for assessment of chemical safety of toys with a focus on elements*. Tilmæli Hollensku lýðheilsu- og umhverfisstofnunarinnar byggjast á þeirri niðurstöðu að váhrif af völdum blýs á börn megi ekki fara yfir tiltekin mörk sem nefnast „þolanleg, dagleg inntaka“. Í þeirri skýrslu var þolanleg, dagleg inntaka, sem nemur 3,6 míkrógrömmum á hvert kíló líkamsþyngdar á dag, ákvörðuð sem eiturefnafræðilegt viðmiðunargildi fyrir blý.
- 3) Sökum þess að börn verða einnig fyrir váhrifum af völdum blýs í öðru en leikföngum ætti aðeins að heimfæra tiltekið hlutfall af eiturefnafræðilegu viðmiðunargildi á leikföng. Í álitinu sínu, sem var samþykkt 22. júní 2004 og ber heitið *Assessment of the bioavailability of certain elements in toys*, hefur Vísindanefndin um eiturrhif, eiturrhif í umhverfinu og umhverfið mælt með því að hlutfall þolanlegrar inntöku blýs, að því er varðar leikföng, nemi að hámarki 10%. Í álitinu sínu, sem var samþykkt 1. júlí 2010 og ber heitið *Evaluation of the Migration Limits for Chemical Elements in Toys*, var vísindanefndin um heilbrigðis- og umhverfisáhrættu sammála um þá nálgun að upptaka á blýi úr leikföngum ætti ekki að fara yfir 10% af eiturefnafræðilegu viðmiðunargildi. Þar sem blý telst þar að auki sérstaklega eitrað, voru mörk þess í tilskipun 2009/48/EB sett við magn sem er helmingur þess sem telst öruggt, samkvæmt viðmiðun viðeigandi vísindanefndar, til að tryggja að blý komi aðeins fyrir í snefilmagni sem samrýmist góðum framleiðsluháttum. Til samræmis við það voru mörkin fyrir blý í þeirri tilskipun fastsett við 5% af þolanlegri, daglegri inntöku sem er ákvarðað sem blýflæði úr leikföngum.
- 4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (EFSA) komst að þeirri niðurstöðu að fyrir blý, sem er eittraður málmur, eru engin neðri mörk þar sem váhrif af völdum blýs hafa engin skaðleg áhrif á heilbrigði. Væg váhrif af völdum blýs geta jafnvel valdið taugaeiturrhifum, þ.e. skaða á taugakerfi og heila, einkum námsörðugleikum. Samkvæmt þessari nýju vísindapekkingu sem Matvælaöryggisstofnun Evrópu hefur birt, ætti því ekki lengur að nota þolanlega, daglega inntöku sem eiturefnafræðilegt viðmiðunargildi.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 110, 27.4.2017, bls. 6. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 177/2017 frá 22. september 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

(¹) Stjtið. ESB L 170, 30.6.2009, bls. 1.

- 5) Samkvæmt Matvælaöryggisstofnun Evrópu ætti að nota nýja eiturefnafræðilega viðmiðunargildið BMDL₀₁ (mörk viðmiðunarskammts) við ákvörðun á mörkum fyrir blý að því er varðar taugaþroskunarfræðileg áhrif. BMDL₀₁ eru neðri öryggismörk (95. hundradshlutableil) viðmiðunarskammts með 1% viðbótaráhættu að því er varðar greindarskerðingu barna, sem er mæld á heildarkvarða fyrir greindarvísitölu, þ.e. eins stigs lækkun greindarvísitölu miðað við þann kvarða. BMDL₀₁ jafngildir 0,5 míkrogramma inntöku blýs á hvert kíló líkamsþyngdar á dag.
- 6) Áhættumatsnefndin, sem Efnastofnun Evrópu kom á fót, er sammála Matvælaöryggisstofnun Evrópu um að BMDL₀₁ sé hæsta þolanlega váhrif af völdum blýs. Þar sem núverandi meðaltal blýmagns í blóði í evrópskum börnum er allt að fjórum sinnum hærra en hæstu þolanlegu váhrifastig og þar eð ekki er unnt að ákvarða viðmiðunarmörk fyrir taugaþroskunarfræðileg áhrif verður að forðast öll frekari váhrif eins og kostur er.
- 7) Með því að styðjast við nýjustu vísindalegu þróunar á aðferð, sem er að finna í skýrslu Hollensku lýðheilsu- og umhverfisstofnunarinnar frá 2008, við að reikna út örugg mörk efnisþátta í leikföngum og með því að beita nálguninni í tilskipun 2009/48/EB til að stjórna áhættunni sem stafar af sérstaklega eitruðum efnisþáttum á borð við blý, ætti að endurskoða mörkin fyrir blý í leikföngum, sem mælt er fyrir um í tilskipun 2009/48/EB, og í því skyni að vernda heilbrigði barna ætti að fastsetja mörkin við 5% af BMDL₀₁.
- 8) Í leiðréttingarskrá við skýrslu Hollensku lýðheilsu- og umhverfisstofnunarinnar frá 2008, sem var gefin út 2015, er tilgreint að gefa ætti upp magnið af þurru og fljótandi leikfangaefti, sem gert er ráð fyrir að börn láti ofan í sig, magnið sem tilmæli um viðmiðunarmörk í skýrslu Hollensku lýðheilsu- og umhverfisstofnunarinnar frá 2008 byggjast á, sem vikulegt magn í stað daglegs magns. Vísindanefndin um heilbrigðis- og umhverfisáhættu hélt því fram í kjölfarið að inntekið magn, sem upphaflega var mælt með, ætti áfram að gefa upp sem daglegt magn frekar en vikulegt magn og staðfesti þar með að aðferðin, sem var notuð í skýrslu Hollensku lýðheilsu- og umhverfisstofnunarinnar frá 2008 við útreikning á öruggum mörkum efnisþátta í leikföngum, væri rétt. Til samræmis við það ætti áfram að beita aðferðinni sem var notuð í skýrslu Hollensku lýðheilsu- og umhverfisstofnunarinnar frá 2008 til að mæla fyrir um endurskoðuð mörk fyrir blý í leikföngum.
- 9) Því ætti að breyta tilskipun 2009/48/EB til samræmis við það.
- 10) Nefndin, sem komið var á fót skv. 47. gr. tilskipunar 2009/48/EB, skilaði ekki álitum um ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, og framkvæmdastjórnin hefur því lagt tillögu fyrir ráðið varðandi þessar ráðstafanir og sent hana til Evrópuþingsins.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað færslunnar fyrir blý í töflunni í 13. lið III. hluta II. viðauka við tilskipun 2009/48/EB komi eftirfarandi:

„Blý	2,0	0,5	23“
------	-----	-----	-----

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 28. október 2018. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 28. október 2018.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 27. mars 2017.

Fyrir hönd ráðsins,

C. ABELA

forseti.

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/898

2017/EES/67/41

frá 24. maí 2017

um breytingu, að því er varðar samþykkt tiltekinna viðmiðunarmarkna um íðefni, sem eru notuð í leikföng, á viðbæti C við II. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/48/EB um öryggi leikfanga, að því er varðar bisfenól A (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/48/EB frá 18. júní 2009 um öryggi leikfanga⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 46. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun 2009/48/EB eru settar tilteknar kröfur um íðefni, sem eru flokkuð sem krabbameinsvaldandi efni, stökkbreytandi efni eða efni sem hafa eiturrhrif á æxlun, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008⁽²⁾. Í viðauka C við II. viðauka við tilskipun 2009/48/EB er mælt fyrir um sértæk viðmiðunarmörk fyrir íðefni sem notuð eru í leikföng, sem eru ætluð börnum yngri en 36 mánaða, eða í önnur leikföng sem gert er ráð fyrir að notendur setji í munn.
- 2) Sértæku viðmiðunarmörkin fyrir bisfenól A (CAS-númer 80-05-7) eru 0,1 mg/l (flæðimörk). Í Evrópustöðlum EN 71-10:2005 (undirbúningur sýnis) og EN 71-11:2005 (mæling) eru gefnar viðeigandi prófunaraðferðir.
- 3) Í EN 71-10:2005 er þess krafist að 10 cm² af leikfangaefni séu dregnir út með 100 ml af vatni á einni klukkustund. Þannig þýðir samræmi við sértæku 0,1 mg/l viðmiðunarmörkin að meðan á þessum útdrætti stendur mega í mesta lagi 0,01 mg af bisfenóli A flæða út úr leikfangaefninu.
- 4) Framkvæmdastjórnin kom á fót sérfræðingahóp um öryggi leikfanga til að veita sér ráðgjöf við undirbúning tillagna að nýrri löggjöf og stefnufrumkvæða á sviði leikfangaöryggis. Hlutverk þessa undirhóps, sem ber heitið „íðefni“, er að veita slíka ráðgjöf um íðefni sem heimilt er að nota í leikföngum. Undirhópur sérfræðingahópsins um leikfangaöryggi, „íðefni“, ákvað á fundi sínum 1. október 2015 að beiting sértæku viðmiðunarmarkanna og prófunaraðferðanna, sem sett eru fram hér að framan, leiði til þess að barn, sem vegur 10 kg og hefur leikfang í snertingu við munn í þrjár klukkustundir daglega, verði fyrir váhrifum sem nema 3 míkrógrömmum á hvert kíló líkamsþyngdar.
- 5) Ný gögn um bisfenól A og vönduð aðferðafræði gerðu það að verkum að sérfræðinganefnd Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (EFSA) um efnivið sem kemst í snertingu við matvæli, ensím og hjálparefni við vinnslu setti fram „tímabundna“ þolanlega, daglega inntöku fyrir bisfenól A sem miðast við 4 míkrógrömm á hvert kíló líkamsþyngdar á dag⁽³⁾. Sérfræðinganefndin um efnivið sem kemst í snertingu við matvæli, ensím og hjálparefni við vinnslu tiltók að þolanlega, daglega inntakan væri tímabundin þar til niðurstöður fást úr langtímarannsókn á rottum, þar sem váhrif vegna bisfenóls A eru skoðuð bæði á fósturstigi og eftir fæðingu, sem nú stendur yfir á vegum landsáætlunarinnar um eiturefnarannsóknir hjá Matvæla- og lyfjaeftirliti Bandaríkjanna.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 138, 25.5.2017, bls. 128. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 177/2017 frá 22. september 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjtið. ESB L 170, 30.6.2009, bls. 1.

(2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og þökkun efna og blandna, um breytingu og niðurfellingu á tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1907/2006 (Stjtið. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1).

(3) EFSA Panel on Food Contact Materials, Enzymes, Flavourings and Processing Aids (CEF) (2015) Scientific Opinion on the risks to public health related to the presence of bisphenol A (BPA) in foodstuffs: PART II — Toxicological assessment and risk characterisation. Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2015 13(1), 3978, bls. 196.

http://www.efsa.europa.eu/sites/default/files/scientific_output/files/main_documents/3978part2.pdf

- 6) Í ljósi framangreindra upplýsinga mælti undirhópur sérfræðingahópsins um leikfangaöryggi, „íðefni“, á fundi sínum 1. október 2015, með því að takmarka innihald bisfenóls A í leikföngum við 0,04 mg/l (flæðimörk) þegar það er prófað í samræmi við EN 71-10:2005 og EN 71-11:2005, þar sem gert er ráð fyrir 10 kg líkamsþyngd barns, þrjár klukkustundir í snertingu við munn á dag, að yfirborð leikfangs í snertingu við munn sé 10 cm² og 10% af tímabundinni, þolanlegri, daglegri inntöku séu skilgreind sem váhrif á barn frá bisfenóli A úr leikföngum. Sérfræðingahópurinn um leikfangaöryggi studdi þessi tilmæli á fundi sínum 14. janúar 2016.
- 7) Jafnvel þótt í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 10/2011 ⁽¹⁾ sé mælt fyrir um sértæk flæðimörk fyrir bisfenól A sem einliðu til notkunar í tilteknum efnivið sem kemst í snertingu við matvæli, ásamt því að bannað er að nota bisfenól A til framleiðslu á ungbarnapelum úr pólýkarbónati, eru grunnforsendurnar fyrir ákvörðun þeirra flæðimarka og að mæla fyrir um bannið aðrar en þær sem liggja að baki ákvörðunar á flæðimörkum fyrir bisfenól A í leikföngum.
- 8) Í ljósi fyrirbyggjandi vísindapekkingar og með tilliti til mismunarins á milli leikfanga og efniviðar sem kemst í snertingu við matvæli eru núgildandi sértæk viðmiðunarmörk fyrir bisfenól A of há og ætti að endurskoða þau.
- 9) Verið er að endurskoða áhrifin af bisfenóli A á vísindalegum vettvangi. Jafnvel þótt nauðsynlegt gæti reynst að endurskoða flæðimörkin ef viðeigandi nýjar vísindalegar upplýsingar koma fram seinna meir ætti að mæla fyrir um mörk sem endurspeglar núgildandi vísindapekkingu til að tryggja viðeigandi vernd fyrir börn.
- 10) Breyta ætti viðbæti C við II. viðauka við tilskipun 2009/48/EB til samræmis við það.
- 11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um öryggi leikfanga sem komið var á fót skv. 47. gr. tilskipunar 2009/48/EB.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað færslunnar fyrir bisfenól A í töflunni í viðbæti C við II. viðauka við tilskipun 2009/48/EB komi eftirfarandi:

„Bisfenól A	80-05-7	0,04 mg/l (flæðimörk) í samræmi við aðferðirnar sem mælt er fyrir um í EN 71-10:2005 og EN 71-11:2005.“
-------------	---------	---

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 25. nóvember 2018. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 26. nóvember 2018.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

⁽¹⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 10/2011 frá 14. janúar 2011 um efnivið og hluti úr plasti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli (Stjtið ESB L 12, 15.1.2011, bls. 1).

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 24. maí 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/774

2017/EES/67/42

frá 3. maí 2017

um breytingu, að því er varðar samþykkt tiltekinna viðmiðunarmarkna um íðefni, sem eru notuð í leikföng, á viðbæti C við II. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/48/EB um öryggi leikfanga, að því er varðar fenól (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/48/EB frá 18. júní 2009 um öryggi leikfanga ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 46. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Til að tryggja öflugna vernd barna gegn áhættu, sem stafar af íðefnum í leikföngum, eru í tilskipun 2009/48/EB settar tilteknar kröfur að því er varðar íðefni, s.s. þau sem flokkuð eru sem krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða sem efnir sem hafa eiturrhif á æxlun samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 ⁽²⁾, ofnæmisvaldandi lyktarefni og tiltekin frumefni. Að auki heimilar tilskipun 2009/48/EB framkvæmdastjórninni að samþykka tiltekin viðmiðunarmörk fyrir íðefni, sem notuð eru í leikföngum, sem eru ætluð börnum yngri en 36 mánaða og í öðrum leikföngum, sem gert er ráð fyrir að séu sett í munn, til þess að tryggja fullnægjandi vernd ef um er að ræða leikföng sem geta valdið miklum váhrifum. Samþykkt slíkra viðmiðunarmarkna byggist á því að þau séu færð í viðbæti C við II. viðauka við tilskipun 2009/48/EB.
- 2) Fyrir sum íðefni eru gildandi viðmiðunarmörk annaðhvort of há, í ljósi fyrirbyggjandi vísindabekkingar, eða þau eru ekki til staðar. Tiltekin viðmiðunarmörk skulu því samþykkt fyrir þau, að teknu tilliti til krafna um umbúðir fyrir matvæli, sem og mismunar á leikföngum og efnum sem komast í snertingu við matvæli.
- 3) Framkvæmdastjórnin kom á fót sérfræðingahóp um öryggi leikfanga sem á að veita framkvæmdastjórn Evrópusambandsins ráðgjöf við undirbúning tillagna að nýrri löggjöf og stefnufrumkvæða á sviði leikfangaöryggis. Verkefni undirhóps hans „íðefni“ er að veita slíka ráðgjöf að því er varðar íðefni sem heimilt er að nota í leikföngum.
- 4) Fenól (CAS-nr. 108-95-2) er notað sem einliða fyrir fenólresín til að framleiða leikföng úr viði sem límdur er saman með trjákvöðu ⁽³⁾. Niðurbrot fenólandoxunarefna í fjölliðum getur verið frekari uppspretta fenóls í leikföngum ⁽⁴⁾. Fenól greindist við losun efna frá leikjatölvum ⁽⁵⁾, í einu af hverjum sex leikjatöldum eða -göngum fyrir börn sem voru greind ⁽⁶⁾ og í umbúðafilmu ⁽⁷⁾, einnig greindist það í baðleikföngum og öðrum uppblásanlegum leikföngum ⁽⁸⁾ og það var talið vera til staðar í pólývínýlklóríði (PVC) ⁽⁹⁾. Þar að auki væri hægt að nota fenól sem rotvarnarefni í leikföngum sem eru að stofni til úr vatni, eins og vörur til sápuklugerðar eða fljótandi blek sem er að stofni til úr vatni (t.d. filtpennar til merkingar) ⁽¹⁰⁾.
- 5) Undirhópurinn „íðefni“ byggði umfjöllun sína um fenól á Evrópustaðlinum EN 71-9:2005+A1:2007, EN 71-10:2005 og EN 71-11:2005. Í þessum stöðlum er vísað til þess að fenól sé til staðar í leikfangaefnum (EN 71-9:2005+A1:2007) og þar eru lánar í té tilteknar aðferðir við undirbúning sýna (EN 71-10:2005) og mælingar (EN 71-11:2005). Í Evrópustaðlinum EN 71-11:2005 eru viðmiðunarmörk fyrir fenól í leikfangaefnum, sem eru ákvörðuð í EN 71-9:2005+A1:2007, endurtekin og tilgreind enn frekar, þ.e. 15 mg/l (flæðimörk) fyrir fenól sem einliðu og 10 mg/kg (viðmiðunarmörk fyrir innihald) fyrir fenól sem rotvarnarefni í fljótandi leikfangaefnum.
- 6) Undirhópurinn „íðefni“ tók einnig mið af ráðleggingum frá vísindanefndinni um heilbrigðis- og umhverfisáhættu (SCHER) um að lækka beri 15 mg/l flæðimörk fenóls, sem er ákvarðað í fyrirbyggjandi Evrópustaðli, um a.m.k. tvo stuðla til að ná váhrifamörkum sem nema 100 sem gætu talist nægilega há ⁽¹¹⁾.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtd. ESB L 115, 4.5.2017, bls. 47. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 178/2017 frá 22. september 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

- 7) Undirhópurinn „Íðefni“ tók enn fremur mið af álitni sérfræðinganevndar um efni sem komast í snertingu við matvæli, ensím, bragðefni og hjálparefni við vinnslu (CEF) hjá Matvælaöryggisstofnun Evrópu (EFSA), sem minnkaði þolanlega, daglega inntöku fenóls úr 1,5 mg/kg líkamsþyngdar á dag í 0,5 mg/kg líkamsþyngdar á dag ⁽¹²⁾.
- 8) Fenól er flokkað, samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1272/2008, sem stökkbreytandi efni í undirflokki 2. Samkvæmt 5. lið III. hluta II. viðauka við tilskipun 2009/48/EB mega stökkbreytandi efni í undirflokki 2, eins og fenól, vera til staðar í leikföngum í styrk sem er jafn og eða minni en viðkomandi styrkur sem er ákvarðaður varðandi flokkun blandna sem innihalda það, þ.e. 1%, sem er jafnt og 10 000 mg/kg (viðmiðunarmörk fyrir innihald). Í tilskipun 2009/48/EB er, sem stendur, ekki kveðið á um flæðimörk fyrir fenól.
- 9) Í ljósi framangreinds lagði undirhópurinn „Íðefni“ til á fundum sínum 26. mars 2014 og 18. febrúar 2015 að fenól í leikföngum verði takmarkað við 5 mg/l (flæðimörk) þegar það greinist í fjölliðuefnum, og að hámarksstyrkur þess verði 10 mg/kg (viðmiðunarmörk fyrir innihald) þegar það greinist sem rotvarnarefni þar sem gengið er út frá því að 10 mg/kg (viðmiðunarmörk fyrir innihald) séu í reynd notkunarbann. Framkvæma ætti greiningar í samræmi við Evrópustaðlana EN 71-10:2005 og EN 71-11:2005.
- 10) Jafnvel þótt almenn flæðimörk séu til staðar fyrir fenól sem einliðu til notkunar í tilteknum efnum sem komast í snertingu við matvæli eru grunnforsendurnar til að leiða út þessi flæðimörk aðrar en þær sem gilda um viðmiðunarmörk fyrir innihald fenóls sem einliðu í leikföngum. Ekki hafa verið settar reglur um notkun fenóls sem rotvarnarefni í efnum sem komast í snertingu við matvæli.
- 11) Í ljósi framangreinds ætti því að breyta viðbæti C við II. viðauka tilskipunar 2009/48/EB til að bæta við hann flæðimörkum og viðmiðunarmörkum fyrir innihald fenóls í leikföngum.
- 12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 47. gr. tilskipunar 2009/48/EB.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi færsla bætist við í viðbæti C í II. viðauka við tilskipun 2009/48/EB:

Efni	CAS-nr.	Viðmiðunarmörk
„Fenól	108-95-2	5 mg/l (flæðimörk) í fjölliðuefnum í samræmi við aðferðirnar sem mælt er fyrir um í EN 71-10:2005 og EN 71-11:2005. 10 mg/kg (viðmiðunarmörk fyrir innihald) sem rotvarnarefni í samræmi við aðferðirnar sem mælt er fyrir um í EN 71-10:2005 og EN 71-11:2005.“

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 4. nóvember 2018. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 4. nóvember 2018.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 3. maí 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 170, 30.6.2009, bls. 1.

⁽²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og þökkun efna og blandna, um breytingu og niðurfellingu á tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1907/2006 (Stjtið. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1).

⁽³⁾ E. Edmonds (2013) Occurrence of Phenol and Formaldehyde in Toys. Report commissioned by Toy Industries of Europe, bls. 4.

⁽⁴⁾ Sjá 3. neðanmálgrein, bls. 5 og 8.

⁽⁵⁾ Rannsókn dönsku umhverfisverndarstofnunarinnar (EPA) frá 2003, Survey of chemical substances in consumer products Survey no. 32 — 2003. Emission and evaluation of chemical substances from selected electrical and electronic products, bls. 47. <http://eng.mst.dk/media/mst/69115/32.pdf>

⁽⁶⁾ Danska umhverfisverndarstofnunin (2004), Mapping of Chemical Substances in Consumer Products nr. 46, 2004. Release of chemical substances from tents and tunnels for children. <http://eng.mst.dk/media/mst/69127/46.pdf>

1017000	g) <i>Önnur alin landdýr</i>	
1017010	Vöðvi	
1017020	Fituvefur	
1017030	Lifur	
1017040	Nýru	
1017050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)	
1017990	Annað	
1020000	Mjólk	0,01 (*)
1020010	Nautgripir	
1020020	Sauðfé	
1020030	Geitur	
1020040	Hestar	
1020990	Annað	
1030000	Fuglsegg	0,01 (*)
1030010	Hænsni	
1030020	Endur	

1)	2)	3)
1030030	Gæsir	
1030040	Kornhænur	
1030990	Annað	
1040000	Hunang og aðrar býræktarafurðir	0,05 (*)
1050000	Froskdýr og skriðdýr	0,01 (*)
1060000	Landhryggleysingar	0,01 (*)
1070000	Villt landhryggdýr	0,01 (*)

(*) Neðri greiningarmörk

(^a) Fyrir fullgerða skrá yfir afurðir úr plöntu- og dýraríkinu sem hámarksgildi leifa eiga við um skal vísa í I. viðauka.

(F) = Fituleysanlegt

Bítertanól (summa hverfnanna) (F)

(+) Gildandi hámarksgildi leifa fyrir piparrót (*Armoracia rusticana*) í flokknum krydd (kenninúmer 0840040) er það sem fastsett hefur verið fyrir piparrót (*Armoracia rusticana*) í grænmetisflokki, rótar- og hnýðisgrænmetisflokki (kenninúmer 0213040) að teknu tilliti til breytinga á gildum eftir vinnslu (þurrkun) skv. 1. mgr. 20. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005.

0840040 Piparrót“

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2014/26/ESB

2017/EES/67/49

frá 26. febrúar 2014

um sameiginlega umsýslu höfundarréttar og skyldra réttinda og leyfisveitingar yfir landamæri vegna netnotkunar á tónverkum á innri markaðnum (*)

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFU,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 50. gr. (1. mgr.), 53. gr. (1. mgr.) og 62. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ⁽¹⁾,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ⁽²⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Tilskipanir Sambandsins, sem hafa verið samþykktar á sviði höfundarréttar og skyldra réttinda, veita réttihöfum nú þegar víðtæka vernd og þar með ramma sem tekur til nýtingar á efni sem verndað er með þessum réttindum. Þessar tilskipanir stuðla að þróun og viðhaldi sköpunarmáttar. Á innri markaði þar sem ekki er röskun á samkeppni er vernd nýsköpunar og hugverka einnig hvatning til að fjárfesta í nýsköpunarþjónustu og -vörum.
- 2) Við dreifingu efnis sem er verndað af höfundarrétti og skyldum réttindum, þ.m.t. bækur, efni fyrir hljóð- og myndmiðla og tónlistarupptökur og þjónusta tengd því, er nauðsynlegt að fá leyfi fyrir réttindunum frá mismunandi handhöfum höfundarréttar og skyldra réttinda, s.s. höfundum, listflytjendum, framleiðendum og útgefendum. Yfirleitt er það réttihafinn sem velur milli einstaklingsbundinnar eða sameiginlegrar umsýslu

réttinda sinna, nema aðildarríkin kveði á um annað, í samræmi við löggjöf Sambandsins og alþjóðlegar skuldbindingar Sambandsins og aðildarríkja þess. Umsýsla höfundarréttar og skyldra réttinda tekur til leyfisveitinga til notenda, úttektar á notendum, eftirlits með notkun réttinda, framfylgdar höfundarréttar og skyldra réttinda, innheimtu tekna af réttindum sem leiðir af nýtingu réttindanna og úthlutun fjárhæða sem ber að greiða réttihöfum. Sameiginlegar umsýslustofnanir sjá til þess að réttihafar fái endurgjald vegna notkunar sem þeir væru ekki í aðstöðu til að hafa eftirlit með eða framfylgja sjálfir, þ.m.t. á erlendum mörkuðum.

- 3) Í ákvæðum 167. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins er þess krafist að Sambandið taki tillit til menningarlegrar fjölbreytni í aðgerðum sínum og stuðli að því að menning aðildarríkjanna nái að blómstra og virði margbreytileika þeirra eftir löndum og svæðum, en haldi jafnframt sameiginlegri menningararfleið á lofti. Sameiginlegar umsýslustofnanir gegna, og ættu að gegna áfram, mikilvægu hlutverki með því að stuðla að fjölbreytileika menningarlegra tjáningarforma, bæði með því að veita þeim verkaskrár sem hafa að geyma fæst verk og eru síður vinsælar aðgang að markaðnum og með því að veita félagslega, menningarlega og menntunartengda þjónustu í þágu rétthafa sinna og almennings.
- 4) Sameiginlegar umsýslustofnanir með staðfestu í Sambandinu ættu að geta notið þess frelsis sem kveðið er á um í sáttmálanum þegar þær eru í fyrirsvari fyrir rétthafa sem eru búsettir eða með staðfestu í öðrum aðildarríkjum eða annast leyfisveitingar til notenda sem eru búsettir eða með staðfestu í öðrum aðildarríkjum.
- 5) Mikill munur er á milli landsreglna sem gilda um starfsemi slíkra sameiginlegra umsýslustofnana, einkum að því er varðar gagnsæi þeirra og ábyrgðarskyldu gagnvart félagsaðilum þeirra og réttihöfum. Þetta hefur í mörgum tilvikum valdið erfiðleikum, einkum fyrir erlenda rétthafa þegar þeir leita réttar síns, og lélegri fjármálastjórnun á innheimtum tekjum. Vandkvæði varðandi starfsemi sameiginlegra umsýslustofnana leiða til óhagkvæmni við nýtingu höfundarréttar og skyldra réttinda á öllum innri markaðnum, og eru til boga fyrir félagsaðila sameiginlegra umsýslustofnana, rétthafa og notendur.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 84, 20.3.2014, bls. 72. Henni var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 186/2017 frá 22. september 2017 um breytingu á XVII. viðauka (Hugverkaréttindi) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB C 44, 15.2.2013, bls. 104.

⁽²⁾ Afstaða Evrópuþingsins frá 4. febrúar 2014 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 20. febrúar 2014.

- 6) Þörfin á að bæta starfsemi sameiginlegra umsýslustofnana hefur þegar verið skilgreind í tilmælum framkvæmdastjórnarinnar 2005/737/EB ⁽¹⁾. Í þeim tilmælum eru settar fram nokkrar meginreglur, s.s. að réttihöfum sé frjálst að velja sér sameiginlegar umsýslustofnanir, að mismunandi flokkar rétthafa fái jafna meðferð og að úthlutun rétthafagreiðslna sé sanngjörn. Þar er mælt til þess að sameiginlegar umsýslustofnanir sjái notendum fyrir fullnægjandi upplýsingum um gjaldskrár og verkaskrár áður en samningaviðræður fara fram milli þeirra. Í þeim eru einnig tilmæli um ábyrgðarskyldu, fyrirsvar rétthafa hjá þeim aðilum sem fara með ákvarðanatöku innan sameiginlegra umsýslustofnana og lausn deilumála. Tilmælunum hefur hins vegar verið misjafnlega fylgt eftir.
- 7) Hagsmunavernd félagsaðila sameiginlegra umsýslustofnana, rétthafa og þriðju aðila krefst þess að lög aðildarríkjanna er varða umsýslu höfundarréttar og leyfisveitingar yfir landamæri vegna réttinda til netnotkunar á tónverkum skuli samræmd með það fyrir augum að verndarráðstafanir séu jafngildar alls staðar í Sambandinu. Af þeim sökum ætti lagagrunnur þessarar tilskipunar að vera 1. mgr. 50. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.
- 8) Tilgangurinn með þessari tilskipun er að kveða á um samræmingu landsreglna um aðgang sameiginlegra umsýslustofnana að þeirri starfsemi sem lýtur að umsjón með höfundarrétti og skyldum réttindum, fyrirkomulagi við stjórnun þeirra og eftirlitsramma, því ætti 1. mgr. 53. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins einnig að vera lagagrunnur hennar. Auk þess ætti lagagrunnur þessarar tilskipunar, þar sem hún tekur til geira sem veitir þjónustu í öllu Sambandinu, að vera 62. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.
- 9) Tilgangurinn með þessari tilskipun er að mæla fyrir um ákvæði, sem gilda um sameiginlegar umsýslustofnanir, í því skyni að tryggja strangar kröfur um stjórnunarhætti, fjármálastjórnun, gagnsæi og skýrslugjöf. Þetta ætti þó ekki að fyrirbyggja að aðildarríkin viðhaldi eða geri strangari kröfur, í tengslum við sameiginlegar umsýslustofnanir með staðfestu á yferráðasvæði þeirra, en þær sem mælt er fyrir um í II. bálki þessarar tilskipunar, svo fremi að strangari kröfur á borð við þær séu í samræmi við löggjöf Sambandsins.
- 10) Ekkert í þessari tilskipun ætti að koma í veg fyrir að aðildarríki beiti sömu eða sambærilegum ákvæðum varðandi sameiginlegar umsýslustofnanir sem hafa staðfestu utan Sambandsins en eru starfræktar í því aðildarríki.
- 11) Ekkert í þessari tilskipun ætti að koma í veg fyrir að sameiginlegar umsýslustofnanir geri fyrirsvarssamninga við aðrar sameiginlegar umsýslustofnanir — í samræmi við samkeppnisreglurnar sem mælt er fyrir um í 101. og 102. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins — á sviði réttindaumsýslu til þess að auðvelda, bæta og einfalda málsmeðferð vegna leyfisveitinga til notenda, þ.m.t. að því er varðar að gera einn reikning, við jafngild, gagnsæ skilyrði og án mismununar, einnig vegna leyfisveitinga yfir landamæri á öðrum sviðum en þeim sem um getur í III. bálki þessarar tilskipunar.
- 12) Þessi tilskipun, sem gildir um allar sameiginlegar umsýslustofnanir, að undanskildum III. bálki sem gildir einungis um sameiginlegar umsýslustofnanir sem annast sameiginlega umsýslu höfundarréttinda á tónverkum til netnotkunar yfir landamæri, stangast ekki á við fyrirkomulag við réttindaumsýslu í aðildarríkjunum, s.s. einstaklingsbundna umsýslu, rýmkuð áhrif samnings milli viðkomandi sameiginlegrar umsýslustofnunar og notanda, þ.e. samningskvaðaleyfi, skyldubundna sameiginlega umsýslu, lagalegar forsendur fyrir málsvari og yfirfærslu réttinda til sameiginlegra umsýslustofnana.
- 13) Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á þann möguleika aðildarríkja að ákvarða, í þessu skyni, með lögum, reglugerð eða annarri sérstakri málsmeðferð, sanngjarnar bætur til rétthafa fyrir undanþágur eða takmarkanir á rétti til eftirgerðar, sem kveðið er á um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/29/EB ⁽²⁾, og greiðslur til rétthafa vegna frávika frá einkarétti til útlána til almennings, sem kveðið er á um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/115/EB ⁽³⁾, sem gildir á yferráðasvæði þeirra ásamt þeim skilyrðum sem gilda um innheimtu þeirra.
- 14) Í þessari tilskipun er þess ekki krafist að sameiginlegar umsýslustofnanir innleiði sérstakt lögákvæðið rekstrarform. Í raun fellur starfsemi þessara stofnana undir mismunandi lögákvæðin rekstrarform, s.s. samtök, samvinnufélög eða félög með takmarkaðri ábyrgð sem eru undir yferráðum eða í eigu handhafa höfundarréttar og skyldra réttinda eða eininga sem eru fulltrúar slíkra rétthafa. Í sumum undantekningartilvikum er þó, vegna lögákvæðins rekstrarforms sameiginlegrar umsýslustofnunar, ekki um eignarhald eða yferráð að ræða. Þetta á t.d. við um sjálfseignarstofnanir sem ekki hafa

⁽¹⁾ Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2005/737/EB frá 18. maí 2005 um sameiginlega umsýslu höfundarréttar og skyldra réttinda yfir landamæri fyrir löglega tónlistarþjónustu á Netinu (Stjtið. ESB L 276, 21.10.2005, bls. 54).

⁽²⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/29/EB frá 22. maí 2001 um samræmingu tiltekinnna þátta höfundarréttar og skyldra réttinda í upplýsingasamfélaginu (Stjtið. EB L 167, 22.6.2001, bls. 10).

⁽³⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/115/EB frá 12. desember 2006 um leigu- og útlánsrétt og önnur tiltekin réttindi, tengd höfundarrétti, á sviði hugverkarréttar (Stjtið. ESB L 376, 27.12.2006, bls. 28).

félagsaðila. Samt sem áður ættu ákvæði þessarar tilskipunar einnig að gilda um þessar stofnanir. Á sama hátt ættu aðildarríki að gera viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir að skuldbindingar samkvæmt þessari tilskipun verði sniðgengnar með valinu á lögakveðnu rekstrarformi. Vakin skal athygli á því að einingar, sem eru í fyrirsvari fyrir réttthafa og sem eru félagsaðilar sameiginlegra umsýslustofnana, geta verið aðrar sameiginlegar umsýslustofnanir, samtök réttthafa, stéttarfélög eða önnur samtök.

- 15) Réttihöfum ætti að vera frjálst að fela sjálfstæðum umsýslueiningum að annast réttindi sín. Slíkar sjálfstæðar umsýslueiningar eru viðskiptaeiningar sem eru frábrugðnar sameiginlegum umsýslustofnunum, m.a. vegna þess að þær eru ekki í eigu eða undir yfirráðum réttthafa. En að svo miklu leyti sem sjálfstæðar umsýslueiningar stunda sömu starfsemi og sameiginlegar umsýslustofnanir ætti þeim að vera skylt að sjá þeim réttihöfum, sem þær eru í fyrirsvari fyrir, sameiginlegum umsýslustofnunum, notendum og almenningi fyrir tilteknum upplýsingum.
- 16) Framleiðendur efnis fyrir hljóð- og myndmiðla, hljómplötuframleiðendur og útvarpsrekendur veita leyfi fyrir eigin réttindum, í ákveðnum tilvikum samhliða réttindum sem t.d. listflytjendur hafa framselt þeim á grundvelli samninga sem gerðir eru sérstaklega og starfa í eigin þágu. Útgefendur bóka, tónlistar eða fréttablaða veita leyfi fyrir réttindum, sem þeim hafa verið framseld á grundvelli samninga sem gerðir eru sérstaklega og starfa í eigin þágu. Því ætti ekki að líta á framleiðendur efnis fyrir hljóð- og myndmiðla, hljómplötuframleiðendur, útvarpsrekendur og útgefendur sem „sjálfstæðar umsýslueiningar“. Enn fremur ætti ekki að líta á umboðsmenn og fulltrúa höfunda og listflytjenda, sem starfa sem milliliðir og koma fram fyrir hönd réttthafa í samskiptum þeirra við sameiginlegar umsýslustofnanir, sem „sjálfstæðar umsýslueiningar“ þar sem þeir hafa ekki umsjón með málum er varða réttindi í þeim skilningi að ákvarða gjaldskrár, veita leyfi eða innheimta peninga frá notendum.
- 17) Sameiginlegum umsýslustofnunum ætti að vera frjálst að láta dótturfyrirtæki eða aðrar einingar undir þeirra yfirráðum sjá um tiltekna starfsemi á þeirra vegum, s.s. að útbúa reikninga á notendur eða úthluta fjárhæðum til réttthafa. Í slíkum tilvikum ættu þau ákvæði þessarar tilskipunar, sem myndu gilda ef sameiginlegar umsýslustofnanir sæju beint um viðkomandi starfsemi, að gilda um starfsemi dótturfyrirtækjanna eða annarra eininga.
- 18) Til þess að tryggja að handhafar höfundarréttar og skyldra réttinda geti nýtt sér til fulls innri markaðinn þegar umsýsla réttinda þeirra er sameiginleg og að frelsi þeirra til að neyta réttinda sinna verði ekki fyrir áhrifum að ástæðulausu er nauðsynlegt að kveða á um viðeigandi verndarráðstafanir í samþykktum

sameiginlegra umsýslustofnana. Enn fremur ættu sameiginlegar umsýslustofnanir ekki að mismuna réttihöfum beint eða óbeint á grundvelli þjóðernis þeirra, búsetustaðar eða staðfestustaðar þegar þeir veita þeim umsýsluþjónustu.

- 19) Með hliðsjón af því frelsi sem komið var á með sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins ætti að fylgja sameiginlegri umsýslu höfundarréttar og skyldra réttinda að réttthafa sé frjálst að velja sameiginlega umsýslustofnun til að sjá um réttindi sín, hvort sem þessi réttindi fela í sér miðlun til almennings eða réttindi til fjölföldunar, eða réttindaflokka sem eru tengdir ákveðnu formi nýtingar, s.s. dreifingu hljóðvarps- og sjónvarpsefnis, leikhússýningum eða afritun til dreifingar á Netinu svo fremi að sú sameiginlega umsýslustofnun sem réttthafinn kys að velja sér annist þegar slík réttindi eða flokka réttinda.

Samþykkja ætti réttindi, réttindaflokka eða tegundir verka og annað efni, sem sameiginleg umsýslustofnun annast, á aðalfundi félagsaðila hennar ef þau hafa ekki þegar verið ákvörðuð í samþykktum hennar eða kveðið á um þau í lögum. Mikilvægt er að réttindi og réttindaflokkar verði ákvörðuð á þann hátt að jafnvægi sé milli umráðaréttar réttthafa á verkum sínum og annars efnis og getu stofnunarinnar til að sjá um réttindin á skilvirkan hátt, einkum með tilliti til réttindaflokkanna sem stofnunin annast og þess skapandi geira sem hún starfar í. Að teknu tilhlýðilegu tilliti til þessa jafnvægis ættu réttthafar auðveldlega að geta dregið til baka slík réttindi eða réttindaflokka frá sameiginlegri umsýslustofnun og annast sjálfir þau réttindi eða falið eða framselt umsýslu þeirra, að öllu leyti eða að hluta, annari umsýslustofnun eða annari einingu, án tillits til þess í hvaða aðildarríki sameiginlega umsýslustofnunarinnar, hin einingin eða réttthafinn hefur ríkisfang, búsetu eða staðfestu. Ef aðildarríki, í samræmi við lög Sambandsins og alþjóðlegar skuldbindingar Sambandsins og aðildarríkja þess, kveður á um skyldubundna sameiginlega umsýslu réttinda myndi val réttthafa takmarkast við aðrar sameiginlegar umsýslustofnanir.

Sameiginlegar umsýslustofnanir sem annast mismunandi tegundir verka og annað efni, s.s. bókmennta-, tónlistar- eða ljósmyndaverk, ættu einnig að veita réttihöfum þennan sveigjanleika að því er varðar umsýslu mismunandi tegunda verka og annars efnis. Að því leyti er varðar notkun sem tengist ekki viðskiptahagsmunum ættu aðildarríki að sjá til þess að sameiginlegar umsýslustofnanir geri nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að réttthafar þeirra geti neytt þess réttar að veita leyfi fyrir slíkri notkun. Slíkar ráðstafanir ættu m.a. að fela í sér ákvörðun sameiginlegru umsýslustofnunarinnar um skilyrðin sem tengjast því að neyta þeirra réttinda ásamt því að veita

félagsaðilum hennar upplýsingar um þessi skilyrði. Sameiginlegar umsýslustofnanir ættu að tilkynna réttihöfum um þessa valmöguleika og gera þeim kleift að neyta réttindanna sem tengjast þessum möguleikum eins auðveldlega og hægt er. Þetta má tilkynna réttihöfum, sem þegar hafa veitt sameiginlegu umsýslustofnuninni heimild, á vefsíðu stofnunarinnar. Krafa um samþykki réttihafa að því er varðar leyfi til að annast hver og ein réttindi, réttindaflokka eða tegundir verka og annað efni ætti ekki að koma í veg fyrir að réttihafar samþykki fyrirhugaðar síðari breytingar á því leyfi með þegjandi samkomulagi í samræmi við skilyrðin sem sett eru fram í landslögum. Hvorki samningsbundið fyrirkomulag, þar sem uppsögn eða afturköllun af hálfu réttihafa hefur tafarlaus áhrif á leyfi sem eru veitt áður en til slíkrar uppsagnar eða afturköllunar kemur, né samningsbundið fyrirkomulag, þar sem slík leyfi verða ekki fyrir áhrifum í tiltekinn tíma eftir slíka uppsögn eða afturköllun, er, sem slíkt, útilokað með þessari tilskipun. Slíkt fyrirkomulag ætti þó ekki að hamla gegn því að þessari tilskipun sé beitt að fullu. Þessi tilskipun ætti ekki að hafa áhrif á möguleika réttihafa til annast réttindi sín hver fyrir sig, þ.m.t. vegna notkunar sem er ekki í viðskiptaskyni.

20) Aðild að sameiginlegum umsýslustofnunum ætti að byggjast á viðmiðunum sem eru hlutlægar, gagnsæjar og án mismununar, þ.m.t. að því er varðar útgefendur sem á grundvelli samnings um nýtingu réttinda eiga rétt á hluta tekna af réttindunum sem sameiginlegar umsýslustofnanir annast og að innheimta slíkar tekjur hjá þeim. Þessar viðmiðanir ættu ekki að skuldbinda sameiginlegar umsýslustofnanir til að taka við félagsaðilum með réttindi, réttindaflokka eða tegundir verka eða annað efni sem fellur utan starfssviðs þeirra. Í skráum sem sameiginleg umsýslustofnun heldur ætti að koma fram auðkenning og staðsetning félagsaðila hennar og réttihafa sem hún sinnir réttindagæslu fyrir á grundvelli leyfis viðkomandi réttihafa.

21) Til þess að vernda þessa réttihafa, þegar sameiginlega umsýslustofnunin er beint í fyrirsvari fyrir réttindi þeirra en þeir uppfylla ekki aðildarkröfur hennar, þykir rétt að krefjast þess að tiltekin ákvæði þessarar tilskipunar er varða félagsaðila gildi einnig um slíka réttihafa. Aðildarríki ættu að geta veitt slíkum réttihöfum rétt til að taka þátt í ákvarðanatökufjerli sameiginlegu umsýslustofnunarinnar.

22) Sameiginlegar umsýslustofnanir ættu að starfa með bestu sameiginlega hagsmuni réttihafanna, sem þær eru í fyrirsvari fyrir, að leiðarljósi. Því er mikilvægt að hafa

kerfi sem gera félagsaðilum sameiginlegrar umsýslustofnunar kleift að neyta aðildarréttar síns með því að taka þátt í ákvarðanatökufjerli hennar. Sumar sameiginlegar umsýslustofnanir hafa mismunandi flokka félagsaðila sem geta verið fulltrúar mismunandi tegunda réttihafa, s.s. framleiðendur og listflytjendur. Fyrirsvar í ákvarðanatökufjerli vegna þessara mismunandi flokka félagsaðila ætti að vera sanngjarnt og jafnt. Grundvöllurinn fyrir skilvirkni reglna um aðalfund félagsaðila sameiginlegra umsýslustofnana myndi veikjast ef ekki væru ákvæði um hvernig ætti að halda aðalfund. Því er nauðsynlegt að tryggja að boðað sé til aðalfundar reglulega, a.m.k. árlega, og að mikilvægustu ákvarðanir sameiginlegrar umsýslustofnunar séu teknar á aðalfundi.

23) Allir félagsaðilar sameiginlegra umsýslustofnana ættu að fá að taka þátt í aðalfundi og greiða atkvæði. Nýting þessara réttinda ætti einungis að vera háð sanngjörnum og hóflegum takmörkunum. Í sumum undantekningartilvikum er sameiginlegum umsýslustofnunum komið á fót með lögskipuðu rekstrarformi sjálfseignarstofnunar og hafa því ekki neina félagsaðila. Í slíkum tilvikum ætti aðillinn sem er falið eftirlitshlutverkið að fara með valdheimildir aðalfundar félagsaðila. Ef einingar, sem eru fulltrúar réttihafa, eru félagsaðilar sameiginlegra umsýslustofnana, eins og kann að vera ef sameiginleg umsýslustofnun er félag með takmarkaðri ábyrgð og félagsaðilar hennar eru samtök réttihafa, ættu aðildarríkin að geta séð til þess að fundur þessara réttihafa fari með valdheimildir aðalfundar félagsaðila, að hluta eða öllu leyti. Aðalfundur félagsaðila ætti a.m.k. að hafa vald til að setja ramma um starfsemi umsýslunnar, einkum með tilliti til notkunar sameiginlegu umsýslustofnunarinnar á tekjum af réttindum. Þetta ætti þó að vera með fyrirvara um möguleika aðildarríkja til að setja strangari reglur, t.d. um fjárfestingar, samruna eða lántökur, þ.m.t. bann við viðskiptum af þeim toga. Sameiginlegar umsýslustofnanir ættu að hvetja til virkrar þátttöku félagsaðila sinna á aðalfundinum. Auðvelda ætti félagsaðilum sem sitja aðalfundinn að neyta atkvæðisréttar og einnig þeim sem eru fjarverandi. Auk þess að geta nýtt réttar síns með rafrænum hætti ættu félagar að geta tekið þátt í aðalfundi félagsaðila og greitt atkvæði með því að veita öðrum umboð. Atkvæðagreiðsla með umboði ætti að vera takmörkuð ef um er að ræða hagsmunaaárekstra. En jafnframt ættu aðildarríki einungis að setja takmarkanir að því er varðar umboð ef það hefur ekki áhrif á viðeigandi og skilvirka þátttöku félagsaðila í ákvörðunartökufjerlinu. Einkum stuðlar tilnefning handhafa umboðs að viðeigandi og skilvirkri þátttöku félagsaðila í ákvörðunartökufjerlinu og veitir réttihöfum raunverulegt tækifæri til að velja sér sameiginlega umsýslustofnun án tillits til þess í hvaða aðildarríki stofnunin hefur staðfestu.

- 24) Félagsaðilar ættu að fá að taka þátt í stöðugu eftirliti með rekstri sameiginlegra umsýslustofnana. Í því skyni ættu þessar stofnanir að gegna eftirlitshlutverki sem hæfir stjórnskipulagi þeirra og ættu að gera ráð fyrir að aðilinn sem gegnir því hlutverki sé í fyrirsvari fyrir félagsaðila. Með hliðsjón af stjórnskipulagi sameiginlegru umsýslustofnunarinnar getur sérstakur aðili gegnt eftirlitshlutverkinu, t.d. eftirlitsstjórn eða einhverjir eða allir stjórnarmenn sem stjórna ekki starfsemi umsýslustofnunarinnar. Krafan um sanngjarnt og jafnvægt fyrirvar félagsaðila ætti ekki að koma í veg fyrir að sameiginleg umsýslustofnun tilnefni þriðju aðila til að gegna eftirlitshlutverkinu, þ.m.t. einstaklinga með viðeigandi sérfræðipækkingu og rétthafa sem uppfylla ekki kröfur um félagsaðild eða sem stofnunin er í fyrirsvari fyrir, ekki beint heldur fyrir milligöngu einingar sem er félagsaðili umsýslustofnunarinnar.
- 25) Í þágu traustrar stjórnunar verður stjórnun sameiginlegra umsýslustofnana að vera óháð. Gera ætti þá kröfu á stjórnendur, hvort sem þeir eru kjörnir stjórnarmenn, ráðnir sem slíkir eða starfsmenn stofnunarinnar á grundvelli samnings, að þeir lýsi því yfir, áður en þeir taka við stöðunni og eftir það á hverju ári, hvort um hagsmunaaðreksra sé að ræða milli þeirra og rétthafanna sem sameiginlega umsýslustofnunin er í fyrirsvari fyrir. Einstaklingar sem gegna eftirlitshlutverki ættu einnig að gefa þess háttar árlegar yfirlýsingar. Aðildarríkjum ætti að vera frjálst að fara fram á að sameiginlegar umsýslustofnanir gefi slíkar yfirlýsingar opinberlega eða leggi þær fyrir opinber yfirlit.
- 26) Sameiginlegar umsýslustofnanir innheimta tekjur af nýtingu þeirra réttinda sem rétthafar treysta þeim fyrir, hafa umsjón með þeim og úthluta þeim. Þær tekjur ganga að lokum til rétthafa sem geta haft bein lagaleg tengsl við stofnunina eða njóta fyrirsvars hennar fyrir milligöngu einingar sem er félagsaðili umsýslustofnunarinnar eða á grundvelli fyrirvarssamnings. Því er mikilvægt að sameiginleg umsýslustofnun sýni yfstrustu kostgæfni við innheimtu, umsýslu og úthlutun þessara tekna. Rétt úthlutun er einungis möguleg ef sameiginleg umsýslustofnun heldur nákvæma skrá yfir félagsaðila, leyfi og notkun verka og annars efnis. Rétthafar og notendur ættu einnig að útvega viðeigandi gögn, sem þörf er á fyrir skilvirka sameiginlega umsýslu réttinda, og sameiginlega umsýslustofnunin ætti að staðfesta þau.
- 27) Innheimtar fjárhæðir, sem réthöfum ber, ættu að vera aðgreindar frá eignum stofnunarinnar í bókhaldi. Með fyrirvara um þann möguleika aðildarríkja að kveða á um strangari reglur um fjárfestingar, þ.m.t. bann við því að nota tekjur af réttindum til fjárfestinga, ætti framkvæmdin, ef slíkar fjárhæðir eru notaðar til fjárfestinga, að vera í samræmi við almenna fjárfestingar- og áhættustjórnunarstefnu sameiginlegru umsýslustofnunarinnar. Til þess að viðhalda víðtækri verndun réttinda rétthafa og til að tryggja að tekjur, sem kunna að skapast af nýtingu slíkra réttinda, safnist upp þeim í hag, ætti fjárfestingum, sem sameiginleg umsýslustofnun ræðst í og heldur utan um, að vera stjórnað í samræmi við viðmiðanir sem gerðu stofnuninni skylt að sýna varfærni en gera henni jafnframt kleift að ákveða öruggustu og skilvirkustu fjárfestingarstefnuna. Þá ætti sameiginleg umsýslustofnun að vera fær um að velja eignaskiptingu sem fellur nákvæmlega að eðli og varanleika hvers konar áhættu vegna fjárfestingar tekna af réttindum og hefur ekki óréttmæt áhrif á réttindatekjur sem rétthafar eiga tilkall til.
- 28) Þar sem rétthafar eiga rétt á að fá greitt fyrir nýtingu á réttindum sínum er mikilvægt að umsýslukostnaður fari ekki yfir réttlætlanlegan kostnað við umsýslu réttindanna og að félagsaðilar sameiginlegrar umsýslustofnunar ættu að ákvarða hvers konar frádrátt annan en þann er varðar umsýslukostnað, t.d. frádrátt í félagslegum, menningarlegum eða menntunartengdum tilgangi. Sameiginlegar umsýslustofnanir ættu að vera gagnsæjar gagnvart réthöfum að því er varðar þær reglur sem gilda um slíkan frádrátt. Sömu kröfur ættu að gilda um hvers konar ákvörðun um að nota tekjur af réttindum til sameiginlegrar úthlutunar, s.s. námsstyrkja. Rétthafar ættu að hafa aðgang, án mismununar, að hvers konar félagslegri, menningarlegri eða menntunartengdri þjónustu sem er fjármögnuð með slíkum frádrætti. Þessi tilskipun ætti ekki að hafa áhrif á frádrátt samkvæmt landslögum, s.s. frádrátt vegna veittrar félagslegrar þjónustu sameiginlegra umsýslustofnana til rétthafa, að því er varðar þætti sem þessi tilskipun nær ekki til, svo fremi að slíkur frádráttur sé í samræmi við löggjöf Sambandsins.
- 29) Úthlutun og greiðsla fjárhæða til einstakra rétthafa eða, eftir atvikum, til flokka rétthafa, ætti að framkvæma tímanlega og í samræmi við almenna stefnu viðkomandi sameiginlegrar umsýslustofnunar um úthlutun, þ.m.t. þegar þær eru inntar af hendi fyrir milligöngu annarrar einingar sem er í fyrirsvari fyrir rétthafana. Eingöngu hlutlægar ástæður sem sameiginleg umsýslustofnun fær ekki ráðið við getur réttlætt töf á úthlutun og greiðslu fjárhæða sem réthöfum ber að fá. Af þeim sökum ættu aðstæður eins og að réttindatekjur sem notaðar hafa verið í fjárfestingar séu háðar gjalddaga, ekki að teljast gildar ástæður fyrir slíkri töf. Rétt er að láta aðildarríkin um að ákveða reglur sem tryggja tímanlega úthlutun og skilvirka leit að, og auðkenningu á, réthöfum í þeim tilvikum þegar hlutlægar ástæður sem þessar koma upp. Til þess að tryggja að fjárhæðum sem rétthafar eiga að fá sé úthlutað réttilega og af skilvirkni, með fyrirvara

um þann möguleika að aðildarríki setji strangari reglur, er nauðsynlegt að krefjast þess að sameiginlegar umsýslustofnanir geri ráðstafanir af skynsemi og kostgæfni og í góðri trú, til að staðfesta deili á og finna viðkomandi rétthafa. Einnig þykir rétt að félagsaðilar sameiginlegra umsýslustofnana, að því marki sem heimilt er samkvæmt landslögum, ættu að ákveða hvernig nota beri fjárhæðir sem ekki er hægt að úthluta í þeim tilvikum þegar ekki er vitað hverjir rétthafarnir sem eiga rétt á þessum fjárhæðum eru eða ekki er hægt að hafa uppi á þeim.

30) Sameiginlegar umsýslustofnanir ættu að geta haft umsjón með réttindum og innheimt tekjur vegna nýtingar á þeim á grundvelli fyrirvarssamninga við aðrar stofnanir. Til að vernda réttindi félagsaðila annarrar sameiginlegrar umsýslustofnunar ætti sameiginleg umsýslustofnun ekki að gera greinarmun á þeim réttindum sem hún hefur umsjón með á grundvelli fyrirvarssamninga og þeim sem hún annast beint fyrir rétthafa sína. Sameiginlegri umsýslustofnun ætti ekki heldur að vera heimilt að nýta annan frádrátt af réttindatekjum, sem innheimtar eru fyrir hönd annarrar umsýslustofnunar, en frádrátt vegna umsýslukostnaðar nema að fengnu ótvíræðu samþykki hinnar stofnunarinnar. Einnig er rétt að krefjast þess að sameiginlegar umsýslustofnanir úthluti og inni af hendi greiðslur til annarra stofnana á grundvelli slíkra fyrirvarssamninga eigi síðar en þegar þær úthluta og greiða eigin félagsaðilum og einnig rétt höfum sem ekki eru félagsaðilar þeirra en þær eru í fyrirvari fyrir. Enn fremur ætti að krefjast þess að viðtökustofnunin sjálf úthluti án tafar fjárhæðum sem rétthafar, sem hún er í fyrirvari fyrir, eiga að fá.

31) Sanngjarnir viðskiptaskilmálar án mismununar við leyfisveitingar eru einkum mikilvægir til að tryggja að notendur geti fengið leyfi til að nota verk og annað efni sem tengist þeim réttindum sem sameiginleg umsýslustofnun er í fyrirvari fyrir og til að tryggja rétt höfum viðeigandi þóknun. Því ættu sameiginlegar umsýslustofnanir og notendur að hefja samninga- viðræður í góðri trú og nota gjaldskrár sem ætti að ákvarða á grundvelli hlutlægra viðmiðana og án mismununar. Rétt er að krefjast þess að leyfisgjald eða þóknun sem sameiginlegar umsýslustofnanir ákvarða sé sanngjörn, m.a. að því er varðar fjárhagslegt virði notkunar á réttindunum í tilteknu samhengi. Loks ættu sameiginlegar umsýslustofnanir að bregðast við beiðnum notenda um leyfi án ástæðulausrar tafar.

32) Í stafrænu umhverfi þurfa sameiginlegar umsýslustofnanir reglulega að veita leyfi fyrir réttindum á verkaskrá sinni vegna algerlega nýrra nýtingarforma og viðskiptalíkana. Í slíkum tilvikum og til þess að

stuðla að umhverfi sem er hagstætt til að þróa slík leyfi, með fyrirvara um beitingu reglna samkeppnislaga, ættu sameiginlegar umsýslustofnanir að hafa þann sveigjanleika sem þarf til að veita, eins hratt og auðið er, einstaklingsbundin leyfi til þjónustu vegna nýsköpunar á Netinu án þess að hætta sé á að skilmálar þessara leyfa verði notaðir sem fordæmi til að ákvarða skilmála fyrir önnur leyfi.

33) Til þess að tryggja að sameiginlegar umsýslustofnanir geti uppfyllt skuldbindingarnar sem settar eru fram í þessari tilskipun ættu notendur að gefa þessum stofnunum viðeigandi upplýsingar um notkun réttindanna sem þær eru í fyrirvari fyrir. Þessi skuldbinding ætti ekki að gilda um einstaklinga sem starfa að markmiðum sem liggja utan við atvinnugrein, fyrirtæki, iðju eða sérgrein þeirra, og falla því utan þeirrar skilgreiningar á notanda sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun. Enn fremur ættu upplýsingar sem sameiginlegar umsýslustofnanir krefjast að takmarkast við þær sem eru réttmætar, nauðsynlegar og tiltækar notendum, til þess að slíkar stofnanir geti sinnt starfi sínu með tilliti til sérstakra aðstæðna lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Þá skuldbindingu mætti fella inn í samning milli sameiginlegrar umsýslustofnunar og notanda; þetta útilokar ekki lögboðinn rétt á upplýsingum í hverju ríki. Frestir sem gilda um upplýsingamiðlun notenda ættu að vera með þeim hætti að sameiginlegar umsýslustofnanir geti fylgt þeim tímamörkum sem sett eru til að úthluta fjárhæðum til rétthafa. Þessi tilskipun ætti að vera með fyrirvara um þann möguleika að aðildarríki geti krafist þess að sameiginlegar umsýslustofnanir á yfirráðasvæði þeirra gefi út sameiginlega reikninga.

34) Til þess að efla traust rétthafa, notenda og annarra sameiginlegra umsýslustofnana á sameiginlegri umsýslu réttinda af hálfu sameiginlegra umsýslustofnana ætti hver sameiginleg umsýslustofnun að uppfylla sérstakar kröfur um gagnsæi. Hver sameiginleg umsýslustofnun eða félagsaðili hennar, sem er eining sem ber ábyrgð á úthlutun eða greiðslu fjárhæða til rétthafa, ætti því að þurfa að veita einstökum rétt höfum tiltekna upplýsingar a.m.k. einu sinni á ári, s.s. um fjárhæðirnar sem þeim eru úthlutaðar eða greiddar og það sem dregið er frá þeim. Þess ætti einnig að vera krafist að sameiginlegar umsýslustofnanir veiti öðrum sameiginlegum umsýslustofnunum, sem þær sjá um umsýslu réttinda fyrir samkvæmt fyrirvarssamningum, nægilegar upplýsingar, þ.m.t. fjárhagsupplýsingar.

35) Til þess að tryggja að rétthafar, aðrar sameiginlegar umsýslustofnanir og notendur hafi aðgang að upplýsingum um umfang starfsemi stofnunarinnar, verkanna eða annars efnis sem hún er í fyrirvari fyrir, ætti sameiginleg umsýslustofnun að veita upplýsingar

um þessi atriði í svari við vel rökstuddri beiðni. Varðandi það hvort og að hve miklu leyti hægt er að innheimta sanngjörn gjöld fyrir þessa þjónustu ætti að fara að landslögum. Sérhver sameiginleg umsýslustofnun ætti einnig að birta upplýsingar um skipulag sitt og með hvaða hætti hún innir starfsemi sína af hendi, þ.m.t. einkum samþykktir og almenna stefnu um umsýslukostnað, frádrætti og gjaldskrár.

36) Til þess að tryggja að réttihafar séu í aðstöðu til að fylgjast með og bera saman árangur sameiginlegra umsýslustofnana ættu slíkar stofnanir að birta árlega gagnsæisskýrslu með samanburðarhæfum, endurskoðuðum fjárhagsupplýsingum er varða starfsemi þeirra sérstaklega. Sameiginlegar umsýslustofnanir ættu einnig að birta sérstaka ársskýrslu, sem hluta af árlegri gagnsæisskýrslu, um notkun fjárhæða sem ætlaðar eru til félagslegrar, menningarlegrar og menntunartengdrar þjónustu. Þessi tilskipun ætti ekki að koma í veg fyrir að sameiginleg umsýslustofnun birti nauðsynlegar upplýsingar fyrir árlegu gagnsæisskýrsluna í einu skjali, t.d. sem lið í árlegum reikningskilum sínum, eða í sérstakri skýrslu.

37) Þeir sem veita þjónustu á Netinu og nota tónverk, s.s. tónlistarþjónustu sem gerir neytendum kleift að hala niður tónlist eða hlusta á hana í streymi, ásamt annarri þjónustu sem veitir aðgang að kvikmyndum eða leikjum þar sem tónlist er mikilvægur þáttur, verða fyrst að fá rétt til að nota slík verk. Í tilskipun 2001/29/EB er þess krafist að leyfi sé fengið fyrir sérhver réttindi til nýtingar tónverka á Netinu. Að því er varðar höfunda fela þessi réttindi í sér einkarétt til eftirgerðar og einkarétt til að miðla tónverkum til almennings sem felur í sér réttinn til að gera þau aðgengileg almenningsi. Þessum réttindum geta einstaka réttihafar haft umsjón með sjálfir, s.s. höfundar eða útgefendur tónlistar, eða þá sameiginlegar umsýslustofnanir sem veita rétthöfum sameiginlega umsýsluþjónustu. Mismunandi sameiginlegar umsýslustofnanir geta haft umsjón með réttindum höfunda til eftirgerðar og miðlunar til almennings. Enn fremur eru tilvik þar sem margir réttihafar eiga rétt á sama verki og kunna að hafa heimilað mismunandi stofnunum að gefa út leyfi fyrir þeirra hlut í réttinum á verkinu. Hver sá notandi sem vill bjóða neytendum þjónustu á Netinu með miklu úrvali af tónverkum þarf að safna saman réttindum á verkum frá mismunandi rétthöfum og sameiginlegum umsýslustofnunum.

38) Enda þótt Netið hafi engin landamæri er markaðurinn á Netinu fyrir tónlistarþjónustu í Sambandinu ennþá slitróttur og stafrænum innri markaði hefur ekki enn verið komið á að öllu leyti. Flókin vandamál og erfiðleikar sem tengjast sameiginlegri umsýslu réttinda í

Evrópu hafa, í mörgum tilvikum, aukið á sundrun stafræna markaðarins í Evrópu fyrir tónlistarþjónustu á Netinu. Þetta ástand er afgerandi mótsögn við ört vaxandi eftirspurn neytenda eftir aðgangi að stafrænu efni og tengdri nýsköpunarþjónustu, þ.m.t. þvert á landamæri.

39) Í tilmælum framkvæmdastjórnarinnar 2005/737/EB er stuðlað að nýju lagaumhverfi sem hentar betur, á vettvangi Sambandsins, fyrir umsýslu höfundarréttar og skyldra réttinda um lögmæta tónlistarþjónustu á Netinu. Þar er viðurkennt að á tímum þegar tónverk eru nýtt á Netinu þurfi að vera fyrir hendi stefna varðandi leyfisveitingar fyrir notendur í atvinnuskyni, sem er í samræmi við dreift netumhverfi án landamæra og nær til margra ríkja. Tilmælin hafa þó ekki verið fullnægjandi hvatning til að stuðla að almennum leyfisveitingum yfir landamæri vegna réttinda til netnotkunar á tónverkum eða finna lausn á sérstökum kröfum um leyfisveitingar yfir landamæri.

40) Innan tónlistargeirans á Netinu, þar sem sameiginleg umsýsla höfundarréttar á landsvísu tíðkast, er nauðsynlegt að skapa skilyrði sem stuðla að því að sameiginlegar umsýslustofnanir beiti skilvirkustu starfsvenjum við leyfisveitingar sem ná yfir landamæri í æ ríkari mæli. Því er rétt að setja reglur sem mæla fyrir um grunnskilyrði fyrir leyfisveitingar sameiginlegra umsýslustofnana á höfundarréttindum yfir landamæri vegna netnotkunar á tónverkum, þ.m.t. á textum. Sömu reglur ættu að gilda um slíkar leyfisveitingar fyrir öll tónverk, þ.m.t. tónverk sem eru felld inn í hljóð- og myndmiðlaverk. Þó ætti þetta ekki að taka til þjónustu á Netinu sem einungis veitir aðgang að nótum tónverka. Ákvæði þessarar tilskipunar ættu að tryggja nauðsynleg lágmarksgæði þjónustu yfir landamæri sem sameiginlegar umsýslustofnanir veita, nánar tiltekið með tilliti til gagnsæis þeirrar verkaskrár sem þær eru í fyrirsvari fyrir og nákvæmni fjárstreymis sem tengist notkun réttindanna. Í ákvæðunum ætti einnig að setja ramma til að auðvelda valfrjálsa samsöfnun tónlistarefnis og réttinda þannig að draga megi úr fjölda leyfa sem notandi þarf til að reka þjónustu fyrir margar verkaskrár í mörgum löndum. Þessi ákvæði ættu að gera sameiginlegri umsýslustofnun kleift að fá aðra stofnun til að vera í fyrirsvari fyrir verkaskrá sína yfir landamæri ef hún getur ekki eða óskar ekki eftir því að uppfylla kröfurnar sjálf. Stofnunin sem beiðninni er beint til ætti að vera skuldbundin til að taka við umboði stofnunarinnar sem leggur fram beiðnina, svo fremi að hún safni þegar saman verkaskrá og bjóði eða veiti leyfi yfir landamæri. Þróun lögmætrar þjónustu við tónlistarflutning á Netinu á vettvangi Sambandsins ætti einnig að stuðla að baráttu gegn því að brotið sé á höfundarrétti á Netinu.

- 41) Einkum er mikilvægt að tiltækar séu nákvæmar og yfirgripsmiklar upplýsingar um tónverk, réttihafa og réttindi sem sérhver sameiginleg umsýslustofnun hefur heimild til að vera í fyrirsvari fyrir á tilteknu yfirráðasvæði fyrir skilvirkt og gagnsætt ferli við leyfisveitingar, vinnslu notendaskýrsla í kjölfarið og gerð reikninga á þjónustuveitendur í tengslum við það og úthlutun fjárhæða sem ber að greiða. Af þessum sökum ættu sameiginlegar umsýslustofnanir sem veita leyfi yfir landamæri vegna tónverka að geta unnið svo ítarlegar upplýsingar hratt og af nákvæmni. Til þess þarf að nota gagnasöfn um eignarhald á réttindum með notkunarleyfi yfir landamæri, sem hafa að geyma gögn þar sem gert er ráð fyrir auðkenningu verka, réttinda og réttihafa sem sameiginleg umsýslustofnun hefur heimild til að vera í fyrirsvari fyrir og um þau yfirráðasvæði sem heimildin tekur til. Taka ætti tillit til hvers konar breytinga á þeim upplýsingum án ástæðulausrar tafar og uppfæra gagnasöfnin reglulega. Þessi gagnasöfn ættu einnig að koma að gagni til að sýna samsvörum milli upplýsinga um verk og upplýsinga um hljóðrit eða aðrar upptökur sem verkið hefur verið felld inn í. Einnig er mikilvægt að tryggja að væntanlegir notendur og réttihafar ásamt sameiginlegum umsýslustofnunum hafi aðgang að þeim upplýsingum sem þau þurfa til þess að auðkenna verkaskrána sem þessar stofnanir eru í fyrirsvari fyrir. Sameiginlegar umsýslustofnanir ættu að geta gert ráðstafanir til að vernda áreiðanleika og heilleika upplýsinganna, hafa eftirlit með endurnotkun þeirra eða til að vernda viðkvæmar viðskipta-upplýsingar.
- 42) Til þess að tryggja að upplýsingar um þær tónverkaskrár sem sameiginlegar umsýslustofnanir, sem veita leyfi yfir landamæri vegna tónverka, meðhöndla séu eins nákvæmar og mögulegt er ætti þeim að bera skylda til að uppfæra gagnasöfn sín reglulega og án tafar eftir því sem þörf krefur. Þær ættu að koma á vel aðgengilegu fyrirkomulagi til þess að þeir sem veita þjónustu á Netinu, auk réttihafa og annarra sameiginlegra umsýslustofnana, geti tilkynnt þeim um hvers konar ónákvæmni sem kann að vera í gagnasöfnum stofnananna í tengslum við þau verk sem þær eiga eða hafa eftirlit með, þ.m.t. réttindi — að fullu eða að hluta — og svæði þar sem þær hafa veitt viðkomandi sameiginlegum umsýslustofnunum umboð til að starfa, án þess þó að stofna í hættu áreiðanleika og heilleika upplýsinganna sem sameiginlega umsýslustofnunin geymir. Þar sem tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB⁽¹⁾ veitir sérhverjum skráðum aðila rétt á leiðréttingu upplýsinga sem ekki eru réttar eða fullnægjandi, að þeim sé eytt eða settar á þær aðgangshindranir ætti þessi tilskipun einnig að tryggja að rangar upplýsingar varðandi réttihafa eða aðrar sameiginlegar umsýslustofnanir, þegar um er að ræða leyfi yfir landamæri, skuli leiðréttar án tafar. Sameiginlegar umsýslustofnanir ættu einnig að hafa möguleika á að vinna rafrænt skráningu á verkum og heimildum til að hafa umsjón með réttindum. Þar sem sjálfvirkni upplýsinga er mikilvæg fyrir hraða og skilvirka vinnslu gagna ættu sameiginlegar umsýslustofnanir að sjá um að réttihafar geti miðlað þessum upplýsingum eftir rafrænum leiðum með skipulegum hætti. Sameiginlegar umsýslustofnanir ættu, eftir því sem unnt er, að tryggja að með slíkum rafrænum leiðum sé tekið tillit til valfrjálstra staðla eða starfsvenja innan atvinnulífsins sem eru þróaðir á alþjóðlegum vettvangi eða á vettvangi Sambandsins.
- 43) Staðlar innan atvinnulífsins um notkun á tónlist, skýrslugjöf um sölu og reikningsgerð eru mikilvægir til að auka skilvirkni við gagnaskipti milli sameiginlegra umsýslustofnana og notenda. Þegar fylgst er með notkun leyfa ætti að virða grundvallarréttindi, þ.m.t. rétt til friðhelgi einkalífs og fjölskyldu og rétt til verndar persónuupplýsinga. Til þess að tryggja að þessi skilvirkni leiði til hraðari úrvinnslu fjármála og að lokum til þess að réttihafar fái greitt fyrir ætti að krefjast þess að sameiginlegar umsýslustofnanir geri reikninga á þjónustuveitendur og úthluti fjárhæðum til réttihafa án tafar. Til að hægt sé að framfylgja þessari kröfu er nauðsynlegt að notendur láti sameiginlegum umsýslustofnunum í té nákvæmar og tímanlegar skýrslur um notkun verka. Sameiginlegar umsýslustofnanir ættu ekki að þurfa að taka við skýrslum notenda á sniði sem nýtur hugverkaverndar þegar fyrir hendi eru almennir staðlar innan atvinnulífsins. Ekki ætti að koma í veg fyrir að sameiginlegar umsýslustofnanir noti útvinunarþjónustu í tengslum við leyfisveitingar yfir landamæri vegna réttar til netnotkunar á tónverkum. Samnýting eða sameining á bakvinnslumöguleikum ætti að gagnast stofnunum við að bæta umsýsluþjónustu og gera fjárfestingar í tækjum til gagnastjórnunar hagkvæmari.
- 44) Að safna saman ólíkum tónverkaskráum fyrir leyfisveitingar yfir landamæri greiðir fyrir leyfisveitingaferlinu, eflir menningarlega fjölbreytni með því að gera allar verkaskrár aðgengilegar á markaðnum fyrir leyfisveitingar yfir landamæri og stuðlar að því að fjölda viðskiptafærslna, sem veitandi Netþjónustu þarf til að bjóða fram þjónustu, fækkar. Þessi samsöfnun efnis ætti að greiða fyrir þróun nýrrar þjónustu á Netinu og ætti einnig að leiða til lægri viðskiptakostnaðar fyrir neytendur. Af þeim sökum ætti að hvetja sameiginlegar umsýslustofnanir, sem ekki vilja veita leyfi yfir landamæri beint, eða geta það ekki, að því er varðar eigin tónverkaskrár, til að veita að eigin frumkvæði öðrum sameiginlegum umsýslustofnunum umboð til að annast umsjón með verkaskrá þeirra án mismununar. Einkaréttarsamningar um leyfi yfir landamæri myndu takmarka þá valmöguleika sem neytendum, sem leita eftir leyfisveitingum yfir landamæri, standa til boða og einnig takmarka valmöguleika sameiginlegra umsýslustofnana sem leita

⁽¹⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (Stjtuð. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31).

eftir umsýsluþjónustu fyrir verkaskrá sína á þeim grundvelli að hún nái yfir landamæri. Þess vegna ættu allir fyrirsvarssamningar sem gerðir eru milli sameiginlegra umsýslustofnana um leyfisveitingar yfir landamæri að vera af almennum toga.

- 45) Einkum er mikilvægt fyrir félagsaðila sameiginlegra umsýslustofnana að þau skilyrði sem sameiginlegar umsýslustofnanir fylgja við umsjón réttinda til netnotkunar séu gagnsæ. Sameiginlegar umsýslustofnanir ættu því að veita félagsaðilum sínum fullnægjandi upplýsingar um helstu skilmála samninga sem veita öðrum sameiginlegum umsýslustofnunum umboð til að vera í fyrirsvari fyrir réttindi á tónverkum viðkomandi félagsaðila á Netinu að því er varðar leyfisveitingu yfir landamæri.
- 46) Einnig er mikilvægt að krefjast þess að sameiginlegar umsýslustofnanir, sem bjóða eða veita leyfi yfir landamæri, samþykki að vera í fyrirsvari fyrir verkaskrá sameiginlegra umsýslustofnana sem ákveða að gera það ekki beint. Til þess að tryggja að krafan sé ekki óhófleg og að hún gangi ekki lengra en nauðsyn krefur ætti sameiginlega umsýslustofnunin sem beiðninni er beint til einungis að samþykkja fyrirsvarið ef beiðnin er takmörkuð við réttindi á Netinu eða flokka réttinda á Netinu sem hún er sjálf í fyrirsvari fyrir. Enn fremur ætti þessi krafa einungis að gilda um sameiginlegar umsýslustofnanir sem safna saman verkaskrá og ætti ekki að taka til sameiginlegra umsýslustofnana sem sjá um leyfisveitingar yfir landamæri eingöngu fyrir notkun á eigin verkaskrá. Hún ætti ekki heldur að gilda um sameiginlegar umsýslustofnanir sem einungis safna saman réttindum á sömu verkum í því skyni að geta veitt sameiginlegt leyfi fyrir réttinum til eftirgerðar og réttinum til að miðla slíkum verkum til almennings. Til þess að gæta hagsmuna rétthafa sameiginlegru umsýslustofnunarinnar sem veitir umboðið og til að tryggja að litlar og síður þekktar verkaskrár í aðildarríkjunum hafi aðgang að innri markaðnum á jafnréttisgrundvelli er mikilvægt að umsjón með verkaskrá umsýslustofnunarinnar sem veitir umboðið fylgi sömu skilyrðum og verkaskrá umsýslustofnunarinnar sem fær umboðið og að hún komi fram í tilboðum frá umsýslustofnuninni sem fær umboðið til þeirra sem veita þjónustu á Netinu. Stjórnunarkostnaðurinn sem sameiginlega umsýslustofnunin sem er veitt umboðið fer fram á ætti að gera þeirri stofnun kleift að endurheimta nauðsynlegar og réttmætar fjárfestingar sem stofnað var til. Samningar þar sem sameiginleg umsýslustofnun veitir annari eða öðrum stofnunum umboð til leyfisveitingar á eigin tónverkaskrá yfir landamæri vegna netnotkunar ættu ekki að koma í veg fyrir að fyrrnefnda sameiginlega umsýslustofnunin veiti áfram leyfi, sem takmarkast við yfirráðasvæði aðildarríkisins þar sem viðkomandi stofnun hefur staðfestu, fyrir eigin verkaskrá og hverja aðra verkaskrá sem hún kann að hafa heimild til að vera í fyrirsvari fyrir á því yfirráðasvæði.
- 47) Markmiðinu með reglunum um leyfi sem sameiginlegar umsýslustofnanir veita yfir landamæri og skilvirkni

þeirra yrði stofnað í verulega hættu ef rétthafar gætu ekki neytt slíkra réttinda að því er varðar leyfi yfir landamæri þegar sameiginleg umsýslustofnun sem þeir gáfu heimild fyrir réttindum sínum hvorki veitti né bauð leyfi yfir landamæri og enn fremur vildi ekki veita annarri sameiginlegri umsýslustofnun umboð til þess. Af þessum sökum væri mikilvægt í slíkum aðstæðum að gera rétt höfum kleift að neyta þeirra réttinda að veita leyfi yfir landamæri, sem krafist er af þeim sem veita þjónustu á Netinu, sjálfir eða fyrir milligöngu annars aðila, eins eða fleiri, með því að afturkalla frá upphaflegu sameiginlegu umsýslustofnuninni réttindi sín að því marki sem nauðsynlegt er til leyfisveitingar yfir landamæri vegna netnotkunar og láta upprunalegu stofnunina hafa þessi sömu réttindi til leyfisveitingar innan eins ríkis.

- 48) Útvarpsfyrirtæki treysta almennt á leyfi frá staðbundinni sameiginlegri umsýslustofnun fyrir eigin útsendingar á sjónvarps- og hljóðvarpsefni sem hafa að geyma tónverk. Slíkt leyfi takmarkast oft við útvarpsrekstur. Leyfis vegna réttinda til netnotkunar á tónverkum væri þörf til þess að slíkar sjónvarps- eða hljóðvarpsendingar megi líka vera aðgengilegar á Netinu. Til að auðvelda leyfisveitingar vegna réttinda til netnotkunar tónverka að því er varðar samhliða og seinkaða netbirtingu á sjónvarps- og hljóðvarpsendingum er nauðsynlegt að kveða á um undanþágu frá reglunum sem myndu að öðrum kosti gilda um leyfisveitingar yfir landamæri vegna réttinda til netnotkunar á tónverkum. Slík undanþága ætti að takmarkast við það sem er nauðsynlegt til þess að hægt sé að veita aðgang að sjónvarps- eða hljóðvarpsefni á netinu og efni sem tengist augljóslega upprunalegri útsendingu og fellur undir hana og er t.d. framléitt sem viðbót við viðkomandi sjónvarps- eða hljóðvarpsefni, sem sýnishorn eða endursýning á því. Þessi undanþága ætti ekki að valda röskun á samkeppni við aðra þjónustu, sem veitir neytendum aðgang að einstaka tónverkum eða hljóð- eða myndverkum á Netinu, eða leiða til samkeppnishamla, s.s. uppskiptingu markaðar eða neytenda, sem væri brot á 101. eða 102. gr. sáttmálaus starfsemi Evrópusambandsins.
2. Sameiginlega umsýslustofnunin skal bjóða þeim sem veita þjónustu á Netinu möguleika á að gefa skýrslu með rafrænum hætti um raunverulega notkun netréttinga á tónverkum og þjónustuveitendur á Netinu skulu gefa nákvæma skýrslu um raunverulega notkun þessara verka. Sameiginlega umsýslustofnunin skal hafa í boði a.m.k. eina aðferð til skýrslugjafar þar sem tekið er tillit til valfrjálsra staðla eða starfsvenja innan atvinnulífsins, sem eru þróaðir á alþjóðlegum vettvangi eða á vettvangi Sambandsins fyrir rafræn skipti á slíkum gögnum. Sameiginlega umsýslustofnunin getur neitað að samþykkja skýrslugjöf þjónustuveitanda á Netinu á sniði sem nýtur hugverkaverndar ef umsýslustofnunin gerir ráð fyrir skýrslugjöf þar sem notaðir eru almennir staðlar atvinnulífsins fyrir rafræn skipti á gögnum.

3. Sameiginlega umsýslustofnunin skal senda þeim, sem veita þjónustu á Netinu, reikninga með rafrænum hætti. Sameiginlega umsýslustofnunin skal hafa í boði a.m.k. eitt snið þar sem tekið er tillit til valfrjálsra staðla eða starfsvenja innan atvinnulífsins sem eru þróaðir á alþjóðlegum vettvangi eða á vettvangi Sambandsins. Á reikningnum skulu verk og réttindi, sem leyfi er veitt fyrir, tilgreind, að fullu eða að hluta, á grundvelli gagnanna, sem um getur í lista yfir skilyrði skv. 2. mgr. 24. gr., og samsvarandi raunverulegri notkun, að því marki sem mögulegt er á grundvelli upplýsinganna frá þeim sem veita þjónustu á Netinu og sniðinu sem er notað til að veita þær upplýsingar. Þeir sem veita þjónustu á Netinu geta ekki neitað að samþykkja reikninga vegna sniðsins ef sameiginlega umsýslustofnunin notar staðal sem er almennt notaður í atvinnulífinu.

4. Sameiginlega umsýslustofnunin skal reikningsfæra netþjónustuveitandann rétt og án tafar eftir að skýrsla er gefin um raunveruleg réttindi til netnotkunar á viðkomandi tónverki, nema þegar það er ekki hægt af ástæðum sem rekja má til þjónustuveitandans.

5. Sameiginlega umsýslustofnunin skal ráða yfir fullnægjandi fyrirkomulagi sem gerir netþjónustuveitandanum kleift að gera athugasemdir við nákvæmni reikningsins, m.a. þegar þjónustuveitandinn tekur á móti reikningum frá einni eða fleiri sameiginlegum umsýslustofnunum fyrir sömu netréttingi vegna sama tónverks.

28. gr.

Nákvæm og tímanleg greiðsla til réttihafa

1. Með fyrirvara um 3. mgr. skulu aðildarríki tryggja að sameiginleg umsýslustofnun, sem sér um leyfisveitingar yfir landamæri vegna réttinda til netnotkunar á tónverkum, úthluti fjárhæðum, sem réttihafar eiga að fá og safnast hafa upp vegna slíkra leyfa, á nákvæman hátt og án tafar eftir að tilkynnt er um raunverulega notkun á verkinu nema þegar það er ekki mögulegt af ástæðum sem rekja má til veitanda þjónustunnar á Netinu.

2. Með fyrirvara um 3. mgr. skal sameiginlega umsýslustofnunin veita réttihöfum a.m.k. eftirfarandi upplýsingar ásamt með hverri greiðslu sem hún innir af hendi skv. 1. mgr.:

- a) tímabilið þegar notkunin, sem réttihafar eiga að fá fjárhæðir fyrir, fór fram og yfirráðasvæðið þar sem notkunin fór fram.
- b) innheimtar fjárhæðir, frádráttur og fjárhæðir sem sameiginlega umsýslustofnunin úthlutar fyrir hverja netnotkun á hverju því tónverki sem réttihafar hafa heimilað umsýslustofnuninni, að fullu eða að hluta, að vera í fyrirsvari fyrir,
- c) fjárhæðir sem eru innheimtar fyrir réttihafa, frádráttur frá þeim og fjárhæðir sem sameiginlega umsýslustofnunin úthlutar að því er varðar hvern þjónustuveitanda á Netinu.

3. Þegar sameiginleg umsýslustofnun veitir annarri sameiginlegri umsýslustofnun umboð til leyfisveitinga yfir landamæri vegna réttinda til netnotkunar á tónverkum, skv. 29. og 30. gr., skal sameiginlega umsýslustofnunin sem fær umboðið úthluta fjárhæðunum, sem um getur í 1. mgr., af nákvæmni og án tafar og skal hún veita sameiginlegu umsýslustofnuninni sem veitir umboðið upplýsingarnar sem um getur í 2. mgr. Sameiginlega umsýslustofnunin sem veitir umboðið skal bera ábyrgð á síðari úthlutunum slíkra fjárhæða og veita slíkar upplýsingar réttihöfum nema sameiginlegu umsýslustofnanirnar komi sér saman um annað.

29. gr.

Samningar milli sameiginlegra umsýslustofnana vegna leyfisveitinga yfir landamæri

1. Aðildarríki skulu tryggja að sérhver fyrirsvarssamningur milli sameiginlegra umsýslustofnana, þar sem sameiginleg umsýslustofnun veitir annarri sameiginlegri umsýslustofnun umboð til leyfisveitinga yfir landamæri vegna réttar til netnotkunar á tónverkum sem eru í tónverkaskrá hennar, sé af almennum toga. Sameiginlega umsýslustofnunin sem fær umboðið skal hafa umsjón með þessum réttindum vegna netnotkunar án mismununar.

2. Sameiginlega umsýslustofnunin sem veitir umboðið skal tilkynna félagsaðilum sínum um helstu skilmála samningsins, þ.m.t. gildistíma og kostnað við veitta þjónustu sameiginlegu umsýslustofnunarinnar sem fær umboðið.

3. Sameiginlega umsýslustofnunin sem fær umboðið skal tilkynna sameiginlegu umsýslustofnuninni sem veitir umboðið um helstu skilmálana um leyfisveitingu réttinda til netnotkunar síðarnefndu stofnunarinnar, þ.m.t. hvers eðlis notkunin er, öll ákvæði sem tengjast eða hafa áhrif á leyfisgjöld, gildistíma leyfisins, reikningsskilatímabil og yferráðasvæði sem leyfið tekur til.

30. gr.

Skylda til að vera í fyrirsvari fyrir aðra sameiginlega umsýslustofnun vegna leyfisveitinga yfir landamæri

1. Aðildarríki skulu tryggja að þegar sameiginleg umsýslustofnun, sem veitir ekki leyfi eða býður ekki leyfisveitingu yfir landamæri vegna réttinda til netnotkunar á tónverkum í eigin verkaskrá, fer fram á að önnur sameiginleg umsýslustofnun geri samning um að vera í fyrirsvari fyrir viðkomandi réttindi, verður sameiginlega umsýslustofnunin, sem beiðninni er beint til, að samþykkja viðkomandi beiðni ef hún hefur þegar veitt leyfi eða boðið leyfisveitingu yfir landamæri fyrir sama flokk réttinda til netnotkunar á tónverkum í verkaskrá einnar eða fleiri annarra sameiginlegra umsýslustofnana.

2. Sameiginlega umsýslustofnunin sem beiðninni er beint til skal svara sameiginlegu umsýslustofnuninni, sem leggur fram beiðnina, skriflega og án ótilhlýðilegrar tafar.

3. Með fyrirvara um 5. og 6. mgr. skal sameiginlega umsýslustofnunin, sem beiðninni er beint til, hafa umsjón með verkaskrá þeirri sem sameiginlega umsýslustofnunin sem leggur fram beiðnina er í fyrirsvari fyrir með sömu skilyrðum og hún notar við umsýslu eigin verkaskrár.

4. Sameiginlega umsýslustofnunin, sem beiðninni er beint til, skal hafa þá verkaskrá sameiginlegu umsýslustofnunarinnar sem leggur fram beiðnina, sem hún er í fyrirsvari fyrir, í öllum tilboðum sem hún beinir til þeirra sem veita þjónustu á Netinu.

5. Umsýslukostnaður vegna þjónustu, sem sameiginlega umsýslustofnunin sem beiðninni er beint til veitir stofnuninni sem leggur fram beiðnina, skal ekki vera meiri en eðlilegur kostnaður sem sameiginlega umsýslustofnunin sem beiðninni er beint til hefur stofnað til.

6. Sameiginlega umsýslustofnunin sem leggur fram beiðnina skal veita sameiginlegu umsýslustofnuninni, sem beiðninni er beint til, aðgang að upplýsingum sem tengjast eigin

tónverkaskrá og sem eru nauðsynlegar til leyfisveitingar yfir landamæri vegna réttar til netnotkunar á tónverkum. Þegar upplýsingar eru ekki fullnægjandi eða veittar á formi sem gerir sameiginlegu umsýslustofnuninni, sem beiðninni er beint til, ekki kleift að uppfylla kröfur þessa bálks skal hún eiga rétt á að innheimta fyrir kostnaði sem stofnað er til á eðlilegan hátt við það að uppfylla slíkar kröfur eða að útiloka þau verk sem ekki eru nægar upplýsingar um eða ekki er hægt að nota.

31. gr.

Aðgangur að leyfisveitingum yfir landamæri

Aðildarríki skulu tryggja að þegar sameiginleg umsýslustofnun veitir ekki eða býður ekki leyfi yfir landamæri vegna réttinda til netnotkunar á tónverkum, eða leyfir ekki annarri sameiginlegri umsýslustofnun að vera í fyrirsvari fyrir þessi réttindi í þeim tilgangi fyrir 10. apríl 2017, geta réttihafar sem hafa veitt þeirri sameiginlegu umsýslustofnun heimild til að vera í fyrirsvari fyrir réttindi sín vegna netnotkunar á tónverkum afturkallað leyfisveitingu yfir landamæri vegna réttinda til netnotkunar á tónverkum frá henni að því er varðar öll yferráðasvæði, án þess að þurfa að afturkalla leyfisveitingu vegna netnotkunar á tónverkum innan eins ríkis, til þess að veita leyfi yfir landamæri vegna réttinda til netnotkunar á tónverkum sínum sjálfir eða fyrir milligöngu einhvers annars aðila sem þeir veita heimild eða fyrir milligöngu sameiginlegrar umsýslustofnunar sem fer að ákvæðum þessa bálks.

32. gr.

Undanþága frá réttindum til netnotkunar á tónverkum fyrir hljóðvarps- og sjónvarpsefni

Kröfurnar samkvæmt þessum bálki skulu ekki gilda um sameiginlegar umsýslustofnanir þegar þær veita, á grundvelli valfrjálsar uppsöfnunar þeirra réttinda sem þarf, í samræmi við samkeppnisreglur skv. 101. og 102. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, leyfi yfir landamæri vegna réttinda til netnotkunar á tónverkum sem útvarpsrekandi þarf til að miðla til almennings hljóðvarps- eða sjónvarpsefni um leið og eða eftir upphaflega útsendingu þeirra ásamt hvers konar öðru efni á Netinu, þ.m.t. sýnishorn, framleidd af eða fyrir útvarpsrekanda, sem er viðbót við upphaflega útsendingu hljóðvarps- eða sjónvarpsefnis.

IV. BÁLKUR

FRAMFYLGDARRÁÐSTAFANIR

33. gr.

Meðferð kærumála

1. Aðildarríki skulu tryggja að sameiginlegar umsýslustofnanir hafi tiltækt fyrir félagsaðila sína og sameiginlegar umsýslustofnanir, sem þær hafa umsjón með réttindum fyrir á grundvelli fyrirsvarssamnings, skilvirkt og tímanlegt ferli til að bregðast við kvörtunum, einkum að því er varðar heimild til að hafa umsjón með réttindum og segja upp eða afturkalla réttindi, skilmála félagsaðildar, innheimtu fjárhæða til réthafa, frádrætti og úthlutunar.

2. Sameiginlegar umsýslustofnanir skulu svara skriflega kvörtunum félagsaðila eða sameiginlegra umsýslustofnana sem þær fara með réttindi fyrir á grundvelli fyrirsvarssamnings. Þegar sameiginleg umsýslustofnun hafnar kvörtun skal hún gefa upp ástæður þess.

34. gr.

Málsmeðferð til lausnar deilumálum utan dómstóla

1. Aðildarríkjum er heimilt að kveða á um að deilur milli sameiginlegra umsýslustofnana, félagsaðila sameiginlegra umsýslustofnana, rétthafa eða notenda er varða ákvæði landslaga, sem eru samþykkt samkvæmt ákvæðum þessarar tilskipunar, verði teknar til hraðvirkrar, óháðrar og óhlutdrægrar málsmeðferðar til lausnar deilumálum utan dómstóla.

2. Aðildarríki skulu tryggja, að því er varðar III. bálk, að eftirfarandi deilur er varða sameiginlega umsýslustofnun með staðfestu á yferráðasvæði þeirra, sem veitir leyfi eða býður leyfisveitingu yfir landamæri vegna réttinda til netnotkunar tónverka, verði teknar til óháðrar og óhlutdrægrar málsmeðferðar til lausnar deilumálum utan dómstóla:

- a) deilur við raunverulegan eða mögulegan aðila sem veitir þjónustu á Netinu varðandi beitingu 16., 25., 26. og 27. gr.,
- b) deilur við einn eða fleiri rétthafa varðandi beitingu 25., 26., 27., 28., 29., 30. og 31. gr.,
- c) deilur við aðra sameiginlega umsýslustofnun varðandi beitingu 25., 26., 27., 28., 29. og 30. gr.,

35. gr.

Lausn deilumála

1. Aðildarríki skulu tryggja að hægt sé að taka deilur milli sameiginlegra umsýslustofnana og notenda, einkum um fyrirliggjandi og fyrirhugaða skilmála leyfisveitinga eða vegna samningsbrots, fyrir dómstól, eða ef við á, fyrir annan óháðan og óhlutdrægan aðila sem sér um lausn deilumála þegar sá aðili hafi sérþekkingu á hugverkarétti.

2. Ákvæði 33. og 34. gr. og 1. mgr. þessarar greinar skulu ekki hafa áhrif á réttindi aðila til að halda fram og verja réttindi sín með því að höfða mál fyrir dómi.

36. gr.

Reglufylgni

1. Aðildarríki skulu tryggja að lögbær yfirvöld, tilnefnd í þeim tilgangi, hafi eftirlit með því að sameiginlegar umsýslustofnanir með staðfestu á yferráðasvæði þeirra fari að ákvæðum landslaga, sem eru samþykkt samkvæmt kröfunum sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun.

2. Aðildarríki skulu tryggja að fyrir hendi séu verklagsreglur sem gera félagsaðilum sameiginlegrar umsýslustofnunar, rétthöfum, notendum, sameiginlegum umsýslustofnunum og

öðrum hagsmunaaðilum kleift að tilkynna lögbærum yfirvöldum, sem eru tilnefnd í því skyni, um aðgerðir eða aðstæður sem, að þeirra áliti, teljast brot á ákvæðum landslaga sem samþykkt eru samkvæmt kröfunum sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun.

3. Aðildarríki skulu tryggja að lögbær yfirvöld, tilnefnd í því skyni, hafi heimild til að beita viðeigandi viðurlögum eða gera viðeigandi ráðstafanir þegar ákvæði landslaga sem eru samþykkt til framkvæmdar þessari tilskipun hafa ekki verið virt. Þessi viðurlög og ráðstafanir skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brot og letjandi.

Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um lögbæru yfirvöldin sem um getur í þessari grein og í 37. og 38. gr. eigi síðar en 10. apríl 2016. Framkvæmdastjórnin skal birta fengnar upplýsingar með tilliti til þess.

37. gr.

Upplýsingaskipti milli lögbærra yfirvalda

1. Til þess að auðvelda eftirlit með beitingu þessarar tilskipunar skal hvert og eitt aðildarríki tryggja að lögbæra yfirvaldið, sem tilnefnt er í því skyni, bregðist án tafar við beiðni um upplýsingar frá lögbæru yfirvaldi annars aðildarríkis, sem er tilnefnt í því skyni, um mál sem varða beitingu þessarar tilskipunar, einkum að því er varðar starfsemi sameiginlegra umsýslustofnana með staðfestu á yferráðasvæði aðildarríkisins sem beiðninni er beint til, svo fremi að beiðnin sé vel rökstudd.

2. Þegar lögbært yfirvald telur að sameiginleg umsýslustofnun sem hefur staðfestu í öðru aðildarríki en starfar innan yferráðasvæðis þess, virði ekki ákvæði landslaga aðildarríkisins þar sem viðkomandi sameiginleg umsýslustofnun hefur staðfestu, sem hafa verið samþykkt samkvæmt kröfunum sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, er því heimilt að senda allar viðkomandi upplýsingar til lögbæra yfirvaldsins í aðildarríkinu þar sem sameiginlega umsýslustofnunin hefur staðfestu ásamt beiðni til þess yfirvalds, ef við á, um að það grípi til viðeigandi aðgerða er falla undir valdsvið þess. Lögbæra yfirvaldið sem beiðninni er beint til skal veita rökstutt svar innan þriggja mánaða.

3. Einnig getur lögbæra yfirvaldið sem leggur fram beiðnina vísað málum, sem um getur í 2. mgr., til sérfræðingahóps sem komið er á í samræmi við 41. gr.

38. gr.

Samvinna við þróun leyfisveitinga yfir landamæri

1. Framkvæmdastjórnin skal stuðla að reglulegum upplýsingaskiptum milli lögbæru yfirvaldanna, sem eru tilnefnd í þessu skyni í aðildarríkjum, og milli þessara yfirvalda og framkvæmdastjórnarinnar, um stöðu og þróun leyfisveitinga yfir landamæri.

2. Framkvæmdastjórnin skal reglulega hafa samráð við fulltrúa réttshafa, sameiginlegar umsýslustofnanir, notendur, neytendur og aðra hagsmunaaðila um reynslu þeirra af beitingu ákvæða III. bóls þessarar tilskipunar. Framkvæmdastjórnin skal veita lögbærum yfirvöldum allar viðkomandi upplýsingar sem koma fram í þessum viðræðum, innan rammans um upplýsingaskipti sem kveðið er á um í 1. mgr.

3. Aðildarríki skulu tryggja að eigi síðar en 10. október 2017 skili lögbær yfirvöld þeirra framkvæmdastjórninni skýrslu um stöðu og þróun leyfisveitinga yfir landamæri á yfirráðasvæði þeirra. Í skýrslunni skulu m.a. vera upplýsingar um aðgengileika leyfa yfir landamæri í hlutaðeigandi aðildarríki og hvernig sameiginlegar umsýslustofnanir virða ákvæði landslaga sem eru samþykkt til framkvæmdar III. bóls þessarar tilskipunar ásamt mati á þróun leyfisveitinga yfir landamæri með tilliti til notenda, neytenda, réttshafa og annarra hagsmunaaðila vegna réttinda til netnotkunar á tónverkum.

4. Á grundvelli móttækinnar skýrslu skv. 3. mgr. og upplýsinganna sem er safnað skv. 1. og 2. mgr., skal framkvæmdastjórnin meta beitingu ákvæða III. bóls þessarar tilskipunar. Ef nauðsyn krefur, og eftir því sem við á, á grundvelli sérstakrar skýrslu skal hún þhuga að grípa til frekari aðgerða til að bregðast við hvers konar greindum vanda. Þetta mat skal einkum taka til eftirfarandi atriða:

- fjölda sameiginlegra umsýslustofnana sem uppfylla kröfurnar í III. bóli,
- beitingar 29. og 30. gr., þ.m.t. fjölda fyrirsvarssamninga sem sameiginlegar umsýslustofnanir gera samkvæmt þessum greinum,
- hlutfalls af verkaskrá í aðildarríkjunum sem er tiltækt til leyfisveitinga yfir landamæri.

V. BÁLKUR

SKÝRSLUGJÖF OG LOKAÁKVÆÐI

39. gr.

Tilkynning um sameiginlegar umsýslustofnanir

Aðildarríkin skulu, eigi síðar en 10. apríl 2016, láta framkvæmdastjórninni í té, á grundvelli þeirra upplýsinga sem þau búa yfir, skrá yfir sameiginlegar umsýslustofnanir sem hafa staðfestu á yfirráðasvæði þeirra.

Aðildarríki skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um hvers kyns breytingar á þeirri skrá án ótilhlýðilegrar tafar.

Framkvæmdastjórnin skal birta og uppfæra þessar upplýsingar.

40. gr.

Skýrsla

Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 10. apríl 2021, meta beitingu þessarar tilskipunar og leggja fyrir Evrópuþingið og

ráðið skýrslu um beitingu hennar. Í þeirri skýrslu skal koma fram mat á áhrifum þessarar tilskipunar á þróun þjónustu yfir landamæri, menningarlega fjölbreytni, samband milli sameiginlegra umsýslustofnana og notenda og um starfsemi sameiginlegra umsýslustofnana með staðfestu utan Sambandsins í Sambandinu og, ef þörf krefur, um þörf á endurskoðun. Skýrslu framkvæmdastjórnarinnar skal fylgja tillaga að nýrri löggjöf, ef við á.

41. gr.

Sérfræðingahópur

Sérfræðingahópi er hér með komið á fót. Hann skal skipaður fulltrúum lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar skal gegna formennsku í sérfræðingahópnum og skal hópurinn funda að frumkvæði formanns hans eða að beiðni sendinefndar aðildarríkis. Hlutverk hópsins skal vera sem hér segir:

- að rannsaka áhrif lögleiðingar þessarar tilskipunar á starfsemi sameiginlegra umsýslustofnana og sjálfstæðra umsýslueininga á innri markaðnum og vekja athygli á hvers kyns vandkvæðum,
- að skipuleggja samráð um öll álitamál sem rísa vegna beitingar þessarar tilskipunar;
- að greiða fyrir skiptum á upplýsingum um viðeigandi þróun á sviði löggjafar og dómaframkvæmdar og um viðeigandi þróun á sviði efnahags-, félags-, menningar- og tæknimála, einkum í tengslum við stafræna markaðinn fyrir verk og annað efni.

42. gr.

Vernd persónuupplýsinga

Vinnsla persónuupplýsinga sem fer fram innan ramma þessarar tilskipunar fellur undir tilskipun 95/46/EB.

43. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnáhrifur til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 10. apríl 2016. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

44. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

45. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 26. febrúar 2014.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

M. SCHULZ

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

D. KOURKOULAS

forseti.

VIÐAUKI

1. Upplýsingar sem eiga að koma fram í árlegu gagnsæisskýrslunni sem um getur í 2. mgr. 22. gr.:
 - a) reikningsskil sem innihalda efnahagsreikning eða yfirlit yfir eignir og skuldir, rekstrarreikningur yfir fjárhagsárið og yfirlit um sjóðstreymi,
 - b) skýrsla um aðgerðir á fjárhagsárinu,
 - c) upplýsingar um synjun leyfisveitingar skv. 3. mgr. 16. gr.,
 - d) lýsing á rekstrarformi að lögum og stjórnunarháttum sameiginlegu umsýslustofnunarinnar,
 - e) upplýsingar um einingar sem eru beint eða óbeint í eigu eða undir yfirráðum sameiginlegu umsýslustofnunarinnar, að fullu eða að hluta,
 - f) upplýsingar um heildarfjárhæð þóknunar sem er greidd einstaklingum, sem um getur í 3. mgr. 9. gr. og 10. gr. á næstliðnu ári og önnur fríðindi sem þeim eru veitt,
 - g) fjárhagsupplýsingarnar sem um getur í 2. lið þessa viðauka,
 - h) sérstök skýrsla um notkun fjárhæðanna sem koma til frádráttar vegna félagslegrar, menningarlegrar og menntunartengdrar þjónustu, með upplýsingunum sem um getur í 3. lið þessa viðauka.
2. Fjárhagsupplýsingar sem eiga að koma fram í árlegu gagnsæisskýrslunni:
 - a) fjárhagsupplýsingar um tekjur af réttindum, fyrir hvern réttindaflokk sem umsjón er höfð með og hverja tegund notkunar (t.d. útsendingu hljóðvarps- eða sjónvarpsefnis, netnotkun, opinberan flutning), þ.m.t. upplýsingar um tekjur af fjárfestingu réttindatekna og notkun slíkra tekna (hvort sem þeim er úthlutað til rétthafa eða annarra sameiginlegra umsýslustofnana eða notaðar á annan hátt),
 - b) fjárhagsupplýsingar um kostnað við umsjón með réttindum og aðra þjónustu sem sameiginlega umsýslustofnunin veitir rétthöfum, ásamt ítarlegri lýsingu á a.m.k. eftirfarandi þáttum:
 - i. allur rekstrar- og fjárhagskostnaður, sundurliðaður eftir flokkum þeirra réttinda sem umsjón er höfð með og, þegar um er að ræða óbeinan kostnað sem ekki hægt að rekja til eins eða fleiri réttindaflokka, útskýring á aðferðinni sem er notuð við að skipta niður slíkum óbeinum kostnaði,
 - ii. rekstrar- og fjárhagskostnaður, sundurliðaður eftir flokkum réttinda sem umsjón er höfð með og, þegar um er að ræða óbeinan kostnað sem ekki er hægt að rekja til eins eða fleiri réttindaflokka, útskýring á aðferðinni sem er notuð við skipta niður slíkum óbeinum kostnaði, einungis að því er varðar réttindaumsýslu, þ.m.t. umsýslukostnaður sem dreginn er frá eða jafnaður á móti tekjum af réttindum eða tekjum af fjárfestingu á réttindatekjum í samræmi við 4. mgr. 11. gr. og 1., 2. og 3. mgr. 12. gr.,
 - iii. rekstrar- og fjárhagskostnaður að því er varðar þjónustu aðra en réttindaumsýslu en að meðtalinni félagslegri, menningarlegri og menntunartengdri þjónustu,
 - iv. fjármagn notað til að greiða kostnað,
 - v. frádráttur frá tekjum af réttindum, sundurliðaður eftir flokkum réttinda sem umsjón er höfð með og eftir tegund notkunar og af hverju frádrátturinn stafar, s.s. kostnaður er varðar réttindaumsýslu eða félagslega, menningarlega eða menntunartengda þjónustu,
 - vi. hlutfallið, sem kostnaður við réttindaumsýslu og aðra þjónustu sem sameiginlega umsýslustofnunin veitir rétthöfum, tengist í samanburði við réttindatekjur á viðkomandi fjárhagsári, eftir flokki þeirra réttinda sem umsjón er höfð með og, þegar kostnaður er óbeinn og ekki hægt að skipta honum niður á einn eða fleiri flokka réttinda, útskýring á aðferðinni sem er notuð við að úthluta slíkum óbeinum kostnaði,
 - c) fjárhagsupplýsingar um fjárhæðir til rétthafa með ítarlegri lýsingu á a.m.k. eftirfarandi þáttum:
 - i. heildarfjárhæðinni sem er úthlutað á rétthafa, sundurliðaðri eftir flokki réttinda sem umsjón er höfð með og tegund notkunar,
 - ii. heildarfjárhæðinni sem er greidd rétthöfum, sundurliðaðri eftir flokki réttinda sem umsjón er höfð með og tegund notkunar,
 - iii. tíðni greiðslna, sundurliðaðri eftir flokki réttinda sem umsjón er höfð með og tegund notkunar,

- iv. heildarfjárhæð sem er innheimt en hefur enn ekki verið úthlutað réttihöfum, sundurliðaðri eftir flokkum réttinda sem umsýsla er höfð með og tegund notkunar, þar sem fram kemur fjárhagsárið þegar viðkomandi fjárhæðir voru innheimtar,
 - v. heildarfjárhæð sem réttihafar eiga að fá en hefur ekki verið úthlutað, sundurliðaðri eftir flokki réttinda sem umsýsla er höfð með og tegund notkunar, þar sem fram kemur fjárhagsárið þegar þessar fjárhæðir voru innheimtar,
 - vi. þegar sameiginleg umsýslustofnun hefur ekki úthlutað greiðslum innan þess frests sem settur er í 1. mgr. 13. gr., ástæðum þessarar tafar,
 - vii. óráðstafanlegum fjárhæðum í heild, ásamt skýringu á notkun þessara fjárhæða,
- d) upplýsingar um tengsl við aðrar sameiginlegar umsýslustofnanir með lýsingu á a.m.k. eftirfarandi þáttum:
- i. móttæknum fjárhæðum frá öðrum sameiginlegum umsýslustofnunum og fjárhæðum sem greiddar eru til annarra sameiginlegra umsýslustofnana, sundurliðuðum eftir flokkum réttinda, eftir tegund notkunar og eftir stofnunum,
 - ii. umsýslukostnaði og öðrum frádrætti frá réttindatekjum til annarra sameiginlegra umsýslustofnana, sundurliðuðum eftir flokkum réttinda, eftir tegund notkunar og eftir stofnunum,
 - iii. umsýslukostnaði og öðrum frádrætti frá þeim fjárhæðum sem aðrar sameiginlegar umsýslustofnanir greiða, sundurliðuðum eftir flokkum réttinda og eftir stofnunum,
 - iv. fjárhæðum sem er úthlutað beint til réttihafa og koma frá öðrum sameiginlegum umsýslustofnunum, sundurliðuðum eftir flokki réttinda og stofnunum.
3. Upplýsingar sem ber að gefa í sérstöku skýrslunni sem um getur í 3. mgr. 22. gr.:
- a) fjárhæðirnar sem eru dregnar frá vegna félagslegrar, menningarlegrar og menntunartengdrar þjónustu á fjárhagsárinu, sundurliðaðar eftir tegund tilgangs og, fyrir hverja tegund tilgangs, sundurliðaðar eftir flokki réttinda sem umsýsla er höfð með og tegund notkunar,
 - b) útskýring á notkun þessara fjárhæða, sundurliðuðum eftir tegund tilgangs, þ.m.t. kostnaður við umsýslu fjárhæða sem dregnar eru frá til að fjármagna félagslega, menningarlega og menntunartengda þjónustu og sérstakra fjárhæða sem notaðar eru fyrir félagslega, menningarlega og menntunartengda þjónustu.
-

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2015/2302

2017/EES/67/50

frá 25. nóvember 2015

um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2006/2004 og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/83/ESB og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 90/314/EBE (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFU,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 114. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af álitni efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ⁽¹⁾,

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ⁽²⁾,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í tilskipun ráðsins 90/314/EBE ⁽³⁾ er mælt fyrir um ýmis mikilvæg réttindi neytenda í tengslum við pakkaferðir, einkum að því er varðar kröfur um upplýsingar, bótaábyrgð seljenda í tengslum við framkvæmd pakkaferða og vernd gegn ógjaldfærni skipuleggjanda eða smásala. Þó er nauðsynlegt að laga lagarammann að þróun markaðsins til að hann henti betur innri markaðnum, ryðja tvíræðum þáttum úr vegi og fylla upp í eyður í lögum.
- 2) Ferðaþjónusta gegnir mikilvægu hlutverki í atvinnulífi Sambandsins og pakkaferðir, orlofsferðir og skoðunarferðir („pakkaferðir“) eru stór hluti ferðamarkaðarins. Markaðurinn hefur tekið umtalsverðum breytingum síðan tilskipun 90/314/EBE var samþykkt. Auk hefðbundinna dreifingarkeðja hefur Netið orðið æ mikilvægari miðill fyrir framboð og sölu á ferðatengdri þjónustu. Ferðatengd þjónusta er ekki aðeins sett saman á formi hefðbundinna, fyrirfram skipulagðra pakkaferða, heldur er hún oft sett saman eftir óskum viðskiptavinarins. Margar af þessum samsetningum ferðatengdrar þjónustu eru annaðhvort lagalega á „gráu svæði“ eða falla augsýnilega ekki undir tilskipun 90/314/EBE. Með þessari tilskipun er stefnt að því að aðlaga umfang verndarinnar þannig að tekið sé tillit til þessarar þróunar, gagnsæi sé eflt og réttarvissa ferðamanna og seljenda aukin.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 326, 11.12.2015, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 187/2017 frá 22. september 2017 um breytingu á XIX. viðauka (Neytendavernd) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB C 170, 5.6.2014, bls. 73.

⁽²⁾ Afstaða Evrópuþingsins frá 12. mars 2014 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og afstaða ráðsins eftir fyrstu umræðu frá 18. september 2015 (Stjtið. ESB C 360, 30.10.2015, bls. 1). Afstaða Evrópuþingsins frá 27. október 2015 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum).

⁽³⁾ Tilskipun ráðsins 90/314/EBE frá 13. júní 1990 um ferðapakka, orlofspakka og skoðunarferðapakka (Stjtið. EB L 158, 23.6.1990, bls. 59).

- 3) Í 1. mgr. og a-lið 2. mgr. 169. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins (TFEU) er kveðið á um að Sambandið skuli stuðla að því að ná fram öflugri neytendavernd með ráðstöfunum sem það samþykkir í samræmi við 114. gr. hans.
- 4) Tilskipun 90/314/EBE veitir aðildarríkjunum mikið svigrúm að því er varðar lögleiðingu. Af þeim sökum er enn umtalsvert misræmi milli laga aðildarríkjanna. Sundurleit löggjöf hefur í för með sér hærri kostnað fyrirtækja og er hindrun fyrir þá sem vilja starfa yfir landamæri og takmarkar þannig val neytenda.
- 5) Í samræmi við 2. mgr. 26. gr. og 49. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins á innri markaðurinn að vera svæði án innri landamæra þar sem frjálsir vöruflutningar, frjáls þjónustustarfsemi og staðfesturéttur eru tryggð. Samræming réttinda og skyldna sem leiðir af samningum í tengslum við pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun er nauðsynleg til að skapa raunverulegan innri neytendamarkað á því sviði og finna rétt jafnvægi milli öflugrar neytendaverndar og samkeppnishæfni fyrirtækja.
- 6) Möguleikar pakkaferðamarkaðarins yfir landamæri eru ekki nýttir til fullnustu í Sambandinu. Misræmi í reglum um vernd ferðamanna í hinum ýmsu aðildarríkjum hefur letjandi áhrif á ferðamenn í einu aðildarríki til að kaupa pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun í öðru aðildarríki og er sömuleiðis letjandi fyrir skipuleggjendur og smásala í einu aðildarríki til að selja slíka þjónustu í öðru aðildarríki. Til þess að gera ferðamönnum og seljendum kleift að nýta sér til fulls innri markaðinn, jafnframt því að tryggja öfluga neytendavernd í öllu Sambandinu, er nauðsynlegt að samræma enn frekar löggjöf aðildarríkjanna um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun.
- 7) Flestir ferðamenn sem kaupa pakkaferðir eða samtengda ferðatilhögun eru neytendur í skilningi neytendalöggjafar Sambandsins. Það er þó ekki alltaf auðvelt að greina á milli neytenda og fulltrúa lítilla fyrirtækja eða sérfræðinga sem bóka ferðir í tengslum við fyrirtæki sitt eða sérgrein með því að nota sömu bókunarmiðla og neytendur nota. Þess konar ferðamenn hafa oft þörf fyrir sambærilegt verndarstig. Á hinn bóginn eru einnig til fyrirtæki eða samtök sem ganga frá ferðatilhögun á grundvelli almenns samnings, sem er gjarnan gerður um tilhögun margra ferða á tilteknu tímabili, t.d. við ferðaskrifstofu. Þess konar ferðatilhögun krefst ekki sama verndarstigs og þess sem er sniðið fyrir neytendur. Af þeim sökum ætti þessi tilskipun að ná yfir ferðamenn í viðskiptaerindum, þ.m.t. fulltrúa menntastétta eða sjálfstætt starfandi eða aðra einstaklinga, þegar ráðstafanir vegna ferða þeirra eru ekki gerðar á grundvelli almenns samnings. Til að forðast rugling við skilgreininguna á hugtakinu „neytandi“ sem er notuð í annarri Sambandslöggjöf ætti að vísa til þeirra, sem njóta verndar samkvæmt þessari tilskipun, sem „ferðamanna“.
- 8) Þar eð setja má saman ferðatengda þjónustu á marga mismunandi vegu er við hæfi að telja til pakkaferða allar samsetningar ferðatengdrar þjónustu sem bera einkenni sem ferðamenn tengja yfirleitt við pakkaferðir, einkum þegar mismunandi ferðatengd þjónusta er sett saman í eina ferðavöru sem skipuleggjandi ábyrgist rétta framkvæmd á. Í samræmi við dómaframkvæmd Evrópudómstólsins ⁽¹⁾ ætti ekki að skipta máli hvort ferðatengd þjónusta er sett saman áður en sambandi er komið á við ferðamanninn eða hvort það er gert samkvæmt beiðni hans eða að eigin vali hans. Sömu meginreglur ættu að gilda óháð því hvort bókunin er gerð fyrir milligöngu seljanda á söluskrifstofu eða á Netinu.
- 9) Í þágu gagnsæis ætti að gera greinarmun á pakkaferðum og samtengdri ferðatilhögun, þar sem seljendur á Netinu eða á söluskrifstofum hafa milligöngu um öflun ferðamanna á ferðatengdri þjónustu sem leiðir til þess að ferðamaðurinn gerir samninga við mismunandi ferðaþjónustuveitendur, m.a. með samtengdum bókunarferlum, sem bera ekki einkenni pakkaferða og þar sem ekki væri rétt að allar skuldbindingar, sem gilda um pakkaferðir, ættu við.
- 10) Í ljósi markaðsþróunar þykir rétt að skilgreina pakkaferðir nánar á grundvelli annarra hlutlægra viðmiðana, sem fyrst og fremst tengjast því hvernig ferðatengd þjónusta er boðin fram eða keypt og hvenær ferðamenn geta með góðu móti reiknað með því að njóta verndar í krafti þessarar tilskipunar. Þetta á t.d. við þegar mismunandi tegundir ferðatengdrar þjónustu fyrir sama ferðalag eða sömu orlofsferð eru keyptar á einum sölustað og þjónustan hefur verið valin áður en ferðamaðurinn samþykkir að greiða, þ.e. í einu og sama bókunarferli, eða þegar slík þjónusta er boðin fram eða seld eða gefinn er út reikningur fyrir henni á heildarverði, sem og þegar slík þjónusta er auglýst eða seld undir heitinu „pakkaferð“ eða álíka, sem gefur til kynna að nán tengsl séu milli viðkomandi ferðatengdrar þjónustu. Slík álíka heiti gætu t.d. verið „samsett tilboð“, „allt innifalið“ eða „heildartilboð“.

⁽¹⁾ Sbr. dóm Evrópudómstólsins frá 30. apríl 2002 í máli C-400/00, Club Tour, Viagens e Turismo SA gegn Alberto Carlos Lobo Gonçalves Garrido og Club Med Viagens Lda, ECLI:EU:C:2002:272.

- 11) Koma ætti skýrt fram að ferðatengd þjónusta, sem er sett saman eftir að samningur hefur verið gerður, þar sem seljandi veitir ferðamanni rétt til að velja milli mismunandi tegunda ferðatengdrar þjónustu, s.s. þegar um er að ræða gjafapakka með pakkaferð, telst vera pakkaferð. Enn fremur ætti samsett ferðatengd þjónusta að teljast til pakkaferða þegar nafn ferðamannsins, greiðsluupplýsingar og tölvupóstfang hans eru send milli seljenda og annar samningur er gerður í síðasta lagi 24 klukkustundum eftir að bókun fyrstu ferðatengdu þjónustunnar er staðfest.
- 12) Jafnframt ætti að aðgreina samtengda ferðatilhögun frá ferðatengdri þjónustu sem ferðamenn bóka hverja í sínu lagi, gjarnan á mismunandi tímum, enda þótt um sama ferðalag eða sömu orlofsferð sé að ræða. Einnig ætti að aðgreina samtengda ferðatilhögun á Netinu frá samtengdum vefsetrum sem ekki hafa að markmiði að gera samning við ferðamanninn og frá tenglum sem aðeins veita ferðamönnum upplýsingar um frekari ferðatengda þjónustu á almennum nótum, t.d. þegar hótél eða skipuleggjandi viðburðar hefur á vefsetri sínu lista yfir alla rekstraraðila sem bjóða flutning þangað sem þau eru staðsett, án þess að það tengist bókun eða ef smygildi (e. „cookies“) eða lýsigögn eru notuð til að setja auglýsingar inn á vefsetur.
- 13) Mæla ætti fyrir um sérstakar reglur bæði um seljendur á söluskrifstofum og á Netinu sem, við einstaka heimsókn á eða samskipti við sölustað þeirra, aðstoða ferðamenn við að gera aðskilda samninga við einstaka þjónustuveitendur, og um seljendur á Netinu sem t.d., með hjálp samtengdra bókunarferla á Netinu, hafa með markvissum hætti milligöngu um öflun a.m.k. einnar ferðatengdrar þjónustu til viðbótar frá öðrum seljanda, þegar samningur er gerður í síðasta lagi 24 klukkustundum eftir að bókun fyrstu ferðaðþjónustunnar er staðfest. Slík milliganga byggist oft á viðskiptatengslum sem fela í sér greiðslu milli seljandans sem hefur milligöngu um öflun ferðatengdrar þjónustu til viðbótar og hins seljandans, án tillits til þess hvernig slík greiðsla er reiknuð út, en hún getur t.d. verið byggð á því hversu oft er smellt á tengil eða á veltu. Þessar reglur myndu t.d. gilda þegar ferðamaður fær, með staðfestingu á bókun fyrstu ferðatengdu þjónustunnar, s.s. flugs eða lestarferðar, boð um að bóka ferðatengda þjónustu til viðbótar sem stendur til boða á ákvörðunarstaðnum sem valinn var, t.d. hóteltgistingu, með tengli á bókunarvefsetur annars þjónustuveitanda eða milliliðar. Enda þótt þetta fyrirkomulag ætti ekki að teljast til pakkaferða í skilningi þessarar tilskipunar, en samkvæmt henni ber einn skipuleggjandi ábyrgð á því að framkvæmd allrar ferðatengdrar þjónustu sé sem skyldi, er slík samtengd ferðatilhögun annað viðskiptaform sem er oft í náninni samkeppni við pakkaferðir.
- 14) Til þess að tryggja sanngjarna samkeppni og vernda ferðamenn ætti skyldan til að færa fullnægjandi sönnur á tryggingu fyrir endurgreiðslum og heimflutningi ferðamanna þegar um ógjaldfærni er að ræða einnig að gilda um samtengda ferðatilhögun.
- 15) Þegar ferðatengd þjónusta er keypt sérstaklega sem stök þjónusta ætti það hvorki að teljast vera pakkaferð né samtengd ferðatilhögun.
- 16) Ferðamönnum til glöggvunar og til að þeim sé kleift að taka upplýstar ákvarðanir varðandi þá mismunandi ferðatilhögun sem er í boði, ættu seljendur að taka skýrt og greinilega fram hvort þeir bjóða pakkaferð eða samtengda ferðatilhögun og veita upplýsingar um tilvarandi verndarstig áður en ferðamaðurinn samþykkir greiðslu. Yfirlýsing seljanda um lagalegt eðli ferðavörunnar sem er markaðssett ætti að samsvara raunverulegu lagalegu eðli viðkomandi vöru. Viðkomandi eftirlitsyfirlög ættu að grípa inn í ef seljendur veita ferðamönnum ekki réttar upplýsingar.
- 17) Einungis samsetning mismunandi tegunda ferðatengdrar þjónustu, t.d. gisting, flutningur farþega með hópferðabifreiðum, með járnbrautum, á sjó eða skipgengum vatnaleiðum eða með flugi, ásamt leigu á vélknúnum ökutækjum eða tilteknum bifhjólum, ætti að koma til greina þegar ákvarðað er hvort um er að ræða pakkaferð eða samtengda ferðatilhögun. Húsnæði til búsetu, þ.m.t. vegna langra tungumálanámskeiða, ætti ekki að teljast til gistingar í skilningi þessarar tilskipunar. Fjármálaþjónusta, s.s. ferðatryggingar, ættu ekki að teljast til ferðatengdrar þjónustu. Að auki ætti þjónusta, sem er óaðskiljanlegur hluti af annarri ferðatengdri þjónustu, ekki að teljast sjálfstæð ferðatengd þjónusta. Til þessa telst t.d. farangursflutningur sem er hluti af flutningi farþega, minni háttar flutningaþjónusta, s.s. farþegaflutningur sem er hluti af skoðunarferð með leiðsögumanni eða flutningur milli hótels og flugvallar eða járnbrautarstöðvar, máltíðir, drykkir og ræsting sem er hluti af gistingu, eða aðgangur að aðstöðu á staðnum á borð við sundlaug, gufubað, heilsulind eða líkamsræktarsal sem er innifalin fyrir hóteltgesti. Þetta þýðir líka, ólíkt því sem á við um skemmtisiglingu, að þegar næturgisting er í boði sem hluti af farþegaflutningum á vegum, með járnbrautum, á sjó eða skipgengum vatnaleiðum eða með flugi ætti gistingin ekki að teljast sjálfstæð ferðatengd þjónusta ef flutningurinn er augljóslega meginþátturinn.

- 18) Önnur þjónusta við ferðamenn, sem er ekki óaðskiljanlegur hluti af flutningi á farþegum, gistingu eða leigu á vélknúnum ökutækjum eða tilteknum bifhjólum, getur t.d. verið aðgangur að tónleikum, íþróttaviðburðum, dagsferðum eða skemmtigörðum, skoðunarferðir með leiðsögumanni, aðgangskort í skíðalyftur og leiga á íþróttabúnaði, t.d. skíðabúnaði, eða meðferðir í heilsulind. Ef slík þjónusta er sett saman við aðeins eina aðra tegund ferðatengdrar þjónustu, t.d. gistingu, ætti það þó aðeins að teljast pakkaferð eða samtengd ferðatilhögun ef umrædd þjónusta er verulegur hluti af virði pakkaferðarinnar eða samtengdrar ferðatilhögunar eða er auglýst sem, eða er á annan hátt, grundvallarþáttur ferðalagsins eða orlofsferðarinnar. Ef virði annarrar þjónustu við ferðamenn nemur 25% eða meira af virði samsetningarinnar ætti sú þjónusta að teljast verulegur hluti af virði pakkaferðarinnar eða samtengdu ferðatilhögunarinnar. Koma ætti skýrt fram að það ætti ekki að teljast vera pakkaferð ef annarri þjónustu við ferðamenn er bætt við, t.d. hótलगistingu eftir að ferðamaðurinn er kominn á hótelið, hafi gistingin verið bókuð sem stök þjónusta. Þetta ætti ekki að verða til þess að tilskipun þessi sé sniðgengin þannig að skipuleggjendur eða smásalar bjóði ferðamanni úrval viðbótarþjónustu fyrirfram og bjóðist síðan ekki til að gera samning um þá þjónustu fyrr en eftir að framkvæmd fyrstu ferðatengdu þjónustunnar er hafin.
- 19) Þar sem minni þörf er á að vernda ferðamenn þegar um er að ræða styttri ferðir og til að forðast að leggja óþarfa byrðar á seljendur ættu ferðir, sem eru innan við 24 klukkustundir og þar sem gisting er ekki innifalin, ásamt pakkaferðum eða samtengdri ferðatilhögun, sem er boðin eða höfð milliganga um öðru hverju og ekki í hagnaðarskyni og aðeins fyrir takmarkaðan hóp ferðamanna, að falla utan gildissviðs þessarar tilskipunar. Hið síðarnefnda getur t.d. átt við ferðir, sem góðgerðarstofnanir, íþróttafélög eða skólar skipuleggja fyrir meðlimi sína í fáein skipti á ári og eru ekki í boði fyrir almenning. Gera ætti fullnægjandi upplýsingar um þessa undantekningu aðgengilegar almenningi til þess að tryggja að seljendur og ferðamenn séu upplýstir á tilhlýðilegan hátt um að slíkar pakkaferðir eða samtengd ferðatilhögun falli ekki undir þessa tilskipun.
- 20) Þessi tilskipun ætti ekki að hafa áhrif á samningalög einstakra aðildarríkja að því er varðar þá þætti sem hún tekur ekki til.
- 21) Aðildarríkin ættu áfram að vera lögbær, í samræmi við löggjöf Sambandsins, til að beita ákvæðum þessarar tilskipunar á sviðum sem falla utan gildissviðs hennar. Aðildarríkin geta því viðhaldið eða innleitt ákvæði í landslög, sem samsvara ákvæðum þessarar tilskipunar eða vissum ákvæðum hennar, um samninga sem falla utan gildissviðs þessarar tilskipunar. Aðildarríkin geta t.d. viðhaldið eða innleitt samsvarandi ákvæði um tiltekna sérstaka samninga sem varða staka ferðatengda þjónustu (s.s. leigu orlofsheimila) eða pakkaferðir eða samtengda ferðatilhögun, sem er boðin eða höfð milliganga um öðru hverju og ekki í hagnaðarskyni og aðeins fyrir takmarkaðan hóp ferðamanna, eða um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun, sem nær yfir minna en 24 klukkustundir og þar sem gisting er ekki innifalin.
- 22) Megineinkenni pakkaferðar er að einn seljandi ábyrgist rétta framkvæmd pakkaferðarinnar í heild sem skipuleggjandi hennar. Aðeins í tilvikum þegar annar seljandi kemur fram sem skipuleggjandi pakkaferðar ætti seljandi, sem venjulega er ferðaskrifstofa með fasta starfsstöð eða á Netinu, að geta komið fram sem smásali eða milliliður einvörðungu og er þá ekki ábyrgur sem skipuleggjandi. Það hvort seljandi kemur fram sem skipuleggjandi tiltekinnar pakkaferðar ætti að fara eftir því hve mikinn þátt hann á í að setja saman pakkaferðina og ekki eftir því hvernig hann lýsir starfsemi sinni. Þegar metið er hvort seljandi sé skipuleggjandi eða smásali ætti ekki að skipta máli hvort hann starfar þar sem þjónustan er veitt eða hvort hann kynnir sig sem umboðsaðila sem kemur fram fyrir hönd ferðamannsins.
- 23) Samkvæmt tilskipun 90/314/EBE er það aðildarríkjanna að ákvarða hvort smásalar, skipuleggjendur eða hvorir tveggja bera ábyrgð á réttri framkvæmd pakkaferðar. Þessi sveigjanleiki hefur haft í för með sér að í sumum aðildarríkjum er óljóst hvaða seljandi er ábyrgur fyrir framkvæmd viðkomandi ferðatengdrar þjónustu. Því ætti að skýra í þessari tilskipun að skipuleggjendur eru ábyrgir fyrir framkvæmd ferðatengdrar þjónustu sem er innifalin í pakkaferðarsamningi, nema landslög kveði á um að bæði skipuleggjandi og smásali beri ábyrgðina.
- 24) Að því er varðar pakkaferðir ættu smásalar ásamt skipuleggjendum að bera ábyrgð á að veita upplýsingar áður en samningur er gerður. Til þess að auðvelda samskipti, einkum í tilvikum sem ná yfir landamæri, ættu ferðamenn einnig að geta haft samband við skipuleggjandann með hjálp smásalans sem seldi þeim pakkaferðina.
- 25) Ferðamenn ættu að fá allar nauðsynlegar upplýsingar áður en þeir kaupa pakkaferð, hvort sem hún er seld gegnum fjarsamskiptamiðil, á söluskrifstofu eða eftir öðrum dreifingarleiðum. Þegar seljandi veitir þessar upplýsingar ætti hann að taka tillit til sérþarfa ferðamanna, sem eru sérlega berskjaldaðir sökum aldurs eða líkamlegrar fötlunar, sem seljandinn ætti að geta séð fyrir með góðu móti.

- 26) Helstu upplýsingar, t.d. um megineinkenni ferðatengdu þjónustunnar eða um verð, sem koma fram í auglýsingum, á vefsetri skipuleggjandans eða í bæklingum sem hluti af upplýsingum sem veittar eru áður en samningur er gerður, ættu að vera bindandi nema skipuleggjandinn áskilji sér rétt til að gera breytingar á þessum þáttum og ferðamaðurinn sé upplýstur um slíkar breytingar með skýrum, skiljanlegum og áberandi hætti áður en gengið er frá pakkaferðarsamningi. Í ljósi nýrrar fjarskiptatækni, sem auðveldar mjög uppfærslur, er þó ekki lengur þörf á að mæla fyrir um sérstakar reglur um bæklinga, en þó er rétt að tryggja að ferðamönnum sé tilkynnt um breytingar á upplýsingum sem veittar eru áður en samningur er gerður. Ávallt ætti að vera hægt að gera breytingar á upplýsingum sem veittar eru áður en samningur er gerður ef báðir aðilar að pakkaferðarsamningi samþykkja það með skýrum hætti.
- 27) Kröfurnar um upplýsingar, sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, eru tæmandi en ættu ekki að hafa áhrif á kröfur um upplýsingar sem mælt er fyrir um í annari gildandi löggjöf Sambandsins ⁽¹⁾.
- 28) Skipuleggjendur ættu að veita almennar upplýsingar um kröfur sem gerðar eru um vegabréfsáritanir í ákvörðunarlandinu. Hægt er að veita upplýsingar um hve langan tíma má ætla að taki að fá vegabréfsáritun með tilvísun í opinberar upplýsingar ákvörðunarlandsins.
- 29) Með tilliti til sérstakra eiginleika pakkaferðarsamninga ætti að mæla fyrir um réttindi og skyldur samningsaðila fyrir tímabilið fyrir og eftir upphaf pakkaferðarinnar, einkum ef framkvæmd hennar er ekki með réttum hætti eða ef sérstakar aðstæður breytast.
- 30) Þar sem pakkaferðir eru gjarnan keyptar löngu áður en þær eru farnar geta ófyrirsjáanlegir atburðir gerst. Af þeim sökum ætti ferðamaður að hafa rétt til að framselja pakkaferðarsamning til annars ferðamanns með tilteknum skilyrðum. Í slíkum tilvikum ætti skipuleggjandinn að geta endurheimt útgjöld sín, t.d. ef undirverktaki krefst gjalds fyrir að breyta nafni ferðamanns eða ógilda farseðil og gefa út annan í hans stað.
- 31) Ferðamenn ættu einnig að geta rift pakkaferðarsamningi hvenær sem er fyrir upphaf pakkaferðarinnar gegn greiðslu videigandi og réttlætansgjalds, að teknu tilliti til áætlaðrar kostnaðarlækkunar og tekna af annari nýtingu ferðatengdu þjónustunnar. Þeir ættu einnig að hafa rétt til að rifta pakkaferðarsamningi án þess að greiða riftunargjald ef óhjákvæmilegar og óvenjulegar aðstæður hafa umtalsverð áhrif á framkvæmd pakkaferðarinnar. Þetta getur m.a. náð yfir hernað, önnur alvarleg öryggisvandamál s.s. hryðjuverk, umtalsverða áhættu fyrir heilbrigði manna á borð við uppkomu alvarlegs sjúkdóms á ákvörðunarstað ferðarinnar eða náttúruhamfarir á borð við flóð, jarðskjálfta eða veðurskilyrði sem gera það að verkum að ekki er hægt að ferðast með öruggum hætti til ákvörðunarstaðar eins og umsamið var í pakkaferðarsamningnum.
- 32) Við sérstakar aðstæður ætti skipuleggjandinn einnig að hafa rétt á að rifta pakkaferðarsamningi fyrir upphaf pakkaferðarinnar án þess að greiða skaðabætur, t.d. ef ekki næst lágmarksfjöldi þátttakenda og fyrirvari var um þann möguleika í samningnum. Í því tilviki ætti skipuleggjandinn að endurgreiða allar greiðslur í tengslum við pakkaferðina.
- 33) Í sérstökum tilvikum ætti skipuleggjendum að vera heimilt að gera einhliða breytingar á pakkaferðarsamningi. Ferðamenn ættu þó að hafa rétt til að rifta pakkaferðarsamningi ef þessar breytingar valda verulegum breytingum á einhverjum af megineinkennum ferðatengdu þjónustunnar. Þetta getur t.d. átt við ef gæði eða virði ferðatengdu þjónustunnar rýrnar. Til dæmis ætti að líta svo á að breytingar á brottfarar- eða komutíma, sem tilgreindur er í

⁽¹⁾ Sjá: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/31/EB frá 8. júní 2000 um tiltekna lagalega þætti þjónustu, einkum rafrænna viðskipta, í tengslum við upplýsingasamfélagið á innri markaðnum (tilskipun um rafræn viðskipti) (Stjútíð. ESB L 178, 17.7.2000, bls. 1) og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/123/EB frá 12. desember 2006 um þjónustu á innri markaðnum (Stjútíð. ESB L 376, 27.12.2006, bls. 36), ásamt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2111/2005 frá 14. desember 2005 um að stofna skrá Bandalagsins yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Bandalagsins og um að upplýsa flugfarþega um hvaða flugrekendur annast flutning og um niðurfellingu 9. gr. tilskipunar 2004/36/EB (Stjútíð. ESB L 344, 27.12.2005, bls. 15), reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2006 frá 5. júlí 2006 um réttindi fatlaðs og hreyfihamaðs fólks sem ferðast með flugi (Stjútíð. ESB L 204, 26.7.2006, bls. 1), reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1371/2007 frá 23. október 2007 um réttindi og skyldur lestarfarþega (Stjútíð. ESB L 315, 3.12.2007, bls. 14), reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 frá 24. september 2008 um sameiginlegar reglur um rekstur flugþjónustu í Bandalaginu (Stjútíð. ESB L 293, 31.10.2008, bls. 3), reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1177/2010 frá 24. nóvember 2010 um réttindi farþega sem ferðast á sjó eða skipgengum vatnaleiðum og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2006/2004 (Stjútíð. ESB L 334, 17.12.2010, bls. 1) og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 181/2011 frá 16. febrúar 2011 um réttindi farþega í hópþíflu og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2006/2004 (Stjútíð. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 1).

pakkaferðarsamningnum, séu verulegar ef þær myndu valda ferðamanninum umtalsverðu óhagræði eða aukakostnaði, t.d. vegna endurskipulagningar á flutningi eða gistingu. Verðhækkningar ættu aðeins að vera mögulegar ef breytingar hafa orðið á kostnaði eldsneytis eða annarra aflagjafa vegna flutnings farþega, á sköttum eða gjöldum sem lögð eru á af þriðja aðila sem kemur ekki beint að framkvæmd ferðatengdu þjónustunnar, sem er innifalin í pakkaferðarsamningnum, eða á gengi sem á við um pakkaferðina, og því aðeins að skýrt sé áskilið í samningnum að slíkar verðhækkningar séu mögulegar og að þar komi fram að ferðamaðurinn eigi rétt á verðlækkun sem svarar til lækkunar á þessum kostnaði. Leggi skipuleggjandinn til verðhækkun sem nemur meira en 8% af heildarverðinu ætti ferðamaðurinn að hafa rétt til að rifta pakkaferðarsamningnum án þess að greiða riftunargjald.

- 34) Rétt þykir að setja fram sérstakar reglur um úrræði að því er varðar vanefndir á framkvæmd pakkaferðarsamnings. Ferðamaðurinn ætti að eiga rétt á því að vandamál séu leyst og bjóða ætti honum annað hentugt fyrirkomulag ef ekki er unnt að veita verulegan hluta af þeirri ferðatengdu þjónustu sem var innifalin í pakkaferðarsamningnum. Ef skipuleggjandi ræður ekki bót á vanefndum innan hæfilegs frests sem ferðamaðurinn setur ætti ferðamaðurinn að geta gert það sjálfur og krafist endurgreiðslu á nauðsynlegum útgjöldum. Í vissum tilvikum ætti ekki að vera nauðsynlegt að tiltaka frest, einkum ef þörf er á tafarlausum úrbótum. Þetta ætti t.d. við ef ferðamaður verður að fara með leigubíl til að ná flugi í tæka tíð vegna þess að hópferðabifreið á vegum skipuleggjandans seinkar. Ferðamenn ættu einnig að eiga rétt á lækkun á verði, riftun pakkaferðarsamningsins og/eða skaðabótum. Skaðabætur ættu einnig að ná yfir ófnislegt tjón, s.s. bætur vegna þess að ekki var hægt að njóta ferðalags eða orlofsferðar vegna umtalsverðra ágalla á framkvæmd viðkomandi ferðatengdrar þjónustu. Ferðamanni ætti að vera skylt að tilkynna skipuleggjanda, án ótilhlýðilegrar tafar, með tilliti til aðstæðna í málinu, um hverja þá vanefnd sem hann verður var við á framkvæmd ferðatengdrar þjónustu, sem er innifalin í pakkaferðarsamningnum. Geri hann það ekki getur verið tekið tillit til þess við ákvörðun á viðeigandi verðlækkun eða skaðabótum ef slík tilkynning hefði forðað eða dregið úr tjóninu.
- 35) Rétt þykir, til að tryggja samkvæmni, að samræma ákvæði þessarar tilskipunar alþjóðasamningnum um ferðatengda þjónustu og löggjöf Sambandsins um réttindi farþega. Ef skipuleggjandi er ábyrgur fyrir því að ferðatengd þjónusta, sem er innifalin í pakkaferðarsamningi, er ekki framkvæmd eða framkvæmd hennar er ófullnægjandi ætti hann að geta skírskotað til takmarkana á bótaábyrgð þjónustuveitenda, sem settar eru fram í slíkum alþjóðasamningum á borð við Montreal-samninginn frá 1999 um samræmingu tiltekinna reglna varðandi loftflutninga milli landa ⁽¹⁾, samninginn frá 1980 um millilandaflutninga með járnbrautum (COTIF) ⁽²⁾ og Aþenusamninginn frá 1974 um flutning farþega og farangurs þeirra á sjó ⁽³⁾. Ef ógerlegt er að tryggja för ferðamanns til baka til brottfararstaðar í tæka tíð vegna óhjákvæmilegra og óvenjulegra aðstæðna ætti skipuleggjandinn að standa straum af nauðsynlegum kostnaði ferðamannsins vegna gistingar í þrjár nætur að hámarki fyrir hvern ferðamann nema kveðið sé á um lengri tíma í gildandi eða væntanlegri löggjöf Sambandsins um réttindi farþega.
- 36) Tilskipun þessi ætti ekki að hafa áhrif á rétt ferðamanna til að leggja fram kröfur, bæði samkvæmt þessari tilskipun og samkvæmt annari viðeigandi löggjöf Sambandsins eða alþjóðasamningnum, þannig að ferðamenn hafa áfram möguleika á að beina kvörtunum til skipuleggjanda, flutningsaðila eða annars ábyrgs aðila, eða til fleiri en eins aðila, eftir atvikum. Rétt er að taka fram, að til þess að forðast ofgreiðslu bóta ættu skaðabætur eða verðlækkun, sem veitt er samkvæmt þessari tilskipun og skaðabætur eða verðlækkun sem veitt er samkvæmt annari viðeigandi löggjöf Sambandsins eða alþjóðasamningnum, að koma til frádráttar hvor frá annari. Bótaábyrgð skipuleggjanda ætti ekki að hafa áhrif á réttinn til að leita úrlausnar mála sinna hjá þriðju aðilum, þ.m.t. þjónustuveitendum.
- 37) Lendi ferðamaður í vanda á ferðalagi eða í orlofsferð ætti skipuleggjandi að vera skylt að veita viðeigandi aðstoð án ótilhlýðilegrar tafar. Slík aðstoð ætti einkum, eftir því sem við á, að felast í upplýsingum um hluti á borð við heilbrigðisþjónustu, staðaryfirvöld og ræðisaðstoð, ásamt hagnýtri aðstoð, t.d. varðandi aðra ferðatilhögun og fjarsamskipti.

⁽¹⁾ Ákvörðun ráðsins 2001/539/EB frá 5. apríl 2001 um samþykkt Evrópubandalagsins á samningnum um samræmingu tiltekinna reglna varðandi loftflutninga milli landa (Montreal-samningurinn) (Stjtið. EB L 194, 18.7.2001, bls. 38).

⁽²⁾ Ákvörðun ráðsins 2013/103/ESB frá 16. júní 2011 um undirritun og gerð samnings milli Evrópusambandsins og Milliríkjastofnunarinnar um millilandaflutninga með járnbrautum um aðild Evrópusambandsins að samningnum um millilandaflutninga með járnbrautum (COTIF) frá 9. maí 1980, eins og honum var breytt með Vilnius-bókuninni frá 3. júní 1999 (Stjtið. ESB L 51, 23.2.2013, bls. 1).

⁽³⁾ Ákvörðun ráðsins 2012/22/ESB frá 12. desember 2011 um aðild Evrópusambandsins að bókuninni frá 2002 við Aþenusamninginn um flutning farþega og farangurs þeirra á sjó frá 1974, að 10. og 11. gr. undanskildum (Stjtið. ESB L 8, 12.1.2012, bls. 1).

- 38) Í orðsendingu sinni frá 18. mars 2013, sem ber heitið „Vernd farþega við ógjaldfærni flugfélags“, setti framkvæmdastjórnin fram ráðstafanir til að bæta vernd ferðamanna þegar flugfélag verður ógjaldfært, þar á meðal um betri framfylgd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 261/2004 ⁽¹⁾ og reglugerðar (EB) nr. 1008/2008 og samvinnu við hagsmunaaðila innan atvinnugreinarinnar, og um hugsanlega löggjafarráðstöfun ef það nægði ekki. Orðsendingin tekur til kaupa á stakri einingu, þ.e. flugþjónustu. og fjallar þess vegna ekki um vernd gegn ógjaldfærni fyrir pakkaferðir og fyrir samtengda ferðatilhögun.
- 39) Aðildarríkin ættu að tryggja að ferðamenn, sem kaupa pakkaferð, séu verndaðir að fullu gegn ógjaldfærni skipuleggjanda. Aðildarríkin þar sem skipuleggjendur hafa staðfestu ættu að sjá til þess að þeir veiti tryggingu fyrir endurgreiðslu á öllum greiðslum sem hafa verið inntar af hendi af ferðamönnum eða fyrir þeirra hönd og, að svo miklu leyti sem pakkaferðin inniheldur flutning farþega, fyrir heimflutningi farþega ef skipuleggjandi verður ógjaldfær. Þó ætti að vera mögulegt að bjóða ferðamönnum að halda pakkaferðinni áfram. Aðildarríkin ættu að tryggja að verndin gegn ógjaldfærni sé skilvirk, en eru þó sjálfráð um tilhögun hennar. Skilvirkni felur í sér að vernd ætti að vera tiltæk jafnskjótt og ferðatengd þjónusta er ekki framkvæmd, verður ekki framkvæmd eða aðeins að hluta til, sökum ógjaldfærni skipuleggjandans eða ef þjónustuveitendur krefja ferðamenn um greiðslu fyrir hana. Aðildarríkin ættu að geta krafist þess að skipuleggjendur láti ferðamönnum í té vottorð sem staðfestir beina kröfu á hendur þeim sem veitir verndina gegn ógjaldfærni.
- 40) Til að vernd gegn ógjaldfærni sé skilvirk ætti hún að taka til fyrirsjáanlegra fjárhæða greiðslna sem ógjaldfærni skipuleggjandans hefur áhrif á og, eftir atvikum, fyrirsjáanlegs kostnaðar við heimflutning. Þetta þýðir að verndin ætti að vera fullnægjandi til að standa straum af öllum fyrirsjáanlegum greiðslum sem inntar eru af hendi af ferðamanni eða fyrir hönd hans vegna pakkaferða á háannatíma, að teknu tilliti til tímans frá viðtöku slíkra greiðslna og þar til ferðalagi eða orlofsferð er lokið, ásamt, eftir atvikum, fyrirsjáanlegum kostnaði vegna heimflutnings. Það þýðir yfirleitt að tryggingin þarf að ná yfir nægilega hátt hlutfall af veltu skipuleggjandans að því er varðar pakkaferðir og getur verið háð þáttum á borð við tegundir pakkaferða sem seldar eru, þ.m.t. flutningsmáta, ákvörðunarstað ferðarinnar og hvers konar lagalegar takmarkanir eða skuldbindingar skipuleggjandans að því er varðar fjárhæðir fyrirframgreiðslna sem honum er heimilt að taka á móti og tímasetningu þeirra fyrir upphaf pakkaferðarinnar. Þótt hægt sé að reikna út nauðsynlega tryggingavernd út frá nýjustu viðskiptagögnum, t.d. veltu síðasta rekstrarárs, ætti skipuleggjendum að vera skylt að aðlaga verndina gegn ógjaldfærni ef áhættan eykst, þ.m.t. ef sala pakkaferða eykst verulega. Skilvirk vernd gegn ógjaldfærni ætti þó ekki að þurfa að taka mið af mjög ólíklegri áhættu, t.d. ógjaldfærni nokkurra stærstu skipuleggjandanna samtímis, ef það myndi hafa óhófleg áhrif á kostnaðinn af verndinni og þannig standa í vegi fyrir skilvirkni hennar. Í slíkum tilvikum er heimilt að takmarka tryggingu fyrir endurgreiðslu.
- 41) Með tilliti til þess mismunar sem er á landslögum og venju að því er varðar aðila að pakkaferðarsamningi og viðtöku greiðslna sem inntar eru af hendi af ferðamönnum eða fyrir þeirra hönd ætti aðildarríkjum að vera heimilt að krefjast þess að smásalar tryggi sig einnig gegn ógjaldfærni.
- 42) Í samræmi við tilskipun 2006/123/EB þykir rétt að mæla fyrir um reglur til þess að koma í veg fyrir að skuldbindingar um vernd gegn ógjaldfærni hamli frjálsri þjónustustarfsemi og staðfesturétti. Af þeim sökum ætti aðildarríkjunum að vera skylt að viðurkenna vernd gegn ógjaldfærni samkvæmt lögum staðfestuadildarríkisins. Aðildarríkjunum ætti að vera skylt að tilnefna aðaltengiliði til að greiða fyrir samvinnu á sviði stjórnsýslu og eftirliti með skipuleggjendum og, eftir atvikum, smásölum sem starfa í mismunandi aðildarríkjum með tilliti til verndar gegn ógjaldfærni.
- 43) Seljendum, sem hafa milligöngu um samtengda ferðatilhögun, ætti að vera skylt að upplýsa ferðamenn um að þeir séu ekki að kaupa pakkaferð og að hver ferðaðþjónustuveitandi fyrir sig beri einn ábyrgð á rétttri framkvæmd sinna samninga. Seljendum, sem hafa milligöngu um samtengda ferðatilhögun, ætti þar að auki að vera skylt að veita vernd gegn ógjaldfærni vegna endurgreiðslu á greiðslum sem þeir taka við og, að svo miklu leyti sem þeir bera ábyrgð á flutningi farþega, vegna heimflutnings ferðamanna og ættu að upplýsa þá til samræmis við það. Seljendur, sem bera ábyrgð á framkvæmd einstakra samninga sem eru hluti af samtengdri ferðatilhögun, falla undir almenna löggjöf Sambandsins um neytendavernd og löggjöf sem varðar sérstaka geira.

(1) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 261/2004 frá 11. febrúar 2004 um sameiginlegar reglur um skaðabætur og aðstoð til handa farþegum sem er neitað um far og þegar flugi er aflýst eða mikil seinkun verður og um að fella úr gildi reglugerð (EBE) nr. 295/91 (Stjtið. ESB L 46, 17.2.2004, bls. 1).

- 44) Þegar aðildarríkin mæla fyrir um reglur um verndarkerfi gegn ógjaldfærni í tengslum við pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun ætti það ekki að koma í veg fyrir að þau taki tillit til sérstakra aðstæðna minni fyrirtækja, en tryggi ferðamönnum jafnframt sama verndarstig.
- 45) Vernda ætti ferðamenn gegn skekkjum sem koma upp í bókunarferli pakkaferða og samtengdrar ferðatilhögunar.
- 46) Staðfesta ætti að ferðamenn hafa ekki heimild til að afsala sér þeim rétti sem þeir hafa samkvæmt þessari tilskipun og að skipuleggjendur eða seljendur, sem hafa milligöngu um samtengda ferðatilhögun, geta ekki vikið sér undan skuldbindingum sínum með því að halda því fram að þeir komi einungis fram sem ferðapjónustuveitandi, milliliður eða gegni einhverju öðru hlutverki.
- 47) Aðildarríkin ættu að mæla fyrir um reglur um viðurlög við brotum á ákvæðum landslaga sem sett eru til að lögleiða þessa tilskipun og sjá til þess að þeim sé framfylgt. Þessi viðurlög skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brot og hafa varnaðaráhrif.
- 48) Samþykkt þessarar tilskipunar hefur í för með sér að nauðsynlegt er að aðlaga tilteknar lagagerðir Sambandsins á sviði neytendaverndar. Einkum ætti að koma skýrt fram að reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2006/2004 ⁽¹⁾ gildir um brot gegn ákvæðum þessarar tilskipunar. Með tilliti til þess að tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/83/ESB ⁽²⁾ í sinni núverandi mynd gildir ekki um samninga sem tilskipun 90/314/EBE tekur til, er einnig nauðsynlegt að breyta tilskipun 2011/83/ESB til að tryggja að hún gildi áfram um staka ferðatengda þjónustu sem er hluti af samtengdri ferðatilhögun, að því marki sem þessi staka þjónusta fellur ekki með öðrum hætti utan gildissviðs tilskipunar 2011/83/ESB og að tiltekin réttindi neytenda, sem mælt er fyrir um í þeirri tilskipun, gildi einnig um pakkaferðir.
- 49) Tilskipun þessi er með fyrirvara um reglur um vernd persónuupplýsinga sem mælt er fyrir um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB ⁽³⁾ og reglur Sambandsins um alþjóðlegan einkamálarétt, þ.m.t. reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 593/2008 ⁽⁴⁾.
- 50) Rétt er að það komi skýrt fram að reglufestar kröfur þessarar tilskipunar um vernd gegn ógjaldfærni og upplýsingar í tengslum við samtengda ferðatilhögun ættu einnig að gilda um seljendur sem hafa ekki staðfestu í aðildarríki en sem með einhverjum hætti beina starfsemi sinni, í skilningi reglugerðar (EB) nr. 593/2008 og reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1215/2012 ⁽⁵⁾, til eins eða fleiri aðildarríkja.
- 51) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar tilskipunar, þ.e. að stuðla að eðlilegri starfsemi innri markaðarins og ná fram öflugri neytendavernd sem er eins samræmd og unnt er, og þessum markmiðum verður betur náð á vettvangi Sambandsins vegna umfangs þeirra, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná því markmiði.
- 52) Í þessari tilskipun eru þau grundvallarréttindi virt og þeim meginreglum fylgt sem eru viðurkennd í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi. Í þessari tilskipun er, nánar tiltekið, virt frelsi til atvinnurekstrar sem mælt er fyrir um í 16. gr. sáttmálans, en jafnframt tryggð öflug neytendavernd innan Sambandsins, í samræmi við 38. gr. sáttmálans.

⁽¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2006/2004 frá 27. október 2004 um samvinnu milli innlendra yfirvalda sem bera ábyrgð á framkvæmd laga um neytendavernd (reglugerð um samvinnu um neytendavernd) (Stjtið. ESB L 364, 9.12.2004, bls. 1).

⁽²⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/83/ESB frá 25. október 2011 um réttindi neytenda, um breytingu á tilskipun ráðsins 93/13/EBE og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/44/EB og um niðurfellingu tilskipunar ráðsins 85/577/EBE og tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 97/7/EB (Stjtið. ESB L 304, 22.11.2011, bls. 64).

⁽³⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (Stjtið. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31).

⁽⁴⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 593/2008 frá 17. júní 2008 um lög sem gilda um sanningsbundnar skyldur (Róm I) (Stjtið. ESB L 177, 4.7.2008, bls. 6).

⁽⁵⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1215/2012 frá 12. desember 2012 um dómsvald og viðurkenningu á og fullnustu dóma í einkamálum og viðskiptamálum (Stjtið. ESB L 351, 20.12.2012, bls. 1).

- 53) Í samræmi við sameiginlega pólitíska yfirlýsingu aðildarríkja og framkvæmdastjórnarinnar frá 28. september 2011 um skýringaskjöl ⁽¹⁾ hafa aðildarríkin skuldbundið sig til að láta, í rökstuddum tilvikum, eitt eða fleiri skjöl, sem skýra út sambandið milli innihalds tilskipunar og samsvarandi hluta landsbundinna lögleiðingargæringa, fylgja tilkynningunni um lögleiðingarráðstafanir sínar. Að því er varðar þessa tilskipun telur löggjafinn að sending slíkra gagna sé rökstudd.
- 54) Tilskipun 90/314/EBE ætti því að fella úr gildi.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. KAFLI

EFNI, GILDISSVIÐ, SKILGREININGAR OG UMFANG SAMRÆMINGAR

1. gr.

Efni

Markmiðið með þessari tilskipun er að stuðla að eðlilegri starfsemi innri markaðarins og ná fram öflugri neytendavernd, sem er eins samræmd og unnt er, með því að samræma tiltekna þætti í lögum og stjórnáslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi samninga sem ferðamenn og seljendur gera sín í milli um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun.

2. gr.

Gildissvið

1. Tilskipun þessi gildir um pakkaferðir sem seljendur bjóða ferðamönnum til sölu eða selja þeim og um samtengda ferðatilhögun sem seljendur hafa milligöngu um til handa ferðamönnum.
2. Þessi tilskipun gildir ekki um:
 - a) pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun, sem ná yfir minna en 24 klukkustundir, nema næturgisting sé innifalin,
 - b) pakkaferðir sem eru boðnar og samtengda ferðatilhögun sem höfð er milliganga um öðru hverju og ekki í hagnaðarskyni og aðeins fyrir takmarkaðan hóp ferðamanna,
 - c) pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun sem keyptar eru á grundvelli almenns samnings um skipulagningu viðskiptaferða milli seljanda og annars einstaklings eða lögaðila sem kemur fram í tilgangi sem varðar atvinnugrein hans, fyrirtæki, iðn eða sérgrein.
3. Tilskipun þessi hefur ekki áhrif á landsbundin almenn samningalög, s.s. reglur um gildi, gerð eða áhrif samnings, að svo miklu leyti sem ekki eru settar reglur um almenn atriði samningalaga í þessari tilskipun.

3. gr.

Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- 1) „ferðatengd þjónusta“:
 - a) flutningur á farþegum,
 - b) gisting sem er ekki óaðskiljanlegur hluti af flutningi farþega og er ekki til búsetu,

⁽¹⁾ Stjttð. ESB C 369, 17.12.2011, bls. 14.

- c) leiga á bifreiðum, öðrum vélknúnum ökutækjum í skilningi 11. mgr. 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB ⁽¹⁾ eða bifhjólum sem krefjast ökuréttinda í flokki A í samræmi við c-lið 3. mgr. 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2006/126/EB ⁽²⁾,
- d) önnur þjónusta við ferðamenn sem er ekki óaðskiljanlegur hluti ferðatengdrar þjónustu í skilningi a-, b- eða c-liðar,
- 2) „pakkaferð“: samsetning a.m.k. tveggja tegunda ferðatengdrar þjónustu vegna sama ferðalags eða orlofsferðar ef:
- a) þjónustutegundirnar eru settar saman af einum og sama seljanda, þ.m.t. að beiðni ferðamannsins eða í samræmi við val hans, áður en einn samningur er gerður um alla þjónustuna eða
- b) þjónustan er, óháð því hvort gerðir eru aðskildir samningar við hvern ferðaðþjónustuveitanda fyrir sig:
- i. keypt á einum og sama sölustað og þjónustan hefur verið valin áður en ferðamaðurinn samþykkir að greiða fyrir hana,
- ii. boðin fram, seld eða reikningur gefinn út fyrir henni á heildarverði,
- iii. auglýst eða seld undir heitinu „pakkaferð“ eða álíka,
- iv. sett saman eftir að samningur er gerður, þar sem seljandi veitir ferðamanninum rétt til að velja milli mismunandi tegunda ferðatengdrar þjónustu eða
- v. keypt af mismunandi seljendum með hjálp samtengdra bókunarferla á Netinu þar sem seljandinn, sem fyrsti samningurinn er gerður við, sendir nafn ferðamannsins, greiðsluupplýsingar og tölvupóstfang hans til annars eða annarra seljenda og samningur er gerður við þá eigi síðar en 24 klukkustundum eftir að bókun fyrstu ferðatengdu þjónustunnar er staðfest.
- Samsetning ferðatengdrar þjónustu, þar sem ekki fleiri en ein tegund ferðatengdrar þjónustu, sem um getur í a-, b- eða c-lið 1. liðar, er sett saman við eina eða fleiri þjónustu við ferðamenn sem um getur í d-lið 1. liðar er ekki pakkaferð ef síðarnefnda þjónustan:
- a) er ekki verulegur hluti af virði samsettu þjónustunnar og er ekki auglýst sem, eða er á annan hátt, grundvallarþáttur hennar eða
- b) er ekki valin og keypt fyrr en eftir að framkvæmd ferðatengdu þjónustunnar skv. a-, b- eða c-lið er hafin,
- 3) „pakkaferðarsamningur“: samningur um pakkaferð í heild eða, ef gerðir eru aðskildir samningar vegna ferðarinnar, allir samningar sem ná yfir ferðatengda þjónustu sem er innifalin í pakkaferðinni,
- 4) „upphaf pakkaferðar“: upphaf framkvæmdar á ferðatengdri þjónustu sem er innifalin í pakkaferðinni,
- 5) „samtengd ferðatilhögun“: a.m.k. tvær mismunandi tegundir ferðatengdrar þjónustu sem keyptar eru vegna sama ferðalags eða orlofsferðar en mynda ekki pakkaferð, og sem verður til þess að gerðir eru aðskildir samningar við hvern ferðaðþjónustuveitanda fyrir sig, ef seljandinn hefur milligöngu um:
- a) við einstaka heimsókn á eða samskipti við sölustað hans, að ferðamenn velji sérstaklega og greiði sérstaklega fyrir hverja ferðatengda þjónustu, eða

⁽¹⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB frá 5. september 2007 um ramma um viðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki (rammatilskipun) (Stjttíð. ESB L 263, 9.10.2007, bls. 1).

⁽²⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/126/EB frá 20. desember 2006 um ökuskríteini (Stjttíð. ESB L 403, 30.12.2006, bls. 18).

- b) með markvissum hætti, öflun a.m.k. einnar ferðatengdrar þjónustu til viðbótar frá öðrum seljanda, þar sem samningur við þann seljanda er gerður í síðasta lagi 24 klst. eftir staðfestingu bóknar fyrstu ferðatengdu þjónustunnar.

Ef aðeins er keypt ein tegund ferðatengdrar þjónustu, sem um getur í a-, b- eða c-lið 1. liðar, og ein eða fleiri þjónusta við ferðamenn, eins og um getur í d-lið 1. liðar, telst það ekki samtengd ferðatilhögun ef síðarnefnda þjónustan er ekki verulegur hluti af samanlögðu virði þjónustunnar og er ekki auglýst sem, eða er á annan hátt, grundvallarþáttur ferðalagsins eða orlofsferðarinnar,

- 6) „ferðamaður“: sérhver aðili sem óskar eftir að gera samning eða hefur rétt til þess að ferðast á grundvelli samnings sem hefur verið gerður, sem fellur innan gildissviðs þessarar tilskipunar,
- 7) „seljandi“: einstaklingur eða lögaðili, jafnt í eigu hins opinbera sem í einkaeigu, ásamt hverjum þeim sem starfar, einnig með hjálp annars aðila sem kemur fram í hans nafni eða fyrir hönd hans, að markmiðum sem varða atvinnugrein, fyrirtæki, iðn eða sérgrein hans í tengslum við samninga sem falla undir þessa tilskipun, hvort sem hann kemur fram sem skipuleggjandi, smásali, seljandi sem hefur milligöngu um samtengda ferðatilhögun eða sem ferðaðjónustuveitandi,
- 8) „skipuleggjandi“: seljandi sem setur saman og selur eða býður til sölu pakkaferðir, annaðhvort milliliðalaust eða fyrir tilstilli annars seljanda eða ásamt öðrum seljanda, eða sá seljandi sem sendir gögn um ferðamanninn áfram til annars seljanda í samræmi við v. lið b-liðar 2. liðar,
- 9) „smásali“: seljandi, annar en skipuleggjandinn, sem selur eða býður til sölu pakkaferðir sem skipuleggjandi setur saman,
- 10) „staðfesta“: staðfesta eins og hún er skilgreind í 5. lið 4. gr. tilskipunar 2006/123/EB,
- 11) „varanlegur miðill“: hvers konar tæki, sem gerir ferðamanni eða seljanda kleift að geyma upplýsingar, sem beint er til hans persónulega, á þann hátt að hægt sé að nálgast þær til að fletta upp í þeim síðar, í hæfilegan tíma eftir því hvaða tilgangi upplýsingarnar þjóna og sem gerir kleift að afrita óbreyttar þær upplýsingar sem geymdar eru,
- 12) „óhjákvæmilegar og óvenjulegar aðstæður“: aðstæður sem ekki eru á valdi aðilans sem skírskotar til þeirra, og ekki hefði verið hægt að komast hjá, jafnvel þótt gripið hefði verið til allra réttmætra ráðstafana,
- 13) „vanefnd“: það að ferðatengd þjónusta sem er innifalín í pakkaferð er ekki framkvæmd eða framkvæmd hennar er ófullnægjandi,
- 14) „ólögráða barn“: einstaklingur undir átján ára aldri,
- 15) „sölustaður“: færanlegt eða fast athafnasvæði fyrir smásölu eða vefsetur fyrir smásölu eða álíka söluaðili á Netinu, þ.m.t. þegar smásöluvefsetur eða söluaðilar á Netinu eru kynntir ferðamönnum sem einn sölustaður, þ.m.t. símaþjónusta,
- 16) „heimflutningur“: för ferðamanns til baka til brottfararstaðar eða til annars staðar sem samningsaðilar koma sér saman um.

4. gr.

Umfang samræmingar

Aðildarríkin skulu ekki viðhalda eða innleiða ákvæði í landslöggjöf sína sem víkja frá þeim sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, þ.m.t. strangari eða mildari ákvæði sem myndu tryggja ferðamönnum annað verndarstig, nema kveðið sé á um annað í þessari tilskipun.

II. KAFLI

UPPLÝSINGASKYLDA OG INNIHALD PAKKAFERÐARSAMNINGS

5. gr.

Upplýsingar sem veittar eru áður en samningur er gerður

1. Aðildarríkin skulu tryggja að áður en ferðamaður er bundinn af pakkaferðarsamningi eða samsvarandi tilboði skuli skipuleggjandinn og, ef pakkaferðin er seld af smásala, einnig smásalinn, veita honum staðlaðar upplýsingar með hjálp viðeigandi upplýsingablaðs eins og sett er fram í A- eða B-hluta I. viðauka og, eftir því sem á við um pakkaferðina, upplýsingar um eftirfarandi:

a) meginþingferðatengdu þjónustunnar,

- i. ákvörðunarstað eða -staði, ferðaáætlun og lengd dvalar, með dagsetningum og, ef gisting er innifalin, fjölda gistinátta sem eru innifaldar,
- ii. þau samgöngutæki sem nota á, eiginleika þeirra og gæðaflokk, brottfarar- og heimkomustaði, -daga og -tíma, viðkomustaði á leiðinni og tímalengd viðkomu ásamt samgöngutengingum.

Ef nákvæmur tími er enn ekki ákveðinn skal skipuleggjandi og, eftir atvikum, smásali upplýsa ferðamanninn um áætlaðan brottfarar- og heimkomutíma,

iii. staðsetningu gistingar, helstu eiginleika hennar og, eftir atvikum, flokk gistingar samkvæmt reglum ákvörðunarlandsins,

iv. innifaldar máltíðir,

v. heimsóknir, skoðunarferðir eða aðra þjónustu sem felst í umsömdu heildarverði pakkaferðarinnar,

vi. ef það kemur ekki fram af samhenginu, hvort eitthvað af ferðatengdu þjónustunni verður veitt ferðamanninum sem hluta af hópi og, ef svo er, áætlaða stærð hópsins, ef unnt er,

vii. séu not ferðamannsins af annarri þjónustu við ferðamenn háð skilvirkum munnlegum samskiptum, tungumálið sem notað er við veitingu þjónustunnar og

viii. hvort ferðalagið eða orlofsferðin er almennt hentug fyrir hreyfihamlaða einstaklinga og, að beiðni ferðamannsins, nákvæmar upplýsingar um hvort ferðalagið eða orlofsferðin er hentug með tilliti til þarfa ferðamannsins,

b) viðskiptaheiti og heimilisfang skipuleggjandans og, eftir atvikum, smásalans, ásamt símanúmeri og, ef við á, tölvupóstfangi þeirra,

c) heildarverð pakkaferðarinnar með sköttum og, eftir atvikum, öllum viðbótarpóknunum, gjöldum og öðrum kostnaði eða, ef ekki er hægt að reikna þennan kostnað út með góðu móti áður en gengið er frá samningi, upplýsingar um hvers konar viðbótarkostnað sem ferðamaðurinn kann að þurfa að greiða að auki,

d) fyrirkomulag greiðslu, m.a. þá fjárhæð eða hundraðshluta heildarverðs sem greiða þarf sem innborgun, sem og hvenær skuli greiða eftirstöðvarnar, eða fjárhagslegar tryggingar sem ferðamanninum ber að inna af hendi eða leggja fram,

e) þann lágmarksfjölda fólks sem þarf til þess að af pakkaferðinni verði og frestinn fyrir upphaf pakkaferðarinnar, sem um getur í a-lið 3. mgr. 12. gr., til að segja upp samningnum ef þessi fjöldi hefur ekki náðst,

- f) almennar upplýsingar um kröfur sem gerðar eru um vegabréf og vegabréfsáritanir, m.a. hve langan tíma má ætla að taki að fá vegabréfsáritun, auk upplýsinga um heilbrigðisráðstafanir sem krafist er í ákvörðunarlandinu,
- g) upplýsingar um að ferðamaðurinn geti rift samningnum hvenær sem er fyrir upphaf pakkaferðarinnar, gegn greiðslu viðeigandi riftunargjalds, eða, ef við á, staðlaðra riftunargjalda sem skipuleggjandinn krefst í samræmi við 1. mgr. 12. gr.,
- h) upplýsingar um frjálssar eða skyldubundnar tryggingar til að mæta kostnaði við uppsögn samnings af hálfu ferðamannsins eða kostnaði við aðstoð, þ.m.t. heimflutning, ef slys, veikindi eða dauða ber að höndum.

Þegar um er að ræða pakkaferðarsamninga sem gerðir eru símleiðis skal skipuleggjandi og, eftir atvikum, smásali, láta ferðamanninum í té staðlaðar upplýsingar sem settar eru fram í B-hluta I. viðauka og upplýsingarnar sem um getur í a- til h-lið fyrstu undirgreinar.

2. Að því er varðar pakkaferðir skv. skilgreiningu í v. lið b-liðar 2. liðar 3. gr. skulu bæði skipuleggjandi og seljandi sem gögnin eru send tryggja að þeir veiti, hvor fyrir sig, upplýsingarnar, sem um getur í a- til h-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. þessarar greinar, að svo miklu leyti sem þær eiga við um þá ferðatengdu þjónustu sem hvor þeirra býður, áður en ferðamaðurinn er bundinn af samningi eða samsvarandi tilboði. Skipuleggjandi skal, á sama tíma, einnig veita stöðluðu upplýsingarnar með upplýsingablaðinu sem sett er fram í C-hluta I. viðauka.

3. Upplýsingarnar sem um getur í 1. og 2. mgr. skulu settar fram á skýran, skiljanlegan og áberandi hátt. Séu þessar upplýsingar skriflegar skulu þær vera læsilegar.

6. gr.

Bindandi upplýsingar sem veittar eru áður en pakkaferðarsamningur er gerður og gerð samningsins

1. Aðildarríki skulu sjá til þess að upplýsingar sem ferðamönnum eru veittar skv. a-, c-, d-, e- og g-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. 5. gr. séu óaðskiljanlegur hluti pakkaferðarsamnings og þeim skal ekki breytt nema samningsaðilarinn samþykki annað sérstaklega. Skipuleggjandi og, eftir atvikum, smásali, skal tilkynna ferðamanninum um allar breytingar á upplýsingum sem veittar eru áður en pakkaferðarsamningur er gerður, á skýran, skiljanlegan og áberandi hátt áður en gengið er frá samningnum.

2. Hafi skipuleggjandi og, eftir atvikum, smásali, ekki uppfyllt kröfur um upplýsingar um viðbótarþóknanir, gjöld eða annan kostnað eins og um getur í c-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. 5. gr. áður en gengið er frá pakkaferðarsamningi skal ferðamaðurinn ekki bera þessi gjöld eða kostnað.

7. gr.

Efni pakkaferðarsamnings og gögn sem láta skal í té fyrir upphaf pakkaferðar

1. Aðildarríkin skulu tryggja að pakkaferðarsamningar séu á skýru og skiljanlegu máli og séu læsilegir ef þeir eru skriflegir. Þegar gengið er frá pakkaferðarsamningi, eða án ótilhlýðilegrar tafar eftir það, skal skipuleggjandi eða smásali láta ferðamanni í té eintak af samningnum eða staðfestingu á honum á varanlegum miðli. Ferðamaður getur farið fram á að fá eintak á pappír ef gengið hefur verið frá pakkaferðarsamningnum að aðilunum viðstöddum samtímis í eigin persónu.

Ef um er að ræða samninga sem gerðir eru utan fastrar starfsstöðvar, eins og skilgreint er í 8. lið 2. gr. tilskipunar 2011/83/ESB, skal láta ferðamanni í té eintak af eða staðfestingu á pakkaferðarsamningnum á pappír eða, ef hann samþykkir það, á öðrum varanlegum miðli.

2. Í pakkaferðarsamningi eða staðfestingu hans skal tilgreina allt efni samkomulagsins, sem skal ná yfir allar upplýsingar sem um getur í a- til h-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. 5. gr. ásamt eftirfarandi upplýsingum:

- a) sérkröfur ferðamannsins, sem skipuleggjandinn hefur samþykkt,

- b) upplýsingar um að skipuleggjandinn sé:
- i. ábyrgur fyrir rétttri framkvæmd allrar ferðatengdrar þjónustu í samningnum í samræmi við 13. gr. og
 - ii. skuldbundinn til að veita aðstoð ef ferðamaðurinn lendir í vanda í samræmi við 16. gr.,
- c) heiti aðilans sem sér um vernd gegn ógjaldfærni og samskiptaupplýsingar hans, þ.m.t. heimilisfang og, eftir atvikum, heiti lögbærs yfirvalds sem viðkomandi aðildarríki hefur tilnefnt í þeim tilgangi ásamt samskiptaupplýsingum þess,
- d) nafn, heimilisfang, símanúmer, tölvupóstfang og, eftir atvikum, bréfasímanúmer staðarfulltrúa skipuleggjandans, tengiliðar eða annarrar þjónustu til að gefa ferðamanninum tækifæri á að ná fljótt sambandi við seljandann og eiga samskipti við hann á skilvirkan hátt, óska eftir aðstoð þegar ferðamaðurinn lendir í vanda eða kvarta vegna hvernar þeirrar vanefndar er hann verður var við á framkvæmd pakkaferðarinnar,
- e) upplýsingar um að ferðamanninum sé skylt að tilkynna um hverja þá vanefnd er hann verður var við á framkvæmd pakkaferðarinnar í samræmi við 2. mgr. 13. gr.,
- f) þegar ólöggráða börn, sem eru ekki í fylgd foreldris eða annars ábyrgðaraðila, ferðast innan ramma pakkaferðarsamnings sem tekur til gistingar, upplýsingar um hvernig megi ná beinu sambandi við barnið eða ábyrgðaraðila þess á dvalarstað,
- g) upplýsingar um tiltækar innri verklagsreglur um afgreiðslu kvartana og um kerfi til lausnar deilumála utan dómstóla skv. tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/11/ESB ⁽¹⁾, og, eftir atvikum, um úrskurðaraðila í deilumálum utan dómstóla sem seljandinn heyrir undir og um rafræna vettvanginn til lausnar deilumálum á Netinu skv. reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 524/2013 ⁽²⁾,
- h) upplýsingar um rétt ferðamannsins til að framselja öðrum ferðamanni samninginn í samræmi við 9. gr.

3. Að því er varðar pakkaferðir samkvæmt skilgreiningu í v. lið b-liðar 2. liðar 3. gr. skal seljandinn, sem gögnin eru send til, tilkynna skipuleggjandanum að gengið hafi verið frá samningi sem leiðir til þess að pakkaferð sé búin til. Seljandinn skal láta skipuleggjandanum í té þær upplýsingar sem honum eru nauðsynlegar til að uppfylla skyldur sínar sem skipuleggjandi.

Jafnskjótt og skipuleggjandi hefur fengið upplýsingar um að pakkaferð hafi verið búin til skal hann láta ferðamanninum í té upplýsingarnar sem um getur í a- til h-lið 2. mgr. á varanlegum miðli.

4. Upplýsingarnar sem um getur í 2. og 3. mgr. skulu settar fram á skýran, skiljanlegan og áberandi hátt.

5. Tímanlega fyrir upphaf pakkaferðarinnar skal skipuleggjandi láta ferðamanni í té nauðsynlegar kvittanir, inneignarmiða og farmiða, upplýsingar um áætlaða brottfarartíma og, eftir atvikum, frest til innritunar og áætlaðar tímasetningar fyrir viðkomu á leiðinni, samgöngutengingar og komur.

8. gr.

Sönnunarbyrði

Að því er varðar það hvort farið er að kröfum um upplýsingar, sem mælt er fyrir um í þessum kafla, skal sönnunarbyrðin hvíla á seljandanum.

⁽¹⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/11/ESB frá 21. maí 2013 um lausn deilumála neytenda utan dómstóla og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2006/2004 og tilskipun 2009/22/EB (tilskipun um lausn deilumála neytenda utan dómstóla) (Stjútíð. ESB L 165, 18.6.2013, bls. 63).

⁽²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 524/2013 frá 21. maí 2013 um lausn deilumála neytenda með rafrænni málsmeðferð á Netinu og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2006/2004 og tilskipun 2009/22/EB (reglugerð um lausn deilumála neytenda með rafrænni málsmeðferð á Netinu (ODR)) (Stjútíð. ESB L 165, 18.6.2013, bls. 1).

III. KAFLI

BREYTINGAR Á PAKKAFERÐARSAMNINGI ÁÐUR EN FERÐIN HEFST

9. gr.

Framsal pakkaferðarsamnings til annars ferðamanns

1. Aðildarríkin skulu tryggja að ferðamaður geti, eftir að hafa tilkynnt skipuleggjandanum það með hæfilegum fyrirvara á varanlegum miðli fyrir upphaf pakkaferðarinnar, framselt pakkaferðarsamninginn til einstaklings sem uppfyllir öll skilyrði sem gilda um viðkomandi samning. Tilkynning sem send er eigi síðar en sjö dögum áður en pakkaferð hefst skal í öllum tilvikum teljast vera með hæfilegum fyrirvara.
2. Framseljandi og framsalshafi pakkaferðarsamnings skulu bera sameiginlega og hvor í sínu lagi ábyrgð á greiðslu eftirstöðva og viðbótarþóknana, gjalda eða annars kostnaðar sem kann að leiða af slíku framsali. Skipuleggjandi skal tilkynna framseljandanum um raunverulegan kostnað vegna framsalsins. Þessi kostnaður skal ekki vera ósanngjarn og skal ekki vera umfram raunverulegan kostnað sem skipuleggjandinn hefur af framsali pakkaferðarsamningsins.
3. Skipuleggjandinn skal láta framseljandanum í té gögn til staðfestingar á viðbótarþóknunum, gjöldum eða öðrum kostnaði sem leiðir af framsali pakkaferðarsamningsins.

10. gr.

Breytingar á verði

1. Aðildarríkin skulu tryggja að eftir að gengið hefur verið frá pakkaferðarsamningi megi því aðeins hækka verð að skýrt sé áskilið í samningnum að sá möguleiki sé fyrir hendi og tekið fram að ferðamaður eigi rétt á verðlækkun skv. 4. mgr. Í því tilviki skal koma fram í pakkaferðarsamningnum hvernig reikna skuli út endurskoðað verð. Verðhækkunarir skulu einungis vera mögulegar sem bein afleiðing af breytingum á:
 - a) verði farþegaflutninga af völdum kostnaðar á eldsneyti eða öðrum aflagjöfum,
 - b) sköttum eða gjöldum á ferðatengdu þjónustuna sem samningurinn tekur til og lögð eru á af þriðju aðilum sem ekki eiga beina aðild að framkvæmd pakkaferðarinnar, þ.m.t. ferðamannaskattar, lendingarskattar eða gjöld fyrir að fara um borð eða frá borði í höfnum og á flugvöllum, eða
 - c) gengi því sem á við um hina tilteknu pakkaferð.
2. Ef verðhækkunin sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar er umfram 8% af heildarverði pakkaferðarinnar gilda ákvæði 2.–5. mgr. 11. gr.
3. Óháð því hversu mikil verðhækkunin er skal hún aðeins vera möguleg ef skipuleggjandinn tilkynnir ferðamanninum um hana með skýrum og skiljanlegum hætti, með rökstuðningi fyrir hækkuninni og útreikningi, á varanlegum miðli, eigi síðar en 20 dögum fyrir upphaf pakkaferðarinnar.
4. Ef mælt er fyrir um möguleika á verðhækkunum í pakkaferðarsamningi skal ferðamaðurinn eiga rétt á verðlækkun sem samsvarar hvers konar lækkun á þeim kostnaði sem um getur í a-, b- og c-lið 1. mgr., sem verður eftir að gengið er frá samningi og fyrir upphaf pakkaferðarinnar.
5. Ef um verðlækkun er að ræða skal skipuleggjandi hafa rétt til að draga raunverulegan stjórnunarkostnað frá endurgreiðslunni sem ber að greiða ferðamanninum. Skipuleggjandi skal, að beiðni ferðamannsins, leggja fram sönnun fyrir þessum stjórnunarkostnaði.

*11. gr.***Breytingar á öðrum skilmálum pakkaferðarsamninga**

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að skipuleggjandi geti ekki gert einhliða breytingar á skilmálum pakkaferðarsamnings fyrir upphaf pakkaferðar, aðrar en á verði hennar í samræmi við 10. gr., nema:

- a) skipuleggjandinn hafi áskilið sér þann rétt í samningnum,
- b) breytingin sé óveruleg og
- c) skipuleggjandinn tilkynni ferðamanninum um breytinguna á varanlegum miðli á skýran, skiljanlegan og áberandi hátt.

2. Ef skipuleggjandi neyðist til þess, fyrir upphaf pakkaferðar, að gera verulegar breytingar á meginеinknum ferðatengdu þjónustunnar eins og um getur í a-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. 5. gr. eða getur ekki uppfyllt sérkröfur eins og um getur í a-lið 2. mgr. 7. gr. eða leggur til hækkun á verði pakkaferðarinnar sem nemur meira en 8% í samræmi við 2. mgr. 10. gr., getur ferðamaður innan hæfilegs tíma sem skipuleggjandinn tilgreinir:

- a) samþykkt tillöguna um breytingar eða
- b) rift samningnum án þess að greiða riftunargjald.

Ef ferðamaðurinn riftir pakkaferðarsamningi getur hann samþykkt að taka í staðinn aðra pakkaferð sambærilega að gæðum eða betri ef skipuleggjandi getur boðið slík skipti.

3. Skipuleggjandinn skal, án ótilhlýðilegrar tafar, tilkynna ferðamanninum á skýran, skiljanlegan og áberandi hátt og á varanlegum miðli um:

- a) fyrirhugaðar breytingar, sem um getur í 2. mgr., og, eftir því sem við á í samræmi við 4. mgr., áhrif þeirra á verð pakkaferðarinnar,
- b) hæfilegan frest sem ferðamaður hefur til að upplýsa skipuleggjandann um ákvörðun sína skv. 2. mgr.,
- c) afleiðingar þess ef ferðamaður svarar ekki innan frestsins sem um getur í b-lið, í samræmi við gildandi landslög og
- d) eftir atvikum, pakkaferðina sem boðin er í staðinn og verð hennar.

4. Ef breytingarnar á pakkaferðarsamningnum, sem um getur í fyrstu undirgrein 2. mgr., eða pakkaferðin sem boðin er í staðinn samkvæmt annarri undirgrein 2. mgr., leiða af sér pakkaferð sem er lakari að gæðum eða óýrari skal ferðamaðurinn eiga rétt á viðeigandi verðlækkun.

5. Ef pakkaferðarsamningi er rift skv. b-lið fyrstu undirgreinar 2. mgr. þessarar greinar og ferðamaðurinn samþykkir ekki aðra pakkaferð í staðinn skal skipuleggjandi endurgreiða allar greiðslur sem inntar hafa verið af hendi af ferðamanninum eða fyrir hans hönd án ótilhlýðilegrar tafar og aldrei síðar en 14 dögum eftir riftun samningsins. Ákvæði 2., 3., 4., 5. og 6. mgr. 14. gr. gilda að breyttu breytanda.

*12. gr.***Riftun pakkaferðarsamnings og réttur til að falla frá samningi fyrir upphaf pakkaferðar**

1. Aðildarríkin skulu tryggja að ferðamaður geti rift pakkaferðarsamningi hvenær sem er fyrir upphaf pakkaferðarinnar. Ef ferðamaður riftir pakkaferðarsamningi samkvæmt þessari málsgrein má krefja hann um að greiða skipuleggjanda viðeigandi og réttlæt看legt riftunargjald. Tilgreina má sanngjarnt, staðlað riftunargjald í pakkaferðarsamningnum að teknu tilliti til þess hversu löngu fyrir upphaf pakkaferðarinnar samningi er rift og áætlaðrar kostnaðarlækkunar og tekna af annarri nýtingu ferðatengdu þjónustunnar. Þegar ekki er um að ræða stöðluð riftunargjöld skal fjárhæð riftunargjaldsins samsvara verði pakkaferðarinnar að frádreginni kostnaðarlækkun og tekjum af annarri nýtingu ferðatengdu þjónustunnar. Skipuleggjandi skal gera grein fyrir fjárhæð riftunargjaldsins óski ferðamaðurinn þess.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. skal ferðamaður hafa rétt til að rifta pakkaferðarsamningi áður en pakkaferðin hefst án þess að greiða riftunargjald, ef upp koma óhjákvæmilegar og óvenjulegar aðstæður á ákvörðunarstað eða í næsta nágrenni, sem hafa veruleg áhrif á pakkaferðina eða hafa veruleg áhrif á farþegaflutning til ákvörðunarstaðar. Ef pakkaferðarsamningi er rift samkvæmt þessari málsgrein skal ferðamaðurinn eiga rétt á að fá fulla endurgreiðslu allra greiðslna sem hann hefur innt af hendi fyrir pakkaferðina, en skal ekki eiga rétt á frekari skaðabótum.
3. Skipuleggjandi getur rift pakkaferðarsamningi og endurgreitt ferðamanni að fullu allar greiðslur sem hann hefur innt af hendi fyrir pakkaferðina, en skal ekki skylt að greiða frekari skaðabætur ef:
- a) fjöldi þátttakenda í pakkaferðinni er minni en sú lágmarkstala sem fram kemur í samningnum og skipuleggjandinn tilkynnir ferðamanninum um riftun samningsins innan þess frests sem ákveðinn er í samningnum, þó ekki síðar en:
- i. 20 dögum fyrir upphaf pakkaferðarinnar ef um er að ræða ferðir sem taka meira en sex daga,
 - ii. sjö dögum fyrir upphaf pakkaferðarinnar ef um er að ræða ferðir sem taka tvo til sex daga,
 - iii. 48 klukkustundum fyrir upphaf pakkaferðarinnar ef um er að ræða ferðir sem taka minna en tvo daga,
- eða
- b) skipuleggjandi getur ekki framkvæmt samninginn vegna óhjákvæmilegra og óvenjulegra aðstæðna og tilkynnir ferðamanninum um riftun samningsins án ótilhlýðilegrar tafar fyrir upphaf pakkaferðarinnar.
4. Skipuleggjandinn skal reiða af hendi þær endurgreiðslur sem krafist er skv. 2. og 3. mgr. eða, að því er varðar 1. mgr., endurgreiða allar greiðslur sem inntar hafa verið af hendi af ferðamanni eða fyrir hans hönd, að frádregnu viðeigandi riftunargjaldi. Slíkar endurgreiðslur skal inna af hendi til ferðamannsins án ótilhlýðilegrar tafar og aldrei síðar en 14 dögum eftir að pakkaferðarsamningnum var rift.
5. Ef um er að ræða samninga sem eru gerðir utan fastra starfsstöðva geta aðildarríki kveðið á um það í landslögum að ferðamaður hafi rétt til að falla frá pakkaferðarsamningi innan 14 daga án þess að tilgreina nokkra ástæðu.

IV. KAFLI

FRAMKVÆMD PAKKAFERÐARINNAR

13. gr.

Ábyrgð á framkvæmd pakkaferðarinnar

1. Aðildarríkin skulu tryggja að skipuleggjandinn sé ábyrgur fyrir framkvæmd ferðatengdu þjónustunnar sem er innifalin í pakkaferðarsamningnum, hvort sem framkvæmd þessarar þjónustu á að vera í höndum skipuleggjandans eða annarra ferðaþjónustuveitenda.

Aðildarríkin geta viðhaldið eða leitt í landslög ákvæði um að smásalinn sé einnig ábyrgur fyrir framkvæmd pakkaferðarinnar. Í því tilviki gilda þau ákvæði 7. gr. og III. kafla, þessa kafla og V. kafla, sem gilda um skipuleggjandann, einnig um smásalann að breyttu breytanda.

2. Ferðamanni ber að tilkynna skipuleggjanda, án ótilhlýðilegrar tafar, með tilliti til aðstæðna í málinu, um hverja þá vanefnd er hann verður var við á framkvæmd ferðatengdrar þjónustu, sem er innifalin í pakkaferðarsamningnum.

3. Ef einhver ferðatengd þjónusta fullnægir ekki ákvæðum pakkaferðarsamningsins skal skipuleggjandinn ráða bót á vanefndum nema:

a) það sé ekki hægt eða

b) það hafi í för með sér óhóflegan kostnað, með tilliti til umfangs vanefndarinnar og virðis þeirrar ferðatengdu þjónustu sem um er að ræða.

Ef skipuleggjandinn ræður ekki bót á vanefndum í samræmi við a- eða b-lið fyrstu undirgreinar þessarar málsgreinar gilda ákvæði 14. gr.

4. Ef skipuleggjandi ræður ekki bót á vanefndum innan hæfilegs frests sem ferðamaðurinn setur ætti ferðamaðurinn, með fyrirvara um þær undantekningar sem mælt er fyrir um í 3. mgr., að geta gert það sjálfur og krefjast endurgreiðslu á nauðsynlegum útgjöldum. Ferðamaðurinn þarf ekki að tilgreina frest ef skipuleggjandinn neitar að ráða bót á vanefndum eða ef þörf er tafarlausra úrbóta.

5. Ef ekki er hægt að veita verulegan hluta af ferðatengdri þjónustu samkvæmt pakkaferðarsamningnum skal skipuleggjandinn bjóða, ferðamanninum að kostnaðarlausu, annars konar viðeigandi ráðstafanir, sambærilegar að gæðum og tilgreint er í samningnum eða betri, eftir því sem unnt er, það sem eftir er ferðarinnar, þ.m.t. ef ekki er séð fyrir flutningi ferðamanns til baka til brottfararstaðar eins og um var samið.

Ef annars konar ráðstafanir, sem lagðar eru til, leiða af sér pakkaferð sem er lakari að gæðum en tilgreint er í pakkaferðarsamningnum skal skipuleggjandinn veita ferðamanninum viðeigandi verðlækkun.

Ferðamaðurinn getur aðeins hafnað annars konar ráðstöfunum, sem lagðar eru til, ef þær eru ekki sambærilegar því sem umsamið var í pakkaferðarsamningnum eða ef verðlækkunin er ófullnægjandi.

6. Ef vanefndir hafa veruleg áhrif á framkvæmd pakkaferðar og skipuleggjandi hefur ekki ráðið bót á þeim innan hæfilegra tímamarka sem ferðamaðurinn ákvarðar getur ferðamaðurinn rift pakkaferðarsamningi án þess að greiða riftunargjald og, eftir því sem við á, farið fram á verðlækkun og/eða skaðabætur í samræmi við 14. gr.

Ef ekki er hægt að gera annars konar ráðstafanir eða ferðamaðurinn hafnar annars konar ráðstöfunum, sem lagðar eru til, í samræmi við þriðju undirgrein 5. mgr. þessarar greinar á hann, eftir því sem við á, rétt á verðlækkun og/eða skaðabótum í samræmi við 14. gr. án þess að rifta pakkaferðarsamningnum.

Ef pakkaferðin felur í sér flutning farþega skal skipuleggjandinn, í öllum tilvikum sem um getur í fyrstu og annarri undirgrein, einnig sjá ferðamanninum fyrir jafngildum heimflutningi án ótilhlýðilegrar tafar og honum að kostnaðarlausu.

7. Þegar ógerlegt er að tryggja heimferð ferðamanns eins og umsamið var í pakkaferðarsamningnum vegna óhjákvæmilegra og óvenjulegra aðstæðna skal skipuleggjandi standa straum af nauðsynlegum kostnaði vegna gistingar, í sambærilegum gæðaflokki ef unnt er, í þrjár nætur að hámarki fyrir hvern ferðamann. Ef kveðið er á um lengri tímabil í löggjöf Sambandsins um réttindi farþega, sem gildir um viðkomandi flutningatæki vegna heimflutnings ferðamanns, gilda þau tímabil.

8. Sú takmörkun kostnaðar, sem um getur í 7. mgr. þessarar greinar, gildir ekki um hreyfihamlaða einstaklinga, svo sem skilgreint er í a-lið 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2006 og fylgdarmenn þeirra, þungaðar konur og fylgdarlaus, ólöggráða börn, né heldur þá sem eru í þörf fyrir sértæka lækniástoð, að því tilskildu að skipuleggjandanum hafi verið tilkynnt um sérstakar þarfar þeirra a.m.k. 48 klukkustundum áður en pakkaferðin hófst. Skipuleggjandi getur ekki borið fyrir sig óhjákvæmilegar og óvenjulegar aðstæður til að takmarka bótaábyrgð skv. 7. mgr. þessarar greinar ef viðkomandi veitandi flutningaþjónustu getur ekki borið fyrir sig slíkar aðstæður samkvæmt viðeigandi löggjöf Sambandsins.

14. gr.

Verðlækkun og skaðabætur

1. Aðildarríkin skulu tryggja að ferðamaður eigi rétt á viðeigandi verðlækkun fyrir tímabil þegar vanefndir komu upp, nema skipuleggjandinn geti fært sönnur á að vanefndirnar séu sök ferðamannsins.

2. Ferðamaður skal eiga rétt á viðeigandi skaðabótum frá skipuleggjandanum fyrir hvert það tjón sem hann verður fyrir vegna vanefnda. Greiða skal skaðabætur án ástæðulausra tafa.

3. Ferðamaður á ekki rétt á skaðabótum ef skipuleggjandinn sannar að vanefndirnar séu:

- a) sök ferðamannsins,
- b) sök þriðja aðila, sem ekki tengist veitingu ferðatengdu þjónustunnar sem er innifalin í pakkaferðarsamningnum, og eru ófyrirsjáanlegar eða óhjákvæmilegar,
- c) vegna óhjákvæmilegra og óvenjulegra aðstæðna.

4. Að því marki sem alþjóðasamningar, sem Sambandið er bundið af, takmarka umfang skaðabóta sem þjónustuveitanda, sem sér um ferðatengda þjónustu sem er hluti pakkaferðar, ber að greiða eða skilyrði fyrir greiðslu þeirra, gilda sömu takmarkanir um skipuleggjanda. Að því marki sem alþjóðasamningar, sem Sambandið er ekki bundið af, takmarka skaðabætur sem þjónustuveitanda ber að greiða geta aðildarríkin takmarkað bætur sem skipuleggjanda ber að greiða til samræmis við það. Í öðrum tilvikum getur pakkaferðarsamningur takmarkað skaðabætur sem skipuleggjanda ber að greiða svo framarlega sem sú takmörkun gildir ekki um líkamstjón eða tjón sem valdið er af ásetningi eða af gáleysi og nemur ekki minna en þreföldu heildarverði pakkaferðarinnar.

5. Réttur til skaðabóta eða verðlækkunar samkvæmt þessari tilskipun hefur ekki áhrif á réttindi ferðamanna samkvæmt reglugerð (EB) nr. 261/2004, reglugerð (EB) nr. 1371/2007, reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 392/2009 ⁽¹⁾, reglugerð (ESB) nr. 1177/2010 og reglugerð (ESB) nr. 181/2011 og samkvæmt alþjóðasamningum. Ferðamenn skulu hafa rétt til að leggja fram kröfur samkvæmt þessari tilskipun og samkvæmt þessum reglugerðum og alþjóðasamningum. Skaðabætur eða verðlækkun, sem veitt er samkvæmt tilskipun þessari, og skaðabætur eða verðlækkun sem veitt er samkvæmt umræddum reglugerðum og alþjóðasamningum, skulu koma til frádráttar frá hvor annarri til að forðast ofgreiðslu bóta.

6. Fyrningarfrestur til að leggja fram kröfur samkvæmt þessari grein skal ekki vera skemmri en tvö ár.

15. gr.

Möguleiki á að hafa samband við skipuleggjandann með hjálp smásalans

Með fyrirvara um aðra undirgrein 1. mgr. 13. gr. skulu aðildarríkin tryggja að ferðamaður geti komið skilaboðum, beiðnum eða kvörtunum í sambandi við framkvæmd pakkaferðar beint á framfæri við smásalann sem hún var keypt hjá. Smásalinn skal framsenda þessi skilaboð, beiðnir eða kvartanir til skipuleggjandans án ótilhlýðilegrar tafar.

Að því er varðar hvort frestir eða fyrningarfrestir eru virtir skal líta svo á að skipuleggjandinn hafi tekið við skilaboðum, beiðnum eða kvörtunum, sem um getur í fyrstu undirgrein, þegar smásalinn tekur við þeim.

16. gr.

Skylda til að veita aðstoð

Aðildarríki skulu tryggja að skipuleggjandi veiti ferðamanni í vanda viðeigandi aðstoð án ótilhlýðilegrar tafar, þ.m.t. við þær aðstæður sem um getur í 7. mgr. 13. gr., einkum með því að:

- a) veita viðeigandi upplýsingar um heilbrigðisþjónustu, staðaryfirvöld og ræðisaðstoð og
- b) aðstoða ferðamanninn við fjarsamskipti og hjálpa honum við að finna aðra ferðatilhögun.

Skipuleggjandinn skal geta krafist hóflegs gjalds fyrir slíka aðstoð ef ferðamaðurinn hefur valdið vandanum af ásetningi eða með vanrækslu. Gjaldið skal undir engum kringumstæðum vera hærra en raunkostnaður skipuleggjandans.

⁽¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 392/2009 frá 23. apríl 2009 um bótaábyrgð flutningsaðila vegna slysa við farþegaflutninga á sjó (Stjtið. ESB L 131, 28.5.2009, bls. 24).

V. KAFLI

VERND GEGN ÓGJALDFÆRNI

17. gr.

Skilvirkni og umfang verndar gegn ógjaldfærni

2) „lofthitunarkerfi“: íhlutur og/eða búnaður sem er nauðsynlegur til að miðla hituðu lofti, með tæki sem kemur loftinu á hreyfingu, annað hvort gegnum loftræstirör eða beint inn í hitaða rýmið, þar sem tilgangur kerfisins er að ná og viðhalda æskilegu innihitastigi í lokuðu rými, s.s. byggingu eða hluta hennar, sem er þægilegt fyrir menn,

3) „varmagjafi“: sá hluti vöru til lofthitunar sem framleiðir nýtanlegan varma með einu eða fleiri af eftirfarandi ferlum:

- a) bruna á fljótandi eða loftkenndu eldsneyti,
- b) Joule-verkun í hitöldum rafviðnámshitunarkerfis,
- c) með upptöku varma úr andrúmslofti, útblásturslofti, vatni eða varmagjafa eða varmagjöfum í jörðu og flutningur á þessum varma í lofthitakerfi sem notar gufupjöppunarhringrás eða soghringrás,

4) „vara til kælingar“: tæki sem:

- a) framleiðir kælt loft eða vatn fyrir loft- eða vatnskælikerfi eða veitir því til þess og
- b) er búíð einum eða fleiri kæligjöfum.

Kæligjafi, sem er hannaður til notkunar í vöru til kælingar, og hlífðarhús vöru til kælingar, sem er hönnuð til að vera útbúin með slíkum kæligjafa, skal, sameiginlega, teljast vara til kælingar,

⁽¹⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB frá 24. nóvember 2010 um losun í iðnaði (samþættar mengunarvarnir og eftirlit með mengun) (Stjtuð. ESB L 334, 17.12.2010, bls. 17).

- 5) „loftkælikerfi“: íhlutur eða búnaður sem er nauðsynlegur til að miðla kældu lofti, með tæki sem kemur loftinu á hreyfingu, annað hvort gegnum loftræstirör eða beint inn í kælda rýmið, í því skyni að ná og viðhalda æskilegu innihitastigi í lokuðu rými, s.s. byggingu eða hluta hennar, sem er þægilegt fyrir menn,
- 6) „vatnskælikerfi“: íhlutur eða búnaður sem er nauðsynlegur til að dreifa kældu vatni og flytja varma frá rými innandyra í kælt vatn, þar sem tilgangur kerfisins er að ná og viðhalda æskilegu innihitastigi í lokuðu rými, s.s. byggingu eða hluta hennar, sem er þægilegt fyrir menn,
- 7) „kæligjafi“: hluti vöru til kælingar sem framkallar hitamun sem gerir kleift að draga varma frá varmagjafa, kæla rými innandyra, og færa í varmasvelg, s.s. andrúmsloft, vatn eða jörð, með því að nota gufuþjöppunarhringrás eða soghringrás,
- 8) „búnaður til húskælingar“ (e. *comfort chiller*): vara til kælingar:
 - a) með varmaskipti innandyra (eimi) sem dregur varma úr vatnskælikerfi (varmagjafa), hannaður til að starfa við hitastig frárennslisvatns sem er yfir eða jafnt og + 2 °C,
 - b) sem er útbúinn með kæligjafa og
 - c) þar sem varmaskiptir utandyra (eimsvali) losar þennan varma út í andrúmsloft, vatn eða varmasvelg í jörðu,
- 9) „hitaspírall“: búnaður sem framkallar vélræna hringrás lofts innandyra með eitt eða fleiri markmið á borð við hitun, kælingu, rakaeyðingu og síun á innanhúslöfti, að framkalla þægilegt hitastig fyrir menn, en inniheldur hvorki varma- eða kæligjafa né varmaskipti utandyra. Búnaðurinn getur verið útbúinn með lágmarkslögnum til að leiða inntak og úttak lofts, þ.m.t. meðhöndlað loft. Hanna má vöruna til að vera innbyggð eða umlukin klæðningu sem koma má fyrir í rýminu sem skal loftræst. Í vörunni má koma fyrir varmagjafa með Joule-verkun sem er hannaður til notkunar sem varahitari eingöngu,
- 10) „vökvakælir fyrir vinnslukerfi með hátt úttakshitastig“: vara sem:
 - a) er með að minnsta kosti eina þjöppu, sem gengur eða er ætlað að ganga fyrir rafhreyfli, og a.m.k. einn eimi,
 - b) getur kælt og haldið hitastigi vökva stöðugu til kælingar fyrir kælikáp eða frysti eða kælikerfi, ekki til að kæla rými til að framkalla þægilegt hitastig fyrir menn,
 - c) getur skilað málkæliafköstum sínum þegar úttakshiti vökvans við varmaskiptinn innandyra er 7 °C við stöðluð málgildisskilyrði,
 - d) getur innihaldið, en þó ekki endilega, eimsvalann, vélbúnaðinn fyrir kælírásina eða annan aukabúnað,
- 11) „málkæliafköst“ (P): þau kæliafköst sem vökvakælir fyrir vinnslukerfi með hátt úttakshitastig getur náð við fullt álag og sem mælast við 35 °C inntakslofhita vökvakæla með loftkælingu fyrir vinnslukerfi með hátt úttakshitastig og 30 °C inntakshita vatns vökvakæla fyrir vinnslukerfi með hátt úttakshitastig, gefin upp í kW,
- 12) „vökvakælir fyrir vinnslukerfi með hátt úttakshitastig með loftkælingu“: vökvakælir fyrir vinnslukerfi með hátt úttakshitastig þar sem varmaberi eimsvalamegin er loft,
- 13) „vökvakælir fyrir vinnslukerfi með hátt úttakshitastig með vatnskælingu“: vökvakælir fyrir vinnslukerfi með hátt úttakshitastig þar sem varmaberi eimsvalamegin er vatn eða saltvatn,
- 14) „lífmassaeldsneyti“: eldsneyti sem framleitt er úr lífmassa,
- 15) „lífmassi“: lífbrjótanlegur hluti afurða, úrgangs og efnaleifa af líffræðilegum uppruna frá landbúnaði (þ.m.t. efni úr bæði jurta- og dýraríkinu), skógrækt og tengdum atvinnugreinum, þ.m.t. sjávarútvegi og lagareldi, auk lífbrjótanlegs hluta iðnaðarúrgangs og heimilis- og rekstrarúrgangs,
- 16) „eldsneyti í föstu formi“: eldsneyti sem er í föstu formi við venjulegan stofuhita,

- 17) „málhitunarafköst“ ($P_{rated,h}$): hitunarafköst varmadælu, lofthitara eða hitaspírals þegar rými er hitað við „málgildisskilyrði“, gefin upp í KW,
- 18) „málkæliafköst“ ($P_{rated,c}$): kæliafköst búnaðar til húskælingar og/eða loftræstisamstæðu eða hitaspírals þegar rými er kælt við „málgildisskilyrði“, gefin upp í KW,
- 19) „málgildisskilyrði“: notkunarskilyrðin sem búnaður til húskælingar, loftræstisamstæður og varmadælu eru prófaðar við til að ákvarða málhitunarafköst þeirra, málkæliafköst, hljóðafsstig og/eða losun köfnunarefnisoxíða. Þetta er jafngildi snúningshraða hreyfils ($Erpm_{equivalent}$) í véllum með brunahreyfla,
- 20) „hitastig kælds vatns við úttak“: hitastig fráveituvatns búnaðar til húskælingar, gefið upp í gráðum á selsíus.

Viðbótarskilgreiningar að því er varðar II.–V. viðauka eru settar fram í I. viðauka.

3. gr.

Kröfur varðandi vishönnun og tímaáætlun

1. Kröfur varðandi vishönnun á vörum til lofthitunar, vörum til kælingar, hitaspírólum og vökvakælum fyrir vinnsluferfi með hátt úttakshitastig eru settar fram í II. viðauka.
2. Sérhver krafa varðandi vishönnun skal gilda í samræmi við eftirfarandi tímaáætlun:
 - a) Frá 1. janúar 2018:
 - i. vörur til lofthitunar skulu uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í a-lið 1. liðar og 5. lið II. viðauka,
 - ii. vörur til kælingar skulu uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í a-lið 2. liðar og 5. lið II. viðauka,
 - iii. vökvakælar fyrir vinnsluferfi með hátt úttakshitastig skulu uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í a-lið 3. liðar og 5. lið II. viðauka,
 - iv. hitaspíralar skulu uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í 5. lið II. viðauka.
 - b) Frá 26. september 2018:
 - i. vörur til lofthitunar og vörur til kælingar skulu uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í a-lið 4. liðar II. viðauka.
 - c) Frá 1. janúar 2021:
 - i. vörur til lofthitunar skulu uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í b-lið 1. liðar II. viðauka,
 - ii. vörur til kælingar skulu uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í b-lið 2. liðar II. viðauka,
 - iii. vökvakælar fyrir vinnsluferfi með hátt úttakshitastig skulu uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í b-lið 3. liðar II. viðauka,
 - iv. vörur til lofthitunar skulu uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í b-lið 4. liðar II. viðauka,
3. Samræmi við kröfur varðandi vishönnun skal mælt og reiknað í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í III. viðauka.

4. gr.

Samræmismat

Hvað varðar aðferðina við samræmismat, sem um getur í 2. mgr. 8. gr. tilskipunar 2009/125/EB, skulu framleiðendur geta valið hvort þeir noti innra hönnunareftirlitskerfið, sem sett er fram í IV. viðauka við þá tilskipun, eða stjórnunarkerfið, sem sett er fram í V. viðauka við þá tilskipun.

Framleiðendur skulu leggja fram tæknigögnin sem innihalda upplýsingarnar sem settar eru fram í c-lið 5. liðar í II. viðauka við þessa reglugerð.

5. gr.

Sannprófunaraðferð vegna markaðseftirlits

Lögbær yfirvöld aðildarríkjanna skulu beita sannprófunaraðferðinni, sem lýst er í IV. viðauka þessarar reglugerðar, við framkvæmd markaðseftirlitsins, sem um getur í 2. mgr. 3. gr. tilskipunar 2009/125/EB, til að tryggja að kröfurnar, sem settar eru fram í II. viðauka við þessa reglugerð, séu uppfylltar.

6. gr.

Viðmiðanir

Leiðbeinandi viðmiðanir fyrir flokkun vara til lofthitunar, vara til kælingar og vökvakæla fyrir vinnslukerfi með hátt úttakshitastig, sem eru á markaði við gildistöku þessarar reglugerðar, sem þær „vistvænustu“, eru settar fram í V. viðauka við þessa reglugerð.

7. gr.

Endurskoðun

Framkvæmdastjórnin skal endurskoða þessa reglugerð í ljósi tækniframfara sem verða í tengslum við vörur til lofthitunar, vörur til kælingar og vökvakæla fyrir vinnslukerfi með hátt úttakshitastig. Hún skal kynna niðurstöður þessarar endurskoðunar á samráðsvettvanginum um visthönnun eigi síðar en 1. janúar 2022. Endurskoðunin skal fela í sér mat á eftirfarandi þáttum:

- a) hvort viðeigandi sé að setja kröfur varðandi visthönnun sem taka til beinnar losunar gróðurhúsalofttegunda sem verður af völdum kælimiðla,
- b) hvort viðeigandi sé að setja kröfur varðandi visthönnun fyrir vökvakæla fyrir vinnslukerfi með hátt úttakshitastig með uppgufunareimsvala og vökvakæla fyrir vinnslukerfi með hátt úttakshitastig sem notast við ísogstækni,
- c) hvort viðeigandi sé að setja strangari kröfur varðandi visthönnun er varða orkunýtni og losun vara til lofthitunar, vara til kælingar og vökvakæla fyrir vinnslukerfi með hátt úttakshitastig á köfnunarefnisoxíðum,
- d) hvort viðeigandi sé að setja kröfur varðandi visthönnun sem varða hávaðamengun vara til lofthitunar, vara til kælingar, vökvakæla fyrir vinnslukerfi með hátt úttakshitastig og hitaspírala,
- e) hvort viðeigandi sé að setja kröfur um losun á grunni notvarma eða kæliafkasta í stað orkuinntaks,
- f) hvort viðeigandi sé að setja kröfur varðandi visthönnun sem varða sambyggða lofthitara,
- g) hvort viðeigandi sé að setja kröfur um orkumerkingu fyrir vörur til lofthitunar til heimilisnota,
- h) hvort viðeigandi sé að setja strangari kröfur varðandi visthönnun að því er varðar lofthitara af gerð C₂ og C₄,
- i) hvort viðeigandi sé að setja strangari kröfur varðandi visthönnun að því er varðar loftræstisamstæður á þök og fyrir loftstokka, og varmadælur,
- j) hvort vottun þriðja aðila sé viðeigandi og
- k) fyrir allar vörur, gildi fyrir vikmörk sannprófunar, sem um getur í sannprófunaraðferðunum sem settar eru fram í IV. viðauka.

8. gr.

Undanþága

1. Til og með 1. janúar 2018 mega aðildarríkin heimila að vörur til lofthitunar, vörur til kælingar og vökvakælar fyrir vinnslukerfi með hátt úttakshitastig, sem eru í samræmi við gildandi landsbundin ákvæði um árstíðabundna orkunýtni eða árstíðabundið orkunýtingarhlutfall þegar þessi reglugerð er samþykkt, séu settir á markað og/eða teknir í notkun.
2. Til og með 26. september 2018 mega aðildarríkin heimila að vörur til lofthitunar og vörur til kælingar, sem eru í samræmi við gildandi landsbundin ákvæði um losun köfnunarefnisoxíða þegar þessi reglugerð er samþykkt, séu settar á markað og/eða teknar í notkun.

9. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 30. nóvember 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

I. VIÐAUKI

Skilgreiningar sem gilda að því er varðar II.–V. viðauka

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir, auk þeirra merkinga sem settar eru fram í tilskipun 2009/125/EB:

Almennar skilgreiningar:

- 1) „umreiknistuðull“ (*CC*): stuðull sem endurspeglar áætlaða 40% meðalframleiðslunýtni í ESB, eins og kveðið er á um í IV. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/27/ESB ⁽¹⁾, gildi stuðulsins skal vera $CC = 2,5$,
- 2) „heildarvarmagildi“ (*GCV*): heildargildi varmalosunar einingarmagns af eldsneyti við algjöran bruna þess með súrefni og þegar afurðum brennslunnar er aftur komið í umhverfishita og þetta magn felur í sér þéttvarma allrar vatnsgufu í eldsneytinu og vatnsgufu sem myndast vegna bruna vetnis sem er í eldsneytinu,
- 3) „hvatthlýnunarmáttur“ (*GWP*): geta gróðurhúsalofttegundar til að valda loftslagshlýnun samanborið við mátt koltvísýrings (CO_2), reiknað sem hlýnunarmáttur eins kílógramms af gróðurhúsalofttegund í 100 ár sem hlutfall af hlýnunarmætti eins kílógramms af koltvísýringi. Gildi hvatthlýnunarmáttar skulu vera þau sem sett eru fram í I., II. og IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 517/2014. Gildi hvatthlýnunarmáttar fyrir blöndu kælimiðla skulu byggð á aðferðinni sem sett er fram í IV. viðauka reglugerðar (EB) nr. 517/2014,
- 4) „loftstreymi“: loftstreymi í $m^3/klst$ mælt við loftúttak inni- og/eða útieininga (ef við á) búnaðar til húskælingar, loftræstisamstæðna eða varmadæla og hitaspírala við stöðluð málgildisskilyrði vegna kælingar, eða hitunar ef varan er án kælivirkni,
- 5) „hljóðafsstig“ (L_{WA}): A-vegið hljóðafsstig, mælt innan- og/eða utandyra við stöðluð málgildisskilyrði og gefið upp í dB,
- 6) „viðbótarhitari“: varmagjafi vöru til lofthitunar sem framleiðir viðbótarhita við skilyrði þar sem hitunarálag er meira en hitunarafköst aðalvarmagjafa,
- 7) „aðalvarmagjafi“: varmagjafi vöru til lofthitunar sem er með mesta framlagið í heildarvarmanum sem er miðlað á árstíðabundna tímabilinu,
- 8) „árstíðabundin orkunýtni rýmishitunar“ ($\eta_{s,h}$): hlutfall á milli árlegrar viðmiðunarhitunarþarfar, sem varðar hitunartímabilið þar sem vara til lofthitunar er í notkun, og árlegrar orkunotkunar fyrir hitun, leiðrétt út frá upplýsingum um hitastýringu og raforkunotkun einnar eða fleiri grunnvatnsdæla, eftir því sem við á, gefið upp í hundraðshlutum,
- 9) „árstíðabundin orkunýtni rýmiskælingar“ ($\eta_{s,c}$): hlutfall á milli árlegrar viðmiðunarkæliþarfar, sem varðar kælingartímabilið þar sem vara til kælingar er í notkun, og árlegrar orkunotkunar fyrir kælingu, leiðrétt út frá upplýsingum um hitastýringu og raforkunotkun einnar eða fleiri grunnvatnsdæla, eftir því sem við á, gefið upp í hundraðshlutum,
- 10) „hitastýring“: búnaður sem er viðmót endanlegs notanda að því er varðar gildi og tímastillingu æskilegs hitastigs innandyrna og kemur viðkomandi gögnum, t.d. raunverulegu hitastigi innan- og/eða utandyra, í skilflöt vöru til lofthitunar eða kælingar, s.s. miðverks, og aðstoðar þannig við að stýra hitastigi innanhúss,
- 11) „bil“ (bin_j): samsetning „hitastigs utandyra (T_j)“ og „bilstunda (h_j)“, eins og sett er fram í töflu 26, 27 og 28 í III. viðauka,

⁽¹⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/27/ESB frá 25. október 2012 um orkunýtni, breytingu á tilskipunum 2009/125/EB og 2010/30/ESB og um niðurfellingu á tilskipunum 2004/8/EB og 2006/32/EB (Stjtíð. ESB L 315, 14.11.2012, bls. 1).

- 12) „bilstundir“ (h_i): fjöldi klukkustunda á hitunartímabili, gefið upp sem klukkustundir á ári, með hitastig utandyra fyrir hvert bil, eins og sett er fram í töflu 26, 27 og 28 í III. viðauka,
- 13) „innihitastig“ (T_m): þurr lofthiti utandyra, gefinn upp sem gráður á selsíus, tilgreina má rakastig með samsvarandi vothita,
- 14) „hitastig utandyra“ (T_j): þurr lofthiti utandyra, gefinn upp sem gráður á selsíus, tilgreina má rakastig með samsvarandi vothita,
- 15) „afkastastýring“: geta varmadælu, loftræstisamstæðu, búnaðar til húskælingar eða vökvakælis fyrir vinnslukerfi til notkunar við hátt hitastig til að breyta hitunar- eða kæliafköstum sínum með því að breyta rúmmálsstreymi kælimiðilsins, tilgreina skal hana sem „fasta“ ef ekki er hægt að breyta rúmmálsstreyminu, „þrepaskipta“ ef rúmmálsstreymi er breytt eða breytt í röðum sem hafa ekki fleiri en tvö þrep, eða „breytilega“ ef rúmmálsstreyminu er breytt eða breytt í röðum sem hafa þrjú þrep eða fleiri,
- 16) „lækkunarstuðull“ ((C_{dh}) fyrir hitunarham og (C_{de}) fyrir kæli- eða frystiham): mælikvarði á tap á orkunýtni vegna hringrásar vörunnar, ef stuðullinn er ekki ákvarðaður með mælingum þá skal sjálfgefnir lækkunarstuðullinn vera 0,25 fyrir loftræstisamstæðu eða varmadælu, eða 0,9 fyrir búnað til húskælingar eða vökvakæla fyrir vinnslukerfi til notkunar við hátt hitastig,
- 17) „losun köfnunarefnisoxíða“: samanlögð losun köfnunarefniseinoxíðs og köfnunarefnistvíoxíðs frá vörum til lofthitunar eða kælingar sem nota loftkennt eða fljótandi eldsneyti, gefin upp sem köfnunarefnistvíoxíð, ákvörðuð um leið og málhitunarfaköstum er náð, gefin upp í mg/kWh með tilliti til heildarvarmagildis.

Skilgreiningar sem tengjast lofthiturum

- 18) „lofthitari“: vara til lofthitunar sem flytur varma beint frá varmagjafa í loft og miðlar þessum varma eða dreifir gegnum lofthitunarkerfi,
- 19) „lofthitari sem notar loftkennt/fljótandi eldsneyti“: lofthitari sem notar varmagjafa sem nýtir bruna loftkennds eða fljótandi eldsneytis,
- 20) „lofthitari sem notar rafmagn“: lofthitari sem notar varmagjafa sem nýtir Joule-verkun í rafviðnámshitun,
- 21) „B₁ lofthitari“: lofthitari sem notar loftkennt/fljótandi eldsneyti og er sérstaklega gerður til að tengjast náttúrulegri dragsúgloftrás sem hreinsar leifar brunans út úr rýminu þar sem B₁ lofthitarinn er staðsettur og dregur brunaloftið beint úr rýminu; lofthitari af tegund B₁ er aðeins markaðssettur sem B₁ lofthitari,
- 22) „C₂ lofthitari“: lofthitari sem notar loftkennt/fljótandi eldsneyti og er sérstaklega gerður til að draga brunaloftið úr sameiginlegu loftrásarkerfi sem fleiri en eitt tæki er tengt við og að draga útblástur í loftrásarkerfi; lofthitari af gerð C₂ er aðeins markaðssettur sem C₂ lofthitari,
- 23) „C₄ lofthitari“: lofthitari sem notar loftkennt/fljótandi eldsneyti og er sérstaklega gerður til að draga brunaloftið úr sameiginlegu loftrásarkerfi sem fleiri en eitt tæki er tengt við og að draga útblástur í annað rör útblásturskerfisins; lofthitari af gerð C₄ er aðeins markaðssettur sem C₄ lofthitari,
- 24) „lágmarksafköst“: lágmarkshitunargeta lofthitara (P_{min}), gefin upp í kW,
- 25) „notnýtni við málhitunarfaköst“ (η_{nom}): hlutfallið milli málhitunarfakasta og heildaorkuflagsins sem þarf til að ná þessum hitunarfaköstum, gefið upp í hundraðshlutum, þar sem heildaorkuflagið byggist á heildarvarmagildi (GCV) eldsneytisins ef notast er við loftkennt/fljótandi eldsneyti,
- 26) „notnýtni við lágmarksafköst“ (η_{pl}): hlutfallið milli lágmarksafkasta og heildaorkuflagsins sem þarf til að ná þessum hitunarfaköstum, gefið upp í hundraðshlutum, þar sem heildaorkuflagið er byggist á heildarvarmagildi (GCV) eldsneytisins,

- 27) „árstíðabundin orkunýtni rýmishitunar í virkum ham“ ($\eta_{s,on}$): árstíðabundin orkunýtni varmaorku margfölduð með losunarytni, gefin upp í hundradshlutum,
- 28) „árstíðabundin nýtni varmaorku“ ($\eta_{s,th}$): vegið meðaltal notnýtni við málhitunarafköst og notnýtni við lágmarksafköst, þ.m.t. tillit til varmataps hylkis,
- 29) „losunarnýtni“ ($\eta_{s,flow}$): leiðrétting sem er beitt við útreikning á árstíðabundinni orkunýtni rýmishitunar í virkum ham með tilliti til samsvarandi loftstreymis upphitaða loftsins og hitunarafkasta,
- 30) „varmatapsstuðull hylkis“ (F_{env}): tap á árstíðabundinni orkunýtni rýmishitunar vegna varmataps varmagjafa út fyrir rýmið sem á að hita, gefinn upp í hundradshlutum,
- 31) „aukaraforkunotkun“: tap á árstíðabundinni orkunýtni vegna raforkunotkunar við málhitunarafköst (el_{max}), við lágmarksgetu (el_{min}) og í reiðuham (el_{sb}), gefin upp í hundradshlutum,
- 32) „varmatap frá kveikiloga“: tap á árstíðabundinni orkunýtni rýmishitunar vegna aflþarfar kveikibrennara, gefið upp í hundradshlutum,
- 33) „aflþörf varanlegs kveikiloga“ (P_{ign}): aflþörf brennara sem ætlaður er til að kveikja á aðalbrennaranum og sem eingöngu er hægt að slökkva á með afskiptum notanda, gefin upp sem W með tilliti til heildarvarmagildis eldsneytisins,
- 34) „varmatap gegnum loftrás“: tap á árstíðabundinni orkunýtni rýmishitunar á tímabilum þegar aðalvarmagjafi er ekki virkur, gefið upp í hundradshlutum.

Skilgreiningar á varmadælum, loftræstisamstæðum og búnaði til húskælingar

- 35) „varmadæla“: vara til lofthitunar:
 - a) þar sem varmaskiptir utandyra (eimir) dregur varma frá andrúmslofti, útblásturslofti, vatni eða varmagjöfum í jörðu,
 - b) með varmagjafa sem notar gufuþjöppunarhringrás eða soghringrás,
 - c) þar sem varmaskiptir innandyra (þéttir) losar þennan varma í lofthitunarkerfi,
 - d) sem getur verið búin viðbótarhitara,
 - e) sem getur unnið í hina áttina og þannig gegnt hlutverki loftræstisamstæðu,
- 36) „loft í loft varmadæla“: varmadæla með varmagjafa sem notar gufuþjöppunarhringrás sem er knúin með rafhreyfli eða brunahreyfli og þar sem varmaskiptir utandyra (eimir) leyfir flutning varma frá andrúmslofti,
- 37) „vatn/saltvatn í loft varmadæla“: varmadæla með varmagjafa sem notar gufuþjöppunarhringrás sem er knúin með rafhreyfli eða brunahreyfli og þar sem varmaskiptir utandyra (eimir) leyfir flutning varma frá vatni eða saltvatni,
- 38) „varmadæla á þök“: loft í loft varmadæla, knúin með rafmagnsþjöppu þar sem eimir, þéttir og eimsvali eru samþættir í eina einingu,
- 39) „varmadæla með soghringrás“: varmadæla með varmagjafa sem notar soghringrás sem styðst við ytri bruna eldsneytis og/eða varmaveitu,

- 40) „margskipt varmadæla“: varmadæla með fleiri en einni einingu innandyra, einni eða fleiri kælrásum, einni eða fleiri þjöppum og einni eða fleiri einingum utandyra, þar sem einingunum innandyra kann að vera stýrt hverri fyrir sig,
- 41) „loftræstisamstæða“: vara til kælingar til að kæla rými og
- þar sem varmaskiptir innandyra (eimir) dregur varma úr loftkælikerfi (varmagjafa),
 - er útbúin kæligjafa sem notar gufuþjöppunarhringrás eða soghringrás,
 - þar sem varmaskiptir utandyra (þéttir) losar þennan varma út í andrúmsloft, vatn eða varmasvelg eða -svelgi í jörðu og getur falið í sér flutning varma sem byggir á uppgufun á viðbættu vatni,
 - getur unnið í hina áttina og þannig gegnt hlutverki varmadælu,
- 42) „loft í loft loftræstisamstæða“: loftræstisamstæða með kæligjafa sem notar gufuþjöppunarhringrás sem er knúin með rafhreyfli eða brunahreyfli og þar sem varmaskiptir utandyra (þéttir) leyfir flutning varma í andrúmsloft,
- 43) „vatn/saltvatn í loft loftræstisamstæða“: loftræstisamstæða með kæligjafa sem notar gufuþjöppunarhringrás sem er knúin með rafhreyfli eða brunahreyfli og þar sem varmaskiptir utandyra (þéttir) leyfir flutning varma í vatn eða saltvatn,
- 44) „loftræstisamstæða á þök“: loft í loft loftræstisamstæða, knúin með rafmagnsþjöppu, þar sem eimir, þéttir og eimsvali eru samþættir í eina einingu,
- 45) „margskipt loftræstisamstæða“: loftræstisamstæða með fleiri en einni einingu innandyra, einni eða fleiri kælrásum, einni eða fleiri þjöppum og einni eða fleiri einingum utandyra, þar sem einingunum innandyra kann að vera stýrt hverri fyrir sig,
- 46) „loftræstisamstæða með soghringrás“: loftræstisamstæða með kæligjafa sem notar soghringrás sem styðst við ytri bruna eldsneytis og/eða varmaveitu,
- 47) „loft í vatn búnaður til húskælingar“: búnaður til húskælingar með kæligjafa sem notar gufuþjöppunarhringrás sem er knúin með rafhreyfli eða sprengihreyfli og þar sem varmaskiptir utandyra (þéttir) leyfir flutning í loft, þ.m.t. flutning varma sem byggir á uppgufun á viðbættu vatni út í loftið, að því tilskildu að búnaðurinn virki einnig án notkunar viðbótarvatns, eingöngu með notkun lofts,
- 48) „vatn/saltvatn í vatn búnaður til húskælingar“: búnaður til húskælingar með kæligjafa sem notar gufuþjöppunarhringrás sem er knúin með rafhreyfli eða sprengihreyfli og þar sem varmaskiptir utandyra (þéttir) leyfir flutning varma í vatn eða saltvatn, að undanskildum flutningi varma sem byggir á uppgufun á viðbættu vatni,
- 49) „búnaður til húskælingar með soghringrás“: búnaður til húskælingar með kæligjafa sem notar soghringrás sem styðst við ytri bruna eldsneytis og/eða varmaveitu.

Skilgreiningar sem tengjast reikniaðferð fyrir búnað til húskælingar, loftræstisamstæður og varmadælur

- 50) „viðmiðunarhönnunarskilyrði“: samsetning „viðmiðunarhönnunarhitastigs“, hæsta „tvígildishitastigs“ og hæstu „notkunarhitastigsmarka“, eins og sett er fram í töflu 24 í III. viðauka,
- 51) „viðmiðunarhönnunarhitastig“: „hitastig utandyra“, vegna annað hvort kælingar ($T_{design,c}$) eða hitunar ($T_{design,h}$) eins og lýst er í töflu 24 í III. viðauka, þegar hlutfall hlutaálags er 1, og sem er breytilegt í samræmi við tiltekið kæli- eða hitunartímabil, gefið upp í gráðum á selsíus,

- 52) „tvígildishitastig“ (T_{biv}): hitastig utandyra (T_j) sem framleiðandi gefur upp þar sem tilgreind hitunarfakost eru jöfn hlutaálagi fyrir hitun og ef hitastig er undir því þarf að bæta upp tilgreind hitunarfakost með afköstum rafdrifins varahitara til að ná fram hlutaálaginu fyrir hitun, gefið upp í gráðum á selsíus,
- 53) „notkunarhitastigsmörk“ (T_{oi}): hitastig utandyra sem framleiðandi gefur upp fyrir hitun, en við lægra hitastig mun varmadæla ekki getað skilað neinum hitunarfakostum og tilgreindu hitunarfakostin eru núll, gefin upp sem gráður á selsíus,
- 54) „hlutfall hlutaálags“ ($pl(T_j)$): „hitastig utandyra“ að frádregnum 16 °C, deilt með „viðmiðunarhönnunarhitastigi“ að frádregnum 16 °C fyrir annað hvort rýmiskælingu eða rýmishitun,
- 55) „tímabil“: umhverfisskilyrði, annað hvort tilgreind sem hitunartímabil eða kælitímabil, sem lýsa fyrir hvert bil samsetningu hitastigs utandyra og fjölda bilstunda sem eiga við það tímabil,
- 56) „hlutaálag vegna hitunar“ ($Ph(T_j)$): hitunarálag við tiltekið hitastig utandyra, sem reiknað er út frá hönnunarálagi hitunar sem er margfaldað með hlutfalli hlutaálags og gefið upp í kW,
- 57) „hlutaálag vegna kælingar“ ($Pc(T_j)$): kæliálag við tiltekið hitastig utandyra, sem reiknað er út frá hönnunarálagi kælingar sem er margfaldað með hlutfalli hlutaálags og gefið upp í kW,
- 58) „árstíðabundið orkunýtnihlutfall“ ($SEER$) (e. *seasonal energy efficiency ratio*): heildarhlutfall orkunýtni loftræstisamstæðu eða búnaðar til húskælingar, fyrir allt kælitímabilið, reiknað út frá „árlegri viðmiðunarkælipörf“ sem deilt er í með „árlegri orkunotkun til kælingar“,
- 59) „árstíðabundinn nýtnistuðull“ ($SCOP$): heildarnýtnistuðull varmadælu sem notar rafmagn, dæmigerður fyrir hitunartímabilið, reiknaður út frá árlegri viðmiðunarhitunarpörf sem deilt er í með „árlegri orkunotkun til hitunar“,
- 60) „árleg viðmiðunarkælipörf“ (Q_C): viðmiðunarkælipörf sem notast til grundvallar útreikninga á árstíðabundnu orkunýtnihlutfalli og er reiknað út sem hönnunarálag vegna kælingar ($P_{design,c}$) og jafngildisklukkustundir kælingar í virkum ham (H_{CE}), gefin upp sem kWh,
- 61) „árleg viðmiðunarhitunarpörf“ (Q_H): viðmiðunarhitunarpörf sem varðar tilgreint hitunartímabil og notast til grundvallar útreikninga á árstíðabundnum nýtnistuðli og er reiknað út sem hönnunarálag vegna hitunar ($P_{design,h}$) og árstíðabundnar jafngildisklukkustundir hitunar í virkum ham (H_{HE}), gefin upp sem kWh,
- 62) „árleg orkunotkun til kælingar“ (Q_{CE}): orkunotkun sem nauðsynleg er til að uppfylla „árlega viðmiðunarkælipörf“ og sem er reiknuð sem árleg viðmiðunarkælipörf sem deilt er í með „árstíðabundnu orkunýtnihlutfalli fyrir virkan ham“ ($SEER_{on}$), og orkunotkun einingarinnar á kælitímabili þegar slökkt er á hitastilli, einingin er í reiðuham, slökkt er á henni eða þegar kveikt er á sveifarhússhitara, gefin upp sem kWh,
- 63) „árleg orkunotkun til hitunar“ (Q_{HE}): orkunotkun sem nauðsynleg er til að uppfylla „árlega viðmiðunarhitunarpörf“, sem varðar tilgreint hitunartímabil og er reiknað út frá „árlegri viðmiðunarhitunarpörf“ sem deilt er í með „árstíðabundnum nýtnistuðli fyrir virkan ham“ ($SCOP_{on}$) og raforkunotkun einingarinnar á hitunartímabili þegar slökkt er á hitastilli, einingin er í reiðuham, slökkt er á henni eða þegar kveikt er á sveifarhússhitara, gefin upp sem kWh,
- 64) „jafngildisklukkustundir kælingar í virkum ham“ (H_{CE}): áætlaður árlegur fjöldi klukkustunda fyrir „hönnunarálag vegna kælingar“ fyrir eininguna ($P_{design,c}$) til að uppfylla „árlega viðmiðunarkælipörf“, gefnar upp í klukkustundum,
- 65) „jafngildisklukkustundir hitunar í virkum ham“ (H_{HE}): áætlaður árlegur fjöldi klukkustunda fyrir hönnunarálag vegna hitunar lofthitara með varmadælu til að uppfylla árlega viðmiðunarhitunarpörf, gefnar upp sem klukkustundir,
- 66) „árstíðabundið orkunýtnihlutfall fyrir virkan ham“ ($SEER_{on}$): meðalorkunýtnihlutfall einingarinnar í virkum ham fyrir kælivirkni sem er samsett úr hlutaálagi og orkunýtnihlutfalli sem á sérstaklega við um tiltekið bil ($EER_{bin}(T_j)$) og vegið með þeim bilstundum sem ástand bilsins er til staðar,

- 67) „árstíðabundinn nýtnistuðull fyrir virkan ham“ ($SCOP_{on}$): meðalnýtnistuðull varmadællunar í virkum ham fyrir hitunartímabilið, samsett úr hlutaálagi, afköstum rafdrifins varahitara (þar sem þess er þörf) og nýtnistuðli sem á sérstaklega við um tiltekið bil ($COP_{bin}(T_j)$) og vegið með þeim bilstundum sem ástand bilsins er til staðar,
- 68) „nýtnistuðull sem á sérstaklega við um tiltekið bil“ ($COP_{bin}(T_j)$): nýtnistuðull sem á sérstaklega við um hvert j-bil (bin_j), með hitastig utandyra (T_j) á tímabili, sem ákvarðast af hlutaálagi, tilgreindum afköstum og uppgefnum nýtnistuðli ($COP_d(T_j)$) og er reiknað fyrir önnur bil með inn- eða framreikningi og leiðrétt, þegar þörf er á, með viðeigandi lækkunarstuðli,
- 69) „orkunýtnihlutfall sem á sérstaklega við um tiltekið bil“ ($EER_{bin}(T_j)$): hlutfall orkunýtni sem á sérstaklega við um hvert j-bil (bin_j) með hitastig utandyra (T_j) á tímabili, sem ákvarðast af hlutaálagi, tilgreindum afköstum og tilgreindu orkunýtnihlutfalli ($EER_d(T_j)$) og er reiknað út fyrir önnur bil með inn- eða framreikningi og leiðrétt, þegar þörf er á, með viðeigandi lækkunarstuðli,
- 70) „tilgreind hitunarafköst“ ($P_{dh}(T_j)$): hitunarafköst gufuþjöppunarhringrásar varmadælu sem eiga við hitastig utandyra (T_j) og innandryra (T_{in}), sem framleiðandi tilgreinir, gefin upp sem kW,
- 71) „tilgreind kæliafköst“ ($P_{dc}(T_j)$): kæliafköst gufuþjöppunarhringrásar loftræstisamstæðu eða búnaðar til húskælingar sem eiga við hitastig utandyra (T_j) og innandryra (T_{in}), sem framleiðandi tilgreinir, gefin upp sem kW,
- 72) „hönnunarálag vegna hitunar“ ($P_{design,h}$): hitunarálag á varmadælu við viðmiðunarhönnunarhitastig þar sem hönnunarálag vegna hitunar ($P_{design,h}$) er það sama og hlutaálag vegna hitunar þar sem hitastig utandyra er það sama og viðmiðunarhönnunarhitastig ($T_{design,h}$), gefið upp í kW,
- 73) „hönnunarálag vegna kælingar“ ($P_{design,c}$): kæliálag á búnað til húskælingar eða loftræstisamstæðu við viðmiðunarhönnunarhitastig þar sem hönnunarálag vegna kælingar ($P_{design,c}$) er það sama og tilgreind kæliafköst þegar hitastig utandyra (T_j) er það sama og viðmiðunarhönnunarhitastig fyrir kælingu ($T_{design,c}$), gefið upp í kW,
- 74) „tilgreindur nýtnistuðull“ ($COP_d(T_j)$): nýtnistuðull við takmarkaðan fjölda tilgreindra j-bila (j) og hitastig utandyra (T_j),
- 75) „tilgreint orkunýtnihlutfall“ ($EER_d(T_j)$): orkunýtnihlutfall við takmarkaðan fjölda tilgreindra j-bila (j) og hitastig utandyra (T_j),
- 76) „afköst rafdrifins varahitara“ ($elbu(T_j)$): hitunarafköst raunverulegs eða áætlaðs viðbótarhitara með tilgreinda nýtnistuðulinn 1 sem eykur við tilgreind hitunarafköst ($P_{dh}(T_j)$) til að uppfylla hlutaálag vegna hitunar ($Ph(T_j)$) ef tilgreindu hitunarafköstin ($P_{dh}(T_j)$) eru minni en hlutaálag vegna hitunar ($Ph(T_j)$) fyrir hitastig utandyra (T_j), gefin upp sem kW,
- 77) „afkastahlutfall“: hlutaálag vegna hitunar ($P_h(T_j)$) deilt með tilgreindum hitunarafköstum ($P_{dh}(T_j)$) eða hlutaálagi vegna kælingar ($P_c(T_j)$) deilt með tilgreindum kæliafköstum ($P_{dc}(T_j)$),

Notkunarhamir vegna útreiknings á árstíðabundinni orkunýtni rýmishitunar eða -kælingar vara til lofthitunar og kælingar

- 78) „virkur hamur“: sá hamur sem samsvarar klukkustundum kæli- eða hitunarálags byggingar og sem virkjar kæli- eða hitunaraðgerð einingarinnar. Þetta ástand getur falið í sér að kveikt og slökkt sé á einingunni til að ná og viðhalda því hitastigi innandryra sem krafist er.
- 79) „reiðuhumur“: ástand þar sem lofthitari, búnaður til húskælingar, loftræstisamstæðu eða varmadæla er tengd rafkerfinu, er háð raforku frá rafkerfinu til þess að geta virkað eins og til er ætlast og gerir eingöngu kleift að framkvæma eftirfarandi aðgerðir, sem geta varað ótímabundið: endurvirkjunaraðgerð eða endurvirkjunaraðgerð auk merkis sem eingöngu gefur til kynna að endurvirkjunaraðgerð sé virk, og/eða birting upplýsinga eða stöðu,

- 80) „endurvirkjunaraðgerð“: aðgerð sem gerir kleift að virkja aðra hami, þ.m.t. virkan ham, með fjarstýrðum rofa, þ.m.t. fjarstýringu gegnum net, innbyggðum nema eða tímamæli, í því skyni að gera viðbótaraðgerðir mögulegar, þ.m.t. megináðgerð,
- 81) „upplýsinga- eða stöðuvísir“: sívirk aðgerð sem gefur upplýsingar um eða sýnir stöðu búnaðar á skjá, þ.m.t. klukkur,
- 82) „slökkt á búnaði“: ástand þar sem búnaður til húskælingar, loftræstisamstæða eða varmadæla er tengd rafkerfinu en engin aðgerð er virk. Ástand sem gefur einungis til kynna að slökkt sé á búnaði sem og ástand þar sem einungis er fyrir hendi virkni sem ætlað er að tryggja rafsegulviðssamhæfi í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/108/EB, fellur einnig undir að slökkt sé á búnaði ⁽¹⁾,
- 83) „slökkt á hitastilli“: það ástand sem samsvarar klukkustundum þegar ekkert kæli- eða hitunarálag er og þar sem kveikt er á kæli- eða hitunaraðgerð einingarinnar en einingin starfar ekki; ekki telst vera slökkt á hitastilli þegar kveikt er á hringrás í virkum ham,
- 84) „notkunarhamur sveifarhússhitara“: ástand þar sem einingin hefur virkjað hitunarbúnað til að koma í veg fyrir að kælimiðillinn færast yfir í þjöppuna til að takmarka styrk kælimiðilsins í olú þegar þjappa er ræst,
- 85) „aflþörf þegar slökkt er á búnaði“ (P_{OFF}): aflþörf einingar sem slökkt er á, gefin upp í kW,
- 86) „aflþörf hitastillis þegar slökkt er á búnaði“ (P_{TO}): aflþörf einingarinnar þegar slökkt er á hitastilli, gefin upp í kW,
- 87) „aflþörf þegar búnaðurinn er í reiðuham“ (P_{SB}): aflþörf einingarinnar þegar hún er í reiðuham, gefin upp í kW,
- 88) „aflþörf þegar kveikt er á sveifarhússhitara“ (P_{CK}): aflþörf einingarinnar þegar kveikt er á sveifarhússhitara, gefin upp í kW,
- 89) „notkunarstundir þegar slökkt er á hitastilli“ (H_{OFF}): fjöldi klukkustunda á ári [klst/á] sem telst vera slökkt á einingunni, en gildi þess er háð tilteknu tímabili og virkni,
- 90) „notkunarstundir þegar slökkt er á hitastilli“ (H_{TO}): fjöldi klukkustunda á ári [klst/á] þegar telst slökkt á hitastilli einingarinnar en gildi þess er háð tilteknu tímabili og virkni,
- 91) „notkunarstundir í reiðuham“ (H_{SB}): fjöldi klukkustunda á ári [klst/á] sem einingin telst vera í reiðuham, en gildi þess er háð tilteknu tímabili og virkni,
- 92) „notkunarstundir sveifarhússhitara“ (H_{CK}): fjöldi klukkustunda á ári (klst/á) sem einingin telst vera í notkunarham sveifarhússhitara en gildi þess er háð tilteknu tímabili og virkni.

Skilgreiningar sem tengjast reikniaðferð fyrir loftræstisamstæður, búnað til húskælingar og varmadælur sem nota eldsneyti

- 93) „árstíðarbundið frumorkuhlutfall í kælingarham“ ($SPER_c$): heildarorkunýtnihlutfall loftræstisamstæðu eða búnaðar til húskælingar sem notar eldsneyti, dæmigert fyrir kælitímabilið,
- 94) „árstíðabundin gasnýtni í kælingarham“ ($SGUE_c$): nýting á gasi fyrir allt kælitímabilið,
- 95) „gasnýtni við hlutaálag“: gasnýtni við kælingu ($GUE_{c,bin}$) eða hitun ($GUE_{h,bin}$) við hitastig utandyra T_j ,

⁽¹⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/108/EB frá 15. desember 2004 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi rafsegulviðssamhæfi og um niðurfellingu tilskipunar 89/336/EBE (Stjúd. ESB L 390, 31.12.2004, bls. 24).

- 96) „gasnýtni við tilgreind afköst“: gasnýtni við kælingu (GUE_{cDC}) eða hitun (GUE_{hDC}) þar sem afköst eru tilgreind við skilyrði eins og þau eru skilgreind í töflu 21 í III. viðauka, og leiðrétt fyrir hugsanlegri hringrásarvirkni einingarinnar, ef virk kæliafköst (Q_{Ec}) eru yfir kæliálagi ($P_c(T_j)$) eða ef virk hitunarfköst (Q_{Eh}) eru yfir hitunarálagi ($P_h(T_j)$),
- 97) „virk kæliafköst“ (Q_{Ec}): mæld kæliafköst leiðrétt fyrir hita frá tækinu (dælur eða viftur) sem annast hringrás varmabera í gegnum varmaskipti innandyra, gefin upp sem kW,
- 98) „virk varmaendurheimtarafköst“: mæld varmaendurheimtarafköst leiðrétt fyrir hita frá tækinu (dæla eða dælur) sem annast hringrás varmaendurheimtar vegna kælingar ($Q_{Ehr,c}$) eða hitunar ($Q_{Ehr,h}$), gefin upp sem kW,
- 99) „mælt varmaílag við kælingu“ (Q_{gmc}): mælt eldsneytisílag við hlutaálagsskilyrði eins og þau eru skilgreind í töflu 21 í III. viðauka, gefið upp sem kW,
- 100) „árstíðabundinn aukaorkuþáttur í kælingarham“ ($SAEF_c$): aukaorkunýtni á kælitímabili, þ.m.t. framlag þegar slökkt er á hitastilli, þegar eining er í reiðuham, slökkt er á henni og þegar kveikt er á sveifarhússhitara,
- 101) „árleg viðmiðunarkæliþörf“ (Q_C): árleg kæliþörf, reiknuð út sem hönnunarálag vegna kælingar ($P_{design,c}$) margfölduð með jafngildisklukkustundum hitunar í virkum ham (H_{CE}),
- 102) „árstíðabundinn aukaorkuþáttur í virkum kælingarham“ ($SAEF_{c,on}$): aukaorkunýtni á kælitímabili, að undanskildu framlagi þegar slökkt er á hitastilli, þegar eining er í reiðuham, slökkt er á henni og þegar kveikt er á sveifarhússhitara,
- 103) „aukaorkuþáttur í kælingarham við hlutahleðslu“ ($AEF_{c,bin}$): aukaorkunýtni kælingar við hitastig utandyra (T_j),
- 104) „rafinnafl í kælingarham“ (P_{Ec}): virkt rafinnafl við kælingu, í kW,
- 105) „árstíðarbundið frumorkuhlutfall í hitunarham“ ($SPER_h$): heildarhlutfall orkunýtni varmadælu sem notar eldsneyti, dæmigert fyrir hitunartímabilið,
- 106) „árstíðabundin gasnýtni í hitunarham“ ($SGUE_h$): nýtni á gasi yfir hitunartímabilið,
- 107) „virk hitunarfköst“ (Q_{Eh}): mæld hitunarfköst, leiðrétt fyrir hita frá tækinu (dælur eða viftur) sem annast hringrás varmabera í gegnum varmaskipti innandyra, gefin upp sem kW,
- 108) „mælt varmaílag við hitun“ (Q_{gmh}): mælt eldsneytisílag við hlutaálagsskilyrði eins og þau eru skilgreind í töflu 21 í III. viðauka, gefið upp sem kW,
- 109) „árstíðabundinn aukaorkuþáttur í kælingarham“ ($SAEF_h$): aukaorkunýtni á hitunartímabili, þ.m.t. framlag þegar slökkt er á hitastilli, þegar eining er í reiðuham, slökkt er á henni og þegar kveikt er á sveifarhússhitara,
- 110) „árleg viðmiðunarhitunarbörf“ (Q_H): árleg hitunarbörf, reiknuð út sem hönnunarálag vegna hitunar margfaldað með árlegum jafngildisklukkustundum hitunar í virkum ham (HHE),
- 111) „árstíðabundinn aukaorkuþáttur í virkum hitunarham“ ($SAEF_{h,on}$): aukaorkunýtni á hitunartímabili, að undanskildu framlagi þegar slökkt er á hitastilli, þegar eining er í reiðuham, slökkt er á henni og þegar kveikt er á sveifarhússhitara,
- 112) „aukaorkuþáttur í hitunarham við hlutahleðslu“ ($AEF_{h,bin}$): aukaorkunýtni hitunar við hitastig utandyra (T_j),

- 113) „aukaorkubáttur við tilgreind afköst“: aukaorkubáttur við kælingu ($AEF_{c,dc}$) eða hitun ($AEF_{h,dc}$) við hlutaálagsskilyrði eins og þau eru skilgreind í töflu 21 í III. viðauka, og leiðrétt fyrir hugsanlegri hringrásarvirkni einingarinnar, ef virk kæliafköst (Q_{Ec}) eru yfir kæliálagi ($P_c(T_j)$) eða ef virk hitunarfköst (Q_{Eh}) eru yfir hitunarálagi ($P_h(T_j)$),
- 114) „rafinnafl í hitunarham“ (P_{Eh}): virkt rafinnafl við hitun, í kW,
- 115) „losun köfnunarefnisoxíða frá varmadælum, búnaði til húskælingar og loftræstisamstæðum með brunahreyfli“: summa losunar köfnunarefnisoxíðs og köfnunarefnisvíoxíðs frá varmadælum, búnaði til húskælingar og loftræstisamstæðum með brunahreyfli, mæld við stöðluð málgildisskilyrði þar sem notast er við jafngildi snúningshraða hreyfils, gefin upp sem milligrömm köfnunarefnisvíoxíðs á hverja kílóvattstund eldsneytisflags með tilliti til heildarvarmagildis,
- 116) „jafngildi snúningshraða hreyfils“ ($Erpm_{equivalent}$): snúningar brunahreyfilsins á mínútu reiknaðir á grundvelli snúningshraða hreyfils við 70, 60, 40 og 20% hlutaálag vegna hitunar (eða kælingar ef hitun er ekki í boði) og vigtarstuðul sem nemur 0,15, 0,25, 0,30 og 0,30 eftir því sem við á.

Skilgreiningar sem tengjast vökvakælum fyrir vinnslukerfi með hátt úttakshitastig

- 117) „málinngangsafl“ (D_A): rafinnafl sem vökvakælir fyrir vinnslukerfi með hátt úttakshitastig þarf (þ.m.t. þjappan, eimsvavaviftan/-vifturnar eða dæla/-dælur, eimisdæla/-dælur og hugsanlegur aukabúnaður) til að ná málkæliafköstum, gefið upp í kW með tveimur aukastöfum,
- 118) „málorkunýtnihlutfall“ (EER_A): málkæliafköst, gefin upp í kW sem deilt er í með málinngangsafl, gefið upp í kW, sett fram með tveimur aukastöfum,
- 119) „árstíðabundið orkunýtingarhlutfall“ ($SEPR$): nýtnihlutfall vökvakælis fyrir vinnslukerfi með hátt úttakshitastig sem kælir við stöðluð málgildisskilyrði, sem er dæmigert fyrir breytileikann í álagi og umhverfishita árið um kring og er reiknað sem hlutfall milli árlegrar kæliþarfar og árlegrar raforkunotkunar,
- 120) „árleg kæliþörf“: summa kæliálags, sem á sérstaklega við um tiltekið bil, margfölduð með samsvarandi fjölda bilstunda,
- 121) „kæliálag“: málkæliafköst, margfölduð með hlutfalli hlutaálags vökvakæla fyrir vinnslukerfi með hátt úttakshitastig, gefin upp í kW með tveimur aukastöfum,
- 122) „hlutaálag“ ($P_c(T_j)$): kæliálag við tiltekinn umhverfishita (T_j), reiknað út sem fullt álag margfaldað með hlutfalli hlutaálags vökvakæla fyrir vinnslukerfi með hátt úttakshitastig sem samsvarar sama umhverfishita T_j og er gefið upp í kW með tveimur aukastöfum,
- 123) „hlutfall hlutaálags vökvakæla fyrir vinnslukerfi með hátt úttakshitastig“ ($P_R(T_j)$):
- að því er varðar vökvakæla fyrir vinnslukerfi með hátt úttakshitastig með loftkældan eimsva: umhverfishitinn T_j að frádrögnum 5 °C, deilt með viðmiðunarumhverfishitanum að frádrögnum 5 °C og margfaldaður með 0,2 og bætt við 0,8. Að því er varðar umhverfishita, sem er hærri en viðmiðunarumhverfishitinn, skal hlutfall hlutaálags vökvakæla fyrir vinnslukerfi með hátt úttakshitastig vera 1. Að því er varðar umhverfishita, sem er lægri en 5 °C, skal hlutfall hlutaálags vökvakæla fyrir vinnslukerfi með hátt úttakshitastig vera 0,8,
 - að því er varðar vökvakæla fyrir vinnslukerfi með hátt úttakshitastig með vatnskældan eimsva: inntakshiti vatns (við vatnsinntak eimsvala) að frádrögnum 9 °C, deilt með viðmiðunarhitastigi vatns við inntak (30 °C) að frádrögnum 9 °C og margfaldað með 0,2 og bætt við 0,8. Að því er varðar umhverfishita (við vatnsinntak eimsvala) sem er hærri en viðmiðunarumhverfishitinn, skal hlutfall hlutaálags vökvakæla fyrir vinnslukerfi með hátt úttakshitastig vera 1. Að því er varðar umhverfishita sem er lægri en 9 °C (við vatnsinntak eimsvala) skal hlutfall hlutaálags vökvakæla fyrir vinnslukerfi með hátt úttakshitastig vera 0,8,
 - sem er gefið upp sem hundraðshluti með einum aukastaf,

- 124) „árleg raforkunotkun“: reiknast sem summan af hlutföllunum milli kæliþarfar, sem á sérstaklega við um tiltekið bil, og samsvarandi orkunýtnihlutfalls, sem á sérstaklega við um tiltekið bil, margfaldað með samsvarandi fjölda bilstunda,
- 125) „umhverfishiti“:
- a) að því er varðar vökvakæla fyrir vinnslukerfi með hátt úttakshitastig með loftkældan eimsvala: þurr lofthiti, gefinn upp í gráðum á selsíus,
 - b) að því er varðar vökvakæla fyrir vinnslukerfi með hátt úttakshitastig með vatnskældan eimsvala: inntakshitastig vatns við eimsvala, gefið upp í gráðum á selsíus,
- 126) „viðmiðunarumhverfishiti“: umhverfishiti, gefinn upp sem gráður á selsíus, þegar hlutfall hlutaálags vökvakæla fyrir vinnslukerfi með hátt úttakshitastig er 1. Hiti er fastsettur við 35 °C. Að því er varðar vökvakæla fyrir hátt hitastig með loftkælingu er inntakshiti lofts í eimsvala fastsett við 35 °C en hjá vatnskældum vökvakælum fyrir hátt hitastig er inntakshitastig vatns í eimsvala fastsett við 30 °C með lofthita utandyra í eimsvala fastsettan við 35 °C,
- 127) „orkunýtnihlutfall við hlutaálag“ ($EER_{PL}(T_j)$): orkunýtnihlutfall sem á við um hvert bil á ári, sem ákvarðast af tilgreindu orkunýtnihlutfalli (EER_{DC}) fyrir tilgreind bil og reiknast fyrir önnur bil með línulegum innreikningi,
- 128) „tilgreind kæliþörf“: kæliálag við tiltekið ástand bils og er reiknuð út sem málkæliafköst margfölduð með samsvarandi hlutaálagi vökvakæla fyrir vinnslukerfi með hátt úttakshitastig,
- 129) „tilgreint orkunýtnihlutfall“ (EER_{DC}): orkunýtnihlutfall vökvakælis fyrir vinnslukerfi með hátt úttakshitastig við tiltekinn matspunkt, leiðrétt með lækkunarstuðlinum þegar þörf er á ef lágmark tilgreindra málkæliafkasta er yfir kæliálaginu eða innreiknað ef næstu tilgreind kæliafköst eru yfir eða undir kæliálaginu,
- 130) „tilgreint inngangsafl“: rafinnafli sem vökvakælir fyrir vinnslukerfi með hátt úttakshitastig þarf til að ná fram tilgreindum kæliafköstum við tiltekinn matspunkt,
- 131) „tilgreind kæliafköst“: kæliafköst sem vökvakælir fyrir vinnslukerfi með hátt úttakshitastig skilar af sér til að uppfylla tilgreinda kæliþörf við tiltekinn matspunkt.

Skilgreiningar sem tengjast hitaspírölum

- 132) „heildarrafinnafi“ (P_{elec}): heildarraforka sem einingin tekur til sín, þ.m.t. viftur og aukabúnaður.

II. VIÐAUKI

Kröfur varðandi vishönnun

1. Árstíðabundin orkunýtni rýmishitunar vara til lofthitunar:

a) Frá 1. janúar 2018 skal árstíðabundið orkunýtnihlutfall vara til lofthitunar ekki fara undir gildin í töflu 1:

Tafla 1

Árstíðabundin lágmarksorkunýtni rýmishitunar vara til lofthitunar í fyrsta þrepi, gefin upp í %

	$\eta_{s,h}$ (*)
Lofthitarar sem nota eldsneyti, að undanskildum B ₁ lofthiturum með nafnvarmaafköst undir 10 kW og að undanskildum C ₂ og C ₄ lofthiturum með nafnvarmaafköst undir 15 kW	72
B ₁ lofthitarar með nafnvarmaafköst undir 10 kW og C ₂ og C ₄ lofthitarar með nafnvarmaafköst undir 15 kW	68
Lofthitarar sem nota raforku	30
Loft í loft varmadælur, knúnar með rafhreyfli, að undanskildum varmadælum á þök	133
Varmadælur á þök	115
Loft í loft varmadælur, knúnar með sprengihreyfli	120

(*) Skal tilgreint í viðeigandi töflum í þessum viðauka og í tæknigögnum, námundað með einum aukastaf.

Að því er varðar margskiptar varmadælur skal framleiðandi koma á samræmi við þessa reglugerð sem byggir á mælingum og útreikningum skv. III. viðauka. Tæknigögnum fyrir hverja tegund hliðareiningar utandyra skal fylgja skrá yfir ráðlagðar samsetningar með samrýmanlegum hliðareiningum innandyra. Samræmisýfirlýsingin skal þá gilda um allar samsetningar sem eru tilgreindar í þeirri skrá. Skráin yfir ráðlagðar samsetningar skal gerð aðgengileg áður en kaup/leiga/skammtímaleiga á hliðareiningu utandyra fer fram.

b) Frá 1. janúar 2021 skal árstíðabundið orkunýtnihlutfall vara til lofthitunar ekki fara undir gildin í töflu 2:

Tafla 2

Árstíðabundin lágmarksorkunýtni rýmishitunar vara til lofthitunar í öðru þrepi, gefin upp í %

	$\eta_{s,h}$ (*)
Lofthitarar sem nota eldsneyti, að undanskildum B ₁ lofthiturum með nafnvarmaafköst undir 10 kW og að undanskildum C ₂ og C ₄ lofthiturum með nafnvarmaafköst undir 15 kW	78
Lofthitarar sem nota raforku	31
Loft í loft varmadælur, knúnar með rafhreyfli, að undanskildum varmadælum á þök	137

	$\eta_{s,h} (*)$
Varmadætur á þök	125
Loft í loft varmadætur, knúnar með sprengihreyfli	130

(*) Skal tilgreint í viðeigandi töflum í þessum viðauka og í tæknigögnum, námundað með einum aukastaf.

Að því er varðar margskiptar varmadætur skal framleiðandi koma á samræmi við þessa reglugerð sem byggir á mælingum og útreikningum skv. III. viðauka. Tæknigögnum fyrir hverja tegund hliðareiningar utandyra skal fylgja skrá yfir ráðlagðar samsetningar með samrýmanlegum hliðareiningum innandyra. Samræmisýfirlýsingin skal þá gilda um allar samsetningar sem eru tilgreindar í þeirri skrá. Skráin yfir ráðlagðar samsetningar skal gerð aðgengileg áður en kaup/leiga/skammtímaleiga á hliðareiningu utandyra fer fram.

2. Árstíðabundin orkunýtni rýmiskælingar vara til kælingar:

- a) Frá 1. janúar 2018 skal árstíðabundin orkunýtni rýmiskælingar vara til kælingar ekki fara undir gildin í töflu 3:

Tafla 3

Árstíðabundin lágmarksorkunýtni rýmiskælingar vara til kælingar í fyrsta þrepi, gefin upp í %

	$\eta_{s,c} (*)$
Loft í vatn vökvakælir með < 400 kW málkæliafköst þegar hann er knúinn með rafhreyfli	149
Loft í vatn vökvakælir með ≥ 400 kW málkæliafköst þegar hann er knúinn með rafhreyfli	161
Vatn/saltvatn í vatn vökvakælir með < 400 kW málkæliafköst þegar hann er knúinn með rafhreyfli	196
Vatn/saltvatn í vatn vökvakælir með ≥ 400 kW málkæliafköst < 1 500 kW þegar hann er knúinn með rafhreyfli	227
Vatn/saltvatn í vatn vökvakælir með $\geq 1 500$ kW málkæliafköst þegar hann er knúinn með rafhreyfli	245
Loft í loft búnaður til húskælingar þegar hann er knúinn með sprengihreyfli	144
Loft í loft loftræstisamstæður, knúnar með rafhreyfli, að undanskildum loftræstisamstæðum á þök	181
Loftræstisamstæður á þök	117
Loft í loft loftræstisamstæður, knúnar með sprengihreyfli	157

(*) Skal tilgreint í viðeigandi töflum í þessum viðauka og í tæknigögnum, námundað með einum aukastaf.

Að því er varðar margskiptar loftræstisamstæður skal framleiðandi koma á samræmi við þessa reglugerð sem byggir á mælingum og útreikningum skv. III. viðauka. Tæknigögnum fyrir hverja tegund hliðareiningar utandyra skal fylgja skrá yfir ráðlagðar samsetningar með samrýmanlegum hliðareiningum innandyra. Samræmisýfirlýsingin skal þá gilda um allar samsetningar sem eru tilgreindar í þeirri skrá. Skráin yfir ráðlagðar samsetningar skal gerð aðgengileg áður en kaup/leiga/skammtímaleiga á hliðareiningu utandyra fer fram.

- b) Frá 1. janúar 2021 skal árstíðabundin orkunýtni rýmiskælingar vara til kælingar ekki fara undir gildin í töflu 4:

Tafla 4

Árstíðabundin lágmarksorkunýtni rýmiskælingar vara til kælingar í öðru þrepi, gefin upp í %

	$\eta_{s,c}$ (*)
Loft í vatn vökvakælir með < 400 kW málkæliafköst þegar hann er knúinn með rafhreyfli	161
Loft í vatn vökvakælir með \geq 400 kW málkæliafköst þegar hann er knúinn með rafhreyfli	179
- 18) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „Oregon Tilth“ um að breyta forskriftum. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem framkvæmdastjórninni hafa borist komst hún að þeirri niðurstöðu að réttlætanlegt sé að rýmka gildissvið viðurkenningar hennar á vöruflokki E að því er varðar Mexíkó.
- 19) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „Organic Certifiers“ um að breyta forskriftum. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem framkvæmdastjórninni hafa borist komst hún að þeirri niðurstöðu að réttlætanlegt sé að rýmka landfræðilegt gildissvið viðurkenningar hennar að því er varðar vöruflokka A og D til Indónesíu.
- 20) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „Organska Kontrola“ um að breyta forskriftum. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem framkvæmdastjórninni hafa borist komst hún að þeirri niðurstöðu að réttlætanlegt sé að rýmka gildissvið viðurkenningar hennar til vöruflokks B fyrir öll lönd.
- 21) „QC&I GmbH“ hefur upplýst framkvæmdastjórnina um að fyrirtækið hefði hætt vottunarstarfsemi í öllum þriðju löndum sem það hafði hlotið viðurkenningu fyrir. Því ætti það ekki að vera lengur á skrá í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008.
- 22) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „Suolo e Salute srl“ um að breyta forskriftum. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem framkvæmdastjórninni hafa borist komst hún að þeirri niðurstöðu að réttlætanlegt sé að rýmka landfræðilegt gildissvið viðurkenningar hennar að því er varðar vöruflokk A til Dóminíska lýðveldisins og Egyptalands og rýmka gildissvið viðurkenningar hennar til vöruflokks D að því er varðar Dóminíska lýðveldið.
- 23) Hvers kyns vísun til Taívan í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008 ætti að túlka sem tilvísun til sérstaks tollsvæðis Taívan, Penghu, Kinmen og Matsu.
- 24) Því ætti að breyta III. og IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008 til samræmis við það.
- 25) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um lífræna framleiðslu.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 1235/2008 er breytt sem hér segir:

- 1) Ákvæðum III. viðauka er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.
- 2) Ákvæðum IV. viðauka er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. desember 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

I. VIÐAUKI

Í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008, í færslunni sem varðar Lýðveldið Kóreu, er 5. lið breytt sem hér segir:

- 1) Línan sem varðar kenninúmerið KR-ORG-003 (Bookang tech) falli brott.
- 2) Eftirfarandi línur bætist við:

„KR-ORG-013	Hansol Food, Agriculture, Fisher-Forest Certification Center	www.hansolnonglim.com
KR-ORG-021	ISC Agriculture development research institute	www.isc-cert.com
KR-ORG-022	Greenstar Agrifood Certification Center	www.그린스타.com“

II. VIÐAUKI

Ákvæðum IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008 er breytt sem hér segir:

- 1) Á eftir færslunni sem varðar „**Acert AG**“ komi eftirfarandi ný færsla:

„**A CERT European Organization for Certification S.A.**“

1. Heimilisfang: 2 Tilou street, 54638 Thessaloniki, Greece
2. Veffang: www.a-cert.org
3. Hlutaðeigandi kenninúmer, þriðju lönd og vöruflokkar:

Kenninúmer	Þriðja land	Vöruflokkur					
		A	B	C	D	E	F
AL-BIO-171	Albanía	x	—	—	x	—	—
AZ-BIO-171	Aserbaísjan	x	—	—	x	—	—
BT-BIO-171	Bútan	x	—	—	x	—	—
BY-BIO-171	Belarús (Hvíta-Rússland)	x	—	—	x	—	—
CL-BIO-171	Chile (Síle)	x	—	—	x	—	—
CN-BIO-171	Kína	x	—	—	x	—	—
DO-BIO-171	Dóminíska lýðveldið	x	—	—	x	—	—
EC-BIO-171	Ekvador	x	—	—	x	—	—
EG-BIO-171	Egyptaland	x	—	—	x	—	—
ET-BIO-171	Eþíópía	x	—	—	x	—	—
GD-BIO-171	Grenada	x	—	—	x	—	—
GE-BIO-171	Georgía	x	—	—	x	—	—
ID-BIO-171	Indónesía	x	—	—	x	—	—
IR-BIO-171	Íran	x	—	—	x	—	—
JM-BIO-171	Jamaíka	x	—	—	x	—	—
JO-BIO-171	Jórdanía	x	—	—	x	—	—
KE-BIO-171	Kenya	x	—	—	x	—	—
KZ-BIO-171	Kasakstan	x	—	—	x	—	—
LB-BIO-171	Líbanon	x	—	—	x	—	—

Kenninúmer	Þriðja land	Vöruflokkur					
		A	B	C	D	E	F
MA-BIO-171	Marokkó	x	—	—	x	—	—
MD-BIO-171	Moldóva	x	—	—	x	—	—
MK-BIO-171	Makedónía (Fyrirverandi Lýðveldi Júgóslavíu)	x	—	—	x	—	—
PG-BIO-171	Papúa Nýja-Gínea	x	—	—	x	—	—
PH-BIO-171	Filippseyjar	x	—	—	x	—	—
PK-BIO-171	Pakistan	x	—	—	x	—	—
RS-BIO-171	Serbía	x	—	—	x	—	—
RU-BIO-171	Rússland	x	—	—	x	—	—
RW-BIO-171	Rúanda	x	—	—	x	—	—
SA-BIO-171	Sádi-Arabía	x	—	—	x	—	—
TH-BIO-171	Taíland	x	—	—	x	—	—
TR-BIO-171	Tyrkland	x	—	—	x	—	—
TW-BIO-171	Taívan	x	—	—	x	—	—
TZ-BIO-171	Tansanía	x	—	—	x	—	—
UA-BIO-171	Úkraína	x	—	—	x	—	—
UG-BIO-171	Úganda	x	—	—	x	—	—
ZA-BIO-171	Suður-Afríka	x	—	—	x	—	—

4. Undantekningar: vörur í aðlögun.

5. Tímabil sem skráning gildir: til 30 júní 2018.“

2) Í færslunni sem varðar „**Bioagricert S.r.l**“ er 3. lið breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi línur bætast við í röð eftir kenninúmeri:

„AL-BIO-132	Albanía	x	—	—	x	x	—
BD-BIO-132	Bangladess	x	—	—	x	—	—
ID-BIO-132	Indónesía	x	—	—	—	—	—
SN-BIO-132	Senegal	x	—	—	—	—	—“

- b) Í línunni sem varðar Taíland bætist krossmerki við í dálki E.
- 3) Í stað fyrirsagnarinnar í færslunni sem varðar „**Caucacert Ltd**“ komi „**Caucacert Ltd**“.
- 4) Í færslunni sem varðar „**CCPB Srl**“ er 3. lið breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi línur bætast við í röð eftir kenninúmeri:

„GE-BIO-102	Georgía	x	x	—	x	x	x
IR-BIO-102	Íran	x	x	—	x	x	x
JO-BIO-102	Jórdanía	x	x	—	x	x	x
SA-BIO-102	Sádi-Arabía	x	x	—	x	x	x“

- b) Í línunum sem varða Kína, Írak, Malí, Filippseyjar og Sýrland bætist krossmerki við í dálki B.
- c) Í línunni sem varðar Marokkó og Túnis bætist krossmerki við í dálki C.
- d) Í línunni sem varðar Túnis bætist krossmerki við í dálki E.
- e) Í línunum sem varða Kína, Egyptaland, Írak, Líbanon, Marokkó, Malí, Filippseyjar, San Marínó, Sýrland og Tyrkland bætist krossmerki við í dálkum E og F.
- 5) Í færslunni sem varðar „**CERES Certification of Environmental Standards GmbH**“ er 3. lið breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi línur bætast við í röð eftir kenninúmeri:

„AM-BIO-140	Armenía	x	x	—	x	—	—
BY-BIO-140	Belarús (Hvíta-Rússland)	x	—	—	x	—	—
MW-BIO-140	Malaví	x	—	—	x	—	—
SL-BIO-140	Síerra Leóne	x	—	—	x	—	—
SO-BIO-140	Sómalía	x	—	—	x	—	—
TJ-BIO-140	Tadsíkistan	x	—	—	x	—	—“

- b) Í línunum sem varða Gvatemala, Hondúras, Níkaragva og El Salvador bætist krossmerki við í dálki B.
- 6) Í færslunni sem varðar „**Control Union Certifications**“ í 3. lið bætast eftirfarandi línur við í röð eftir kenninúmeri:

„AO-BIO-149	Angóla	—	x	x	—	—	—
BI-BIO-149	Búrúndí	x	x	x	x	x	x
BY-BIO-149	Belarús (Hvíta-Rússland)	—	x	x	—	—	—
CD-BIO-149	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó	—	x	x	x	—	—

DJ-BIO-149	Djibútí	—	x	x	—	—	—
ER-BIO-149	Eritrea	—	x	x	—	—	—
FJ-BIO-149	Fíji	—	x	x	—	—	—
LR-BIO-149	Líbería	—	x	x	—	—	—
MG-BIO-149	Madagaskar	—	x	x	x	—	—
NE-BIO-149	Nígería	—	x	x	—	—	—
SO-BIO-149	Sómalía	x	x	x	x	x	x
SS-BIO-149	Suður-Súdan	x	x	x	x	x	x
TD-BIO-149	Chad	—	x	x	—	—	—
XK-BIO-149	Kósovó (**)	—	x	x	—	—	—

(**) Þessi merking hefur ekki áhrif á afstöðu til stöðu Kósovó og er í samræmi við ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna 1244/1999 og álit Alþjóðadómstólsins í Haag um sjálfstæðisfirlýsingu Kósovó.“

- 7) Í færslunni sem varðar „**Ecocert SA**“ er 3. lið breytt sem hér segir:
- Í línunni sem varðar Mósambík bætist krossmerki við í dálki B.
 - Í línunum sem varða Banglades, Chile (Síle), Hong Kong, Hondúras, Perú og Víetnam bætist krossmerki við í dálki C.
- 8) Öll færslan sem varðar „**ECOCERT IMO Denetim ve Belgelendirme Ltd Şti**“ falli brott.
- 9) Á eftir færslunni sem varðar „**Egyptian Center of Organic Agriculture (ECO)**“ komi eftirfarandi ný færsla:

„„**Ekoagros**“

- Heimilisfang: K. Donelaičio g. 33, 44240 Kaunas, Lithuania
- Veffang: <http://www.ekoagros.lt>
- Hlutaðeigandi kenninúmer, þriðju lönd og vöruflokkar:

Kenninúmer	Þriðja land	Vöruflokkur					
		A	B	C	D	E	F
BY-BIO-170	Belarús (Hvíta-Rússland)	x	x	—	—	—	—
KZ-BIO-170	Kasakstan	x	—	—	—	—	x
RU-BIO-170	Rússland	x	—	—	—	—	—
TJ-BIO-170	Tadsíkistan	x	—	—	x	—	—
UA-BIO-170	Úkraína	x	x	—	—	—	—

4. Undantekningar: vörur í aðlögun og vín.

5. Tímabil sem skráning gildir: til 30 júní 2018.“

10) Í færslunni sem varðar „**Florida Certified Organic Growers and Consumers, Inc. (FOG), DBA as Quality Certification Services (QCS)**“ er 3. lið breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi línur bætast við í röð eftir kenninúmeri:

„JM-BIO-144	Jamaíka	x	—	—	x	—	—
VN-BIO-144	Víetnam	x	—	—	x	—	—“

b) Í línunni sem varðar Ekvador bætist krossmerki við í dálki D.

11) Í færslunni sem varðar „**IMOSwiss AG**“ er 3. lið breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi línur bætast við í röð eftir kenninúmeri:

„BI-BIO-143	Búrúndí	x	—	—	x	—	—
BN-BIO-143	Brúnei	—	—	x	—	—	—
CN-BIO-143	Kína	—	—	x	—	—	—
HK-BIO-143	Hong Kong	—	—	x	—	—	—
MG-BIO-143	Madagaskar	—	—	x	—	—	—
US-BIO-143	Bandaríkin	—	—	x	—	—	—“

b) Í línunni sem varðar Sameinuðu arabísku furstadæmin bætist krossmerki við í dálki A.

c) Í línunni sem varðar Hondúras bætist krossmerki við í dálki C.

d) Í línunum sem varða Mexíkó og Perú bætist krossmerki við í dálki B.

e) Línurnar sem varða Aserbaísjan, Georgíu, Kasakstan, Kirgistan, Úsbekistan, Rússland og Tadsíkistan falli brott.

12) Í færslunni sem varðar „**Kiwa BCS Öko-Garantie GmbH**“ er 3. lið breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi lína bætist við í röð eftir kenninúmeri:

„ZM-BIO-141	Zambia	x	—	—	x	—	—“
-------------	--------	---	---	---	---	---	----

b) Í línunni sem varðar Bangladess bætist krossmerki við í dálkum C og E.

c) Í línunum sem varða Hong Kong, Indónesíu og Srí Lanka bætist krossmerki við í dálki C.

d) Í línunum sem varða Laos, Myanmar (Mjanmar)/Búrma og Taíland bætist krossmerki við í dálki B.

13) Í færslunni sem varðar „**Mayacert**“ er 3. lið breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi línur bætast við í röð eftir kenninúmeri:

„BZ-BIO-169	Belís	x	—	—	x	—	—
PE-BIO-169	Perú	x	—	—	x	—	—“

b) Í línunum sem varða Colombíu, Dóminíska lýðveldið og El Salvador bætist krossmerki við í dálki A.

c) Í línunum sem varða Gvatemala, Hondúras og Níkaragva bætist krossmerki við í dálki B.

14) Í færslunni sem varðar „**OneCert International PVT Ltd**“ í 3. lið bætast eftirfarandi línur við í röð eftir kenninúmeri:

„BD-BIO-152	Bangladess	x	—	—	x	—	—
CN-BIO-152	Kína	x	—	—	x	—	—
GH-BIO-152	Gana	x	—	—	x	—	—
KH-BIO-152	Kambódía	x	—	—	x	—	—
LA-BIO-152	Laos	x	—	—	x	—	—
MM-BIO-152	Myanmar (Mjanmar)/Búrma	x	—	—	x	—	—
OM-BIO-152	Óman	x	—	—	x	—	—
RU-BIO-152	Rússland	x	—	—	x	—	—
SA-BIO-152	Sádi-Arabía	x	—	—	x	—	—“

15) Í færslunni sem varðar „**Oregon Tilth**“ í 3. lið, í línunni sem varðar Mexíkó, bætist krossmerki við í dálki E.

16) Í færslunni sem varðar „**Organic Certifiers**“ í 3. lið bætist eftirfarandi lína við í röð eftir kenninúmeri:

„ID-BIO-106	Indónesía	x	—	—	x	—	—“
-------------	-----------	---	---	---	---	---	----

17) Í færslunni sem varðar „**Organska Kontrola**“ í 3. lið, í öllum línunum, bætist krossmerki við í dálki B.

18) Öll færslan sem varðar „**QC&I GmbH**“ falli brott.

19) Færslunni sem varðar „**Suolo e Salute srl**“ er breytt sem hér segir:

a) Í 3. lið er eftirfarandi línur bætt við í röð eftir kenninúmeri:

„DO-BIO-150	Dóminíska lýðveldið	x	—	—	x	—	—
EG-BIO-150	Egyptaland	x	—	—	—	—	—“

b) Í stað 4. liðar komi eftirfarandi:

„4. Undantekningar: vörur í aðlögun og vín.“

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2017/838****2017/EES/67/58****frá 17. maí 2017****um breytingu á reglugerð (EB) nr. 889/2008 að því er varðar fóður fyrir tiltekin lagareldisdýr úr lífrænu eldi (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 frá 28. júní 2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara og til niðurfellingar á reglugerð (EBE) nr. 2092/91 ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 15. gr. og 1. mgr. 16. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með reglugerð (EB) nr. 834/2007 var komið á grunnkröfum um lífræna framleiðslu á lagareldisdýrum, þ.m.t. kröfum er varða fóður. Mælt er fyrir um ítarlegar reglur um framkvæmd þessara krafna í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 889/2008 ⁽²⁾.
- 2) Samkvæmt i. lið d-liðar 1. mgr. 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 skal gefa fiskum og krabbadýrum fóður sem uppfyllir næringarþörf þeirra á mismunandi þroskaskeiðum.
- 3) Í 25. gr. 1 í reglugerð (EB) nr. 889/2008 eru settar fram sértækar reglur um fóður fyrir tiltekin lagareldisdýr sem um getur í 6., 7. og 9. þætti XIII. viðauka a við þá reglugerð. Reglurnar sem settar eru fram í þeirri grein miða að því að setja fóður, sem er til staðar frá náttúrunnar hendi, í forgang þegar það er tiltækt.
- 4) Samkvæmt 1. mgr. 25. gr. 1 í reglugerð (EB) nr. 889/2008 skal gefa viðkomandi dýrum fóður sem er til staðar í tjörnum og vötnum frá náttúrunnar hendi. Með 2. mgr. 25. gr. 1 í þeirri reglugerð er notkun á lífrænu fóðri úr jurtaríkinu eða þangi og þara leyfð ef náttúrulegar uppsprettur fóðurs eru ekki tiltækar í nægilegu magni. Í a- og b-lið 3. mgr. 25. gr. 1 í þeirri reglugerð er fastsett hámarkshlutfall þess fiskimjòls og fisklýsis sem má vera í fóðurskammti fengrana og rækju ef bætt er við fóður sem er til staðar frá náttúrunnar hendi.
- 5) Fóður, sem er til staðar frá náttúrunnar hendi, er takmarkað eða ótiltækt á klakstiginu. Aðildarríkin hafa bent framkvæmdastjórninni á að reglurnar um fóðrun þursarækju, einkum tígrisarækju (*Penaus monodon*), sem settar eru fram í b-lið 3. mgr. 25. gr. 1 í reglugerð (EB) nr. 889/2008, myndu leiða til vannæringar og aukinnar dánartíðni ef þeim er beitt á fyrstu stígunum í lífsferli dýranna á klakstöð.
- 6) Samkvæmt 1. mgr. 25. gr. 1 í reglugerð (EB) nr. 889/2008 skal gefa viðkomandi dýrum fóður sem er til staðar í tjörnum og vötnum frá náttúrunnar hendi. Reglan sem sett er fram í þeirri grein ætti eingöngu að eiga við um áframeldi þar sem dýr eru haldin í tjörnum og vötnum en ekki klakstöðvum þar sem framboð á fóðri, sem er til staðar frá náttúrunnar hendi, er ófullnægjandi. Þetta á einkum við frá og með 31. desember 2016 þar eð, í samræmi við 3. mgr. 25. gr. e í reglugerð (EB) nr. 889/2008, ekki má lengur koma með ung lagareldisdýr, sem ekki eru ræktuð með lífrænum framleiðsluáðferðum, inn á lífræna stöð frá þeim tíma. Fyrir þann dag var heimilt að koma með ákveðinn hluta af ungum dýrum, sem ekki koma úr lífrænu eldi, inn á lífræna stöð eftir klak með ólífrænum framleiðsluáðferðum.
- 7) Auk þess hefur sérfræðingahópurinn um tækniráðgjöf við lífræna framleiðslu, sem komið var á fót með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/427/EB ⁽³⁾, staðfest að sértæku reglurnar í a- og b-lið 3. mgr. 25. gr. 1 í reglugerð (EB) nr. 889/2008 eigi eingöngu við um áframeldi ⁽⁴⁾. Sérfræðingahópurinn um tækniráðgjöf við lífræna framleiðslu telur að takmarkanirnar varðandi fiskimjòl og fisklýsi, sem settar eru fram í fyrrgreindi grein, geri ekki kleift að uppfylla næringarþörf dýranna á fyrstu stígunum í lífsferli þeirra á klakstöð.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 125, 18.5.2017, bls. 5. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 158/2017 frá 22. september 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjtið. ESB L 189, 20.7.2007, bls. 1.

(2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 889/2008 frá 5. september 2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara að því er varðar lífræna framleiðslu, merkingar og eftirlit (Stjtið. ESB L 250, 18.9.2008, bls. 1).

(3) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/427/EB frá 3. júní 2009 um að koma á fót sérfræðingahópi um tækniráðgjöf við lífræna framleiðslu (Stjtið. ESB L 139, 5.6.2009, bls. 29).

(4) Lokaskýrsla: http://ec.europa.eu/agriculture/organic/sites/orgfarming/files/final_report_egtop_on_aquaculture_part-c_en.pdf

- 8) Framkvæmdastjórnin hefur greint þörf fyrir breytingu á reglunum um fóður fyrir tiltekin lagareldisdýr með því að gera það skýrt að þessar reglur eigi eingöngu við um áframeldi. Þegar framkvæmdastjórnin komst að þessari niðurstöðu tók hún tillit til kröfunnar um að uppfylla næringarþörf dýranna á mismunandi þroskaskeiðum sem sett er fram í i. lið d-liðar 1. mgr. 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007, markmiðs 25. gr. 1 í reglugerð (EB) nr. 889/2008 um að setja fóður, sem er til staðar frá náttúrunnar hendi, í forgang ef það er tiltækt og álits sérfræðingahópsins um tækniráðgjöf við lífræna framleiðslu.
- 9) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 889/2008 til samræmis við það.
- 10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um lífræna framleiðslu.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað 1. mgr. 25. gr. 1 í reglugerð (EB) nr. 889/2008 komi eftirfarandi:

„1. Í áframeldi skal gefa lagareldisdýrum, sem um getur í 6., 7. og 9. þætti XIII. viðauka a, fóður sem er til staðar í tjörnum og vötnum frá náttúrunnar hendi.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. maí 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/1203**2017/EES/67/59**

frá 5. júlí 2017

um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/46/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1925/2006 að því er varðar lífrænan kísil (mónómetýlsílanetríól) og kalsíumfosfórýlfásýkrur (POs-Ca®) sem bætt er í matvæli og notuð við framleiðslu á fæðubótarefnum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/46/EB frá 10. júní 2002 um samræmingu laga aðildarríkjanna um fæðubótarefni ⁽¹⁾, einkum 5. mgr. 4. gr.,með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1925/2006 frá 20. desember 2006 um íblöndun vítamína og steinefna og tiltekinna annarra efna í matvæli ⁽²⁾, einkum 3. mgr. 3. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í II. viðauka við tilskipun 2002/46/EB er tekin saman skrá yfir vítamín og steinefni sem heimilt er að nota við framleiðslu fæðubótarefna.
- 2) Samkvæmt 14. gr. tilskipunar 2002/46/EB skal samþykkja ákvæði um vítamín og steinefni í fæðubótarefnum, sem kunna að hafa áhrif á lýðheilsu, að höfðu samráði við Matvælaöryggisstofnun Evrópu („Matvælaöryggisstofnunin“).
- 3) Í II. viðauka við reglugerð (EB) 1925/2006 er fastsett skrá yfir vítamín og steinefni, og form hvers þeirra, sem bæta má í matvæli.
- 4) Samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1925/2006 á að samþykkja breytingar á skránni, sem kveðið er á um í II. viðauka við þá reglugerð, að teknu tilliti til álits Matvælaöryggisstofnunarinnar.
- 5) Í kjölfar beiðni um að bæta lífrænum kísli sem kísilgjafa við skrána, sem sett er fram í II. viðauka við tilskipun 2002/46/EB, samþykkti Matvælaöryggisstofnunin vísindalegt álit 9. mars 2016 um öryggi lífræns kísils (mónómetýlsílanetríól, MMST) sem nýtt innihaldsefni í matvælum til notkunar sem kísilgjafi í fæðubótarefni og um lífaðgengi ortókísilsýru frá gjafanum ⁽³⁾.
- 6) Samkvæmt því áliti skapar notkun á lífrænum kísli (mónómetýlsílanetríól) sem kísilgjafa í fæðubótarefni ekki öryggisvanda, að því tilskildu að tiltekin skilyrði séu uppfyllt.
- 7) Með tilliti til jákvæðs álits Matvælaöryggisstofnunarinnar ætti að bæta lífrænum kísli (mónómetýlsílanetríól) við skrána sem sett er fram í II. viðauka við tilskipun 2002/46/EB.
- 8) Í kjölfar beiðni um að bæta kalsíumfosfórýlfásýkrum (POs-Ca®) sem kalsíumgjafa við skrána, sem sett er fram í II. viðauka við tilskipun 2002/46/EB, og við skrána, sem sett er fram í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1925/2006, samþykkti Matvælaöryggisstofnunin vísindalegt álit 26. apríl 2016 um öryggi kalsíumfosfórýlfásýkra (POs-Ca®) sem kalsíumgjafa sem er, í næringarlegum tilgangi, bætt í matvæli, fæðubótarefni og matvæli sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi ⁽⁴⁾.
- 9) Samkvæmt því áliti skapar það að bæta kalsíumfosfórýlfásýkrum (POs-Ca®) í matvæli og notkun þeirra sem kalsíumgjafa í fæðubótarefni ekki öryggisvanda, að því tilskildu að tiltekin skilyrði séu uppfyllt.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 173, 6.7.2017, bls. 9. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 159/2017 frá 22. september 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 183, 12.7.2002, bls. 51.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 404, 30.12.2006, bls. 26.

⁽³⁾ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2016 14(4), 4436.

⁽⁴⁾ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2016 14(6), 4488.

- 10) Með tilliti til jákvæðs álits Matvælaöryggisstofnunarinnar ætti að bæta kalsíumfosfórýlfásýkrum (POs-Ca®) við skrána sem sett er fram í II. viðauka við tilskipun 2002/46/EB og skrána sem sett er fram í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1925/2006.
- 11) Samráð var haft við hagsmunaaðila fyrir milligöngu ráðgjafahópsins um matvælaferlið og heilbrigði dýra og plantna og tekið var tillit til þeirra athugasemda sem fengust.
- 12) Því ætti að breyta tilskipun 2002/46/EB og reglugerð (EB) nr. 1925/2006 til samræmis við það.
- 13) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. viðauka við tilskipun 2002/46/EB er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1925/2006 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. júlí 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

1. Ákvæðum B-liðar II. viðauka við tilskipun 2002/46/EB er breytt sem hér segir:
 - a) Eftirfarandi færsla bætist við á eftir færslunni fyrir „kísilsýru“:
„lífrænn kísill (mónómetýlsilanetriól)“.
 - b) Eftirfarandi færsla bætist við á eftir færslunni fyrir „kalsíumsúlfat“:
„kalsíumfosfórýlfásýkrur“.
 2. Í 2. lið II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1925/2006 bætist eftirfarandi færsla við á eftir færslunni „kalsíumsúlfat“:
„kalsíumfosfórýlfásýkrur“.
-

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/1091 2017/EES/67/60**frá 10. apríl 2017**

um breytingu á viðaukanum við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 609/2013 að því er varðar skrá yfir efni sem heimilt er að bæta við unnin matvæli með korn sem uppistöðu og barnamat og matvæli sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 609/2013 frá 12. júní 2013 um matvæli sem eru ætluð ungbörnum og smábörnum, matvæli sem eru notuð í sérstökum læknisfræðilegum tilgangi og þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 92/52/EBE, tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 96/8/EB, 1999/21/EB, 2006/125/EB og 2006/141/EB, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/39/EB og reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 41/2009 og (EB) nr. 953/2009 ⁽¹⁾, einkum 16. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 609/2013 er komið á fót skrá Sambandsins yfir efni sem heimilt er að bæta við einn eða fleiri flokka matvælna sem um getur í 1. mgr. 1. gr. Í samræmi við 22. gr. þeirrar reglugerðar gildir skrá Sambandsins frá og með þeim degi þegar viðkomandi framseldar gerðir, sem eru samþykktar skv. 11. gr. sömu reglugerðar, koma til framkvæmda. Breyta má skrá Sambandsins í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í 16. gr. þeirrar reglugerðar.
- 2) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í álitinu frá 6. janúar 2006 ⁽²⁾ að notkun á ferróbisglýsínati sem járnkjafa í matvæli sem ætluð eru almenningi, fæðubótarefni og matvæli til sérstakra, næringarlegra nota, þ.m.t. matvæli sem eru ætluð ungbörnum og smábörnum, skapi ekki öryggisvanda.
- 3) Ferróbisglýsínat var ekki fært á skrá í viðaukann við reglugerð (ESB) 609/2013, að því er varðar notkun sem járnkjafi í unnin matvæli með korn sem uppistöðu og barnamat, meðan beðið var eftir endurskoðun á reglunum sem gilda um þessar vörur. Þar eð þessi endurskoðun útheimtir ítarlegra áframhaldandi vísindalegt mat sem ekki er unnt að ljúka á skömmum tíma þykir ekki rétt, í ljósi góðra stjórnsýsluvenja, að fresta frekar uppfærslu á skrá Sambandsins að því er varðar færslu ferróbisglýsínats á skrá sem járnkjafa í unnin matvæli með korn sem uppistöðu og barnamat.
- 4) Í kjölfar umsóknar fór framkvæmdastjórnin þess á leit við Matvælaöryggisstofnunina að hún legði fram álit um öryggi og lífaðgengi kalsíumfosforylfáskykra (POs-Ca®) sem kalsíumkjafa sem er, í næringarlegum tilgangi, bætt í matvæli, fæðubótarefni og matvæli sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi. Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu í álitinu frá 26. apríl 2016 ⁽³⁾ að notkun á þessu efni í þessa tilgreindu flokka matvæla skapi engan öryggisvanda að því tilskildu að tiltekin skilyrði, sem gerð er grein fyrir í álitinu, séu uppfyllt. Matvælaöryggisstofnunin tók fram að þetta efni myndi verða stór hluti af heildarmeðaltali daglegrar inntöku á kalsíumi.
- 5) Því ætti að breyta viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 609/2013 til samræmis við það.
- 6) Samráð var haft við hagsmunaaðila og tekið var tillit til þeirra athugasemda sem fengust.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 158, 21.6.2017, bls. 5. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 159/2017 frá 22. september 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjtið. ESB L 181, 29.6.2013, bls. 35.

(2) EFSA AFC Panel (EFSA Scientific Panel on food additives, flavourings, processing aids and materials in contact with food), Opinion related to Ferrous bisglycinate as a source of iron for use in the manufacturing of foods and in food supplements (Sérfræðinganefnd Matvælaöryggisstofnunar Evrópu um aukefni í matvælum, bragðefni, hjálparefni við vinnslu og efni sem komast í snertingu við matvæli: Álit sem varðar ferróbisglýsínat sem járnkjafa til notkunar við framleiðslu á matvælum og í fæðubótarefni), *Tiðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* (2006) 299, bls. 1-17.

(3) EFSA ANS Panel (EFSA Panel on Food Additives and Nutrient Sources added to Food), 2016, Scientific Opinion on Calcium phosphoryl oligosaccharides (POs-Ca®) as a source of calcium added for nutritional purposes to food, food supplements and foods for special medical purposes (Sérfræðinganefnd Matvælaöryggisstofnunar Evrópu um aukefni í matvælum, bragðefni, hjálparefni við vinnslu og efni sem komast í snertingu við matvæli, 2016. Vísindalegt álit um kalsíumfosforylfáskykrur (POs-Ca®) sem kalsíumkjafa sem er, í næringarlegum tilgangi, bætt í matvæli, fæðubótarefni og matvæli sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi), *Tiðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2016 14(6), 4488.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 609/2013 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 10. apríl 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 609/2013 er breytt sem hér segir:

- a) Að því er varðar efnið „kalsíum“ bætist eftirfarandi færsla við á eftir færslunni fyrir „kalsíum-L-píólat“:

„kalsíumfosfórýlfásýkrur			X	
--------------------------	--	--	---	--

- b) Að því er varðar efnið „járni“ komi eftirfarandi í stað færslunnar fyrir „ferróbisglýsínat“:

„ferróbisglýsínat	X	X	X	X
-------------------	---	---	---	---

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/1237

2017/EES/67/61

frá 7. júlí 2017

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1881/2006 að því er varðar hámarksgildi blásýru í ónunnum heilum, möluðum, steyttum, brotnum eða söxuðum apríkósukjörnum sem settir eru á markað fyrir lokaneytendur (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 315/93 frá 8. febrúar 1993 um málsmeðferð fyrir Bandalagið vegna mengunarefna í matvælum ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 2. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1881/2006 ⁽²⁾ voru fastsett hámarksgildi fyrir tiltekin aðskotaefni í matvælum.
- 2) Sérfræðinganefnd Matvælaöryggisstofnunar Evrópu um aðskotaefni í matvælaferlinu (hér á eftir nefnd sérfræðinganefndin) samþykkti vísindalegt álit um bráða heilbrigðisáhættu í tengslum við sýaníðmyndandi glýkósíð í hráum apríkósukjörnum og afleiddum afurðum úr hráum apríkósukjörnum ⁽³⁾. Hugtakið „hráir apríkósukjarnar og afleiddar afurðir úr hráum apríkósukjörnum“ sem um getur í vísindalega álitinu á við um sömu afurð og hugtakið „óunnir heilir, malaðir, steyttir, brotnir eða saxaðir apríkósukjarnar“ sem um getur í þessari reglugerð.
- 3) Amygdalín er mikilvægasta sýaníðmyndandi glýkósíðið í ónunnum apríkósukjörnum og það brotnar niður í blásýru (sýaníð) þegar það er tuggið. Blásýra (sýaníð) er afar eitruð mönnum. Sérfræðinganefndin fastsetti viðmiðunarskammt bráðrar eitrunar, sem nemur 20 µg/kg líkamsþyngdar, til að meta áhættuna sem tengist sýaníðmyndandi glýkósíðum í ónunnum heilum, möluðum, steyttum, brotnum eða söxuðum apríkósukjörnum. Að teknu tilliti til tilkyntra gilda sýaníðmyndandi glýkósíða í ónunnum apríkósukjörnum yrði neysla á einungis örfáum ónunnum apríkósukjörnum til þess að farið yrði yfir viðmiðunarskammt bráðrar eitrunar.
- 4) Því er rétt að fastsetja hámarksgildi fyrir blásýru (sýaníð) í ónunnum heilum, möluðum, steyttum, brotnum eða söxuðum apríkósukjörnum sem settir eru á markað fyrir lokaneytendur.
- 5) Þar eð markaðurinn fyrir ónunna apríkósukjarna er mjög sundurleit og vegna hugsanlegrar bráðrar áhættu fyrir lýðheilsu ætti að kveða á um að rekstraraðili tryggi að allir óunnir heilir, malaðir, steyttir, brotnir eða saxaðir apríkósukjarnar, sem settir eru á markað fyrir lokaneytendur, séu í samræmi við hámarksgildið.
- 6) Rétt þykir að fastsetja reglur um sýnatöku sem gilda við eftirlit með því hvort farið sé að ákvæðum um hámarksgildi.
- 7) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 1881/2006 til samræmis við það.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1881/2006 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 177, 8.7.2017, bls. 36. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 160/2017 frá 22. september 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 37, 13.2.1993, bls. 1.

⁽²⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1881/2006 frá 19. desember 2006 um hámarksgildi fyrir tiltekin aðskotaefni í matvælum (Stjtið. ESB L 364, 20.12.2006, bls. 5).

⁽³⁾ Sérfræðinganefnd Matvælaöryggisstofnunar Evrópu um aðskotaefni í matvælaferlinu, 2016. „Scientific opinion on the acute health risks related to the presence of cyanogenic glycosides in raw apricot kernels and products derived from raw apricot kernels.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2016, 14(4), 4424, [47 bls], doi:10.2903/j.efsa.2016.4424. http://www.efsa.europa.eu/sites/default/files/scientific_output/files/main_documents/4424.pdf

2. gr.

Rekstraraðili, sem setur óunna heila, malaða, steytta, brotna eða saxaða apríkósukjarna á markað fyrir lokaneytendur, skal leggja fram, að beiðni lögbærs yfirvalds, sönnun fyrir því að afurðin sem sett er á markað sé í samræmi við hámarksgildið.

3. gr.

Sýnataka vegna eftirlits með því hvort farið sé að ákvæðum um hámarksgildi skal framkvæmd í samræmi við reglur sem settar eru fram í hluta D.2 í I. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 401/2006 ⁽¹⁾.

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. júlí 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

⁽¹⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 401/2006 frá 23. febrúar 2006 um aðferðir við sýnatöku og greiningu vegna opinbers eftirlits með innihaldi sveppaeiturs í matvælum (Stjtíð. ESB L 70, 9.3.2006, bls. 12).

VIÐAUKI

Í 8. þætti viðaukans við reglugerð (ESB) nr. 1881/2006 bætist eftirfarandi færsla við:

„8,3	Blásýra, þ.m.t. blásýra sem er bundin í sýaníðmyndandi glýkósíð	
8.3.1	Óunnir heilir, malaðir, steyttir, brotnir eða saxaðir apríkósukjarnar sem settir eru markað fyrir lokaneytendur ⁽⁵⁴⁾ ⁽⁵⁵⁾	20,0

⁽⁵⁴⁾ „Óunnar afurðir“ eins og þær eru skilgreindar í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 frá 29. apríl 2004 um hollustuhætti sem varða matvæli (Stjtið. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 1).

⁽⁵⁵⁾ „Setning á markað“ og „lokaneytandi“ eins og skilgreint er í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla (Stjtið. EB L 31, 1.2.2002, bls. 1).“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/839**2017/EES/67/62**

frá 17. maí 2017

um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun nítríta (E 249-250) í „golonka peklwana“ (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 10. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er sett fram skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni sem samþykkt hafa verið til notkunar í matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra.
- 2) Uppfæra má skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni í samræmi við sameiginlegu málsmeðferðina sem um getur í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 ⁽²⁾, annaðhvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar.
- 3) Hinn 10. mars 2016 lagði Pólland fram umsókn um leyfi fyrir notkun á nítrítum (E 249–250) sem rotvarnarefni í „golonka peklwana“. Umsóknin var síðan gerð aðgengileg fyrir aðildarríkin skv. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008.
- 4) Samkvæmt umsækjandanum er „golonka peklwana“ hefðbundin unnin kjötvara frá Póllandi þar sem nítrít, auk þess að vera rotvarnarefni, eru notuð sem efni til verkunar til að ná æskilegum eiginleikum að því er varðar lit, bragð og áferð sem neytendur búast við. Neytendur eiga að hita „golonka peklwana“ upp fyrir neyslu.
- 5) Í 7. forsendu reglugerðar (EB) nr. 1333/2008 er mælt fyrir um að í samþykki fyrir matvælaaukefnum ætti einnig að taka mið af öðrum þáttum sem skipta máli í þessu tilliti, þ.m.t. eru m.a. hefðbundnir þættir. Því er rétt að halda tilteknum hefðbundnum vörum á markaði í sumum aðildarríkjum þar sem notkun matvælaaukefna uppfyllir almennu og sértæku skilyrðin sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 1333/2008.
- 6) Til að tryggja samræmda beitingu á notkun aukefna sem falla undir þessa reglugerð verður „golonka peklwana“ lýst í leiðbeiningarskjalinu þar sem matvælaflokkunum er lýst í E-hluta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 um aukefni í matvælum ⁽³⁾.
- 7) Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008 skal framkvæmdastjórnin leita álits Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) áður en hún uppfærir skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni, sem sett er fram í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008, nema þegar ólíklegt er að uppfærslan, sem um er að ræða, hafi áhrif á heilbrigði manna. Notkun nítríta er almennt leyfð í kjötafurdur en notkun þeirra í unnar kjötvörur er takmörkuð við tilteknar hefðbundnar unnar vörur og mælt er fyrir um sértæk ákvæði fyrir hefðbundnar, saltaðar kjötafurdur. Þar eð umsókn um rýmkun á notkun nítríta takmarkast við fáar sértækar unnar kjötafurdur sem hefð er fyrir að nota er ekki búist við að rýmkunin hafi marktæk áhrif á heildarváhrif vegna nítríta. Af þeim sökum telst rýmkuð notkun á þessum aukefnum uppfærsla á skrá Sambandsins sem ólíklegt er að hafi áhrif á heilbrigði manna og er ekki nauðsynlegt að leita álits Matvælaöryggisstofnunarinnar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 125, 18.5.2017, bls. 7. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 161/2017 frá 22. september 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16.

⁽²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum (Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1).

⁽³⁾ http://ec.europa.eu/food/safety/food_improvement_agents/additives/eu_rules_en

- 8) Því ætti að breyta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 til samræmis við það.
- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. maí 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Í stað færslunnar fyrir nítít (E 249–250) í E-hluta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008, í matvælaflokki 08.2 „Unnin kjötvara eins og skilgreint er í reglugerð (EB) nr. 853/2004“, komi eftirfarandi:

„E 249–250	Nítít	150	7)	Einungis <i>lomo de cerdo adobado, pincho moruno, careta de cerdo adobada, costilla de cerdo adobada, Kasseler, Bräte, Surfleisch, toorvorst, šašlōkk, ahjupraad, kielbasa surowa biala, kielbasa surowa metka, tatar wolowy (danie tatarskie) og golonka peklowana</i> “
------------	-------	-----	----	---

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/871

2017/EES/67/63

frá 22. maí 2017

um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun á fosfórsýru — fosfötum — dí- trí- og fjölfosfötum (E 338–452) í tiltekna unnar kjötvörur (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er sett fram skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni sem samþykkt hafa verið til notkunar í matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra.
- 2) Uppfæra má skrána í samræmi við sameiginlegu málsmeðferðina sem um getur í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 ⁽²⁾, annaðhvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar.
- 3) Hinn 11. maí 2015 lagði Tékkland fram umsókn um leyfi fyrir notkun á fosfórsýru, fosfötum, dífosfötum, trífosfötum og fjölfosfötum (hér á eftir nefnd fosföt) sem bindiefni í eftirfarandi unnar kjötvörur: *Bílá klobása, Vinná klobása, Svátečni klobása* og *Syrová klobása*. Umsóknin var síðan gerð aðgengileg fyrir aðildarríkin skv. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008.
- 4) Notkun fosfata er nauðsynleg til að viðhalda eðlisefnafræðilegu ástandi og auka bindigetu unninna kjötvara, s.s. *Bílá klobása, Vinná klobása, Svátečni klobása* og *Syrová klobása*, einkum þegar þær eru settar á markað í loftskiptum umbúðum og með auknu geymsluþoli. Samkvæmt umsækjandanum er tæknilega þörfin fyrir þessi aukefni í viðkomandi tékkneskar unnar kjötvörur svipuð og í morgunverðarþypsur og Bräte en notkun fosfata í þær vörur er heimiluð í E-hluta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 í matvælaflokknum 08.2 „Unnar kjötvörur eins og skilgreint er í reglugerð (EB) nr. 853/2004“.
- 5) Í 7. forsendu reglugerðar (EB) nr. 1333/2008 er mælt fyrir um að í samþykki fyrir matvælaaukefnum ætti einnig að taka mið af öðrum þáttum sem skipta máli í þessu tilliti, þ.m.t. eru m.a. hefðbundnir þættir. Því er rétt að halda tilteknum hefðbundnum vörum á markaði í sumum aðildarríkjum, að því tilskildu að notkun matvælaaukefna í þessar vörur uppfylli almennu og sértæku skilyrðin sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 1333/2008.
- 6) Til að tryggja samræmda beitingu á notkun aukefna sem falla undir þessa reglugerð verður viðkomandi unnum tékkneskum kjötvörum lýst í leiðbeiningarskjali þar sem matvælaflokkunum í E-hluta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 um aukefni í matvælum ⁽³⁾ er lýst.
- 7) Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008 skal framkvæmdastjórnin leita álits Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) áður en hún uppfærir skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni, sem sett er fram í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008, nema þegar ólíklegt er að uppfærslan, sem um er að ræða, hafi áhrif á heilbrigði manna. Notkun fosfata sem matvælaaukefni er heimiluð í margs konar matvæli. Vísindanefndin um matvæli mat öryggi þeirra og setti hámarks-gildi þolanlegrar, daglegrar inntöku sem nemur 70 mg/kg líkamspýngdar, gefin upp sem fosfór ⁽⁴⁾. Þar eð umsókn um rýmkun á notkun fosfata

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 134, 23.5.2017, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 162/2017 frá 22. september 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16.

⁽²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum (Stjttíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1).

⁽³⁾ http://ec.europa.eu/food/safety/food_improvement_agents/additives/eu_rules_en

⁽⁴⁾ Skýrslur vísindanefndarinnar um matvæli, 25. ritröð (bls. 13), 1991.

takmarkast við fáar sértækar vörur sem hefð er fyrir að nota er ekki búist við að rýmkinin hafi marktæk áhrif á heildarváhrif vegna fosfata. Af þeim sökum telst rýmkuð notkun á þessum aukefnum uppfærsla á skrá Sambandsins sem ólíklegt er að hafi áhrif á heilbrigði manna og er ekki nauðsynlegt að leita álits Matvælaöryggisstofnunarinnar.

- 8) Því ætti að breyta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 til samræmis við það.
- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. maí 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Í stað færslunnar fyrir fosfórsýru — fosföt — dí-, trí- og fjölfosföt (E 338–452) í E-hluta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008, í matvælaflokki 08.2 „Unnar kjötvörur eins og skilgreint er í reglugerð (EB) nr. 853/2004“, komi eftirfarandi:

	„E 338–452	Fosfórsýra — fosföt — dí-, trí- og fjölfosföt	5 000	(1) (4)	Einungis morgunverðarpylsur: í þessari afurð er kjötið hakkað þannig að vöðva- og fituvefur dreifist fullkomlega og trefjarnar mynda ýrulausn með fitunni og gefa þannig afurðinni dæmigert útlit sitt; grásöltuð finnsk jólaskinka, hamborgarakjöt sem inniheldur a.m.k. 4% af grænmeti og/eða korni sem er blandað saman við kjötið, <i>Kasseler</i> , <i>Bräte</i> , <i>Surfleisch</i> , <i>toorvorst</i> , <i>šaslökk</i> , <i>ahjupraad</i> , <i>Bílá klobása</i> , <i>Vinná klobása</i> , <i>Svátečni klobása</i> og <i>Syrová klobása</i> “.
--	------------	---	-------	---------	---

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/874**2017/EES/67/64**

frá 22. maí 2017

um breytingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun á bútani (E 943a), ísóbútani (E 943b) og própani (E 944) í litarefnablöndur (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 10. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er sett fram skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni sem samþykkt hafa verið til notkunar í matvælaaukefni, matvælaensím, matvælabragðefni, næringarefni og skilyrði fyrir notkun þeirra.
- 2) Uppfæra má skrána í samræmi við sameiginlegu málsmeðferðina sem um getur í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 ⁽²⁾, annaðhvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar.
- 3) Umsókn um leyfi fyrir notkun á bútani (E 943a), ísóbútani (E 943b) og própani (E 944) sem drifefni í litarefnablöndur í II. flokki og III. flokki, eins og skilgreint er í C-hluta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008, var lögð fram 26. janúar 2016. Umsóknin var síðan gerð aðgengileg fyrir aðildarríkin skv. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008.
- 4) Bútan, ísóbútan og própan, sem eru notuð sem drifefni, geta myndað nægan þrýsting til að úða litarefnablöndum í því skyni að ná viðeigandi, jafnri litabekju á matvæli.
- 5) Vísindanefndin um matvæli lagði mat á öryggi própans, bútans og ísóbútans sem útdráttarleysa árið 1991 og komst að þeirri niðurstöðu að slík notkun væri ásættanleg ef gildi leifa í matvælum væru 1 mg/kg fyrir hvert efni ⁽³⁾.
- 6) Vísindanefndin um matvæli veitti álit sitt um própan, bútan og ísóbútan sem drifefni fyrir jurtaolíu á úðaformi til matargerðar og ýrulausnaríða, að stofni til úr vatni, til matargerðar ⁽⁴⁾ á árinu 1999 og komst að þeirri niðurstöðu að miðað við lág gildi drifefnaleifa skipti notkun við bökun og steikingu ekki máli í eiturefnafræðilegu tilliti.
- 7) Greiningargögn, sem umsækjandinn lagði fram, staðfestu að einni klukkustundu eftir að ýmiss konar matvæli eru úðuð eru leifar bútans (E 943a), ísóbútans (E 943b) og própans (E 944) undir mörkunum 1 mg/kg.
- 8) Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008 skal framkvæmdastjórnin leita álits Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) áður en hún uppfærir skrá Sambandsins yfir matvælaaukefni, sem sett er fram í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008, nema þegar ólíklegt er að uppfærslan hafi áhrif á heilbrigði manna. Þar eð leyfi fyrir notkun á bútani (E 943a), ísóbútani (E 943b) og própani (E 944) sem drifefni í litarefnablöndur telst uppfærsla á þeirri skrá, sem ólíklegt er að hafi áhrif á heilbrigði manna, er ekki nauðsynlegt að leita álits Matvælaöryggisstofnunarinnar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtuð. ESB L 134, 23.5.2017, bls. 18. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 162/2017 frá 22. september 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar

⁽¹⁾ Stjtuð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16.

⁽²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum (Stjtuð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1).

⁽³⁾ Skýrslur vísindanefndarinnar um matvæli, 29. ritröð, 1992.

⁽⁴⁾ „Opinion on propane, butane and iso-butane as propellant gases for vegetable oil-based aerosol cooking sprays and water-based emulsion cooking sprays“. Vísindanefndin um matvæli, 29.3.1999.

- 1) Hún er skyld aðaltilvísunardýrategund þar sem hámarksgildi leifa hafa verið ákvörðuð eða staðan „hámarksgildis leifa ekki krafist“ gildir um viðkomandi vef/matvæli.
- 2) Hún er skyld aukatilvísunardýrategund þar sem hámarksgildi leifa hafa verið ákvörðuð eða staðan „hámarksgildis leifa ekki krafist“ gildir um viðkomandi vef/matvæli.
- 3) Hún er óskyld tilvísunardýrategund þar sem hámarksgildi leifa hafa verið ákvörðuð eða staðan „hámarksgildis leifa ekki krafist“ gildir um viðkomandi vef/matvæli.
- 4) Hámarksgildi leifa hefur verið ákvarðað fyrir viðkomandi dýrategund en ekki fyrir viðkomandi vef/matvæli.

4. gr.

Lágmarksviðmiðanir fyrir framreikning

Lyfjastofnun Evrópu má aðeins framkvæma framreikning ef öllum eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

- a) Lyfjastofnun Evrópu hefur aðgang að heildstæðum gögnum um leifar varðandi tilvísunardýrategundina,
- b) þekkt er að hve miklu leyti lyfjafræðilega virka efninu er breytt með efnaskiptum í tilvísunardýrategundinni,
- c) fyrir liggur viðeigandi fullgild greiningaraðferð fyrir tilvísunardýrategundina,
- d) þekkt er að hvaða leyti efnaskiptamynstur tilvísunardýrategunda og viðkomandi dýrategunda eru lík þegar framreikningur á milli óskyldra dýrategunda er íhugaður,

- e) eftir framreikning á hámarksgildum leifa fer fræðileg, dagleg hámarksinntaka ekki yfir ásætlanlega, daglega inntöku,
- f) að því er varðar efni, þar sem leifamerki inniheldur ekki móðurefni, er staðfest að leifamerkið er fyrir hendi í viðkomandi dýrategund/matvælum,
- g) ef um er að ræða framreikning á milli ólíkra matvæla er ónotaður skammtur ásætlanlegrar, daglegrar inntöku tiltækur fyrir viðbótarmatvælin.

5. gr.

Framreikningur af aðaldýrategundum yfir á skyldar aukadýrategundir

Þegar Lyfjastofnun Evrópu íhugar að framreikna hámarksgildi leifa af aðaltilvísunardýrategundum yfir á viðkomandi aukadýrategundir innan flokks skyldra tegunda skal hún beita eftirfarandi viðmiðunum:

- a) hægt er að framreikna hámarksgildi leifa, sem gilda fyrir tilvísunardýrategundina, yfir á viðkomandi tegund í hlutfallinu einn á móti einum, ef móðurefnið er leifamerki í viðkomandi dýrategund,
- b) ef móðurefnið er ekki leifamerki í tilvísunardýrategundinni getur umsækjandinn verið krafinn um staðfestingu á tilvist leifamerkis í viðkomandi vefjum/matvælum,
- c) framreikna skal ákvörðuð hámarksgildi leifa í samræmi við mynstrið sem sett er fram í viðaukanum,
- d) vefur/matvæli úr aðal- og aukadýrategund skulu vera þau sömu,
- e) framreikna má stöðuna „hámarksgildis leifa ekki krafist“ beint yfir á viðkomandi dýrategund.

6. gr.

Framreikningur milli óskyldra dýrategunda og af aukatilvísunardýrategund yfir á viðkomandi aðaldýrategund

Þegar Lyfjastofnun Evrópu íhugar að framreikna hámarksgildi leifa milli óskyldra dýrategunda og af aukatilvísunardýrategund yfir á viðkomandi aðaldýrategund skal hún beita eftirfarandi viðmiðunum:

- a) aðeins er unnt að rökstyðja framreikning í hlutfallinu einn á móti einum af aukadýrategund yfir á aðaldýrategund í tilvikum þar sem ljóst er að efnaskipti í tilvísunardýrategund og viðkomandi dýrategund eru lík,
- b) ef íhugað er að framreikna milli óskyldra dýrategunda (þ.m.t. aukategunda) getur umsækjandinn verið krafinn um efnasértækar upplýsingar til stuðnings varðandi það hversu lík efnaskipti eru í tilvísunardýrategund og viðkomandi dýrategund,
- c) þar sem hámarksgildi leifa hafa verið ákvörðuð fyrir fleiri en eina óskylda dýrategund skal framreikna þau hámarksgildi leifa, sem leiða til minnstu inntöku hjá neytendum, yfir á viðkomandi dýrategund í hlutfallinu einn á móti einum,
- d) Lyfjastofnun Evrópu má íhuga notkun annarra sértækra öryggisþátta í hverju tilviki fyrir sig til að taka tillit til sérstakra óvissuþátta í gögnunum,
- e) framreikna má stöðuna „hámarksgildis leifa ekki krafist“ yfir á viðkomandi dýrategund ef efnaskiptin eru lík,
- f) beinn framreikningur á hámarksgildum leifa af landtegundum yfir á fiska með vöðva og húð í eðlilegum hlutföllum er mögulegur ef móðurefnið er leifamerki og hámarksgildi leifa hefur verið ákvarðað í vöðva tilvísunardýrategundar,
- g) framreikningur af fiskum yfir á spendýr/fuglategundir skal ekki fara fram.

7. gr.

Framreikningur frá matvælum til matvæla

Lyfjastofnun Evrópu skal beita eftirfarandi viðmiðunum þegar íhugað er að framreikna frá matvælum til matvæla:

- a) Fyrir framreikning frá matvælum til matvæla skal velja lægsta hámarksgildi leifa, sem ákvarðað hefur verið fyrir dýrategundina, sem útgangspunktur fyrir útreikning á hámarksgildi leifa í viðkomandi matvælum.
- b) Einnig er hægt að nota þann skammt ásætlanlegrar, daglegrar inntöku sem eftir verður sem útgangspunktur fyrir beinan útreikning hámarksgildis leifa.

- c) Til að áætla váhrif skal auk þess nota varfærnislegt mat á hlutfalli merkiefnis miðað við heildarleifar til að reikna út fræðilega, daglega hámarksinntöku.
- d) Framreikningur á milli vara getur þarfnast aðlögunar hámarksgilda leifa til að taka tillit til mismunar í fæðuneyslu.
- e) Þegar hámarksgildi leifa er framreiknað af öðrum vef yfir á mjólk innan sömu dýrategundar skal huga að eðlisefnafræðilegum einkennum virka efnisins og að því hvernig þessi einkenni geta haft áhrif á uppsöfnun í mjólk. Notkun lægsta hlutfalls merkiefnis miðað við heildarleifar í vefjum getur verið ásættanlegur útgangspunktur til að ákvarða hlutfall til notkunar í mjólk.
- f) Ekki skal framreikna hámarksgildi leifa af vef úr alifuglum yfir á alifuglaegg.
- g) Ef um er að ræða framreikning á hámarksgildum leifa yfir á hunang skal hafa eftirfarandi atriði í huga:
 - i) Umsækjandi getur verið krafinn um eðlisefnafræðileg og líffræðileg gögn um stöðugleika leifamerkis og líkleg (mikilvæg) niðurbrotsefni og hugsanlega myndun þeirra.
 - ii) Með tilliti til þess að varðandi hunang er óskað eftir „núll daga“ biðtíma til afurðarnýtingar þarf gögn um leifar til að sýna fram á að fyrirhuguð notkun efnisins í býflugum leiðir til öruggra gilda leifa í hunangi án biðtíma til afurðarnýtingar. Slík gögn má einnig nota til að reikna út hámarksgildi leifa.
 - iii) Hámarksgildi leifa má eingöngu framreikna yfir á hunang ef fyrir liggja upplýsingar sem staðfesta eiturefnafræðilegt mikilvægi helstu leifa (þ.m.t. niðurbrotsefna) í hunangi og ef það er ljóst að hunang úr meðhöndluðum býflugum inniheldur leifar sem eru undir hámarksgildi leifa jafnvel án biðtíma til afurðarnýtingar.

8. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 23. maí 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Framreikningur af aðaldýrategundum yfir á aukadýrategundir:

Flokkur	Gildandi hámarksgildi leifa	Framreikningur yfir á
Jórturdýr	Nautgripir (kjöt)	Öll önnur jórturdýr (kjöt), að undanskildu sauðfé
	Sauðfé (kjöt)	Öll önnur jórturdýr (kjöt), að undanskildum nautgripum
	Nautgripir og sauðfé (kjöt)	Öll jórturdýr (kjöt)
	Mjólk úr nautgripum	Alla mjólk úr jórturdýrum
Einmaga dýr	Svín	Öll einmaga spendýr
Fuglar	Hænsni og egg	Alifugla og alifuglaegg
Fiskar	Laxfiskar	Alla uggfiska
Annað	Nautgripir, sauðfé eða svín	Hesta, kanínur
	Ef sömu hámarksgildi leifa í jórturdýrum og einmaga dýrum	Öll spendýr
	Ef sömu hámarksgildi leifa í nautgripum (eða sauðfé), svínum og hænsnum	Öll dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis (nema fisk)

FRAMSELD TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/1009

2017/EES/67/72

frá 13. mars 2017

um breytingu á III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir kadmíum og blý í glersíum og glerjum sem eru notuð í endurvarpsstöðlum, í því skyni að laga viðaukann að tækniframförum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB frá 8. júní 2011 um takmarkanir á notkun tiltekinna, hættulegra efna í rafbúnaði og rafeindabúnaði ⁽¹⁾, einkum a-lið 1. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun 2011/65/ESB er lagt bann við notkun blýs og kadmíums í raf- og rafeindabúnaði sem settur er á markað.
- 2) Ljósúgler sem inniheldur kadmíum eða blý er notað í ljóstækni á marga vegu fyrir margar gerðir af raf- og rafeindabúnaði. Kadmíum og blý eru hvort tveggja notuð vegna sérstakra ljóstæknieiginleika sem nást af notkun þeirra, eins og skarpri afmörkun sýnilegs ljóss óháð sjónarhorni.
- 3) Þó að til séu fjölbreyttir útskiptingarmöguleikar hafa staðgönguefnin ekki nægilega afmörkunargetu í öllum notkunarleiðum. Í þeim fáu tilvikum þar sem staðgöngukostir eru taldir hafa nægilega getu að því er þetta varðar eru efnin, sem notuð eru, of viðkvæm fyrir umhverfisaðstæðum við notkun og eru því ekki nógu áreiðanleg.
- 4) Í þessum skilningi henta staðgöngukostir ekki enn fyrir margskonar notkun og flókið er og tímafrekt að finna aðra valkosti, og því eru fimm ár réttlæt看leg tímallengd fyrir 1. til 7. og 10. flokk.
- 5) Tiltekin ljósúgler, sem innihalda kadmíum og/eða blý, ættu því að vera undanþegin til 21. júlí 2021 að því er varðar 1. til 7. og 10. flokk. Að teknu tilliti til nýsköpunarferla fyrir raf- og rafeindabúnaðinn sem um ræðir er ólíklegt að tímallengd þessarar undanþágu hafi skaðleg áhrif á nýsköpun.
- 6) Því ætti að breyta tilskipun 2011/65/ESB til samræmis við það.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum III. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnisýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 6. júlí 2018. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 153, 16.6.2017, bls. 21. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 168/2017 frá 22. september 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjttíð. ESB L 174, 1.7.2011, bls. 88.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 6. júlí 2018.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 13. mars 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIDAUKI

Í stað b-liðar 13. liðar III. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB komi eftirfarandi:

„13.b	Kadmíum og blý í glersíum og glerjum sem eru notuð í endurvarpsstöðlum	Gildir um 8., 9. og 11. flokk, fellur úr gildi: <ul style="list-style-type: none"> — 21. júlí 2023 að því er varðar 8. flokk, lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi, — 21. júlí 2024 að því er varðar 9. flokk, vöktunar- og eftirlitstæki í iðnaði, og að því er varðar 11. flokk, — 21. júlí 2021 að því er varðar aðra undirflokkka 8. og 9. flokks.
13.b.I	Blý í jónalituðum ljóssíuglertegundum	Gildir um 1. til 7. og 10. flokk, fellur úr gildi 21. júlí 2021 að því er varðar 1. til 7. og 10. flokk“
13.b.II.	Kadmíum í undirhúðuðum ljóssíuglerjum, að undanskildum búnaði sem fellur undir 39. lið í þessum viðauka	
13.b.II	Kadmíum og blý í glerjum sem eru notuð í endurvarpsstöðlum	

FRAMSELD TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/1010 2017/EES/67/73

frá 13. mars 2017

um breytingu á III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir blý í legubökkum og -fóðringum fyrir tiltekna þjökkur sem innihalda kælimiðil, í því skyni að laga viðaukann að tækniframförum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB frá 8. júní 2011 um takmarkanir á notkun tiltekinnar, hættulegra efna í rafbúnaði og rafeindabúnaði ⁽¹⁾, einkum a-lið 1. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun 2011/65/ESB er lagt bann við notkun blýs í raf- og rafeindabúnað sem settur er á markað.
- 2) Blý er notað í legum kæliþjappa sem eru loftþéttar til að koma í veg fyrir leka kælimiðils. Blý minnkar núning í legum með því að virka sem smurefni í föstu formi ef smurning er ófullnægjandi.
- 3) Þó að blýlausar legur séu fýsilegar geta þær enn ekki komið fyllilega í stað fyrir blýlegur í þjökkum sem innihalda kælimiðil og eru með uppgefið rafinnafli sem nemur 9 kW eða minna.
- 4) Blý í legubökkum og -fóðringum fyrir loftþéttandi spíralþjökkur sem innihalda kælimiðil og hafa uppgefið rafinnafli sem nemur 9 kW eða minna fyrir hita-, loftræsti-, loftjöfnunar- og kælikerfi ætti því að vera undanþegið til 21. júlí 2019. Að teknu tilliti til nýsköpunarferla fyrir hita-, loftræsti-, loftjöfnunar- og kælikerfi er ólíklegt að úmalengd þessarar undanþágu hafi skaðleg áhrif á nýsköpun.
- 5) Því ætti að breyta tilskipun 2011/65/ESB til samræmis við það.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum III. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnáskilgæfingarmáli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 6. júlí 2018. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 6. júlí 2018.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

*3. gr.*Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 153, 16.6.2017, bls. 23. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 168/2017 frá 22. september 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjttíð. ESB L 174, 1.7.2011, bls. 88.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 13. mars 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

—————
VIÐAUKI

Í stað b-liðar 9. liðar III. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB komi eftirfarandi:

„9.b	Blý í legubökkum og fóðringum fyrir þjöppur, sem innihalda kælimiðil, til notkunar til hitunar, loftræstingar, loftjöfnunar og kælingar	Gildir um 8., 9. og 11. flokk, fellur úr gildi: <ul style="list-style-type: none"> — 21. júlí 2023 að því er varðar 8. flokk, lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi, — 21. júlí 2024 að því er varðar 9. flokk, vöktunar- og eftirlitstæki í iðnaði, og að því er varðar 11. flokk, — 21. júlí 2021 að því er varðar aðra undirflokk 8. og 9. flokks.
9.b.I	Blý í legubökkum og -fóðringum fyrir loftþéttandi spíralþjöppur sem innihalda kælimiðil og hafa uppgefið rafinnafli sem nemur 9kW eða minna fyrir hita-, loftræsti-, loftjöfnunar- og kælikerfi	Gildir um 1. flokk, fellur úr gildi 21. júlí 2019.“

**FRAMSELD TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2017/1011****2017/EES/67/74****frá 15. mars 2017**

um breytingu á III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir blý í hvítum glerjum sem eru notuð í ljósbúnaði, í því skyni að laga viðaukann að tækniframförum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB frá 8. júní 2011 um takmarkanir á notkun tiltekinna, hættulegra efna í rafbúnaði og rafeindabúnaði ⁽¹⁾, einkum a-lið 1. mgr. 5. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í tilskipun 2011/65/ESB er lagt bann við notkun blýs í raf- og rafeindabúnað sem settur er á markað.
- 2) Gler sem inniheldur blý er notað vegna samsetningar einstakra eiginleika og einkenna þess, s. s. ljósflæðis, ljósdreifingar, varmaleiðni, tvíbrots og fleira.
- 3) Aðrar útfærslur blýlausra ljóstækniglerja eru til í formi blýlauss glers, plastlinsa og öðruvísi hönnunar á búnaði. Engu að síður búa þessir staðgöngukostir ekki yfir sumum þessara eiginleika og samsetninga í samanburði við gler sem innihalda blý.
- 4) Þar sem tiltölulega einfalt var að finna staðgönguefni var það þegar gert og staðgönguefni eru notuð. Enn eru engir staðgöngukostir til fyrir búnaðinn sem eftir er. Þar af leiðandi er ekki unnt að skipta blýi út á öllum sviðum búnaðar. Blý í hvítum glerjum, sem eru notuð í ljósbúnaði, ætti því að vera undanþegið til 21. júlí 2021 að því er varðar 1. til 7. og 10. flokk. Að teknu tilliti til nýsköpunarferla fyrir þessa tegund ljósbúnaðar er ólíklegt að tímallengd þessarar undanþágu hafi skaðleg áhrif á nýsköpun.
- 5) Því ætti að breyta tilskipun 2011/65/ESB til samræmis við það.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum III. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnáráðslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 6. júlí 2018. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 6. júlí 2018.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 153, 16.6.2017, bls. 25. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 168/2017 frá 22. september 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

(1) Stjtið. ESB L 174, 1.7.2011, bls. 88.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 15. mars 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Í stað a-liðar 13. liðar III. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB komi eftirfarandi:

„13.a	Blý í hvítum glerjum sem eru notuð í ljósbúnaði	Gildir um alla flokka, fellur úr gildi: — 21. júlí 2023 að því er varðar 8. flokk, lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi, — 21. júlí 2024 að því er varðar 9. flokk, vöktunar- og eftirlitstæki í iðnaði, og að því er varðar 11. flokk, — 21. júlí 2021 að því er varðar alla aðra flokka og undirflokka“
-------	---	---

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2017/698**

2017/EES/67/75

frá 3. febrúar 2017

um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) nr. 1062/2014 um vinnuáætlunina um kerfisbundna athugun á öllum fyrirliggjandi virkum efnum sem sæfivörur innihalda og um getur í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 að því er varðar að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra ⁽¹⁾, einkum 1. mgr. 89. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í II. viðauka við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1062/2014 ⁽²⁾ er sett fram tæmandi skrá yfir samsetningar fyrirliggjandi virkra efna/vöruflokka sem eru með í áætlun um endurskoðun á fyrirliggjandi sáfandi, virkum efnum 4. ágúst 2014.
- 2) Samkvæmt 3. mgr. 14. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) nr. 1062/2014 getur hvaða aðili sem er tilkynnt um samsetningu efnis/vöruflokks, sem er á skrá í 2. hluta II. viðauka við fyrrgreinda reglugerð, innan 12 mánaða frá gildistöku þeirrar reglugerðar. Eftir að fresturinn rann út eru 2. hluti II. viðauka og 3. mgr. 14. gr. fyrrgreindrar reglugerðar orðin úrelt og framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1950 ⁽³⁾, um að samþykkja ekki þessar samsetningar efnis/vöruflokks, hefur verið samþykkt.
- 3) Færa ætti samsetningar efnis/vöruflokks, sem eru tilkynntar skv. 3. mgr. 14. gr. og teljast vera í samræmi við 2. mgr. 17. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) nr. 1062/2014, inn í 1. hluta II. viðauka við þá reglugerð og fella þær brott úr 2. hluta þess viðauka.
- 4) Samkvæmt 4. mgr. 16. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) nr. 1062/2014 var birt boð þar sem hver sá aðili sem hafði áhuga gat tilkynnt viðkomandi samsetningu eða samsetningar virks efnis/vöruflokks. Ein tilkynning, skv. 5. mgr. 16. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) nr. 1062/2014 sem varðaði díálklóríðpentahýdroxíð til notkunar í vöruflokki 2, var send áður en fresturinn rann út og taldist hún vera í samræmi við 2. mgr. 17. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) nr. 1062/2014. Því þarf að færa þessa samsetningu efnis/vöruflokks inn í 1. hluta II. viðauka við þá reglugerð.
- 5) Tilnefna ætti lögbært matsyfirvald skv. 81. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 fyrir samsetningar virks efnis/vöruflokks sem um getur í 3. og 4. forsendu.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 103, 19.4.2017, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 169/2017 frá 22. september 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1.

⁽²⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1062/2014 frá 4. ágúst 2014 um vinnuáætlunina um kerfisbundna athugun á öllum fyrirliggjandi virkum efnum sem sæfivörur innihalda og um getur í reglugerð (ESB) nr. 528/2012 (Stjttíð. ESB L 294, 10.10.2014, bls. 1).

⁽³⁾ Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1950 frá 4. nóvember 2016 um að samþykkja ekki tiltekin sáfandi, virk efni samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjttíð. ESB L 300, 8.11.2016, bls. 14).

- 6) Samsetningar virks efnis/vöruflokks, sem ákvörðun hefur verið samþykkt um að samþykkja eða samþykkja ekki eftir 4. ágúst 2014, eru ekki lengur í endurskoðunaráætluninni og því skal ekki lengur vísa til þeirra í 1. hluta II. viðauka við framselda reglugerð (ESB) nr. 1062/2014.
- 7) Samsetningar efnis/vöruflokks sem tilgreindar eru í 2. hluta II. viðauka við framselda reglugerð (ESB) nr. 1062/2014, sem voru ekki tilkynntar skv. 3. mgr. 14. gr. endurskoðunarreglugerðarinnar, ætti að fella brott úr 2. hluta þess viðauka. Ákvæði 2. hluta þess viðauka verða þar með úrelt og ætti að fella þau brott.
- 8) Af þeim sökum ætti 1. hluti II. viðauka við framselda reglugerð (ESB) nr. 1062/2014 að verða II. viðauki þar eð hann er eini eftirstandandi hluti II. viðauka og fella verður brott tilvísanir í 3. mgr. 14. gr. og 1. hluta II. viðauka.
- 9) Því ætti að breyta framseldri reglugerð (ESB) nr. 1062/2014 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Framseldri reglugerð (ESB) nr. 1062/2014 er breytt sem hér segir:

- 1) Ákvæði 3. mgr. 14. gr. falli brott.
- 2) Ákvæðum 17. gr. er breytt sem hér segir:
 - a) Í stað 1. mgr. komi eftirfarandi:

„1. Tilkynningar skv. 2. mgr. 14. gr. eða 5. mgr. 16. gr. skulu vera til Efnastofnunarinnar gegnum sæfivöruskrána.“
 - b) Í stað a-liðar 7. mgr. komi eftirfarandi:

„a) ef tilkynningin var lögð fram skv. 2. mgr. 14. gr., uppfæra upplýsingarnar í sæfivöruskránni að því er varðar deili á þáttakandanum og, ef við á, auðkenni efnisins,“.
- 3) Í stað b- og c-liðar 20. gr. komi eftirfarandi:

„b) ef enginn aðili lagði fram tilkynningu innan þess frests sem kveðið er á um í 2. mgr. 14. gr. þessarar reglugerðar eða ef slík tilkynning var lögð fram og henni hafnað skv. 4. eða 5. mgr. 17. gr.,

c) ef tilkynning var lögð fram innan þess frests sem kveðið er á um í 2. mgr. 14. gr. þessarar reglugerðar og telst vera í samræmi við 5. mgr. 17. gr. hennar en efnaauðkennið í tilkynningunni nær aðeins yfir hluta af fyrirbyggjandi auðkenni í II. viðauka við þessa reglugerð.“
- 4) Í stað II. viðauka komi textinn í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 3. febrúar 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

„II. VIÐAUKI

SAMSETNING EFNIS/VÖRUFLOKKS SEM ER MEÐ Í ENDURSKOÐUNARÁÆTLUNinni 3. FEBRÚAR 2017

Samsetning virks efnis/vöruflokks sem hefur stuðning 3. febrúar 2017 að undanskildum öllum öðrum nanóefnum en þeim sem eru sérstaklega nefnd í færslum 1017, 1019 og 1023

Færslu-númer	Efnaheiti	Skýrslugjafar-aðildarríki	EB-númer	CAS-númer	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	17	18	19	21	22
1	formaldehýð	DE	200-001-8	50-00-0		x	x															x
6	2-(2-bútoxýetoxý)etýl-6-própýlpíperónýleter(píperónýl-bútoxíð/PBO)	EL	200-076-7	51-03-6															x			
9	brónópól	ES	200-143-0	52-51-7		x				x			x		x	x						x
36	etanól	EL	200-578-6	64-17-5	x	x		x														
37	maurasýra	BE	200-579-1	64-18-6		x	x	x	x	x					x	x						
43	salísýlsýra	NL	200-712-3	69-72-7		x	x	x														
45	própan-1-ól	DE	200-746-9	71-23-8	x	x		x														
52	etýlenoxíð	N	200-849-9	75-21-8		x																
60	sítrónusýra	BE	201-069-1	77-92-9	x																	
69	glýkólsýra	NL	201-180-5	79-14-1		x	x	x														
70	perediksýra	FI	201-186-8	79-21-0											x	x						
71	L-(+)-mjólkursýra	DE	201-196-2	79-33-4		x	x	x		x												
79	(2R,6aS,12aS)-1,2,6,6a,12,12a-hexahýdró-2-ísóprópenýl-8,9-dímétoxýkrómenól[3,4-b]fúró[2,3-h]krómen-6-ón (rótenón)	UK	201-501-9	83-79-4														x				

Færslu- númer	Efnaheiti	Skýrslugjafar- aðildarríki	EB-númer	CAS-númer	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	17	18	19	21	22
85	symklósen	UK	201-782-8	87-90-1		x	x	x	x						x	x						
92	bífenýl-2-ól	ES	201-993-5	90-43-7							x		x	x								
113	sinnamaldehyð/3-fenýlprópen-2-al (sinnamínaldehyð)	UK	203-213-9	104-55-2		x																
117	geraníól	FR	203-377-1	106-24-1															x	x		
122	glýoxal	FR	203-474-9	107-22-2		x	x	x														
133	hexa-2,4-díensýra (sorbínsýra)	DE	203-768-7	110-44-1						x												
154	klórfen	N	204-385-8	120-32-1		x	x															
171	2-fenoxýetanól	UK	204-589-7	122-99-6	x	x		x		x							x					
172	setýlpýridíníumklóríð	UK	204-593-9	123-03-5		x																
179	koltvísýringur	FR	204-696-9	124-38-9																	x	
180	natríumdímetylsínat (natríumkakódýlat)	PT	204-708-2	124-65-2															x			
185	tósýlklóramíðnatríum (tósýlklóramíðnatríum – klóramín T)	ES	204-854-7	127-65-1		x	x	x	x													
187	kalíumdímetyldíþíókarbamat	UK	204-875-1	128-03-0									x		x	x						
188	natríumdímetyldíþíókarbamat	UK	204-876-7	128-04-1									x		x	x						
195	natríum-2-bífenýlat	ES	205-055-6	132-27-4	x	x	x	x		x	x		x	x			x					
206	þíram	BE	205-286-2	137-26-8									x									

Færslu- númer	Efnaheiti	Skýrslugjafar- aðildarríki	EB-númer	CAS-númer	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	17	18	19	21	22
210	metamnatriúm	BE	205-293-0	137-42-8									x		x							
227	2-þíasól-4-ýl-1H-bensóímíðasól (þíabendasól)	ES	205-725-8	148-79-8							x		x	x								
235	dífúrón	DK	206-354-4	330-54-1							x			x								
239	sýanamíð	DE	206-992-3	420-04-2			x												x			
253	tetrahydró-3,5-dímetýl-1,3,5- þíadíasín-2-þíón (dasómet)	BE	208-576-7	533-74-4						x						x						
283	terbútrín	SK	212-950-5	886-50-0							x		x	x								
288	N-díklórflúormetýlþíó-N',N'- dímetýl-N-fenýlsúlfamíð (díklóflúaníð)	UK	214-118-7	1085-98-9							x										x	
292	(1,3,4,5,6,7-hexahýdró-1,3-díoxó- 2H-ísóindól-2-ýl)metýl (1R-trans)- 2,2-dímetýl-3-(2-metýlpróp-1- enýl)sýklóprópankarboxýlat (d- tetrametrín)	DE	214-619-0	1166-46-7															x			
321	mónólínúron	UK	217-129-5	1746-81-2		x																
330	N-(3-amínoprópýl)-N- dódekýlprópan-1,3-díamín (díamín)	PT	219-145-8	2372-82-9		x	x	x		x		x			x	x	x					
336	2,2'-díþíóbis[N-metýlbensamíð] (DTBMA)	PL	219-768-5	2527-58-4						x												
339	1,2-bensísóþíasól-3(2H)-ón (BIT)	ES	220-120-9	2634-33-5		x				x			x		x	x	x					
341	2-metýl-2H-ísóþíasól-3-ón (MIT)	SI	220-239-6	2682-20-4						x					x	x						

Færslu- númer	Efnaheiti	Skýrslugjafar- aðildarríki	EB-númer	CAS-númer	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	17	18	19	21	22
346	natríumdíklórísósýanúratdihýdrat	UK	220-767-7	51580-86-0		x	x	x	x						x	x						
345	tróklósenatríum	UK	220-767-7	2893-78-9		x	x	x	x						x	x						
348	meketróníumetýlsúlfat (MES)	PL	221-106-5	3006-10-8	x																	
359	(etýlendíoxý)dímetanól (myndefni efnahvarfs etýlenglýkóls og paraformaldehýðs (EGForm))	PL	222-720-6	3586-55-8		x				x					x	x	x					
365	pýridín-2-þíól-1-oxíð, natríumsalt (natríumpýriþíón)	SE	223-296-5	3811-73-2		x	x			x	x		x	x			x					
368	metenamín-3-klórallýlklóríð (CTAC)	PL	223-805-0	4080-31-3						x						x	x					
377	2,2',2''-(hexahýdró-1,3,5-tríasín- 1,3,5-tríýl)tríetanól (HHT)	PL	225-208-0	4719-04-4						x					x	x	x					
382	tetrahydró-1,3,4,6- tetrakis(hýdroxýmetýl)imídasó[4,5- d]imídasól-2,5(1H,3H)-díón (TMAD)	ES	226-408-0	5395-50-6		x				x					x	x	x					
392	metýlendíþíósýanat	FR	228-652-3	6317-18-6												x						
393	1,3-bis(hýdroxýmetýl)-5,5- dímetýlimídasólídín-2,4-díón (DMDMH)	PL	229-222-8	6440-58-0						x							x					
397	dídekýldímetýlammóníumklóríð (DDAC)	IT	230-525-2	7173-51-5	x	x	x	x		x				x	x	x						

Færslu- númer	Efnaheiti	Skýrslugjafar- aðildarríki	EB-númer	CAS-númer	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	17	18	19	21	22
401	silfur	SE	231-131-3	7440-22-4		x		x	x				x		x							
1023	silfur, sem nanóefni	SE	231-131-3	7440-22-4		x		x					x									
405	brennisteinstvíoxíð	DE	231-195-2	7446-09-5				x														
424	natríumbrómíð	NL	231-599-9	7647-15-6		x									x	x						
432	natríumhýpóklórít	IT	231-668-3	7681-52-9	x	x	x	x	x						x	x						
434	tetrametrín	DE	231-711-6	7696-12-0															x			
439	vetnisperoxíð	FI	231-765-0	7722-84-1											x	x						
444	7a-etyldíhýdró-1H,3H,5H-oxasóló[3,4-c]oxasól (EDHO)	PL	231-810-4	7747-35-5						x							x					
450	silfurnítrat	SE	231-853-9	7761-88-8	x																	
453	dínatríumperoxódísúlfat/ natríumpersúlfat	PT	231-892-1	7775-27-1				x														
455	kalsíumhýpóklórít	IT	231-908-7	7778-54-3		x	x	x	x						x							
457	klór	IT	231-959-5	7782-50-5		x			x						x							
458	ammóníumsúlfat	UK	231-984-1	7783-20-2											x	x						
1016	silfurklóríð	SE	232-033-3	7783-90-6	x	x				x	x		x	x	x							
473	pýretrín og pýretríóð	ES	232-319-8	8003-34-7															x	x		
491	klórdíoxíð	PT	233-162-8	10049-04-4		x	x	x	x						x	x						
494	2,2-díbróm-2-sýanáasetamíð (DBNPA)	DK	233-539-7	10222-01-2		x		x		x					x	x	x					
501	karbendasím	DE	234-232-0	10605-21-7							x		x	x								

Færslu- númer	Efnaheiti	Skýrslugjafar- aðildarríki	EB-númer	CAS-númer	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	17	18	19	21	22
1022	díálklóríðpentahýdroxíð	NL	234-933-1	12042-91-0		x																
515	ammóníumbrómíð	SE	235-183-8	12124-97-9											x	x						
522	pýríþíónsink (sinkpýríþíón)	SE	236-671-3	13463-41-7		x				x	x		x	x							x	
524	dódekýlgúanídínmonóvetnisklóríð	ES	237-030-0	13590-97-1						x					x							
526	kalíum-2-bífenýlat	ES	237-243-9	13707-65-8						x			x	x			x					
529	brómklóríð	NL	237-601-4	13863-41-7											x							
531	(bensýloxý)metanól	UK	238-588-8	14548-60-8						x							x					
541	natríum-p-klór-m-kresólat	FR	239-825-8	15733-22-9	x	x	x			x			x				x					
550	D-glúkonsýra, efnasamband með N,N'-bis(4-klórfenýl)-3,12-dímínó-2,4,11,13-tetraasetradekandámidíni (2:1) (CHDG)	PT	242-354-0	18472-51-0	x	x	x															
554	p-[(díjodmetýl)súlfónýl]tólúen	UK	243-468-3	20018-09-1						x	x		x	x								
559	(bensóþíasól-2-ýlþíó)metýlþíósýanat (TCMTB)	N	244-445-0	21564-17-0									x			x						
562	2-metýl-4-oxó-3-(próp-2-ýnýl)sýklópent-2-en-1-ýl-2,2-dímétýl-3-(2-metýlpróp-1-enýl)sýklóprópankarboxýlat (pralletrín)	EL	245-387-9	23031-36-9															x			

Færslu- númer	Efnaheiti	Skýrslugjafar- aðildarríki	EB-númer	CAS-númer	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	17	18	19	21	22
609	blanda cis- og trans-p-mentan-3,8- díóls (síttríódíól)	UK	255-953-7	42822-86-6																x		
614	(RS)- α -sýanó-3fenoxybensýl- (1RS)-cis,trans-3-(2,2-díklórvínýl)- 2,2-dímetýlsýklóprópankarboxýlat (sýpermetrín)	BE	257-842-9	52315-07-8															x			
618	1-etýnýl-2-metýlpent-2-enýl-2,2- dímetýl-3-(2-metýlpróp-1- enýl)sýklóprópankarboxýlat (empentrín)	BE	259-154-4	54406-48-3															x			
619	3-joð-2-própýnýlbútýlkarbamát (IPBC)	DK	259-627-5	55406-53-6							x		x	x								
620	tetrakis(hýdroxýmetýl)fosfóníum- súlfat (2:1) (THPS)	MT	259-709-0	55566-30-8		x				x					x	x						
648	4,5-díklór-2-oktýlísópíasól-3(2H)- ón (4,5-díklór- 2-oktýl-2H- ísópíasól-3-ón (DCOIT))	N	264-843-8	64359-81-5							x		x	x	x							
656	3,3'-metýlenbis[5-metýloxasólídín] (oxasólídín/MBO)	AT	266-235-8	66204-44-2		x				x					x	x	x					
667	alkýl(C ₁₂₋₁₈)- dímetýlbensýlammóníumklóríð (ADBAC (C ₁₂₋₁₈))	IT	269-919-4	68391-01-5	x	x	x	x							x	x	x					x
671	alkýl(C ₁₂₋₁₆)- dímetýlbensýlammóníumklóríð (ADBAC/BKC (C ₁₂₋₁₆))	IT	270-325-2	68424-85-1	x	x	x	x							x	x	x					x

Færslu- númer	Efnaheiti	Skýrslugjafar- aðildarríki	EB-númer	CAS-númer	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	17	18	19	21	22
673	dídekýldímetyllammóníumklóríð (DDAC (C ₈₋₁₀))	IT	270-331-5	68424-95-3	x	x	x	x	x	x				x	x	x						
690	fjörgreind ammóníumsambönd, bensýl-C ₁₂₋₁₈ -alkýldímetyl, sölt með 1,2-bensísóþíasól-3(2H)-ón- 1,1-díoxíði (1:1) (ADBAS)	MT	273-545-7	68989-01-5		x		x														
691	natríum-N-(hýdroxýmetyl)glýsínat	AT	274-357-8	70161-44-3						x												
692	amín, C ₁₀₋₁₆ -alkýldímetyl, N-oxíð	PT	274-687-2	70592-80-2				x														
693	pentakalíum- bis(peroxýmónósúlfat)bis(súlfat)	SI	274-778-7	70693-62-8		x	x	x	x													
701	magnesíummónóperoxýþalat, sexvatnað (MMPP)	PL	279-013-0	84665-66-7		x																
1015	dísartréskjarni	DE	283-644-7	84696-25-3																x		
1024	dísartréskjarni úr kaldpressaðri olíu úr kjörnum Azadirachta indica sem dregnir eru út með koltvísýringi í yfirmarksástandi	DE	283-644-7	84696-25-3															x			
724	alkýl(C ₁₂ - C ₁₄)dímetýlbensýllammóníumklóríð (ADBAC (C ₁₂ -C ₁₄))	IT	287-089-1	85409-22-9	x	x	x	x						x	x	x						x
725	alkýl(C ₁₂ -C ₁₄) dímetýl(etýlbensýl)ammóníum- klóríð (ADEBAC (C ₁₂ -C ₁₄))	IT	287-090-7	85409-23-0	x	x	x	x						x	x	x						x

Færslu- númer	Efnaheiti	Skýrslugjafar- aðildarríki	EB-númer	CAS-númer	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	17	18	19	21	22
731	<i>Chrysanthemum cinerariaefolium</i> , kjarni	ES	289-699-3	89997-63-7															x			
744	lofnarblóm, <i>Lavandula hybrida</i> , kjarni/lofnarblómaolía	PT	294-470-6	91722-69-9																x		
779	myndefni efnahvarfs glútamínsýru og N-(C ₁₂ -C ₁₄ - alkýl)própýlendíamíns (glúkóprótamín)	DE	403-950-8	164907-72-6		x		x														
785	6-(þalimíð)peroxyhexansýra (PAP)	IT	410-850-8	128275-31-0	x	x	x	x														
791	2-bútýl-bensó[d]ísóþíasól-3-ón (BBIT)	CZ	420-590-7	4299-07-4						x	x		x	x			x					
792	tetraklórdekaoxíðflóki (TCDO)	DE	420-970-2	92047-76-2	x	x		x														
811	silfurnatríumvetnissirkonfosfat	SE	422-570-3	265647-11-8	x	x		x			x		x									
794	sek-bútýl-2-(2- hýdroxýetýl)píperidín-1- karboxýlat/íkaridín (íkaridín)	DK	423-210-8	119515-38-7																x		
797	cis-1-(3-klórallýl)-3,5,7-tríasa-1- asóníadamantanklórfíð (cis CTAC)	PL	426-020-3	51229-78-8						x							x					
800	[2,4-díoxó-(2-própýn-1- ýl)imídasólidín-3-ýl]metýl-(1R)- cis-krýsantemat, [2,4-díoxó-(2- própýn-1-ýl)imídasólidín-3- ýl]metýl-(1R)-trans-krýsantemat (imíprótrín)	UK	428-790-6	72963-72-5															x			

Færslu- númer	Efnaheiti	Skýrslugjafar- aðildarríki	EB-númer	CAS-númer	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	17	18	19	21	22
807	(E)-1-(2-klór-1,3-þíasól-5-ýlmetýl)-3-metýl-2-nítrógúanidín (klóþíanidín)	DE	433-460-1	210880-92-5																		
952	<i>Bacillus sphaericus</i> , að undanskildum <i>Bacillus sphaericus</i> 2362, stofn ABTS-1743	IT	örvera	143447-72-7															x			
955	<i>Bacillus thuringiensis undirteg.israelensis sermigerð H14</i> , að undanskildum stofni AM65-52 og að undanskildum stofni SA3A	IT	örvera	Á ekki við															x			
957	<i>Bacillus subtilis</i>	DE	örvera	Á ekki við			x															
939	virkur klór: framleiddur á staðnum með efnahvarfi hýpóklórsýru og natríumhýpóklóríts	SK	Blanda	Á ekki við		x	x	x	x													
813	peroxýoktansýra	FR	Á ekki við	33734-57-5		x	x	x														
1014	silfurseólít	SE	Á ekki við	Á ekki við		x		x	x		x		x									
152	myndefni efnahvarfs 5,5-dímetylhýdantóíns, 5-etýl-5-metylhýdantóíns við bróm og klór (DCDMH)	NL	Ekki fyrir hendi	Ekki fyrir hendi											x							
459	hvarfmassi títandíoxíðs og silfurklóríðs	SE	Ekki fyrir hendi	Ekki fyrir hendi	x	x				x	x		x	x	x							
777	myndefni efnahvarfs 5,5-dímetylhýdantóíns, 5-etýl-5-metylhýdantóíns við klór (DCEMH)	NL	Ekki fyrir hendi	Ekki fyrir hendi											x							

Færslu- númer	Efnaheiti	Skýrslugjafar- aðildarríki	EB-númer	CAS-númer	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	17	18	19	21	22
810	silfurfosfatgler	SE	Ekki fyrir hendi	308069-39-8		x					x		x									
824	silfursinkseólít	SE	Ekki fyrir hendi	130328-20-0		x		x	x		x		x									
1013	silfurkoparseólít	SE	Ekki fyrir hendi	130328-19-7		x		x	x		x		x									
1017	silfur ásogað í kísildíoxíð (sem nanóefni í formi stöðugs safns með grunnögnum í nanóstærð)	SE	Ekki fyrir hendi	Ekki fyrir hendi									x									
1019	kísildíoxíð (sem nanóefni myndað af safni eða samsafni)	FR	Ekki fyrir hendi	68909-20-6															x			
831	kísildíoxíð (kísildíoxíð/kísilgúr)	FR	plöntu- verndarvara	61790-53-2															x			
854	(RS)-3-allýl-2-metýl-4-oxósýklópent-2-enýl-(1R,3R; 1R,3S)-2,2-dímetýl-3-(2-metýlpróp-1-enýl)-sýklóprópankarboxýlat (blanda 4 hverfna: 1R trans, 1R: 1R trans, 1S: 1R cis, 1R: 1R cis, 1S 4:4:1:1) (d-alletrín)	DE	plöntu- verndarvara	231937-89-6															x			
855	(RS)-3-allýl-2-metýl-4-oxósýklópent-2-enýl-(1R,3R)-2,2-dímetýl-3-(2-metýlpróp-1-enýl)-sýklóprópankarboxýlat (blanda 2 hverfna: 1R trans: 1R/S aðeins 1:3) (esbíótrín)	DE	plöntu- verndarvara	260359-57-7															x			

Færslu- númer	Efnaheiti	Skýrslugjafar- aðildarríki	EB-númer	CAS-númer	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	17	18	19	21	22
848	N-((6-klór-3-pýridínýl)metýl)-N'-sýanó-N-metýletanimíðamíð (asetamípríð)	BE	plöntu- verndarvara	160430-64-8															x			
835	esfenvalerat/(S)- α -sýanó-3-fenoxýbensýl-(S)-2-(4-klórfenýl)-3-metýlbútýrat (esfenvalerat)	PT	plöntu- verndarvara	66230-04-4															x			
843	4-bróm-2-(4-klórfenýl)-1-etoxy-metýl-5-tríflúormetýlpýrról-3-karbónítríl (klórfenapýr)	PT	plöntu- verndarvara	122453-73-0															x			
859	fjölliða N-metýlmetanamíns (Einecs-nr. 204-697-4) og (klórmetýl)oxírans (Einecs-nr. 203-439-8)/fjölliða fjórgreinds ammóníumklóríðs (PQ fjölliða)	HU	fjölliða	25988-97-0		x									x							
863	einvetnisklóríð af fjölliðu N,N"-1,6-hexandýlbis[N'-sýanógúanídíns] (Einecs-nr. 240-032-4) og hexametýlendíamíns (Einecs-nr. 204-679-6)/pólýhexametýlenbíguaníð (einliða: 1,5-bis(trímetýlen)gúanýlgúanídíníum mónóvetnisklóríð) (PHMB)	FR	fjölliða	27083-27-8/32289-58-0					x													
868	pólý(hexametýlenbíguaníð)	FR	fjölliða	91403-50-8	x	x	x	x	x	x			x		x							
869	pólý(oxý-1,2-etandýl), α -[2-(dídekýlmetýlammóníó)etýl]- ω -hýdroxý-, própanóat (salt) (Bardap 26)	IT	fjölliða	94667-33-1		x		x							x							

Færslu- númer	Efnaheiti	Skýrslugjafar- aðildarríki	EB-númer	CAS-númer	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	17	18	19	21	22	
872	N-dídekýl-N-dípólýetoxýammón- íumbórat/dídekýlpólýoxetýl- ammóníumbórat (fjölliðubetaín)	EL	fjölliða	214710-34-6								x											

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/999

2017/EES/67/76

frá 13. júní 2017

um breytingu á XIV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB ⁽¹⁾, einkum 58. gr. og 131. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Efnið 1-brómprópan (n-própylbrómíð) uppfyllir viðmiðanir fyrir flokkun sem efni sem hefur eiturhrif á æxlun (undirflokkur 1B) í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 ⁽²⁾ og uppfyllir þar af leiðandi viðmiðanir fyrir færslu á skrá í XIV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 skv. c-lið 57. gr. þeirrar reglugerðar.
- 2) Efnið díísópentýlþalat uppfyllir viðmiðanir fyrir flokkun sem efni sem hefur eituráhrif á æxlun (undirflokkur 1B) í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 og uppfyllir þar af leiðandi viðmiðanir fyrir færslu á skrá í XIV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 skv. c-lið 57. gr. þeirrar reglugerðar.
- 3) Efnið 1,2-bensendíkarboxýlsýra, dí-C6–8-greinóttir alkýlesterar, C7–auðug uppfyllir viðmiðanir fyrir flokkun sem efni sem hefur eituráhrif á æxlun (undirflokkur 1B) í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 og uppfyllir þar af leiðandi viðmiðanir fyrir færslu á skrá í XIV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 skv. c-lið 57. gr. þeirrar reglugerðar.
- 4) Efnið 1,2-bensendíkarboxýlsýra, dí-C7–11-greinóttir og línulegir alkýlesterar uppfyllir viðmiðanir fyrir flokkun sem efni sem hefur eituráhrif á æxlun (undirflokkur 1B) í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 og uppfyllir þar af leiðandi viðmiðanir fyrir færslu á skrá í XIV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 skv. c-lið 57. gr. þeirrar reglugerðar.
- 5) Efnið 1,2-bensendíkarboxýlsýra, dípentýlester, greinótt og línuleg uppfyllir viðmiðanir fyrir flokkun sem efni sem hefur eituráhrif á æxlun (undirflokkur 1B) í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 og uppfyllir þar af leiðandi viðmiðanir fyrir færslu á skrá í XIV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 skv. c-lið 57. gr. þeirrar reglugerðar.
- 6) Efnið bis(2-metoxýetýl)þalat uppfyllir viðmiðanir fyrir flokkun sem efni sem hefur eituráhrif á æxlun (undirflokkur 1B) í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 og uppfyllir þar af leiðandi viðmiðanir fyrir færslu á skrá í XIV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 skv. c-lið 57. gr. þeirrar reglugerðar.
- 7) Efnið dípentýlþalat uppfyllir viðmiðanir fyrir flokkun sem efni sem hefur eituráhrif á æxlun (undirflokkur 1B) í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 og uppfyllir þar af leiðandi viðmiðanir fyrir færslu á skrá í XIV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 skv. c-lið 57. gr. þeirrar reglugerðar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 150, 14.6.2017, bls. 7. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 170/2017 frá 22. september 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjtið. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1.

(2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og þökkun efna og blandna (Stjtið. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1).

- 8) Efnið N-pentýl-ísopentýlþalat uppfyllir viðmiðanir fyrir flokkun sem efni sem hefur eituráhrif á æxlun (undirflokkur 1B) í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 og uppfyllir þar af leiðandi viðmiðanir fyrir færslu á skrá í XIV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 skv. c-lið 57. gr. þeirrar reglugerðar.
- 9) Þegar efnið antrasenólía inniheldur hlutfall af bensó[a]pýreni uppfyllir það viðmiðanir fyrir flokkun sem krabbameinsvaldandi efni (undirflokkur 1B) í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 og uppfyllir þar af leiðandi viðmiðanir fyrir færslu á skrá í XIV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 skv. a-lið 57. gr. þeirrar reglugerðar. Efnið er einnig þrávirkt, safnast fyrir í lífverum og er eitrad ásamt því að vera mjög þrávirkt efni og safnast fyrir í lífverum í miklum mæli í samræmi við viðmiðanirnar sem settar eru fram í XIII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 og uppfyllir því viðmiðanir fyrir færslu á skrá í XIV. viðauka við þá reglugerð sem settar eru fram í d- og e-lið 57. gr. þeirrar reglugerðar.
- 10) Efnið bik, úr háhitakoltjöru, uppfyllir viðmiðanir fyrir flokkun sem krabbameinsvaldandi efni (undirflokkur 1B) í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 og uppfyllir þar af leiðandi viðmiðanir fyrir færslu á skrá í XIV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 skv. a-lið 57. gr. þeirrar reglugerðar. Efnið er einnig þrávirkt, safnast fyrir í lífverum og er eitrad ásamt því að vera mjög þrávirkt efni og safnast fyrir í lífverum í miklum mæli í samræmi við viðmiðanirnar sem settar eru fram í XIII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 og uppfyllir því viðmiðanir fyrir færslu á skrá í XIV. viðauka við þá reglugerð sem settar eru fram í d- og e-lið 57. gr. þeirrar reglugerðar.
- 11) Efnahópurinn 4-(1,1,3,3-tetrametýlbútýl)fenól, etoxýlað, (sem nær yfir vel skilgreind efni og efni af óþekktri eða breytilegri samsetningu, flókin myndefni eða líffræðileg efni (UVCB-efni) fjölliður og raðkvæmi), eru efni sem hafa innkirtlatruflandi eiginleika við niðurbrot og niðurstöður rannsókna liggja fyrir um þessi efni sem benda til alvarlegra áhrifa á umhverfið. Sem slík gefa þau tilefni til sömu áhyggna og hljótast af öðrum efnunum sem eru tilgreind í a- til e-lið 57. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 og uppfylla þar af leiðandi viðmiðanir fyrir færslu á skrá í XIV. viðauka við þá reglugerð sem settar eru fram í f-lið 57. gr. þeirrar reglugerðar.
- 12) Efnahópurinn 4-nónýlfenól, greinótt og línulegt, etoxýlað (þ.m.t. efni með línulega og/eða greinótta alkýlkeðju með kolefnistöluna 9 sem tengist með samgildum tengjum í stöðu 4 við fenól, etoxýlað, sem nær yfir UVCB-efni og vel skilgreind efni, fjölliður og raðkvæmi, þ.m.t. allar einstakar hverfur og/eða samsetningu þeirra) eru efni sem hafa innkirtlatruflandi eiginleika við niðurbrot og niðurstöður rannsókna liggja fyrir um þessi efni sem benda til alvarlegra áhrifa á umhverfið. Sem slík gefa þau tilefni til sömu áhyggna og hljótast af öðrum efnunum sem eru tilgreind í a- til e-lið 57. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 og uppfylla þar af leiðandi viðmiðanir fyrir færslu á skrá í XIV. viðauka við þá reglugerð sem settar eru fram í f-lið 57. gr. þeirrar reglugerðar.
- 13) Þessi efni hafa verið tilgreind og sett á skrá yfir umsóknarefni í samræmi við 59. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006. Samkvæmt tilmælum Efnastofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd Efnastofnunin) frá 6. febrúar 2014 ⁽¹⁾ og 1. júlí 2015 ⁽²⁾ hafa efnin enn fremur verið sett í forgang að því er varðar færslu á skrá í XIV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 í samræmi við 58. gr. þeirrar reglugerðar. Framkvæmdastjórnin hefur að auki móttakið upplýsingar um félagsleg og hagræn áhrif gegnum fjölda framlagninga hagsmunaaðila eftir viðtöku fimmtu tilmæla Efnastofnunarinnar eða gegnum samráð við almenning sem fram fór samhliða samráði Efnastofnunarinnar við almenning varðandi drög að sjöttu tilmælum hennar. Þrátt fyrir móttæknar upplýsingar er rétt að færa þessi efni á skrá í þeim viðauka.
- 14) Rétt þykir að tilgreina dagsetningarnar, sem um getur í ii. lið c-liðar 1. mgr. 58. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006, í samræmi við tilmæli Efnastofnunarinnar frá 6. febrúar 2014 og 1. júlí 2015. Þær dagsetningar hafa verið tilgreindar á grundvelli áætlaðs, nauðsynlegs undirbúningstíma fyrir umsókn um leyfi, með tilliti til þess hvaða upplýsingar eru tiltækar um hvert efni og til þeirra upplýsinga sem bárust meðan á samráði við almenning stóð í samræmi við 4. mgr. 58. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006. Í því samhengi ætti einnig að taka tillit til getu Efnastofnunarinnar til að fara yfir umsóknir innan þess frests sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 1907/2006, eins og kveðið er á um í 3. mgr. 58 gr. þeirrar reglugerðar.
- 15) Fyrir hvert þeirra efna sem skráð er í viðaukann við þessa reglugerð er engin ástæða fyrir því fastsetja ekki dagsetninguna, sem um getur í i. lið c-liðar 1. mgr. 58. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006, síðar en 18 mánuðum eftir dagsetninguna sem um getur í ii. lið c-liðar 1. mgr. 58. gr. þeirrar reglugerðar.

⁽¹⁾ http://echa.europa.eu/documents/10162/13640/5th_a_xiv_recommendation_06feb2014_en.pdf

⁽²⁾ http://echa.europa.eu/documents/10162/13640/6th_a_xiv_recommendation_01july2015_en.pdf

- 16) Í e-lið 1. mgr. 58. gr., í tengslum við 2. mgr. 58. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006, er kveðið á um þann möguleika að undanþágur séu veittar vegna notkunar eða notkunarflokka ef viðeigandi eftirlit með áhættu er tryggt með lágmarkskröfum í sértækri löggjöf Sambandsins um heilsuvernd manna eða umhverfisvernd. Í samræmi við fyrirliggjandi upplýsingar er ekki rétt að veita undanþágur á grundvelli þessara ákvæða.
- 17) Samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum er ekki rétt að veita undanþágur fyrir rannsóknir og þróunarstarfsemi vegna vöru og vinnslu.
- 18) Samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum er ekki rétt að ákveða endurskoðunartímabil vegna tiltekinnar notkunar. Í samræmi við 8. mgr. 60. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 skal ákvarða endurskoðunartímabil í hverju tilviki fyrir sig, m.a. með tilliti til þeirrar áhættu sem stafar af notkun efnisins, félagslegs og hagræns ávinnings sem hlýst af notkun þess og greiningar á staðgöngukostum eða hvers kyns staðgönguáætlun sem lögð er fram vegna þeirrar notkunar sem óskað er leyfis fyrir. Í tilvikum þar sem enginn heppilegur staðgöngukostur er fyrir hendi, áhættan sem stafar af notkuninni er takmörkuð með viðeigandi og skilvirkum ráðstöfunum til áhættustjórnunar og þegar búast má við að ávinningurinn sem hlýst af notkuninni verði mikill, sem kann að vera reyndin að því er varðar notkun til framleiðslu á lyfjum eða lækningatækjum, gæti endurskoðunartímabilið verið langt.
- 19) Í því skyni að koma í veg fyrir ótímabæra úreldingu hluta sem eru ekki lengur framleiddir eftir lokadagana, sem um getur í XIV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006, þurfa sum efni (ein og sér eða í blöndum), sem eru skráð í þann viðauka, að vera tiltæk fyrir framleiðslu á varahlutum til viðgerða á viðkomandi hlutum ef slíkir hlutir virka ekki sem skyldi án þeirra varahluta og einnig ef sum efni í XIV. viðauka (ein og sér eða í blöndum) eru nauðsynleg til viðgerða á slíkum hlutum. Í þessu skyni ætti að einfalda umsóknir um leyfi til notkunar á efnum í XIV. viðauka til framleiðslu á slíkum varahlutum og til viðgerða á slíkum hlutum. Rýmka ætti umbreytingarfyrirkomulagið, sem gildir um efni sem þessi notkun á við um, þannig að unnt sé að samþykkja framkvæmdarráðstafanir fyrir slíkar einfaldaðar umsóknir um leyfi.
- 20) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 1907/2006 til samræmis við það.
- 21) N,N-dímetylformamíð (DMF) uppfyllir viðmiðanir fyrir flokkun sem efni sem hefur eituráhrif á æxlun (undirflokkur 1B) í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 og uppfyllir þar af leiðandi viðmiðanir fyrir færslu á skrá í XIV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 skv. c-lið 57. gr. þeirrar reglugerðar. Efnið hefur einnig verið tilgreint og fært á skrá yfir umsóknarefni í samræmi við 59. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 og sett í forgang að því er varðar færslu á skrá í XIV. viðauka við þá reglugerð samkvæmt tilmælum Efnastofnunarinnar frá 6. febrúar 2014 í samræmi við 58. gr. þeirrar reglugerðar. N,N-dímetylformamíð hefur svipaða eðliseiginleika og N,N-dímetylasetamíð (DMAC) og N-metyl-2-pýrrólídón (NMP) og efni þrjú geta talist vera hugsanleg staðgönguefni að því er varðar suma meginnotkun þeirra. N-metyl-2-pýrrólídón fellur undir yfirstandandi málsmeðferð varðandi takmörkun í samræmi við 69. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006. Í ljósi þess hversu svipuð þessi þrjú efni eru, bæði að því er varðar eðliseiginleika þeirra og notkun í iðnaði, og til að tryggja samræmda stjórnáslunálgun telur framkvæmdastjórnin rétt að fresta ákvörðun um færslu N,N-dímetylformamíðs á skrá í XIV. viðauka, eins og þegar hefur verið gert að því er varðar N,N-dímetylasetamíð þegar framkvæmdastjórnin tók til greina tilmæli Efnastofnunarinnar frá 17. janúar 2013.
- 22) Díasen-1,2-díkarboxamíð (C,C'-asódí(formamíð)) (ADCA) uppfyllir viðmiðanir fyrir flokkun sem öndunarferanæmir (Næm.öndunarf. 1). Með tilliti til allra fyrirliggjandi upplýsinga um eðliseiginleika díasen-1,2-díkarboxamíð (C,C'-asódí(formamíðs)) og um skaðleg áhrif þess komst Efnastofnunin að þeirri niðurstöðu að hægt sé að líta á það sem efni sem niðurstöður rannsókna liggja fyrir um sem bendi til alvarlegra áhrifa á heilbrigði manna, sem gefi tilefni til sömu áhyggna og hljótast af öðrum efnum sem eru tilgreind í a- til e-lið 57. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006, og uppfylli þar af leiðandi viðmiðanir fyrir færslu á skrá í XIV. viðauka við þá reglugerð sem settar eru fram í f-lið 57. gr. þeirrar reglugerðar. Efnið hefur einnig verið tilgreint og fært á skrá yfir umsóknarefni í samræmi við 59. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 og sett í forgang að því er varðar færslu á skrá í XIV. viðauka við þá reglugerð samkvæmt tilmælum Efnastofnunarinnar frá 6. febrúar 2014 í samræmi við 58. gr. þeirrar reglugerðar. Notkun á díasen-1,2-díkarboxamíð (C,C'-asódí(formamíði)) er mjög fjölbreytt og varðar margs konar mismunandi framleiðsluáætlun og má búast við að það leiði til mjög flókinna umsókna um leyfi. Þar eð reynsla af meðhöndlun leyfisumsókna sem varða víðtæka notkun er sem stendur enn takmörkuð er rétt að fresta enn um sinn ákvörðun um að færa díasen-1,2-díkarboxamíð (C,C'-asódí(formamíði)) á skrá í XIV. viðauka.
- 23) Tilteknar eldfastar keramíktrefjar úr álsílikati (Al-RCF) og eldfastar keramíktrefjar úr sirkonálsílikati (Zr-RCF) uppfylla viðmiðanir fyrir flokkun sem krabbameinsvaldandi efni (undirflokkur 1B) í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 og uppfylla þar af leiðandi viðmiðanir fyrir færslu á skrá í XIV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 sem settar eru

fram í a-lið 57. gr. þeirrar reglugerðar. Efnin hafa einnig verið tilgreind og færð á skrá yfir umsóknarefni í samræmi við 59. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 og sett í forgang að því er varðar færslu á skrá í XIV. viðauka við þá reglugerð samkvæmt tilmælum Efnastofnunarinnar frá 6. febrúar 2014 í samræmi við 58. gr. þeirrar reglugerðar. Trefjarnar sjálfar eru framleiddar á afar fáum iðnaðarstöðvum og þeim er almennt umbreytt beint innan sama framleiðsluferlis í hluti sem eru síðan notaðir í ýmiss konar búnað til iðnaðar til einangrunar gegn miklum hita sem getur leitt til töluverða váhrifa á starfsmenn. Hins vegar er notkun á hlutum úr trefjunum ekki háð leyfi samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1907/2006. Í því skyni að ákvarða hentugustu stjórnsýslunálgunina telur framkvæmdastjórnin rétt að fresta enn um sinn ákvörðun um færslu eldfastra keramiktréfja úr álsílikati og eldfastra keramiktréfja úr sirkonálsílikati í XIV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006.

- 24) Bórsýra, dínatríumtetrabórat (vatnsfrítt), díbórþríoxíð og tetrabórdínatríumheptaoxíð (hýdrat) uppfylla viðmiðanir fyrir flokkun sem efni sem hafa eituráhrif á æxlun (undirflokkur 1B) í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 og uppfylla þar af leiðandi viðmiðanir fyrir færslu á skrá í XIV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 skv. c-lið 57. gr. þeirrar reglugerðar. Efnin hafa einnig verið tilgreind og færð á skrá yfir umsóknarefni í samræmi við 59. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 og sett í forgang að því er varðar færslu á skrá í XIV. viðauka við þá reglugerð samkvæmt tilmælum Efnastofnunarinnar frá 1. júlí 2015 í samræmi við 58. gr. þeirrar reglugerðar. Notkun á þessum efnum er enn fremur mjög fjölbreytt og varðar margs konar mismunandi framleiðsluiðnað og má búast við að það leiði til mjög flókinnar umsókna um leyfi. Þar eð reynsla af meðhöndlun leyfisumsókna sem varða víðtæka notkun er sem stendur enn takmörkuð er rétt að fresta enn um sinn ákvörðun um að færa þessi efni á skrá í XIV. viðauka.
- 25) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 133. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum XIV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. júní 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Töflunni í XIV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi færslur bætast við:

Færslunúmer	Efni	Eðlislægir eiginleikar, eða eiginleiki, sem um getur í 57. gr.	Umbreytingarfyrirkomulag		Undanþegin notkun (notkunarflokkar)	Endurskoðun artímabil
			Síðasti skiladagur fyrir umsóknir ⁽¹⁾	Lokadagur ⁽²⁾		
„32.	1-brómprópan (n-própýlbrómíð) EB-nr.: 203-445-0 CAS-nr.: 106-94-5	Hefur eiturhrif á æxlun (undirflokkur 1B)	á 4. janúar 2019	4. júlí 2020	—	—
33.	Dísópentýlþalat EB-nr.: 210-088-4 CAS-nr.: 605-50-5	Hefur eiturhrif á æxlun (undirflokkur 1B)	á 4. janúar 2019	4. júlí 2020	—	—
34.	1,2-bensendíkarboxýlsýra, dí-C6-8-greinóttir alkýlestrar, C7-auðug EB-nr.: 276-158-1 CAS-nr.: 71888-89-6	Hefur eiturhrif á æxlun (undirflokkur 1B)	á 4. janúar 2019	4. júlí 2020	—	—
35.	1,2-bensendíkarboxýlsýra, dí-C 7–11, greinóttir og línulegir esterar EB-nr.: 271-084-6 CAS-nr.: 68515-42-4	Hefur eiturhrif á æxlun (undirflokkur 1B)	á 4. janúar 2019	4. júlí 2020	—	—
36.	1,2-bensendíkarboxýlsýra, dípentýlester, greinótt og línuleg EB-nr.: 284-032-2 CAS-nr.: 84777-06-0	Hefur eiturhrif á æxlun (undirflokkur 1B)	á 4. janúar 2019	4. júlí 2020	—	—
37.	Bis(2-metoxýetýl)þalat EB-nr.: 204-212-6 CAS-nr.: 117-82-8	Hefur eiturhrif á æxlun (undirflokkur 1B)	á 4. janúar 2019	4. júlí 2020	—	—
38.	Dípentýlþalat EB-nr.: 205-017-9 CAS-nr.: 131-18-0	Hefur eiturhrif á æxlun (undirflokkur 1B)	á 4. janúar 2019	4. júlí 2020	—	—

Færslunúmer	Efni	Eðlislægir eiginleikar, eða eiginleiki, sem um getur í 57. gr.	Umbreytingarfyrirkomulag		Undanþegin notkun (notkunarflokkar)	Endurskoðun artímabil
			Síðasti skiladagur fyrir umsóknir ⁽¹⁾	Lokadagur ⁽²⁾		
39.	N-pentýl-ísópentýlþalat EB-nr.: — CAS-nr.: 776297-69-9	Hefur eiturhrif á æxlun (undirflokkur 1B)	4. janúar 2019	4. júlí 2020	—	—
40.	Antrasenólía EB-nr.: 292-602-7 CAS-nr.: 90640-80-5	Krabbameinsvaldandi (undirflokkur 1B)***, PBT-efni, vPvB-efni	4. apríl 2019	4. október 2020	—	—
41.	Bik, úr háhitakoltjöru. EB-nr.: 266-028-2 CAS-nr.: 65996-93-2	Krabbameinsvaldandi (undirflokkur 1B), PBT-efni, vPvB-efni	4. apríl 2019	4. október 2020	—	—
42.	4-(1,1,3,3-tetrametýlbútýl)fenól, etoxýlað (nær yfir vel skilgreind efni og UVCB-efni, fjölliður og raðkvæmi) EB-nr.: — CAS-nr.: —	Innkirtlatruflandi eiginleikar (f-liður 57. gr. — umhverfi)	4. júlí 2019	4. janúar 2021	—	—
43.	4-nónýlfenól, greinótt og línulegt, etoxýlað (efni með línulega og/eða greinótta alkýlkeðju með kolefnistöluna 9 sem tengist með samgildum tengjum í stöðu 4 við fenól, etoxýlað sem nær yfir UVCB-efni og vel skilgreind efni, fjölliður og raðkvæmi, þ.m.t. allar einstakar hverfur og/eða samsetning þeirra) EB-nr.: — CAS-nr.: —	Innkirtlatruflandi eiginleikar (f-liður 57. gr. — umhverfi)	4. júlí 2019	4. janúar 2021	—	—“

⁽¹⁾ Dagsetning sem um getur í ii.-lið c-liðar 1. mgr. 58. gr.

⁽²⁾ Dagsetning sem um getur í i.-lið c-liðar 1. mgr. 58. gr.

- Táknið „(*)“ er sett inn við dagsetninguna sem tilgreind er í dálknum „Síðasti skiladagur fyrir umsóknir“ fyrir eftirfarandi færslunúmer efna: 4, 5, 6, 7, 10, 11, 12, 14, 15, 16, 17, 18, 19, 20, 21, 22, 23, 25, 27, 28, 29, 30 og 31.
- Táknið „(**)“ er sett inn við dagsetninguna sem tilgreind er í dálknum „Lokadagur“ fyrir eftirfarandi færslunúmer efna: 4, 5, 6, 7, 10, 11, 12, 14, 15, 16, 17, 18, 19, 20, 21, 22, 23, 25, 27, 28, 29, 30 og 31.

4. Eftirfarandi athugasemdir er bætt við á eftir töflunni:

- „(*) Hinn 1. september 2019 fyrir notkun á efninu við framleiðslu á varahlutum til viðgerða á hlutum ef framleiðslu þeirra var hætt eða verður hætt fyrir lokadaginn sem tilgreindur er í færslunni fyrir það efni, ef efnið var notað við framleiðslu á þessum hlutum og hlutirnir virka ekki sem skyldi án viðkomandi varahlutar, og fyrir notkun á efninu (einu og sér eða í blöndu) til viðgerðar á slíkum hlutum ef efnið, eitt og sér eða í blöndu, var notað við framleiðslu á þessum hlutum og ekki er unnt að gera við hlutina án þess að nota viðkomandi efni.
- (**) Hinn 1. mars 2021 fyrir notkun á efninu við framleiðslu á varahlutum til viðgerða á hlutum ef framleiðslu þeirra var hætt eða verður hætt fyrir lokadaginn sem tilgreindur er í færslunni fyrir það efni, ef efnið var notað við framleiðslu á þessum hlutum og hlutirnir virka ekki sem skyldi án viðkomandi varahluta, og fyrir notkun á efninu (einu og sér eða í blöndu) til viðgerðar á slíkum hlutum ef efnið var notað við framleiðslu á þessum hlutum og ekki er unnt að gera við hlutina án þess að nota viðkomandi efni.
- (***) Uppfyllir ekki viðmiðanir til að flokkast sem krabbameinsvaldur ef það inniheldur < 0,005% bensó[a]pýren miðað við þyngd (Einecs-nr. 200-028-5)“
-

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/1000

2017/EES/67/77

frá 13. júní 2017

um breytingu á XVII. viðauka (viðvíkjandi perflúoroktansýru (PFOA), söltum hennar og skyldum efnum) við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB ⁽¹⁾, einkum 1. mgr. 68. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Perflúoroktansýra (PFOA), sölt hennar og skyld efni ⁽²⁾ hafa nokkra sérþæka eiginleika, t.d. mikla núningsmótstöðu, rafefnaeiginleika, þol gagnvart hita og hvarfmiðlum og litla yfirborðsorku. Þau eru notuð í ýmsum tilgangi, s.s. við framleiðslu á flúorfjöllidum og teygjanlegum flúorfjöllidum, sem yfirborðsvirk efni í slökkvifroður og í textílefna- og pappírframleiðslu sem fæli efni fyrir vatn, fitu, olíu og/eða óhreinindi.
- 2) Hinn 14. júní 2013 skilgreindi nefnd aðildarríkjanna, sem um getur í e-lið 1. mgr. 76. gr reglugerðar (EB) nr. 1907/2006, perflúoroktansýru sem þrávirkt efni sem safnast fyrir í lífverum og er eitrad (PBT-efni) í samræmi við d-lið 57. gr. þeirrar reglugerðar. Hinn 20. júní 2013 var perflúoroktansýra færð á skrá yfir efni sem koma til greina sem sérlega varasöm efni til hugsanlegar færslu þess á skrá í XVI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006.
- 3) Hinn 17. október 2014 lögðu Þýskaland og Noregur málsskjöl ⁽³⁾ fyrir Efnastofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Efnastofnunin) skv. 4. mgr. 69. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 (hér á eftir nefnd málsskjöl skv. XV. viðauka) þar sem þau lögðu til að framleiðsla perflúoroktansýru, salta hennar og skyldra efna, setning þeirra á markað og notkun verði takmörkuð í því skyni að bregðast við áhættu fyrir heilbrigði manna og umhverfið. Þýskaland og Noregur lögðu til styrkleikamörk sem nema 2 milljarðshlutum fyrir þessi efni í öðrum efnum, blöndum eða hlutum og lögðu ekki til undanþágur nema fyrir notaða hluti þar sem hægt er að sýna fram á endanlega notkun í Sambandinu fyrir gildistöðudag takmörkunarinnar.
- 4) Hinn 8. september 2015 samþykkti áhættumatsnefnd Efnastofnunarinnar álit sitt þar sem hún komst að þeirri niðurstöðu, með fyrirvara um breytingu á gildissviði og skilyrðum sem lögð eru til í málsskjölum skv. XV. viðauka, að almenn takmörkun á framleiðslu perflúoroktansýru, salta hennar og skyldra efna, notkun þeirra og setningu á markað sé heppilegasta ráðstöfunin á vettvangi Sambandsins til að bregðast við greindum áhættum að því er varðar skilvirkni við að draga úr þessum áhættum. Áhættumatsnefndin lagði til tvö mismunandi styrkleikamörk, þ.e.a.s. 25 milljarðshluta fyrir perflúoroktansýru og sölt hennar og 1 000 milljarðshluta fyrir eitt skylt efni perflúoroktansýru, eða samsetningu af skyldum efnum, í öðrum efnum, blöndum eða hlutum, sem endurspeglar hugsanlega tilvist óhjákvæmilegra óhreininda og ófyrirséðra aðskotaefna og að teknu tilliti til getu greiningaraðferða. Áhættumatsnefndin lagði til að ljósmyndahúðun á filmum, pappír eða prentplötum, ígræðanleg lækningateki og efni eða blöndur sem eru notaðar í hálfleiðara og rásaprentun verði undanþegin takmörkuninni, að teknu tilliti til tiltölulega lítilla umhverfisáhrifa og langs útskiptitíma. Áhættumatsnefndin lagði einnig til að notkun efna, sem einangruð milliefni sem eru flutt, verði undanþegin, í því skyni að gera kleift að framleiða staðgöngukosti, sem og setning notaðra hluta á markað.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 150, 14.6.2017, bls. 14. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 170/2017 frá 22. september 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1.

⁽²⁾ Skyld efni perflúoroktansýru eru efni sem, á grundvelli sameindabyggingar þeirra, teljast hafa getu til að brotna niður eða umbreytast í perflúoroktansýru.

⁽³⁾ <http://echa.europa.eu/documents/10162/e9cddee6-3164-473d-b590-8fc9caa50e7>

- 5) Hinn 4. desember 2015 samþykkti nefnd Efnastofnunarinnar um félagshagfræðilega greiningu álit sitt þar sem bent var á að takmörkunin, sem lögð er til í málsskjölunum skv. XV. viðauka, eins og þeim var breytt af áhættumatsnefndinni og nefndinni um félagshagfræðilega greiningu, sé heppilegasta ráðstöfunin á vettvangi Sambandsins til að bregðast við greindum áhættum, með hliðsjón af félagslegum og hagrænum ávinningi hennar og félagslegum og hagrænum kostnaði af henni.
- 6) Nefndin um félagshagfræðilega greiningu var samþykk þeim undanþágum sem áhættumatsnefndin lagði til. Þar að auki lagði nefndin um félagshagfræðilega greiningu til þriggja ára frestun á takmörkuninni í stað þeirra 18 mánaða sem lagðir voru til í málsskjölum skv. XV. viðauka til að gera hagsmunaaðilum kleift að grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að fara að tilskildum reglum. Á grundvelli félagslegra og hagrænna þátta, s.s. mikils kostnaðar, verulegs efnahagsálags, skorts á staðgöngukostum, tiltölulega lítill losunar út í umhverfið og neyðarnotkunar með miklum samfélagslegum ávinningi, lagði nefndin um félagshagfræðilega greiningu til lengri fresti að því er varðar takmörkunina fyrir latexprentblek, textílfeni til að vernda starfsmenn, himnur sem eru ætlaðar í textílfeni sem eru notuð í læknisfræðilegum tilgangi, síun í vatnsmeðhöndlun, framleiðsluferli og skólphreinsun, tiltekna rafgasnanóhúð (e. *plasma nano-coating*) og lækningatæki sem ekki eru ígræðanleg.
- 7) Nefndin um félagshagfræðilega greiningu lagði einnig til að slökkvifroður, sem þegar hafa verið settar á markað fyrir gildistöku dag takmörkunarinnar, verði undanþegar frá tillagðri takmörkun ásamt búnaði til framleiðslu á hálfleiðurum.
- 8) Haft var samráð við gagnaskiptatorg Efnastofnunarinnar vegna framkvæmdar, sem um getur í f-lið 1. mgr. 76. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006, meðan á takmörkunarferlinu stóð og tekið var tillit til álits þess.
- 9) Hinn 12. janúar 2016 lagði Efnastofnunin álit áhættumatsnefndarinnar og nefndarinnar um félagshagfræðilega greiningu ⁽¹⁾ fyrir framkvæmdastjórnina.
- 10) Framkvæmdastjórnin komst að þeirri niðurstöðu, á grundvelli þessara álita, að framleiðsla perflúoroktansýru, salta hennar og skyldra efna, notkun þeirra eða setning á markað, ein og sér, sem efnisþáttur í öðrum efnum, í blöndum eða í hlutum, hafi í för með sér óviðunandi áhættu fyrir heilbrigði manna og umhverfið. Framkvæmdastjórnin telur að fjalla verði um þessa áhættu á vettvangi Sambandsins.
- 11) Perflúoroktansúlfónsýra (PFOS) og afleiður hennar ættu að vera undanþegar tillagðri takmörkun þar eð þau efni heyra þegar undir reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 850/2004 ⁽²⁾. Óhjákvæmileg framleiðsla perflúoroktansýru við framleiðslu á iðefnum sem innihalda flúor með kolefniskeðju úr sex eða færri frumeindum ætti einnig að vera undanþegin tillagðri takmörkun.
- 12) Líkt og nefndin um félagshagfræðilega greiningu lagði til ætti að fresta beitingu takmörkunarinnar almennt um þrjú ár og lengur í tengslum við tiltekna geira í því skyni að gera hagsmunaaðilum kleift að fara að tillagðri takmörkun. Stöðluð greiningaraðferð er fyrir hendi til að ákvarða útdraganlega perflúoroktansúlfónsýru í húðuðum og gegndreyptum föstum hlutum, vökvum og slökkvifroðu (CEN/TS 15968:2010) sem að öllum líkindum er hægt að aðlaga þannig að hún nái einnig yfir perflúoroktansýru og skyld efni með viðeigandi greiningarmörkum en sem stendur er slík staðalaðferð ekki fyrir hendi fyrir útdrátt og efnagreiningu þessara efna. Frestunartímabilið fyrir takmörkunina ætti að gera kleift að þróa enn frekar hentugar greiningaraðferðir sem hægt er að nota á alla efniviði.
- 13) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 1907/2006 til samræmis við það.
- 14) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 133. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

⁽¹⁾ <https://echa.europa.eu/documents/10162/2f0dfce0-3dcf-4398-8d6b-2e59c86446be>

⁽²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 850/2004 frá 29. apríl 2004 um þrávirk, lífræn mengunarefni og um breytingu á tilskipun 79/117/EEB (Stjtið. ESB L 158, 30.4.2004, bls. 7).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. júní 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Í XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 bætist eftirfarandi færsla við:

<p>„68. Perflúoroktansýra (PFOA) CAS-nr. 335-67-1 EB-nr. 206-397-9 og sölt hennar. Öll skyld efni (þ.m.t. sölt hennar og fjölliður) með línulegan eða greinóttan perflúorheptylhóp með formúluna C_7F_{15}- sem tengist beint öðru kolefnisatómi sem einn af byggingarþáttunum. Öll skyld efni (þ.m.t. sölt hennar og fjölliður) með línulegan eða greinóttan perflúoroktylhóp með formúluna C_8F_{17}- sem einn af byggingarþáttunum. Eftirfarandi efni eru undanþegin þessari tilgreiningu: — $C_8F_{17}-X$, þar sem $X = F, Cl, Br$. — $C_8F_{17}-C(=O)OH$, $C_8F_{17}-C(=O)O-X'$ eða $C_8F_{17}-CF_2-X'$ (þar sem $X' =$ allir hópar, þ.m.t. sölt).</p>	<p>1. Skal ekki framleitt eða sett á markað sem efni, eitt og sér, frá og með 4. júlí 2020. 2. Skal ekki notað, frá og með 4. júlí 2020, við framleiðslu á eða sett á markað í: a) öðru efni, sem efnisþáttur, b) blöndu, c) hlut, í styrk sem er jafn eða yfir 25 milljarðshlutum af perflúoroktansýru, þ.m.t. sölt hennar, eða 1 000 milljarðshlutar í einu efni eða samsetningu af efnum skyldum perflúoroktansýru. 3. Ákvæði 1. og 2. liðar skulu koma til framkvæmda frá og með: a) 4. júlí 2022 um: i. búnað sem notaður er til framleiðslu á hálfleiðurum, ii. latexprentblek. b) 4. júlí 2023 um: i. textílefni til að vernda starfsmenn gegn áhættu fyrir heilbrigði þeirra og öryggi, ii. himnur sem eru ætlaðar í textílefni sem eru notuð í læknisfræðilegum tilgangi, síun í vatnsmeðhöndlun, framleiðsluferli og skólphreinsun, iii. rafgasnanóhúð. c) 4. júlí 2032 um lækningatæki önnur en ígræðanleg lækningatæki innan gildissviðs tilskipunar 93/42/EBE. 4. Ákvæði 1. og 2. liðar gilda ekki um eftirfarandi: a) perflúoroktansúlfónsýru og afleiður hennar sem tilgreindar eru í A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 850/2004, b) framleiðslu á efni þar sem þetta verður til sem óhjákvæmileg aukaafurð við framleiðslu á íðefnum sem innihalda flúor með kolefniskeðju úr sex eða færri frumeindum, c) efni sem á að nota eða sem er notað sem einangrað milliefni sem er flutt, að því tilskildu að skilyrðin í a-til f-lið í 4. mgr. 18. gr. þessarar reglugerðar séu uppfyllt, d) efni, efnisþáttur í öðru efni eða blöndu sem á að nota eða sem er notuð: i. við framleiðslu á ígræðanlegum lækningatækjum innan gildissviðs tilskipunar 93/42/EBE,</p>
---	---

- ii. í ljósmyndahúðun á filmum, pappír eða prentplötum,
 - iii. í rásaprentun fyrir hálfleiðara eða ætingu fyrir samsetta hálfleiðara,
 - e) þykktar slökkvifroðublöndur sem voru settar á markað fyrir 4. júlí 2020 og á að nota eða eru notaðar við framleiðslu á öðrum slökkvifroðublöndum.
5. Ákvæði b-liðar 2. liðar gildir ekki um slökkvifroðublöndur sem voru:
- a) settar á markað fyrir 4. júlí 2020 eða
 - b) framleiddar í samræmi við e-lið 4. liðar, að því tilskildu að ef þær eru notaðar til þjálfunar sé losun út í umhverfið haldið í lágmarki og frárennsli, sem safnast saman, sé fargað á öruggan hátt.
6. Ákvæði c-liðar 2. liðar gilda ekki um:
- a) hluti sem eru settir á markað fyrir 4. júlí 2020,
 - b) ígræðanleg lækningataeki sem eru framleidd í samræmi við i. lið d-liðar 4. liðar,
 - c) hluti sem eru húðaðir með ljósmyndahúðun sem um getur í ii. lið d-liðar 4. liðar,
 - d) hálfleiðara eða samsetta hálfleiðara sem um getur í iii. lið d-liðar 4. liðar.“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/776

2017/EES/67/78

frá 4. maí 2017

um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna í því skyni að laga hana að framförum í tækni og vísindum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, um breytingu og niðurfellingu á tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1907/2006 ⁽¹⁾, einkum 5. mgr. 37. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í töflu 3.1 í 3. hluta VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 er skrá yfir samræmda flokkun og merkingu hættulegra efna sem byggist á þeim viðmiðunum sem settar eru fram í 2.–5. hluta I. viðauka við þá reglugerð.
- 2) Tillögur um nýjar, uppfærðar eða brottfelldar, samræmdar flokkanir og merkingar á tilteknum efnum hafa verið lagðar fyrir Efnastofnun Evrópu skv. 37. gr. reglugerðar (EB) nr. 1272/2008. Samkvæmt álitum á þeim tillögum sem áhættumatsnefnd Efnastofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd áhættumatsnefndin) gaf út, sem og athugasemdum sem bárust frá hlutaðeigandi aðilum, er rétt að innleiða, uppfæra eða fella brott samræmda flokkun og merkingu á tilteknum efnum.
- 3) Matsgildi bráðra eiturhrifa eru aðallega notuð til að ákvarða flokkun fyrir brád eiturhrif á heilbrigði manna af völdum blandna sem innihalda efni sem eru flokkuð með tilliti til bráðra eiturhrifa. Innfærsla samræmdra matsgilda bráðra eiturhrifa í færslurnar sem tilgreindar eru í VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 myndi auðvelda samræmingu flokkunar á blöndum og veita eftirlitsyfirvöldum stuðning. Bæta ætti matsgildum bráðra eiturhrifa, sem eru samræmd í samræmi við 37. gr., við í næstsíðasta dálk töflu 3.1 í 3. hluta VI. viðauka við þá reglugerð. Samkvæmt e-lið 1. mgr. 38. gr. skal tilgreina þessi gildi í álitum og ákvörðunum um samræmda flokkun. Af þessum sökum ætti að breyta fyrirögn dálksins í töflu 3.1 í 3. hluta ásamt lið 1.1.2.3 í 1. hluta VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008.
- 4) Ekki ætti að gera þá kröfu að farið sé að nýju, samræmdu flokkuninni og nýja ákvæðinu um matsgildi bráðra eiturhrifa í lið 1.1.2.3 í 1. hluta VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 þegar í stað þar eð nauðsynlegt er að veita birgjum tiltekinn frest til að aðlaga merkingar og pökkun efna og blandna að nýju flokkuninni og selja fyrirbyggjandi birgðir. Sá frestur er einnig nauðsynlegur til að gera birgjum kleift að aðlagast að og fara að öðrum lagalegum skuldbindingum sem leiða af nýju samræmdu flokkuninum á efnum eins og þeim sem settar eru fram í f-lið 22. gr. eða 23. gr. reglugerðar

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 116, 5.5.2017, bls. 1. Hendar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 172/2017 frá 22. september 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1.

Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 ⁽¹⁾, þeim sem settar eru fram í 50. gr. reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 ⁽²⁾ eða þeim sem settar eru fram í 44. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 ⁽³⁾.

- 5) Tafla 3.2 í VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008, þar sem er skrá yfir samræmda flokkun og merkingu hættulegra efna sem byggist á þeim viðmiðunum sem settar eru fram í tilskipun ráðsins 67/548/EBE ⁽⁴⁾, hefur verið felld brott frá og með 1. júní 2017. Til að gæta samræmis ætti að fella brott tilvísanir í töflu 3.2 í 1. og 3. hluta VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 frá og með sama degi. Til glöggvunar ætti tafla 3.1 í VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 að verða tafla 3 og ætti að breyta öllum tilvísunum í töflu 3.1 í þessum viðauka til samræmis við það.
- 6) Tilskipun 67/548/EBE og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/45/EB ⁽⁵⁾ voru felldar úr gildi frá og með 1. júní 2015. Til að gæta samræmis ætti að fella brott tilvísanirnar í þær tilskipanir í inngangshluta og í 1. og 3. hluta VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 samhliða breytingunum sem varða tilvísanirnar í töflu 3.1 og 3.2 í VI. viðauka við þá reglugerð, sem gilda frá og með 1. júní 2017 sem er dagsetningin sem kveðið er á um í 4. mgr. 61. gr. reglugerðar (EB) nr. 1272/2008, en fyrir þann dag þurfa blöndur, sem eru flokkaðar, merktar og þeim pakkað í samræmi við tilskipun 1999/45/EB og settar á markað fyrir 1. júní 2015, ekki að vera endurmerktar og endurpakkaðar í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1272/2008.
- 7) Breyta ætti reglugerð (EB) nr. 1272/2008 til samræmis við það.
- 8) Í samræmi við umbreytingarákvæði reglugerðar (EB) nr. 1272/2008, sem heimila að nýjum ákvæðum sé beitt fyrr og af frjálsum vilja, skal birgjum gefinn kostur á að beita nýju, samræmdu flokkuninni og að aðlaga merkingu og pökkun til samræmis við það að eigin frumkvæði fyrir lokadaginn til að uppfylla ákvæðin.
- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 133. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

1. Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

⁽¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB (Stjttíð. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1).

⁽²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra (Stjttíð. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1).

⁽³⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE (Stjttíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls.1).

⁽⁴⁾ Tilskipun ráðsins 67/548/EBE frá 27. júní 1967 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna (Stjttíð. EB L 196, 16.8.1967, bls. 1).

⁽⁵⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/45/EB frá 31. maí 1999 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efnablandna (Stjttíð. EB L 200, 30.7.1999, bls. 1).

2. Reglugerð þessi kemur til framkvæmda frá og með 1. desember 2018.

Ákvæði 1. liðar, a-, b-, d-, e-, f-, g-, h-, i- og j-liðar 2. liðar og a- og b-liðar 3. liðar í viðaukanum koma til framkvæmda frá og með 1. júní 2017.

3. Þrátt fyrir 2. mgr. er heimilt að flokka, merkja og pakka efnum og blöndum í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1272/2008, eins og henni er breytt með þessari reglugerð, fyrir 1. desember 2018.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. maí 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Ákvæðum VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 er breytt sem hér segir:

1) Í stað inngangsmálgreinanna komi eftirfarandi:

„Í 1. hluta þessa viðauka má finna inngang að skránni yfir samræmda flokkun og merkingu, þ.m.t. upplýsingar fyrir hverja færslu og tengda flokkun og hættusetningar í töflu 3.

Í 2. hluta þessa viðauka er mælt fyrir um almennar meginreglur um samantekt málsskjala í því skyni að leggja til og færa rök fyrir samræmdri flokkun og merkingu efna á vettvangi Sambandsins.

Í 3. hluta þessa viðauka er skrá yfir hættuleg efni sem falla undir samræmda flokkun og merkingu á vettvangi Sambandsins. Í töflu 3 byggist flokkun og merking á viðmiðunum í I. viðauka við þessa reglugerð.“

2) Ákvæðum 1. hluta er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrirsagnar í lið 1.1.2 komi eftirfarandi:

„1.1.2. **Upplýsingar í tengslum við flokkun og merkingu hvorrar færslu í töflu 3**“.

b) Í stað liðar 1.1.2.3 komi eftirfarandi:

„1.1.2.3. *Sértæk styrkleikamörk, M-stuðlar og matsgildi bráðra eiturhrifa*

Ef sértæk styrkleikamörk eru önnur en almennu styrkleikamörkin, sem tilgreind eru í I. viðauka fyrir tiltekinn undirflokk, eru þau tilgreind í sérstökum dálki ásamt viðkomandi flokkun með sömu kóðum og í lið 1.1.2.1.1. Samræmd matsgildi bráðra eiturhrifa eru einnig tilgreind í sama dálki í töflu 3. Framleiðandi, innflytjandi eða eftirnotandi skal nota sértæk styrkleikamörk og samræmd matsgildi bráðra eiturhrifa við flokkun blöndu sem inniheldur þetta efni. Þegar matsgildi bráðra eiturhrifa er notað skal beita samlegðarformúlunni eins og henni er lýst í 3.1.3.6 í I. viðauka. Ef engin sértæk styrkleikamörk eru tilgreind í þessum viðauka fyrir tiltekinn undirflokk skal nota almennu styrkleikamörkin í I. viðauka fyrir flokkun efna, sem innihalda óhreinindi, aukefni eða einstaka efnisþætti, eða fyrir blöndur. Ef samræmd matsgildi bráðra eiturhrifa vantar fyrir bráð eiturhrif verður að fastsetja rétta gildið með því að nota fyrirleggjandi gögn.

Ef annað er ekki tekið fram eru styrkleikamörkin hundradshlutar af þyngd efnisins, reiknuð út frá heildarþyngd blöndunnar.

Ef M-stuðull hefur verið samræmdur fyrir efni, sem eru flokkuð sem hættuleg fyrir vatnsumhverfi í 1. undirflokki fyrir bráð eiturhrif eða í 1. undirflokki fyrir langvinn eiturhrif, er sá M-stuðull tilgreindur í töflu 3 í sama dálki og sértæku styrkleikamörkin. Ef M-stuðull fyrir 1. undirflokk fyrir bráð eiturhrif á vatnsumhverfi og M-stuðull fyrir 1. undirflokk fyrir langvinn eiturhrif á vatnsumhverfi hafa verið samræmdir, skal hvor M-stuðull fyrir sig tilgreindur í sömu línu og samsvarandi áhrifategund. Ef M-stuðull er gefinn upp í töflu 3 og efnið er flokkað sem hættulegt fyrir vatnsumhverfi í 1. undirflokki fyrir bráð eiturhrif og í 1. undirflokki fyrir langvinn eiturhrif skal framleiðandi, innflytjandi eða eftirnotandi nota þann M-stuðul til flokkunar á blöndu sem inniheldur þetta efni, vegna bráðra og langvinnra eiturhrifa, og nota til þess summuaðferðina. Ef M-stuðull er ekki tilgreindur í töflu 3 skal framleiðandinn, innflytjandinn eða eftirnotandinn ákvarða M-stuðul eða stuðla á grundvelli tiltækra gagna um efnið. Upplýsingar um ákvörðun M-stuðla og notkun þeirra má finna í lið 4.1.3.5.5 í I. viðauka.“

c) Lið 1.1.3.1 er breytt sem hér segir:

i. Athugasemd E falli brott.

ii. Í stað athugasemdar K komi eftirfarandi:

„Athugasemd K:

Ekki er nauðsynlegt að flokka efnið sem krabbameinsvald eða stökkbreytivald ef unnt er að sýna fram á að í því sé minna en 0,1% af 1,3-bútadíeni (EINECS-númer 203-450-8), miðað við þyngd. Ef efnið er ekki flokkað sem krabbameinsvaldur eða stökkbreytivaldur skal a.m.k. nota varnaðarsetningarnar (V102-)V210-V403. Þessi athugasemd á aðeins við tiltekin, flókin efni í 3. hluta sem unnin eru úr olíu.“

iii. Í stað athugasemdar P komi eftirfarandi:

„Athugasemd P:

Ekki er nauðsynlegt að flokka efnið sem krabbameinsvald eða stökkbreytivald ef unnt er að sýna fram á að í því sé minna en 0,1% af benseni (EINECS-nr. 200-753-7), miðað við þyngd.

Ef efnið er ekki flokkað sem krabbameinsvaldur skal a.m.k. nota varnaðarsetningarnar (V102-)V260-V262-V301 + V310-V331.

Þessi athugasemd á aðeins við tiltekin, flókin efni í 3. hluta sem unnin eru úr olíu.“

iv. Í stað athugasemdar S komi eftirfarandi:

„Athugasemd S:

Ekki er endilega þörf á að merkja þetta efni skv. 17. gr. (sjá lið 1.3 í I. viðauka) (tafla 3).“

v. Í stað fyrirsagnar í athugasemd U komi eftirfarandi:

„Athugasemd U (tafla 3):“

d) Lið 1.1.3.2 er breytt sem hér segir:

i. Í stað 1. athugasemdar komi eftirfarandi:

„1. athugasemd:

Styrkurinn, sem gefinn er upp, eða, ef enginn styrkur er gefinn upp, almennu styrkleikamörkin sem sett eru fram í þessari reglugerð, er hundraðshluti þyngdar málmfrumefnis, reiknaður út frá heildarþyngd blöndunnar.“

ii. Eftirfarandi 8. athugasemd bætist við sem hér segir:

„8. athugasemd:

Ekki er nauðsynlegt að flokka efnið sem krabbameinsvald ef unnt er að sýna fram á að fræðilegur hámarksstyrkur formaldehýðs, sem unnt er að leysa, óháð uppruna, í blöndunni eins og hún er sett á markað er undir 0,1%.“

iii. Eftirfarandi 9. athugasemd bætist við sem hér segir:

„9. athugasemd:

Ekki er nauðsynlegt að flokka efnið sem stökkbreytivald ef unnt er að sýna fram á að fræðilegur hámarksstyrkur formaldehýðs, sem unnt er að leysa, óháð uppruna, í blöndunni eins og hún er sett á markað er undir 1%.“

e) Liður 1.1.4 falli brott.

f) Í stað fyrirsagnar í lið 1.2 komi eftirfarandi:

„1.2. **Flokkun og hættusetningar í töflu 3 er varða umbreytingu flokkunarinnar í I. viðauka við tilskipun 67/548/EBE**“

g) Í stað liðar 1.2.1 komi eftirfarandi:

„1.2.1. **Lágmarksflokkun**

Að því er varðar tiltekna hættuflokka, þ.m.t. bráð eiturrhif og SEM, endurtekin váhrif, svarar flokkunin samkvæmt viðmiðununum í tilskipun 67/548/EBE ekki beint til flokkunarinnar í hættuflokk og -undirflokk í þessari reglugerð. Í slíkum tilvikum telst flokkunin í þessum viðauka vera lágmarksflokkun. Þessi flokkun skal notuð ef hvorugt eftirfarandi skilyrða er uppfyllt:

- framleiðandinn eða innflytjandinn hefur aðgang að gögnum eða öðrum upplýsingum, sem tilgreindar eru í 1. hluta í I. viðauka, sem leiða til flokkunar í strangari undirflokk samanborið við lágmarksflokkunina. Í slíkum tilvikum þarf að nota flokkunina í strangari undirflokkinn,
- unnt er að gera lágmarksflokkunina nákvæmari á grundvelli umbreytingartöflunnar í VII. viðauka ef framleiðandanum eða innflytjandanum er kunnugt um eðlisástand efnisins sem notað er í prófun á bráðum eiturrhifum við innöndun. Í slíkum tilvikum kemur flokkunin úr VII. viðauka í stað lágmarksflokkunarinnar í þessum viðauka séu þær ólíkar.

Lágmarksflokkun fyrir undirflokk er gefin til kynna með tilvísuninni * í dálkinum „flokkun” í töflu 3.

Einnig má finna tilvísunina * í dálkinum „sértæk styrkleikamörk og margföldunarstuðlar og matsgildi bráðra eiturrhifa” þar sem hún gefur til kynna að viðkomandi færsla hafði sértæk styrkleikamörk samkvæmt tilskipun 67/548/EBE að því er varðar bráð eiturrhif. Ekki er unnt að umbreyta þessum styrkleikamörkum í styrkleikamörk sem samræmast þessari reglugerð, einkum ef lágmarksflokkun er tilgreind. Þegar tilvísunin * kemur fram gæti flokkunin fyrir bráð eiturrhif að því er varðar þessa færslu hins vegar verið sérstakt áhyggjuefni.“

h) Í stað liðar 1.2.2 komi eftirfarandi:

„1.2.2. **Ekki er unnt að útiloka váhrifaleið**

Að því er varðar tiltekna hættuflokka, t.d. SEM, skal aðeins tilgreina váhrifaleiðina í hættusetningunni ef það hefur verið sannað með óyggjandi hætti að engin önnur váhrifaleið geti valdið hættunni í samræmi við viðmiðunina í I. viðauka. Samkvæmt tilskipun 67/548/EBE var váhrifaleiðin tilgreind fyrir flokka með H48 þegar gögn lágu fyrir til stuðnings flokkuninni fyrir þessa váhrifaleið. Flokkuninni samkvæmt tilskipun 67/548/EBE, þar sem váhrifaleiðin er tilgreind, hefur verið umbreytt í samsvarandi flokk og undirflokk í samræmi við þessa reglugerð en með almennri hættusetningu þar sem váhrifaleiðin er ekki tilgreind þar eð nauðsynlegar upplýsingar liggja ekki fyrir.

Þessar hættusetningar eru tilgreindar með tilvísuninni ** í töflu 3.“

i) Í stað liðar 1.2.3 komi eftirfarandi:

„1.2.3. **Hættusetningar fyrir eiturrhif á æxlun**

„Hættusetningar H360 og H361 gefa til kynna almennar áhyggjur með tilliti til áhrifa á frjósemi og/eða þroskun: „Getur haft skaðleg áhrif/Grunað um að hafa skaðleg áhrif á frjósemi eða börn í móðurkviði”. Samkvæmt viðmiðununum getur hættusetningin sem gefur til kynna þann eiginleika sem veldur áhyggjum komið í stað almennu hættusetningarinnar, í samræmi við lið 1.1.2.1.2. Ef ekki er minnst á aðra aðgreiningu er það vegna gagna sem ekki sanna að slík áhrif séu fyrir hendi, gagna sem eru ófullnægjandi eða vöntunar á gögnum, og gilda skyldurnar í 3. mgr. 4. gr. um þá aðgreiningu.

Til að tapa ekki upplýsingum úr samræmdu flokkuninni fyrir áhrif á frjósemi og þroskun samkvæmt tilskipun 67/548/EBE hefur flokkuninni aðeins verið umbreytt að því er varðar þau áhrif sem eru flokkuð samkvæmt þeirri tilskipun.

Þessar hættusetningar eru tilgreindar með tilvísuninni *** í töflu 3.“

j) Í stað liðar 1.2.4 komi eftirfarandi:

„1.2.4. **Rétt flokkun eðlisrænna hættna ekki möguleg**

Að því er varðar tilteknar færslur var ekki unnt að fastsetja rétta flokkun fyrir eðlisrænar hættur vegna þess að ekki liggja fyrir fullnægjandi gögn fyrir notkun flokkunarviðmiðananna í þessari reglugerð. Færslan getur fallið undir annan (einnig hærri) undirflokk eða jafnvel annan hættuflokk en tilgreint er. Staðfesta skal rétta flokkun með prófun.

Færslur með eðlisrænum hættum sem þarf að staðfesta með prófun eru merktar með tilvísuninni **** í töflu 3.“

3) Ákvæðum 3. hluta er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrirsagnar í 3. hluta komi eftirfarandi:

„3. 3. HLUTI: SAMRÆMD FLOKKUNAR- OG MERKINGARTAFLA“

b) Inngangsmálgreinarnar falli brott.

c) Í stað fyrirsagnarinnar við töflu 3.1 komi eftirfarandi:

„**Tafla 3**

Skrá yfir samræmda flokkun og merkingu hættulegra efna“

d) Töflu 3 er breytt sem hér segir:

i. Í stað fyrirsagnarinnar í næstsíðasta dálkinum komi „Sértæk styrkleikamörk, M-stuðlar og matsgildi bráðra eiturhrifa“.

- ii. Í stað færslunnar sem svara til skrárnúmeranna 006-046-00-8, 604-057-00-8, 605-023-00-5, 606-041-00-6, 607-123-00-4, 608-055-00-8, 612-150-00-X, 613-318-00-5, 614-001-00-4, 615-013-00-2, 616-006-00-7, 616-094-00-7 og 650-032-00-X komi eftirfarandi samsvarandi færslur:

Skrárnúmer	Alþjóðleg, efnafræðileg auðkenning	EB-nr.	CAS-nr.	Flokkun		Merking			Sértæk styrkleikamörk, M-stuðlar og matsgildi bráðra eiturhrifa	Athugasemdir
				Kóði eða kóðar fyrir hættuflokka og -undirflokka	Kóði eða kóðar fyrir hættusetningar	Kóði eða kóðar fyrir táknmynd, viðvörðunarröð	Kóði eða kóðar fyrir hættusetningar	Kóði eða kóðar fyrir viðbótarhættusetningar		
„006-046-00-8	bendíókarb (ISO), 2,2-dímetyl-1,3-bensódíoxól-4-ýl-N-metýlkarbamat, 2,2-dímetyl-1,3-bensódíoxól-4-ýl-metýlkarbamat	245-216-8	22781-23-3	Bráð eit. 3 Bráð eit. 3 Bráð eit. 2 Bráð eit. á vatn. 1 Langv. eit. á vatn. 1	H331 H311 H300 H400 H410	HSK06 HSK09 Hætta	H331 H311 H300 H410		M = 10 M = 100“	
„604-057-00-8	hvarfmassi: hverfna 2-(2H-bensótríasól-2-ýl)-4-metýl-(n)-dódekýlfenóls, hverfna 2-(2H-bensótríasól-2-ýl)-4-metýl-(n)-tetrakósýlfenóls, hverfna 2-(2H-bensótríasól-2-ýl)-4-metýl-5,6-dídódekýlfenóls. n = 5 eða 6	401-680-5	—	Langv. eit. á vatn. 4	H413		H413“			
„605-023-00-5	5-klór-2-(4-klórfenoxý)fenól, [DCPP]	429-290-0	3380-30-1	Augnsk. 1 Bráð eit. á vatn. 1 Langv. eit. á vatn. 1	H318 H400 H410	HSK05 HSK09 Hætta	H318 H410		M = 10 M = 10“	

Skránumer	Alþjóðleg, efnafræðileg auðkenning	EB-nr.	CAS-nr.	Flokkun		Merking			Sértæk styrkleikamörk, M- stuðlar og matsgildi bráðra eiturhrifa	Athuga- semdir
				Kóði eða kóðar fyrir hættuflokka og -undirflokka	Kóði eða kóðar fyrir hættusetningar	Kóði eða kóðar fyrir táknmynd, viðvörðunarorð	Kóði eða kóðar fyrir hættusetningar	Kóði eða kóðar fyrir viðbótar- hættu- setningar		
„606-041-00-6	2-metýl-1-(4- metýlþíófenýl)-2- morfólínóprópan-1-ón	400-600-6	71868-10-5	Eit. á æxl. 1B Bráð eit. 4 * Langv. eit. á vatn. 2	H360FD H302 H411	HSK08 HSK07 HSK09 Hætta	H360FD H302 H411“			
„607-123-00-4	2,3-epoxýprópýlmetakrýlat, glýsídýlmetakrýlat	203-441-9	106-91-2	Krabb. 1B Stökkbr. 2 Eit. á æxl. 1B Bráð eit. 3 Bráð eit. 4 SEM-VES 3 SEM-EV 1 Augnsk. 1 Húðæt. 1C Húðnæm. 1	H350 H341 H360F H311 H302 H335 H372 (öndunar- vegur) (við innöndun) H318 H314 H317	HSK08 HSK06 HSK05 Hætta	H350 H341 H360F H311 H302 H335 H372 (öndunarvegur) (við innöndun) H314 H317		D“	
„608-055-00-8	fípróníl (ISO), (±)-5-amínó-1-(2,6-díklór- α,α,α-tríflúorparatólýl)-4- tríflúormetýlsúlfínýlpýrasól- 3-karbónítíl	424-610-5	120068-37-3	Bráð eit. 3* Bráð eit. 3* Bráð eit. 3* SEM-EV 1 Bráð eit. á vatn. 1 Langv. eit. á vatn. 1	H301 H311 H331 H372* H400 H410	HSK06 HSK08 HSK09 Hætta	H301 H311 H331 H372* H410		M = 1 000 M = 10 000“	

Skránumer	Alþjóðleg, efnafræðileg auðkenning	EB-nr.	CAS-nr.	Flokkun		Merking			Sértæk styrkleikamörk, M-stuðlar og matsgildi bráðra eiturhrifa	Athugasemdir
				Kóði eða kóðar fyrir hættuflokka og -undirflokka	Kóði eða kóðar fyrir hættusetningar	Kóði eða kóðar fyrir tákmynd, viðvörðunarað	Kóði eða kóðar fyrir hættusetningar	Kóði eða kóðar fyrir viðbótar-hættusetningar		
„612-150-00-X	spíroxamín (ISO), 8-tert-bútýl-1,4-díoxaspiró[4.5]dekan-2-ýlmetýl(etýl)(própýl)amín	—	118134-30-8	Eit. á æxl. 2 Bráð eit. 4 Bráð eit. 4 Bráð eit. 4 SEM-EV 2 Húðert. 2 Húðnæm. 1 Bráð eit. á vatn. 1 Langv. eit. á vatn. 1	H361d H332 H312 H302 H373 (augu) H315 H317 H400 H410	HSK08 HSK07 HSK09 Varúð	H361d H332 H312 H302 H373 (augu) H315 H317 H410		M = 100 M = 100“	
„613-318-00-5	fenpýrasamín (ISO), S-allýl 5-amínó-2,3-díhýdró-2-ísóprópýl-3-oxó-4-(o-tólýl)pýrasól-1-karbópióat, S-allýl 5-amínó-2-ísóprópýl-4-(2-metýlfenýl)-3-oxó-2,3-díhýdrópýrasól-1-karbópióat	—	473798-59-3	Bráð eit. á vatn. 1 Langv. eit. á vatn. 1	H400 H410	HSK09 Varúð	H410		M = 10 M = 1“	
„614-001-00-4	nikótín (ISO), 3-[(2S)-1-metýlpýrrólídín-2-ýl]pýridín	200-193-3	54-11-5	Bráð eit. 2 Bráð eit. 2 Bráð eit. 2 Langv. eit. á vatn. 2	H330 H310 H300 H411	HSK06 HSK09 Hætta	H330 H310 H300 H411		við innöndun: Matsgildi bráðra eiturhrifa = 0.19 mg/L (ryk eða úði)	

Skránumer	Alþjóðleg, efnafræðileg auðkenning	EB-nr.	CAS-nr.	Flokkun		Merking			Sértæk styrkleikamörk, M-stuðlar og matsgildi bráðra eiturhrifa	Athugasemdir
				Kóði eða kóðar fyrir hættuflokka og -undirflokka	Kóði eða kóðar fyrir hættusetningar	Kóði eða kóðar fyrir tákmynd, viðvörðunarsíða	Kóði eða kóðar fyrir hættusetningar	Kóði eða kóðar fyrir viðbótar-hættusetningar		
									um húð: Matsgildi bráðra eiturhrifa = 70 mg/kg um munn: Matsgildi bráðra eiturhrifa (*) = 5 mg/kg	
„615-013-00-2	sýanamíð, karbamónítrífl	206-992-3	420-04-2	Krabb. 2 Eit. á æxl. 2 Bráð eit. 3 Bráð eit. 3 SEM-EV 2 Húðæt. 1 Húðnæm. 1 Augnsk. 1 Langv. eit. á vatn. 3	H351 H361fd H311 H301 H373 (skjaldkirtill) H314 H317 H318 H412	HSK08 HSK06 HSK05 Hætta	H351 H361fd H311 H301 H373 (skjaldkirtill) H314 H317 H412			
„616-006-00-7	díklóflúaníð (ISO), N-[(díklórflúormetýl)þíó]-N',N'-dímetýl-N-fenýlsúlfamíð	214-118-7	1085-98-9	Bráð eit. 4 Augnert. 2 Húðnæm. 1 Bráð eit. á vatn. 1	H332 H319 H317 H400	HSK07 HSK09 Varúð	H332 H319 H317 H400		M = 10	
„616-094-00-7	3,3'-dísyklóhexýl-1,1'-metýlenbis(4,1-fenýlen)díúrea	406-370-3	58890-25-8	Langv. eit. á vatn. 4	H413		H413			

Skránumer	Alþjóðleg, efnafræðileg auðkenning	EB-nr.	CAS-nr.	Flokkun		Merking			Sértæk styrkleikamörk, M-stuðlar og matsgildi bráðra eiturhrifa	Athugasemdir
				Kóði eða kóðar fyrir hættuflokka og -undirflokka	Kóði eða kóðar fyrir hættusetningar	Kóði eða kóðar fyrir tákmynd, viðvörunarorð	Kóði eða kóðar fyrir hættusetningar	Kóði eða kóðar fyrir viðbótar-hættusetningar		
„650-032-00-X	sýprókónasól (ISO), (2RS,3RS;2RS,3SR)-2-(4-klórfenýl)-3-sýklóprópýl-1-(1H-1,2,4-tríasól-1-ýl)bútan-2-ól	—	94361-06-5	Eit. á æxl. 1B Bráð eit. 3 SEM-EV 2 Bráð eit. á vatn. 1 Langv. eit. á vatn. 1	H360D H301 H373 (lifur) H400 H410	HSK08 HSK06 HSK09 Hætta	H360D H301 H373 (lifur) H410		M = 10 M = 1“	

(*) Umreiknað punktmát bráðra eiturhrifa í samræmi við töflu 3.1.2 í I. viðauka.

iii. Eftirfarandi færslur eru felldar inn í samræmi við niðurröðun færslanna sem eru settar fram í töflu 3:

Skránumer	Alþjóðleg, efnafræðileg auðkenning	EB-nr.	CAS-nr.	Flokkun		Merking			Sértæk styrkleikamörk, M-stuðlar og matsgildi bráðra eiturhrifa	Athugasemdir
				Kóði eða kóðar fyrir hættuflokka og -undirflokka	Kóði eða kóðar fyrir hættusetningar	Kóði eða kóðar fyrir tákmynd, viðvörunarorð	Kóði eða kóðar fyrir hættusetningar	Kóði eða kóðar fyrir viðbótar-hættusetningar		
„047-003-00-3	silfursinkseólít (seólít, LTA-gerð, yfirborðsumbreytt með silfur- og sinkjónum) [Þessi færsla tekur til seólíts af LTA-gerð (Linde Type A) sem hefur verið yfirborðsumbreytt með bæði silfur- og sinkjónum, með Ag+ 0,5–6%, Zn ²⁺ + 5–16%, og hugsanlega með fosfór, NH ₄ ⁺ , Mg ²⁺ og/eða Ca ²⁺ , hvert < 3%]	—	130328-20-0	Eit. á æxl. 2 Húðert. 2 Augnsk. 1 Bráð eit. á vatn. 1 Langv. eit. á vatn. 1	H361d H315 H318 H400 H410	HSK08 HSK05 HSK09 Hætta	H361d H315 H318 H410		M = 100 M = 100“	

Skránumer	Alþjóðleg, efnafræðileg auðkenning	EB-nr.	CAS-nr.	Flokkun		Merking			Sértæk styrkleikamörk, M-stuðlar og matsgildi bráðra eiturhrifa	Athugasemdir
				Kóði eða kóðar fyrir hættuflokka og -undirflokka	Kóði eða kóðar fyrir hættusetningar	Kóði eða kóðar fyrir tákmynd, viðvörðunarað	Kóði eða kóðar fyrir hættusetningar	Kóði eða kóðar fyrir viðbótar-hættusetningar		
„048-012-00-5	kadmíumkarbónat	208-168-9	513-78-0	Krabb. 1B Stökkbr. 1B Bráð eit. 4 * Bráð eit. 4 * Bráð eit. 4 * SEM-EV 1 Bráð eit. á vatn. 1 Langv. eit. á vatn. 1	H350 H340 H332 H312 H302 H372 (nýru, bein) H400 H410	HSK08 HSK07 HSK09 Hætta	H350 H340 H332 H312 H302 H372 (nýru, bein) H410		A1 ⁴⁴	
„048-013-00-0	kadmíumhýdroxíð, kadmíumdíhýdroxíð	244-168-5	21041-95-2	Krabb. 1B Stökkbr. 1B Bráð eit. 4 * Bráð eit. 4 * Bráð eit. 4 * SEM-EV 1 Bráð eit. á vatn. 1 Langv. eit. á vatn. 1	H350 H340 H332 H312 H302 H372 (nýru, bein) H400 H410	HSK08 HSK07 HSK09 Hætta	H350 H340 H332 H312 H302 H372 (nýru, bein) H410		A1 ⁴⁴	
„048-014-00-6	kadmíumnítrat, kadmíumdínítrat	233-710-6	10325-94-7	Krabb. 1B Stökkbr. 1B Bráð eit. 4 * Bráð eit. 4 * Bráð eit. 4 *	H350 H340 H332 H312 H302	HSK08 HSK07 HSK09 Hætta	H350 H340 H332 H312 H302	Krabb. 1B, H350: C ≥ 0,01%	A1 ⁴⁴	

Skránumer	Alþjóðleg, efnafræðileg auðkenning	EB-nr.	CAS-nr.	Flokkun		Merking			Sértæk styrkleikamörk, M-stuðlar og matsgildi bráðra eiturhrifa	Athugasemdir
				Kóði eða kóðar fyrir hættuflokka og -undirflokka	Kóði eða kóðar fyrir hættusetningar	Kóði eða kóðar fyrir tákmynd, viðvörðunarað	Kóði eða kóðar fyrir hættusetningar	Kóði eða kóðar fyrir viðbótar-hættusetningar		
				SEM-EV 1 Bráð eit. á vatn. 1 Langv. eit. á vatn. 1	H372 (nýru, bein) H400 H410		H372 (nýru, bein) H410			
„050-030-00-3	díbútylindíflárat, díbútyl[bis(dódekanóýl-oxý)]tinhýdríð	201-039-8	77-58-7	Stökkbr. 2 Eit. á æxl. 1B SEM-EV 1	H341 H360FD H372 (ónæmiskerfi)	HSK08 Hætta	H341 H360FD H372 (ónæmiskerfi) ⁴			
„603-235-00-2	línalól, 3,7-dímetyl-1,6-oktadíen-3-ól, dl-línalól, [1] kóríandról, (S)-3,7-dímetyl-1,6-oktadíen-3-ól, d-línalól, [2] líkareól, (R)-3,7-dímetyl-1,6-oktadíen-3-ól, l-línalól, [3]	201-134-4 [1] 204-810-7 [2] 204-811-2 [3]	78-70-6 [1] 126-90-9 [2] 126-91-0 [3]	Húðnæm. 1B	H317	HSK07 Varúð	H317 ⁴			
„604-093-00-4	klórífen, klórófen, 2-bensýl-4-klórífenól	204-385-8	120-32-1	Krabb. 2 Eit. á æxl. 2 Bráð eit. 4 Húðert. 2 Húðnæm. 1 Augnsk. 1 SEM-EV 2 Bráð eit. á vatn. 1 Langv. eit. á vatn. 1	H351 H361f H332 H315 H317 H318 H373 (nýru) H400 H410	HSK08 HSK05 HSK07 HSK09 Hætta	H351 H361f H332 H315 H317 H318 H373 (nýru) H410	M = 1 M = 100 ⁴		

Skránumer	Alþjóðleg, efnafræðileg auðkenning	EB-nr.	CAS-nr.	Flokkun		Merking			Sértæk styrkleikamörk, M-stuðlar og matsgildi bráðra eiturhrifa	Athugasemdir
				Kóði eða kóðar fyrir hættuflokka og -undirflokka	Kóði eða kóðar fyrir hættusetningar	Kóði eða kóðar fyrir tákmynd, viðvörunarorð	Kóði eða kóðar fyrir hættusetningar	Kóði eða kóðar fyrir viðbótar-hættusetningar		
„606-150-00-9	kletódím (ISO), (5RS)-2- {(1EZ)-1-[(2E)-3- klórallýloxýmínó]própýl}- 5-[(2RS)-2-(etýlpíó)própýl]- 3-hýdroxýsýklóhex-2-en-1- ón	—	99129-21-2	Bráð eit. 4 Húðnæm. 1 Langv. eit. á vatn. 3	H302 H317 H412	HSK07 Varúð	H302 H317 H412	ESB-H066“		
„606-151-00-4	antrakínón	201-549-0	84-65-1	Krabb. 1B	H350	HSK08 Hætta	H350“			
„607-720-00-X	nónadekaflúordekansýra, [1] ammóníumnón- adekaflúordekanóat, [2] natríumnón- adekaflúordekanóat [3]	206-400-3 [1] 221-470- 5 [2] [3]	335-76-2 [1] 3108-42-7 [2] 3830-45-3 [3]	Krabb. 2 Eit. á æxl. 1B Áhrif á/með mjólk.	H351 H360Df H362	HSK08 Hætta	H351 H360Df H362“			
„607-721-00-5	N,N'-metýlendímorfólín, N,N'-metýlenbismorfólín, [formaldehýð leyst frá N,N'- metýlenbismorfólíni], [MBM]	227-062-3	5625-90-1	Krabb. 1B Stökkbr. 2 Bráð eit. 4 Bráð eit. 4 Bráð eit. 4 SEM-EV 2 Húðæt. 1B Húðnæm. 1 Augnsk. 1	H350 H341 H332 H312 H302 H373 (meltingar- vegur, öndunarvegur) H314 H317 H318	HSK08 HSK07 HSK05 Hætta	H350 H341 H332 H312 H302 H373 (meltingarvegur, öndunarvegur) H314 H317	ESB-H071	8 9“	

Skránumer	Alþjóðleg, efnafræðileg auðkenning	EB-nr.	CAS-nr.	Flokkun		Merking			Sértæk styrkleikamörk, M-stuðlar og matsgildi bráðra eiturhrifa	Athugasemdir
				Kóði eða kóðar fyrir hættuflokka og -undirflokka	Kóði eða kóðar fyrir hættusetningar	Kóði eða kóðar fyrir tákmynd, viðvörðunorð	Kóði eða kóðar fyrir hættusetningar	Kóði eða kóðar fyrir viðbótarhættusetningar		
„607-722-00-0	2,3,5,6-tetraflúor-4-(metoxýmetyl)bensýl(Z)-(1R,3R)-3-(2-sýanópróp-1-enýl)-2,2-dímetylsýklóprópankarboxýlat, epsílon-momflúortrín	—	1065124-65-3	Bráð eit. 4 SEM-VES 2 Bráð eit. á vatn. 1 Langv. eit. á vatn. 1	H302 H371 (taugakerfi) H400 H410	HSK07 HSK08 HSK09 Varúð	H302 H371 (taugakerfi) H410		M = 100 M = 100 ⁶⁶	
„607-723-00-6	teflútrín (ISO), 2,3,5,6-tetraflúor-4-metylbensýl(1RS, 3RS)-3-[(Z)-2-klór-3,3,3-tríflúorpróp-1-enýl]-2,2-dímetylsýklóprópankarboxýlat	—	79538-32-2	Bráð eit. 1 Bráð eit. 2 Bráð eit. 2 Bráð eit. á vatn. 1 Langv. eit. á vatn. 1	H330 H310 H300 H400 H410	HSK06 HSK09 Hætta	H330 H310 H300 H410		M = 10 000 M = 10 000 ⁶⁶	
„612-290-00-1	myndefni paraformeldahýðs og 2-hýdroxýprópýlamíns (í hlutfallinu 3:2), [formaldehýð leyst frá 3,3'-metylenbis[5-metyloxasólídíni], formaldehýð leyst frá oxasólídíni], [MBO]	—	—	Krabb. 1B Stökkbr. 2 Bráð eit. 4 Bráð eit. 3 Bráð eit. 4 SEM-EV 2 Húðæt. 1B Augnsk. 1 Húðnæm. 1A Langv. eit. á vatn. 2	H350 H341 H332 H311 H302 H373 (meltingarvegur, öndunarvegur) H314 H318 H317 H411	HSK08 HSK06 HSK05 HSK09 Hætta	H350 H341 H332 H311 H302 H373 (meltingarvegur, öndunarvegur) H314 H317 H411	ESB-H071		8 9 ⁶⁶

Skránumer	Alþjóðleg, efnafræðileg auðkenning	EB-nr.	CAS-nr.	Flokkun		Merking			Sértæk styrkleikamörk, M-stuðlar og matsgildi bráðra eiturhrifa	Athugasemdir
				Kóði eða kóðar fyrir hættuflokka og -undirflokka	Kóði eða kóðar fyrir hættusetningar	Kóði eða kóðar fyrir táknmynd, viðvörðunarloð	Kóði eða kóðar fyrir hættusetningar	Kóði eða kóðar fyrir viðbótarhættusetningar		
„612-291-00-7	myndefni paraformeldahýðs með 2-hýdroxýprópýlamíni (í hlutfallinu 1:1), [formaldehýð leyst frá $\alpha, \alpha', \alpha''$ -trímetyl-1,3,5-tríasín-1,3,5(2H,4H,6H)-trietanóli], [HPT]	—	—	Krabb. 1B Stökkbr. 2 Bráð eit. 4 Bráð eit. 4 SEM-EV 2 Húðæt. 1C Augnsk. 1 Húðnæm. 1A Langv. eit. á vatn. 2	H350 H341 H332 H302 H373 (meltingarvegur, öndunarvegur) H314 H317 H318 H411	HSK08 HSK07 HSK05 HSK09 Hætta	H350 H341 H332 H302 H373 (meltingarvegur, öndunarvegur) H314 H317 H411	ESB-H071	8 9 ^{cc}	
„612-292-00-2	metýlhýdrasín	200-471-4	60-34-4	Krabb. 1B	H350	HSK08 Hætta	H350 ^{cc}			
„613-321-00-1	(RS)-4-[1-(2,3-dímetylfenýl)etýl]-1H-imídasól, medetómídn	—	86347-14-0	Bráð eit. 2 Bráð eit. 2 SEM-VES 3 SEM-VES 1 SEM-EV 1 Bráð eit. á vatn. 1 Langv. eit. á vatn. 1	H330 H300 H336 H370 (augu) H372 H400 H410	HSK06 HSK08 HSK09 Hætta	H330 H300 H336 H370 (augu) H372 H410	M = 1 M = 100 ^{cc}		

Skránumer	Alþjóðleg, efnafræðileg auðkenning	EB-nr.	CAS-nr.	Flokkun		Merking			Sértæk styrkleikamörk, M-stuðlar og matsgildi bráðra eiturhrifa	Athugasemdir
				Kóði eða kóðar fyrir hættuflokka og -undirflokka	Kóði eða kóðar fyrir hættusetningar	Kóði eða kóðar fyrir tákmynd, viðvörðunarorð	Kóði eða kóðar fyrir hættusetningar	Kóði eða kóðar fyrir viðbótar-hættusetningar		
„613-322-00-7	triádímenól (ISO), (1RS,2RS;1RS,2SR)-1-(4-klórfenoxý)-3,3-dímetyl-1-(1H-1,2,4-tríasól-1-ýl)bútan-2-ól, α -tert-bútýl- β -(4-klórfenoxý)-1H-1,2,4-tríasól-1-etanól	259-537-6	55219-65-3	Eit. á æxl. 1B Áhrif á/með mjólk. Bráð eit. 4 Langv. eit. á vatn. 2	H360 H362 H302 H411	HSK08 HSK07 HSK09 Hætta	H360 H362 H302 H411“			
„613-323-00-2	terbútýlasín (ISO), N-tert-bútýl-6-klór-N'-etyl-1,3,5-tríasín-2,4-díamín	227-637-9	5915-41-3	Bráð eit. 4 SEM-EV 2 Bráð eit. á vatn. 1 Langv. eit. á vatn. 1	H302 H373 H400 H410	HSK07 HSK08 HSK09 Varúð	H302 H373 H410		M = 10 M = 10“	
„613-324-00-8	kínólón-8-ól, 8-hýdroxýkínólín	205-711-1	148-24-3	Eit. á æxl. 1B Bráð eit. 3 Augnsk. 1 Húðnæm. 1 Bráð eit. á vatn. 1 Langv. eit. á vatn. 1	H360D H301 H318 H317 H400 H410	HSK08 HSK06 HSK05 HSK09 Hætta	H360D H301 H318 H317 H410		M = 1 M = 1“	
„613-325-00-3	þíaklópríð (ISO), (Z)-3-(6-klór-3-pýridýlmetýl)-1,3-þíasólídín-2-ýlídensýanamíð, {(2Z)-3-[(6-klórþýridín-3-ýl)metýl]-1,3-þíasólídín-2-ýliden}ýanamíð	—	111988-49-9	Krabb. 2 Eit. á æxl. 1B Bráð eit. 4 Bráð eit. 3 SEM-VES 3 Bráð eit. á vatn. 1 Langv. eit. á vatn. 1	H351 H360FD H332 H301 H336 H400 H410	HSK08 HSK06 HSK09 Hætta	H351 H360FD H332 H301 H336 H410		M = 100 M = 100“	

Skránumer	Alþjóðleg, efnafræðileg auðkenning	EB-nr.	CAS-nr.	Flokkun		Merking			Sértæk styrkleikamörk, M-stuðlar og matsgildi bráðra eiturhrifa	Athugasemdir
				Kóði eða kóðar fyrir hættuflokka og -undirflokka	Kóði eða kóðar fyrir hættusetningar	Kóði eða kóðar fyrir tákmynd, viðvörðunarorð	Kóði eða kóðar fyrir hættusetningar	Kóði eða kóðar fyrir viðbótarhættusetningar		
„616-221-00-6	hexaflúómúrón (ISO), 1-(3,5-díklór-4-(1,1,2,2-tetraflúoretoxý)fenýl)-3-(2,6-díflúorbensóxl)úrea	401-400-1	86479-06-3	Bráð eit. á vatn. 1 Langv. eit. á vatn. 1	H400 H410	HSK09 Varúð	H410		M = 1 000 M = 10 000“	
„616-222-00-1	penþíópýrað (ISO), (RS)-N-[2-(1,3-dímetylbútýl)-3-þíenyíl]-1-metýl-3-(tríflúormetýl)pýrasól-4-karboxamíð	—	183675-82-3	Bráð eit. á vatn. 1 Langv. eit. á vatn. 1	H400 H410	HSK09 Varúð	H410		M = 1 M = 1“	
„616-223-00-7	karbetamíð (ISO), (R)-1-(etýlkarbamóxl) etýlkarbanílat, (2R)-1-(etýlamínó)-1-oxóprópan-2-ýl-fenýlkarbamát	240-286-6	16118-49-3	Krabb. 2 Eit. á æxl. 1B Bráð eit. 4 Langv. eit. á vatn. 2	H351 H360D H302 H411	HSK08 HSK07 HSK09 Hætta	H351 H360D H302 H411“			

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2017/794****2017/EES/67/79****frá 10. maí 2017****um að samþykkja kísiltvíoxíð (kísilgúr) sem fyrirbyggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vörflokki 18 (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra ⁽¹⁾, einkum þriðju undirgrein 1. mgr. 89. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Með framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1062/2014 ⁽²⁾ er komið á fót skrá yfir fyrirbyggjandi virkt efni sem meta skal með tilliti til hugsanlegs samþykkis fyrir þeim til notkunar í sæfivörur. Sú skrá nær yfir kísiltvíoxíð (kísilgúr).
- 2) Kísiltvíoxíð (kísilgúr) hefur verið metið fyrir notkun í vörur í vörflokki 18, skordýraeitur, mítlasæfar og vörur til að verjast öðrum liðdýrum, eins og lýst er í V. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012.
- 3) Frakkland var tilnefnt sem lögbært matsyfirvald og lagði fram matsskýrslu ásamt tilmælum 18. desember 2015.
- 4) Í samræmi við 2. mgr. 7. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) nr. 1062/2014 setti sæfivörunefndin álit Efnastofnunar Evrópu fram 11. október 2016, með hliðsjón af niðurstöðum lögbæra matsyfirvaldsins.
- 5) Samkvæmt því álit má gera ráð fyrir að sæfivörur í vörflokki 18, sem innihalda kísiltvíoxíð (kísilgúr), uppfylli viðmiðanirnar í b-lið 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, að því tilskildu að tiltekna nákvæmar skilgreiningar og skilyrði sem varða notkun þeirra séu uppfyllt.
- 6) Því er rétt að samþykkja kísiltvíoxíð (kísilgúr) til notkunar í sæfivörur í vörflokki 18, með fyrirvara um samræmi við tiltekna nákvæmar skilgreiningar og skilyrði.
- 7) Áður en virkt efni er samþykkt ætti að veita hæfilegan frest svo að hagsmunaaðilar geti gert þær undirbúningsráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að uppfylla nýju kröfur.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um sæfivörur.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Kísiltvíoxíð (kísilgúr) er samþykkt sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vörflokki 18, með fyrirvara um nákvæmar skilgreiningar og skilyrði sem sett eru fram í viðaukanum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 120, 11.5.2017, bls. 7. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 173/2017 frá 22. september 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1

⁽²⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1062/2014 frá 4. ágúst 2014 um vinnuáætlunina um kerfisbundna athugun á öllum fyrirbyggjandi virkum efnum sem sæfivörur innihalda og um getur í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjttíð. ESB L 294, 10.10.2014, bls. 1).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 10. maí 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Almennt heiti	IUPAC-heiti Kenninúmer	Lágmarkshreinleiki virka efnisins ⁽¹⁾	Dagsetning samþykkis	Samþykki gildir til og með	Vöruflokkur	Sérstök skilyrði
Kísiltvíoxíð (kísilgúr)	IUPAC-heiti: Kísiltvíoxíð (kísilgúr) EB-nr.: Ekki fyrir hendi CAS-nr.: 61790-53-2	1 000 g/kg (100% þyngdarhlutfall)	1. nóvember 2018	31. október 2028	18	Leyfi fyrir sæfivörum eru með fyrirvara um eftirfarandi skilyrði: 1) Í mati á vörum skal huga sérstaklega að váhrifum, áhættum og verkun sem tengjast allri notkun sem fellur undir umsókn um leyfi en er ekki fjallað um í áhættumatinu á virka efninu sem fram fór á vettvangi Evrópusambandsins. 2) Í ljósi áhættu sem greinst hefur fyrir þá notkun sem metin var skal í mati á vörum huga sérstaklega að: a) þeim sem nota efnið í atvinnuskyni, b) þeim sem nota efnið ekki í atvinnuskyni. 3) Ganga skal úr skugga um hvort þörf sé á að fastsetja ný hámarksgildi leifa eða breyta gildandi hámarksgildum leifa fyrir vörur, sem gætu leitt af sér leifar í matvælum eða fóðri, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009 ⁽²⁾ eða reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 ⁽³⁾ , og grípa til hvers kyns viðeigandi ráðstafana til að draga úr áhættu til að tryggja að ekki sé farið yfir gildandi hámarksgildi leifa.

⁽¹⁾ Hreinleiki sem er tilgreindur í þessum dálki var lágmarkshreinleiki virka efnisins sem var metið í samræmi við 1. mgr. 89. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012. Virka efnið í vörunni sem sett er á markað má vera af jafngildum eða ólíkum hreinleika ef það reynist tæknilega jafngilt virka efninu sem var metið.

⁽²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009 frá 6. maí 2009 um málsmeðferð Bandalagsins við ákvörðun viðmiðunargilda fyrir leifar lyfjafræðilega virkra efna í matvælum úr dýraríkinu, um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 og um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2001/82/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004 (Stjútíð. ESB L 152, 16.6.2009, bls. 11).

⁽³⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og fóðri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE (Stjútíð. ESB L 70, 16.3.2005, bls.1).

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2017/795****2017/EES/67/80****frá 10. maí 2017**

um að samþykkja hitavaldandi, tilbúið, myndlaust, nanó, yfirborðsmeðhöndlað kísildíoxíð sem fyrirbyggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 18 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra ⁽¹⁾, einkum þriðju undirgrein 1. mgr. 89. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1062/2014 ⁽²⁾ er komið á fót skrá yfir fyrirbyggjandi virkt efni sem meta skal með tilliti til hugsanlegs samþykkis fyrir þeim til notkunar í sæfivörur. Á þeirri skrá má finna kísildíoxíð (sem nanóefni myndað af safni og samsafni) sem skal í kjölfar mats nefnt hitavaldandi, tilbúið, myndlaust, nanó, yfirborðsmeðhöndlað kísildíoxíð.
- 2) Hitavaldandi, tilbúið, myndlaust, nanó, yfirborðsmeðhöndlað kísildíoxíð hefur verið metið fyrir notkun í vörur í vöruflokki 18, skordýraeitur, mítlasæfar og vörur til að verjast öðrum liðdýrum, eins og lýst er í V. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012.
- 3) Frakkland var tilnefnt sem lögbært matsyfirvald og lagði fram matsskýrslu ásamt tilmælum 18. desember 2015.
- 4) Í samræmi við 2. mgr. 7. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) nr. 1062/2014 setti sæfivörunefndin álit Efnastofnunar Evrópu fram 11. október 2016, með hliðsjón af niðurstöðum lögbæra matsyfirvaldsins.
- 5) Samkvæmt því áliti má gera ráð fyrir að sæfivörur í vöruflokki 18, sem innihalda hitavaldandi, tilbúið, myndlaust, nanó, yfirborðsmeðhöndlað kísildíoxíð, uppfylli viðmiðanirnar í b-lið 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, að því tilskildu að tiltekna nákvæmar skilgreiningar og skilyrði sem varða notkun þeirra séu uppfyllt.
- 6) Því er rétt að samþykkja hitavaldandi, tilbúið, myndlaust, nanó, yfirborðsmeðhöndlað kísildíoxíð til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 18, með fyrirvara um samræmi við tiltekna nákvæmar skilgreiningar og skilyrði.
- 7) Þar eð hitavaldandi, tilbúið, myndlaust, nanó, yfirborðsmeðhöndlað kísildíoxíð, eins og það var metið, er nanóefni, ætti samþykkið að ná yfir slík nanóefni skv. 4. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, að því tilskildu að tiltekna nákvæmar skilgreiningar og skilyrði sem varða notkun þess séu uppfyllt.
- 8) Áður en virkt efni er samþykkt ætti að veita hæfilegan frest svo að hagsmunaaðilar geti gert þær undirbúningsráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að uppfylla nýju kröfurnar.
- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um sæfivörur.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 120, 11.5.2017, bls. 10. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 173/2017 frá 22. september 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1

⁽²⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1062/2014 frá 4. ágúst 2014 um vinnuáætlunina um kerfisbundna athugun á öllum fyrirbyggjandi virkum efnunum sem sæfivörur innihalda og um getur í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjtið. ESB L 294, 10.10.2014, bls. 1).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Hitavaldandi, tilbúið, myndlaust, nanó, yfirborðsmeðhöndlað kísildíoxíð er samþykkt sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 18, með fyrirvara um nákvæmar skilgreiningar og skilyrði sem sett eru fram í viðaukanum.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 10. maí 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Almennt heiti	IUPAC-heiti Kenninúmer	Lágmarkshreinleiki virka efnisins ⁽¹⁾	Byggingareiginleikar til viðmiðunar ⁽²⁾	Dagsetning samþykkis	Samþykki gildir til og með	Vöru- flokkur	Sérstök skilyrði
Hitavaldandi, tilbúið, myndlaust, nanó, yfirborðs- meðhöndlað kísildíoxíð	IUPAC-heiti: Sílanamín, 1,1,1- trímetyl-N- (trímetylslýl)-, vatnsrofsefni með kísli EB-nr.: 272-697-1 CAS-nr.: 68909-20-6	998 g/kg (hreinleiki kjarna mældur eftir íkviknun).	— Kolefnisinnihald: 3,0–4,0%, — Stærð grunnagna: 6,9–8,6 nm, — Sértækur yfirborðsflötur: 217–225 m ² /g, — Stærð stöðugra, uppsafnaðra agna: > 70 nm, — Yfirborðsmeðferð: með > 90% af yfirborði yfirborðsmeðhöndlað með hexametylslásaní (CAS 999-97-3)	1.nóvember 2018	31. október 2028	18	Leyfi fyrir sæfivörum eru með fyrirvara um eftirfarandi skilyrði: 1) Í mati á vörum skal huga sérstaklega að váhrifum, áhættum og verkun sem tengjast allri notkun sem fellur undir umsókn um leyfi en er ekki fjallað um í áhættumatinu á virka efninu sem fram fór á vettvangi Evrópusambandsins. 2) Í ljósi áhættu sem greinst hefur fyrir þá notkun sem metin var skal í mati á vörum huga sérstaklega að þeim sem nota vörunar í atvinnuskyni. 3) Ganga skal úr skugga um hvort þörf sé á að fastsetja ný hámarksgildi leifa eða breyta gildandi hámarksgildum leifa fyrir vörur, sem gætu leitt af sér leifar í matvælum eða fóðri, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009 ⁽³⁾ eða reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 ⁽⁴⁾ , og grípa til hvers kyns viðeigandi ráðstafana til að draga úr áhættu til að tryggja að ekki sé farið yfir gildandi hámarksgildi leifa.

⁽¹⁾ Hreinleiki sem er tilgreindur í þessum dálki var lágmarkshreinleiki virka efnisins sem var metið í samræmi við 1. mgr. 89. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012. Virka efnið í vörunni sem sett er á markað má vera af jafngildum eða ólíkum hreinleika ef það reynist tæknilega jafngilt virka efninu sem var metið.

⁽²⁾ Þeir byggingareiginleikar sem eru tilgreindir í þessum dálki voru byggingareiginleikar virka efnisins sem var notað við matið í samræmi við 1. mgr. 89. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.

⁽³⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009 frá 6. maí 2009 um málsmeðferð Bandalagsins við ákvörðun viðmiðunargilda fyrir leifar lyfjafræðilega virkra efna í matvælum úr dýraríkinu, um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 og um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2001/82/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004 (Stjtið. ESB L 152, 16.6.2009, bls. 11).

⁽⁴⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnafeifar í eða á matvælum og fóðri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE (Stjtið. ESB L 70, 16.3.2005, bls.1).

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2017/796****2017/EES/67/81****frá 10. maí 2017****um að samþykkja díklóflúaníð sem fyrirbyggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 21 (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra ⁽¹⁾, einkum þriðju undirgrein 1. mgr. 89. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Með framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1062/2014 ⁽²⁾ er komið á fót skrá yfir fyrirbyggjandi virk efni sem meta skal með tilliti til hugsanlegs samþykkis fyrir þeim til notkunar í sæfivörur. Sú skrá nær yfir díklóflúaníð.
- 2) Díklóflúaníð hefur verið metið fyrir notkun í vörur í vöruflokki 21, gróðurhindrandi vörur, eins og lýst er í V. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012.
- 3) Bretland var tilnefnt sem lögbært matsyfirvald og lagði fram matsskýrslu ásamt tilmælum 22. október 2015.
- 4) Í samræmi við 2. mgr. 7. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) nr. 1062/2014 setti sæfivörunefndin álit Efnastofnunar Evrópu fram 11. október 2016, með hliðsjón af niðurstöðum lögbæra matsyfirvaldsins.
- 5) Samkvæmt því áliti má gera ráð fyrir að sæfivörur í vöruflokki 21, sem innihalda díklóflúaníð, uppfylli viðmiðanimar í b-lið 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, að því tilskildu að tilteknar nákvæmar skilgreiningar og skilyrði sem varða notkun þeirra séu uppfyllt.
- 6) Staðfesta þyrfti þó frekar hvort áhættan í tengslum við notkun gróðurhindrandi vara sé viðunandi sem og hentugleika tillagðra ráðstafana til að draga úr áhættu. Við endurnýjun á samþykki fyrir fyrirbyggjandi gróðurhindrandi virkum efnum ætti samþykki fyrir þeim efnum að falla úr gildi sama dag til að auðvelda endurskoðun og samanburð á áhættu og kostum allra efnanna sem og þeim ráðstöfunum sem beitt er til að draga úr áhættu.
- 7) Því er rétt að samþykkja díklóflúaníð til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 21, með fyrirvara um samræmi við tilteknar nákvæmar skilgreiningar og skilyrði.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 120, 11.5.2017, bls. 13. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 173/2017 frá 22. september 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1

⁽²⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1062/2014 frá 4. ágúst 2014 um vinnuáætlunina um kerfisbundna athugun á öllum fyrirbyggjandi virkum efnum sem sæfivörur innihalda og um getur í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjtið. ESB L 294, 10.10.2014, bls. 1).

- 8) Þar eð díklóflúaníð uppfyllir viðmiðanir fyrir flokkun sem húðnæmir í 1. undirflokki, eins og flokkurinn er skilgreindur í I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 ⁽¹⁾, ætti að merkja meðhöndlaðar vörur, sem eru meðhöndlaðar með eða innihalda díklóflúaníð, á viðeigandi hátt þegar þær eru settar á markað.
- 9) Áður en virkt efni er samþykkt ætti að veita hæfilegan frest svo að hagsmunaaðilar geti gert þær undirbúningsráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að uppfylla nýju kröfur.
- 10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um sæfivörur.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Díklóflúaníð er samþykkt sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 21, með fyrirvara um nákvæmar skilgreiningar og skilyrði sem sett eru fram í viðaukanum.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 10. maí 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

⁽¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og þökkun efna og blandna, um breytingu og niðurfellingu á tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1907/2006 (Stjtd. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1).

VIÐAUKI

Almennt heiti	IUPAC-heiti Kenninúmer	Lágmarkshreinleiki virka efnisins ⁽¹⁾	Dagsetning samþykkis	Samþykki gildir til og með	Vöru- flokkur	Sérstök skilyrði
Díklóflúaníð	IUPAC-heiti: N-díklórflúormetýlþíó-N',N'- dímetýl-N-fenýlsúlfamíð EB-nr.: 214-118-7 CAS-nr.: 1085-98-9	96% massahlutfall	1. nóvember 2018	31. desember 2025	21	<p>Í mati á vörum skal huga sérstaklega að váhrifum, áhættum og verkun sem tengjast allri notkun sem fellur undir umsókn um leyfi en er ekki fjallað um í áhættumatinu á virka efninu sem fram fór á vettvangi Evrópusambandsins.</p> <p>Ef vörur, sem innihalda díklóflúaníð, eru síðan leyfðar fyrir notendur sem ekki nota efnið í atvinnuskyni skulu aðilar, sem bjóða vörur sem innihalda díklóflúaníð fram á markaði fyrir notendur sem ekki nota efnið í atvinnuskyni, sjá til þess að vörunar séu afhentar ásamt viðeigandi hönskum.</p> <p>Leyfi fyrir sæfivörum eru með fyrirvara um eftirfarandi skilyrði:</p> <ol style="list-style-type: none"> 1) Vörur sem innihalda díklóflúaníð skulu ekki leyfðar eða notaðar til að verjast vexti lífvera á skipum sem sigla á ferskvatni. 2) Innleiða skal öruggar verklagsreglur og viðeigandi skipulagsráðstafanir fyrir notendur í iðnaði eða þá sem nota efnið í atvinnuskyni. Við notkun á vörunum skal nota viðeigandi persónuhlífar ef ekki er unnt að draga úr váhrifum á annan hátt þannig að þau verði ekki meiri en svo að við megi una. 3) Á merkimiðum og notkunarleiðbeiningum, ef þær eru látnar í té, skal koma fram að halda skuli börnum fjarri þar til meðhöndlaðir yfirborðsflatir eru orðnir þurrir. 4) Á merkimiðum og, ef þau liggja fyrir, öryggisblöðum fyrir vörur, sem leyfðar hafa verið til notkunar, skal koma fram að notkun, viðhald og viðgerðir skuli fara fram inni á lokuðu svæði, á ógegndræpu, hörðu undirlagi sem lokað er af með varnargarði eða á jörðinni, sem skal þakin ógegndræpu efni til að koma í veg fyrir leka og lágmarka losun út í umhverfið, og að safna skuli til endurnotkunar eða förgunar öllum efnum sem fara til spillis, eða úrgangi, sem innihalda díklóflúaníð.

Almennt heiti	IUPAC-heiti Kenninúmer	Lágmarkshreinleiki virka efnisins ⁽¹⁾	Dagsetning samþykkis	Samþykki gildir til og með	Vöru- flokkur	Sérstök skilyrði
						<p>5) Ganga skal úr skugga um hvort þörf sé á að fastsetja ný hámarksgildi leifa eða breyta gildandi hámarksgildum leifa fyrir vörur, sem gætu leitt af sér leifar í matvælum eða fóðri, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009 ⁽²⁾ eða reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 ⁽³⁾, og grípa til hvers kyns viðeigandi ráðstafana til að draga úr áhættu til að tryggja að ekki sé farið yfir gildandi hámarksgildi leifa.</p> <p>Setning meðhöndlaðra vara á markað er háð eftirfarandi skilyrði:</p> <p>Aðilinn, sem ber ábyrgð á setningu meðhöndlaðrar vöru, sem hefur verið meðhöndluð með eða inniheldur díklóflúaníð, á markað skal sjá til þess að á merkimiða meðhöndluðu vörunnar séu tilgreindar upplýsingarnar í annarri undirgrein 3. mgr. 58. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.</p>

⁽¹⁾ Hreinleiki sem er tilgreindur í þessum dálki var lágmarkshreinleiki virka efnisins sem var metið í samræmi við 1. mgr. 89. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012. Virka efnið í vörunni sem sett er á markað má vera af jafngildum eða ólíkum hreinleika ef það reynist tæknilega jafngilt virka efninu sem var metið.

⁽²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009 frá 6. maí 2009 um málsmeðferð Bandalagsins við ákvörðun viðmiðunargilda fyrir leifar lyfjafræðilega virkra efna í matvælum úr dýrarkinu, um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 og um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2001/82/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004 (Stjútíð. ESB L 152, 16.6.2009, bls. 11).

⁽³⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og fóðri úr plöntu- og dýrarkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE (Stjútíð. ESB L 70, 16.3.2005, bls.1).

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2017/270**

2017/EES/67/82

frá 16. febrúar 2017

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar skilyrði fyrir samþykki fyrir virka efninu súlfúrylflúoríði (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ⁽¹⁾, einkum öðrum valkosti í 3. mgr. 21. gr. og 2. mgr. 78. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2010/38/ESB ⁽²⁾ er kveðið á um frekari upplýsingar til staðfestingar á mati á líftíma súlfúrylflúoríðs í andrúmsloftinu, styrk súlfúrylflúoríðs í veðrahvolfinu og skilyrðum við mölun sem eru nauðsynleg til að tryggja að leifar af flúoríðjóni í kornvörum fari ekki yfir náttúruleg bakgrunnsgildi.
- 2) Virk efni sem eru á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE ⁽³⁾ teljast samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009 og eru skráð í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ⁽⁴⁾.
- 3) Tilkynnandinn lagði fram viðbótarupplýsingar með það í huga að staðfesta áhættumatið að því er varðar afdrif súlfúrylflúoríðs í andrúmsloftinu og að því er varðar leifar af flúoríðjóni í möluðum afurðum sem eru fyrir hendi í vélbúnaðinum meðan á svælingu stendur.
- 4) Bretland lagði mat á viðbótarupplýsingarnar sem tilkynnandinn lagði fram. Bretland lagði mat sitt fyrir önnur aðildarríki, framkvæmdastjórnina og Matvælaöryggisstofnun Evrópu, hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin, 4. júní 2015 í formi viðbótar við drögin að matsskýrslunni.
- 5) Á grundvelli viðbótarupplýsinganna frá tilkynnandanum komst framkvæmdastjórnin að þeirri niðurstöðu að ekki sé hægt að útiloka að gildi leifa í möluðum afurðum, sem eru fyrir hendi í vélbúnaðinum meðan á svælingu stendur, fari yfir náttúrulegan bakgrunnstyrk fyrir flúoríðjón eða uppfylli ekki viðeigandi hámarksgildi leifa. Því ætti að breyta skilyrðunum fyrir samþykki til að tryggja að malaðar afurðir, sem eru fyrir hendi í meðhöndlaðri aðstöðu, séu ávallt í samræmi við ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 ⁽⁵⁾. Enn fremur komst hún að þeirri niðurstöðu að framlagðar upplýsingar hafi ekki sýnt fram á stöðugt ástand súlfúrylflúoríðs í veðrahvolfinu; því er einnig þörf á frekari vöktun á styrk þess í veðrahvolfinu þar til stöðugt ástand þess er að fullu sannað og að leggja upplýsingar það að lútandi fyrir framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnun Evrópu reglulega, á fimm ára fresti.
- 6) Súlfúrylflúoríð er einnig samþykkt sem sæfandi, virkt efni samkvæmt tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2009/84/EB ⁽⁶⁾. Vegna sömu áhyggjuefna um afdrif súlfúrylflúoríðs í umhverfinu og þegar það er notað sem varnarefni hefur verið óskað eftir viðbótarupplýsingum, þ.m.t. vöktun á styrk í veðrahvolfinu. Dagsetningar fyrir framlagningu upplýsinga ættu að vera þær sömu í því skyni að koma í veg fyrir óþarfa vinnu og til að hagræða matsferlinu.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 40, 17.2.2017, bls. 48. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 174/2017 frá 22. september 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

⁽²⁾ Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2010/38/ESB frá 18. júní 2010 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við virka efninu súlfúrylflúoríði (Stjtið ESB L 154, 19.6.2010, bls. 21).

⁽³⁾ Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjtið. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1).

⁽⁴⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtið. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

⁽⁵⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefneifar í eða á matvælum og fóðri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE (Stjtið. ESB L 70, 16.3.2005, bls.1).

⁽⁶⁾ Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2009/84/EB frá 28. júlí 2009 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB í því skyni að bæta virka efninu súlfúrylflúoríði við í I. viðauka við hana (Stjtið. ESB L 197, 29.7.2009, bls. 67).

- 7) Því ætti að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.
- 8) Umsækjandanum var gefinn kostur á því að leggja fram athugasemdir við endurskoðunarskýrsluna.
- 9) Gefa ætti aðildarríkjunum tíma til að breyta leyfum fyrir plöntuverndarvörum, sem innihalda súlfúrylflúoríð, sem eru ekki í samræmi við takmörkunarskilyrði fyrir samþykki, eða afturkalla þau.
- 10) Ef aðildarríki veita einhvern frest í samræmi við 46. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar plöntuverndarvörur sem innihalda súlfúrylflúoríð ætti þessi frestur að renna út eigi síðar en 18 mánuðum eftir gildistökudag þessarar reglugerðar.
- 11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:*1. gr.***Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011**

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

*2. gr.***Umbreytingarráðstafanir**

Aðildarríkin skulu, í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1107/2009 og ef nauðsyn krefur, breyta áður útgefnum leyfum fyrir plöntuvarnavörum sem innihalda súlfúrylflúoríð sem virkt efni, eða afturkalla þau eigi síðar en 9. september 2017.

*3. gr.***Frestir**

Allir frestir sem aðildarríki veita í samræmi við 46. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 skulu vera eins stuttir og unnt er og skulu renna út eigi síðar en 12 mánuðum eftir að viðkomandi leyfi eru takmörkuð eða afturkölluð.

*4. gr.***Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 16. febrúar 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Í stað dálksins „Sértæk ákvæði“ í 307. línu, súlfúrylflúoríð, í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 komi eftirfarandi:

„A-HLUTI

Einungis má leyfa notkun þeirra sem nota efnið í atvinnuskyni, sem skordýraeitur/þráðormaeitur (svæliefni) í mannvirkjum sem er hægt að innsigla, ef:

- a) þessi mannvirki eru tóm eða
- b) notendur og stjórnendur matvælafyrirtækja, þegar matvæli eða fóðurvörur eru í aðstöðu sem hefur verið svælt í, tryggja að eingöngu matvæli eða fóðurvörur sem eru í samræmi við gildandi hámarksgildi leifa fyrir súlfúrylflúoríð og flúoríðjón, sem sett eru með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 (*), megi komast inn í matvæla- og fóðurferlið; í því skyni skulu notendur og stjórnendur matvælafyrirtækja koma ráðstöfunum, sem eru jafngildar meginreglum GáHMSS-kerfisins eins og mælt er fyrir um í 5. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 (**), að fullu til framkvæmda; einkum skulu notendur greina mikilvægan stýristað þar sem eftirlit er nauðsynlegt til að koma í veg fyrir að farið sé yfir hámarksgildi leifa og koma á og hrinda í framkvæmd skilvirkum vöktunarferlum á þeim stýristað.

B-HLUTI

Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um súlfúrylflúoríð, einkum í I. og II. viðbæti við hana, í lokagerð fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður frá 7. desember 2016.

Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að:

- áhættu sem stafar af ólífrænu flúoríði vegna mengunar á vörum, s.s. hveiti og klíði, sem er í vélabúnaði myllunnar meðan á svælingu stendur, eða korni sem er geymt í sílóum í myllunni. Nauðsynlegt er að gera ráðstafanir til að tryggja að eingöngu vörur sem eru í samræmi við gildandi hámarksgildi leifa komist inn í matvæla- og fóðurferlið,
- áhættu fyrir notendur og fyrir starfsmenn, s.s. við endurkomu í mannvirki sem hefur verið svælt eftir loftun. Nauðsynlegt er að gera ráðstafanir til að tryggja að þeir séu með sjálfstæðan öndunarbúnað eða aðrar viðeigandi persónuhlífar,
- áhættu fyrir vegfarendur með því að vera með bannsvæði af viðeigandi stærð umhverfis mannvirkið sem er svælt.

Í skilyrðunum fyrir leyfi skulu vera ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á.

Tilkynnandinn skal leggja vöktunargögn um styrk súlfúrylflúoríðs í veðrahvolfinu fyrir framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunina fimmta hvert ár, frá og með 30. júní 2017. Greiningarmörk fyrir greininguna skulu vera a.m.k. 0,5 ppt (jafngildir 2,1 ng af súlfúrylflúoríði í m³ af lofti í veðrahvolfinu).

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og fóðri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE (Stjtíð. ESB L 70, 16.3.2005, bls.1).

(**) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 frá 29. apríl 2004 um hollustuhætti sem varða matvæli (Stjtíð. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 1).“

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2017/555**

2017/EES/67/83

frá 24. mars 2017

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir nokkur virk efni sem eru skráð í B-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 686/2012 (endurnýjunaráætlun AIR IV) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ⁽¹⁾, einkum fyrstu málsgrein 17. gr. og 2. mgr. 78. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ⁽²⁾ eru skráð virk efni sem teljast samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009.
- 2) Umsóknir um endurnýjun á samþykki fyrir virku efnum, sem falla undir þessa reglugerð, voru lagðar fram í samræmi við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 ⁽³⁾. Samþykki fyrir þessum efnum getur þó runnið út, af ástæðum sem umsækjandinn fær ekki ráðið við, áður en ákvörðun hefur verið tekin um að endurnýja viðkomandi samþykki. Því er nauðsynlegt að framlengja samþykkistímabil þeirra í samræmi við 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.
- 3) Með hliðsjón af þeim tíma og úrræðum sem þarf til að ljúka mati á umsóknum um endurnýjun á samþykkjum fyrir fjölda virkra efna, sem samþykki fyrir renna út á árunum 2019 til 2021, var komið á fót vinnuáætlun, með framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C/2016/6104 ⁽⁴⁾, þar sem svipuð, virk efni eru flokkuð saman og forgangsroð ákveðin út frá verndarsjónarmiðum fyrir heilbrigði manna, dýra eða fyrir umhverfið, eins og kveðið er á um í 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.
- 4) Forgangsraða ætti efnum, sem talin eru áhættulítill, í samræmi við framkvæmdarákvörðun C/2016/6104. Því ætti að framlengja samþykki fyrir þeim efnum um eins stuttan tíma og unnt er. Að teknu tilliti til skiptingar ábyrgðar og vinnu milli aðildarríkja, sem gegna hlutverki skýrslugjafa og meðskýrslugjafa, og tiltækra úrræða sem eru nauðsynleg til að vinna mat og taka ákvarðanir ætti fyrrgreindur tími að vera eitt ár fyrir virku efnin paraffínólú/(CAS 64742-46-7), paraffínólú/(CAS 72623-86-0), paraffínólú/(CAS 8042-47-5), paraffínólú/(CAS 97862-82-3) og brennistein.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttð. ESB L 80, 25.3.2017, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 174/2017 frá 22. september 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjttð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

⁽²⁾ Stjttð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1.

⁽³⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 frá 18. september 2012 um ákvæði sem eru nauðsynleg til að koma málsmeðferð við endurnýjun í framkvæmd að því er varðar virk efni eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjttð. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 26).

⁽⁴⁾ Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 28. september 2016 um að koma á fót vinnuáætlun til að meta umsóknir um endurnýjun á samþykkjum fyrir virkum efnum, sem renna út 2019, 2020 og 2021, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 (Stjttð. ESB C 357, 29.9.2016, bls. 9).

- 5) Að því er varðar virk efni sem falla ekki undir forgangsröðuðu flokkana í framkvæmdarákvörðun C(2016)6104 ætti að framlengja samþykkistímabilið um annaðhvort tvö eða þrjú ár, að teknu tilliti til núgildandi loka gildistíma, þeirrar staðreyndar að skv. 3. mgr. 6. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012 skal leggja fram viðbótarmálsskjöl fyrir virkt efni eigi síðar en 30 mánuðum áður en samþykkið fellur úr gildi, nauðsynjar þess að tryggja jafna skiptingu ábyrgðar og vinnu milli aðildarríkja, sem gegna hlutverki skýrslugjafa og meðskýrslugjafa, og tiltækra úrræða sem eru nauðsynleg til að vinna mat og taka ákvarðanir. Því er rétt að framlengja samþykkistímabilin fyrir 2-fenýlfenól (ásamt söltum þess, s.s. natríumsalti), klórmekvat, dímetaklór, etófenprox, penkónasól, própakvisafóp, tetrakónasól, tríallat og zetasýpermetrín um tvö ár og framlengja samþykkistímabilin fyrir virku efnin bensúlfúrón, natríum-5-nítrógvæjakólat, natríum-o-nítrófenólat, natríum-p-nítrófenólat og tebúfenpýrað um þrjú ár.
- 6) Framkvæmdastjórninni barst umsókn um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu kvisalófóp-P (afbrigði kvisalófóp-p-etyl) og aðskilin umsókn um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu kvisalófóp-P (afbrigði kvisalófóp-p-tefúryl). Af þeim sökum og vegna mismunandi áhættulýsinga fyrir kvisalófóp-p-etyl og kvisalófóp-p-tefúryl er rétt að líta á þau sem tvö mismunandi virk efni að því er varðar endurnýjunarferlið. Afbrigðið kvisalófóp-p-etyl fellur ekki undir forgangsröðuðu flokkana í framkvæmdarákvörðun C/2016/6104. Af þessum sökum og með tilliti til þeirra ástæðna sem gefnar eru í 5. forsendu er rétt að framlengja samþykkistímabil efnisins um tvö ár.
- 7) Með tilliti til markmiðs fyrstu málsgreinar 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, að því er varðar tilvik þar sem engin viðbótarmálsskjöl, í samræmi við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 844/2012, eru lögð fram í síðasta lagi 30 mánuðum fyrir viðkomandi gildislokadag, sem mælt er fyrir um í viðaukanum við þessa reglugerð, mun framkvæmdastjórnin fastsetja gildislokadaginn sem sömu dagsetningu og var í gildi fyrir gildistöku þessarar reglugerðar eða eins fljótt og unnt er eftir það.
- 8) Með tilliti til markmiðs fyrstu málsgreinar 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, að því er varðar tilvik þar sem framkvæmdastjórnin mun samþykkja reglugerð þar sem kveðið er á um að samþykki fyrir virku efni, sem um getur í viðaukanum við þessa reglugerð, sé ekki endurnýjað vegna þess að viðmiðanir fyrir samþykki eru ekki uppfylltar mun framkvæmdastjórnin fastsetja lokadagsetningu gildistíma sem sömu dagsetningu og var í gildi fyrir gildistöku þessarar reglugerðar eða þann dag sem reglugerðin tekur gildi, ef sá dagur er síðar, að því tilskildu að samþykki fyrir virka efninu sé ekki endurnýjað. Að því er varðar tilvik þar sem framkvæmdastjórnin mun samþykkja reglugerð þar sem kveðið er á um endurnýjun á virku efni, sem um getur í viðaukanum við þessa reglugerð, mun framkvæmdastjórnin leitast við, eins og við á með tilliti til aðstæðna, að fastsetja gildistöku dag eins fljótt og unnt er.
- 9) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.
- 10) Að teknu tilliti til þess að samþykki fyrir sumum efnanna falla úr gildi 31. október 2019 og að umsækjendur ættu að leggja fram viðbótarmálsskjöl 30 mánuðum áður en samþykkið rennur út ætti þessi reglugerð að öðlast gildi eins fljótt og auðið er.
- 11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. mars 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Ákvæðum A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 271, bensúlfúrón, komi „31. október 2022“.
- 2) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 272, natríum-5-nítrógvæjakólat, komi „31. október 2022“.
- 3) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 273, natríum-o-nítrófenólat, komi „31. október 2022“.
- 4) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 274, natríum-p-nítrófenólat, komi „31. október 2022“.
- 5) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 275, tebúfenpýrað, komi „31. október 2022“.
- 102) Hinn 15. febrúar 2016 lagði flugrekandinn *Air Company 'Black Sea Airlines' LLC*, sem er skráð í Úkraínu, inn umsókn hjá Flugöryggisstofnun Evrópu um TCO-heimild. Flugöryggisstofnun Evrópu mat á umsóknina í samræmi við kröfurnar, sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 452/2014, og lét í ljós miklar áhyggjur af því að flugrekandinn *Air Company 'Black Sea Airlines' LLC* hafi ekki getað sýnt fram á að viðeigandi kröfur, sem mælt er fyrir um í 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 452/2014, séu uppfylltar. Flugöryggisstofnun Evrópu komst því að þeirri niðurstöðu að frekara mat myndi ekki leiða til útgáfu TCO-heimildar fyrir flugrekandann *Air Company 'Black Sea Airlines' LLC* þar eð hann uppfyllti ekki þær kröfur. Hinn 13. október 2016 synjaði Flugöryggisstofnun Evrópu því TCO-umsókninni af ástæðum er varða öryggi.
- 103) Hinn 6. mars 2017 fór framkvæmdastjórnin fram á það við Flugmálastjórn Úkraínu (SAAU) að hún legði fram upplýsingar um ráðstafanir sem hún hefði gert í kjölfar synjunar Flugöryggisstofnun Evrópu á TCO-umsóknum flugrekendanna *International Joint-Stock Aviation Company 'URGA'* og *Air Company 'Black Sea Airlines' LLC*. Með þessu bréfi hófst formlegt samráð við Flugmálastjórn Úkraínu samkvæmt þeim ákvæðum sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 473/2006. Þar eð ekki hefur tekist að leysa öryggisvandamálin sem komu í ljós við öryggismat Flugöryggisstofnunar Evrópu í tengslum við TCO-heimild fengu Flugmálastjórn Úkraínu og flugrekendurnir *International Joint-Stock Aviation Company 'URGA'* og *Air Company 'Black Sea Airlines' LLC* tækifæri til að flytja mál sitt fyrir framkvæmdastjórninni og flugöryggisnefndinni 25. apríl 2017 í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 2111/2005.
- 104) Hinn 3. apríl 2017 afturkallaði Flugmálastjórn Úkraínu flugrekandaskírteini flugrekandans *Air Company 'Black Sea Airlines' LLC*. Með þeirri ákvörðun lauk formlegu samráði við þann flugrekanda sem hófst 6. mars 2017.
- 105) Hinn 25. apríl 2017 hlutu Flugmálastjórn Úkraínu og flugrekandinn *International Joint-Stock Aviation Company 'URGA'* áheyrn hjá framkvæmdastjórninni og flugöryggisnefndinni. Flugmálastjórn Úkraína upplýsti m.a. að eftirlitsstarfsemi með flugrekendum, sem hafa fengið vottun í Úkraínu, sé aðlöguð með hliðsjón af niðurstöðum úr SAFA-skoðunum sem og hvers konar upplýsingum sem leiða af TCO-heimildarferlinu. Flugmálastjórn Úkraínu lagði einnig fram upplýsingar um samþykkt mögulegra aðgerða til skamms tíma, t.d. tímabundna niðurfellingu, takmörkun eða afturköllun flugrekandaskírteina flugrekenda sem svar við synjun Flugöryggisstofnunar Evrópu á TCO-umsókn. Þar að auki lagði Flugmálastjórn Úkraínu fram upplýsingar um aðgerðir til langs tíma sem miða að því að bæta innri ferli varðandi vottun og eftirlitsstarfsemi sína í tengslum við flugrekendur sem hafa fengið vottun í Úkraínu.

- 106) Við áheyrnina fjallaði flugrekandinn *International Joint-Stock Aviation Company 'URGA'* nánar um þegar framlagðar upplýsingar sínar, lagði fram viðbótarupplýsingar um ráðstafanir til úrbóta, sem hann hafði gert til að leysa þau alvarlegu vandamál sem Flugöryggisstofnun Evrópu vakti máls á sem hluta af öryggismati sínu í tengslum við TCO-heimild, t.d. stjórnun á áframhaldandi lofthæfi og framkvæmd viðhaldsaðgerða. Flugrekandinn upplýsti einnig um viðbótarúttekt, sem einkarekin eining framkvæmdi í mars 2017, til að ákvarða núverandi stöðu á reglufylgni hans við alþjóðlegar flugöryggiskröfur. Í þessari úttekt voru staðfestir kerfislægir annmarkar í núverandi skráningarkerfi flugrekandans, sem Flugöryggisstofnun Evrópu hafði áður greint.
- 107) Við áheyrnina greindi flugrekandinn *International Joint-Stock Aviation Company 'URGA'* einnig frá því að hann hefði sótt aftur um TCO-heimild 19. apríl 2017. Framkvæmdastjórnin og flugöryggisnefndin veittu þessu athygli og fögnuðu staðfestingu frá bæði flugrekandanum og Flugöryggisstofnun Evrópu um að þessi nýja TCO-umsókn yrði meðhöndluð með tilhlýðilegum hætti innan ramma reglugerðar (ESB) nr. 452/2014.
- 108) Upplýsingarnar sem liggja fyrir að svo stöddu, sem byggjast á öryggismati Flugöryggisstofnunar Evrópu í tengslum við TCO-umsókn flugrekandans *International Joint-Stock Aviation Company 'URGA'*, ásamt upplýsingum sem Flugmálastjórn Úkraínu og flugrekandinn *International Joint-Stock Aviation Company 'URGA'* lögðu fram, sýna að framkvæmd aðgerða til úrbóta til að leysa öryggisvandamálin, sem Flugöryggisstofnun Evrópu vakti máls á, hefur ekki verið lokið á fullnægjandi hátt. Þessar upplýsingar sýna enn fremur að flugrekandinn er, sem stendur, ekki fær um sjálfur að greina skort á reglufylgni sinni að því er varðar alla ferla og aðgerðir sínar.
- 109) Í samræmi við sameiginlegu viðmiðanirnar, sem settar eru fram í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 2111/2005, metur framkvæmdastjórnin það því svo að breyta ætti skránni yfir flugrekendur, sem er bannað að stunda flugrekstur innan Sambandsins, með því að bæta flugrekandanum *International Joint-Stock Aviation Company 'URGA'*, í viðauka A við reglugerð (EB) nr. 474/2006.
- 110) Aðildarríki eiga að halda áfram að sannprófa hvort viðeigandi öryggiskröfur séu uppfylltar á skilvirkan hátt með því að setja það í forgang að loftför flugrekenda, sem hafa fengið vottun í Úkraínu, séu skoðuð á hlaði samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 965/2012.
- 111) Ef einhverjar viðeigandi öryggisupplýsingar gefa til kynna að öryggisáhætta sé yfirvofandi, sem afleiðing af því að ekki sé farið að alþjóðlegum öryggiskröfum, gæti framkvæmdastjórnin þurft að grípa til frekari aðgerða í samræmi við reglugerð (EB) nr. 2111/2005.

Flugrekendur frá Zimbabwe

- 112) Hinn 12. apríl 2016 lagði flugrekandinn *Air Zimbabwe (Pvt) Ltd*, sem er skráð í Zimbabwe, inn umsókn hjá Flugöryggisstofnun Evrópu um TCO-heimild. Flugöryggisstofnun Evrópu mat umsóknina í samræmi við kröfurnar, sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 452/2014, og lét í ljós miklar áhyggjur af því að flugrekandinn *Air Zimbabwe (Pvt) Ltd* hafi ekki getað sýnt fram á að viðeigandi kröfur, sem mælt er fyrir um í 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 452/2014, séu uppfylltar. Flugöryggisstofnun Evrópu komst því að þeirri niðurstöðu að frekara mat myndi ekki leiða til útgáfu TCO-heimildar fyrir flugrekandann *Air Zimbabwe (Pvt) Ltd* þar eð hann uppfyllti ekki þær kröfur. Hinn 7. nóvember 2016 synjaði Flugöryggisstofnun Evrópu því TCO-umsókninni af ástæðum er varða öryggi.
- 113) Hinn 3. mars 2017 óskaði framkvæmdastjórnin eftir upplýsingum frá Flugmálastjórn Zimbabwe (CAAZ) um þær ráðstafanir sem hún hefði gert í kjölfar synjunar Flugöryggisstofnunar Evrópu á TCO-umsókn flugrekandans *Air Zimbabwe (Pvt) Ltd*. Með þessu bréfi hófst formlegt samráð við Flugmálastjórn Zimbabwe samkvæmt þeim ákvæðum sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 473/2006. Þar eð ekki hefur tekist að leysa öryggisvandamálin sem komu í ljós við öryggismat Flugöryggisstofnunar Evrópu í tengslum við TCO-umsókn flugrekandans *Air Zimbabwe (Pvt) Ltd* fengu bæði Flugmálastjórn Zimbabwe og flugrekandinn *Air Zimbabwe (Pvt) Ltd* tækifæri til að flytja mál sitt fyrir framkvæmdastjórninni og flugöryggisnefndinni, 26. apríl 2017, í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 2111/2005.
- 114) Við áheyrnina lagði Flugmálastjórn Zimbabwe m.a. fram upplýsingar um verkefni sín á sviði eftirlitsábyrgðar að því er varðar flugrekandann *Air Zimbabwe (Pvt) Ltd*. Flugmálastjórn Zimbabwe lagði fram samantekt á aðgerðum sem hún hefur gripið til í tengslum við synjun Flugöryggisstofnunar Evrópu á umsókn flugrekandans *Air Zimbabwe (Pvt) Ltd* um TCO-heimild, af ástæðum sem varða öryggi. Flugöryggisstofnun Evrópu lagði fram upplýsingar um alvarlegu öryggisvandamálin sem lágu til grundvallar synjunar hennar varðandi TCO-umsóknina.

- 115) Við áheyrnina lagði flugrekandinn *Air Zimbabwe (Pvt) Ltd* fram upplýsingar um aðgerðir til úrbóta sem voru innleiddar og hafa staðið yfir síðan Flugöryggisstofnun Evrópu synjaði TCO-umsókn þessa flugrekanda. Upplýsingarnar, sem flugrekandinn *Air Zimbabwe (Pvt) Ltd* lagði fram, þ. á m. varðandi takmarkaðar framfarir sem orðið hafa innan fyrirtækisins í tengslum við þróun öryggis- og gæðastjórnunarkerfa, voru þó ófullnægjandi til að eyða efasemdum þar að lútandi.
- 116) Upplýsingarnar, sem liggja fyrir að svo stöddu, þ.m.t. upplýsingar varðandi öryggismat Flugöryggisstofnunar Evrópu í tengslum við TCO-umsókn flugrekandans *Air Zimbabwe (Pvt) Ltd*, ásamt upplýsingum, sem Flugmálastjórn Zimbabwe og flugrekandinn *Air Zimbabwe (Pvt) Ltd* lögðu fram, sýna glögg alvarlega annmarka í öryggismálum af hálfu flugrekandans *Air Zimbabwe (Pvt) Ltd*. Það er metið svo að flugrekandinn *Air Zimbabwe (Pvt) Ltd* sé, sem stendur, ekki fær um að ráða bót á þessum annmörkum í öryggismálum. Reyndar eru langflestar þeirra aðgerða í öryggismálum sem standa yfir á vegum flugrekandans *Air Zimbabwe (Pvt) Ltd* á þróunarstigi og áætlun hans um aðgerðir til úrbóta, sem lögð var fram til að bregðast við þeim ágöllum sem greindust við öryggismatið í tengslum við TCO-heimildina, er ekki nógu traust, einkum með tilliti til nauðsynlegrar greiningar á frumorsökum.
- 117) Í samræmi við sameiginlegu viðmiðanirnar, sem settar eru fram í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 2111/2005, telur framkvæmdastjórnin því að breyta ætti skránni yfir flugrekendur, sem er bannað að stunda flugrekstur innan Sambandsins, með því að bæta flugrekandanum *Air Zimbabwe (Pvt) Ltd* í viðauka A við reglugerð (EB) nr. 474/2006.
- 118) Aðildarríki eiga að halda áfram að sannprófa hvort viðeigandi öryggiskröfur séu uppfylltar á skilvirkan hátt með því að setja það í forgang að loftför flugrekenda, sem hafa fengið vottun í Zimbabwe, séu skoðuð á hlaði samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 965/2012.
- 119) Ef einhverjar viðeigandi öryggisupplýsingar gefa til kynna að öryggisáhætta sé yfirvofandi, sem afleiðing af því að ekki sé farið að alþjóðlegum öryggiskröfum, gæti framkvæmdastjórnin þurft að grípa til frekari aðgerða í samræmi við reglugerð (EB) nr. 2111/2005.
- 120) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 474/2006 til samræmis við það.
- 121) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit flugöryggisnefndarinnar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 474/2006 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað viðauka A komi textinn í I. viðauka við þessa reglugerð.
- 2) Í stað viðauka B komi textinn í II. viðauki við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. maí 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Violeta BULC

Fyrir hönd forsetans,

framkvæmdastjóri

VIÐAUKA

SKRÁ YFIR FLUGREKENDUR, SEM ER BANNAÐ AÐ STUNDA FLUGREKSTUR INNAN SAMBANDSINS, MEÐ UNÐANÞÁGUM ⁽¹⁾

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki flugrekanda
<i>BLUE WING AIRLINES</i>	SRBWA-01/2002	BWI	Súrínam
<i>IRAN ASEMAN AIRLINES</i>	FS-102	IRC	Íslamska lýðveldið Íran
<i>IRAQI AIRWAYS</i>	001	IAW	Írak
<i>MED-VIEW AIRLINES</i>	MVA/AOC/10-12/05	MEV	Nígería
<i>MUSTIQUE AIRWAYS</i>	2A/12/003K	MAW	Sankti Vinsent og Grenadínur
<i>INTERNATIONAL JOINT-STOCK AVIATION COMPANY 'URGA'</i>	UK 012	URG	Úkraína
<i>AIR ZIMBABWE (PVT) LTD</i>	177/04	AZW	Zimbabwe
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Afganistan, þ.m.t.			Íslamska lýðveldið Afganistan
<i>AFGHAN JET INTERNATIONAL AIRLINES</i>	AOC 008	AJA	Íslamska lýðveldið Afganistan
<i>ARIANA AFGHAN AIRLINES</i>	AOC 009	AFG	Íslamska lýðveldið Afganistan
<i>EAST HORIZON AIRLINES</i>	AOC 1013	EHN	Íslamska lýðveldið Afganistan
<i>KAM AIR</i>	AOC 001	KMF	Íslamska lýðveldið Afganistan
<i>SAFI AIRWAYS</i>	AOC 181	SFW	Íslamska lýðveldið Afganistan
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Angóla, að undanskildum flugrekandanum <i>TAAG Angola Airlines</i> sem skráður er í viðauka B, þ.m.t.			Lýðveldið Angóla
<i>AEROJET</i>	AO 008-01/11	TEJ	Lýðveldið Angóla
<i>AIR GICANGO</i>	009	Óskráður	Lýðveldið Angóla
<i>AIR JET</i>	AO 006-01/11-MBC	MBC	Lýðveldið Angóla

(¹) Unnt væri að heimila að allir flugrekendur, sem eru skráðir í viðauka A, nýti flugréttindi, með því að nota loftfar í þjónustuleigu frá flugrekanda, sem er ekki bannað að stunda flugrekstur, að því tilskildu að viðeigandi öryggiskröfur séu uppfylltar.

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki flugrekanda
<i>AIR NAVE</i>	017	Óskráður	Lýðveldið Angóla
<i>AIR26</i>	AO 003-01/11-DCD	DCD	Lýðveldið Angóla
<i>ANGOLA AIR SERVICES</i>	006	Óskráður	Lýðveldið Angóla
<i>DIEXIM</i>	007	Óskráður	Lýðveldið Angóla
<i>FLY540</i>	AO 004-01 FLYA	Óskráður	Lýðveldið Angóla
<i>GIRA GLOBO</i>	008	GGL	Lýðveldið Angóla
<i>HELIANG</i>	010	Óskráður	Lýðveldið Angóla
<i>HELIMALONGO</i>	AO 005-01/11	Óskráður	Lýðveldið Angóla
<i>MAVEWA</i>	016	Óskráður	Lýðveldið Angóla
<i>SONAIR</i>	AO 002-01/10-SOR	SOR	Lýðveldið Angóla
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirlitum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Lýðveldinu Kongó, þ.m.t.			Lýðveldið Kongó
<i>AERO SERVICE</i>	RAC06-002	RSR	Lýðveldið Kongó
<i>CANADIAN AIRWAYS CONGO</i>	RAC06-012	Óskráður	Lýðveldið Kongó
<i>EMERAUDE</i>	RAC06-008	Óskráður	Lýðveldið Kongó
<i>EQUAFLIGHT SERVICES</i>	RAC 06-003	EKA	Lýðveldið Kongó
<i>EQUAJET</i>	RAC06-007	EKJ	Lýðveldið Kongó
<i>EQUATORIAL CONGO AIRLINES S.A.</i>	RAC 06-014	Óskráður	Lýðveldið Kongó
<i>MISTRAL AVIATION</i>	RAC06-011	Óskráður	Lýðveldið Kongó
<i>TRANS AIR CONGO</i>	RAC 06-001	TSG	Lýðveldið Kongó
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirlitum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó, þ.m.t.			Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
<i>AIR FAST CONGO</i>	409/CAB/MIN/TVC/ 0112/2011	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
<i>AIR KASAI</i>	409/CAB/MIN/TVC/ 0053/2012	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
<i>AIR KATANGA</i>	409/CAB/MIN/TVC/ 0056/2012	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki flugrekanda
<i>AIR TROPIQUES</i>	409/CAB/MIN/TVC/ 00625/2011	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
<i>BLUE AIRLINES</i>	106/CAB/MIN/TVC/ 2012	BUL	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
<i>BLUE SKY</i>	409/CAB/MIN/TVC/ 0028/2012	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
<i>BUSY BEE CONGO</i>	409/CAB/MIN/TVC/ 0064/2010	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
<i>COMPAGNIE AFRICAINE D'AVIATION (CAA)</i>	409/CAB/MIN/TVC/ 0050/2012	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
<i>CONGO AIRWAYS</i>	019/CAB/MIN/TVC/ 2015	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
<i>DAKOTA SPRL</i>	409/CAB/MIN/TVC/ 071/2011	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
<i>DOREN AIR CONGO</i>	102/CAB/MIN/TVC/ 2012	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
<i>GOMAIR</i>	409/CAB/MIN/TVC/ 011/2010	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
<i>KIN AVIA</i>	409/CAB/MIN/TVC/ 0059/2010	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
<i>KORONGO AIRLINES</i>	409/CAB/MIN/TVC/ 001/2011	KGO	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
<i>MALU AVIATION</i>	098/CAB/MIN/TVC/ 2012	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
<i>MANGO AIRLINES</i>	409/CAB/MIN/TVC/ 009/2011	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
<i>SERVE AIR</i>	004/CAB/MIN/TVC/ 2015	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
<i>SERVICES AIR</i>	103/CAB/MIN/TVC/ 2012	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
<i>SWALA AVIATION</i>	409/CAB/MIN/TVC/ 0084/2010	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
<i>TRANSAIR CARGO SERVICES</i>	409/CAB/MIN/TVC/ 073/2011	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
<i>WILL AIRLIFT</i>	409/CAB/MIN/TVC/ 0247/2011	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki flugrekanda
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Djibútí, þ.m.t.			Djibútí
<i>DAALLO AIRLINES</i>	Óskráð	DAO	Djibútí
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Miðbaugs-Gíneu, þ.m.t.			Miðbaugs-Gínea
<i>CEIBA INTERCONTINENTAL</i>	2011/0001/MTTCT/DGAC/SOPS	CEL	Miðbaugs-Gínea
<i>CRONOS AIRLINES</i>	2011/0004/MTTCT/DGAC/SOPS	Óskráður	Miðbaugs-Gínea
<i>PUNTO AZUL</i>	2012/0006/MTTCT/DGAC/SOPS	Óskráður	Miðbaugs-Gínea
<i>TANGO AIRWAYS</i>	Óskráð	Óskráður	Miðbaugs-Gínea
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Eritreu, þ.m.t.			Eritrea
<i>ERITREAN AIRLINES</i>	AOC No 004	ERT	Eritrea
<i>NASAIR ERITREA</i>	AOC No 005	NAS	Eritrea
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Lýðveldinu Gabon, að undanskildum flugrekendunum <i>Afrijet</i> og <i>SN2AG</i>, sem eru skráðir í viðauka B, þ.m.t.			Lýðveldið Gabon
<i>AFRIC AVIATION</i>	010/MTAC/ANAC-G/DSA	EKG	Lýðveldið Gabon
<i>ALLEGIANCE AIR TOURIST</i>	007/MTAC/ANAC-G/DSA	LGE	Lýðveldið Gabon
<i>NATIONALE REGIONALE TRANSPORT (N.R.T)</i>	008/MTAC/ANAC-G/DSA	NRG	Lýðveldið Gabon
<i>SKY GABON</i>	009/MTAC/ANAC-G/DSA	SKG	Lýðveldið Gabon
<i>SOLENTA AVIATION GABON</i>	006/MTAC/ANAC-G/DSA	SVG	Lýðveldið Gabon
<i>TROPICAL AIR-GABON</i>	011/MTAC/ANAC-G/DSA	Óskráður	Lýðveldið Gabon

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki flugrekanda
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Indónesíu, að undanskildum flugrekendunum Garuda Indonesia, Airfast Indonesia, Ekspres Transportasi Antarbenua, Indonesia Air Asia, Citilink, Lion Air og Batik Air, þ.m.t.			Lýðveldið Indónesía
<i>AIR BORN INDONESIA</i>	135-055	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
<i>AIR PACIFIC UTAMA</i>	135-020	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
<i>ALDA TRANS PAPUA</i>	135-056	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
<i>ALFA TRANS DIRGANTATA</i>	135-012	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
<i>AMA</i>	135-054	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
<i>ANGKASA SUPER SERVICE</i>	135-050	LBZ	Lýðveldið Indónesía
<i>ASI PUDJIASTUTI</i>	135-028	SQS	Lýðveldið Indónesía
<i>AVIASTAR MANDIRI</i>	135-029	VIT	Lýðveldið Indónesía
<i>DABI AIR NUSANTARA</i>	135-030	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
<i>DERAYA AIR TAXI</i>	135-013	DRY	Lýðveldið Indónesía
<i>DERAZONA AIR SERVICE</i>	135-010	DRZ	Lýðveldið Indónesía
<i>EASTINDO</i>	135-038	ESD	Lýðveldið Indónesía
<i>ELANG LINTAS INDONESIA</i>	135-052	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
<i>ELANG NUSANTARA AIR</i>	135-053	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
<i>ENGGANG AIR SERVICE</i>	135-045	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
<i>ERSA EASTERN AVIATION</i>	135-047	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
<i>GATARI AIR SERVICE</i>	135-018	GHS	Lýðveldið Indónesía
<i>HEVILIFT AVIATION</i>	135-042	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
<i>INDONESIA AIR ASIA EXTRA</i>	121-054	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
<i>INDONESIA AIR TRANSPORT</i>	121-034	IDA	Lýðveldið Indónesía
<i>INDO STAR AVIATION</i>	135-057	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
<i>INTAN ANGKASA AIR SERVICE</i>	135-019	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
<i>JAYAWIJAYA DIRGANTARA</i>	121-044	JWD	Lýðveldið Indónesía
<i>JOHNLIN AIR TRANSPORT</i>	135-043	JLB	Lýðveldið Indónesía

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki flugrekanda
<i>KAL STAR AVIATION</i>	121-037	KLS	Lýðveldið Indónesía
<i>KARTIKA AIRLINES</i>	121-003	KAE	Lýðveldið Indónesía
<i>KOMALA INDONESIA</i>	135-051	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
<i>KURA-KURA AVIATION</i>	135-016	KUR	Lýðveldið Indónesía
<i>MARTA BUANA ABADI</i>	135-049	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
<i>MATTHEW AIR NUSANTARA</i>	135-048	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
<i>MIMIKA AIR</i>	135-007	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
<i>MY INDO AIRLINES</i>	121-042	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
<i>NAM AIR</i>	121-058	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
<i>NATIONAL UTILITY HELICOPTER</i>	135-011	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
<i>NUSANTARA AIR CHARTER</i>	121-022	SJK	Lýðveldið Indónesía
<i>PEGASUS AIR SERVICES</i>	135-036	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
<i>PELITA AIR SERVICE</i>	121-008	PAS	Lýðveldið Indónesía
<i>PENERBANGAN ANGKASA SEMESTA</i>	135-026	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
<i>PURA WISATA BARUNA</i>	135-025	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
<i>RIAU AIRLINES</i>	121-016	RIU	Lýðveldið Indónesía
<i>SAYAP GARUDA INDAH</i>	135-004	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
<i>SMAC</i>	135-015	SMC	Lýðveldið Indónesía
<i>SPIRIT AVIATION SENTOSA</i>	135-058	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
<i>SRIWIJAYA AIR</i>	121-035	SJY	Lýðveldið Indónesía
<i>SURYA AIR</i>	135-046	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
<i>TRANSNUSA AVIATION MANDIRI</i>	121-048	TNU	Lýðveldið Indónesía
<i>TRANSWISATA PRIMA AVIATION</i>	135-021	TWT	Lýðveldið Indónesía
<i>TRAVEL EXPRESS AVIATION SERVICE</i>	121-038	XAR	Lýðveldið Indónesía
<i>TRAVIRA UTAMA</i>	135-009	TVV	Lýðveldið Indónesía
<i>TRI MG-INTRA ASIA AIRLINES</i>	121-018	TMG	Lýðveldið Indónesía
<i>TRI MG-INTRA ASIA AIRLINES</i>	135-037	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
<i>TRIGANA AIR SERVICE</i>	121-006	TGN	Lýðveldið Indónesía

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki flugrekanda
<i>UNINDO</i>	135-040	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
<i>WESTSTAR AVIATION INDONESIA</i>	135-059	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
<i>WING ABADI AIRLINES</i>	121-012	WON	Lýðveldið Indónesía
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Kirgiska lýðveldinu, þ.m.t.			Kirgiska lýðveldið
<i>AIR BISHKEK (áður EASTOK AVIA)</i>	15	EAA	Kirgiska lýðveldið
<i>AIR MANAS</i>	17	MBB	Kirgiska lýðveldið
<i>AVIA TRAFFIC COMPANY</i>	23	AVJ	Kirgiska lýðveldið
<i>CENTRAL ASIAN AVIATION SERVICES (CAAS)</i>	13	CBK	Kirgiska lýðveldið
<i>HELI SKY</i>	47	HAC	Kirgiska lýðveldið
<i>AIR KYRGYZSTAN</i>	03	LYN	Kirgiska lýðveldið
<i>MANAS AIRWAYS</i>	42	BAM	Kirgiska lýðveldið
S GROUP INTERNATIONAL (áður S GROUP AVIATION)	45	IND	Kirgiska lýðveldið
<i>SKY BISHKEK</i>	43	BIS	Kirgiska lýðveldið
<i>SKY KG AIRLINES</i>	41	KGK	Kirgiska lýðveldið
<i>SKY WAY AIR</i>	39	SAB	Kirgiska lýðveldið
<i>TEZ JET</i>	46	TEZ	Kirgiska lýðveldið
<i>VALOR AIR</i>	07	VAC	Kirgiska lýðveldið
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Líberíu.			Líbería
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Líbíu, þ.m.t.			Líbía
<i>AFRIQYAH AIRWAYS</i>	007/01	AAW	Líbía
<i>AIR LIBYA</i>	004/01	TLR	Líbía
<i>BURAQ AIR</i>	002/01	BRQ	Líbía

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki flugrekanda
<i>GHADAMES AIR TRANSPORT</i>	012/05	GHT	Líbía
<i>GLOBAL AVIATION AND SERVICES</i>	008/05	GAK	Líbía
<i>LIBYAN AIRLINES</i>	001/01	LAA	Líbía
<i>PETRO AIR</i>	025/08	PEO	Líbía
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Nepal, þ.m.t.			Sambandslýðstjórnarlýðveldið Nepal
<i>AIR DYNASTY HELI. S.</i>	035/2001	Óskráður	Sambandslýðstjórnarlýðveldið Nepal
<i>AIR KASTHAMANDAP</i>	051/2009	Óskráður	Sambandslýðstjórnarlýðveldið Nepal
<i>BUDDHA AIR</i>	014/1996	BHA	Sambandslýðstjórnarlýðveldið Nepal
<i>FISHTAIL AIR</i>	017/2001	Óskráður	Sambandslýðstjórnarlýðveldið Nepal
<i>GOMA AIR</i>	064/2010	Óskráður	Sambandslýðstjórnarlýðveldið Nepal
<i>HIMALAYA AIRLINES</i>	084/2015	Óskráður	Sambandslýðstjórnarlýðveldið Nepal
<i>MAKALU AIR</i>	057A/2009	Óskráður	Sambandslýðstjórnarlýðveldið Nepal
<i>MANANG AIR PVT LTD</i>	082/2014	Óskráður	Sambandslýðstjórnarlýðveldið Nepal
<i>MOUNTAIN HELICOPTERS</i>	055/2009	Óskráður	Sambandslýðstjórnarlýðveldið Nepal
<i>MUKTINATH AIRLINES</i>	081/2013	Óskráður	Sambandslýðstjórnarlýðveldið Nepal
<i>NEPAL AIRLINES CORPORATION</i>	003/2000	RNA	Sambandslýðstjórnarlýðveldið Nepal
<i>SAURYA AIRLINES</i>	083/2014	Óskráður	Sambandslýðstjórnarlýðveldið Nepal
<i>SHREE AIRLINES</i>	030/2002	SHA	Sambandslýðstjórnarlýðveldið Nepal
<i>SIMRIK AIR</i>	034/2000	Óskráður	Sambandslýðstjórnarlýðveldið Nepal
<i>SIMRIK AIRLINES</i>	052/2009	RMK	Sambandslýðstjórnarlýðveldið Nepal
<i>SITA AIR</i>	033/2000	Óskráður	Sambandslýðstjórnarlýðveldið Nepal
<i>TARA AIR</i>	053/2009	Óskráður	Sambandslýðstjórnarlýðveldið Nepal
<i>YETI AIRLINES DOMESTIC</i>	037/2004	NYT	Sambandslýðstjórnarlýðveldið Nepal

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki flugrekanda
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Saó Tóme og Prinsípe, þ.m.t.			Saó Tóme og Prinsípe
<i>AFRICA'S CONNECTION</i>	10/AOC/2008	ACH	Saó Tóme og Prinsípe
<i>STP AIRWAYS</i>	03/AOC/2006	STP	Saó Tóme og Prinsípe
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Síerra Leóne, þ.m.t.			Síerra Leóne
<i>AIR RUM, LTD</i>	ÓSKRÁÐ	RUM	Síerra Leóne
<i>DESTINY AIR SERVICES, LTD</i>	ÓSKRÁÐ	DTY	Síerra Leóne
<i>HEAVYLIFT CARGO</i>	ÓSKRÁÐ	Óskráður	Síerra Leóne
<i>ORANGE AIR SIERRA LEONE LTD</i>	ÓSKRÁÐ	ORJ	Síerra Leóne
<i>PARAMOUNT AIRLINES, LTD</i>	ÓSKRÁÐ	PRR	Síerra Leóne
<i>SEVEN FOUR EIGHT AIR SERVICES LTD</i>	ÓSKRÁÐ	SVT	Síerra Leóne
<i>TEEBAH AIRWAYS</i>	ÓSKRÁÐ	Óskráður	Síerra Leóne
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Súdan, þ.m.t.			Lýðveldið Súdan
<i>ALFA AIRLINES SD</i>	54	AAJ	Lýðveldið Súdan
<i>BADR AIRLINES</i>	35	BDR	Lýðveldið Súdan
<i>BLUE BIRD AVIATION</i>	11	BLB	Lýðveldið Súdan
<i>ELDINDER AVIATION</i>	8	DND	Lýðveldið Súdan
<i>GREEN FLAG AVIATION</i>	17	Óskráður	Lýðveldið Súdan
<i>HELEJETIC AIR</i>	57	HJT	Lýðveldið Súdan
<i>KATA AIR TRANSPORT</i>	9	KTV	Lýðveldið Súdan
<i>KUSH AVIATION CO.</i>	60	KUH	Lýðveldið Súdan
<i>NOVA AIRWAYS</i>	46	NOV	Lýðveldið Súdan
<i>SUDAN AIRWAYS CO.</i>	1	SUD	Lýðveldið Súdan
<i>SUN AIR</i>	51	SNR	Lýðveldið Súdan
<i>TARCO AIR</i>	56	TRQ	Lýðveldið Súdan

VIÐAUKI B

SKRÁ YFIR FLUGREKENDUR SEM SÆTA REKSTRARTAKMÖRKUNUM INNAN SAMBANDSINS ⁽¹⁾

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC)	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki flugrekanda	Tegund loftfars sem sætir takmörkunum	Skrásetningarmerki og, ef það er fyrir hendi, framleiðsluráðnúmer þeirra loftfara sem sæta takmörkunum	Skráningarríki
TAAG ANGOLA AIRLINES	001	DTA	Lýðveldið Angóla	Öll loftför, að undanskildum loftförum af tegundinni Boeing B737-700, loftförum af tegundinni Boeing B777-200, loftförum af tegundinni Boeing B777-300 og loftförum af tegundinni Boeing B777-300ER.	Öll loftför, að undanskildum loftförum af tegundinni Boeing B737-700, sem tilgreind eru á flugrekandaskírteininu, loftförum af tegundinni Boeing B777-200, sem tilgreind eru á flugrekandaskírteininu, loftförum af tegundinni Boeing B777-300, sem tilgreind eru á flugrekandaskírteininu og loftför af tegundinni Boeing B777-300ER, sem tilgreind eru á flugrekandaskírteininu.	Lýðveldið Angóla
AIR SERVICE COMORES	06-819/TA-15/DGACM	KMD	Kómorejjar	Öll loftför, að undanskildum: LET 410 UVP.	Öll loftför, að undanskildum: D6-CAM (851336).	Kómorejjar
AFRIJET BUSINESS SERVICE ⁽¹⁾	002/MTAC/ANAC-G/DSA	ABS	Lýðveldið Gabon	Öll loftför, að undanskildum: tveimur loftförum af tegundinni Falcon 50, tveimur loftförum af tegundinni Falcon 900.	Öll loftför, að undanskildum: TR-LGV, TR-LGY, TR-AFJ, TR-AFR.	Lýðveldið Gabon
NOUVELLE AIR AFFAIRES GABON (SN2AG)	003/MTAC/ANAC-G/DSA	NVS	Lýðveldið Gabon	Öll loftför, að undanskildum: einu loftfari af tegundinni Challenger CL-601, einu loftfari af tegundinni HS-125-800.	Öll loftför, að undanskildum: TR-AAG, ZS-AFG.	Lýðveldið Gabon, Lýðveldið Suður-Afríka
IRAN AIR	FS100	IRA	Íslamska lýðveldið Íran	Öll loftför af tegundinni Fokker F100 og af tegundinni Boeing B747.	Loftför af tegundinni Fokker F100, sem tilgreind eru á flugrekandaskírteininu; loftför af tegundinni Boeing B747, sem tilgreind eru á flugrekandaskírteininu.	Íslamska lýðveldið Íran

⁽¹⁾ Unnt væri að heimila að allir flugrekendur, sem eru skráðir í viðauka B, nýti flugréttindi, með því að nota loftfar í þjónustuleigu frá flugrekanda, sem er ekki bannað að stunda flugrekstur, að því tilskildu að viðeigandi öryggiskröfur séu uppfylltar.

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC)	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki flugrekanda	Tegund loftfars sem sætir takmörkunum	Skrásetningarmerki og, ef það er fyrir hendi, framleiðslunúmer þeirra loftfara sem sæta takmörkunum	Skráningarríki
<i>AIR KORYO</i>	GAC-AOC/ KOR-01	KOR	Alþýðulýðveldið Kórea	Öll loftför, að undanskildum: tveimur loftförum af tegundinni TU-204.	Öll loftför, að undanskildum: P-632, P-633.	Alþýðulýðveldið Kórea

(¹) Flugrekandanum *Afrijet* er einungis heimilt að nota þau loftför sem eru tilgreind fyrir núverandi starfrækslustig hans innan Sambandsins.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/1084

2017/EES/67/87

frá 14. júní 2017

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 651/2014 að því er varðar aðstoð vegna grunnvirkja hafna og flugvalla, tilkynningarmörk fyrir aðstoð vegna menningar og varðveislu menningararfleifðar og aðstoð vegna íþróttagrunnvirkja og fjölnota tómstundagrunnvirkja og svæðisbundin rekstraraðstoðarkerfi á ystu svæðum og breytingu á reglugerð (ESB) nr. 702/2014 að því er varðar útreikning á aðstoðarhæfum kostnaði (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (ESB) 2015/1588 frá 13. júlí 2015 um beitingu 107. og 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins gagnvart tilteknum flokkum þverlægrar ríkisaðstoðar ⁽¹⁾, einkum xiv. lið í a-lið 1. mgr. 1. gr. og b-lið 1. mgr. 1. gr.,

að höfðu samráði við ráðgjafarnefndina um ríkisaðstoð,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 651/2014 ⁽²⁾ er því lýst yfir að tilteknir flokkar aðstoðar samrýmist innri markaðnum og séu undanþegnir tilkynningarskyldu til framkvæmdastjórnarinnar áður en slík aðstoð er veitt. Í reglugerð (ESB) nr. 651/2014 var tilkynnt að þegar nægileg reynsla hefði fengist hygðist framkvæmdastjórnin endurskoða gildissvið þeirrar reglugerðar með það fyrir augum að hún taki einnig til annarra flokka aðstoðar, einkum aðstoðar vegna grunnvirkja hafna og flugvalla.
- 2) Í ljósi fenginnar reynslu framkvæmdastjórnarinnar og í því skyni að einfalda og skýra reglurnar um ríkisaðstoð, auk þess að draga úr þeirri stjórnsýslubyrði sem fylgir því að þurfa að tilkynna um ríkisaðstoðarráðstafanir sem liggja beint við, og gera framkvæmdastjórninni kleift að einbeita sér að þeim málum sem kunna að valda hve mestri röskun á samkeppni, ætti að láta aðstoð vegna grunnvirkja hafna og flugvalla falla undir gildissvið reglugerðar (ESB) nr. 651/2014.
- 3) Fjárfestingaraðstoð vegna svæðisflugvalla, þar sem árlegur meðalfjöldi farþega er allt að þrjár milljónir farþega, getur bæði bætt aðgengi að tilteknum svæðum og eflt staðbundna þróun, eftir aðstæðum hvers flugvallar. Slík fjárfestingaraðstoð styður því við forgangsverkefni áætlunarinnar Evrópa 2020 með því að stuðla að frekari hagvexti og markmiðum sem varða sameiginlega hagsmuni Sambandsins. Fengin reynsla af beitingu viðmiðunarreglnanna um ríkisaðstoð vegna flugvalla og flugrekenda ⁽³⁾ sýnir að fjárfestingaraðstoð vegna svæðisflugvalla gefur ekki tilefni til

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stj. ESB L 156, 20.6.2017, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 185/2017 frá 22. september 2017 um breytingu á XV. viðauka (Ríkisaðstoð) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stj. ESB L 248, 24.9.2015, bls. 1.

⁽²⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 651/2014 frá 17. júní 2014 þar sem tilgreindir eru tilteknir flokkar aðstoðar sem samrýmast innri markaðnum til beitingar á 107. og 108. gr. sáttmálans (Stj. ESB, L 187, 26.6.2014, bls. 1).

⁽³⁾ Stj. ESB C 99, 4.4.2014, bls. 3.

óréttmætrar röskunar á viðskiptum og samkeppni svo fremi að tilteknum skilyrðum sé fullnægt. Fjárfestingaraðstoð vegna svæðisflugvalla ætti því að falla undir hópundanþáguna í reglugerð (ESB) nr. 651/2014, að því tilskildu að skilyrðin séu uppfyllt. Ekki er rétt að setja tilkynningarmörk á grundvelli fjárhæðar aðstoðarinnar því að samkeppnisáhrif af aðstoðarráðstöfun byggjast fyrst og fremst á stærð flugvallarins en ekki aðstoðarfjárhæðinni.

- 4) Skilyrðin fyrir því að fjárfestingaraðstoð sé undanþegin tilkynningarskyldunni ættu að miða að því að takmarka röskun á samkeppni sem myndi grafa undan jöfnum samkeppnisskilyrðum á innri markaðnum, einkum með því að tryggja að fjárhæð aðstoðarinnar sé hæfileg. Til að teljast hæfileg þarf fjárfestingaraðstoð að uppfylla tvö skilyrði. Aðstoðarhlutfall ætti ekki að vera hærra en leyfilegt hámarkshlutfall aðstoðar, sem er mismunandi eftir stærð flugvallarins. Auk þess ætti aðstoðarfjárhæðin ekki að vera hærri en sem nemur mismuninum á aðstoðarhæfum kostnaði og rekstrarhagnaði fjárfestingarinnar. Ef um er að ræða mjög litla flugvelli, þar sem árlegur fjöldi farþega er allt að 200 000 farþegar, ætti aðeins að krefjast þess að fjárfestingaraðstoðin uppfylli annað þessara skilyrða. Skilyrðin um samrýmanleika ættu að tryggja opinn aðgang að grunnvirkinu án mismununar. Undanþágan ætti ekki að gilda um fjárfestingaraðstoð vegna flugvalla, sem staðsettir eru í nágrenni annars fyrirliggjandi flugvallar þaðan sem boðið er upp á áætluarflug, vegna þess að aðstoð vegna slíkra flugvalla fylgir meiri hættu á röskun á samkeppni og því ætti að tilkynna um hana til framkvæmdastjórnarinnar, að undanskilinni aðstoð vegna mjög lítilla flugvalla, þar sem farþega fjöldi er allt að 200 000 farþegar á ári, sem er ólíkleg til að valda verulegri röskun á samkeppni.
- 5) Rekstraraðstoð vegna mjög lítilla flugvalla, þar sem farþega fjöldi er allt að 200 000 farþegar á ári, gefur ekki tilefni til óréttmætrar röskunar á viðskiptum og samkeppni svo fremi að tilteknum skilyrðum sé fullnægt. Skilyrðin um samrýmanleika ættu einkum að tryggja að aðstoðarfjárhæðin sé ekki hærri en rekstrartap og hæfilegur hagnaður og að aðgangur að grunnvirkinu sé opinn og án mismununar. Auk þess ætti aðstoðin ekki að vera bundin því skilyrði að rekstraraðili flugvallarins geri samkomulag við einn eða fleiri flugrekendur um flugvallargjöld, greiðslur vegna markaðssetningar eða aðra fjárhagslega þætti sem tengjast rekstri flugrekandans á flugvellinum. Samkomulag milli flugvallar, sem rekinn er af opinberu fé, og flugrekanda getur við tiltekna kringumstæður falið í sér ríkisaðstoð við hlutaðeigandi flugrekanda ⁽¹⁾ og slík aðstoð ætti að vera að fullu háð tilkynningarskyldunni í 3. mgr. 108. gr. sáttmálans.
- 6) Hafnir við sjó gegna mikilvægu hlutverki við að ná fram snurðulausri starfsemi innri markaðarins og efla efnahagslega samheldni, félagslega samheldni og samheldni milli svæða, eins og sett er fram m.a. í áætluninni Evrópa 2020 og í hvítbók framkvæmdastjórnarinnar „Vegvísir að samevrópsku flutningasvæði — í átt að samkeppnishæfu og auðlindanýtnu flutningakerfi“ ⁽²⁾. Eins og lögð er áhersla á í orðsendingunni „Hafnir: tæki til að auka hagvöxt“ ⁽³⁾ þarf skilvirka fjárfestingu opinberra aðila og einkaaðila til að reka með skilvirkum hætti hafnir á öllum svæðum Sambandsins sem liggja að sjó. Einkum eru fjárfestingar nauðsynlegar til að laga aðgangsgrunnvirki að höfnum og hafnargrunnvirki að stækkandi og sífellt flóknari flota, að notkun grunnvirkja fyrir óhefðbundið eldsneyti og að strangari kröfum um umhverfisárangur. Skortur á hágæðahafnargrunnvirkjum veldur umferðarteppu og auknum kostnaði fyrir farmsendendur, flutningsaðila og neytendur.
- 7) Eitt af meginmarkmiðunum í stefnu Sambandsins í flutningamálum er þróun hafna við vatnaleiðir og samþætting þeirra inn í fjölpætta flutninga. Í reglum Sambandsins er sérstaklega stefnt að því að styrkja samþættingu í flutningum og umskipti yfir í umhverfisvænni flutningsmáta, s.s. járnbrautarflutninga og flutninga á sjó/skipgengum vatnaleiðum.
- 8) Skilyrðin fyrir því að aðstoð vegna hafna sé undanþegin tilkynningarskyldunni ættu að miða að því að takmarka röskun á samkeppni, sem myndi grafa undan jöfnum samkeppnisskilyrðum á innri markaðnum, einkum með því að tryggja að fjárhæð aðstoðarinnar sé hæfileg. Til að teljast hæfileg þarf aðstoðin að uppfylla tvö skilyrði. Aðstoðarhlutfall ætti ekki að vera hærra en leyfilegt hámarkshlutfall aðstoðar sem er mismunandi eftir stærð fjárfestingarverkefnisins þegar um er að ræða hafnir við sjó. Auk þess ætti aðstoðarfjárhæðin ekki að vera hærri en sem nemur mismuninum á aðstoðarhæfum kostnaði og rekstrarhagnaði fjárfestingarinnar nema þegar um er að ræða mjög lágar aðstoðarfjárhæðir en þá er við hæfi að beita einfaldaðri aðferð til að léttja stjórnsýslubyrði. Skilyrðin um samrýmanleika ættu einnig að tryggja að hvers konar sérleyfi eða annað umboð, sem veitt er þriðja aðila til að byggja, endurbæta, reka eða leigja hafnargrunnvirki sem fengið hefur aðstoð, sé veitt á opnum og gagnsæjum grundvelli án mismununar og skilyrðislaust, sbr. þó reglur Sambandsins um opinber innkaup og sérleyfi, eftir atvikum. Einnig ætti að tryggja jafnan aðgang að grunnvirkinu án mismununar.

⁽¹⁾ Sjá einkum þátt 3.5 í viðmiðunarreglunum um ríkisaðstoð vegna flugvalla og flugrekenda.

⁽²⁾ COM(2011) 144.

⁽³⁾ COM(2013) 295.

- 9) Fjárfestingar, sem gert er ráð fyrir í vinnuáætlunum um leiðareinar grunnnetsins (e. Core Network Corridors) sem settar eru fram í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1315/2013 ⁽¹⁾, eru verkefni sem þjóna sameiginlegum hagsmunum, einkum í þágu stefnumótunar Sambandsins. Hafnir við sjó, sem eru hluti af þessum netum, eru aðkomu- og brottfararstaðir fyrir vörur sem fluttar eru til og frá Sambandinu. Hafnir við vatnaleiðir, sem eru hluti af þessum netum, eru lykilmætir í því að netið geti verið fjölpætt. Fjárfestingar, sem miða að því að bæta afköst þessara hafna, ættu því að njóta hærri tilkynningarmarka.
- 10) Í ljósi fenginnar reynslu af beitingu reglugerðar (ESB) nr. 651/2014 og reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 702/2014 ⁽²⁾ þykir einnig rétt að aðlaga tiltekin ákvæði þessara reglugerða.
- 11) Að því er varðar svæðisbundin rekstraraðstoðarkerfi á ystu svæðum hefur einkum reynst erfitt í framkvæmd að beita mismunandi reglum um bætur vegna viðbótarflutningskostnaðar og annars viðbótarkostnaðar og slíkt ekki hentað vel til að takast á við þá kerfislaegu annmarka sem um getur í 349. gr. sáttmálans, þ.e. að svæðin eru afskekkt og einangruð, einkennast af smæð, erfiðum staðháttum og veðurfari og efnahag sem reidir sig á fáar framleiðsluvörur, en varanlegt eðli og samanlögð áhrif þessara þátta setja þróun þeirra miklar skorður, og því ætti aðferð, sem gildir um allan viðbótarkostnað, að koma í stað ákvæðanna. Framkvæmd ráðstafana á sviði svæðisbundinnar fjárfestingar- og rekstraraðstoðar á ystu svæðum, sem koma til góða m.a. fyrirtækjum sem starfa í sjávarútvegsgeiranum, ætti að samrýmast skuldbindingum Sambandsins sem leiðir af alþjóðasamningum sem það á aðild að. Því ættu slíkar ráðstafanir á sviði svæðisbundinnar fjárfestingar- og rekstraraðstoðar ekki að koma til góða skipum sem stunda ólöglegar, ótilkynntar og stjórnlauasar fiskveiðar eða stuðla að ofveiði eða aukningu á veiðigetu skipa.
- 12) Í ljósi þess hve aðstoð vegna menningar og varðveislu menningararfleifðar og aðstoð vegna íþróttagrunnvirkja og fjölnota tómstundagrunnvirkja hefur takmörkuð neikvæð áhrif á samkeppni ber að hækka tilkynningarmörk vegna aðstoðar á þessum sviðum.
- 13) Til að einfalda útreikninga á aðstoðarhæfum kostnaði skv. reglugerð (ESB) nr. 651/2014 og reglugerð (ESB) nr. 702/2014, vegna starfsemi sem er, a.m.k. að hluta til, fjármögðuð úr sjóði Sambandsins, sem heimilar notkun einfaldaðra valkosta varðandi kostnað, ætti að aðlaga ákvæðin um aðstoðarhæfan kostnað.
- 14) Innan fjármögnunarleiðarinnar fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki samkvæmt Horizon 2020, sem um getur í 2. mgr. 22. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1291/2013 ⁽³⁾, geta verkefni fengið gæðamerki framkvæmdastjórnarinnar, öndvegisinnsgli (e. Seal of Excellence). Slík verkefni má undanþiggja tilkynningarskyldunni í samræmi við reglur reglugerðar (ESB) nr. 651/2014 sakir takmarkaðra fjármögnunarfjárhæða þeirra sem nema að hámarki 2,5 milljónum evra fyrir hvert verkefni og vegna þess að þau beinast eingöngu að litlum og meðalstórum fyrirtækjum.
- 15) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 651/2014 og reglugerð (ESB) nr. 702/2014 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (ESB) nr. 651/2014 er breytt sem hér segir:

- 1) Ákvæðum 1. gr. er breytt sem hér segir:
 - a) Ákvæðum 1. mgr. er breytt sem hér segir:
 - i. Í stað k- og l-liðar komi eftirfarandi:
 - „k) aðstoð vegna íþróttagrunnvirkja og fjölnota tómstundagrunnvirkja,
 - l) aðstoð vegna staðbundinna grunnvirkja.“

⁽¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1315/2013 frá 11. desember 2013 um viðmiðunarreglur Sambandsins varðandi uppbyggingu samevrópska flutninganetsins og um niðurfellingu á ákvörðun nr. 661/2010/ESB (Stj.íð. ESB L 348, 20.12.2013, bls. 1).

⁽²⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 702/2014 frá 25. júní 2014 þar sem tilgreindir eru tilteknir flokkar aðstoðar á sviði landbúnaðar og skógræktar og í dreifbýli sem samrýmast innri markaðnum til beitingar á 107. og 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins (Stj.íð. ESB, L 193, 26.6.2014, bls. 1).

⁽³⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1291/2013 frá 11. desember 2013 um að koma á fót Horizon 2020 — rammaáætlun um rannsóknir og nýsköpun (2014-2020) og um niðurfellingu á ákvörðun nr. 1982/2006/EB (Stj.íð. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 104).

ii. Eftirfarandi m- og n-liðir bætist við:

„m) aðstoð vegna svæðisflugvalla,

n) aðstoð vegna hafna.“

b) Í stað fyrstu undirgreinar 3. mgr. komi eftirfarandi:

„Þessi reglugerð gildir ekki um:

a) aðstoð sem er veitt innan sjávarútvegs- og lagareldisgeirans, eins og fjallað er um hana í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1379/2013 (*), að undanskilinni þjálfunaraðstoð, aðstoð að því er varðar aðgang lítilla og meðalstórra fyrirtækja að fjármagni, aðstoð á sviði rannsókna og þróunar, nýsköpunaraðstoð við lítil og meðalstór fyrirtæki, aðstoð vegna starfsmanna sem standa höllum fæti og fatlaðra starfsmanna, svæðisbundna fjárfestingaraðstoð á ystu svæðum og svæðisbundin rekstraraðstoðarkerfi,

b) aðstoð sem er veitt til frumframleiðslu í landbúnaði, að undanskilinni svæðisbundinni fjárfestingaraðstoð á ystu svæðum, svæðisbundnum rekstraraðstoðarkerfum, aðstoð vegna ráðgjafar í þágu lítilla og meðalstórra fyrirtækja, aðstoð vegna áhættufjármögnunar, aðstoð á sviði rannsókna og þróunar, nýsköpunaraðstoð við lítil og meðalstór fyrirtæki, aðstoð til umhverfismála, þjálfunaraðstoð og aðstoð vegna starfsmanna sem standa höllum fæti og fatlaðra starfsmanna,

c) aðstoð sem er veitt til geira vinnslu og markaðssetningar landbúnaðarafurða, í eftirfarandi tilvikum:

i. þegar fjárhæð aðstoðar er ákveðin á grundvelli verðs eða magns þeirra afurða sem keyptar eru af frumframleiðendum eða settar á markað af hlutaðeigandi fyrirtækjum,

ii. þegar aðstoðin er háð því skilyrði að hún sé að hluta til eða eingöngu veitt frumframleiðendum,

d) aðstoð til að auðvelda lokun kolanáma sem eru ekki samkeppnishæfar, eins og fjallað er um í ákvörðun ráðsins nr. 2010/787 (**),

e) flokka svæðisbundinnar aðstoðar sem um getur í 13. gr.

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1379/2013 frá 11. desember 2013 um sameiginlegt markaðskerfi fyrir fisk- og lagareldisafurðir, um breytingu á reglugerðum ráðsins (EB) nr. 1184/2006 og (EB) nr. 1224/2009 og um niðurfellingu reglugerðar ráðsins (EB) nr. 104/2000 (Stjtíð. ESB L 354, 28.12.2013, bls. 1).

(**) Ákvörðun ráðsins 2010/787/ESB frá 10. desember 2010 um ríkisaðstoð til að auðvelda lokun kolanáma sem eru ekki samkeppnishæfar (Stjtíð. ESB L 336, 21.12.2010, bls. 24).“

c) Ákvæðum 4. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Í stað a-liðar komi eftirfarandi:

„a) aðstoðarkerfi sem útiloka ekki skilmerkilega greiðslur stakrar aðstoðar í þágu fyrirtækis, sem krafið er um endurgreiðslu í kjölfar fyrri ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar þar sem því er lýst yfir að aðstoð, sem veitt er af sama aðildarríki, sé ólögleg og ósamrýmanleg innri markaðnum, að undanskildum aðstoðarkerfum til að bæta tjón af völdum tiltekinna náttúruhamfara,“.

ii. Í stað c-liðar komi eftirfarandi:

„c) aðstoð til fyrirtækja sem eiga í erfiðleikum, að undanskildum aðstoðarkerfum til að bæta tjón af völdum tiltekinna náttúruhamfara, upphafsáðstoðarkerfum og svæðisbundnum rekstraraðstoðarkerfum, að því tilskildu að þessi kerfi veiti ekki fyrirtækjum í erfiðleikum hagstæðari meðferð en öðrum fyrirtækjum.“

2) Ákvæðum 2. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 39. liðar komi eftirfarandi:

„39) „rekstrarhagnaður“: mismunurinn á afvöxtuðum tekjum og afvöxtuðum rekstrarkostnaði á efnahagslegum líftíma fjárfestingarinnar þegar þessi mismunur er jákvæður. Rekstrarkostnaður felur í sér kostnað eins og starfsmannakostnað, efniskostnað, kostnað vegna umsaminnar þjónustu, fjarskipta, orku, viðhalds, leigu og stjórnunar en undanskilur kostnað vegna afskrifta og fjármögnunar ef fjárfestingaraðstoð nær yfir hann. Með afvöxtun tekna og rekstrarkostnaðar með viðeigandi afvöxtunarstuðli má ná fram hæfilegum hagnaði,“.

b) Í stað 42. liðar komi eftirfarandi:

„42) „svæðisbundin rekstraraðstoð“: aðstoð til að draga úr rekstrarútgjöldum fyrirtækis. Í þessu felast kostnaðarflokkar eins og starfsmannakostnaður, efniskostnaður, kostnaður vegna umsaminnar þjónustu, fjarskipta, orku, viðhalds, leigu, stjórnunar o.s.frv. en undanskilinn er kostnaður vegna afskrifta og fjármögnunar ef slíkur kostnaður er innifalinn í aðstoðarhæfa kostnaðinum þegar fjárfestingaraðstoð er veitt.“

c) Í stað 48. liðar komi eftirfarandi:

„48) strjálbýl svæði“: svæði á 2. stigi NUTS með færri en 8 íbúa á km² eða svæði á 3. stigi NUTS með færri en 12,5 íbúa á km² eða svæði sem framkvæmdastjórnin viðurkennir sem slík í einstakri ákvörðun á korti yfir svæðisbundna aðstoð sem í gildi er á þeim tíma sem aðstoðin er veitt.“

d) Eftirfarandi liður 48a bætist við:

„48a) „mjög strjálbýl svæði“: svæði á 2. stigi NUTS með færri en 8 íbúa á km² eða svæði sem framkvæmdastjórnin viðurkennir sem slík í einstakri ákvörðun á korti yfir svæðisbundna aðstoð sem í gildi er á þeim tíma sem aðstoðin er veitt.“

e) Í stað 55. liðar komi eftirfarandi:

„55) „svæði sem uppfylla skilyrði fyrir rekstraraðstoð“: ysta svæði sem um getur í 349. gr. sáttmálans, strjálbýlt svæði eða mjög strjálbýlt svæði.“

f) Eftirfarandi liður 61a bætist við:

„61a) „flutningur“: tilfærsla sömu eða svipaðrar starfsemi eða hluta hennar frá starfsstöð hjá einum samningsaðila að EES-samningnum (upphafleg starfsstöð) til starfsstöðvar þar sem fjárfestingin, sem aðstoð er veitt til, er gerð hjá öðrum samningsaðila að EES-samningnum (starfsstöð sem fær aðstoð). Um er að ræða tilfærslu ef framleiðsluvara eða þjónusta í upphaflegu starfsstöðinni og í starfsstöðinni sem fær aðstoð þjónar a.m.k. að hluta til sama tilgangi og uppfyllir kröfur eða þarfir sams konar viðskiptavina og störf tapast innan sömu eða svipaðrar starfsemi í einni af upphaflegum starfsstöðvum aðstoðarþegans á Evrópska efnahagssvæðinu.“

g) Eftirfarandi 144.–165. liður bætist við á eftir 143. lið:

„Skilgreiningar að því er varðar aðstoð vegna svæðisflugvalla

144) „flugvallargrunnvirki“: grunnvirki og búnaður flugvallar til að veita flugrekendum og hinum ýmsu þjónustuveitendum flugvallarþjónustu, þ.m.t. flugbrautir, flugstöðvarbyggingar, hlöð, akbrautir loftfara, miðlæg grunnvirki til flugafgreiðslu og hver sú aðstaða önnur sem styður beint við flugvallarþjónustu, að undanskildum grunnvirkjum og búnaði sem er fyrst og fremst nauðsynlegur til starfsemi sem ekki tengist flugi,

145) „flugrekandi“: sérhver flugrekandi með gilt flugrekstrarleyfi sem gefið er út af aðildarríki eða aðila að Samevrópska flugsvæðinu samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 (*),

146) „flugvöllur“: eining eða einingasamstæða þar sem atvinnustarfsemin felur það í sér að veita flugrekendum flugvallarþjónustu,

147) „flugvallarþjónusta“: þjónusta sem flugvöllur eða eitthvert af dótturfélögum hans veitir flugrekendum til að tryggja afgreiðslu loftfara frá landingu til flugtaks og afgreiðslu farþega og farms, til þess að gera flugrekendum kleift að veita flutningaþjónustu í lofti, þ.m.t. flugafgreiðsla og að láta í té miðlæg grunnvirki til flugafgreiðslu,

148) „árlegur meðalfjöldi farþega“: tala sem ákvörðuð er á grundvelli fjölda komu- og brottfararfarþega tveggja næstliðinna fjárhagsára áður en aðstoðin er veitt,

- 149) „miðlæg grunnvirki til flugafgreiðslu“: grunnvirki sem yfirleitt eru rekin af flugvallarstjóra og látin í té hinum ýmsu þjónustuveitendum á sviði flugafgreiðslu, sem starfa á flugvöllum, gegn greiðslu, að undanskildum búnaði sem þeir sem annast flugafgreiðslu eiga eða reka,
- 150) „háhraðalest“: lest sem getur náð hraða sem nemur yfir 200 km/klst,
- 151) „flugafgreiðsla“: þjónusta til handa flugvallarnotendum á flugvöllum eins og lýst er í viðaukanum við tilskipun ráðsins 96/67/EB (**),
- 152) „starfsemi sem ekki tengist flugi“: þjónusta í atvinnuskyni við flugrekendur eða aðra notendur flugvallar, þ.m.t. stoðþjónusta við farþega, farmmiðlara eða aðra þjónustuveitendur, útleiga á skrifstofum og verslunum, bílastæði og hótél,
- 153) „svæðisflugvöllur“: flugvöllur þar sem árlegur meðalfjöldi farþega er allt að 3 milljónir farþega.

Skilgreiningar að því er varðar aðstoð vegna hafna

- 154) „höfn“: landsvæði og hafsvæði, sem samanstanda af grunnvirkjum og búnaði þar sem hægt er að taka á móti fljótandi förum, ferma og afferma þau, geyma vörur, taka á móti og afhenda þessar vörur og þar sem farþegar, áhöfn og aðrir einstaklingar geta farið að og frá borði, og hvers konar önnur grunnvirki sem nauðsynleg eru fyrir flutningsaðila á hafnarsvæðinu,
- 155) „höfn við sjó“: höfn sem er fyrst og fremst til að taka á móti hafskipum,
- 156) „höfn við vatnaleiðir“: höfn, önnur en höfn við sjó, til að taka á móti skipum í siglingum á skipgengum vatnaleiðum,
- 157) „hafnargrunnvirki“: grunnvirki og aðstaða til að veita hafnarþjónustu í tengslum við flutninga, s.s. skipalægi til festarþjónustu við skip, hafnarkantar, hafnargarðar og flothylki undir flotbrýr (e. floating pantoon ramps) á svæðum milli flóðmarka, innri hafnir (e. internal basins), fyllingar og endurheimt land, grunnvirki fyrir óhefðbundið eldsneyti og grunnvirki til söfnunar á úrgangi og farmleifum frá skipum,
- 158) „yfirbygging hafnar“: yfirborðsaðstaða (s.s. geymsluaðstaða), fastur búnaður (s.s. vörugymslur og stöðvarbyggingar), auk hreyfanlegs búnaðar (s.s. krana) sem er að finna í höfn til að veita hafnarþjónustu í tengslum við flutninga,
- 159) „aðgangsgrunnvirki“: hvers konar grunnvirki sem eru nauðsynleg til að tryggja notendum aðgengi og aðkomu frá landi eða sjó og ám að höfn eða um höfnina, s.s. vegir, brautarspor, skiparennur og flóðgáttir,
- 160) „dýpkun“: að fjarlægja setlög af botni siglingaleiðar að höfn eða innan hafnar,
- 161) „grunnvirki fyrir óhefðbundið eldsneyti“: hafnargrunnvirki, sem er fast, hreyfanlegt eða undan landi, sem gerir höfninni kleift að sjá skipum fyrir orkugjöfum eins og rafmagni, vetni, lífheldsneyti, eins og það er skilgreint í i. lið 2. gr. tilskipunar 2009/28/EB, tilbúnu eldsneyti og paraffínsku eldsneyti, jarðgasi, þ.m.t. lífmetani, í loftkenndu formi (þjappað jarðgas (CNG)) og fljótandi formi (fljótandi jarðgas (LNG)) og fljótandi jarðólúgasi (LPG) sem koma, a.m.k. að hluta til, í stað jarðefnaeldsneytis sem orkugjafi í flutningum og sem geta hugsanlega stuðlað að minnkun kolefnislosunar og bætt árangur í umhverfismálum í flutningageiranum,
- 162) „skip“: fljótandi mannvirki, hvort sem þau eru sjálfknúin eða ekki, með einum bol eða fleirum sem fljóta á yfirborðinu,
- 163) „hafskip“: skip önnur en þau sem einungis eða mestmegnis er siglt á skipgengum vatnaleiðum eða sjóleiðum í vari eða í námunda við þær,
- 164) „skip í siglingum á skipgengum vatnaleiðum“: skip sem einungis eða mestmegnis eru ætluð til siglinga á skipgengum vatnaleiðum eða sjóleiðum í vari eða í námunda við þær,

165) „grunnvirki til söfnunar á úrgangi og farmleifum frá skipum“: föst, fljótandi eða hreyfanleg hafnaraðstaða sem nota má til að taka á móti úrgangi eða farmleifum frá skipum, eins og skilgreint er í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/59/EB (***) .

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 frá 24. september 2008 um sameiginlegar reglur um rekstur flugþjónustu í Bandalaginu (Stjtið. ESB L 293, 31.10.2008, bls. 3).

(**) Tilskipun ráðsins 96/67/EB frá 15. október 1996 um aðgang að flugafgreiðslumarkaðinum á flugvöllum Bandalagsins (Stjtið. EB L 272, 25.10.1996, bls. 36).

(***) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/59/EB frá 27. nóvember 2000 um aðstöðu í höfnum til að taka á móti úrgangi skipa og farmleifum (Stjtið. EB L 332, 28.12.2000, bls. 81).“

3) Ákvæðum 1. mgr. 4. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað z-liðar komi eftirfarandi:

„z) fjárfestingaraðstoð vegna menningar og varðveislu menningararfleifðar: 150 milljónir evra fyrir hvert verkefni; rekstraraðstoð vegna menningar og varðveislu menningararfleifðar: 75 milljónir evra fyrir hvert fyrirtæki á ári,“

b) Í stað bb-liðar komi eftirfarandi:

„bb) fjárfestingaraðstoð vegna íþróttagrunnvirkja og fjölnota tómstundagrunnvirkja: 30 milljónir evra eða heildarkostnaður sem fer yfir 100 milljónir evra fyrir hvert verkefni; rekstrarkostnaður vegna íþróttagrunnvirkis: 2 milljónir evra fyrir hvert grunnvirki á ári,“

c) Eftirfarandi dd-, ee- og ff-liðir bætist við:

„dd) aðstoð vegna svæðisflugvalla: þau aðstoðarhlutföll og aðstoðarfjárhæðir sem mælt er fyrir um í 56. gr. a,

ee) aðstoð vegna hafna við sjó: aðstoðarhæfur kostnaður sem nemur 130 milljónum evra fyrir hvert verkefni (eða 150 milljónum evra fyrir hvert verkefni sem varðar höfn við sjó sem gert er ráð fyrir í vinnuáætlun um leiðareinar grunnnetsins, eins og um getur í 47. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1315/2013 (*)); að því er varðar dýpkun er verkefni skilgreint sem öll dýpkun sem fram fer á einu almanaksári,

ff) aðstoð vegna hafna við vatnaleiðir: aðstoðarhæfur kostnaður sem nemur 40 milljónum evra fyrir hvert verkefni (eða 50 milljónum evra fyrir hvert verkefni sem varðar höfn við vatnaleið sem gert er ráð fyrir í vinnuáætlun um leiðareinar grunnnetsins, eins og um getur í 47. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1315/2013); að því er varðar dýpkun er verkefni skilgreint sem öll dýpkun sem fram fer á einu almanaksári.

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1315/2013 frá 11. desember 2013 um viðmiðunarreglur Sambandsins varðandi uppbyggingu samevrópska flutninganetsins og um niðurfellingu á ákvörðun nr. 661/2010/ESB (Stjtið. ESB L 348, 20.12.2013, bls. 1).“

4) Í 2. mgr. 5. gr. bætist eftirfarandi k-liður við:

„k) aðstoð í formi sölu eða leigu efnislegra eigna undir markaðsverði þar sem virðið er ákveðið annaðhvort með mati óháðs sérfræðings áður en viðskiptin fara fram eða með tilvísun til almennt viðurkenndrar viðmiðunar sem er öllum aðgengileg og uppfærð reglulega.“

5) Ákvæðum 5. mgr. 6. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað a-liðar komi eftirfarandi:

„a) svæðisbundin rekstraraðstoð og svæðisbundin aðstoð til þéttbýlisþróunar, að uppfylltum skilyrðunum sem mælt er fyrir um í 15. og 16. gr.,“

b) Í stað d-liðar komi eftirfarandi:

„d) aðstoð til að bæta upp viðbótarkostnað af því að ráða fatlaða starfsmenn í vinnu og aðstoð til að bæta upp kostnað vegna aðstoðar sem veitt er starfsmönnum sem standa höllum fæti, að uppfylltum viðeigandi skilyrðum sem mælt er fyrir um í 34. og 35. gr.,“

6) Ákvæðum 7. gr. er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi málsliður bætist við í 1. mgr.:

„Heimilt er að reikna út fjárhæð aðstoðarhæfs kostnaðar í samræmi við einfaldaða valkosti varðandi kostnað, sem settir eru fram í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1303/2013 (*), að því tilskildu að starfsemin sé a.m.k. að hluta til fjármögnuð úr sjóði Sambandsins sem heimilar notkun slíkra einfaldaðra valkosta varðandi kostnað og að kostnaðarflokkurinn sé aðstoðarhæfur samkvæmt viðkomandi ákvæði um undanþágu.

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1303/2013 frá 17. desember 2013 um sameiginleg ákvæði um Byggðaðrúnaðarsjóð Evrópu, Félagsmálasjóð Evrópu og Samheldnisjóðinn, Dreifbýlisþróunarsjóð evrópsks landbúnaðar, Sjávarútvegssjóð Evrópu og um almenn ákvæði um Byggðaðrúnaðarsjóð Evrópu, Félagsmálasjóð Evrópu, Samheldnisjóðinn og Sjávarútvegssjóð Evrópu og um niðurfellingu reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1083/2006 (Stjtið ESB L 347, 20.12.2013, bls. 320).“

b) Í stað fyrsta málsliðar 3. mgr. komi eftirfarandi:

„Aðstoð sem kemur til greiðslu í framtíðinni, þ.m.t. aðstoð sem er greidd í nokkrum hlutum, skal vera afvöxtuð þegar hún er veitt.“

c) Ákvæði 4. mgr. falli brott.

7) Eftirfarandi 7. mgr. bætist við 8. gr.:

„7. Þrátt fyrir 1.–6. mgr. skal við ákvörðun á því hvort efri mörk svæðisbundinnar rekstraraðstoðar á ystu svæðum, eins og um getur í 4. mgr. 15. gr., eru virt einungis taka tillit til svæðisbundinnar rekstraraðstoðar á ystu svæðum sem framkvæmd er samkvæmt þessari reglugerð.“

8) Í stað 12. gr. komi eftirfarandi:

„12. gr.

Eftirlit

1. Til þess að gera framkvæmdastjórninni kleift að fylgjast með þeirri aðstoð, sem er undanþegin tilkynningarskyldunni samkvæmt þessari reglugerð, skulu aðildarríki eða, að öðrum kosti, ef um er að ræða aðstoð sem er veitt til verkefna er varða evrópska svæðasamvinnu, aðildarríkið þar sem stjórnunaryfirvaldið er staðsett, halda ítarlegar skrár með upplýsingunum og nauðsynlegum fylgigögnum til að staðfesta að öll skilyrðin, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, hafi verið uppfyllt. Slíkar skrár skulu geymdar í 10 ár frá úthlutunardegi sérstöku aðstoðarinnar eða þeim degi þegar síðasta aðstoðin var veitt samkvæmt kerfinu.

2. Þegar um er að ræða kerfi þar sem veiting skattaaðstoðar er sjálfvirk, s.s. þau sem byggja á skattframtölum aðstoðarþeganna, og þar sem engin fyrirframsannprófun fer fram á því að hver aðstoðarþegi uppfylli öll skilyrði um samrýmanleika, skulu aðildarríkin reglulega sannprófa, a.m.k. eftir á og með úrtaki, að öll skilyrði um samrýmanleika séu uppfyllt og draga af því nauðsynlegar ályktanir. Aðildarríkin skulu varðveita ítarlegar skrár yfir sannprófanirnar í a.m.k. 10 ár frá þeim degi sem eftirlitið fer fram.

3. Framkvæmdastjórnin getur farið fram á allar upplýsingar og fylgigögn frá hverju aðildarríki sem hún telur nauðsynleg til að hafa eftirlit með beitingu þessarar reglugerðar, þ.m.t. upplýsingarnar sem um getur í 1. og 2. mgr. Hlutaðeigandi aðildarríki skal láta framkvæmdastjórninni í té umbeðnar upplýsingar og fylgigögn innan 20 virkra daga frá móttöku beiðinnar eða lengri tíma sem kann að vera tilgreindur í beiðninni.“

9) Í stað 13. gr. komi eftirfarandi:

„13. gr.

Gildissvið svæðisbundinnar aðstoðar

Þessi þáttur gildir ekki um:

a) aðstoð í þágu starfsemi í stál-, kola-, skipasmíða- eða gervitrefjageiranum,

- b) aðstoð við flutningsgeirann, ásamt tilheyrandi grunnvirkjum, og aðstoð við orkuframleiðslu, -dreifingu og -grunnvirki, að undanskilinni svæðisbundinni fjárfestingaraðstoð á ystu svæðum og svæðisbundnum rekstraraðstoðarkerfum,
- c) svæðisbundna aðstoð í formi kerfa sem eru ætluð takmörkuðum fjölda sérstakra atvinnugreina; kerfi sem eru ætluð ferðapjónustu, breiðbandsinnviðir eða vinnsla og markaðssetning landbúnaðarafurða teljast ekki ætluð sérstökum atvinnugreinum,
- d) svæðisbundna rekstraraðstoð sem er veitt fyrirtækjum með aðalstarfsemi sem fellur undir bálk K „Fjármála- og váttryggingastarfsemi“ í atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, 2. endursk., eða fyrirtækjum sem stunda starfsemi innan samstæðu og aðalstarfsemin fellur undir flokk 70.10 „Starfsemi höfuðstöðva“ eða flokk 70.22 „Viðskiptaráðgjöf og önnur rekstraráðgjöf“ í atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, 2. endursk.“
- 10) Ákvæðum 14. gr. er breytt sem hér segir:
- a) Í annari undirgrein 6. mgr. komi eftirfarandi í stað fyrsta málsliðar:
- „Ef um er að ræða öflun á eignum starfsstöðvar í skilningi 49. eða 51. liðar 2. gr. skal einungis taka tillit til kostnaðar við að kaupa eignirnar frá þriðja aðila sem er ótengdur kaupandanum.“
- b) Í stað fyrsta málsliðar 7. mgr. komi eftirfarandi:
- „Að því er varðar aðstoð til stórra fyrirtækja, sem er veitt vegna grundvallarbreytingar á framleiðsluferlinu, verður aðstoðarhæfur kostnaður að vera hærri en afskriftir eigna sem tengjast starfseminni sem færa á til nútímahorfs á næstliðnum þremur reikningsárum.“
- c) Eftirfarandi 16. og 17. mgr. bætist við:
- „16. Aðstoðarþegi skal staðfesta að hann hafi ekki látið fara fram flutning til starfsstöðvarinnar þar sem nýfjárfesting, sem óskað er eftir aðstoð fyrir, á að eiga sér stað á næstliðnum tveimur árum áður en sótt er um aðstoðina og skuldbinda sig til að gera það ekki næstu tvö ár eftir að nýfjárfestingunni, sem óskað er eftir aðstoð fyrir, lýkur.
17. Í sjávarútvegs- og lagareldisgeiranum skal ekki veita aðstoð til fyrirtækja sem hafa framið eitt eða fleiri af þeim brotum sem sett eru fram í a- til d-lið 1. mgr. 10. gr. og 3. mgr. 10. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 508/2014 (*) eða vegna aðgerðanna í 11. gr. þeirrar reglugerðar.
-
- (*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 508/2014 frá 15. maí 2014 um Sjávarútvegssjóð Evrópu og niðurfellingu á reglugerðum ráðsins (EB) nr. 2328/2003, (EB) nr. 861/2006, (EB) nr. 1198/2006 og (EB) nr. 791/2007 og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1255/2011 (Stjtið. ESB L 149, 20.5.2014, bls. 1).“

- 11) Í stað 15. gr. komi eftirfarandi:

„15. gr.

Svæðisbundin rekstraraðstoð

1. Svæðisbundin rekstraraðstoðarkerfi á ystu svæðum, strjálbýlum svæðum og mjög strjálbýlum svæðum skulu samrýmast innri markaðnum í skilningi 3. mgr. 107. gr. sáttmálans og vera undanþegin tilkynningarskyldunni sem um getur í 3. mgr. 108. gr. sáttmálans, að uppfylltum skilyrðunum sem mælt er fyrir um í þessari grein og í I. kafla.
2. Á strjálbýlum svæðum skulu svæðisbundin rekstraraðstoðarkerfi koma til móts við viðbótarkostnað vegna flutninga á vörum, sem eru framleiddar á svæðum sem uppfylla skilyrði fyrir rekstraraðstoð, og viðbótarkostnað vegna flutnings á vörum sem eru unnar frekar á þessum svæðum, að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:
 - a) hægt er að mæla aðstoðina fyrir fram á hlutlægan hátt á grundvelli fastrar fjárhæðar eða á hvert tonn/kílómetra eða annarrar viðeigandi einingar,
 - b) viðbótarkostnaðurinn við flutningana er reiknaður á grundvelli flutningsleiðar varanna innan landamæra hlutaðeigandi aðildarríkis með þeim flutningatækjum sem hafa í för með sér minnstan kostnað fyrir aðstoðarþegann.

Aðstoðarhlutfallið skal ekki vera hærra en 100% af viðbótarkostnaði vegna flutninga eins og fram kemur í þessari grein.

3. Á mjög strjálbýlum svæðum skulu svæðisbundin rekstraraðstoðarkerfi miða að því að koma í veg fyrir eða draga úr fólksfækkun, að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- a) aðstoðarþegar reka atvinnustarfsemi sína á viðkomandi svæði,
- b) árleg aðstoðarfjárhæð á hvern aðstoðarþega samkvæmt öllum rekstraraðstoðarkerfum fer ekki yfir 20% af árlegum launakostnaði sem aðstoðarþegi stofnar til á viðkomandi svæði.

4. Á ystu svæðum skulu svæðisbundin rekstraraðstoðarkerfi koma til móts við viðbótarrekstrarkostnað sem stofnað er til á þessum svæðum og sem er bein afleiðing af einum eða fleiri hinna varanlegu annmarka sem um getur í 349. gr. sáttmálans, þar sem aðstoðarþegar reka atvinnustarfsemi sína á ystu svæðum og að því tilskildu að árleg aðstoðarfjárhæð á hvern aðstoðarþega, samkvæmt öllum rekstraraðstoðarkerfum sem framkvæmd eru samkvæmt þessari reglugerð, fari ekki yfir eftirfarandi hundradshluta:

- a) 35% af vergu vinnsluvirði sem aðstoðarþegi skapar árlega á viðkomandi ysta svæði,
- b) 40% af árlegum launakostnaði sem aðstoðarþegi stofnar til á viðkomandi ysta svæði,
- c) 30% af ársveltu aðstoðarþega á viðkomandi ysta svæði.“

12) Ákvæðum 16. mgr. 21. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað inngangsorðanna komi eftirfarandi:

„Áhættufjármagnsráðstöfun sem felst í ábyrgðum eða lánum til aðstoðarhæfra fyrirtækja eða fjárfestingum í formi ígildis hlutafjárframlags, sem byggðar eru upp sem skuld, skal uppfylla eftirfarandi skilyrði:“.

b) Í stað b-liðar komi eftirfarandi:

„b) ef um er að ræða lán og fjárfestingar í formi ígildis hlutafjárframlags, sem byggðar eru upp sem skuld, er tekið tillit til nafnverðs leiðarinnar við útreikning á hámarksfjárhæð fjárfestingarinnar að því er varðar 9. mgr.“.

13) Í stað 2. mgr. 22. gr. komi eftirfarandi:

„2. Aðstoðarhæf fyrirtæki skulu vera sérhvert óskráð, lítið fyrirtæki utan kauphallar í allt að fimm ár frá skráningu þess sem uppfyllir eftirfarandi skilyrði:

- a) það hefur ekki tekið yfir starfsemi annars fyrirtækis,
- b) það hefur ekki enn úthlutað hagnaði,
- c) það hefur ekki orðið til við samruna.

Að því er varðar aðstoðarhæf fyrirtæki, sem eru ekki bundin kröfum um skráningu, getur fimm ára aðstoðarhæfistímabilið talist hefjast á þeirri stundu þegar fyrirtækið annaðhvort hefur atvinnustarfsemi sína eða starfsemi þess verður skattskyld.

Þrátt fyrir c-lið fyrstu undirgreinar geta fyrirtæki, sem hafa orðið til við samruna aðstoðarhæfra fyrirtækja samkvæmt þessari grein, einnig talist aðstoðarhæf fyrirtæki í allt að fimm ár frá skráningardegi elsta fyrirtækisins í samrunanum.“

14) Í stað 1. mgr. 25. gr. komi eftirfarandi:

„1. Aðstoð til rannsókn- og þróunarverkefna, þ.m.t. verkefna sem hlotið hafa gæðamerkið öndvegisinnsgli samkvæmt fjármögnunarleið Horizon 2020 fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki, skal samrýmast innri markaðnum í skilningi 3. mgr. 107. gr. sáttmálans og vera undanþegin tilkynningarskyldu 3. mgr. 108. gr. sáttmálans, að uppfylltum skilyrðunum sem mælt er fyrir um í þessari grein og í I. kafla.“

15) Í stað b-liðar 3. mgr. 31. gr. komi eftirfarandi:

„b) rekstrarkostnaður vegna kennara og þátttakenda sem tengist beint þjálfunarverkefninu, s.s. ferðakostnaður, gistkostnaður, efni og búnaður sem tengist verkefninu beint, afskriftir tækja og búnaðar að því marki sem þau eru eingöngu notuð til þjálfunarverkefnisins.“

16) Eftirfarandi 2. mgr. a bætist við 52. gr.:

„2a. Önnur leið til að ákvarða aðstoðarhæfan kostnað, sem kveðið er á um í 2. mgr., getur verið að ákvarða hámarksfjárhæð aðstoðar vegna verkefnis á grundvelli þess valferlis á samkeppnisgrundvelli sem krafist er í 4. mgr.“

17) Ákvæðum 53. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað a-liðar 2. mgr. komi eftirfarandi:

„a) söfn, skjalasöfn, bókasöfn, listrænar og menningarlegar miðstöðvar eða rými, leikhús, kvikmyndahús, óperuhús, tónlistarhús, aðrar stofnanir sem sjá um listflutning, varðveislustofnanir myndefnis og önnur sambærileg listræn og menningarleg mannvirki, stofnanir og samtök.“

b) Í stað 8. mgr. komi eftirfarandi:

„8. Að því er varðar aðstoð, sem er ekki yfir 2 milljónum evra, má fastsetja hámarksfjárhæð aðstoðar sem 80% af aðstoðarhæfum kostnaði fremur en að beita aðferðinni sem um getur í 6. og 7. mgr.“

c) Í stað fyrsta málsliðar 9. mgr. komi eftirfarandi:

„Að því er varðar starfsemina sem skilgreind er í f-lið 2. mgr. skal hámarksfjárhæð aðstoðar ekki vera hærri en annaðhvort mismunurinn á aðstoðarhæfum kostnaði og afvöxtuðum tekjum af verkefninu eða 70% af aðstoðarhæfum kostnaði.“

18) Í stað annarrar undirgreinar 4. mgr. 54. gr. komi eftirfarandi:

„Í báðum tilvikum skulu hámarksútgjöld, sem falla undir skuldbindingar um svæðisbundna fjárnotkun, aldrei fara yfir 80% af heildarfjárhagsáætlun framleiðslunnar.

Til að verkefni séu aðstoðarhæf getur aðildarríki einnig farið fram á lágmarksstig framleiðslustarfsemi á hlutaðeigandi svæði en það stig skal ekki fara yfir 50% af heildarfjárhagsáætlun framleiðslunnar.“

19) Í stað 12. mgr. 55. gr. komi eftirfarandi:

„12. Að því er varðar aðstoð, sem er ekki yfir 2 milljónum evra, má fastsetja hámarksfjárhæð aðstoðar sem 80% af aðstoðarhæfum kostnaði fremur en að beita aðferðinni sem um getur í 10. og 11. mgr.“

20) Eftirfarandi 14. og 15. þáttur bætist við á eftir 56. gr.:

„14. ÞÁTTUR

Aðstoð vegna svæðisflugvalla

56. gr. a

Aðstoð vegna svæðisflugvalla

1. Fjárfestingaraðstoð vegna flugvallar skal samrýmast innri markaðnum í skilningi 3. mgr. 107. gr. sáttmálans og vera undanþegin tilkynningarskyldunni í 3. mgr. 108. gr. sáttmálans, að uppfylltum skilyrðunum sem mælt er fyrir um í 3.–14. mgr. þessarar greinar og í I. kafla.

2. Rekstraraðstoð vegna flugvallar skal samrýmast innri markaðnum í skilningi 3. mgr. 107. gr. sáttmálans og vera undanþegin tilkynningarskyldunni í 3. mgr. 108. gr. sáttmálans, að uppfylltum skilyrðunum sem mælt er fyrir um í 3., 4., 10. og 15.–18. mgr. þessarar greinar og í I. kafla.

3. Flugvöllurinn skal vera opinn öllum hugsanlegum notendum. Ef rými er takmarkað skal úthlutun fara fram á grundvelli viðeigandi, hlutlægra og gagnsærra viðmiðana og án mismununar.

4. Ekki skal veitt aðstoð til flutnings fyrirbyggjandi flugvalla eða til að koma á fót nýjum farþegaflugvelli, þ.m.t. að breyta fyrirbyggjandi flugvallarsvæði í farþegaflugvöll.

5. Viðkomandi fjárfesting skal ekki vera umfram það sem nauðsynlegt er til að hægt sé að taka við þeirri umferð sem áætluð er til meðallangs tíma á grundvelli eðlilegrar umferðarspár.
6. Fjárfestingaraðstoð skal ekki veitt vegna flugvallar, sem staðsettur er innan 100 km eða 60 mínútna ferðatíma, með bifreið, strætisvagni, lest eða háhraðalest, frá fyrirbyggjandi flugvelli þaðan sem boðið er upp á áætlanarflug, í skilningi 16. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1008/2008.
7. Ákvæði 5. og 6. mgr. gilda ekki um flugvelli þar sem árlegur meðalfjöldi farþega er allt að 200 000 farþegar næstu tvö fjárhagsár á undan því ári þegar aðstoðin er raunverulega veitt ef fjárfestingaraðstoðinni er ekki ætlað að leiða til þess að árlegur meðalfjöldi farþega flugvallarins fari yfir 200 000 farþega innan næstu tveggja fjárhagsára frá því að hún er veitt. Fjárfestingaraðstoð sem veitt er vegna slíkra flugvalla skal uppfylla annað hvort 11. mgr. eða 13. og 14. mgr.
8. Ákvæði 6. mgr. gilda ekki ef fjárfestingaraðstoðin er veitt vegna flugvallar sem staðsettur er innan við 100 km frá fyrirbyggjandi flugvöllum þaðan sem boðið er upp á áætlanarflug, í skilningi 16. mgr. 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 1008/2008, ef leiðin milli hvers og eins þessara fyrirbyggjandi flugvalla og flugvallarins sem fær aðstoðina krefst þess annaðhvort að heildarferðatími á sjó nemi a.m.k. 90 mín eða að fara þurfi með flugi.
9. Fjárfestingaraðstoðin skal ekki veitt vegna flugvalla þar sem árlegur meðalfjöldi farþega er yfir þrjár milljónir farþega næstu tvö fjárhagsár á undan því ári þegar aðstoðin er raunverulega veitt. Fjárfestingaraðstoðinni skal ekki ætlað að leiða til þess að árlegur meðalfjöldi farþega flugvallarins fari yfir þrjár milljónir farþega innan næstu tveggja fjárhagsára frá því að hún er veitt.
10. Aðstoð skal ekki veitt vegna flugvalla þar sem árlegt meðaltal vara sem fluttar eru um flugvöllinn nemur meira en 200 000 tonnum næstu tvö fjárhagsár á undan því ári þegar aðstoðin er raunverulega veitt. Aðstoðinni skal ekki ætlað að leiða til þess að árlegt meðaltal vara sem fluttar eru um flugvöllinn fari yfir 200 000 tonn innan næstu tveggja fjárhagsára frá því að hún er veitt.
11. Fjárhæð fjárfestingaraðstoðarinnar skal ekki vera hærri en sem nemur mismuninum á aðstoðarhæfum kostnaði og rekstrarhagnaði fjárfestingarinnar. Draga skal rekstrarhagnaðinn frá aðstoðarhæfa kostnaðinum fyrir fram á grundvelli raunhæfra spáa eða með endurgreiðslufyrirkomulagi.
12. Aðstoðarhæfur kostnaður skal vera kostnaður sem tengist fjárfestingum í flugvallargrunnvirki, þ.m.t. kostnaður við áætlanagerð.
13. Fjárhæð fjárfestingaraðstoðarinnar má ekki fara yfir:
 - a) 50% af aðstoðarhæfum kostnaði vegna flugvalla þar sem árlegur meðalfjöldi farþega er ein til þrjár milljónir farþega næstu tvö fjárhagsár á undan því ári þegar aðstoðin er raunverulega veitt,
 - b) 75% af aðstoðarhæfum kostnaði vegna flugvalla þar sem árlegur meðalfjöldi farþega er allt að einni milljón farþega næstu tvö fjárhagsár á undan því ári þegar aðstoðin er raunverulega veitt.
14. Hækka má hámarkshlutföll aðstoðar, sem fram koma í 13. mgr., um 20% vegna flugvalla á afskekktum svæðum.
15. Rekstraraðstoð skal ekki veitt vegna flugvalla þar sem árlegur meðalfjöldi farþega er yfir 200 000 farþegar næstu tvö fjárhagsár á undan því ári þegar aðstoðin er raunverulega veitt.
16. Fjárhæð rekstraraðstoðar skal ekki vera hærri en nauðsynlegt er til að mæta rekstrartapi og hæfilegum hagnaði á viðkomandi tímabili. Aðstoðin skal veitt annaðhvort í formi reglulegra greiðslna, sem ákveðnar eru fyrir fram og skulu ekki hækka á aðstoðartímabilinu, eða í formi fjárhæða sem ákvarðaðar eru eftir á á grundvelli rekstrartaps sem orðið hefur.
17. Rekstraraðstoð skal ekki greidd út vegna neins almanaksárs þar sem árlegur farþegafjöldi um flugvöllinn fór yfir 200 000 farþega.

18. Veiting rekstraraðstoðar skal ekki að vera bundin því skilyrði að gert sé samkomulag við tiltekna flugrekendur um flugvallargjöld, greiðslur vegna markaðssetningar eða aðra fjárhagslega þætti sem tengjast rekstri flugrekendanna á viðkomandi flugvelli.

15. HLUTI

Aðstoð vegna hafna

56. gr. b

Aðstoð vegna hafna við sjó

1. Aðstoð vegna hafna við sjó skal samrýmast innri markaðnum í skilningi 3. mgr. 107. gr. sáttmálans og vera undanþegin tilkynningarskyldunni í 3. mgr. 108. gr. sáttmálans, að uppfylltum skilyrðunum sem mælt er fyrir um í þessari grein og í I. kafla.

2. Aðstoðarhæfur kostnaður skal vera kostnaður, þ.m.t. kostnaður við áætlanagerð, vegna:

- a) fjárfestinga til að byggja hafnargrunnvirki, skipta þeim út eða endurnýja þau,
- b) fjárfestinga til að byggja aðgangsgrunnvirki, skipta þeim út eða endurnýja þau,
- c) dýpkunar.

3. Kostnaður í tengslum við starfsemi sem varðar ekki flutninga, þ.m.t. iðnaðarframleiðslustöðvar sem starfræktar eru í höfn, skrifstofur eða verslanir, auk yfirbygginga hafnar, teljast ekki aðstoðarhæfur kostnaður.

4. Aðstoðarfjárhæðin skal ekki vera hærri en sem nemur mismuninum á aðstoðarhæfum kostnaði og rekstrarhagnaði fjárfestingarinnar eða dýpkunarinnar. Draga skal rekstrarhagnaðinn frá aðstoðarhæfa kostnaðinum fyrir fram á grundvelli raunhæfra spáa eða með endurgreiðslufyrirkomulagi.

5. Aðstoðarhlutfall fyrir hverja fjárfestingu, sem um getur í a-lið 2. mgr., skal ekki vera hærri en:

- a) 100% af aðstoðarhæfum kostnaði ef heildarupphæð aðstoðarhæfs kostnaðar verkefnisins er allt að 20 milljónir evra,
- b) 80% af aðstoðarhæfum kostnaði ef heildarupphæð aðstoðarhæfs kostnaðar verkefnisins er yfir 20 milljónir og allt að 50 milljónum evra,
- c) 60% af aðstoðarhæfum kostnaði ef heildarupphæð aðstoðarhæfs kostnaðar verkefnisins er yfir 50 milljónir evra og allt þeirri fjárhæð sem mælt er fyrir um í ee-lið 1. mgr. 4. gr.

Aðstoðarhlutfallið skal ekki vera hærri en 100% af aðstoðarhæfum kostnaði sem ákvarðaður er í b-lið 2. mgr. og c-lið 2. mgr., allt að þeirri fjárhæð sem mælt er fyrir um í ee-lið 1. mgr. 4. gr.

6. Heimilt er að hækka aðstoðarhlutföllin, sem mælt er fyrir um í b- og c-lið fyrstu undirgreinar 5. mgr., um 10% vegna fjárfestinga á aðstoðarsvæðum sem uppfylla skilyrðin í a-lið 3. mgr. 107. gr. sáttmálans og um 5% til fjárfestinga á aðstoðarsvæðum sem uppfylla skilyrðin í c-lið 3. mgr. 107. gr. sáttmálans.

7. Hvers konar sérleyfi eða annað umboð, sem veitt er þriðja aðila til að byggja, endurbæta, reka eða leigja hafnargrunnvirki sem fengið hefur aðstoð, skal veitt á opnum og gagnsæjum grundvelli án mismununar og skilyrðislaust.

8. Áhugasamir notendur skulu hafa aðgang að hafnargrunnvirki sem nýtur aðstoðar á jafnréttisgrundvelli, án mismununar og með markaðsskilmálum.

9. Að því er varðar aðstoð, sem er ekki yfir 5 milljónum evra, má fastsetja hámarksfjárhæð aðstoðar sem 80% af aðstoðarhæfum kostnaði fremur en að beita aðferðinni sem um getur í 4., 5. og 6. mgr.

56. gr. c

Aðstoð vegna hafna við vatnaleiðir

1. Aðstoð vegna hafna við vatnaleiðir skal samrýmast innri markaðnum í skilningi 3. mgr. 107. gr. sáttmálans og vera undanþegin tilkynningarskyldunni í 3. mgr. 108. gr. sáttmálans, að uppfylltum skilyrðunum sem mælt er fyrir um í þessari grein og í I. kafla.

2. Aðstoðarhæfur kostnaður skal vera kostnaður, þ.m.t. kostnaður við áætlanagerð, vegna:
 - a) fjárfestinga til að byggja hafnargrunnvirki, skipta þeim út eða endurnýja þau,
 - b) fjárfestinga til að byggja aðgangsgrunnvirki, skipta þeim út eða endurnýja þau,
 - c) dýpkunar.
 3. Kostnaður í tengslum við starfsemi sem varðar ekki flutninga, þ.m.t. iðnaðarframleiðslustöðvar sem starfræktar eru í höfn, skrifstofur eða verslanir, auk yfirbygginga hafnar, teljast ekki aðstoðarhæfur kostnaður.
 4. Aðstoðarfjárhæðin skal ekki vera hærri en sem nemur mismuninum á aðstoðarhæfum kostnaði og rekstrarhagnaði fjárfestingarinnar eða dýpkunarinnar. Draga skal rekstrarhagnaðinn frá aðstoðarhæfa kostnaðinum fyrir fram á grundvelli raunhæfra spáa eða með endurgreiðslufyrirkomulagi.
 5. Hámarkshlutfall aðstoðar skal ekki vera herra en 100% af aðstoðarhæfum kostnaði allt að þeirri fjárhæð sem mælt er fyrir um í ff-lið 1. mgr. 4. gr.
 6. Hvers konar sérleyfi eða annað umboð, sem veitt er þriðja aðila til að byggja, endurbæta, reka eða leigja hafnargrunnvirki sem fengið hefur aðstoð, skal veitt á opnum og gagnsæjum grundvelli án mismununar og skilyrðislaust.
 7. Áhugasamir notendur skulu hafa aðgang að hafnargrunnvirki sem nýtur aðstoðar á jafnréttisgrundvelli, án mismununar og með markaðsskilmálum.
 8. Að því er varðar aðstoð, sem er ekki yfir 2 milljónum evra, má fastsetja hámarksfjárhæð aðstoðar sem 80% af aðstoðarhæfum kostnaði fremur en að beita aðferðinni sem um getur í 4. og 5. mgr. “
- 21) Ákvæðum 58. gr. er breytt sem hér segir:
- a) Í stað 1. mgr. komi eftirfarandi:

„1. Þessi reglugerð gildir um staka aðstoð sem er veitt áður en viðkomandi ákvæði þessarar reglugerðar hafa öðlast gildi, uppfylli aðstoðin öll skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, að undanskilinni 9. gr.“
 - b) Eftirfarandi 3. mgr. a bætist við:

„3a. Stök aðstoð, sem er veitt milli 1. júlí 2014 og 9. júlí 2017 í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar eins og þau giltu á þeim tíma þegar aðstoðin er veitt, skal samrýmast innri markaðnum og vera undanþegin tilkynningarskyldunni í 3. mgr. 108. gr. sáttmálans. Stök aðstoð, sem er veitt fyrir 1. júlí 2014 í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar, að undanskilinni 9. gr., eins og þau giltu annaðhvort fyrir eða eftir 10. júlí 2017, skal samrýmast innri markaðnum og vera undanþegin tilkynningarskyldunni í 3. mgr. 108. gr. sáttmálans.“
 - c) Eftirfarandi 5. mgr. bætist við:

„5. Ef gerðar eru breytingar á þessari reglugerð skal aðstoðarkerfi, sem nýtur undanþágu samkvæmt þessari reglugerð, eins og hún gildi við gildistöku kerfisins, vera áfram á undanþágu í sex mánaða aðlögunartíma.“
- 22) Í stað II. hluta í II. viðauka komi texti viðaukans við þessa reglugerð.
- 23) Ákvæðum III. viðauka er breytt sem hér segir:
- a) Í stað 2. nmgr. komi eftirfarandi:

„⁽²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1893/2006 frá 20. desember 2006 um stofnun atvinnugreinaflokunar Evrópubandalaganna (NACE, 2. endursk.) og um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3037/90, sem og tilteknum EB-reglugerðum um sérstök hagskýrslusvið (Stjtið. ESB L 393, 30.12.2006, bls. 1).“
 - b) Í stað fyrsta málsliðar í 3. nmgr. komi eftirfarandi:

„Vergt styrkígildi eða, að því er varðar ráðstafanir skv. 16., 21., 22. eða 39. gr. þessarar reglugerðar, fjárhæð fjárfestingarinnar.“

2. gr.

Eftirfarandi málsliður bætist við 1. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) nr. 702/2014:

„Heimilt er að reikna út fjárhæð aðstoðarhæfs kostnaðar í samræmi við einfaldaða valkosti varðandi kostnað, sem settir eru fram í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1303/2013 (*), að því tilskildu að starfsemin sé a.m.k. að hluta til fjármögnuð úr Dreifbýlisþróunarsjóði evrópsks landbúnaðar (EAFRD) og að kostnaðarflokkurinn sé aðstoðarhæfur samkvæmt viðkomandi ákvæði um undanþágu.

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1303/2013 frá 17. desember 2013 um sameiginleg ákvæði um Byggðaðróunarsjóð Evrópu, Félagsmálasjóð Evrópu og Samheldnisjóðinn, Dreifbýlisþróunarsjóð evrópsks landbúnaðar, Sjávarútvegssjóð Evrópu og um almenn ákvæði um Byggðaðróunarsjóð Evrópu, Félagsmálasjóð Evrópu, Samheldnisjóðinn og Sjávarútvegssjóð Evrópu og um niðurfellingu reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1083/2006 (Stjótið ESB L 347, 20.12.2013, bls. 320).“

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. júní 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Margrethe VESTAGER

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

„II. HLUTI

Veita ber upplýsingar um upplýsingatæknihugbúnað framkvæmdastjórnarinnar eins og mælt er fyrir um í 11. gr.

Tilgreina skal ákvæði í reglugerð um almenna hópundanþágu sem veitt aðstoðarráðstöfun fellur undir.

Meginmarkmið — almenn markmið (skrá)	Markmið (skrá)	Hámarkshlutfall aðstoðar í prósentum eða árleg hámarksfjárhæð aðstoðar í innlendum gjaldmiðli (heildarfjárhæðir)	Lítill og meðalstór fyrirtæki – aukagreiðslur í prósentum
Svæðisbundin aðstoð — fjárfestingaraðstoð ⁽¹⁾ (14. gr.)	<input type="checkbox"/> Kerfi	... %	... %
	<input type="checkbox"/> Sérstök aðstoð	... %	... %
Svæðisbundin aðstoð — rekstraraðstoð (15. gr.)	<input type="checkbox"/> Flutningskostnaður vara á aðstoðarhæfum svæðum (a-liður 2. mgr. 15. gr.)	... %	... %
	<input type="checkbox"/> Viðbótarkostnaður á ystu svæðum (b-liður 2. mgr. 15. gr.)	... %	... %
<input type="checkbox"/> Svæðisbundin aðstoð til þéttbýlisþróunar (16. gr.)		... í innlendum gjaldmiðli	... %
Aðstoð við lítill og meðalstór fyrirtæki (17., 18., 19. og 20. gr.)	<input type="checkbox"/> Fjárfestingaraðstoð við lítill og meðalstór fyrirtæki (17. gr.)	... %	... %
	<input type="checkbox"/> Aðstoð vegna ráðgjafar í þágu lítilla og meðalstórra fyrirtækja (18. gr.)	... %	... %
	<input type="checkbox"/> Aðstoð við lítill og meðalstór fyrirtæki vegna þátttöku í kaupstefnum (19. gr.)	... %	... %
	<input type="checkbox"/> Aðstoð við lítill og meðalstór fyrirtæki vegna kostnaðar við samstarf sem stofnað er til við þátttöku í verkefnum evrópskrar svæðasamvinnu (20. gr.)	... %	... %
Aðstoð við lítill og meðalstór fyrirtæki — aðgangur lítilla og meðalstórra fyrirtækja að fjármagni (21.–22. gr.)	<input type="checkbox"/> Aðstoð vegna áhættufjármögnunar (21. gr.)	... í innlendum gjaldmiðli	... %
	<input type="checkbox"/> Upphafsaðstoð (22. gr.)	... í innlendum gjaldmiðli	... %
<input type="checkbox"/> Aðstoð við lítill og meðalstór fyrirtæki — aðstoð til óhefðbundins viðskiptavettvangs sem sérhæfir sig í litlum og meðalstórum fyrirtækjum (23. gr.)		%, í því tilviki að aðstoðarráðstöfunin verður í formi upphafsaðstoðar: ... í innlendum gjaldmiðli	... %
<input type="checkbox"/> Aðstoð við lítill og meðalstór fyrirtæki — aðstoð vegna kostnaðar við könnun (24. gr.)		... %	... %
Aðstoð til rannsókna, þróunar og nýsköpunar (25.–30. gr.)	Aðstoð til rannsókna- og þróunarverkefna (25. gr.)	<input type="checkbox"/> Grunnrannsóknir (a-liður 2. mgr. 25. gr.)	... %
		<input type="checkbox"/> Iðnaðarrannsóknir (b-liður 2. mgr. 25. gr.)	... %
		<input type="checkbox"/> Þróunarstarf (c-liður 2. mgr. 25. gr.)	... %
		<input type="checkbox"/> Hagkvæmniathuganir (d-liður 2. mgr. 25. gr.)	... %
	<input type="checkbox"/> Fjárfestingaraðstoð vegna rannsóknainnviða (26. gr.)		... %

Meginmarkmið — almenn markmið (skrá)	Markmið (skrá)	Hámarkshlutfall aðstoðar í prósentum eða árleg hámarksfjárhæð aðstoðar í innlendum gjaldmiðli (heildarfjárhæðir)	Lítill og meðalstór fyrirtæki – aukagreiðslur í prósentum
	<input type="checkbox"/> Aðstoð til nýsköpunarklasa (27. gr.)	... %	... %
	<input type="checkbox"/> Nýsköpunaraðstoð við lítill og meðalstór fyrirtæki (28. gr.)	... %	... %
	<input type="checkbox"/> Aðstoð til nýsköpunar á sviði vinnsluferla og skipulags (29. gr.)	... %	... %
	<input type="checkbox"/> Aðstoð til rannsókna og þróunar í sjávarútvegs- og lagareldisgeiranum (30. gr.)	... %	... %
	<input type="checkbox"/> Þjálfunaraðstoð (31. gr.)	... %	... %
Aðstoð vegna starfsmanna sem standa höllum fæti og fatlaðra starfsmanna (32.–35. gr.)	<input type="checkbox"/> Aðstoð vegna ráðningar starfsmanna sem standa höllum fæti í formi launastyrkja (32. gr.)	... %	... %
	<input type="checkbox"/> Aðstoð vegna ráðningar fatlaðra starfsmanna í formi launastyrkja (33. gr.)	... %	... %
	<input type="checkbox"/> Aðstoð til að bæta upp viðbótarkostnað af því að ráða fatlaða starfsmenn í vinnu (34. gr.)	... %	... %
	<input type="checkbox"/> Aðstoð til að vega upp á móti kostnaði vegna aðstoðar sem veitt er starfsmönnum sem standa höllum fæti (35. gr.)	... %	... %
Aðstoð til umhverfisverndar (36.–49. gr.)	<input type="checkbox"/> Fjárfestingaraðstoð sem gerir fyrirtækjum kleift að ganga lengra í umhverfisvernd en gert er ráð fyrir í Sambandsstöðlum eða auka umhverfisvernd ef engir Sambandsstaðlar eru fyrir hendi (36. gr.)	... %	... %
	<input type="checkbox"/> Fjárfestingaraðstoð til snemmbærrar aðlögunar að Sambandsstöðlum sem verða settir síðar (37. gr.)	... %	... %
	<input type="checkbox"/> Fjárfestingaraðstoð vegna ráðstafana á sviði orkunýtni (38. gr.)	... %	... %
	<input type="checkbox"/> Fjárfestingaraðstoð til orkunýtniverkefna í byggingum (39. gr.)	... í innlendum gjaldmiðli	... %
	<input type="checkbox"/> Fjárfestingaraðstoð til samvinnslu með góða orkunýtni (40. gr.)	... %	... %
	<input type="checkbox"/> Fjárfestingaraðstoð til að auka notkun orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum (41. gr.)	... %	... %
	<input type="checkbox"/> Rekstraraðstoð til að auka notkun raforku frá endurnýjanlegum orkugjöfum (42. gr.)	... %	... %
	<input type="checkbox"/> Rekstraraðstoð til að auka notkun orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum í smærri orkuverum (43. gr.)	... %	... %
	<input type="checkbox"/> Aðstoð í formi lækkunar á umhverfissköttum samkvæmt tilskipun 2003/96/EB (44. gr.)	... %	... %

Meginmarkmið — almenn markmið (skrá)	Markmið (skrá)	Hámarkshlutfall aðstoðar í prósentum eða árleg hámarksfjárhæð aðstoðar í innlendum gjaldmiðli (heildarfjárhæðir)	Lítill og meðalstór fyrirtæki – aukagreiðslur í prósentum
	<input type="checkbox"/> Fjárfestingaraðstoð til að hreinsa menguð svæði (45. gr.)	... %	... %
	<input type="checkbox"/> Fjárfestingaraðstoð vegna orkunýttinnar fjarhitunar og fjarkælingar (46. gr.)	... %	... %
	<input type="checkbox"/> Fjárfestingaraðstoð til endurvinnslu og endurnýtingar úrgangs (47. gr.)	... %	... %
	<input type="checkbox"/> Fjárfestingaraðstoð vegna orkugrunnvirkja (48. gr.)	... %	... %
	<input type="checkbox"/> Aðstoð til umhverfisrannsókna (49. gr.)	... %	... %
<input type="checkbox"/> Aðstoðarkerfi til að bæta tjón af völdum náttúruhamfara (50. gr.)	Hámarkshlutfall aðstoðar	... %	... %
	Tegund náttúruhamfara	<input type="checkbox"/> jarðskjálfti <input type="checkbox"/> snjóflóð <input type="checkbox"/> jarðvegshlaup <input type="checkbox"/> flóð <input type="checkbox"/> skýstrókur <input type="checkbox"/> fellibylur <input type="checkbox"/> eldgos <input type="checkbox"/> gróðureldur	
	Dagsetning náttúruhamfaranna	dd/mm/áááá til dd/mm/áááá	
<input type="checkbox"/> Félagsleg aðstoð til samgangna fyrir íbúa á afskekktum svæðum (51. gr.)		... %	... %
<input type="checkbox"/> Aðstoð vegna breiðbandsinnviða (52. gr.)		... í innlendum gjaldmiðli	... %
<input type="checkbox"/> Aðstoð vegna menningar og varðveislu menningararfleifðar (53. gr.)		... %	... %
<input type="checkbox"/> Aðstoðarkerfi fyrir hljóð- og myndmiðlaverk (54. gr.)		... %	... %
<input type="checkbox"/> Aðstoð vegna íþróttagrunnvirkja og fjölnota tómstundagrunnvirkja (55. gr.)		... %	... %
<input type="checkbox"/> Fjárfestingaraðstoð vegna staðbundinna grunnvirkja (56. gr.)		... %	... %
<input type="checkbox"/> Aðstoð vegna svæðisflugvalla (56. gr. a)		... %	... %
<input type="checkbox"/> Aðstoð vegna hafna við sjó (56. gr. b)		... %	... %
<input type="checkbox"/> Aðstoð vegna hafna við vatnaleiðir (56. gr. c)		... %	... %

(1) Þegar um er að ræða sérstaka svæðisaðstoð sem kemur til viðbótar aðstoð sem er veitt samkvæmt aðstoðarkerfi/-kerfum skal tilgreina bæði aðstoðarhlutfall samkvæmt kerfinu og hlutfall sérstöku aðstoðarinnar.“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/1905**2017/EES/67/88**

frá 22. september 2016

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar alþjóðlegan reikningsskilastaðal, IFRS-staðal 15 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 frá 19. júlí 2002 um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla ⁽¹⁾, einkum 1. mgr. 3. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1126/2008 ⁽²⁾ voru samþykktir alþjóðlegir staðlar og túlkunarir sem voru fyrir hendi 15. október 2008.
- 2) Alþjóðareikningsskilaráðið (IASB) gaf í maí 2014 út nýjan alþjóðlegan reikningsskilastaðal, IFRS-staðal 15, með yfirskriftinni *reglulegar tekjur af samningum við viðskiptavinum*. Með staðlinum er stefnt að því að bæta reikningsskil tekna og samanburðarhæfi upplýsinga í reikningsskilum á heimsvísu.
- 3) Alþjóðareikningsskilaráð gef í september 2015 út breytingu á IFRS-staðli 15 sem frestar gildistökudeginum frá 1. janúar 2017 til 1. janúar 2018.
- 4) IFRS-staðall 15 felur í sér nokkrar tilvísanir í IFRS-staðal 9 sem ekki er hægt að beita sem stendur þar sem Sambandið hefur ekki innleitt IFRS-staðal 9. Því ber að lesa sérhverja tilvísun í IFRS-staðal 9, eins og mælt er fyrir um í viðaukanum við þessa reglugerð, sem tilvísun í IAS-staðal 39, *fjármálagæmingar: færsla og mat*.
- 5) Innleiðing IFRS-staðals 15 felur þess vegna í sér breytingar á IFRS-staðli 1, IFRS-staðli 3 og IFRS-staðli 4, IAS-staðli 1, IAS-staðli 2, IAS-staðli 12, IAS-staðli 16, IAS-staðli 32, IAS-staðli 34, IAS-staðli 36, IAS-staðli 37, IAS-staðli 38, IAS-staðli 39 og IAS-staðli 40, 12. túlkun alþjóðlegru túlkunarnefndarinnar um reikningsskil (IFRIC-túlkun 12), 27. túlkun og 32. túlkun fastanefndarinnar um túlkun (SIC) til að tryggja að samræmi sé á milli alþjóðlegra reikningsskilastaðla. Enn fremur felur hún af þeim sökum í sér afturköllun IAS-staðals 11 og IAS-staðals 18, IFRIC-túlkunar 13, IFRIC-túlkunar 15 og IFRIC-túlkunar 18 og SIC-túlkunar 31.
- 6) Evrópska ráðgjafarnefndin um reikningsskil staðfestir að breytingar á IFRS-staðli 15 uppfyllir skilyrðin fyrir innleiðingu sem eru sett fram í 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002.
- 7) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 1126/2008 til samræmis við það.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit stýrjnefndarinnar um reikningsskil.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 295, 29.10.2016, bls. 19. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 192/2017 frá 22. september 2017 um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjttíð. EB L 243, 11.9.2002, bls. 1.

(2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1126/2008 frá 3. nóvember 2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 (Stjttíð. ESB L 320, 29.11.2008, bls. 1).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

1. Viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1126/2008 er breytt sem hér segir:

- a) alþjóðlegum reikningsskilastaðli, IFRS-staðli 15, *reglulegar tekjur af samningum við viðskiptavinum*, er bætt við eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð,
 - b) IFRS-staðli 1, innleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðla - ríkislán, IFRS-staðli 3, sameining fyrirtækja, IFRS-staðli 4, váttryggingasamningar, IAS-staðli 1, framsetning reikningsskila, IAS-staðli 2, birgðir, IAS-staðli 12, tekjuskattar, IAS-staðli 16, varanlegir rekstrarfjármunir, IAS-staðli 32, fjármálagerningar: framsetning, IAS-staðli 34, árslutareikningsskil, IAS-staðli 36, virðisrýrnun eigna, IAS-staðli 37, reiknaðar skuldbindingar, óvissar skuldir og óvissar eignir, IAS-staðli 38, óefnislegar eignir, IAS-staðli 39, fjármálagerningar: færsla og mat, IAS-staðli 40, fjárfestingareignir, túlkun alþjóðlegu túlkunarnefndarinnar um reikningsskil, IFRIC-túlkun 12, samningar um þjónustuúvilnun, túlkun fastanefndarinnar um túlkun, SIC-túlkun 27: mat á efnisinnihaldi viðskipta þegar um er að ræða leigusamninga í lagalegum skilningi, SIC-túlkun 32: óefnislegar eignir – kostnaður við vefsetur er breytt í samræmi við IFRS-staðal 15, eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð,
 - c) IFRS-staðli 11, *verksamningar*, IAS-staðli 18 *reglulegar tekjur*, IFRIC-túlkun 13, *tryggðarkerfi viðskiptavina*, IFRIC-túlkun 15, *samningar um byggingu fasteigna* og IFRIC-túlkun 18, *yfirfærsla eigna frá viðskiptavinum* og SIC-túlkun 31, *reglulegar tekjur – vöruskipti í tengslum við auglýsingaþjónustu* er skipt út í samræmi við IFRS-staðal 15, eins og sett er fram í viðaukanum við þessa reglugerð.
2. Sérhverja tilvísun í IFRS-staðal 9, eins og mælt er fyrir um í viðaukanum við þessa reglugerð, ber að lesa sem tilvísun í IAS-staðal 39, fjármálagerningar: færsla og mat. færsla og mat.

2. gr.

Félög skulu beita breytingunum, sem vísað er til í 1. mgr. 1. gr., eigi síðar en frá og með upphafsdagsetningu fyrsta fjárhagsárs þeirra sem hefst 1. janúar 2018 eða síðar.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. september 2016.

